Hæstaréttardómar 1953

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 63, 273, 321, 407, 549 og 617 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTIRÉTTUR

XXIV. BINDI

1953

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJA AUSTURLANDS H/F
MCMLIII

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1953.

Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Ákæruvaldið gegn Einari Kárasyni. Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum ..	12/1	1
2.	Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni. Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám	14/1	7
3.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðmundssyni. Brot á lögum um iðju og iðnað	19/1	13
3.	Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Óskari Þórarinssyni og Hjalta Þórarinssyni. Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað	19/1	13
5.	Ákæruvaldið gegn Herði Jóhannesi Valdimarssyni. Áfengislagabrot	19/1	24
6.	Handíða- og myndlistarskólinn gegn Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted. Skaðabætur vegna riftunar vinnusamnings	19/1	28
7.	Jóhann Jóhannesson gegn Brandi Brynjólfssyni og Guðbjörgu Guðjónsdóttur. Kærumál. Vitnaskylda lögmanns	20/1	32
8.	Helgi Benediktsson gegn Gunnari A. Pálssyni. Kærumáli frestað sjálfkrafa	20/1	35
9.	Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni. Kærumál. Hrundið kröfu um, að héraðsdómari víki sæti. Framhaldsrannsókn fyrirskipuð	23/1	36
10.	Þorvaldur Guðjónsson f. h. eigenda v/s Leós II, VE 36, gegn Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda e/s Carolia og Sveini Benediktssyni f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, eiganda farms í e/s Carolia og gagnsök. Bjarglaun. Fyrning sjóveðskröfu	28/1	63
11.	Anna Friðriksson gegn Halldóri Björnssyni. Skuldamál.....	30/1	71
12.	Ólafur Jónsson gegn Jónu Kristínu Líkafrónsdóttur. Útivistardómur	30/1	73
13.	Theódór B. Lindal f. h. útgerðarmanna, eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur gegn Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs, VE 322, og Skipaútgerð ríkisins f. h. eigenda og áhafnar v/s Óðins og gagnsök. Ómerking dóms og málsmeðferðar	2/2	74

		Dómur	Bls.
14.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni. Ómerking. Heimvísun	6½	82
15.	Kirkjusandur h/f gegn Rafmagnseftirliti ríkisins. Vinnusamningur	9½	92
16.	Eigendur v/b Hannesar Hafsteins, EA 475, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Árekstur skipa. Skaðabætur	10½	98
17.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Kristjáni Ottóssyni. Fjársvik. Skilorðsbundinn refsidómur	11½	104
18.	Ákæruvaldið gegn Óskari Jóni Magnússyni. Brot gegn 261. gr. hegningarlaga	11½	107
19.	Ákæruvaldið gegn Ingvari Guðmundi Oddssyni. Sýkna af ákæru um brot á 215. gr. hegningarlaga svo og ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga	13½	109
20.	Tryggingarstofnun ríkisins gegn h/f Júpíter. Bótaskylda samkvæmt 17. gr. laga nr. 122/1950 um almannatryggingar	13½	113
21.	Jón R. Gíslason gegn Erni Ingólfssyni og gagnsök. Skaðabætur vegna bifreiðaáreksturs	16½	116
22.	Jón Sigurðsson gegn Dráttarbraut Akureyrar h/f og Gunnari Jónssyni. Ágreiningur um málskostnað í héraði	18½	120
23.	Leikfélag Reykjavíkur gegn Sigurði Reyni Péturssyni f. h. dr. Jan van Loewens vegna dánarbús Stefáns Zweigs. Höfundarlaun	19½	130
24.	Menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvikmyndasjóðs og Félagsheimilasjóðs gegn Fegrunarfélagi Reykjavíkur. Endurgreiðsla skemmtanaskatts	20½	134
25.	Ólafur F. Ólafsson gegn Helgu Finnsdóttur. Ágreiningur um greiðslu visitöluálags á kaup. Orlofsfé	20½	137
26.	Póst- og símamálastjórnin gegn Bjarna Guðjónssyni. Skaðabætur samkvæmt 20. gr. póstlaga nr. 31/1940	20½	139
27.	Trésmiðjan Viðir h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði	25½	142
28.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn dánarbúi Kristjáns Bergssonar og gagnsök. Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði	25½	154
29.	Jakobína Guðmundsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði	25½	159
30.	Sigurbjörg M. Kristófersdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.	25½	165
31.	Lögreglustjórinn á Akureyri og Kristján Kristjánsson gegn Óskari S. Sigurgeirssyni. Réttur til einkennismerkis bifreiðar	27½	170
32.	Pétur & Valdimar h/f gegn Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga. Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði	4/3	175

		Dómur	Bls.
33.	Hreinn Sigtryggsson gegn Aðalbjörgu, Herdísi og Jakobínu Jakobsdætrum og gagnsök. Sýkna af kröfu um ábúðarrétt til lífstíðar og um kauprétt á jörð	6/3	182
34.	Sjálfstæðishúsið gegn Alfreð Eyþórssyni. Ómerking. Vísun frá héraðsdómi	6/3	188
35.	Bæjarsjóður Vestmannaeyja gegn Sæfelli h/f. Stríðsgróðaskattur	9/3	190
36.	Ingólfur Ketilsson gegn Guðfinnu Pétursdóttur. Frávísun máls frá uppboðsrétti. Ágreiningsatkvæði	10/3	194
37.	Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar gegn Vagni E. Jónssyni. Synjað um innsetningargerð	11/3	197
38.	Eigendur og skipshöfn v/b Gunnars Hámundarsonar, GK 357, gegn Theódór B. Líndal f. h. eigenda b/v York City og gagnsök. Skaðabætur vegna áreksturs skipa	13/3	200
39.	Gunnar Guðmundsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Sýkna af skaðabótakröfu vegna bifreiðaárekstur	16/3	204
40.	Friðbjörn Jósafatsson gegn Hauki Kristjánssyni og gagnsök. Skaðabótamál	18/3	208
41.	Ákæruvaldið gegn Skapta Davíðssyni. Sýkna af ákæru um brot á 257. gr. og 259. gr. hegningarlaga. Frávísun	18/3	212
42.	Jón E. Kristjónsson gegn Ólafi Árnasyni f. h. ólögráða sonar hans, Árna Ólafssonar, og gagnsök. Skaðabótamál.	20/3	217
43.	Torfi Vilhjálmsson gegn Akureyrarkaupstað. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi	23/3	223
44.	Ingimundur h/f gegn Helga Benediktssyni og gagnsök. Bjarglaun	23/3	225
45.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Erling Ellingsen og gagnsök. Fébætur vegna frávikningar embættismanns	27/3	231
46.	Ákæruvaldið gegn Guðna Halldórssyni. Líkamsárás. Sýkna af ákæru um brot á 244. gr. hegningarlaga	27/3	238
47.	Gunnar Þorsteinsson f. h. P. Rudebeck Larsen gegn Siglunesi h/f. Útivistardómur	27/3	242
48.	Guðmundur Þórðarson gegn Guðlaugi Einarssyni. Útivistardómur	27/3	243
49.	Ólafur Markússon gegn Haraldi Guðmundssyni og gagnsök. Söluþóknun fasteignasala	13/4	243
50.	Ákæruvaldið gegn Ray Owen Bond. Líkamsárás.	14/4	246
51.	Högni Gunnarsson gegn Sigrúnu Edwald og gagnsök. Lögtak fyrir framfærslueyri	15/4	253
52.	Halldór Halldórsson gegn Óskari Sveinssyni. Frávísun frá Hæstarétti	15/4	257
53.	Efnagerð Reykjavíkur h/f gegn Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f. Réttur til firma og vörumerkis	15/4	257

		Dómur	Bls.
54.	Edda h/f gegn Verzlunarfélagi Snæfellinga. Kærumál. Málskostnaður	15/4	260
55.	Jónas Magnússon gegn Ara Guðmundssyni og gagnsök. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi	22/4	262
56.	Bæjarútgerð Siglufjarðar gegn Guðmundi Kristjánssyni. f. h. eigenda v/s Arduity og farmeiganda og gagnsök Bjarglaun	22/4	266
57.	Erlingur h/f gegn Guðjóni Kr. Kristinssyni. Kærumál. Synjað um kröfu um frávísun frá almennum dómstólum	22/4	272
58.	Skipaútgerð ríkisins gegn Olíufélaginu h/f og gagnsök. Úrskurður um öflun framhaldsgagna	22/4	275
59.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Þór V. Guðjónssyni og gagnsök. Stóreignaskattur	27/4	276
60.	Olíuverzlun Íslands h/f gegn oddvita Eyrarhrepps f. h. hreppsins. Útivistardómur	29/4	280
61.	H/f Siglunes gegn Gunnari Þorsteinssyni f. h. Rudebeck Larsen. Útivistardómur	29/4	280
62.	Mýrkjartan Rögnvaldsson gegn Kristjáni Hjaltasyni. Útivistardómur	29/4	281
63.	Margrét Lúðvíksdóttir gegn Emil Hjartarsyni og Guðmundi Hjartarsyni. Skaðabætur vegna galla á húsi	30/4	281
64.	Oddný Sen gegn Jóni Dúasyni og gagnsök. Frávísun frá Hæstarétti	30/4	289
65.	Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Guðmundi Björnssyni og Sigurjóni Maríassyni. Tilraun til fjárkúgunar	30/4	292
66.	Skapti Davíðsson gegn Þórdísi Davíðsdóttur. Frávísun kærumáls frá Hæstarétti	30/4	301
67.	Carl J. Eiríksson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stóreignaskattur	30/4	306
68.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn J. Þorlákssyni & Norðmann h/f. Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði	4/5	312
69.	Gísli Jóhannsson gegn Sigursteini Júlíussyni. Kærumáli frestað sjálfkrafa	6/5	318
70.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Jóni Sveinssyni og gagnsök. Skaðabætur vegna frávikningar embættismanns	8/5	318
71.	Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h/f gegn h/f Productiva og gagnsök. Skaðabætur vegna riftunar á samningi	11/5	324
72.	Steindór Hjaltalín gegn Sveini Ólafssyni og Sverri Jónssyni. Skaðabætur vegna galla á flugvélarhreyfli	12/5	329
73.	Ákæruvaldið gegn Josef Hendriech Delbol. Fiskveiðabrot.	13/5	332
74.	Jón Erlendsson gegn Aron Guðbrandssyni og gagnsök og Guðfinna Finnsdóttir og Guðrún og Unnur Erlendsdætur gegn Aron Guðbrandssyni. Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.	13/5	336

		Dómur	Bls.
75.	Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson gegn Bergi, Helga, Júlíusi, Siggeiri og Valdimar Lárussonum, Erlendi Einarssyni og Birni B. Björnssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsakir. Eignarréttur og björgunar að strandgóssi. Lögbannsgerð felld úr gildi. Ágreiningsatkvæði	19/5	343
76.	Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson gegn Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni. Sýkna af kröfu um björgunarrétt að strandgóssi. Lögbannsgerð felld úr gildi	19/5	358
77.	Einar Sigurðsson gegn Páli Arasyni, Gísla Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur. Veiðiréttur. Lögbannsgerð felld úr gildi	27/5	363
78.	Ákæruvaldið gegn Birgi Sigurbjartssyni. Þjófnaður. Líkamsárás. Ölvun við akstur o. fl.	27/5	368
79.	Ákæruvaldið gegn Albert Stanley Victor Jones. Fiskveiðabrot	29/5	376
80.	Pétur Njarðvík gegn Arnoddi Guðmundssyni. Útivistardómur	29/5	387
81.	Guðmundur H. Þórðarson gegn P. Stefánsson h/f. Útivistardómur	29/5	387
82.	Guðmundur H. Þórðarson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur	29/5	388
83.	Lúðvík Eggertsson gegn Steini Jónssyni. Framsal dómskuldar og aðfaraveðs	1/6	388
84.	Kirkjumálaráðherra vegna jarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla gegn Jóni Egilssyni, eiganda Selalækjar. Landamerkjamál	3/6	392
85.	Frímúrarareglan á Íslandi gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Fasteignagjald. Ágreiningsatkvæði..	5/6	399
86.	Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson gegn Agli Ragnars f. h. ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar E. Ragnars. Skipsleiga. Skaðabætur	5/6	402
87.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Skipanaust h/f. Skaðabætur vegna vanefnda á samningi	9/6	407
88.	Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir gegn Jóni Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen. Eignarréttur að bifreið. Skaðabætur	10/6	411
89.	Skarphéðinn Kristbergsson gegn Vilberg Guðmundssyni. Skaðabætur vegna galla á múrhúðun	12/6	419
90.	Guðmundur Egilsson gegn Giuseppe Ferrua Luissiano. Frávísun frá Hæstarétti	12/6	422
91.	Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps gegn Guðmundi Jörundssyni. Útsvarsmál	15/6	423

		Dómur	Bls.
92.	Kirkjusandur h/f gegn Þórunni Kristínu Pálmadóttur. Skaðabótamál	19/6	427
93.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Erlendi Ó. Péturssyni. Stóreignaskattur	22/6	434
94.	Oddur Helgason og Stefán Franklín gegn Guttormi Erlendssyni f. h. Allan Erlandssons. Sýkna af kröfu um greiðslu útgerðarhalla. Ágreiningsatkvæði	22/6	439
95.	Jóhann M. Kristjánsson gegn Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f. Útivistardómur. Ómaksbætur	22/6	455
96.	Umráðamaður Strandakirkju, Páll Hallgrímsson sýslumaður, gegn Kjartani Sveinssyni. Útivistardómur	22/6	455
97.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Slippfélaginu í Reykjavík h/f. Stóreignaskattur	23/6	456
98.	Jónas Hvannberg gegn Skapta Davíðssyni og gagnsök. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Sýkna af kröfu um, að gert yrði hlið á girðingu	23/6	461
99.	Magnús Thorlacius gegn Bengtu Andersen. Kærumáli vísað frá Hæstarétti	23/6	466
100.	Guðlaugur Einarsson gegn Guðmundi H. Þórðarsyni. Staðfesting fjárnámsgerðar	23/6	469
101.	Guðjón Steingrímsson gegn Guðmundi H. Þórðarsyni. Staðfesting fjárnámsgerðar	23/6	471
102.	Pétur Magnússon vegna jarðarinnar Vallaness gegn Haraldi Guðnasyni. Mál hafið. Ómaksbætur	23/6	472
103.	Einar Bragi Sigurðsson gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja. Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá	27/6	473
104.	Kristín Jónsdóttir gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja. Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá	27/6	475
105.	Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni. Kærumál. Kveðið á um framkvæmd rannsóknar	1/7	478
106.	Bjólfur h/f gegn Magnúsi Thorlacius og A/G Weser. Lögmanni talið óskylt að bera vitni	28/9	485
107.	Lárus Ingimarsson gegn Antoni Ingólfi Arngrímssyni. Skaðabótamál. Fjárnámsgerð staðfest	30/9	489
108.	Tryggvi Gunnarsson gegn Draupnisútgáfunni og Sigurði Jónssyni. Útivistardómur	30/9	492
109.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Guðjóni Steingrímssyni. Útivistardómur	30/9	492
110.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Guðlaugi Einarssyni. Útivistardómur	30/9	492
111.	Óskar Magnússon og firmað Árnason, Pálsson & Co h/f gegn Lárusi Óskarssyni. Útivistardómur	30/9	493
112.	Guðmundur Kristjánsson gegn Pétri Péturssyni. Útivistardómur	30/9	493

		Dómur	Bls.
113.	Giovanni Ferrua gegn Glitsteini h/f. Synjað um frávísun máls frá héraðsdómi	2/10	494
114.	Lúðvík Jónsson gegn Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri h/f. Endurgreiðslukröfu synjað. Greiðsla orlofsfjár	2/10	496
115.	Guðbjarni Ólafsson gegn Sigmundi Guðbjarnasyni. Eignarréttur af húsmunum	5/10	501
116.	Ólafur Pétursson gegn Sigurði Guðmundssyni og gagnsök. Ómerking héraðsdóms	7/10	503
117.	Skrifstofa Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna gegn Geir Pálssyni og gagnsök. Starfsþóknun lögmanns	7/10	507
118.	Ákæruvaldið gegn James Woodrow Tacket. Brot gegn 217. gr. og 209. gr. hegningarlaganna og 4. gr. lögreglusamþykktar nr. 160/1943. Ágreiningsatkvæði.	9/10	511
119.	Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson gegn Hannesi Kr. Davíðssyni og Jóni Yngva Eyjólfssyni. Landamerkjamál	12/10	516
120.	Lárus Halldórsson gegn skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Kristjönu Elisabetar Kristjánsdóttur. Eignarréttur að húseign	14/10	521
121.	Hulda Bjarnadóttir gegn Hannesi Einarssyni og Halldóri Kr. Júlíussyni. Húsaleiguuppsögn metin ógild. Ágreiningsatkvæði	19/10	526
122.	Ákæruvaldið gegn Karli Johan Siska Danielsen. Fiskveiðabrot	19/10	529
123.	Ákæruvaldið gegn Geir Guttormi Pálssyni Þormar og Geir Borgþór Halldórssyni. Brot gegn lögum nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit	19/10	532
124.	Ákæruvaldið gegn Jóni Hauki Árnasyni Hafstað, Ingvari Gýgjari Jónssyni, Svavari Hjörleifssyni, Sveini Jónssyni, Jóni Hjörleifssyni, Hróðmari Hjörleifssyni og Óskari Jónssyni. Manndráp af gáleysi. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Rangur framburður fyrir dómi og hvatning til þess brots..	21/10	537
125.	Egill Vilhjálmsson h/f gegn Hans Adamsen og gagnsök. Frávísun frá Hæstarétti. Skaðabótamál	23/10	555
126.	Ákæruvaldið gegn Gunnlaugi Jóhannessyni. Áfengislagabrot	27/10	562
127.	Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson gegn Björgu Pétursdóttur. Skýring á 8. gr. erfðalaga nr. 42/1949	30/10	567
128.	Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteinsson gegn Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f. Skuldamál	30/10	569
129.	Guðmundur Runólfsson gegn Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi	30/10	572

		Dómur	Bls.
130.	Gunnlaugur Stefánsson gegn Ragnari Björnssyni. Skuldamál	30/10	575
131.	Magnús Einarsson gegn Bjarna Péturssyni og Kristni Péturssyni. Útivistardómur	30/10	578
132.	Jón Guðmundsson gegn Jóni Finnbogasyni og Áka Jakobssyni. Útivistardómur	30/10	578
133.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Hauki Thors. Stóreignaskattur	2/11	579
134.	Ákæruvaldið gegn Stefáni Helgasyni. Brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga	5/11	583
135.	Ákæruvaldið gegn Ragnari Guðmundssyni. Sjóslys. Manndráp af gáleysi	6/11	587
136.	Ákæruvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni. Héraðsdómur ómerktur	11/11	594
137.	Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson gegn Sigurði Magnússyni og gangsök. Skaðabótamál	13/11	597
138.	Ákæruvaldið gegn Kristjáni Einarssyni. Ómerking. Heimvísun	16/11	602
139.	Sveinn Bjarnason gegn bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs kaupstaðarins og Útgerðarfélagi Akureyringa h/f. Um atkvæðisrétt bæjarsjóðs og hafnarsjóðs í hlutafélagi	18/11	610
140.	Skipaútgerð ríkisins gegn Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns. Skaðabótamál	24/11	617
141.	Steingrímur Benediktsson og Þórir Benediktsson gegn Orku h/f og gagnsök. Endurgreiðslukröfu synjað	24/11	623
142.	Ágúst Jónsson gegn Vilhjálmi Pálssyni. Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking	27/11	626
143.	H/f Fell gegn h/f Maí og gagnsök. Skaðabótamál	27/11	630
144.	Pétur Njarðvík gegn Kristjáni Kjartanssyni f. h. Tanke Hjemgaards. Ómerking héraðsdóms	27/11	637
145.	Magnús Daníelsson f. h. ófjárráða barna sinna, Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingibjargar og Jóns Sigurðar. Ómerking kyrrsetningargerðar, fjárnámsgerðar og nauðungaruppboðs	30/11	639
146.	Helgi Einarsson gegn Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f. Krafa um laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga. Skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar. Ágreiningsatkvæði	4/12	643
147.	Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík gegn Bræðrafélagi óháða Fríkirkjusafnaðarins. Synjað um töku hringingartækja með fógetagerð	4/12	651
148.	Ákæruvaldið gegn Ingvari Gíslasyni. Fiskveiðabrot	7/12	655

149. Rafveita Vestmannaeyja gegn Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum og gagnsök. Um heimild einkarafstöðvar til orkuflutnings. Fógetagerð. Ágreiningsatkvæði. 8/12 658
150. Kristbergur Jónsson gegn Sigríði Ketilsdóttur og Guðdísi Sigurðardóttur. Kærumál. Vitni heimilað að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi. 11/12 664
151. Fiskaklettur h/f gegn Netjamönnum h/f. Skuldamál. 11/12 667
152. Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson gegn Vigdísi Jónsdóttur og gagnsök. Skaðabótamál. 11/12 671
153. Sigursteinn Júlíusson gegn Gísla Jóhannssyni. Skaðabótamál. 14/12 677
154. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Samvinnutryggingum. 14/12 679
155. Jón Antonsson gegn Braga Sigurjónssyni. Kærumál. Frávísunarkröfu hrundið. 14/12 682
156. Eigendur v/s Rifsness gegn Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Bjarglaun. 16/12 685
157. Jón Guðjónsson gegn Skarphéðni Kristbergssyni. Útivistardómur. 18/12 691
158. Halldór Ólafsson gegn Guðmundi Jónssyni. Útivistardómur. 18/12 691
159. Ákæruvaldið gegn Willy Dumarey. Fiskveiðabrot. 19/12 692
160. Ákæruvaldið gegn Carbon Honoré. Fiskveiðabrot. 19/12 695
161. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Keflavík h/f. Ágreiningur um vexti af eignarnámsfé. 19/12 698
162. Olíuverzlun Íslands h/f gegn hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins. Mál hafið. Ómaksbætur. 19/12 702

Efnisskrá

til bráðabirgða um hæstaréttardóma 1953.

Ábúðarréttur 182.
Áfengislagabrot 24, 562.

Bifreiðamál:
1) Einkennismerki 170.
2) Opinber mál 1, 109, 537.
3) Skaðabótamál 116, 204, 208, 217.
Bjarglaun 63, 225, 266, 685.

Eignarréttur 411, 501, 521, 651.
Eignaspjöll 212.
Endurgreiðslukrafa 496, 623.
Erfðir 567.

Firma 257.
Fiskveiðabrot 332, 376, 529, 655, 692, 695.
Fjárkúgun 292.
Fjárnám 469, 471, 489.
Fjársvik 104, 107.
Framsal 388.
Frávísun 212, 257, 262, 289, 301, 336, 461, 555, 572, 626.

Hlutafélög 610.
Húsaleiga 526.
Höfundarréttur 130.

Iðja og iðnaður 7, 13, 21.
Iðnaðarnám 7.
Innsetningargerð 197.

Kjörskrá 473, 475.
Kynferðisbrot 511.
Kærumál:
1) Dómarahæfi 36.
2) Frávísun 194, 223, 272, 466, 494,572, 682.
3) Frestun 35, 318.
4) Málskostnaður 260.
5) Staðfesting vitnaskýrslu 664.
6) Vitnaskylda 32, 485.

Landamerkjamál 392, 516.
Líkamsárás 238, 246, 368, 511.
Lögtak 253.

Málskostnaður 120.
Manndráp 537, 587.

Ofbeldi gegn embættismanni 583.
Ómerking:
1) Einkamál 74, 188, 262, 336, 461, 503, 626, 637, 639.
2) Opinber mál 82, 594, 602.
Orkuflutningur einkarafstöðvar 658.
Orlofsfé 496.

Rangur framburður 537.

Skaðabætur. Sjá og bifreiðamál 3) 28, 98, 139, 175, 200, 231, 281, 318, 324, 329, 402, 407, 411, 419, 427, 489, 555, 597, 617, 630, 643, 671, 677, 679.

Skattar 134, 142, 154, 159, 165, 190, 276, 306, 312, 399, 423, 434, 456, 579.
Skipsleiga 402.
Skuldamál 71, 569, 575, 667.
Strandgóss 343, 358.
Söluþóknun 243.

Tolllagabrot 532.
Tryggingar 113.

Útgerð skips 439.

Veiðiréttur 363.
Vextir 698.
Vinnusamningur 92, 137, 507, 643.
Vörumerki 257.

Þjófnaður 368.

Ölvun 368.

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIV. árgangur. 1953.

Mánudaginn 12. janúar 1953.

Nr. 176/1952. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Einari Kárasyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu af ákæru um brot á 2. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1941. Árekstur sá, sem í málinu getur, varð innan marka Árnessýslu, og ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á lögreglusamþykkt Gullbringusýslu.

Af stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, glerbrotum úr bifreiðunum og öðrum verksummerkjum þykir mega ráða, að ákærði hafi, er áreksturinn varð, að minnsta kosti að nokkru ekið á hægri vegarhelmingi. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 6. gr. laga nr. 24/ 1941. Með skírskotun til raka héraðsdóms hefur ákærði einnig brotið önnur þau ákvæði hegningarlaga, bifreiðalaga og umferðarlaga, sem til er vitnað.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún

greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, svo og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Kárason, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. sept. 1952.

Árið 1952, fimmtudaginn 25. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2818/1952: Ákæruvaldið gegn Einari Kárasyni, sem dómtekið var 18. september s.l.

Málið er höfðað gegn Einari Kárasyni bílstjóra til heimilis á Njálsgötu 80, hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 21. júlí s.l., ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 20. apríl s.l. milli kl. 18 og 19 ekið bifreiðinni R 4175 eftir Suðurlandsvegi í Svínahrauni áleiðis til Reykjavíkur með óhæfilegum hraða og ógætilega, svo að af hlauzt árekstur milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar X 575, er var á austurleið, með þeim afleiðingum, að farþegi í X 575 fótbrotnaði á vinstra fæti og hlaut stórt og djúpt sár á enni, en bifreiðarstjórinn Gunnar Vigfússon skrifstofustjóri, Árvegi 6 á Selfossi, hlaut mikið höfuðhögg, rotaðist og fékk heilahristing, og farþegi í R 4175 handleggsbrotnaði á hægri upphandlegg, hlaut auk þess nokkrar skrámur í andlit og úr tönn kvarnaðist.

Brot ákærða eru talin varða við 219. gr. laga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 23/1941,

2. gr., 3. mgr. 4. gr. og 6. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 16. gr., sbr. 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160/1943.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. laga nr. 23/1941 og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. marz 1914 í Glúmsstaðaseli í Fljótsdalshreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1949 7/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1950 17/12 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1950 14/7 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1951 30/1 Dómur: 200 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. apríl s.l., um kl. 18.20, varð árekstur á Suðurlandsvegi í Svínahrauni milli bifreiðanna X 575 og R 4175. Billinn X 575 er sendiferðabíll af Tatragerð, en R 4175 er 6 manna leigubíll af Dodgegerð. X 575 ók Gunnar Vigfússon skrifstofustjóri, Árvegi 6, Selfossi. Stýrið á X 575 er vinstra megin. Í framsæti við hægri hlið Gunnars sat kona hans, Oddbjörg Sæmundsdóttir að nafni. Ekki voru fleiri í X 575.

R 4175 ók ákærði. Stýrið í hans bifreið er hægra megin. Í bifreiðinni voru 3 farþegar. Tveir sátu í aftursæti og einn í framsæti, stúlka að nafni Vera Jóhanna Kreutzfeldt.

Fólk þetta var farþegar gegn borgun.

Veðri var þannig farið, að þurrt var og bjart og sólskin. Vegurinn hið næsta við árekstrarstaðinn liggur nokkurn veginn í austur og vestur. Þar sem áreksturinn varð, hallar veginum svolítið til vesturs, og rétt austan árekstrarstaðarins er bæði svolítil hæð og beygja á veginum. Vegurinn er þarna allur mjög vel breiður og eiga bílar að geta mætzt mjög auðveldlega.

Ákærði var á leið til Reykjavíkur og ók því í vesturátt, en Gunnar Vigfússon var á leið heim til sín og ók því í austurátt.

Gunnar hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið á rólegri ferð fyrir áreksturinn eða á um 30 km hraða. Mikil umferð var á veginum á móti honum, og ók hann því alltaf vel á sínum vinstri vegarhelmingi, einnig þegar áreksturinn varð. Vegna beygjunnar og hæðarinnar á veginum, sem áður hefur verið skýrt frá, sá Gunnar ekki til ferða R 4175, þar til mjög skammt var á milli bifreiðanna. Virtist Gunnari ákærði vera blindaður af sólinni, sem skein beint á framrúður R 4175. Var R 4175 ekið geysi hratt. R 4175 var mjög innarlega á veginum og frekar á sínum hægra vegarhelmingi. Gunnar var svo utarlega á sínum vinstra vegarhelmingi, að hann treysti sér ekki til að víkja betur, enda skipti það svo að segja engum togum, að bifreiðarnar rákust á. Ekki man Gunnar, hvort honum hafi unnizt tími til að hemla eða ekki, því að atburðina næst eftir áreksturinn man Gunnar ekki, því að hann rotaðist. Gunnar meiddist talsvert og kona hans enn meir, og verður síðar gerð nánari grein fyrir meiðslum þeirra.

Kona Gunnars hefur mjög á sama veg skýrt frá aðdragandanum að slysi þessu og Gunnar, svo að óþarft er að rekja framburð hennar nánar.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið á 40 km hraða á að gizka, þegar árekstur inn varð og telur sig ekki hafa verið blindaðan af sól. Vegna hæðarbungunnar á veginum sá hann ekki til ferðar X 575 fyrr en stutt var á milli bílanna. Ákærða var það vel ljóst, að vegurinn var þarna fullkomlega nægilega breiður, til að bílarnir gætu mætzt þarna hindrunarlaust. Honum virtist bíll sinn vera það vel á vinstra vegarhelmingi, að engin hætta yrði á árekstri. Það kom því ákærða mjög á óvart, að árekstur varð, svo að hann fékk ekkert aðgert, og stöðvaðist bíllinn við árekstur inn, án þess að ákærði beitti hemlum. Hann telur, að X 575 hafi kastast eitthvað aftur á bak og til hliðar við árekstur inn. Ákærði var ekki að flýta sér. Hann ók frá Skíðaskálanum á 50 til 60 km hraða að jafnaði og fullyrðir, að hann hafi aldrei farið upp fyrir 60 km hraða. Ákærði var vel fyrirkallaður og hafði athygli óskipta við akstur inn. Frá Kolviðarhóli að slysstað ók ákærði fram úr 2—4 bifreiðum.

Vera Jóhanna Kreutzfeldt, sem áður er nefnd, slasaðist mikið við árekstur inn, og verður síðar gerð nánari grein fyrir meiðslum hennar. Aðrir í R 4175 slösuðust ekki.

Farþegarnir í R 4175 segja ákærða alls ekki hafa ekið hratt, þegar árekstur inn varð, eða á um 40 km hraða. Vera Jóhanna Kreutzfeldt varð þess ekki vör, að sólin blindaði, þótt hún horfði í gegnum framrúðuna. Ekki geta farþegar sagt neitt ákveðið um, hvar bílarnir voru á veginum, þegar árekstur inn varð.

Aðrir en þeir, sem nú hafa verið nefndir, eru ekki til frásagnar um árekstur inn sjálfan.

Þrír menn, sem leiddir hafa verið sem vitni í málinu, hafa skýrt frá því, að skömmu fyrir árekstur inn hafi þeir verið á leið til Reykjavíkur í bílum sínum og hafi ákærði ekið fram úr þeim öllum á miklum hraða. Tveir þeirra segjast hafa ekið með 50 til 60 km hraða, þegar ákærði ók fram úr þeim, og einn segist hafa ekið á 45 km hraða á að gizka. Ákærði hvarf mönnum þessum mjög fljótt, eftir að hann hafði ekið fram úr þeim. Nánar geta menn þessir ekki sagt um hraða R 4175. Ekki háði sólskinið mönnum þessum við akstur inn.

Sjúkrabifreið og menn frá rannsóknar- og götulögreglu komu á staðinn. Höfðu þá bílarnir verið látnir standa óhreyfðir, nema hvað R 4175 hafði verið borinn svolítið til hægri að aftan, til að liðka til fyrir umferðina. Eftir árekstur inn var staða bílanna þannig, að X 575 var utan vegarins að norðanverðu, hékk þar utan í vegkantinum. R 4175 var nokkuð þvers um á veginum með hægra framhjól um 1 m frá nyrðri vegarbrún. Fjarlægðin á milli bílanna var um 1 meter, og var R 4175 svo til öll austan X 575. Á árekstrarstaðnum voru engin för eftir hjól bílanna, er gætu gefið upplýsingar um, hvar og hvernig bílunum hefði verið ekið fyrir slysið, en glerbrot úr ljóskerum bílanna fundust á nyrðri helmingi vegarins og mest í norðurbrún hans. Frá hægra afturhjóli X 575 lá far út í veginn

talsvert meira áfram heldur en þvert út í veginn. Var far þetta 130 cm langt.

Oddbjörg Sæmundsdóttir meiddist mjög mikið, og segir svo um meiðsli hennar í vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dags. 22. apríl s.l.

„20. apríl 1952, laust eftir kl. 20, var komið með Oddbjörgu Sæmundsdóttur, sem sögð er fædd 23.5.1902, vera gift skrifstofustjóra og eiga heima á Selfossi, á handlæknisdeild Landspítalans. Að sögn hafði sjúklingurinn slasast uppi í Svínahrauni, er tveir bílar óku saman.

Sjúklingurinn er við komu töluvert sjokkeruð og titrar mikið. Hún kvartar um mikla verki, einkum í vinstra fæti, en einnig í höfði.

Við athugun finnst *opið beinbrot á vinstra fótlegg* nokkru neðar við miðjan legginn, og er sárið 2 cm langt, framan og innanfótar á leggnum. Rennur þar út blóð og fituvökvi, en beinendarnir eru rétt innan undir húðinni.

Ennfremur finnst *stórt og djúpt sár á enni.* Nær það frá hársrótum niður að augabrún, gengur alveg inn að beini, og beinhimnan er skafin laus frá beininu á 2x3 cm stóru svæði.

Sjúklingurinn var svæfður og sárin skorin hrein og saumuð saman. Þá var beinbrotið lagfært, lagður stálþráður gegnum hælbeinið og hengt við 4 kg þungi (extension), til þess að halda brotinu í skorðum, og loks lagðar gibsumbúðir á fót og legg.

Sjúklingurinn liggur á deildinni."

Oddbjörg kom fyrir dóm 23. maí s.l. og var þá enn rúmliggjandi á Landspítalanum og bjóst við að þurfa að liggja þar í 2 mánuði enn.

Meiðsli Gunnars Vigfússonar urðu þau, sem segir í vottorði Odds læknis Ólafssonar, dags. 24. maí s.l.

„Hinn 21. apríl 1952 skoðaði ég hr. Gunnar Vigfússon, f. 13. okt. 1902, til heimilis að Árvegi 6, Selfossi. Sjúklingur hafði þann 20. apríl 1952 lent í bílslysi, og var þá fluttur á handlækningadeild Landsspítalans, þar sem gert hafði verið að sárum hans til bráðabirgða. Sjúklingur hafði greinileg einkenni þess, að hann hefði fengið heilahristing, mun hafa misst meðvitund, hafði þungan höfuðverk „diffust" um allt höfuðið, svima og ógleði. Á miðju enni var ca tveggja króna stórt marið sár, annað sár ca einseyringsstórt yfir hægri augabrún. Hruflaður og marinn á hægra gagnauga. Í hægra eyra er ca 1 cm langt skorið (sic) og stendur brjósk út úr sárinu. Í öllum þessum sárum er talsvert af smá glerbrotum. Mikil eymsli og mar frá hægri öxl og niður á miðjan upphandlegg utanvert. Á hægra hné er marið sár og eymsli. Marblettir á báðum augnakrókum innanvert, ein í conjuncktura medialt beggja vegna. Sjúklingur kvartar um ríg í hálsi og stirðleik út í báðar axlir. Hreinsaði ég upp sárin og gerði að þeim. Voru sár hans sæmilega gróin, er ég tók burt síðustu umbúðir þann 10. maí 1952. Sjúklingur var algerlega óvinnufær og var að mestu leyti rúmliggjandi fram til 10. maí 1952. Sökum annríkis á skrifstofu sjúklings, leyfði ég honum að vinna hálfan daginn frá 12. maí 1952, enda þótt æskilegt hefði verið, að sjúklingur hvíldi sig lengur, þar sem hann hefur ekki nærri náð sér til fulls. Sjúklingur fær enn drunga í

höfuðið við létta áreynslu og er slæmur af ríg í hálsi og út í herðar, ef hann situr við skriftir. Auk þessa hefur sjúklingur fengið talsvert taugaáfall og hefur ekki jafnað sig til fulls enn."

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dags. 22. apríl s.l., urðu meiðsli Veru Jóhönnu Kreutzfeldt sem hér segir:

„20. apríl 1952, kl. rúmlega 20, var komið á handlæknisdeild Landsspítalans með sjúkling, sem sagður var heita Vera Kreutz, vera fædd 12. nóvember 1928 og eiga heima á Hábraut við Digranesveg.

Svo var skýrt, að sjúklingurinn hafi slasast, er tveir bílar óku saman uppi í Svínahrauni.

Sjúklingurinn kvartar um mikinn verk í hægri upphandlegg, einnig í höfði. Að öðru leyti er almennt ástand gott, sjúklingurinn er ekki sjokkeraður.

Við skoðun fannst brot á *hægra upphandleggsbeini,* nokkru neðan við mitt beinið.

Nokkrar smáskrámur fundust í andliti.

Dálítið stykki er kvarnað úr framtönn.

Handleggurinn var lagður í gibsumbúðir, og liggur sjúklingurinn á deildinni."

Vera Jóhanna Kreutzfeldt lá 6 daga á Landsspítalanum.

Báðir bílarnir skemmdust mjög mikið. Skemmdirnar voru aðallega á hægra framenda bílanna. Af skemmdunum mátti ráða, að áreksturinn hefði orðið með þeim hætti, að hægra framhjól hvorrar bifreiðar hafi lent aðeins innan við hvort annað eða rekist beint framan á hvort annað, því að hægri stuðarahorn og frambretti beggja bifreiðanna voru brotin og beygluð.

Þykir nú hafa verið rakið nægilega allt, sem máli skiptir og upplýstzt hefur um aðdragandann að árekstrinum, um áreksturinn sjálfan og afleiðingar hans.

Framburðir mannanna þriggja, sem ákærði ók fram úr fyrir árekstur-inn, hinar miklu skemmdir bílanna og framburður Gunnars Vigfússonar þykir að vísu allt benda til þess, að ákærði hafi ekið hraðar en lög heimila, en gegn eindreginni neitun ákærða sjálfs þykir varhugavert að telja sannað, að hann hafi ekið hraðar en 60 km miðað við klukkustundar akstur. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar, er lýtur að broti ákærða á 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941.

Af stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn, farinu eftir hægra afturhjól bifreiðarinnar X 575 og glerbrotunum úr ljóskerum bílanna, er fundust á nyrðri vegarhelmingi, þykir mega ráða það, að áreksturinn hafi orðið á vinstri vegarhelmingi X 575, eins og Gunnar Vigfússon skýrði frá.

Ákærði hefur því eigi gætt þeirrar lögboðnu skyldu að aka á sínum vinstri vegarhelmingi og þar með gerzt brotlegur við 6. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941.

Áreksturinn bar að með svo skjótum hætti, að ákærði fékk ekkert aðgert til að forða árekstri. Það þykir ótvírætt benda til, að hann hafi

ekið of hratt, eins og á stóð, yfir hæðina, sem byrgði útsýn hans fram á veginn. Það hefur því brostið mjög á nauðsynlega aðgæzlu hjá ákærða.

Með þessum akstri sínum, og þar sem meiðsli hinna slösuðu reyndust eins alvarleg og raun bar vitni, hefur ákærði brotið gegn þeim öðrum lagagreinum, sem í ákæruskjali getur.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og samkvæmt 219. gr. sömu laga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Kárason, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., að upphæð kr. 600.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1953.

Nr. 30/1950. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Jónasi Þorbergssyni (Lárus Jóhannesson)
og
Jóni Alexanderssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað og lögum um iðnaðarnám.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu í máli þessu er gefið það að sök, að þeir láti menn starfa á Viðgerðarstofu Ríkisútvarpsins, sem ekki hafa hlotið þá iðnmenntun og þau starfsréttindi, sem greinir í lögum nr.

100/1938 um iðnaðarnám, sbr. nú lög 46/1949, lögum nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, og reglugerð nr. 100/1942. Ákærðu telja framangreind lagaákvæði ekki gilda um útvarpsvirkja, nám þeirra og starfa, heldur taki ákvæði laga nr. 30/1941 um fjarskipti til þeirra svo og reglugerð nr. 70/1942 og reglur nr. 140/1942, sem sett eru með tilvísun til laga þessara.

Samkvæmt reglugerð nr. 87/1928 um iðnaðarnám, sem sett var eftir lögum nr. 11/1927, var venjulegs iðnaðarnáms krafizt af útvarpsvirkjum. Eftir að lög nr. 100/1938 höfðu verið í gildi um tíma, var sett reglugerð nr. 38 29. marz 1941. Eru útvarpsvirkjar þar ekki taldir meðal þeirra, sem ganga þurfa undir iðnaðarnám. Þessari reglugerð var aftur breytt með reglugerð nr. 100 3. júlí 1942. Er útvarpsvirkjun í þessari reglugerð af nýju talin iðngrein og útvarpsvirkjum gert að sæta iðnfræðslu og ganga undir iðnpróf.

Í 2. tl. 2. gr. laga nr. 30/1941 um fjarskipti er íslenzka ríkinu veittur einkaréttur til að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki. Samkvæmt 10. gr. laganna skal póst- og símamálastjórnin hafa á hendi framkvæmd á einkarétti ríkisins, þó að fráskilinni m. a. framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu eru falin með sérstökum lögum. Með tilvísun til 12. gr. laganna setti póst- og símamálaráðherra síðar reglugerð nr. 70/1942. Með 3. gr. reglugerðarinnar er þeim, sem starfa vilja að framkvæmdum, er ber undir einkarétt ríkisins, bent á að snúa sér um það til póst- og símamálastjórnarinnar. Í 4. gr. segir, að póst- og símamálastjórnin muni síðar setja nánari reglur um fjarskiptavirki, rekstur þeirra, uppsetningu og viðhald, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur. Með reglum nr. 140/1942 er síðan þeim, er fást vilja við viðgerðir á viðtækjum útvarps, gert með nokkrum undantekningum að afla sér leyfis póst- og símamálastjórnarinnar. Störf, framkvæmd í umboði Ríkisútvarpsins, eru þó undanþegin slíku leyfi. Í 2. gr. reglnanna er og kveðið á um próf þeirra, sem sækja um leyfisbréf til starfans.

Af ákvæðum fjarskiptalaga nr. 30/1941 um einkarétt ríkis-

ins, þeim, sem rakin voru, verður eigi ályktað, að útvarpsvirkjun skuli ekki teljast iðngrein eða teljast iðngrein, undanþegin ákvæðum laga nr. 18/1927 og laga nr. 100/1938 um iðnaðarnám, sbr. nú lög nr. 46/1949. Einkaréttur ríkisins samkvæmt lögum nr. 30/1941 helzt og, hvort sem útvarpsvirkjun telst iðngrein samkvæmt iðnnámslögum eða ekki. Ákvæði 2. gr. reglna nr. 140/1942, sem undanþiggja útvarpsvirkja iðnnámsreglum laga nr. 100/1938 og nú laga nr. 46, 1949, verða því ekki reist á lögum nr. 30/1941. Atvinnumálaráðherra hefur með reglugerð nr. 100/1942 látið svo mælt, að útvarpsvirkjun skuli talin ein grein iðnaðar, og sett reglur um próf útvarpsvirkja, sbr. nú reglugerð nr. 130/1952. Er því athugaefni, hvort þess konar sérnám þurfi til útvarpsvirkjunar, að ráðherrann hafi haft nægilega heimild til að setja reglugerðarákvæði þetta samkvæmt 13. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 1. gr. laga nr. 105/1936. Nú hafa tveir dómkvaddir rafmagnsverkfræðingar komizt að þeirri niðurstöðu, að útvarpsvirkjun sé iðnaður, en álit þeirra hefur sætt ýtarlegri gagnrýni af hendi yfirverkfræðings útvarpsins. Gagnrýnin hefur ekki verið borin undir hina dómkvöddu verkfræðinga. Þá hefur héraðsdómari ekki, þótt ástæða væri til, kvatt sérfróða menn til dómsetu samkvæmt 5. gr. laga nr. 27/1951. Eru því ekki fram komnar nægilega glöggvar skýrslur til úrlausnar þessu atriði.

En horf hinna ákærðu til málsins er þetta: Póst- og símamálastjórnin setti, svo sem áður segir, með 4. gr. reglugerðar nr. 70/1942 og reglum nr. 140/1942 ákvæði um prófskilyrði þeirra manna, sem öðlast vilja rétt til útvarpsvirkjunar. Ákærðu töldu sér ekki annað fært en að fara að þessum reglum, og menntamálaráðherra, er Ríkisútvarpið ber undir, veitti ákærða Jónasi ekki andstæð fyrirmæli, þegar Jónas bar undir hann þá tilhögun, sem viðgengizt hafði um málið í rekstri Ríkisútvarpsins og ákærðu eru saksóttir fyrir. Þegar á þetta er litið, verður ekki séð, að ákærðu verði nokkuð lagt til ámælis um framkvæmd þessara mála, þótt skilningur þeirra á lögum fái ekki að öllu staðizt, og brestur því algerlega huglæg skilyrði til að refsa þeim fyrir athafnir þær, sem þeir eru saksóttir fyrir. Ber því að sýkna þá af kröfum

ákæruvaldsins í málinu og staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars Arnórssonar, kr. 1200.00, og málflutningslaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. jan. 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 29. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, er haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 139—140/1952: Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni og Jóni Alexanderssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Mál þetta er höfðað gegn Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra, Ásvallagötu 1 og Jóni Alexanderssyni, forstöðumanni Viðgerðarstofu Ríkisútvarpsins, til heimilis Víðimel 39 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnað nr. 18 31. maí 1927, sbr. lög nr. 105 23. júní 1936 og lögum um iðnnám nr. 100 11. júní 1938.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Jónas, sem fæddur er 22. janúar 1885, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1949 18/1 Dómur lögregluréttar: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 18/1927 og lögum nr. 100/1938. (Vísað heim til nýrrar meðferðar með hæstaréttardómi.)

1951 7/5 Dómur: 3000 kr. sekt fyrir brot gegn 128. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Jón, sem fæddur er 23. febrúar 1900, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1949 18/1 Reykjavík.Dómur lögregluréttar. Sýknaður af kæru fyrir brot gegn lögum nr. 18 1927 og lögum nr. 100 1938.

1949 16/6 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru sem hér segir:

Eftir stofnun Ríkisútvarpsins árið 1930 var í sambandi við það stofnuð viðgerðarstofa til að gera við útvarpsviðtæki. Hefur viðgerðarstofan síðan verið rekin sem ein deild Ríkisútvarpsins, og er forstöðumaður hennar ákærði Jón Alexandersson. Mörg undanfarin ár hefur staðið deila milli starfsmanna viðgerðarstofunnar annars vegar og yfirstjórnar Ríkisútvarpsins hinsvegar um kjör og réttindi starfsmanna á Viðgerðarstofunni. Starfsmennirnir krefjast þess, að þeir séu haldnir sem iðnnemar samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938 um iðnnám og reglugerðum settum samkvæmt þeim, gerðir við þá námssamningar og menntun þeirra hagað í samræmi við iðnnámslög og að þeir að námi loknu öðlist réttindi sem aðrir iðnaðarmenn. Þetta hefur yfirstjórn Ríkisútvarpsins ekki viljað fallast á og telur hún útvarpsviðgerðir ekki vera handiðn, enda gildi sérreglur um starfsemi þessa í fjarskiptalögum nr. 30 27. júní 1941 og reglum settum samkvæmt þeim.

Er það og fullupplýst í máli þessu, að um námstilhögun og starfsemi starfsmanna Viðgerðarstofunnar hefur að engu verið farið eftir lögum um iðnnám. Verður nú athugað nánar, hvort það fyrirkomulag fari í bága við ákvæði þau, er í málshöfðunarskipun greinir.

Af hálfu forstöðumanna Ríkisútvarpsins er því haldið fram, að útvarpsvirkjun sé ekki þess konar starfsgrein, að teljast megi til handiðna, heldur sé hún fræðilegt starf, sem unnið sé í öllum löndum af verkfræðingum, iðnfræðingum og ýmsum öðrum mönnum, sem fengið hafi meiri eða minni bóklega menntun í radiotækni, og hvergi talið til handiðna. Sjónarmið útvarpsvirkja er hinsvegar það, að starf þetta sé í eðli sínu handiðnaður og beri því að haga menntun útvarpsvirkja í samræmi við iðnnámslög.

Verkfræðingarnir Eðvarð Árnason og Stefán Bjarnason voru dómkvaddir til að láta uppi álit sitt á því, hvort eðlilegt væri, að útvarpsvirkjun skuli talin til handiðnaðar. Það er niðurstaða álitsgerðar þeirra, að útvarpsvirkjun sé þess eðlis, að hún geti talizt handiðnaður. Starf útvarpsvirkja sé þess háttar, að þeir vinni mest með handverkfærum og sérnám þeirra þurfi að vera bæði verklegt og fræðilegt og starfið sé að mörgu leyti sambærilegt starfi rafvirkja, enda talin ein grein rafvirkjunar. Þeir láta þó í ljós, að nám þeirra iðnnema, er leggja stund á rafmagnsiðn, þurfi að vera meira fræðilegt en nú tíðkast.

Verður nú að rekja, hver lagaákvæði hafi gilt um starfsemi útvarpsviðgerðarmanna hér.

Með reglugerð nr. 87 31. des. 1928 um iðnnám eru útvarpsvirkjar taldir meðal iðnnemenda og reglur settar um prófskilyrði þeirra. Starfsemi þessi var þá í byrjun hér á landi og mun aldrei hafa tíðkast hér, að sá háttur kæmist á, að útvarpsvirkjar væru menntaðir sem iðnaðarmenn. Eins og fyrr greinir, tók Viðgerðarstofa útvarpsins til starfa eftir stofnun Ríkisútvarpsins, og þeir, sem starfað hafa þar, hafa aldrei verið haldnir sem iðnnemar. Með nýrri reglugerð um iðnaðarnám, settri hinn 29. marz 1941 (nr. 38) með heimild í lögum nr. 100/1938, er fellt niður ákvæði reglugerðarinnar frá 1928 um útvarpsvirkja. Nokkru síðar, hinn 27. júní 1941, tóku gildi fjarskiptalög (nr. 30/1941), og í 2. tl. 2. gr. þeirra laga er svo sagt,

að ríkið hafi einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki, og með 10. gr. er póst- og símamálastjórninni falin framkvæmd einkaréttar þessa, en þó m. a. undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem Ríkisútvarpinu er falin með sérstökum lögum. Samkvæmt 12. gr. þessara laga var hinn 9. maí 1942 sett reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála (nr. 70/1942). Í 1. gr. hennar eru tekin upp ákvæði 2. gr. laga nr. 30/1941 um einkarétt ríkisins varðandi fjarskiptavirki og í 3. gr. reglugerðarinnar segir, að óski einstakir menn, félög eða stofnanir leyfis til framkvæmda, er heyra undir einkarétt ríkisins, skuli sótt um leyfi til þess til póst- og símamálastjórnarinnar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 70/1942 er svo hinn 15. júlí 1942 settar reglur af póst- og símamálastjórninni um viðgerðir útvarps- og loftskeytaviðtækja. Samkvæmt þeim skal þurfa leyfi póst- og símamálastjórnarinnar til að fást við viðgerðir útvarpsviðtækja o. þ. h. Þetta nær því eigi til starfa, sem framkvæmd eru í umboði Landssímans eða Ríkisútvarpsins. Ennfremur eru settar reglur um próf þeirra, er leyfis beiðast, og reglur um leyfisbréf til viðgerða á viðtækjum.

Nokkru áður en síðastnefndar reglur voru settar eða hinn 3. júlí 1942 var reglugerð sett um breyting á iðnnámsreglugerðinni frá 1941 (reglugerð nr. 100/1942). Samkvæmt henni er útvarpsvirkjun á ný talin iðngrein og reglur settar um prófskilyrði útvarpsvirkja.

Þegar athugaðar eru reglur fjarskiptalaga og reglugerða samkvæmt þeim, er ljóst, að við setningu þeirra er eigi gert ráð fyrir, að útvarpsvirkjun sé iðngrein, og þykja reglur þessar ósamrýmanlegar því, að svo sé. Reglugerð nr. 70/1942 gerir ráð fyrir, að ákvörðun um hæfni manna til viðtækjaviðgerða sé algerlega í höndum póst- og símamálastjórnarinnar, en Landssíma og Ríkisútvarpi jafnframt heimilað að fást við slíka starfsemi. Hinn 22. des. 1950 höfðu 25 menn fengið 1. fl. leyfisbréf til viðgerða á útvarps- og loftskeytaviðtækjum, útgefin af póst- og símamálastjórninni.

Að áliti dómsins verður að telja, að gildandi reglur um starfsemi útvarpsviðgerðarmanna sé að finna í lögum nr. 30/1941 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Ákvæði reglugerðar nr. 100/1942 um útvarpsvirkja getur ekki afnumið reglur í eldri lögum og reglugerð. Breytir það engu í þessu efni, þótt talið yrði eðlilegt, að útvarpsvirkjun yrði talin til handiðna. Til þess að svo yrði, þyrfti að setja gild ákvæði, er afnumið gætu eldra fyrirkomulag á þessum málum. Og samkvæmt framansögðu er það álit dómsins, að reglur fjarskiptalaga og reglugerðar um útvarpsvirkjun séu ósamræmanlegar ákvæðum iðnnámslaga og reglugerða. Þótt það sé nú upplýst, að háttur sá, sem hinir ákærðu hafa haft á ráðningu og menntun starfsmanna sinna, séu ekki í samræmi við iðnnámslöggjöf, verður eigi að síður að sýkna þá af ákærum á þeim grundvelli, að niðurlagsákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 100/1942 sé ógilt, og að útvarpsvirkjun sé því ekki samkvæmt gildandi reglum handiðnaður, er hlíta skuli reglum laga um iðnað og iðnnám.

Allan kostnað sakarinnar ber ríkissjóði að greiða, þ. á m. málsvarnar-

laun verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Í málinu hefur áður verið gerð grein fyrir drætti þeim, sem á því hefur orðið.

Dómsorð:

Ákærðu, Jónas Þorbergsson og Jón Alexandersson, skulu vera sýknir af ákærum í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ólafs Þorgrímssonar, 250 krónur til hvors.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 94/1952. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Guðmundi Guðmundssyni
(Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Húsgagnagerð í trésmiðju ákærða er með þeim hætti, að unnið er samtímis að smíði mikils fjölda húsgagna af sömu tegund. Er mestur hluti smíðarinnar framkvæmdur með vélum. Verkaskipting er mikil með starfsmönnum ákærða. Vinnur hver starfsmaður aðeins lítinn hluta af smíði hvers húsgagns, og stendur vinna flestra þeirra í sambandi við vélanotkun. Þessir framleiðsluhættir þykja falla í höfuðatriðum undir ákvæði um iðju í I. kafla laga nr. 18/1927. Sumir þættir húsgagnagerðarinnar eru þó lítt eða ekki unnir með vélum. Þannig er háttað störfum þeirra Júlíusar Guðmundssonar, Jóns Jóhannssonar, Harðar Ólasonar, Sigurðar Ingvars Jónssonar og Guðjóns Magnússonar. Er störfum þeirra lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er ekkert í ljós komið, er hrindi því áliti héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að

krefjast verði sérnáms af mönnum, er slík störf stunda, samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936. Þá má og fallast á það álit héraðsdóms, að bólstrunarstörf þeirra Víglundar Gíslasonar og Ásgeirs Jónssonar í trésmiðju ákærða falli undir síðastnefnd lagaákvæði um handiðnað. Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms verða hins vegar störf þeirra Magnúsar Jónassonar, Björns Magnússonar, Gunnars Braga Salómonssonar og Þorgríms Guðnasonar ekki talin til handiðnaðar.

Samkvæmt því, er að framan segir, hefur ákærði brotið ákvæði 14., sbr. 13. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 105/1936. Hinir óiðnlærðu menn, sem starfað hafa hjá ákærða andstætt ákvæðum laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, hafa unnið í trésmiðju hans óátalið um langan tíma. Ákærði gat og verið í óvissu um það, að starf sumra þeirra væri ólögmætt, sbr. 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af þessu þykir sekt ákærða samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927 hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Og með því að fallast má á ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar, ber að staðfesta hann að niðurstöðu til, þó svo að í stað sektarinnar komi varðhald 5 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að í stað sektarinnar komi varðhald 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1952.

Ár 1952, laugardaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni og Sveini Björnssyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 1265/1952: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Guðmundssyni, sem dómtekið var 9. apríl s.l.

Með ákæruskjali, dagsettu 18. desember 1951, er Guðmundur Guðmundsson forstjóri, Víðimel 31, hér í bæ, ákærður fyrir brot á iðnlöggjöfinni samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927, 14. gr., sbr. 13. gr., sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 105/1936 og reglugerð um iðnaðarnám nr. 38/1941, 1. gr. og 13. gr., sbr. reglugerð nr. 100/1942. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði *með því* að láta vinna að húsgagnabólstrun í Trésmiðjunni Víði h.f. tvo ófaglærða menn, Víglund Gíslason og Ásgeir Jónsson, og við húsgagnasmíði í sama fyrirtæki 9 ófaglærða menn, þá Björn Magnússon, Júlíus Guðmundsson, Braga Salómonsson, Jón Jóhannsson, Hörð Ólason, Magnús Jónasson, Sigurð Jónsson, Guðjón Magnússon og Þorgrím Guðnason.

Er ákærði Guðmundur Guðmundsson ákærður til refsingar samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 27. gr. og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júní 1910 að Önundarholti í Villingaholtshreppi í Árnessýslu, og hefur hvorki sætt kæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 14. apríl 1951, kærði Þorsteinn Löve eftirlitsmaður fyrir hönd meistarafélags og sveinafélags bólstrara í Reykjavík það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Guðmundur Guðmundsson, hefði þá Víglund Gíslason og Ásgeir Jónsson til að bólstra húsgögn, án þess að þeir hefðu réttindi í bólstraraiðn. Með öðru bréfi, dagsettu samdægurs, kærir Þorsteinn Löve það og til sakadómarans í Reykjavík fyrir hönd húsgagnameistarafélags og sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, að ákærði láti þá Björn Ólafsson og Júlíus Guðmundsson, Braga Salómonsson, Jón Jóhannesson, Hörð Ólason, Magnús Jónasson, Sigurð Jónsson, Gunnar Magnússon, Guðjón Magnússon og Þorgrím Guðnason vinna á verkstæði sínu að Laugaveg 166 við að smíða húsgögn, án þess að þeir hafi húsgagnasmiðaréttindi.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson viðurkenndi fyrir dómi, að framangreindar kærur væru efnislega réttar, nema að Gunnar Magnússon væri húsgagnasmíðanemi. Ákærði skýrði frá því, að árið 1944 hefði hann fengið leyfi atvinnumálaráðuneytisins til að reka húsgagnasmíðaverkstæði með 2 ófaglærðum mönnum, en ákærði vildi halda því fram, að nú væri svo komið, að leyfi þetta skipti ekki máli, þar sem um hreinan verksmiðjurekstur væri að ræða á húsgagnaverkstæði sínu. Ákærði kvað um 36 menn vera í þjónustu sinni, þar af væru rúmir 20 með iðnréttindi, bæði sveinar og meistarar í húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun. Ákærði kvaðst

þá ekki hafa iðjuleyfi, en hann væri í „Félagi íslenzkra iðnrekenda". Þá skoðun sína, að starfsemi sín væri iðja (verksmiðjurekstur), vildi ákærði byggja á því, að hann framleiddi húsgögn í fjöldaframleiðslu á „lager", en ekki samkvæmt pöntun. Var nú álits Iðnráðs leitað varðandi mál þetta. Með bréfi, dagsettu 1. júní 1951, komst Iðnráðsstjórnin að þessari niðurstöðu, er hún hafði athugað málið ásamt fulltrúum meistara og sveina í framangreindum iðngreinum:

„Þar sem ekki hefur verið um það deilt, að húsgagnasmíði og húsgagnabólstrun hafa verið lögverndaðar sem og fjöldamargar iðngreinar um margra ára bil, ber að líta svo á, að starfræksla sú, sem fram fer í fyrirtæki kærða, falli tvímælalaust undir þessar iðngreinar. Þá hefur það einnig komið í ljós, að ekkert samkomulag er um vinnu ófaglærðra manna milli kærða annars vegar og iðnfélaganna hins vegar, sem lögum samkvæmt geti réttlætt vinnu þessara manna í fyrirtækinu.

Með hliðsjón af framangreindu telur Iðnráðsstjórn kæruna á fullum rökum byggða".

Hinn 7. maí 1951 hafði lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. Trésmiðjunnar Víðis iðjuleyfi til framleiðslu á húsgögnum og bólstruðum húsgögnum. Var leyfisveitingin byggð á því, að Trésmiðjan Víðir h.f. fullnægði þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum nr. 18 31. maí 1927, til að reka slíka iðju.

Eftir að ákærða hafði verið kynnt framangreint bréf Iðnráðs, skýrði hann nánar frá starfsemi sinni. Kvað hann mikla verkaskiptingu vera í trésmiðju sinni samfara mikilli vélanotkun. Eingöngu væru framleidd húsgög í stórum „partíum" og á „lager". Ákveðnir menn bútuðu efnið niður og aðrir tækju svo við því og límdu það saman. Þá færi það í vélasal og gengi á milli margra manna. Ákveðnir menn væru þar við sagir, fræsara og hefla. Úr vélasalnum færi efnið svo til bekkmanna og væri þar um mikla verkaskiptingu að ræða. Sumir mennirnir þar fengjust einungis við stólasmíði, aðrir við vissar tegundir borða, þá væru enn aðrir, sem smíðuðu það, sem á að fara undir málningu, og enn aðrir það, sem á að fara undir póleringu. Frá bekkmönnunum fara hlutirnir í lakksprautingu. Við hana fengjust 2 menn, báðir ófaglærðir og gerðu ekki annað. Maður sá, sem pólerði húsgögnin, gerði ekki annað. Þá væru sérstakir menn, sem gengju frá hlutunum síðast, t. d. settu hurðir á hjarir, tippi á skúffur og gengju frá skrám. Ákveðnir menn væru svo við að búa um húsgögnin og aka þeim á brott. Ákærði hélt því fram, að fjöldaframleiðslan hjá sér lækkaði verð á húsgögnum um þriðjung og allt að helmingi, miðað við aðra húsgagnaframleiðendur hér í bæ. Að lokum kvað ákærði vera um hliðstæða verkaskiptingu hjá sér að ræða í húsgagnabólstruninni og húsgagnasmíðinni.

Þorsteinn Löve mætti sem vitni í máli þessu og var kynntur framburður ákærða. Kvaðst vitnið hafa orðið vart við nokkra verkaskiptingu í trésmiðju ákærða, en vildi draga í efa, að hún væri svo mikil sem ákærði vildi vera láta. Vitninu sagði svo hugur um, að það væri ekki eins algengt og ákærði vill vera láta, að hlutirnir gengju milli margra manna, heldur væri það svo, að hver maður ynni að mjög miklu leyti að því að fullsmíða

hlutina. Vitnið benti á það, að pólering sé eitt vandasamasta starfið við fínsmíðuð húsgögn. Við póleringu verði ekki komið við neinni vélanotkun. Er vitnið kom í trésmiðju ákærða, var ófaglærður maður þar að pólera húsgögn.

Eftir að ákæra dómsmálaráðherra barst til dómsins, fól dómarinn þeim Helga Hallgrímssyni og Hjalta Geir Kristjánssyni húsgagnaarkitektum að framkvæma skoðun á Trésmiðjunni Viði h.f.

Leiddi skoðun þeirra þetta í ljós:

1. Ákærði framleiðir í trésmiðju sinni alls konar húsgögn, svo sem stóla, borð, ýmsar gerðir skápa, bólstruð húsgögn af ýmsum tegundum, svefnherbergis- og borðstofusamstæður og skrifborð. Húsgögn þessi eru ýmist búin til úr furu undir málningu, harðviði (birki, brenni, eik) og ýmis konar tegundum krossviðs, sem bæði bónast og pólerast.
2. Vélakostur trésmiðjunnar er þessi: 1 tappavél, 2 hulsuborar, 1 smergelslípivél, 1 afréttari, 1 sambyggð vél (universal), 2 hjólsagir, 1 rennibekkur, 2 bandslípivélar, 2 fræsarar, 1 bandsög, 1 þykktarhefill með viðbyggðum afréttara. Auk þess eru eftirtalin rafknúin handverkfæri: 4 borvélar, 1 lakkslípivél og 1 lakksprauta.
3. Starfsdeildir vinnustofunnar eru þessar og starfssvið þeirra er sem hér segir:

a. *Vélasalur.*

Í öðrum enda vélasals er timburgeymsla og fer þar fram niðursögun efnis. Við hana vinnur Kristján Jósepsson, sem einnig vinnur við aðrar vélar og límingar. Er efnið hefur verið sagað niður, er það flutt að afréttara og þykktarhefli. Hefur ekki komið fram, að neinn ákveðinn maður vinni við þær vélar. Ef saga á efnið meira niður en bútsög getur afkastað, þá fer það fram í bandsög. Við hana vinnur Guðmundur Ísleifsson húsasmiður, sem einnig vinnur við aðrar vélar. Úr niðursögun og heflun fer efnið í límingu. Hana annast Guðjón Jónsson og Ingimar Jörundsson verkamenn. Auk þess annast Ingimundur niðurskurð á krossviði samfara öðrum störfum. Að límingu lokinni er efnið sagað í réttar stærðir og undirbúið fyrir fræsara og aðrar vélar. Við þetta starf vinnur aðallega Bragi Salómonsson verkamaður. Við fræsingu vinnur Sveinn Helgi Sigurðsson húsgagnasmiður. Að fræsingu lokinni fara hlutirnir í slípivél. Við hana vinnur Ingimundur Jörundsson verkamaður ásamt fleirum.

b. *Samsetning húsgagna og önnur bekkvinna.*

Að slípun lokinni fara hlutirnir áfram til bekkvinnumanna. Samkvæmt upplýsingum, sem skoðunarmenn fengu, er verkaskiptingin hjá þeim þessi:

Að skrifborðum og svefnherbergishúsgögnum vinna aðallega Sveinn Guðmundsson húsgagnasmiður, Haukur Pálsson húsgagnasmiður og Gunnar Einarsson húsgagnasmíðanemi. Við borðstofuhúsgögn (skápa og borð) vinna mestmegnis Bjarni Einarsson húsgagnasmiður og Valdimar Jónasson húsgagnasmiður, en þeir eru þó við ýmis konar aðra bekkvinnu.

Við stólasamsetningu og slípun vinnur Jón Jóhannsson verkamaður ásamt Jóhanni Stefánssyni húsgagnasmíðanema á þriðja námsári. Við samsetningu og frágang máladra húsgagna vinnur Magnús Jónasson verkamaður. Við vandaðri armstólagrindur vinnur Héðinn Friðriksson húsgagnasmiður, bæði vélavinnu og frágang við bekk. Við ýmis konar tegundir borða vinnur Hörður Ólason verkamaður. Guðmundur Þorgrímsson húsasmiður vinnur við samsetningu ýmis konar húsgagna (skápa o. fl.), sem eiga að málast, en hann vinnur einnig við vélar (þykktarhefil). Júlíus Guðmundsson verkamaður vinnur að miklu leyti við slípun armstóla. Úr vélasal fara vandaðri stóla- og sófagrindur til Max Jeppesen húsgagnasmíðameistara, Vigfúsar Helgasonar húsgagnasmiðs og einnig til Gunnars Magnússonar húsgagnasmíðanema á öðru námsári, sem setja þær saman og slípa fyrir bæsingu og lakksprautun.

c. *Pólering, bóning og lakksprautun.*

Þeir hlutir, sem eiga að pólerast, fara að lokinni bekkvinnu í lakk- og póleringarherbergi. Þar vinna Guðjón Magnússon verkamaður, Eiríkur Jensen verkamaður og Sigurður Jónsson verkamaður.

d. *Bólstrun.*

Við bólstrun á legubekkjum (með fjöðrum) og dýnum vinna hjá ákærða Baldur Sigurðsson verkamaður og Guðmundur Árnason verkamaður. Að bólstrun armstóla og stólasetna vinna aðallega Víglundur Gíslason og Ásgeir Jónsson, báðir verkamenn. Við bólstrun á vandaðri húsgagnasamstæðum vinnur Gunnar Mekkinósson húsgagnabólstrari.

Skoðunarmenn kváðu það hafa komið í ljós við athugun sína, að núverandi verk og verkaskipting hjá ákærða í Trésmiðjunni Víði h.f. sé í stórum dráttum mjög svipuð og almennt á sér stað hjá stærri húsgagnavinnustofum hér í bæ. Þetta skapaðist vegna þess, að meðal húsgagnasmiða séu nú almennt sérstakir menn við vélar, og undirbúa þeir verkið fyrir þá, er vinna við samsetningar og aðra bekkvinnu, þannig að verkaskipting hefur átt sér stað undanfarin ár og er í stöðugri þróun. Hefur komið til greina, að húsgagnasmíðanámi verði skipt í vélavinnu annars vegar og bekkvinnu hins vegar.

Við framhaldsrannsókn í málinu voru allir þeir ófaglærðu menn, sem í ákæruskjali greinir og til náðist, yfirheyrðir varðandi störf sín.

Víglundur Gíslason hefur starfað hjá ákærða s.l. 4 ár. Hann hefur aðallega fengist við að „stoppa" borðstofustóla og bólstra armstóla.

Ásgeir Jónsson hefur starfað hjá ákærða síðan 1946. Hann hefur unnið að því að „stoppa" borðstofustóla lengst af. Á síðari árum hefur hann fengizt við að bólstra armstóla og dýnur fyrir ákærða.

Til Björns Magnússonar náðist ekki. Hann er hættur störfum hjá ákærða nú.

Nokkrir manna þeirra, er yfirheyrðir voru, kváðu hann hafa unnið að ýmsu hjá ákærða, m. a. verið handlangari, unnið að niðurbútun á efni, negit saman grindur með kassajárni, unnið að límingum o. fl.

Júlíus Guðmundsson hefur unnið hjá ákærða í 3 ár. Hafa störf hans verið í því fólgin að slípa húsgögn, að mestu í höndum, og setja saman grindur í bólstruð húsgögn.

Gunnar Bragi Salómonsson hefur starfað hjá ákærða í um fimm og hálft ár. Hann hefur aðallega unnið við hjólsög. Mælir hann efni það, er hann sagar niður, og annast hjólsögina að öllu leyti.

Jón Jóhannsson hefur starfað hjá ákærða s.l. 3 ár. Hefur hann næstum eingöngu fengizt við það að setja saman borðstofustóla. Við slípingu hefur hann hins vegar lítið fengizt, þar sem hann kvað það að mestu leyti gert í vélum. Stólar þeir, sem Jón setur saman, eru af alls konar gerðum. Eru þeir að samsetningu lokinni ýmist málaðir eða sprautaðir. Ekki eru neinar vélar notaðar við samsetningu stólanna, en allir hlutirnir í þá eru unnir í vélum.

Hörður Ólason var veikur, er dómprófin fóru fram, og hafði verið það um tíma. Jón Jóhannsson kvað störf hans hjá ákærða vera fólgin í því að setja saman ýmis konar borðstofuborð, en búið er að ganga frá hinum einstöku hlutum áður í vélum. Hann límir hina einstöku hluti saman og „pússar" þá lítillega.

Magnús Jónasson (Jónsson í ákæruskjali) hefur starfað hjá ákærða síðan 1938. Hann hefur fengizt við það að setja saman máluð húsgögn svo sem skápa, kolla, sængurfatakassa og kommóður. Magnús hefur hins vegar yfirleitt ekki fengizt við „pússningu". Búið er að ganga frá hlutum þeim, sem hann setur saman. Samsetningin er í því fólgin að negla og líma hlutina saman og setja á skrár og lamir.

Sigurður Ingvar Jónsson hefur unnið hjá ákærða á 4. ár. Hann fæst eingöngu við póleringu húsgagna.

Guðjón Magnússon hefur unnið hjá ákærða s.l. 6 ár. Störf hans hafa verið í því fólgin að sprauta húsgögnin lakki með rafknúinni sprautu, bæsa þau með pensli og bóna.

Þorgrímur Guðnason vann hjá ákærða í 3 ár, en hætti störfum í september s.l. Vann hann eingöngu við lakksprautingu.

Framburðir framangreindra manna voru lesnir fyrir ákærða, og hreyfði hann engum athugasemdum við þeim.

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða í máli þessu, að starfsemi hans væri iðja og því engin lagaleg skylda fyrir hann að hafa faglærða menn við störf. Hefur ákærði viljað byggja þetta á því, að vélanotkun væri mikil hjá sér og verkaskipting það mikil, að hver starfsmaður ynni aðeins lítinn hluta af starfinu við smíði hvers húsgagns. Þá kvað ákærði vera að ræða um fjöldaframleiðslu hjá sér á „lager". Ákærði lagði fram iðjuleyfi frá lögreglustjóra til starfsemi sinnar. Á þessa skoðun ákærða verður ekki fallizt. Við mat á því, hvað teljist iðja og hvað iðnaður, verður að fara eftir því, hversu vandasöm hin einstöku störf eru, þ. e. hvaða þekkingu, reynslu, hugarstarfsemi, æfingu og ábyrgð starfið útheimtir og hvaða vélanotkun eigi sér stað við framkvæmd þeirra.

Við skoðun á trésmiðju ákærða kom í ljós, að við bólstrun fást að mestu leyti ófaglærðir menn. Ekki er um neina verkaskiptingu þar að ræða, að

því er komizt varð næst, heldur lýkur hver maður við þann hlut, sem hann hefur byrjað á. Þá þykja sum þau störf í húsgagnasmíði, sem ákærði lætur ófaglærða menn vinna, vera það vandasöm og margbrotin, að þau verði ekki af hendi leyst nema með námi og langri æfingu.

Þegar þess er gætt, að bólstrun þeirra Víglundar Gíslasonar og Ásgeirs Jónssonar er bein handavinna, að engum vélum verður komið þar við og framangreindir menn ljúka að öllu leyti við hvern hlut, án þess að um verkaskiptingu sé að ræða, þá þykir þessi starfsemi vera iðnaður og ákærði hafa gerzt brotlegur gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að fela þeim starfann.

Störf þeirra Björns Magnússonar, Magnúsar Jónassonar, en hann setur saman einföld og óbrotin máluð húsgögn í framhaldi af vélavinnu, Gunnars Braga Salómonssonar og Þorgríms Guðnasonar hjá ákærða eru þess eðlis samkvæmt framansögðu, að ákærði þykir ekki hafa brotið gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að láta þá annazt þau. Ber því að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

Störf Júlíusar Guðmundssonar, Jóns Jóhannssonar og Harðar Ólasonar hjá ákærða, en menn þessir fást við samsetningu vandaðra og margbrotinna húsgagna og slípun þeirra svo og starfsemi Sigurðar Ingvars Jónssonar og Guðjóns Magnússonar, að því leyti sem sá síðarnefndi fæst við bæsingu og bóningu, eru þess eðlis, að ákærði þykir hafa brotið gegn lagaákvæðum þeim, er í ákæruskjali greinir, með því að láta þá annast þau.

Með hliðsjón af því, að þeir ófaglærðu menn, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa látið starfa hjá sér, hafa gert það um árabil og leyst starfann á viðunandi hátt, að því er séð verður, þá þykir samkvæmt refsifyrirmælum laga nr. 18/1927, er í ákæruskjali greinir, refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Páls S. Pálssonar hdl. kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 93/1953. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Aðalsteini Óskari Þórarinssyni og
Hjalta Þórarinssyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á lögum um iðju og iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði Aðalsteinn Óskar er stjórnarformaður Trésmiðjunnar Heiðmerkur h/f. Ákærði Hjalti kveður sig vera hluthafa í félaginu, en ekki verður séð af gögnum málsins, að hann beri á nokkurn hátt ábyrgð samkvæmt iðnlöggjöfinni á ráðningu starfsmanna félagsins. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, fer húsgagnagerð í fyrrnefndri trésmiðju fram með þeim hætti, að unnið er samtímis að smíði fjölda húsgagna af sömu tegund. Smíðin er að mestu leyti framkvæmd með vélavinnu, sem hefur verkaskiptingu í för með sér. Húsgögnin eru einföld að gerð, og er ekkert fram komið, er hrindi því áliti héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að þeir þættir smíðarinnar, þar sem vélanotkun verður ekki við komið, séu svo einhæfir og óbrotnir, að ekki sé þörf sérnáms samkvæmt II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. lög nr. 105/1936, til að inna þá af hendi. Má samkvæmt þessu fallast á það með héraðsdómi, að framleiðsluhættir trésmiðjunnar í heild falli undir ákvæði um iðju í I. kafla laga nr. 18/1927. Ber því einnig að sýkna ákærða Aðalstein Óskar af kröfum ákæruvaldsins og staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 3. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni og Sveini Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1034 og 1035/1952: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Óskari Þórarinssyni og Hjalta Þórarinssyni, sem dómtekið var 17. marz s.l.

Með ákæruskjali, dagsettu 20. desember 1951, eru þeir Aðalsteinn Óskar Þórarinsson húsasmíðameistari, Mávahlíð 14, og Hjalti Þórarinsson, Heiðmörk við Sogaveg, ákærðir fyrir brot gegn iðnlöggjöfinni samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 14. gr., sbr. 13. gr., sbr. lög nr. 105 1936, 1. og 2. gr., sbr. reglugerð um iðnaðarnám nr. 38 1941, 1. gr. og 13. gr., sbr. reglugerð nr. 100 1942. Þykja ákærðu hafa brotið nefnd lagaákvæði, *með því* að ákærði Hjalti og Ágúst Björnsson, sem hvorugur hefur iðnréttindi húsgagnasmíða, hafa undanfarið unnið í fyrirtæki ákærðu „Trésmiðjunni Heiðmörk" við Sogaveg við húsgagnasmíði.

Eru ákærðu Aðalsteinn Óskar Þórarinsson og Hjalti Þórarinsson ákærðir til refsingar samkvæmt lögum um iðju og iðnað nr. 18 1927, 27. gr. og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson er fæddur 10. október 1915 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1945 25/7 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn iðnlögunum.
1948 16/6 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1951 14/4 Reykjavík. Kærður fyrir brot á iðnlögum. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 3/9 1951.

Ákærði Hjalti Þórarinsson er fæddur 10. október 1915 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1928 18/6 Sætti áminningu fyrir grjótkast á hesta og fleiri óknytti.
1942 29/10 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1945 29/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 14. apríl 1951, kærði Þorsteinn Löve eftirlitsmaður það til sakadómarans í Reykjavík, að annar ákærðu í máli þessu, Aðal-

steinn Óskar Þórarinsson, léti nokkra menn, sem ekki hefðu iðnréttindi í húsgagnasmíði, smíða húsgögn á verkstæði sínu „Heiðmörk" h.f. Ákærði viðurkenndi fyrir dómi, að þetta væri rétt.

Umsagnar Iðnráðs var leitað varðandi mál þetta. Komst það að þeirri niðurstöðu í bréfi, dagsettu 21/6 1951, að „Þórarinn", sem mun eiga að vera ákærði, Aðalsteinn Óskar Þórarinsson húsasmíðameistari, hefði smíðað húsgögn, án þess að hafa til þess lögákveðin réttindi. Jafnframt benti Iðnráð á það, að húsasmiðir og húsgagnasmiðir hefðu að undanförnu unnið meira og minna hverjir í annarra iðn. Mál þetta var síðan sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar. Með bréfi, dagsettu 3. september 1951, tók ráðuneytið fram, að það fyrirskipaði eftir atvikum ekki frekari aðgerðir í málinu að svo stöddu.

Með bréfi, dagsettu 17. september 1951, kærði svo Þorsteinn Löve f.h. Húsgagnasmíðafélaganna í Reykjavík enn yfir því, að ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson léti þá Hjalta Þórarinsson, sem einnig væri meðeigandi, og Ágúst Björnsson smíða húsgögn á verkstæði sínu „Heiðmörk" við Sogaveg, án þess að þeir hefðu réttindi til húsgagnasmíða. Var þess getið í kærunni, að ákærði Aðalsteinn Óskar hefði hvorki fyrr né síðar sótt um leyfi Félags húsgagnasmiða í Reykjavík til að hafa ófaglærða menn við húsgagnasmíði.

Ákærði Aðalsteinn Óskar Þórarinsson hefur skýrt frá því, að hann hafi rekið Trésmiðjuna „Heiðmörk" síðan árið 1942. Hefur ákærði aðallega fengizt við húsgagnasmíði. Ákærði hefur meistararéttindi í húsasmíði, en eigi í húsgagnasmíði. Við fyrirtæki ákærða hafa starfað menn, sem hafa ekki réttindi í húsgagnasmíði. Ákærði kveðst strax í upphafi hafa reynt að fá menn með réttindum í húsgagnasmíði, en það engan árangur borið. Næstu árin reyndi hann öðru hvoru, en án árangurs. Í apríl s.l. kvaðst hann hafa fært þetta í tal við Þorstein Löve, en það engan árangur borið heldur. Ákærði kvaðst hafa látið þá Hjalta Þórarinsson og Ágúst Björnsson hætta störfum, er álit Iðnráðs var komið um kæruna á hendur honum s.l., sumar, en menn þessir höfðu unnið hjá ákærða að húsgagnasmíði. Er ákærði fékk bréf sakadómara s.l. haust um það, að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði ekki eftir atvikum frekari aðgerðir í málinu að svo stöddu, þá lét ákærði þá ákærðu Hjalta og Ágúst hefja störf af nýju við húsgagnaframleiðsluna, án þess að hafa sótt um leyfi Félags húsgagnasmiða til þess. Ákærði kveðst framleiða húsgögn í fjöldaframleiðslu undir málningu. Húsgögnin eru að mestu leyti framleidd í vélum. Þeir ákærði Hjalti og Ágúst hafa unnið að framleiðslunni hjá ákærða og m. a. fengizt við að setja saman húsgögnin og búa þau undir málningu. Húsgögnin hefur ákærði síðan selt í verzlanir.

Ákærði Hjalti Þórarinsson, bróðir ákærða Aðalsteins Óskars, kveðst vera hluthafi í fyrirtækinu „Heiðmörk". Hann kvað ákærða Aðalstein Óskar, sem er fyrirsvarsmaður og prókúruhafi fyrirtækisins, hafa ráðið sig til að starfa hjá fyrirtækinu. Ákærði hefur ekki réttindi til húsgagnasmíða. Að tilhlutan dómsins voru þeir Helgi Hallgrímsson og Hjalti Geir Kristjánsson húsgagnaarkitektar fengnir til að skoða Trésmiðjuna „Heiðmörk"

h.f. Leiddi skoðun þeirra í ljós, að trésmiðjan framleiðir húsgögn úr furu og krossviði, úr birki og fleiri viðartegundum. Húsgögnin eru að mestu leyti framleidd með vélum í fjöldaframleiðslu. Bekkvinna er eingöngu í því fólgin að setja á húsgögnin skrár og lamir og annað hliðstætt. Húsgögnin munu „slípuð" í vélum, en handslípun á sér einnig stað, þar sem vélum verður ekki við komið. Húsgögnin eru sett saman hjá ákærðu, sem fyrr greinir. Húsgagnaframleiðslan er eingöngu miðuð við máluð húsgögn, en málning þeirra fer ekki fram hjá ákærðu. Húsgögn þau, er framleidd eru í Trésmiðjunni „Heiðmörk," eru þessi: Klæðaskápar, kommóðuur, sængurfatakassar, dagstofuskápar, baklausir stólar, ýmis konar borð, tauskápar, bókahillur og bókaskápar. Húsgögnin eru seld að mestu leyti í umboðssölu.

Þegar virt eru þau atvik í máli þessu, *að* húsgagnaframleiðslan í Trésmiðjunni „Heiðmörk" h.f. fer að mestu leyti fram í vélum, *að* húsgögnin, sem eru einföld að gerð, eru framleidd í fjöldaframleiðslu fyrir frjálsan markað, *að* framleiðslunni virðist þannig háttað, að hver maður geti unnið hluta af starfinu, án þess að kunna skil á öðrum hlutum þess, þá þykir starfsemi ákærðu, eins og henni er nú háttað, vera iðja, þótt ákærðu hafi ekki fengið iðjuleyfi, og ekki brjóta í bága við lagaákvæði þau, sem þeir eru ákærðir fyrir brot á. Ber því að sýkna þá af ákærunni. Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Aðalsteinn Óskar Þórarinsson og Hjalti Þórarinsson, eiga að vera sýknir af ákærunni í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Páls S. Pálssonar hdl., kr. 500.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 20/1952. **Ákæruvaldið** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Herði Jóhannesi Valdimarssyni
(Lárus Jóhannesson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skýrsla ákærða um, að hann hafi ætlað umrætt áfengi til eigin neyzlu, þykir ótrúleg, eins og háttað er högum hans, sem

lýst er í héraðsdómi. Hefur hann því eigi fært rök að því, að áfengið hafi eigi verið ætlað til sölu, og ber að refsa honum samkvæmt lagaboðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali. Ákveðst refsing ákærða 1275 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, sem tekið var af ákærða, skal gera upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannes Valdimarsson, greiði 1275 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi er upptækt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun verjanda í héraði, Steins Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. des. 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 20. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4399/1951: Ákæruvaldið gegn Herði Jóhannesi Valdimarssyni, sem dómtekið var 18. desember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra gegn Herði Jóhannesi Valdimarssyni verkamanni, til heimilis á Laugateig 19 hér í bæ, fyrir brot gegn 16. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 47 frá 1951, með því að hafa meðferðis í bifreiðinni G 492, sem hann var farþegi í kvöldið 28. apríl s.l., 4 hálfflöskur og 1 heilflösku af brennivíni, án þess að geta sannað með sterkum líkum, að áfengi þetta væri ekki ætlað til sölu.

Ákærði er samkvæmt 36. gr. áfengislaga, sbr. 2. gr. laga nr. 47 frá 1951, sóttur til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og til upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951.

Ákærði er fæddur 28. október 1923 í Reykjavík. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1938 18/2 Kærður fyrir svik. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1939 2/11 Kærður fyrir hnupl á dynamó. Látið falla niður, með því að hér var um lítið verðmæti að ræða og málssóknar ekki krafizt.
1941 30/3 Kærður fyrir meinta árás. Fellt niður gegn loforði kærða um 25 kr. skaðabótagreiðslu.
1941 29/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 1/12 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 1. gr. laga nr. 13 1941. 1 whisky-peli upptækur.
1942 7/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 20/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og að segja rangt til nafns síns.
1943 19/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 4/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 5/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 10/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 4/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 6/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 11/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 8/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 30/11 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1949 16/12 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 23/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1951 27/8 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Síðla laugardagskvöldið 28. apríl s.l. veittu lögreglumennirnir Skarphéðinn Loftsson og Magnús Guðmundsson athygli fólksbifreiðinni G 492, er lónaði fram og aftur í Tryggvagötu. Bifreiðinni ók maður, sem lögreglumönnunum var kunnugt um, að hafði hlotið refsingu fyrir ólöglega vínsölu. Hjá honum í framsæti var ákærði. Lögreglumönnunum fannst háttalag bílstjórans grunsamlegt, sérstaklega þegar þess var gætt, að Skarphéðinn hafði tekið eftir þessari sömu bifreið og sama bílstjóra nokkrum kvöldum áður, og hagði bílstjórinn sér þá á sama hátt með bifreið sína. Þegar bíllinn stöðvaði í Tryggvagötu hjá pylsuvagninum, gengu lögreglumennirnir að bílnum í því skyni að gera leit að víni í bílnum. Þeir settust því upp í bílinn og sögðu bílstjóranum að aka á lögreglustöðina. Er bílstjórinn var að aka af stað, tóku lögreglumennirnir eftir því, að bílstjórinn laumaði hálfflösku af áfengi til ákærða. Lögreglumennirnir tóku flösku þessa. Ákærði opnaði geymsluhólfið í mælaborði bifreiðarinnar, tók þar eina hálfflösku af áfengi og stakk á sig. Lögreglan tók einnig þessa flösku.

Við leit í bílnum fundust auk framangreindra tveggja hálfflaskna 1 heilflaska og 2 hálfflöskur. Flöskur þessar munu allar hafa verið fullar

nema ein hálfflaskan, er eitthvað lítils háttar borð var á. Ákærði og bílstjórinn sögðu strax, að ákærði ætti allt vínið og héldu þeir staðfastlega við það undir rannsókn málsins. Ákærði var undir áhrifum áfengis. Hann segist þennan dag fyrir hádegi hafa keypt 3 flöskur af brennivíni í Áfengisverzlun ríkisins fyrir örorkulífeyri, sem hann nýtur. Hann hellti innihaldi tveggja flasknanna á 4 hálfflöskur. Hann drakk með öðrum manni upp úr einni flösku af áfengi um daginn. Síðan náði hann í allar vínflöskur sínar, hélt niður í bæ um kvöldið og hugðist fara á dansleik, en ekkert varð úr því. Hann hitti bílstjórann á G 492, er staddur var með bifreiðina við benzínafgreiðslu Esso í Hafnarstræti. Ákærði bað bílstjórann að aka sér, en þeir eru góðir kunningjar, en bifreiðin G 492 er einkabifreið, en ekki leigubifreið, enda ekki í leiguakstri umrætt kvöld. Bifreiðarstjórinn varð við þessari beiðni ákærða. Síðan óku þeir fram og aftur um Tryggvagötu, niður að höfninni og víðar um miðbæinn. Ákærði lét vínið, sem hann hafði meðferðis, í geymsluhólf mælaborðs bifreiðarinnar, nema eina hálfflösku, sem ákærði var rétt aðeins byrjaður að dreypa á, er lögreglan kom til skjalanna. Ákærði mun hafa dvalið í bílnum um 2 klst. á að gizka.

Er lögreglan kom, hafði ákærði farið að kaupa pylsur og skilið hálfflöskuna eftir í sætinu hjá bílstjóranum. Bílstjórinn ýtti flösku þessari yfir til ákærða, en lögreglumennirnir tóku flöskuna.

Ákærði er öryrki og nýtur örorkulífeyris og fékk á þeim tíma, sem hér um ræðir, kr. 410.00 á mánuði. Lífeyri sinn fyrir aprílmánuð tók hann út 16. apríl. Hann býr hjá foreldrum sínum.

Ákærði hefur harðneitað því, að hann hafi ætlað umrætt vín til sölu, heldur eingöngu til neyzlu handa sér og kunningjum sínum, ef svo byði við að horfa. Þá hefur ákærði, eins og fyrr er greint frá, haldið fastlega við það, að hann ætti vínið.

Nú er það svo, að allt lón þeirra félaga, bifreiðarstjórans og ákærða í bifreiðinni G 492 vakti eðlilega grunsemdir hjá lögreglumönnunum um að akstur þeirra félaga í G 492 væri ekki eins sakleysislegur og í fljótu bragði gæti virzt, sérstaklega þegar þess er gætt, að lögreglumennirnir þekktu bifreiðarstjórann að leynivínsölu. Ennfremur sýnist það fremur ótrúlegt, að jafntekjulítill maður og ákærði hafi haft peningaráð til að kaupa 3 flöskur af brennivíni tæpum hálfum mánuði eftir útborgun lífeyris, að mikill hluti vínsins er látinn á hálfflöskur eingöngu í því skyni, að það sé hægara til flutnings og að farþegi í bifreið geymi vín sitt í geymsluhólfi mælaborðs bifreiðarinnar.

En þegar þess er gætt, að eigi er annað upplýst í málinu en að ákærði eigi umrætt vín, hér er ekki um mikið vín að tefla, og sannað er, að ákærði var við skál og var að neyta víns, er lögreglan kom, og hann hefur staðfastlega haldið við það, að hann hafi ætlað þetta vín til áframhaldandi neyzlu, sem óneitanlega áfengisáhrif og áfengisneyzla ákærða bentu til, þykir varhugavert að telja annað en að ákærði hafi fært nægar sannanir að því, að hann hafi ekki ætlað áfengið til sölu. Ber því að

sýkna ákærða af ákærunni um brot á 16. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1951.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Jóhannes Valdimarsson, á að vera sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Steins Jónssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Mánudaginn 19. janúar 1953.

Nr. 28/1950. **Handíða- og myndlistaskólinn**
(Ragnar Jónsson)
gegn
Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted
(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar vinnusamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, hann sýknaður af kröfum stefnda, fjárnámsgerð, sem framkvæmd var 21. okt. 1949 til tryggingar dómkröfunum, verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem eigi sótti þing í málinu í héraði, hefur fengið nóvaleyfi, dagsett 1. nóv. 1949.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 7. maí 1948 birti áfrýjandi auglýsingu í dagblaði hér í bænum þess efnis, að „hirðusamur hagleiksmaður" gæti fengið þar „starf sem húsvörður". Meðal umsækjanda var stefndi í máli þessu, sem þá um alllangt skeið virðist hafa haft fasta vinnu hjá byggingarfélagi einu hér í bæ, en stefndi var farinn að reskjast og óskaði því eftir hægari störfum innan húss. Skólastjóri áfrýjanda kvaddi síðan stefnda á sinn fund, átti tal við hann um fyrri atvinnu hans og aflaði sér vitneskju hjá verkstjóra fyrrnefnds byggingarfélags um störf stefnda þar. Réð skólastjórinn því næst stefnda til starfans, en ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur. Aðiljar eru hins vegar sammála um, að ráðningarkjörin hafi verið þessi: Stefndi skyldi annast ræstingu á húsnæði skólans, sem er á tveim stöðum í bænum. Hann skyldi hafa almennt eftirlit með því, að vel og þrifalega væri gengið um húsakynni skólans. Hann skyldi annast önnur minni háttar störf, svo sem útvegun á ýmsu í þágu skólans svo og lagfæra það, er aflaga færi og aðgerðar þyrfti, t. d. láta rúður í glugga o. s. frv. Umsamið kaup fyrir starfið var kr. 1700.00 á mánuði. Ráðningartíminn var eitt ár, og hóf stefndi störf sín hjá áfrýjanda þann 18. maí 1948.

Stefndi vann síðan hjá áfrýjanda til júníloka 1948, er hann hætti störfum. Heldur stefndi því fram, að skólastjóri áfrýjanda hafi þann 29. júní sagt sér fyrirvaralaust upp starfinu, og þar sem slík uppsögn hafi verið ólögleg, beri áfrýjanda að greiða bætur fyrir þessa riftun samningsins. Telur stefndi bæturnar hæfilega ákveðnar fjárhæð, er samsvarar eins mánaðar kaupi, eða kr. 1700.00.

Skólastjóri áfrýjanda skýrir svo frá, og er það stutt af vætti vitnis, að stefndi hafi rækt vel aðalstarf sitt hjá áfrýjanda, ræstingu og daglega umhirðu. Hins vegar hafi brátt komið í ljós, að stefnda hafi verið mjög ósýnt um öll störf, þar sem reyndi á verkhyggni og verklag. Þannig hafi vinnubrögð hans verið með öllu ótæk, er honum var falið að gera mót fyrir dyraþrepi, að mála veggi í skólanum og smíða þar skáp og hillur. Kveðst skólastjórinn hafa kvartað undan þessum framkvæmdum við stefnda og sagt honum, að raunverulega treysti hann stefnda ekki til að vinna störf fyrir skólann

sumarið 1948 án eftirlits, en skólastjórinn var á förum til útlanda í júnílok. Kveðst skólastjórinn þó hafa dregið það við sig að segja stefnda upp starfinu, þótt hann teldi sig hafa til þess ærnar ástæður, enda hafi hann búizt við því, að stefndi mundi leggja niður störf án uppsagnar af hálfu áfrýjanda. Svo hafi og farið, að stefndi hafi einn síðasta dag júnímánaðar spurt sig, „hvort eigi væri þá bezt, að hann hætti vinnu hjá skólanum um næstkomandi mánaðamót." Kveðst skólastjórinn hafa játað því svo og skömmu síðar, er stefndi hafi viðhaft þau ummæli, „að bezt væri, að hann gengi úr þjónustu skólans þá í mánaðarlokin." Eiginkona skólastjórans kveðst hafa heyrt stefnda viðhafa hin fyrrtöldu ummæli, en ekki hafa að öðru leyti heyrt samtal eiginmanns síns og stefnda.

Málsaðilja greinir á um, hvort skólastjóri áfrýjanda hafi sagt stefnda upp starfinu eða stefndi hafi sjálfur samþykkt að hætta því. Vætti eiginkonu skólastjóra áfrýjanda veitir ekki sönnur fyrir því, að stefndi hafi samþykkt bótalausa brottför úr starfi. Hins vegar hefur formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar vottað, að skólastjóri áfrýjanda hafi ekki neitað því í viðtali, að hann hefði sagt stefnda upp starfinu. Þessu atriði vottorðsins hefur verið andmælt, og þykir það því ekki skera úr í þessu efni. En þegar litið er til þeirra atvika málsins, að hér var um störf að ræða, er stefndi sóttist eftir, og ekki er vitað, að hann hafi átt kost á öðru starfi, betra eða jafngóðu, svo og þess, að kvartanir af hálfu áfrýjanda beindust að framkvæmd sérstakrar handiðnaðarvinnu, en ekki hinu eiginlega húsvarðarstarfi, þykja ekki líkur fyrir því, að stefndi hafi fallizt á að hverfa bótalaust úr starfi.

Kemur þá til álita, hvort stefndi hafi á annan hátt fyrirgert rétti sínum til bóta vegna slita á samningi aðilja.

Áfrýjandi heldur því fram, að áðurgreind störf stefnda, uppsetning móta, málun og trésmíði, hafi verið svo illa af hendi leyst, að það réttlæti bótalausa riftun vinnusamningsins, enda hafi og beint verið tekið fram í auglýsingu um starfið, að einungis „hirðusamur hagleiksmaður" yrði ráðinn.

Skólastjóri áfrýjanda vissi frá upphafi, að stefndi var ekki iðnlærður maður. Þau störf stefnda, sem fundið hefur verið að, verða að teljast utan venjulegs verksviðs húsvarðar, enda

eigi ákvæði 1. gr. laga nr. 29/1940 ekki við húsvarðarstörf hjá áfrýjanda. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi ekki geta byggt sýknukröfu sína á gölluðum vinnubrögðum stefnda að þessu leyti, en viðurkennt er hinsvegar, að aðalstarf sitt innti stefndi vel af hendi. Þá þykir sýknukrafa áfrýjanda heldur ekki verða reist á atvikum þeim, sem til er vitnað í sakavottorði stefnda, er áfrýjandi hefur aflað, né því, að skriftarkunnátta stefnda hafi ekki verið fullnægjandi.

Úrslit málsins verða því þau, að bótakrafa stefnda verður tekin til greina ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir. Einnig ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð. Þá þykir og rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Áfrýjandi, Handíða- og myndlistaskólinn, greiði stefnda, Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted, kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Sturlaugur Lárusson Fjeldsted, Laugavegi 72 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttatilraun með stefnu útgefinni 31. f. m. gegn Handíða- og myndlistaskólanum, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá sáttkærudegi, 29. apríl s.l., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né látið sækja, þótt honum sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 385.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Handíða- og myndlistaskólinn, greiði stefnanda, Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted, kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl

1949 til greiðsludags og kr. 385.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 21. okt. 1949.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Árni Halldórsson cand. jur. vegna Áka Jakobssonar hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2 að upphæð kr. 1700.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1949 til greiðsludags, kr. 385.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri og kveðst ekki greiða skuldina, en vísar á til fjárnáms bókaskurðarvél, sem er í bókbandsvinnustofu skólans að Grundarstíg 2, hér í bænum.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri vél til tryggingar framangreindri skuld, auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti bryndi fyrir mættum, að óheimilt væri að ráðstafa hinu fjárnumda þannig, að í bág brjóti við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 20. janúar 1953.

Kærumálið nr. 1/1953.

Jóhann Jóhannesson

gegn

Brandi Brynjólfssyni og

Guðbjörgu Guðjónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vitnaskylda lögmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. desember f. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 13. desember f. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljanum Guðbjörgu Guðjónsdóttur, en með úrskurði þessum voru andmæli vitnisins Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns gegn því að svara tilteknum vitnaspurningum tekin til greina. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að framangreindu vitni verði dæmt skylt að svara hinum tilgreindu

spurningum. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Af gögnum máls þessa er ljóst, að varnaraðili, Brandur Brynjólfsson héraðsdómslögmaður, var umboðsmaður varnaraðiljans Guðbjargar Guðjónsdóttur, er leigumáli sá var gerður, sem framangreint bæjarþingsmál er risið af, og að hann hafði milligöngu um að koma honum á. Ef staðhæfing sóknaraðilja um efni leigumálans er rétt, var hann stórfellt brot á þeim ákvæðum laga nr. 39/1943, er takmarka fjárhæð húsaleigu, og refsiverður samkvæmt 17. gr. þeirra laga. Spurningar þær, sem lagðar voru fyrir vitnið Brand Brynjólfsson, voru til þess ætlaðar að afla sannana fyrir staðhæfingum sóknaraðilja um leigumálann. Þar sem þær lúta samkvæmt framanskráðu að því að sanna, að gerningur, sem vitnið var milligöngumaður að, hafi verið alvarlegt og refsivert brot á framangreindum lögum, sem hefði getað varðað vitnið ábyrgð, verður því ekki dæmt skylt að svara þeim, sbr. 2. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Þar sem varnaraðiljar hafa ekki krafizt kærumálskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. des. 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur Jóhann Jóhannesson bankamaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 29. jan. þ. á. gegn Guðbjörgu Guðjónsdóttur, Reynimel 46, hér í bænum, til greiðslu skuldar vegna ofgreiddrar húsaleigu að fjárhæð kr. 30.500.00 með 6% ársvöxtum af kr. 27.000.00 frá 1. jan. 1948 til 1. jan. 1951 og af kr. 30.500.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi þá, að í árslok 1947 hafi hann tekið á leigu

íbúð í húsi stefndu nr. 46 við Reynimel fyrir milligöngu Brands Brynjólfssonar héraðsdómslögmanns, hér í bænum. Kveðst stefnandi fyrst hafa átt tvisvar viðræður um mál þessi við lögmanninn, sem var umboðsmaður stefndu. Við síðari viðræðurnar, sem hafi farið fram í skrifstofu lögmannsins, kveðst stefnandi hafa gert skriflegt leigutilboð. Hafi leigutíminn samkvæmt því átt að vera þrjú ár og leiga fyrir allt tímabilið kr. 36.000.00, en það hafi verið nokkru lægri fjárhæð en lögmaðurinn hafi talað um í upphafi. Af leigufjárhæðinni hafi kr. 27.000.00 átt að greiðast við undirskrift leigusamnings, en eftirstöðvarnar með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, hverri að fjárhæð kr. 250.00, til loka leigutímans. Hafi síðastnefnd leigufjárhæð verið jöfn leigumati húsaleigunefndar á íbúðinni að viðbættri þágildandi húsaleiguvísitölu. Hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 5 í máli þessu afrit af bréfi til nefnds lögmanns, sem hann kveður samhljóða hinu skriflega leigutilboði.

Stefnandi skýrir enn fremur svo frá, að nokkrum dögum eftir að hann gerði leigutilboðið hafi aðiljar hitzt í skrifstofu Brands Brynjólfssonar. Hafi þá tekizt samningar með aðiljum á grundvelli tilboðsins og stefnandi innt af hendi fyrirframgreiðslu í viðurvist lögmannsins. Jafnframt hafi aðiljar gert skriflegan leigusamning, þar sem húsaleigan hafi verið talin kr. 250.00 á mánuði. Hefur sá samningur verið lagður fram í málinu sem dskj. nr. 8. Mánaðargreiðslurnar hafi þó lækkað nokkru eftir að hann flutti í íbúðina vegna lögboðinnar 10% lækkunar á húsaleigu, en síðar hafi þær hækkað aftur. Í lok leigutímans sömdu aðiljar um framlengingu hans til 14. maí 1951. Kveðst stefnandi þá hafa greitt stefndu fyrirfram kr. 3500.00 upp í húsaleigu, auk þess sem hinar fyrri mánaðarleigu leigugreiðslur hafi haldizt. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til endurheimtu þeirra fjárhæða, sem hann telur sig hafa greitt stefndu fyrirfram upp í húsaleigu samkvæmt framansögðu, en þær nema samtals stefnukröfunni.

Stefnda hefur haldið því fram, að aðiljar hafi engan annan samning gert um framangreind viðskipti sín heldur en húsaleigusamninginn á dskj. 8, sem síðar hafi verið framlengdur óbreyttur til 14. maí 1951. Hefur stefnda synjað fyrir, að hún hafi fengið greiddar þær fjárhæðir, sem stefnandi krefst endurgreiðslu á. Kveður hún sér og ókunnugt um leigutilboð það, sem stefnandi telur sig hafa gert samkvæmt dskj. nr. 5.

Hinn 5. þ. m. kom Brandur Brynjólfsson fyrir dóm sem vitni í málinu. Skýrði hann þá svo frá, að leigusamningur aðilja hefði verið gerður með milligöngu hans. Lögmaður stefnanda beindi þá þeirri spurningu til vitnisins, hvort það hefði móttekið bréf frá stefnanda samhljóða dskj. nr. 5. Ennfremur spurði hann vitni þetta að því, hvort því væri kunnugt um, að stefnandi hefði greitt stefndu kr. 27.000.00 fyrirfram í sambandi við leigumála aðilja og til viðbótar þeirri húsaleigu, sem greind væri á dskj. nr. 8. Vitnið neitaði að svara báðum framangreindum spurningum og taldi, að sér væri það óheimilt, þar eð það mundi með því skýra frá málefni, sem skjólstæðingur þess hefði trúað því fyrir í starfi þess. Lögmaður stefndu mótmælti og, að vitninu væri skylt að svara spurningum þessum. Lögðu aðiljar atriðið þá undir úrskurð.

Báðar framangreindar spurningar varða efni leigumála aðilja. Vitnið, sem er héraðsdómslögmaður, kom fram sem umboðsmaður stefndu við samningsgerð málsaðilja, og hefur vitnið fengið vitneskju sína um efni leigumálans í því starfi sínu sem lögfræðingur stefndu. Varða framangreindar spurningar því efni, sem vitnið er bundið þagnarskyldu um, og verður það því ekki skyldað til að svara þeim.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktun:

Vitninu Brandi Brynjólfssyni héraðsdómslögmanni er ekki skylt að svara framangreindum spurningum.

Þriðjudaginn 20. janúar 1953.

Kærumálið nr. 2/1953.

Helgi Benediktsson

gegn

Gunnari A. Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli frestað sjálfkrafa.

Úrskurður Hæstaréttar

Með kæru 6. janúar 1953, er barst Hæstarétti 16. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 29. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar með stefnu 16. þ. m. til þingfestingar í aprílmánuði n. k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 23. janúar 1953.

Kærumálið nr. 27/1952.

Ákæruvaldið

gegn

Helga Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Hrundið kröfu um, að héraðsdómari víki sæti. Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Ákærði, Helgi Benediktsson, hefur hinn 17. nóv. 1952 kært til Hæstaréttar úrskurð, sem Gunnar A. Pálsson, dómari samkvæmt umboðsskrám, kvað upp í sakadómi Reykjavíkur sama dag í máli, sem ákæruvaldið hefur höfðað gegn Helga Benediktssyni með ákæruskjali, dagsettu 16. apríl 1952, en dómsmálaráðherra hefur veitt ákærða Helga Benediktssyni heimild til kæru þessarar samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951. Með úrskurði þessum hratt Gunnar dómari kröfu ákærða um, að hann, Gunnar, og samdómari hans, Ástbjartur Sæmundsson, víki sæti í málinu, svo og kröfu ákærða um, að málið verði tekið til rækilegri rannsóknar, áður en dómur gengur í því.

Eftir að kæran barst Hæstarétti, var verjanda ákærða og Gunnari A. Pálssyni dómara gefinn kostur á því að skiptast á greinargerðum um málið. Luku þeir málflutningi sínum hinn 14. janúar 1953.

II.

Ákærði telur, að Gunnar A. Pálsson, dómari samkvæmt umboðsskrám, sé vanhæfur til meðferðar máls þessa og dómsuppsögu í því, og beri því að víkja honum úr dómarasæti. Kröfu sína um, að Gunnar víki úr dómarasæti, styður ákærði þeim rökum, sem senn verða talin.

1) Upphaf máls þessa var það, að Viðskiptanefnd ritaði Dómsmálaráðuneytinu hinn 2. júlí 1948 og beiddist rann-

sóknar á innflutningi varnings, sem ákærði Helgi var talinn hafa framkvæmt með tveimur nafngreindum skipum sínum, er hann hafði í förum milli Íslands og Bretlands, en innflutning þennan taldi Viðskiptanefnd tortryggilegan. Dómsmálaráðuneytið skipaði hinn 13. s. m. með umboðsskrá Gunnar A. Pálsson til að framkvæma rannsókn þessa. En síðar var lögfræðingi þessum falið með umboðsskrám 5. júlí 1950 og 16. apríl 1952 að rannsaka mál á hendur ákærða fyrir marga aðra verknaði, svo sem síðar verður lýst, og dæma mál ákæruvaldsins gegn honum fyrir þá. Gunnar dómari hóf hinn 22. júlí 1948 dómpróf í máli ákærða og hélt þeim áfram til 28. s. m. Réttarpróf voru síðan ekki framkvæmd í máli ákærða á tímabilinu frá 28. júlí 1948 og til 20. maí 1950. Gunnar dómari segir, að hlé það, sem varð á réttarrannsókninni, hafi aðallega verið notað til þess að reyna að afla skýrslna í Bretlandi um vörur, sem ákærði er talinn hafa keypt þar og flutt til Íslands með skipum sínum, en tilraunir þessar misheppnuðust, að því er Gunnar segir, vegna andstöðu ákærða. Gunnar kveðst hafa notað þennan tíma til þess að kynna sér málið utan dóms. Ákærði Helgi kveður drátt þennan og hlé á dómprófum óhæfilegt. Telur hann af drættinum leiða fyrningu saka á hendur sér samkvæmt 81. gr., sbr. 2. tl. 82. gr. laga nr. 19/1940. Gunnar dómari eigi sök á drætti málsins og sé því vanhæfur til að leggja dóm á sýknukröfu, sem reist er á fyrningu saka. Svo sem ákæruskjalið á hendur ákærða Helga, dags. 16. apríl 1952, ber með sér, er honum aðallega gefin að sök ýmis brot í atvinnurekstri. Geymir ákæruskjalið einkum sakargiftir gegn honum fyrir brot gegn lögum um innflutning og lögum um gjaldeyri og verðlag svo og fyrir brot gegn lögum um bókhald og ákvæðum hegningarlaga um rangar skýrslugjafir til opinberra aðilja. Alla þá hegðun, sem ákærða er talin til sakar, er hann sagður hafa haft í frammi eftir 1. janúar 1947. Er í ákæruskjalinu lýst á hendur honum sakargiftum fyrir framhaldandi röð samkynja ætlaðra refsiverðra athafna frá 1. jan. 1947 og fram til 1. júlí 1950. Ekki verður dæmt í kærumáli þessu, hvort sakargiftir þessar séu sannaðar og á rökum reistar, heldur ber það undir dómendur aðalmálsins, en þegar litið er á, hversu eðlislíkir og framhaldandi

verknaðir þeir eru, sem ákærði er talinn hafa gerzt sekur um frá 1. janúar 1947 og til 1. júlí 1950, þá eru ekki líkur fyrir því, að hlé það, sem varð á dómprófum málsins frá 28. júlí 1948 og til 20. maí 1950, leiði til fyrningar saka, ef sannaðar reynast. Þykir því ekki næg ástæða til að víkja Gunnari úr dómarasæti af þessum sökum.

Gunnar dómari prófaði mál þetta í dómi á tímabilinu frá 20. maí 1950 og til 10. júlí s. á. Þau próf leiddu til þess, að Dómsmálaráðuneytið gaf út framhaldsumboðsskrá handa Gunnari hinn 5. júlí 1950, þar sem kveðið var á um víðtækari rannsókn á hendur ákærða Helga. Skyldi nú m. a. rannsaka bókhald hans fyrir árin 1948, 1949 og 1950. Gunnar dómari hafði nú enn nokkur dómpróf í máli ákærða, en síðan varð hlé á réttarrannsókninni að mestu leyti frá 20. sept. 1950 og til 24. nóv. 1951, þótt 8 þinghöld væru þá haldin.

Þetta hlé var m. a. notað til þess að rannsaka bókhald ákærða og meðferð hans á gjaldeyri. Bókhaldsrannsókn lauk í nóvember 1951. Ekki eru efni til að ætla, að síðastnefnt hlé hafi leitt til fyrningar saka á hendur ákærða, ef sannar reyndust. Verður Gunnari því ekki vikið úr dómarasæti vegna ætlaðrar fyrningar saka.

Dráttur sá, sem varð á rannsókn máls þessa og að framan er lýst, er að vísu óréttlættur og aðfinnsluverður, en ekki þykir hann eiga að valda því, að Gunnar víki úr dómarasæti.

2) Ákærði Helgi telur, að Gunnar dómari sé sannur að slíkri óvild í sinn garð, að ekki sé rétt að láta hann fara með mál ákæruvaldsins á hendur sér og kveða upp dóm í því. Ákærði Helgi rekur ýmis atriði, sem hann telur sanna óvildarhug Gunnars til sín, og skulu þau nú athuguð:

a) Ákærði Helgi segir, að Gunnar dómari hafi valið sem dómvott mann, sem sýnt hafi sér áberandi óvild. Hvorki er í ljós leitt, að dómvotturinn beri illan hug til ákærða né að hann hafi komið fram við rannsóknina öðruvísi en góðum dómvott samir. Ákærði kveður Gunnar og hafa skipað til rannsóknar á verðlagi sínu menn, sem sannir séu að óvináttu í sinn garð. Í ljós er leitt, að skipun manna þessara fór fram með þeim hætti, að Gunnar sneri sér til verðgæzlustjóra og beiddist aðstoðar hans við verðlagsrannsókn hjá ákærða.

Verðgæzlustjóri sendi honum þá verðgæzlumenn þá, sem verðlagsrannsóknina hafa framkvæmt. Er ekki sannað, að Gunnar dómari hafi haft ástæðu til að ætla, að verðgæzlumennirnir bæru óvildarhuga til ákærða. Er verðlagsrannsóknin var svo að segja lokið, gerðist annar verðgæzlumaðurinn offari í orði um ákærða, og verður síðar rætt um það. En ekki er afstaða Gunnars til verðlagsrannsóknarinnar með þeim hætti, að rétt þyki að svipta hann dómarastöðu í málinu.

b) Dómsmálaráðuneytið ákvað, svo sem sagt var, hinn 5. júlí 1950, að rannsókn skyldi fram fara á bókhaldi ákærða Helga. Gunnar skipaði síðan í samráði við Dómsmálaráðuneytið nafngreindan endurskoðanda, sem löggildingu hefur, til að framkvæma endurskoðunina. Dómarinn lét síðan taka bókhaldsgögn ákærða Helga úr vörzlum hans hinn 19. ágúst 1950 og fékk þau í hendur endurskoðandanum. Við töku bókhaldsgagnanna virðast þau mistök hafa orðið, að ekki var gerð skrá yfir þau. Er það mjög miður farið. Bókhaldsrannsóknin fór að miklu leyti fram í Reykjavík, og voru bókhaldsgögnin flutt þangað og haldið þar um alllangan tíma. Verður þessi meðferð að teljast allharkaleg í garð ákærða Helga, sem vitaskuld þurfti að hafa nokkurn aðgang að bókhaldsgögnum sínum, en þótt Gunnari dómara hafi hér orðið nokkur yfirsjón um meðferð málsins, eru ekki efni til að vísa honum úr dómarasæti fyrir þá sök.

Ákærði Helgi lýsir þeirri sök á hendur Gunnari, að hann hafi gefið vottorð úr bókum ákærða til afnota í dómsmáli á hendur ákærða. Þessi ásökun er ósönnuð.

c) Þá ber ákærði Helgi sig upp undan því, að Gunnar dómari hafi ásamt samdómendum sínum synjað sér á dómþingi 14. júní 1952 að hafa lögfróðan verjanda við dómprófunina. Þótt Gunnari og samdómendum hans kunni að hafa missýnzt, er þeir synjuðu ákærða um að hafa verjanda með sér í dóminum, verður það ekki talið, eins og á stóð, svo mikil yfirsjón, að vísa eigi Gunnari úr dómarasæti þess vegna.

d) Ákærði Helgi telur, að Gunnar dómari hafi komið á margan hátt ósæmilega fram við sig í dómprófunum, storkað sér í orði og athöfnum, rangfært orð sín í bókunum og jafn-

vel neitað að bóka eftir sér. Þessar ásakanir á hendur dómaranum eru ósannaðar.

e) Enn kveður ákærði Helgi, að Gunnar dómari hafi tekið þátt í samningu ákæruskjalsins á hendur sér og sé því vanhæfur til að kveða upp dóm um ákæruatriðin. Gunnar kveðst ekki hafa samið ákæruskjalið, en segir, að fulltrúi í Dómsmálaráðuneytinu, er ákæruskjalið samdi, hafi rætt við sig mörg atriði rannsóknarinnar. Þessa frásögn Gunnars verður að leggja til grundvallar. Verður ekki séð, að Gunnar hafi með þessu gert sig vanhæfan til dómarastarfa.

f) Ákærði Helgi segir framkomu Gunnars utan dóms hafa verið með þeim hætti, að ekki samrýmist dómarastöðu hans í málinu. Sérstaklega vísar ákærði til ummæla, sem Gunnar dómari er talinn hafa haft í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins í janúar 1951 í tilefni af beiðni ákærða Helga um að fá aðgang að bókhaldsgögnum sínum til afnota við skattaframtal. Samkvæmt gögnum málsins hefur Gunnar sagt í nefndu bréfi, að svo kunni að fara, að bókhaldsrannsóknin leiði í ljós, „að litlu máli skipti, hvort Helgi skilar skattaframtali eða ekki". Þessi ummæli Gunnars dómara eru að vísu óheppileg og óviðeigandi af hendi dómara, en varhugavert þykir að telja, að Gunnar hafi með þeim tekið þá afstöðu til ákærða og máls ákæruvaldsins á hendur honum, að Gunnari sé ekki trúandi til þess að líta óhlutdrægt sem dómari á málavexti, sekt eða sýknu ákærða. Þykja ummælin því ekki veita næga ástæðu til að svipta Gunnar dómarastöðu í málinu. Önnur ummæli, sem höfð eru eftir Gunnari um ákærða, eru sum ekki sönnuð og önnur ekki þess eðlis, að varða eigi því, að hann víki sæti.

Ýmsir þeir annmarkar á meðferð málsins, sem lýst hefur verið, kunna að varða Gunnar dómara viðurlögum, er til kemur, þótt þeir geri hann ekki vanhæfan til dómsetu í því. En ekki verður tekin afstaða til þess í kærumáli þessu.

III.

Í hinum kærða úrskurði eru raktar ástæður fyrir því, að samdómandinn Ástbjartur Sæmundsson þurfi ekki að víkja

sæti í málinu. Fallast má á niðurstöður úrskurðarins, að því er varðar þennan samdómanda.

IV.

Ákærði Helgi hefur krafizt þess, að öll rannsókn málsins, bæði utan réttar og innan, verði ómerkt. Ekki eru rök fyrir hendi til að taka kröfu þessa til greina.

V.

Með dómprófum er það í ljós leitt, að annar verðgæzlumaðurinn, sem rannsakaði verðlag hjá ákærða, hefur, er hann dvaldist í Vestmannaeyjum vegna nefnds starfs síns, lent í sennu við son ákærða og viðhaft þá mjög ósæmileg ummæli um ákærða. Eftir það gengu verðgæzlumennirnir frá skýrslu sinni um verðlag hjá ákærða. Þegar athuguð eru ummæli verðgæzlumannsins í garð ákærða, þykir varhugavert að leggja skýrslu verðgæzlumannanna til grundvallar dómi í málinu, og ber því að skipa sérfróða menn til að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumannanna, áður en dómur gengur. Ber dómaranum að veita verjanda ákærða kost á því að gæta réttar ákærða við yfirskoðun þessa.

VI.

Löggiltur endurskoðandi var skipaður til að framkvæma endurskoðun á bókhaldi ákærða. Af hendi ákærða er þess krafizt, að sérfróður maður yfirskoði bókhaldsrannsókn endurskoðandans. Á hendur endurskoðandanum er ekki sannað neitt það misferli, er varða eigi ómerkingu á verki hans. En ekki er unnt í kærumáli þessu að rannsaka til hlítar, hvort ástæða er til frekari bókhaldsrannsóknar, heldur ber það undir dómendur aðalmálsins. Verður því ekki krafa ákærða um frekari bókhaldsrannsókn tekin til greina í kærumáli þessu. Hins vegar ber dómendum aðalmálsins að taka til greina ósk verjanda ákærða um, að endurskoðandinn sé spurður fyrir dómi, þar sem verjandinn sé viðstaddur, um öll þau atriði, sem verða mega málinu til skýringar.

VII.

Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um sekt á hendur Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni fyrir ummæli þau, sem greinir í töluliðunum 2, 3, 5, 9, 10, 12, 13, 15 og 16 í úrskurðinum, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 2 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber og ákvæði úrskurðarins um ómerkingu nefndra ummæla svo og ummæla þeirra, er getur í töluliðunum 4, 6, 8 og 11.

VIII.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað í héraði í þessum hluta málsins eiga að vera óröskuð. Málflutningslaun verjanda ákærða, Helga Benediktssonar, fyrir Hæstarétti í kærumáli þessu, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

IX.

Átelja ber óhæfileg harðyrði í greinargerðum fyrir Hæstarétti í kærumáli þessu.

Dómsorð:

Krafa ákærða, Helga Benediktssonar, um, að Gunnar A. Pálsson dómari og samdómandinn Ástbjartur Sæmundsson víki sæti, verður ekki tekin til greina..

Framangreind rannsókn og yfirskoðun á skýrslu verðgæzlumanna skal fram fara.

Áðurgreind ummæli eiga að vera ómerk. Ákvæði hins kærða úrskurðar um sekt á hendur Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni staðfestist, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 2 vikur frá birtingu dóms þessa. Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað í héraði í þessum hluta málsins staðfestast. Málflutningslaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti í kærumáli þessu, hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Ár 1952, mánudaginn 17. nóvember, klukkan 14, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var í húsinu nr. 10 við Hafnarstræti í Reykjavík af formanni sakadómsins, Gunnari A. Pálssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni, sem tekið var til úrskurðar eða dóms 23. október 1952.

Það er upphaf þessa máls og gangur, að vorið og sumarið 1948 keypti ákærði í máli þessu, Helgi Benediktsson, kaupmaður í Vestmannaeyjum, fisk í skip sín v/s Helga V.E. 333 og v/s Helga Helgason V.E. 343 og lét þau sigla með hann ísaðan til Englands til sölu þar. Fóru skipin þrjár slíkar ferðir hvort og fluttu jafnan ýmsar vörur til Vestmannaeyja, er þau komu úr söluferðunum, þ. á m. ýmislegt, er sérstakur hörgull var á hér heima.

Á þeim tíma, er hér ræðir um, var almennt mjög mikill skortur ýmissa vara hér á landi og inar ströngustu hömlur í gildi um innflutning þeirra til landsins. Hafði því umræddur innflutningur ákærða, er lýst verður nánar í væntanlegum dómi í málinu, vakið ina mestu athygli og undrun og verið mikið ræddur manna á meðal. Hafði t. d. í júnímánuði 1948 birzt í víðlesnu dagblaði hér í bænum viðtal við kunnan Vestmannaeying, er m. a. snerist um umræddan innflutning ákærða. Kvað sá, er viðtalið var við, ákærða hafa fengið frá Englandi ýmsar vörur, er tilfinnanlegur skortur hefði verið á, svo sem gólfdúka, hreinlætistæki, skófatnað, fataefni o. fl. Enn fremur hefðu verið flutt inn nokkur píanó með skipum hans. Hefði mörgum þótt undarlegt, ef enginn annar en ákærði gæti fengið slíkar vörur frá Englandi.

Inn 2. júlí 1948 ritaði Viðskiptanefnd Dómsmálaráðuneytinu bréf og tjáði því, að nefndinni hefði þá fyrir nokkru borizt vitneskja um, að fluttar hefðu verið vörur frá Bretlandi til Vestmannaeyja með fyrrnefndum skipum ákærða. Jafnframt skýrði nefndin svo frá, að hún hefði átt símtal við skrifstofu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og óskað, að henni yrðu sendar farmskrár skipanna. Hefði hún síðan fengið fimm farmskrár (réttara 4 farmskrár og 1 vörulista) og við athugun þeirra hefði komið í ljós m. a., að inn hefðu verið flutt tvö hljóðfæri (reyndust síðar 4) og glervara, en fyrir þessum vörum myndu engin leyfi vera. Þá tjáði nefndin sig og hafa átt nokkur skeytaskipti við bæjarfógeta. En þrátt fyrir þetta taldi nefndin sig ekki hafa fengið fullnægjandi greinargerð varðandi greindan innflutning. Taldi hún t. d. skorta vitneskju um, hvort á farmskrám þeim, er henni hefðu verið sendar, væru greindar allar vörur, er fluttar hefðu verið inn með nefndum skipum, hvert væri verðmæti inna tilgreindu vara, hvort leyfi, er nefndinni hefði verið tjáð, að notuð hefðu verið við innflutninginn, væru í samræmi við verðmæti varanna og loks, hvaða vörur úr umræddum innflutningi væru þá enn ótollafgreiddar. Með því að svona væri ástatt, hefði nefndin ákveðið að senda ráðuneytinu mál þetta, ef því þóknaðist að láta framkvæma fyllri rannsókn. — Bréfi því,

er nú hefur verið rakið, lét Viðskiptanefndin fylgja til ráðuneytisins framangreindar farmskrár, er einungis þrjár auk eins vörulista vörðuðu ákærða, skeytaskipti nefndarinnar og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum svo og endurrit leyfa þeirra, er bæjarfógetaskrifstofan hafði tjáð nefndinni, að notuð hefðu verið við innflutninginn.

Eftir að Dómsmálaráðuneytinu hafði borizt nýgreint bréf Viðskiptanefndar og gögn þau, er því fylgdu, skipaði það fyrir um rannsókn útaf greindum innflutningi með skipum ákærða, er grunur þótti leika á, að væri ólöglegur. Skyldi m. a. rannsaka, hverjar vörur hefðu verið fluttar inn, hverjir hefðu átt þær, hvort innflutningsleyfi hefðu verið veitt fyrir þeim, hvort þær hefðu verið tollafgreiddar og fluttar á afgreiðslu. Þá skyldi og athuga reikninga um vörurnar svo og hvort tollþjónn hefði skoðað skipin við komu þeirra til landsins.

Þar eð ráðuneytið taldi nauðsyn bera til að skipa sérstakan dómara til að framkvæma ina skipuðu rannsókn, var inn 13. júlí 1948 gefin út sérstök umboðsskrá til handa Gunnari A. Pálssyni, hæstaréttarlögmanni í Reykjavík, til að inna af hendi rannsóknina. Hefur hann því framkvæmt rannsóknina, að mestu einn, en undir lokin ásamt tveimur sérfróðum meðdómsmönnum, eins og síðar verður greint.

Þegar eftir útgáfu innar sérstöku umboðsskrár hóf dómarinn að búa sig undir rannsóknina með því að kynna sér málið eftir föngum utan réttar og safna nauðsynlegum gögnum til afnota í rannsókninni. Er því var lokið, hóf hann án tafar, eða inn 22. júlí 1948, lögregluréttarrannsóknina í samræmi við umboðsskrána. Var rannsókninni síðan haldið áfram, fyrst í lögreglurétti til 28. júlí 1948 og síðan utan réttar til 13. ágúst 1948, en þá sendi dómarinn hana í Dómsmálaráðuneytið, enda þótt hann teldi henni ekki lokið. Gerði hann það, bæði til þess að ráðuneytið ætti þess kost að kynna sér það, sem þá var fram komið, og dómarinn ætti því auðveldara um samráð við það um framhald rannsóknarinnar og svo vegna þess, að til stóð, að hann færi utan, og þótti honum þá málið bezt geymt í ráðuneytinu á meðan. Er dómarinn hafði sent ráðuneytinu málið, fór hann til útlanda sérstakra og nauðsynlegra erinda. Úr þeirri ferð kom hann aftur 10. október 1948 og tók þá skömmu síðar málið aftur úr vörzlum ráðuneytisins og hóf að vinna við það á ný.

Sterkur grunur þótti leika á, að ákærði hefði flutt meira inn með nefndum skipum sínum, en greint var á farmskrám og vörulistum (í þau skipti, er farmskrár vantaði). Tjáði dómarinn því ráðuneytinu, í fyrstu munnlega, nokkru eftir að hann hafði tekið málið aftur í sínar vörzlur og hafið vinnu í því á ný, að eins og málinu væri háttað, virtist sér ekki unnt að afla öruggrar vitneskju um inn raunverulega innflutning ákærða með öðru móti en því að afla gagna frá Bretlandi um vörur og varning, er skipin hefðu verið fermd þar. Eftir nokkrar ráðagerðir milli ráðuneytisins og dómarans og sérstakar athuganir og fyrirspurnir dómarans til annarra aðilja um, hver háttur myndi hentastur um öflun gagna frá Bretlandi um raunverulegan innflutning ákærða þaðan, hvarf dómarinn í samráði við ráðuneytið að því ráði að skrifa því sérstakt bréf um, hverra gagna hann

æskti frá Bretlandi. Eftir þetta skrifaði dómarinn ráðuneytinu bréf í febrúar 1949 og fór þess aðallega á leit, að ráðuneytið samþykkti för hans til Bretlands til öflunar gagna í málinu, en til vara, að ráðuneytið aflaði gagnanna sjálft og þá eftir venjulegum leiðum. Þetta bréf dómarans er ritað 11. febrúar 1949, og voru gögn þau, er fram á var farið að fá, farmskrár skipanna, reikningar um allar vörur samkvæmt farmskránum og yfirleitt þau gögn, er leitt gætu til fullrar vitneskju um inar raunverulega innfluttu vörur, þ. e. tegund þeirra, magn, verð, viðtakanda o. s. frv. Ráðuneytið tók síðan þann kostinn að afla inna umbeðnu gagna sjálft. Ritaði það inn 17. febrúar 1949 Utanríkisráðuneytinu og beiddist þess, að það fæli sendiráðinu í London að afla inna umbeðnu gagna, svo fljótt sem unnt væri. Með bréfi þessu sendi Dómsmálaráðuneytið Utanríkisráðuneytinu endurrit bréfs dómarans 11. febrúar 1949. Utanríkisráðuneytið fól síðan sendiráðinu í London greinda gagnaöflun með bréfi 21. febrúar 1949. Sendiráðið sneri sér þegar til afgreiðsluaðilja skipa ákærða í Bretlandi, er tjáði sig fúsan að láta í té in umbeðnu gögn, ef ákærði samþykkti það. Ákærði neitaði hins vegar afgreiðsluaðiljanum um samþykki sitt til afhendingar gagnanna og tjáði honum jafnframt nokkru síðar í símskeyti, að sér hefði borizt bréf frá Fjármálaráðuneytinu hér, undirritað af fjármálaráðherra, þar sem ráðherrann segði, að ríkisstjórnin (Government) hefði ekki beðizt neinna gagna, varðandi greindan innflutning hans. Eftir þetta neitaði afgreiðsluaðilinn að öllu óbreyttu um in umbeðnu gögn.

Með bréfi 1. apríl 1949 skýrði Utanríkisráðuneytið Dómsmálaráðuneytinu frá þessum gangi málsins og sendi því jafnframt fylgiskjöl um hann. Inn 19. sama mánaðar ritaði Dómsmálaráðuneytið Utanríkisráðuneytinu og beiddist þess, að lagt yrði fyrir sendiráðið í London að leita aðstoðar brezkra yfirvalda um öflun gagnanna. Jafnframt tjáði það Utanríkisráðuneytinu, að það væri með öllu rangt, að Fjármálaráðuneytið hefði tjáð ákærða, að ríkisstjórnin óskaði ekki aðgerða í málinu, eins og ákærði þó, svo sem fyrr segir, hafði tjáð inum brezka afgreiðsluaðilja skipa sinna. Nýgreint bréf Dómsmálaráðuneytisins til Utanríkisráðuneytisins var upphaf langvinnra tilrauna Utanríkisráðuneytisins til að afla inna umbeðnu gagna með aðstoð brezkra yfirvalda fyrir milligöngu sendiráðsins í London, en þeim lauk á þann hátt, að in brezku yfirvöld neituðu loks með öllu að aðstoða við öflun gagnanna. Tilkynnti Dómsmálaráðuneytið síðan dómaranum í maí 1950, að in umbeðnu gögn næðust ekki, og rannsóknin yrði því að halda áfram eftir föngum án þeirra.

Þann tíma, er greindar gagnaöflunartilraunir stóðu, lágu þinghöld í málinu að sjálfsögðu niðri, en dómarinn kynnti sér þó ýms atvik og gögn utan réttar, er að haldi mættu koma um væntanlegt framhald rannsóknarinnar. Hóf hann síðan, að fenginni greindri tilkyningu Dómsmálaráðuneytisins, lögregluréttarrannsókn á ný 20. maí 1950. Hélt hann réttarrannsókninni áfram til 10. júní 1950. Á þessu tímabili kom margt fram í rannsókninni, er ástæða þótti til að veita Dómsmálaráðuneytinu vitneskju um og æskja fyrirmæla þess um, hvernig snúast skyldi við. Sendi dómarinn því ráðuneytinu málið með bréfi 13. júní 1950. Jafnframt benti hann

ráðuneytinu á, að eins og málinu væri háttað, yrði að telja æskilegt, að framkvæmd yrði ýtarleg rannsókn á bókhaldi ákærða 1948.

Þessu bréfi dómarans svaraði ráðuneytið með bréfi 5. júlí 1950 og lagði fyrir hann að halda áfram rannsókn málsins á þann hátt, er fram væri tekið í framhaldsumboðsskrá honum til handa, útgefinni 5. júlí 1950, en sú framhaldsumboðsskrá fylgdi greindu bréfi til dómarans. Í framhaldsumboðsskrá þessari var, að því er hér skiptir máli að greina, sérstaklega lagt fyrir dómarann að halda áfram rannsókn málsins og rannsaka m. a. nánar, hvort ákærði hefði ívilnað eða reynt að ívilna embættismönnum sér til hags í sambandi við umræddan innflutning, hvort hann hefði yfirfært gjaldeyrisgreiðslur um banka, er hann kvæðist hafa greitt af andvirði útflutts ísfisks, og hvaða vörur hann hefði flutt inn fyrir ákveðna háa sterlingspundagreiðslu, er hann kvæði umboðsmenn sína erlendis hafa ráðstafað til kaupa vara, innfluttra sumarið og haustið 1948. Þá voru og í framhaldsumboðsskránni fyrirmæli um að rannsaka nánar útsöluverð ákærða á vörum úr umræddum innflutningi svo og innflutning hans og gjaldeyrisskil úr ísfisksöluferðum nefndra skipa hans eftir mailok 1948 til útgáfudags framhaldsumboðsskrárinnar, en áður höfðu gjaldeyrisskilin úr ísfisksöluferðunum 1948 verið rannsökuð eftir föngum. Þá skyldi rannsaka tiltekinn stólainnflutning ákærða frá Danmörku, svo og láta fram fara ýtarlega rannsókn á bókhaldi hans árin 1948, 1949 og 1950. Loks var ákveðið að rannsaka skyldi, hvort sá starfsmaður bæjarfógeta, er tollafgreiðslu annaðist í bæjarfógetaskrifstofunni, hefði látið tiltekið innflutningsleyfi nægja fyrir innflutningi tiltekinna olíukyndingartækja svo og allt það annað, er framhaldsrannsóknin gæfi tilefni til. Í lok umboðsskrárinnar var fyrirskipuð málshöfðun að rannsókn lokinni gegn ákærða í máli þessu og þeim starfsmanni í skrifstofu bæjarfógeta, er þar hefði sýslað um umræddan innflutning.

Að þessum fyrirmælum fengnum var verkefni dómarans orðið mun víðtækara en í fyrstu var, svo sem ljóst er við samanburð þess, sem rakið er hér að framan úr umboðsskránum. Var nú rannsóknin skipulögð til samræmis við það, og hlutaðist dómarinn jafnframt af því efni m. a. til um bókhalds- og verðlagsrannsókn hjá ákærða. Jafnframt hélt hann áfram lögregluréttarrannsókninni og margvíslegri nauðsynlegri gagnaöflun, svo sem föng voru á. Allt var þetta mjög tímafrekt, og varð einkum mikill dráttur á bókhaldsrannsókninni, er reyndist in erfiðasta og tafsöm mjög af ástæðum, er greindar verða í væntanlegum dómi í málinu. Athuganir, er Gjaldeyriseftirlit bankanna gerði að tilhlutan dómarans, stóðu og yfir á annað ár eða frá 30. september 1950 til 22. október 1951. Bókhaldsrannsókninni var lokið rétt eftir miðjan nóvember 1951, og tók dómarinn hana þá þegar til athugunar. Er hann hafði kynnt sér hana og lagt hana fram ásamt margvíslegum gögnum öðrum, er hann þá hafði aflað, taldi hann svo lítið á skorta, að málið mætti teljast eftir föngum rannsakað til hlýtar og jafnframt svo margt nýtt fram komið í rannsókninni, að rétt væri að senda málið í heild til Dómsmálaráðuneytisins til athugunar og frekari fyrirmæla. Gerði hann það síðan með bréfi 24. nóvember 1951.

Var nú málið til athugunar í Dómsmálaráðuneytinu þangað til í apríl 1952, en 16. dag þess mánaðar ritaði ráðuneytið dómaranum bréf og lagði fyrir hann að ljúka rannsókn málsins og kveða upp dóm í því samkvæmt ákæruskjali, er bréfinu fylgdi. Jafnframt var dómaranum með bréfi þessu enn send framhaldsumboðsskrá, útgefin 16. apríl 1952, enda mun það hafa verið talið rétt bæði til að taka af allan vafa um heimild dómarans til að dæma málið, eins og það nú var orðið og ákæruskjali var háttað, og vegna þess, að nú var dómarinn jafnframt skipaður til að leggja dóm á mál gegn ákærða fyrir meiðyrði um embættismann, er sameinað var þessu máli, en rannsókn í því hafði annar dómari framkvæmt. Var og berum orðum tekið fram í umboðsskránni, að dómarinn væri skipaður til að dæma í máli á hendur ákærða, eins og meðsent ákæruskjal, varðandi mál hans, greindi.

Efni ákæruskjalsins verður greint síðar.

Þegar að þessum skjölum mótteknum hóf dómarinn undirbúning lokaþáttar rannsóknarinnar í samræmi við ákæruskjalið. Virtist honum nú nauðsynlegt að kveðja til sérfróða meðdómendur í samræmi við 5. gr. laga nr. 27/1951 og 10. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 35/1950. Stóð nokkuð á, að hæfur bókhaldsfróður maður fengist í dóminn, en það leystist loks á þann veg, að dómarinn gat kvatt til setu í dóminum Sveinbjörn Þorbjörnsson, löggiltan endurskoðanda hér í bænum. Hinn meðdómsmaðurinn var tilkvaddur Ástbjartur Sæmundsson, varaverðlagsdómsmaður úr Vestmannaeyjum, enda hafði inn reglulegi verðlagsdómsmaður þar tjáð forföll sín. Síðasta þátt rannsóknarinnar framkvæmdi því sakadómurinn þannig skipaður, en áður höfðu meðdómendurnir kynnt sér rannsóknina í heild, og hafði það að sjálfsögðu tekið alllangan tíma.

Hefur þá verið gerð grein fyrir tilefni málsins og gangi rannsóknarinnar stig af stigi, unz hún komst í það horf, er hún liggur fyrir í, og er ljóst af framanskráðu, að rannsóknin varð æ viðameiri, eftir því sem á hana leið, vegna þess að sífellt þóttu koma í ljós fleiri verknaðir ákærða, er rannsaka þyrfti.

Þingfest var málið 19. júní 1952.

Ákærði bað þess í fyrstu, að Hermann Jónasson ráðherra yrði skipaður verjandi hans, en með bréfi til dómarans 19. júlí 1952 veikst Hermann undan því. Æskti þá ákærði, að hrl. Sigurður Ólason, fulltrúi í Fjármálaráðuneytinu, yrði skipaður verjandi. Vegna þess, hvernig sakarefnum var háttað, taldi dómarinn ekki rétt að skipa Sigurð án sérstaks samþykkis Fjármálaráðuneytisins. Spurðist dómarinn því bréflega fyrir um, hvort ráðuneytið fyrir sitt leyti samþykkti skipun Sigurðar sem verjanda ákærða. Barst dómaranum síðan af því efni bréf Fjármálaráðuneytisins, dags. 12. ágúst 1952, er ekki varð skilið á annan veg en þann, að ráðuneytið samþykkti fyrir sitt leyti skipun Sigurðar. Var Sigurður síðan skipaður verjandi ákærða með bréfi 13. ágúst 1952, en þess má geta, að þegar eftir þingfestingu málsins hafði Haukur Jónsson hdl., er mætti við þingfestingu málsins af hálfu væntanlegs verjanda ákærða, fengið endurrit allrar rannsóknarinnar.

Samkvæmt fyrrgreindu ákæruskjali er ákærði í máli þessu sakaður um:

1) Að hafa flutt inn til landsins með skipi sínu v/s Helga Helgasyni V.E. 343 hinn 2. og 24. maí 1948 mun meira magn af linóleumgólfdúk en hann hafði innflutningsleyfi fyrir.
2) Að hafa flutt inn hingað til landsins 4 „pianettur" án réttra og nægilegra innflutningsleyfa hinn 2. maí 1948 með v/s Helga Helgasyni.
3) Að hafa á tímabilinu 2. maí 1948 til 1. júní s. á. flutt inn með skipum sínum v/s Helga V.E. 333 og v/s Helga Helgasyni meira magn af vefnaðarvöru heldur en hann hafði innflutningsleyfi fyrir.
4) Að hafa hinn 24. maí 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga Helgasyni skótau án þess að hafa innflutningsleyfi.
5) Að hafa hinn 24. maí 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga Helgasyni rúðugler án þess að hafa fyrir því innflutningsleyfi.
6) Að hafa hinn 1. júní 1948 flutt inn hingað til landsins með v/s Helga 10 olíukyndingartæki án nauðsynlegs innflutningsleyfis.
7) Að hafa hinn 25. febrúar 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga fjóra kvenloðfeldi án tilskilinna innflutningsleyfa.
8) Að hafa hinn 11. maí 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni án nægilegra innflutnings- og gjaldeyrisleyfa þvottavélar og þvottapotta.
9) Að hafa í sama skipti og undir tölulið 8 greinir flutt inn til landsins rafmagnseldavélar, vatnsgeyma, handlaugar, fataefni, „fittings", baðker, vefnaðarvöru, miðstöðvarofna og gólfdregla, allt án tilskilinna innflutningsleyfa.
10) Að hafa hinn 17. júní 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni veggflísar án nægilegs innflutningsleyfis.
11) Að hafa í febrúarmánuði 1948 flutt inn til landsins með e/s Lyngaa 1000 borðstofustóla án tilskilinna innflutningsleyfa.
12) Að hafa í septembermánuði 1949 flutt inn til landsins með e/s Brúarfossi 1000 borðstofustóla án tilskilinna innflutningsleyfa.
13) Að hafa hafið sölu á linóleumgólfdúk, „pianettum" og fataefnum, innfluttum með v/s Helga Helgasyni 2. maí 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.
14) Að hafa hafið sölu vatnssalerna, linóleumgólfdúks, flónels, fataefna, rúðuglers og karlmannaskóa, alls innflutts með v/s Helga Helgasyni 24. maí 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta voru afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.
15) Að hafa hafið sölu shirtings, fataefna, snyrpinótastykkja og olíukyndingartækja, innfluttra með v/s Helga 1. júní 1948, áður en lögmæt aðflutningsgjöld voru greidd og bæjarfógeta voru afhent nauðsynleg gögn til tollafgreiðslu.
16) Að hafa ráðstafað fjórum kvenloðfeldum, innfluttum með v/s Helga 25. febrúar 1949, svo og sex af áðurgreindum olíukyndingartækjum án greiðslu lögmætra aðflutningsgjalda.
17) Að hafa selt eftirtalinn varning, innfluttan til landsins með skipunum v/s Helga og v/s Helga Helgasyni á tímabilinu 12. apríl 1948 til 9.

maí 1950 án þess að leita staðfestingar verðlagsyfirvalda á útsöluverði: Cement úr fimm ferðum, hinn 18. apríl 1948, 2. maí 1948, 9. maí 1948, 7. júní 1949 og 17. júní 1949, kol úr átján ferðum, 12. apríl 1948, 18. s. m., 9. maí s. á., 24. maí s. á., 1. júní s. á., 25. febrúar 1949, 12. marz s. á., 17. marz s. á., 30. marz s. á., 12. apríl s. á. (tveir farmar), 5. maí s. á., 11. s. m. og 17. júní s. á., 12. febrúar 1950, 28. s. m., 9. apríl s. á. og 9. maí s. á., olíukyndingartæki og snyrpinótastykki 1. júní 1948, „pianettur" hinn 2. maí s. á., „sísaltóg" og kvenloðfeldi 25. febrúar 1949, netjakúlur 12. apríl 1949, snowcem hinn 11. maí 1949 og snyrpinótastykki hinn 17. júní 1949.

18) Að hafa selt eftirtalinn varning, áður en útsöluverð hans var samþykkt af verðlagsyfirvöldum, innfluttan til landsins með greindum skipum á tímabilinu 2. maí 1948 til 1. júní s. á.: Linóleumgólfdúk og fataefni hinn 2. maí 1948, vatnssalerni, linóleumgólfdúk, flónel, fataefni, karlmannaskó og rúðugler, flutt inn til landsins hinn 24. maí 1948, „shirting" og fataefni, innflutt til landsins hinn 1. júní 1948.

19) Að hafa hinn 17. júní 1949 flutt inn til landsins með v/s Helga Helgasyni fólksbifreið í heimildarleysi og nota við innflutning þenna innflutningsleyfi, útgefið til annars manns.

20) Að hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1947 til 1. júlí 1950 selt of háu verði varning þann, er greindur er á dómskjali nr. 300, skýrslu starfsmanna verðgæzlustjóra, sbr. bréf hans, dags. 14. júlí og 17. ágúst 1951, dómskjöl nr. 299 og 303.

21) Að hafa í aðflutningsskýrslu um nefndar „pianettur" ranglega tjáð skipstjóra og skipshöfn v/s Helga Helgasonar eigendur þeirra.

22) Að hafa sumarið 1948 ranglega skýrt trúnaðarmanni verðlagsstjóra í Vestmannaeyjum frá, að hann ætlaði til eigin nota nefnd olíukyndingartæki og snyrpinótastykki, greind undir tölulið 14 (innfl. með v/s Helga 1/6 1948), svo og fyrir að hafa ranglega skýrt trúnaðarmanninum frá, að skipstjóri og skipshöfn væru eigendur (innflytjendur) margnefndra „pianetta".

23) Að hafa í bréfi, dagsettu 25. október 1949, til Gjaldeyriseftirlits bankanna skýrt ranglega frá um ráðstöfun á eftirfarandi gjaldeyrisgreiðslum af andvirði ísfisks, selds í Bretlandi
úr v/s Helga Helgasyni 7. maí 1949:
£ 4535 — 17 — 6 til Icelandic Trading Corporation,
£ 363 — 1 — 1 til S. & J. Watts & Co.,
£ 126 — 1 — 0 til Parker, Winder & Achurch,
úr v/s Helga 30. maí 1949:
£ 383 — 17 — 4 til H. J. Evans Ltd.,
úr v/s Helga Helgasyni 8. júní 1949:
£ 500 — 0 — 0 til Stefáns Helgasonar.

24) Að hafa á ólögmætan hátt ráðstafað eftirtöldum greiðslum, greiddum af andvirði ísfisks, selds í Bretlandi:
Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. apríl 1948:
£ 1270 — 0 — 0. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").

£ 337 — 16 — 9. Greiðsla til Sloan Munro & Co. Ltd.
£ 115 — 10 — 8. Greiðsla til Cearns & Brown Ltd.
Af sölu v/s Helga 12. apríl 1948:
£ 1320 — 14 — 4. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 26. apríl 1948:
£ 873 — 12 — 1. Greiðsla til Barry, Ostlers & Shepherd.
£ 800 — 18 — 10. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 89 — 18 —0. Greiðsla til Crescent Garage Ltd.
£ 330 — 0 — 0. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 3. maí 1948:
£ 211 — 18 — 2. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 286 — 0 —0. Greiðsla til Stroud.
£ 527 — 10 — 5. Greiðsla til I. Sluckis.
£ 692 — 10 — 6. Greiðsla til Haralds Árnasonar.
Af sölu v/s Helga Helgasonar 19. maí 1948:
£ 295 — 0 — 0. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 2080 — 13 — 4. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 673 — 16 — 0. Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
£ 1468 — 3 — 5. Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga 27. maí 1948:
£ 449 — 4 —0. Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
£ 904 — 2 — 2. Greiðsla til Barry, Ostlere & Shepherd.
£ 516 — 15 — 0. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 495 — 16 — 7. Greiðsla til J. & W. Stuart Ltd.
£ 165 — 6 — 4. Greiðsla til Stewart Bros. & Co. Ltd.
£ 339 — 0 — 0. Greiðsla til skipverja („Cash to captain")
£ 442 — 17 — 2. Greiðsla til Austin Motors Ltd.
£ 882 — 2 — 9. Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga 18. febrúar 1949:
£ 259 — 9 — 0. Greiðsla til Garnock Bibby & Co. Ltd.
£ 278 — 13 — 4. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 405 — 13 — 2. Lokamismunur („Balance").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. marz 1949:
£ 489 — 4 — 11. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 11. marz 1949:
£ 919 — 5 — 7. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 444 — 1 — 2. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 146 — 5 — 0. Greiðsla til Builders Supplies Ltd.
Af sölu v/s Helga Helgasonar 25. marz 1949:
£ 489 — 4 — 11. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 6. apríl 1949:
£ 242 — 19 — 7. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 8. apríl 1949:
£ 258 — 6 — 8. Greiðsla til Phillips Trawl Products.
£ 300 — 15 — 2. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 30. apríl 1949:

£ 235 — 19 — 4. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 7. maí 1949:
£ 4535 — 17 — 6. Greiðslur til Icelandic Trading Corporation.
£ 170 — 6 — 10. Greiðsla til Neuss Hesslein Kemton.
£ 363 — 1 — 1. Greiðsla til S. & J. Watts & Co.
£ 126 — 1 — 0. Greiðsla til Parker, Winder & Achurch.
£ 56 — 1 — 6. Greiðsla til Austin Motor & Co. Ltd.
£ 296 — 5 — 10. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga 30. maí 1949:
£ 213 — 19 — 4. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 383 — 17 — 4. Greiðsla til E. J. Evans Ltd.
£ 730 — 17 — 2. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 8. júní 1949:
£ 248 — 0 — 2. „Balance statement".
£ 356 — 6 — 0. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 452 — 0 — 7. Greiðsla til Icelandic Marketing Corporation.
£ 500 — 0 — 0. Greiðsla til Stefáns Helgasonar.
Af sölu v/s Helga Helgasonar 3. apríl 1950:
£ 593 — 3 — 0. Greiðsla til Icelandic Trading Corporation.
£ 794 — 1 — 9. Greiðsla til Garnock Bibby & Co. Ltd.
£ 384 — 15 — 2. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
Af sölu v/s Helga Helgasonar 3. maí 1950:
£ 313 — 18 — 11. Greiðsla til skipverja („Cash to captain").
£ 374 — 17 — 3. Greiðsla til J. W. Stuart Ltd.

25) Að hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1948 til 1. júlí 1950 eigi fært eftirtaldar bækur: Frumbækur, sjóðbók, viðskiptamannabók, yfirlitsreikninga og efnahagsbók, svo sem lögboðið er, svo og fyrir að hafa í blekkingarskyni og almennt sýnt stórfellda óreglusemi í bókhaldi.

26) Að hafa í 66. tbl. dagblaðsins Tímans hinn 22. marz 1950 birt eftirfarandi ærumeiðandi ummæli um opinberan embættismann, Gunnar Þorsteinsson, fyrrverandi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum:

1) „Þegar sýnt var á s.l. sumri, að til alþingiskosninga drægi með haustinu, voru hafnar hvíslingar í Eyjum um, að nú skyldi frá mér gengið svo dygði. Eitthvað heyrðist nafn þitt nefnt í þessu sambandi.
Ekki stóð á aðgerðum."

2) „Hendanleg mistök, sem hvorki sköpuðu tap né gróða. Sekt 1280. Nú skyldi skammt stórra höggva á milli."

3) „Samtímis varð svo dómarinn að vaða yfir kolahrúgu frá þinni verzlun til þess að komast í skrifstofu sína. Þau kol voru vitalaus samkvæmt umsögn hans....."

4) „.... menn þeir, sem þarna unnu, teknir til réttaryfirheyrslu og haft í hótunum við þá....."

5) „....ætlaði fógetinn ekki einu sinni að hafa fyrir því að kveða upp úrskurð um lögtakið, bara að gera lögtak og það þótt hann vissi það, að réttum lögum bar mér ekki að greiða skatta þessa...."

6) „....léztu vaða á mig með lögtak, án undangenginna tilkynninga....“

7) „Síðan var gerð tilraun til þess að ráðast inn á heimili mitt....“

8) „Fógeti með lið sitt tók sér stöðu úti á götunni og hrópaði að vegfarendum. „Það er verið að gera lögtak hjá Helga Ben.“ „Hvílík tíðindi.“

9) „Réttarbókunin er að vísu ekki nákvæmlega í samræmi við staðreyndir, en fógetinn taldi sig hafa gert lögtak í íbúðarhúsi mínu....“

10) „....lézt bæjarfógetann, sem varðandi fjármálin var embættislega undirmaður þinn, hringja til Eimskipafélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins og viðhafa ummæli, sem skoðuð voru og skilin af hálfu viðkomanda sem vöruflutningabann á mig og mín skip. Var þetta atvinnurógur?“

Um heimfærslu brota þeirra, sem ákærði er sakaður um, til refsiákvæða segir í ákæruskjalinu:

Brot þau, sem undir liðum 1—12 greinir, eru talin varða við 1. mgr. 11. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 21. gr., 22. gr. og 24. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot þau, sem undir tölulíðum 13—16 getur, eru talin varða við 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 28. gr. og 29. gr. sbr. 43. gr. laga nr. 63/1937 og 44. gr., 2. mgr. 45. gr., 46. gr., 1. mgr. 51. gr. og 52. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938.

Brot þau, er undir tölulíðum 17 og 18 greinir, teljast varða við 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950, 1. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947 og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 8/1947.

Brot, sem greinir undir 19. lið, telst varða við sömu greinar og brot undir liðum 1—12, en þó að viðbættri 157. gr. laga nr. 19/1940.

Brot þau, sem greinir undir lið 20, eru talin varða við 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 og 1. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot, talin undir liðum 21—23, teljast varða við 146. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 1. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 35/1950.

Brot, greind undir lið 24, eru talin eiga að heimfærast undir 1. mgr. 13. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 1. og 7. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 28. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Brot, sem undir lið 25 getur, teljast varða við 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr., 10. gr. og 12. gr. sbr. 19. og 20. gr. laga nr. 62/1938 og 158. gr. og 262. gr. laga nr.19/1940.

Brot, greint undir lið 26, telst varða við 108. gr. sbr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Í lok ákæruskjalsins er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, upptöku ólöglegs ágóða, sviptingar réttinda samkvæmt 1. og 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og 19. gr. laga nr. 62/1938, til ómerkingar framan-

greindra ummæla, greindra undir 26. lið hér að framan, til þess að standast kostnað af birtingu atriðisorða, að því er þetta atriði snertir, í opinberu blaði svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við þingfestingu málsins 19. júní 1952 var ákveðið, að það skyldi næst koma fyrir dóm 19. ágúst 1952 og verjandi þá skila vörn sinni. Þegar málið kom fyrir þann dag, fékk verjandi framhaldsfrest til 20. október 1952. Enn taldi verjandi sig þurfa að fá frest 20. október 1952, og var honum veittur hann til 23. október 1952. Þegar málið kom fyrir 23. október 1952, skilaði verjandi skjali, er hann kallar greinargerð, varðandi formhlið og meðferð málsins. Eru þær kröfur gerðar í skjali þessu,

1) að formaður sakadómsins verði talinn vanhæfur til að fara með málið og dæma það og víki því sæti úr dóminum,
2) að meðdómandinn Ástbjartur Sæmundsson, verðlagsdómsmaður úr Vestmannaeyjum, víki og sæti úr dóminum,
3) að rannsókn málsins og meðferð öll verði ómerkt, en sérstaklega þó eða til vara þeir þættir rannsóknarinnar, er lúta að verðlagsútreikningum og bókhaldsathugunum,
4) að málinu verði frestað til nýrrar og fyllri rannsóknar, ef eða að því leyti sem sakaratriði séu ekki fyrnd og
5) að verjanda verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun af almannafé fyrir þenna hluta málsins.

Samkvæmt 124. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála voru greindar kröfur teknar sérstaklega til úrskurðar eða dóms, þegar er þær komu fram eða 23. október 1952.

Í úrskurði þessum þykir ekki ástæða til að rekja málið efnislega á annan hátt en þann, sem gert er óbeint hér að framan með því að taka efni ákæruskjalsins upp í hann. Verða því framangreindar kröfur ákærða þegar teknar til athugunar hver um sig.

Um 1. Kröfu þessa byggir ákærði á því:

a) að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins og verði hann notaður sem sýknuástæða. Formaður dómsins beri að öllu leyti ábyrgð á drættinum og sé því ljóst, að hann sé ekki bær um að leggja dóm á greinda málsástæðu, og
b) að formaður dómsins hafi komið þannig fram við ákærða og haft slík afskipti af málefnum hans bæði í þessu máli og endranær, að ekki geti talizt hæfa óhlutdrægum dómara.

Um a. Fyrr í úrskurði þessum hefur gangi máls þessa og rannsóknarinnar verið lýst allnákvæmlega. Er ljóst af þeirri lýsingu, að allan þann tíma, er rannsóknin stóð, var unnið að henni í dómi og utan dóms, eftir því sem efni stóðu til og aðstæða og atvik leyfðu á hverjum tíma. Þau hlé á þinghöldum í rannsókninni, er telja verður venju fremur löng, voru einungis tvö: Ið fyrra frá 28. júlí 1948 til 20. maí 1950 og ið síðara að mestu leyti frá 20. september 1950 til 24. nóvember 1951, þótt átta þinghöld sérstaks eðlis væru að vísu haldin á því tímabili. — Þegar er því lýst, að fyrsta tímabil fyrra hlésins var málið í Dómsmálaráðuneytinu af ástæðum, er og voru greindar. Lýst var því og, að annað tímabil hlés þessa

notaði dómarinn bæði til nokkurra ráðagerða við Dómsmálaráðuneytið og til sérstakra athugana og fyrirspurna til annarra aðilja, hvort tveggja varðandi eftir málavöxtum nauðsynlega gagnaöflun frá Bretlandi. Loks notaði Dómsmálaráðuneytið þriðja tímabil hlésins, er langlengst reyndist, til framangreindra tilrauna til gagnaöflunar frá Bretlandi, er, eins og rakið hefur verið, reyndust með öllu árangurslausar vegna neitunar ákærða og rangrar skýrslu hans til afgreiðsluaðilja skipa hans í Bretlandi um, að Fjármálaráðuneytið hefði tjáð honum, að ríkisstjórnin hefði engra gagna óskað um innflutning hans. — Síðara hléið allt var unnið að nauðsynlegri rannsókn á bókhaldi ákærða, að undanteknum stuttum tíma, er in tilkvaddi endurskoðandi var sjúkur, en þann tíma hefur endurskoðandinn tjáð dómaranum, að hann hafi meira en bætt upp með eftir- og helgidagavinnu síðar. Virtist endurskoðandanum bókhaldið allt svo gallað, ófullkomið og óaðgengilegt, að hann fékk ekki lokið endurskoðuninni á skemmri tíma en raun ber vitni.

Svo sem fyrr kemur óbeint fram og rannsóknin sjálf og framlögð skjöl sýna ljóslega, voru bæði in umræddu hlé notuð til ýmissa nauðsynlegra athugana og gagnaöflunar utan réttar. Voru hléin því jafnframt á þann hátt notuð í þágu rannsóknarinnar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, svo og því, er fyrr í úrskurði þessum greinir um gang rannsóknarinnar, verður ekki talið, þegar atvik eru virt, að neinn óeðlilegur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins, er formaður sakadómsins, ráðuneytin eða aðrir, er að rannsókninni hafa unnið, eigi sök á. Má hér og hafa í huga þau ummæli verjanda ákærða í bréfi til formanns sakadómsins 24. júlí 1952, að mál þetta muni vera „umfangsmesta mál, sem komið hefur fyrir dómstóla hér á landi".

Hins vegar verður sá dráttur, er varð á rannsókninni umfram nauðsyn, að teljast sök ákærða sjálfs, beint og óbeint samkvæmt því, sem rakið hefur verið, sbr. fyrrgreind afskipti hans af gagnasöfnunartilraunum frá Bretlandi og umsögn endurskoðandans um bókhald hans.

Þá ber og loks að athuga, þegar þessi málsástæða er virt, að rannsóknin hefur eðlilega orðið tímafrekari en ella, vegna þess að eftir því sem á hana leið og hún sýnir sjálf, þóttu sífellt koma í ljós ný sakaratriði, er rannsaka þyrfti.

Það, sem nú hefur verið rakið, þykir leiða til þess, að þessari málsástæðu ákærða verði ekki sinnt.

Um b. Ákærði heldur því fram, að formaður sakadómsins hafi sýnt sér augljósa og áberandi óvild. Hann hafi valið starfsmenn að rannsókninni svo sem t. d. dómvotta og verðlagsrannsóknarmenn, er það hafi og gert. Hann hafi með töku, löngu haldi og allri meðferð bókhalds ákærða sýnt ið mesta óvildarbragð. Hann hafi gefið vottorð úr bókhaldinu til notkunar í dómsmálum gegn ákærða. Hann hafi neitað ákærða um heimild til að hafa lögfræðing sér til aðstoðar í þinghöldum rannsóknarinnar. Hann hafi, meðan á rannsókn málsins hafi staðið, tekið að sér sem málflutningsmaður mál eða kröfur gegn ákærða. Hann hafi haft um ákærða óviðurkvæmileg ummæli og storkunaryrði, og hafi ákærði jafnvel neyðzt til að

höfða meiðyrðamál gegn honum, meðan rannsókn máls þessa hafi staðið. Hann hafi rangfært orð ákærða í bókunum og jafnframt neitað honum um bókanir. Loks hafi hann sjálfur samið eða átt hlut að samningu ákæruskjalsins í máli þessu. — Allt þetta telur ákærði eiga að valda því, að formaður sakadómsins víki sæti í máli þessu.

Skal nú rætt um þessar málsástæður ákærða, eftir því sem efni standa til og í þeirri röð, sem þær eru raktar hér að framan.

Það er með öllu rangt, að formaður sakadómsins hafi sýnt ákærða óvild í nokkurri mynd. Hins vegar hefur hann að sjálfsögðu beitt þeirri ákveðni, er honum sem handhafa dómsvalds var bæði rétt og skylt hverju sinni, miðað við hegðun og framkomu ákærða sjálfs, t. d. látið lögregluþjóna sækja hann, þegar hann ætlaði að þrjózkast við að koma í boðuð þinghöld.

Dómvottar þeir, er við þinghöldin voru, hegðuðu sér um allt svo vel, sem dómvottar geta bezt, og sýndu ákærða að sjálfsögðu enga óvild. Þeir starfsmenn verðgæzlustjóra, Þorvaldur Ari Arason og Björn Jakobsson, er verðlagsrannsókn framkvæmdu hjá ákærða, voru ekki starfsmenn dómarans, enda þótt hann hlutaðist til um, að verðgæzlustjóri sendi menn til þeirrar rannsóknar, en þess má þó geta, að ekkert er fram komið, er bendi til annars en að menn þessir hafi starfað vel og samvizkusamlega allan þann tíma, er þeir unnu að rannsókn sinni hjá ákærða, og víkur nokkuð að því síðar í úrskurði þessum.

Rannsókn á bókhaldi ákærða var fyrirskipuð af Dómsmálaráðuneytinu, og hafði formaður sakadómsins ekki önnur skipti af henni en þau að fela hana í samráði við ráðuneytið löggiltum endurskoðanda, Franz A. Andersen, hér í bæ, og veita honum síðan nauðsynlegan aðgang að bókum og skjölum ákærða. Hafði hann engin afskipti af, hve lengi endurskoðunin stóð, önnur en þau að fylgjast eftir föngum með, hvernig hún gekk á hverjum tíma, og brýna fyrir endurskoðandanum, hve nauðsynlegt væri, að henni yrði sem fyrst lokið. Geta má og þess, að samkvæmt fyrirmælum formanns sakadómsins, er ákærða voru tilkynnt, var honum ætíð heimill aðgangur að bókhaldinu hjá endurskoðandanum svo og að fá hverjar þær upplýsingar úr því, er hann kynni að þurfa, frá endurskoðandanum, t. d. í símtölum. Bókhaldstökunni var og hagað svo, að ákærða yrði sem minnstur bagi að.

Það er algerlega rangt, að formaður sakadómsins hafi nokkru sinni gefið nokkurt vottorð úr bókum ákærða eða slíkt hafi verið gert með samþykki hans eða vitund, og er honum ókunnugt um, hvernig á svo staðlausri fullyrðingu stendur.

Er ákærði var látinn gera grein fyrir, hvers vegna hann óskaði að hafa lögfræðing sér við hlið í þinghöldum rannsóknarinnar, tilgreindi hann enga frambærilega ástæðu, og með því að sakadómurinn leit svo á, að slíkt væri bæði óþarft og óheppilegt fyrir rannsókn málsins, þá var dóminum rétt að synja ósk ákærða í þessu efni, svo sem gert var.

Það er rangt með farið, að formaður sakadómsins hafi tekið að sér mál eða kröfur gegn ákærða sem málflutningsmaður, meðan mál þetta og undangengin rannsókn hefur staðið yfir. Hins vegar tók formaðurinn að

sér dómstörf í lögskipuðum gerðardómi, er dæmdi í máli milli iðnnema nokkurs og ákærða, en það mál var risið af því, að ákærði var talinn hafa vanefnt námssamning við nemann. Gegndi formaðurinn því starfi sem hlutlaus dómari, og hefur seta hans í nefndum gerðardómi því enga þýðingu að því leyti, sem hér ræðir um.

Formaður sakadómsins telur sig ekki hafa viðhaft nein óviðurkvæmileg ummæli né storkunaryrði um ákærða. Hefur hann að sjálfsögðu varazt slíkt og það ekki síður, þótt ákærði hafi eftir beztu getu, bæði í ræðu og riti, reynt að ófrægja formanninn og skaprauna honum. Efni og orðalag umsagnar nokkurrar, er formaðurinn lét málflytjanda í Hæstarétti í té vegna framangreinds gerðardómsmáls, skiptir engu um efni það, sem hér þarf að taka afstöðu til, og það ekki fremur, þótt ákærði hafi höfðað mál gegn formanninum út af nokkrum orðum í umsögn þessari, sönnum og réttum og ósaknæmum að áliti formannsins. Getur formaðurinn, þrátt fyrir beztu sjálfskönnun heldur ekki fundið, að málshöfðun þessi, svo meinlaus sem hún er, hafi haft in minnstu áhrif í þá átt að mynda hjá honum kala til ákærða. Svo auðvelt er ekki sakborningi að skora dómara úr leik að íslenzkum lögum, að nefnd málshöfðun ákærða gegn formanni sakadómsins skipti nokkru um afdrif þeirrar kröfu, sem hér ræðir um.

Formaður sakadómsins telur þá staðhæfingu ákærða, að orð hans hafi verið rangfærð í bókunum, þess eðlis, að hana beri ekki að ræða í úrskurði þessum, svo fráleit og ósamboðin virðingu dómstólanna sem hún er. Um það, að ákærða hafi verið neitað um bókanir, er það að segja, að svo hefur ekki verið gert, nema þegar það var bæði rétt og skylt, eins og t. d. þegar ákærði hefur viljað láta bóka eftir sér svívirðingar um fjarstadda menn.

Það er rangt, að formaður sakadómsins hafi samið ákæruskjalið í máli þessu. Hins vegar ræddi sá fulltrúi Dómsmálaráðuneytisins, er ákæruskjalið samdi, mörg atriði rannsóknarinnar við formanninn, meðan á samningu ákæruskjalsins stóð, og fékk hjá honum ýmsar skýringar. Slík afskipti dómara af samningu ákæruskjals eru fullheimil að lögum og það því fremur, sem lög nr. 27/1951 gera ráð fyrir, að dómari semji stundum sjálfur ákæruskjalið að öllu leyti.

Það, sem greint hefur verið undir b), þykir því ekki, fremur en það, sem greint er undir a), geta leitt til þess, að kröfu ákærða undir 1) verði sinnt.

Um 2. Kröfu þessa byggir ákærði á því, að meðdómandinn Ástbjartur Sæmundsson, verðlagsdómsmaður úr Vestmannaeyjum, sé það, sem hann kallar „(ákæru) vitni" (sic) í málinu. Þykir mega ætla, að með því eigi hann viðið sama og það eitt, að nefndur meðdómandi, að gefnu tilefni frá formanni dómsins, skýrði frá í þinghaldi í málinu 23. október 1952, sbr. og lögregluréttarskjal nr. 300. Kvaðst meðdómandinn samkvæmt sérstakri beiðni verðgæzlumanna hafa afhent þeim reikning til sín um stóla (fjóra að tölu), keypta af ákærða. Jafnframt lýsti meðdómandinn því, að hann gerði engar kröfur til endurgreiðslu frá ákærða eða öðrum, enda þótt svo kynni að reynast, að stólarnir hefðu verið seldir of háu verði.

Þessi málsástæða þykir ekki eftir atvikum geta leitt til þess, að nefndur meðdómandi eigi að víkja úr dóminum.

Um 3. Krafa ákærða, sú er hér greinir, er þess eðlis, að ekki er á valdi héraðsdómara að taka hana til greina. Verður henni því þegar af þeirri ástæðu ekki sinnt.

Um 4. Rökstuðningur ákærða um kröfu þessa þykir sýna, að það séu einungis verðlags- og bókhaldsrannsóknir þær, er fyrir liggja í málinu, sem hann telur þörf frekari og fyllri rannsóknar út af. Telur hann þær svo óaðgengilegar og óljósar, að erfitt sé og oft ómögulegt að átta sig á, hvort niðurstöður séu réttar og á hverju þær byggist. Þá telur hann og, að rannsóknir þessar séu lítt ábyggilegar vegna óvildarhugs, sem menn þeir, er rannsóknirnar framkvæmdu, hafi borið til ákærða, einkum þó þeir, er verðlagsrannsóknina gerðu. Vegna þessa hvors tveggja telur hann framhaldsrannsóknar þörf.

Verður nú fyrst rætt það, er ákærði telur verðlagsrannsóknninni svo áfátt um, að þörf sé fyllri rannsóknar út af, svo og persónuleg afstaða verðlagsrannsóknarmanna til ákærða, er hann og styður kröfuna um framhaldsrannsókn við.

Ákærði telur ekki gerða nægа grein fyrir, eftir hverjum gögnum innkaupsverð hans sé reiknað í skýrslu verðlagsrannsóknarmannanna í dskj. nr. 300, né heldur, hver in gildandi verðlagsákvæði hafi verið, er rétt útsöluverð hafi verið reiknað eftir. Aðferðir verðlagsrannsóknarmannanna til að finna raunverulegt útsöluverð ákærða hafi verið mjög gallaðar og vanti fullkomna greinargerð um, á hvern hátt raunverulegt útsöluverð hverrar einstakrar vöru sé fundið. Ekki komi nægilega skýrt í ljós, hverja verðútreikninga verðlagsrannsóknarmennirnir hafi leiðrétt og af hvaða ástæðum. Aðferðir þeirra við reikning farmgjalda og vátryggingariðgjalda í útsöluverði vöru þarfnist fyllri skýringa en þegar séu fram komnar. Óábyggileg sé könnun verðlagsrannsóknarmannanna um ið selda magn vara þeirra, er þeir telji seldar of háu verði, og rannsóknar sé vant um eigin notkun ákærða af þeim svo og vörurýrnun. Gögn vanti um, að vörur, er verðlagsrannsóknarmennirnir telji ákærða hafa keypt við smásöluverði, hafi raunverulega verið við því keyptar.

Þá hafi verðlagsrannsóknarmennirnir sýnt ákærða svo mikinn óvildarhug, að einnig það geri framhaldsrannsókn nauðsynlega. Annar þeirra hafi t. d. ráðizt á son ákærða og haft við hann og um svo og um ákærða illyrði nokkur, er til þess bendi, að hann beri óvildarhug til ákærða. Fleira er og fram talið, er ákærða þykir benda á óvildarhug þessa verðlagsrannsóknarmanns til sín, en ekki þykir efni til að geta þess sérstaklega. Hinn verðlagsrannsóknarmanninn telur ákærði svo mikinn vin og náinn samstarfsmann þess, er aðallega hafi sýnt sér óvildarhug, að eitt sé um þá báða, og sé því þörf gagngerrar framhaldsrannsóknar um alla verðlagsrannsóknina.

Um það, er nú hefur verið rakið, er fram að taka:

Það má telja alkunnugt (notoriskt) meðal löglærðra manna, kaupsýslumanna og þeirra, er til kaupsýslu þekkja, hver séu in venjulegu gögn, er

hæf og næg séu til þess að kynna sér eftir innkaupsverð vöru, er kaupmaður hefur keypt í atvinnu sinni, og hvað við er átt, þegar talað er um venjuleg gögn í því efni. En báðir verðlagsrannsóknarmennirnir hafa tekið skýrt fram fyrir dómi, að innkaupsverð ákærða hafi verið fundið af innkaupareikningum og öðrum venjulegum gögnum. Gildandi álagningarreglur og verðlagsákvæði hvers tíma hafa og verið nægilega birt, til þess að ekki er um neinar grafgötur að fara eftir vitneskju um, hver þau hafi verið á hverjum tíma, en verðlagsrannsóknarmennirnir, verðgæzlustjóri og lögfræðilegur fulltrúi hans hafa allir skýrt frá því fyrir dómi, að rétt útsöluverð hafi verið reiknað í samræmi við gildandi álagningarreglur og verðlagsákvæði, er máli hafi skipt hverju sinni.

Ljóst er af skýrslu verðlagsrannsóknarmanna og fylgiskjölum hennar, að ið raunverulega útsöluverð ákærða hafa þeir í svo til öllum tilvikum fundið í skriflegum gögnum, er þeir tilgreina almennt, hver verið hafi. Aðeins í örfáum tilvikum byggja þeir raunverulegt útsöluverð a. m. k. öðrum þræði á munnlegum skýrslum verzlunarþjóna ákærða, og mun þá hafa verið um að ræða vörur, er enn fengust, þegar verðlagsrannsóknin var gerð. Aðferðir þessar eru um allt inar venjulegu aðferðir verðgæzlunnar við allar slíkar rannsóknir, og verður ekki séð, að neina nauðsyn beri til fyllri heimildagreiningar um raunverulegt útsöluverð ákærða en þegar er fram komin.

Skýrsla verðlagsrannsóknarmannanna og fylgiskjöl hennar þykja sýna nægilega ljóst, hverja verðútreikninga þeir leiðréttu og af hvaða ástæðum.

Aðferðir verðlagsrannsóknarmannanna um reikning farmgjalda og vátryggingariðgjalda þykja þegar nægilega ljóst skýrðar í rannsókninni, og af framburði ákærða sjálfs, bornum saman við þær skýringar, er a. m. k. ljóst, að ekki er á ákærða gengið með þeim aðferðum, er verðlagsrannsóknarmennirnir beittu í þessum efnum.

Þegar til þess er litið, sem þegar er komið fram um þann hátt, er verðlagsrannsóknarmennirnir höfðu á, þegar þeir könnuðu, hve mikið magn ákærði hefði selt hverrar einstakrar vöru, greindrar í dskj. nr. 300, verður ekki ætlað, að neitt nýtt kæmi fram um það efni, þótt efnt yrði nú til framhaldsrannsóknar, enda verður vart séð, að unnt hafi verið að beita öðrum aðferðum en gert var, þ. e. könnun í verzlunum ákærða og athugun birgðaskráa. Um eigin notkun ákærða af umræddum vörum svo og hugsanlega rýrnun þeirra í sölumeðferðinni verður ekki heldur séð, að unnt sé að leiða neitt í ljós með framhaldsrannsókn. Þau efni verða hins vegar tekin til sérstakrar athugunar í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Næg gögn þykja þegar fram komin um, hvort hver einstök vara, greind í dskj. nr. 300, er keypt smásöluverði eða heildsölu.

Þau ummæli og atvik, er ákærði telur sýna, að verðlagsrannsóknarmennirnir og einkum þó annar þeirra beri til hans óvildarhug, eru sprottin af atburðum, sem mjög er um deilt, af hverjum rótum hafi verið runnir. Þeir gerðust hins vegar ekki, fyrr en verðlagsrannsóknarmennirnir höfðu alveg lokið rannsókn sinni hjá ákærða, gengið frá skjölum sínum og gögn-

um og biðu flugferðar til Reykjavíkur. Þykir þegar af þeirri ástæðu engin þörf framhaldsrannsóknar í tilefni af þeirri ætlan ákærða, að verðlagsrannsóknarmennirnir beri til hans óvildarhug. Vill formaður sakadómsins og láta þess getið hér, að hann fylgdist eftir föngum með verðlagsrannsókninni og varð ekki annars var en að verðlagsrannsóknarmennirnir ynnu hana af dugnaði, samvizkusemi og fullkomnu hlutleysi gagnvart ákærða, enda létu þeir þess oft getið við dómsformanninn, að þeir slepptu öllu, er þeir teldu ekki alveg ótvíræð verðlagsbrot, og lét formaðurinn í ljós fullkomið samþykki sitt við því, að því leyti sem hann lét sig verðlagsrannsóknina varða.

Telja verður, af þeim ástæðum, sem raktar hafa verið hér að framan, að ekki sé ástæða til framhaldsrannsóknar málsins, að því er verðlagsrannsóknina varðar, enda verður að líta svo á, að þegar liggi fyrir nægilega mikil og ljós gögn, til þess að ákærði geti tjáð sig um, hvort verðlagsrannsóknarmennirnir tilgreina réttilega innkaupsverð hverrar einstakrar vöru, greindrar í dskj. nr. 300, heimilt útsöluverð hennar og raunverulegt útsöluverð svo og öll þau atriði önnur, er máli skipta um reikning ins ólöglega hagnaðar hans, sem nefnt dskj. gerir ráð fyrir.

Þess skal getið, að enda þótt formaður dómsins kveði úrskurð þenna upp einsamall, þá hefur hann notið sérfræðilegrar aðstoðar meðdómsmannanna um athuganir þær, sem gera þurfti, áður en þessi kafli úrskurðarins var saminn.

Er þá komið að athugun þess, er ákærði telur bókhaldsrannsókninni svo áfátt um, að framhaldsrannsóknar sé þörf, svo og óvildarhugar þess, sem ákærði telur þann, er hana framkvæmdi, bera til sín, er valdi því, að rannsóknin sé hlutdræg og þarfnist einnig af þeirri ástæðu gagnrýni í formi framhaldsrannsóknar.

Ákærði segir, að inn löggilti endurskoðandi, er bókhaldsrannsóknina framkvæmdi, telji ýmsar færslur bókhaldslega rangar, en tilgreini þær ekki. Að þessari staðhæfingu verði að leiða fyllri rök en gert sé í skýrslu endurskoðandans í dskj. nr. 305, ef mark eigi á að taka.

Endurskoðandinn hafi ekki gengið nægilega úr skugga um fylgiskjöl með erlendum póstkröfum svo sem innkaupareikninga og tollreikninga, er vel megi vera, að liggi hjá fyrrverandi trúnaðarmanni verðlagsstjóra í Vestmannaeyjum.

Endurskoðandinn hafi ekki lagt næga áherzlu á að athuga innflutning ákærða.

Endurskoðandinn hafi í frammi ágizkanir, er hann síðan dragi af ályktanir umfram það, sem heimilt sé og rétt geti talizt.

Þá hafi endurskoðandinn oftlega vanrækt að afla ýmsrar vitneskju í sambandi við bókhaldsrannsóknina, t. d. um, hve margar starfsstúlkur ákærði hafi á heimili sínu, hvort ákveðnir menn væru lausamenn hjá ákærða eða fastir starfsmenn, hvers konar fulltrúi ákærða Ásmundur Guðjónsson, starfsmaður hans, sé, viðskipti ákærða við bæjarsjóð Vestmannaeyja, færslur hjá ýmsum viðskiptaaðiljum ákærða, tilsvarandi færslur hans og þá, hvort rétt sé fært hjá þeim.

Enn fremur hafi endurskoðandanum borið að gera sjálfstæðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir ákærða til að styðja þá fullyrðingu sína, að bókhald ákærða sé rangt, og hefði sá reikningur átt að sýna greinilega, hvað rangt hefði reynzt.

Óvildarhug endurskoðandans til sín og af honum leiðandi hlutdrægni telur ákærði koma fram í ýmsum atriðum í endurskoðunarskýrslunni og þá, að því er ætla verður, helzt þeim, er hann samkvæmt framansögðu telur skýrslunni svo áfátt um, að þörf sé framhaldsrannsóknar.

Verða nú þau atriði rædd, er ákærði telur eiga að leiða til framhaldsrannsóknar um bókhald hans, og þá í þeirri röð, sem þau eru sett hér að framan.

Það er misskilningur hjá ákærða, að endurskoðandinn tilgreini ekki færslur, er hann telur bókhaldslega rangar. Er mikill fjöldi þeirra tilgreindur í skýrslu hans og það svo að telja má, að verulegur hluti hennar og fylgiskjala hennar snúist um slíkar færslur, sérstaklega tilgreindar.

Í endurskoðunarskýrslunni segir, að undantekningarlaust hafi engin fylgiskjöl verið með erlendum póstkröfum, hvorki innkaupareikningar né tollreikningar. Telur endurskoðandinn trúnaðarmann verðlagsstjóra í Vestmannaeyjum ekki hafa verðútreiknað póstkröfuvörur, og verður þá ekki ætlað, að nein fylgiskjöl um þær séu í hans vörzlum. Virðist því hér um hreinan fyrirslátt að ræða af hálfu ákærða.

Telja verður eftir endurskoðunarskýrslunni, að ekki sé unnt að rannsaka innflutning ákærða nánar en gert hefur verið eftir bókhaldi hans og fylgiskjölum þess, svo ófullkomið og fylgiskjalalítið sem endurskoðandinn telur bókhaldið hafa verið. Þykir því ekki verða ætlað, að framhaldsrannsókn um innflutninginn leiddi neitt nýtt í ljós ákærða í hag, og eins og ákæru málsins er háttað, verður ekki fallizt á, að nauðsyn sé fyllri rannsóknar innflutnings ákærða á öðrum stöðum.

Það þykir mega ætla, að þau atriði, er endurskoðandinn ræðir í skýrslu sinni, án þess að taka alveg ákveðna afstöðu til þeirra, verði ekki að fullu skýrð við nánari athugun á bókhaldi ákærða og fylgiskjölum þess. Til ályktana endurskoðandans af slíkum atriðum verður tekin afstaða í væntanlegum efnisdómi í málinu, og virðist það ekki munu valda erfiðleikum eftir endurskoðunarskýrslunni, eins og hún er úr garði gerð.

Ekki verður talið, að skýrslu endurskoðandans sé svo ábótavant um upplýsingar, varðandi þau atriði, sem ákærði hefur sérstaklega til tínt, að endurskoðandinn hafi vanrækt að afla vitneskju um, að framhaldsrannsóknar teljist þörf þeirra vegna. Virðast atriði þessi ýmist með öllu þýðingarlaus um úrslit málsins eða, eins og ákæru er háttað, nægilega skýrð í endurskoðunarskýrslunni.

Þá þykir ekki verða á það fallizt, að nauðsynlegt hafi verið, að endurskoðandinn gerði sjálfstæðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir ákærða til að sýna, um hvað bókhaldi hans hafi verið áfátt, enda er hvort tveggja, að það þykir eftir atvikum koma nægilega glöggt fram í skýrslu endurskoðandans, eins og hún liggur fyrir, og samkvæmt skýrslunni er bók-

hald ákærða í slíku ástandi, að ekki verður talið, að unnt sé að semja eftir því rétta reikninga.

Um óvildarhug þann, er ákærði telur endurskoðandann bera til sín, og hlutdrægni endurskoðandans af þeirri ástæðu er það fram að taka, að slíkt þykir ekki verða ætlað af endurskoðunarskýrslunni, og þar sem engin sérstök rök eru að því leidd, er ekki ástæða til að ætla framhaldsrannsóknar þörf af þeirri ástæðu.

Niðurstaðan verður því sú, að ekki verður talið, að neina nauðsyn beri til að láta fram fara framhaldsrannsókn á bókhaldi ákærða. Þykir sú rannsókn þess, er þegar hefur fram farið, nægilega ljós til að taka eftir henni efnislega afstöðu til ákæruatriða málsins.

Formaður sakadómsins getur þess, að enda þótt hann kveði einn upp úrskurð þenna, þá hefur hann þó notið aðstoðar ins bókhaldsfróða meðdómanda í þeirri rannsókn gagna, sem nauðsynleg var, áður en þessi kafli úrskurðarins var saminn.

Um 5. Málskostnaðarkröfu verjanda ákærða, hrl. Sigurðar Ólasonar, verður ekki sinnt á þessu stigi málsins, þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður fyrr en í væntanlegum efnisdómi skorið úr um það, á hvern málskostnaður verður lagður.

Verjandi ákærða, Sigurður hrl. Ólason, fer á nokkrum stöðum í framangreindri greinargerð sinni með ýmsar staðleysur, sem sumar eru orðnar ljósar af framanskráðu, en að öðru leyti þykir ekki efni til að rekja í úrskurði þessum. Þykir verða að telja honum slíkt til skeytingarleysis í starfa hans, sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951, og átelja hann fyrir það, en hins vegar þykir ekki ástæða til að beita hann sektum af þessu efni þessu sinni.

Þá viðhefur verjandinn og ýms ósæmileg og tilefnislaus ummæli á víð og dreif í greinargerðinni um formann sakadómsins, Dómsmálaráðuneytið, Gunnar Þorsteinsson, fyrrum bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, Jóhann Þ. Jósefsson alþingismann, Þorvald Ara Arason og Björn Jakobsson verðlagsrannsóknarmenn og Franz A. Andersen, löggiltan endurskoðanda. Segir hann t. d.:

Um formann sakadómsins: 1) Að engin viðhlítandi skýring sé á drætti málsins önnur en sú, „að dómarinn, Gunnar A. Pálsson, hafi af einhverjum ástæðum ekki kært sig um að hraða því, eða ekki gefið sér tíma til þess að vinna samfellt að málinu". 2) Að rannsókn málsins hafi verið hagað þannig, að ákærða „yrði sem mest tjón og skapraun að". 3) Að enginn treystist til að neita lengur, „að mál þetta sé í höndum Gunnars A. Pálssonar hreint ofsóknarmál ....". Ákærði hafi átt kröfu til að hafa með sér í dóm réttargæzlumann eða verjanda skv. lögum nr. 27/1951, „sem dómarinn þykist fara eftir ....", og séu bókanir dómenda um það efni, sem „þeir þykjast hafa verið „sammála" um" .... „ekkert annað en fáránlegt yfirklór" (hér er talað um meðdómendurna ásamt formanni sakadómsins).

Um Dómsmálaráðuneytið: 5) Að formaður sakadómsins hafi aðallega verið skipaður til meðferðar þessa máls, vegna þess að ætlað hafi verið,

„að hann yrði nægilega harðsnúinn í garð „sakbornings", umfram það, sem venjulegt er um málsmeðferð fyrir hinum almennu, venjulegu héraðsdómum". 6) Að ráðuneytið hafi sent sér (þ. e. verjandanum) „ræfil úr einu slíku bréfi (þ. e. bréfi, er formaður sakadómsins hafi ritað ráðuneytinu, meðan rannsókn máls þessa stóð), eftir að klippt (sic) höfðu verið úr því setningar á víð og dreif af ástæðum, sem geta má sér nokkurn veginn til um. Þó var þar ein setning, sem auðsjáanlega hefur gleymzt að klippa úr ....".

Um formann sakadómsins og Dómsmálaráðuneytið: 7) Í framhaldi af ad. 6: „.... En jafnvel þessi eina setning, sem slysazt hefur inn í mál þetta, talar sínu skýra máli um það, hver séu áform og „innstilling" dómarans gagnvart skjólstæðingi mínum".

Um Gunnar Þorsteinsson: 8) „.... sýndist hernaðaráætlun Gunnars Þorsteinssonar (þ. e. í sambandi við framangreint gerðardómsmál) þar með að engu orðin".

Um formann sakadómsins og Gunnar Þorsteinsson: 9) Málskostnaðarákvæði þeirra (þ. e. í framangreindum gerðardómi) var „ekkert annað en hrein ósvífni og ögrun gegn skjst. mínum ....".

Um Jóhann Þ. Jósefsson: 10) „Af öllum almenningi er fyrir löngu litið á málið sem pólitískt litað mál, ofsóknarmál öðrum þræði, enda vitað, að til þess er stofnað að undirlagi Jóhanns Þ. Jósefssonar ....".

Um Þorvald Ara Arason og Björn Jakobsson: 11) „Það er engu líkara en hún (þ. e. verðlagsrannsóknarskýrsla þeirra Þorvalds og Björns) hafi verið samin í gríni". 12) Enda sýni skýrsla verðlagsrannsóknarmannanna, „að þeir hafa hvergi nærri sézt fyrir í ákafa sínum að sekja umbj. minn, svo að það er jafnvel hlægilegt, hve langt þeir hafa gengið".

Um Franz A. Andersen: 13) Nær væri, að óviðkomandi maður, er liti á skýrslu endurskoðandans segði, „að skýrsla hans væri tilbúningur einn". 14) „Hvað á þá öll langloka F. A. A. að þýða, allar hans þýðingarlausu fyrirspurnir o. s. frv.". 15) „Ég tel mig hafa sýnt nægilega fram á það, að skýrsla F. A. A. og „niðurstöður" hans eru hreint bull og slúður ....". 16) „Ástæðan til þess, að hann hefur ekki viljað komast að niðurstöðu eftir þeim leiðum, sem venjulega eru farnar, sem sé að leiða rök að niðurstöðunum, hlýtur að vera sú, að hann hafi verið búinn að komast að niðurstöðu fyrirfram, eða hann hefur hreint og beint ekki sézt fyrir í ákafa sínum að sverta skjst. minn og koma honum á kné".

Þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja öll þessi ummæli og refsa verjandanum fyrir þau.

Samkvæmt öllu því, er nú hefur verið rakið, verður engri af framangreindum kröfum ákærða sinnt. Framangreind ósæmileg og tilefnislaus ummæli verjanda ákærða verða ómerkt og honum refsað fyrir þau. Þykir refsingin skv. 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 hæfilega ákveðin 500 króna sekt, er skv. 163. gr. sömu laga renni í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá löglbirtingu úrskurðar þessa.

Ályktarorð:

Framangreindum kröfum ákærða, Helga Benediktssonar, verður ekki sinnt.

Verjandi ákærða, hrl. Sigurður Ólason, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu úrskurðar þessa. Svo skulu og framangreind ummæli vera dauð og ómerk.

Miðvikudaginn 28. janúar 1953.

Nr. 51/1951. **Þorvaldur Guðjónsson f. h. eigenda v/s Leós II V.E. 36** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda e/s Carolia (Sveinbjörn Jónsson)
og
Sveini Benediktssyni f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, eiganda farms ofangreinds skips, (Einar B. Guðmundsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun. Fyrning sjóveðskröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1951, gerir þessar dómkröfur:

1. Að staðfest verði kyrrsetningargerð í e/s Carolia frá Ystad, er fram fór 19. ágúst 1947.

2. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum 80.000 sænskar krónur með 6% ársvöxtum frá kyrrsetningardegi til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og

4. Að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Carolia til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar af sinni

hálfu með stefnu 7. júní 1951. Krefjast eigendur e/s Carolia þess aðallega, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Af hálfu farmeiganda er aðallega krafizt algerrar sýknu, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða aðaláfrýjanda smávægilega þóknun. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Krafa aðaláfrýjanda um björgunarlaun af farmi þeim, sem var í e/s Carolia, kom ekki fram fyrr en í stefnu á hendur farmeiganda 16. marz 1951. Var sú krafa þá fyrnd samkvæmt 4. tölulið 251. gr. laga nr. 56/1914. Verða því ekki dæmd björgunarlaun af farmi skipsins, og Síldarverksmiðjur ríkisins því sýknaðar af kröfu aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að fallast á það, að hjálp sú, er v/s Leó II veitti e/s Carolia dagana 6.—8. ágúst 1947, hafi verið björgun. Ennfremur ber að fallast á, að rétt sé með skírskotun til 1. mgr. 232. gr. laga nr. 56/1914 að ógilda björgunarsamning þann, sem skipstjórinn á e/s Carolia gerði við skipstjórann á v/s Leó II, að því er varðar fjárhæð björgunarlauna, þar sem hana ber að telja ósanngjarna. Hins vegar leiðir ekki af þessu, að ógilda beri ákvæði samningsins um, að björgunarlaunin ákveðist í sænskum krónum, og brestur rök til að hnekkja því atriði björgunarsamningsins.

Þegar litið er annars vegar til þess, sem rakið er í héraðsdómi um töf v/s Leós II frá síldveiðum og um fyrirhöfn skipverja á því skipi, svo og til hættu þeirrar, sem e/s Carolia var stödd í, og verðmætis skipsins, er telja ber 515 þúsund íslenzkar krónur samkvæmt yfirmati, en hins vegar til þess, að hætta sú, er samfara var björgunarstarfinu, verður ekki talin sérstaklega mikil, þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin 30.000.00 sænskar krónur. Ber því að dæma eigendur e/s Carolia til þess að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi segir.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðar þeirrar, er fram fór í e/s Carolia 19. ágúst 1947.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eigendur e/s Carolia til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í e/s Carolia fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Síldarverksmiðjur ríkisins á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þorvalds Guðjónssonar f. h. eigenda v/s Leós II, V.E. 36, í máli þessu. Málskostnaður, að því er þessa aðilja varðar, fellur niður.

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Gagnáfrýjandi Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia greiði aðaláfrýjanda sænskar krónur 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. ágúst 1947 til greiðsludags og íslenzkar krónur 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í e/s Carolia fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Þorvaldur Guðjónsson, skipstjóri í Vestmannaeyjum, f. h. eigenda v/s Leós II, V.E. 36, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. ágúst 1947, gegn Gunnari Guðjónssyni skipamiðlara, hér í bæ, f. h. eigenda e/s Carolia frá Ystad í Svíþjóð til greiðslu björgunarlauna, staðfestingar á löghaldsgerð, er fram hafði farið í skipinu, og viðurkenningar á sjóveðrétti í því til tryggingar dómkröfunum. Þá tilkynnti stefnandi Carli Finsen framkvæmdastjóra f. h. Trolle & Rothe h.f., hér í bænum, vegna vátryggjenda e/s Carolia um málshöfðunina.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 25. september 1947, stefndi stefnandi Sveini Benediktssyni framkvæmdastjóra, hér í bæ, f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, eiganda farmsins í e/s Carolia til réttargæzlu svo og Einari Péturssyni stórkaupmanni, hér í bænum, vegna The Liverpool & London & Globe Insurance Company, Ltd., vátryggjenda farmsins.

Með stefnu, útgefinni 16. september 1948, gekk Theódór Líndal hrl., hér í bæ, inn í málið f. h. Karls Johans Pettersons, Folke Steinars og Niels Steinars, allra til heimilis í Öckerö í Svíþjóð, en menn þessir töldu sig eigendur v/s Leós II, og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi eða það hafið. Í þinghaldi 9. þ. m. var meðalgöngusökin hafin, en aðalstefnandi skyldi framvegis reka málið vegna allra eigenda v/s Leós II.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 16. f. m., hefur aðalstefnandi vegna allra eigenda v/s Leós II, V.E. 36, endanlega gert eftirgreindar dómkröfur.

1. *Að* staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í e/s Carolia hinn 19. ágúst 1947 til tryggingar kröfum stefnenda.
2. *Að* stefndu, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia og Sveinn Benediktsson f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, eiganda farms í skipinu, verði dæmdir til að greiða stefnendum, eigendum v/s Leós II, sænskar kr. 80.000 auk 6% ársvaxta frá kyrrsetningardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.
3. *Að* viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnenda í e/s Carolia til tryggingar dómkröfunum.

Þá tilkynntu stefnendur áðurgreindum vátryggjendum skips og farms málshöfðunina, en gerðu engar kröfur á hendur þeim, og ekki hafa vátryggjendur gert sjálfstæðar kröfur í málinu.

Stefndu hafa samþykkt framangreinda málsmeðferð og kröfugerð stefnenda, en mótmælt kröfum þeirra. Hefur lögmaður eigenda e/s Carolia krafizt þess, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda, einnig eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess, að björgunarsamningur sá, sem síðar verður greint frá, verði metinn ógildur og þóknunin til stefnenda verði tiltekin í íslenzkum krónum. Hins vegar hefur lögmaður farmeigenda aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnendum verði aðeins dæmd smávægileg þóknun fyrir aðstoð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Eftir gögnum málsins virðast málavextir þessir:

Samkvæmt útdrætti úr dagbók e/s Carolia hélt skipið þriðjudaginn 5. ágúst 1947 kl. 19.45 frá Raufarhöfn áleiðis til Skagastrandar með saltfarm. Kl. 11.43 miðvikudaginn 6. ágúst hafði skipið Skagatá í réttvísandi S 25° í um 3 sjómílna fjarlægð. Siglt var í stefnu réttvísandi S 65° V. Skipstjóri e/s Carolia, sem annaðist stjórn skipsins til kl. 12.30, fól þá I. stýrimanni stjórnina, og hafði skipið þá siglt um 6 sjómílur síðan kl. 11.43. Eftir um einnar sjómílu siglingu sást Kálfshamarsviti og Rifsnes kl. 12.38. Er skipið hafði siglt eina sjómílu til viðbótar í sömu stefnu og áður, var stefnu þess breytt kl. 12.45 í réttvísandi S 30° V. Síðan var siglt í þá stefnu til kl. 13.00, en þá strandaði skipið á Skallarifi. Er rif þetta með stórgerðum sléttum klöppum og liggur út frá Rifsnesi í réttvísandi vest- norðvestlæga átt. Rifið er óskipgengt allt að tvær sjómílur frá stórstraumsfjörumáli.

Aðiljana greinir á um það, við hvaða tíma sé miðað í dagbók e/s Carolia.

hvort það hafi verið sænskur tími, íslenzkur meðaltími eða íslenzkur sumartími. En þar sem skipið var í siglingu milli íslenzkra hafna í umrætt skipti, verður að teljast sennilegast, að á skipinu hafi verið farið eftir íslenzkum sumartíma. Samkvæmt íslenzka sjómannaalmanakinu frá 1947 var árdegisflæði á Skagaströnd hinn 6. ágúst kl. 12.33 eftir íslenzkum sumartíma. Bar strandið því að með háum sjó.

Þegar e/s Carolia strandaði, var veður hið bezta og sjólaust, og samkvæmt vottorðum Veðurstofunnar í Reykjavík var veður gott á Hrauni á Skaga dagana 6.—12. ágúst 1947 að báðum dögum meðtöldum. Þá mun hafa verið sjólaust þessa daga á strandstaðnum.

Þegar skipið hafði strandað, var vél þess stöðvuð og mælt vatnshæð í geymum, rennusteinum og stafnhylki skipsins, en ekki varð vart við neinn leka. Þá voru og gerðar dýptarmælingar umhverfis skipið og reyndist dýpið að framan 11 fet, miðskips 9 fet og að aftan 14 fet.

Undir kvöld hinn 6. ágúst kom v/s Leó II V.E. 36, sem á þeim tíma stundaði síldveiðar fyrir Norðurlandi, á vettvang. Var Þorvaldur Guðjónsson frá Vestmannaeyjum skipstjóri skipsins, sem er 73 brúttósmálestir að stærð. Var á skipinu 16 manna áhöfn alls og hafði það tvo herpinótabáta. Höfðu skip verið beðin að koma e/s Carolia til hjálpar um símstöðina á Skagaströnd. Bauð skipstjóri Leós fram aðstoð sína og var boðið þegið „þar eð skipið var mjög illa statt og enga hjálp var að fá", eftir því sem segir í dagbók e/s Carolia. Gerðu skipstjórar e/s Carolia og v/s Leós með sér björgunarsamning. Er hann dagsettur 6. ágúst og segir í honum, að hann sé gerður í e/s Carolia, og hefur því ekki verið hnekkt. Meðal annars var ákveðið í samningnum, að komist e/s Carolia af grunni, þegar nokkrum hluta farmsins hafi verið mokað útbyrðis með aðstoð v/s Leós og áhafnar skipsins, skuli greiða eigendum Leós sænskar kr. 80.000.00. Kæmist e/s Carolia hins vegar ekki á flot, skyldi greiða helming þeirrar fjárhæðar eða sænskar kr. 40.000.00. Er þess getið í samningnum, að skipstjóri v/s Leós áætli aflatjón skipsins vegna tafar þess frá síldveiðum 40—50 þúsund íslenzkar krónur og í athugasemd, sem skráð er á samninginn segir, að þessi fjárhæð sé minnsta aflatjón Leós á dag.

Í dagbók e/s Carolia segir, að þegar skipið var strandað, hafi akkeri verið lagt aftur af skipinu og bæði stafnakkerin flutt aftur á, til þess að akkerin öll væru til taks á næsta flóði, því að ákveðið hafði verið að reyna þá að ná skipinu út með átökum vélarinnar og akkeranna. Í skýrslu skipstjóra Leós segir hins vegar, að varpakkeri e/s Carolia hafi verið flutt með öðrum herpinótabát Leós aftur af skipinu, til að koma í veg fyrir að því slægi flötu, en það hafi ekki fengið hald. Þá hafi hann látið flytja bæði bógakkeri Carolia aftur með og út frá skipinu. Verður að telja skýrslu skipstjóra Leós um þetta atriði sennilega, þar sem e/s Carolia var strandað, og ekki verður séð, að það hafi sett bát á flot, er flutt gæti akkerin frá skipinu. Á kvöldflóðinu aðfaranótt 7. ágúst var tekið í akkerin með vindum og samtímis var vél e/s Carolia látin ganga með fullri ferð aftur á bak, en þetta dugði ekki.

Skipstjóri v/s Leós taldi strandstaðinn svo hættulegan, að hann þorði ekki að sigla skipinu svo nálægt e/s Carolia, að dráttartaug yrði komið á milli skipanna í því skyni að reyna að draga hið strandaða skip af grunni. Var því ákveðið að létta e/s Carolia, með því að losa af farmi skipsins í sjóinn. Hjálpuðust áhafnir beggja skipanna við að koma saltinu útbyrðis með þeim tækjum, sem þær höfðu yfir að ráða, og má ætla, að þær hafi unnið svo ósleitilega að þessu, sem við varð komið. Á hverju flóði var reynt að losa e/s Carolia af rifinu með vindum, akkerum og vélarafli skipsins. Meðan þessu fór fram, beið v/s Leó með nótabátum sínum á strandstaðnum, og voru nótabátarnir notaðir til þess að flytja skipverja Leós milli skipanna, eftir því sem með þurfti. Þá var um talstöð v/s Leós haft stöðugt samband við land og fregnað um veðurhorfur, en senditæki talstöðvar, sem var í e/s Carolia, voru í ólagi. Kl. 13.45 föstudaginn 8. ágúst losnaði e/s Carolia af rifinu með afli eigin vélar. Hafði þá verið sett í sjóinn af saltfarmi skipsins 407,5 smálestir. Er skipið var komið á flot, varð leka vart í stafnhylkinu. Hélt skipið síðan ferð sinni áfram til Skagastrandar, en hafði stýrimann frá v/s Leó innanborðs. Þá fylgdist v/s Leó með skipinu þangað. Komu skipin til Skagastrandar kl. 16.40, og lagðist e/s Carolia við akkeri á legunni. Kl. 21.15 var hafnsögumaður fenginn um borð og síðan lagzt að bryggju. Við komuna til Skagastrandar var djúprista skipsins að framan 8'9", að aftan 10'8" og miðskips 9'8½". Samkvæmt framansögðu hafa því liðið um 2 sólarhringar frá því v/s Leó kom á strandstaðinn og þar til e/s Carolia var komið að bryggju. Á Skagaströnd var affermt það, sem eftir var í skipinu af saltfarminum, og reyndist það 372,5 smálestir. Hinn 11. ágúst lét skipstjóri e/s Carolia kafara rannsaka skipið, en kafari gat ekki fundið neinar skemmdir á botni þess. Frá Skagaströnd hélt skipið til Siglufjarðar 13. ágúst og kom þangað um kvöldið. Hinn 19. ágúst var í fógetarétti Siglufjarðar lagt löghald á e/s Carolia til tryggingar björgunarlaunum samkvæmt áðurgreindum samningi að fjárhæð sænskum krónum 80.000.00 auk vaxta frá kyrrsetningardegi til greiðsludags, kostnaðar við gerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kæmi. Við löghaldsgerðina viðurkenndi skipstjóri e/s Carolia fyrrgreindan björgunarsamning og að framkomnar kröfur væru réttmætar.

Samkvæmt matsgerð, dags. 27. ágúst 1947, var e/s Carolia metin, þar sem skipið lá á Siglufjarðarhöfn, af dómkvöddum yfirmatsmönnum á ísl. kr. 515.000.00, en aðiljar eru sammála um að verðmæti saltsins, sem komst til Skagastrandar, hafi numið kr. 66.372.05.

Stefnendur reisa dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. E/s Carolia hafi verið strönduð á hættulegum stað. Telja þeir, að hefði veður versnað eða sjó brimað, mundi skipið hafa liðast sundur og týnzt með öllum fjárhlut. Hafi því verið nauðsynlegt að hraða því að létta skipið, til þess að losa það af grunni, þar sem, eins og á stóð, hafi ekki verið önnur úrræði til þess að ná skipinu á flot. Þetta hafi tekizt harla giftusamlega, því að skipinu sjálfu og nærri helmingi farmsins hafi orðið bjargað. Þá skírskota stefnendur jafn-

framt til björgunarsamningsins, sem þeir telja að ekki verði véfengdur eftir reglum 232. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, þar eð skipstjóri e/s Carolia hafi staðfest samninginn, eftir að skipið var komið úr allri hættu, bæði á Skagagrönd, en þar hafi samningurinn fyrst verið skráður, enda þótt hann hafi verið gerður áður en björgun hófst, og síðar á Siglufirði við löghaldsgerðina, enda séu hin umsömdu björgunarlaun og allt of lág. Telja þeir virðingu yfirmatsmanna á skipinu óhæfilega lága og benda því til stuðnings á, að í yfirmatsgerðinni komi fram, að skipið hafi í maí 1947 verið keypt á £ 37500-0-0, en með þáverandi gengi hafi kaupverðið numið ísl. kr. 983.250.00. Verðmæti skipsins hafi því verið þetta að björgun lokinni, og hafi þá hin björguðu verðmæti numið samtals ísl. kr. 1049622.05, en hin umsömdu björgunarlaun nemi aðeins ca. 13,8% af þeirri fjárhæð. Loks séu í björgunarlaununum innifaldar bætur fyrir aflatjón og skemmdir á öðrum nótabátnum, er stefnendur kveða, að hafi brotnað nokkuð við björgunina.

Lögmaður farmeiganda reisir sýknukröfuna á því, að honum hafi verið bakað stórtjón, þar sem meiri hluta farmsins hafi verið varpað fyrir borð. Að öðru leyti reisa stefndu kröfur sínar á sömu rökum. Í fyrsta lagi halda þeir því fram, að hin veitta hjálp hafi verið aðstoð, en ekki björgun. Þá hafi aðstoðin verið óheppileg og óeðlileg, þar sem hún hafi verið að mestu í því fólgin að varpa farmi í sjóinn, í stað þess að flytja a. m. k. eitthvað af honum yfir í v/s Leó eða önnur skip. Jafnframt telja þeir að ónýta beri björgunarsamninginn eftir ákvæðum 2. málsgr. 232. gr. siglingalaganna. Krefjast þeir þess, að yfirmatsgerðin sé lögð til grundvallar um verðmæti skipsins að hjálpinni lokinni og mótmæla sem markleysu staðfestingum skipstjóra e/s Carolia á björgunarsamningnum eftir á, þar sem ekki falli undir valdsvið skipstjóra að semja um björgunarlaun, eftir að björgun sé lokið. Þá benda stefndu á, að áætlanir skipstjóra v/s Leós í björgunarsamningnum um aflatjón skipsins gefi til kynna, að samningurinn muni hafa verið gerður á röngum forsendum, þar sem þær keyri úr hófi fram, en sumarið 1947 hafi síldveiði verið mjög lítil fyrir Norðurlandi. Loks mótmæla stefndu bótum til stefnanda fyrir skemmdir á nótabát.

Fallast verður á það hjá stefnendum, að hjálp sú, sem lýst er hér að framan, falli undir björgun. E/s Carolia var strandað á hættulegum stað og því statt í neyð. Nauðsynlegt var vegna staðhátta að vinda bráðan bug að því að létta skipið, með því að losa farm þess í sjóinn, þar sem ekki voru fyrir hendi önnur úrræði til þess að ná skipinu á flot, og ekki voru tök á því, eins og á stóð, að bjarga farmi þess í land eða í önnur skip. Þá var nauðsynlegt að v/s Leó dveldist við strandstaðinn vegna skipverja sinna, er í e/s Carolia unnu, svo og til þess að vera til taks að bjarga mönnum úr skipinu, ef veður versnaði og aðstoða skipið, ef það yrði ósjálfbjarga, þegar það losnaði af grunni. Enn verður að telja eðlilegt, að v/s Leó fylgdi e/s Carolia til Skagastrandar, eftir að það losnaði af grunni, þar eð leka varð vart í því, svo sem áður er sagt. Hjálpin tókst vel og bar þann árangur, að e/s Carolia og tæplega helm-

ingur farmsins bjargaðist. Hefur því krafa lögmanns farmeiganda um sýknu ekki við rök að styðjast. Stefnendur hafa í engu hnekkt áðurgreindri yfirmatsgerð. Ber því að leggja hana til grundvallar um verðmæti e/s Carolia. Námu því hin björguðu verðmæti samtals kr. 581.372.05. Sumarið 1947 var frekar rýr síldveiði fyrir Norðurlandi. Samkvæmt vottorði Fiskifélags Íslands lagði v/s Leó það sumar afla á land, sem hér segir: 26. júlí 489 mál, 2. ágúst 1037 mál og 16. ágúst 54 mál eða samtals 1580 mál. Þá var heildarafli samkvæmt vottorði sama félags dagana 9.—15. ágúst á síldveiðum við Norðurland 45021 hl. í bræðslu og 13754 tn. í salt. Verð á saltsíld (sic) þetta sumar var kr. 40,30 málið. Stefnendur hafa samþykkt, að stefndu kæmu að kröfu um ónýtingu björgunarsamningsins án gagnstefnu, enda er krafan um ógildingu samningsins komin fram í málinu áður en frestur sá, sem tilskilinn er í síðustu málsgrein 232. gr. siglingalaganna, var útrunninn.

Telja verður, að hin umsömdu björgunarlaun séu samkvæmt framansögðu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá, sem veitt var. Ber því að ónýta björgunarsamninginn, sem gerður var, meðan hætta vofði yfir, og ákveða stefnendum hæfileg björgunarlaun, enda verður ekki talið, að í stöðuumboði skipstjóra felist heimild til að staðfesta áðurgreindan björgunarsamning eða gera slíkan samning eftir að björgun er lokið. Engin gögn hafa verið lögð fram um afla annarra síldveiðiskipa á nálægum slóðum við strandstaðinn dagana 6.—8. ágúst, en ætla má, að v/s Leó hafi beðið nokkurt aflatjón vegna tafar frá síldveiðum vegna björgunarinnar, og eiga stefnendur rétt á að fá það bætt. Hins vegar hafa stefnendur engin gögn lagt fram um það, hvort tjón hafi orðið á nótabát v/s Leós eða þá hversu mikið, enda þótt þeim hefði átt að vera það í lófa lagið. Verða þeim því ekki gegn mótmælum stefndu dæmdar bætur fyrir tjón á nótabátnum.

E/s Carolia var í hættu stödd, þar sem hún var strönduð á Skallarifi. Hins vegar var v/s Leó, nótabátar eða skipshöfn þess ekki lögð í hættu við björgunina. Er þetta er virt svo og verðmæti hins bjargaða og önnur málsatvik, sem lýst er nákvæmlega hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnenda í heild, þar með taldar bætur fyrir aflatjón, hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 6000.00, og er þar með talinn yfirmatskostnaður. Þá ber að staðfesta framangreinda löghaldsgerð í e/s Carolia og viðurkenna sjóveðrétt stefnenda í nefndu skipi til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Vegna páskaleyfis og þar sem mál þetta er all umfangsmikið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í því fyrr.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndu, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia frá Ystad

og Sveinn Benediktsson f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Þorvaldi Guðjónssyni vegna eigenda v/s Leós II, V.E. 36, kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. ágúst 1947 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í e/s Carolia til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1953.

Nr. 153/1951. **Anna Friðriksson** (Jón N. Sigurðsson),
gegn
Halldóri Björnssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. sept. s. á. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir með hliðsjón af því, að áfrýjun málsins var gersamlega ófyrirsynju, hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Anna Friðriksson, greiði stefnda, Halldóri Björnssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1951.

Mál þetta, er dómtekið var í dag, hefur Halldór Björnsson múrarameistari, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. febrúar 1950 gegn Önnu Friðriksson frú, Marargötu 2, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 23.400.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins færði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar niður í kr. 9.060.00.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1947 tók stefnandi að sér byggingu bifreiðaskýla og lagfæringu á lóð stefndu, nr. 14 við Suðurgötu, hér í bæ. Kostnaður við framkvæmdir þessar nam samkvæmt mati dómkvaddra manna kr. 67.900.00. Í mati þessu voru stefnanda ekki reiknaðar prósentur af efni til framkvæmdanna, en þær telur hann hafa numið kr. 3000.00 og hafi sér því alls borið kr. 70.900 fyrir starf sitt fyrir stefndu. Hins vegar hafi stefnda einungis greitt kr. 47.500.00 og sé mál þetta því höfðað til greiðslu eftirstöðvanna.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að hún sé þegar búin að greiða stefnanda kr. 72.340.00 fyrir umrætt verk. Hefur hún lagt fram kvittanir að fjárhæð kr. 37.840.00, sem hún telur sig hafa greitt umfram fjárhæð þá, sem stefnandi telur greidda. Við dómtöku málsins taldi lögmaður hennar, að kr. 13.000.00 á einni kvittuninni væri sama fjárhæð og getur sem innborgun á reikningi stefnanda, svo að auk nefndra kr. 47.500.00 hefði stefnda greitt stefnanda samkvæmt kvittunum þessum kr. 24.840.00 eða samtals kr. 72.340.00.

Á reikningi þeim, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, er talið, að stefnda hafi greitt inn á reikninginn kr. 7.500.00 hinn 23. maí 1947 og kr. 3000.00 hinn 18. júlí s. á. Hins vegar eru meðal kvittana þeirra, sem stefnda hefur lagt fram, tvær kvittanir, þar sem stefnandi viðurkennir að hafa mótttekið kr. 7.500.00 hinn 21. maí 1947 og kr. 3000.00 19. júlí s. á. Segir stefnandi, að kvittanir þessar eigi við sömu greiðslur og getið sé á reikningunum, en þar eð hann hafi fært greiðslurnar inn á reikninginn eftir minni, séu ekki sömu dagsetningar á báðum. Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóm. Hefur stefnandi borið, að hann hafi aldrei tekið á móti greiðslum hjá stefnda dag eftir dag eða annan hvorn dag, en stefnda haldið fram hinu gagnstæða. Stefnda hefur lagt fram í málinu kvittanir fyrir öllum greiðslum sínum til stefnanda, nema þeim tveim, er hún heldur fram, að hún hafi greitt stefnanda 23. maí og 18. júlí, en þær kveðst hún ekki hafa getað fundið eftir svo langan tíma. Þegar þess hins vegar er gætt, að hér er um jafnháar fjárhæðir að ræða, sem í öðru tilvikinu hefði átt að vera greidd tvo daga í röð, en í hinu tilvikinu með dags millibili, þykja slíkar líkur leiddar að staðhæfingu stefnanda um þetta atriði, að stefnda verður ekki talin hafa sýnt fram á, að hún hafi greitt stefnanda nema kr. 61.840.00. Hins vegar verður ekki talið gegn andmælum stefndu, að stefnandi hafi átt rétt til þóknunar

fyrir útvegun efnis, og verður sú fjárhæð, kr. 3000.00, ekki tekin til greina.

Úrslit máls þessa verða þá þau, að stefndu ber að greiða stefnanda kr. 6060.00 (67.900.00 ÷ 61.840.00) með 6% ársvöxtum, er reiknast frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Dóminn kváðu upp fulltrúi borgardómara, Jón Bjarnason, Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og Jón Bergsteinsson múrarameistari.

Dómsorð:

Stefnda, Anna Friðriksson, greiði stefnanda, Halldóri Björnssyni, kr. 6060.00 með 6% ársvöxtum frá 7. febrúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1953.

Nr. 178/1952. **Ólafur Jónsson**
gegn
Jónu Kristínu Líkafrónsdóttur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. febrúar 1953.

Nr. 141/1951. **Theódór B. Líndal f. h. útgerðarmanna, eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur** (Theódór B. Líndal)

gegn

Helga Benediktssyni f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs VE 322 (Sigurður Ólason)

og

Skipaútgerð ríkisins f. h. eigenda og áhafnar v/s Óðins (Egill Sigurgeirsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking dóms og málsmeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt samdómsmönnunum Lúðvík N. Lúðvíkssyni og Sæmundi Jónssyni.

Ýmsir annmarkar eru á meðferð máls þessa í héraði:

Málið var höfðað fyrir héraðsdómi af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi f. h. eigenda og skipshafna v/b Muggs og varðskipsins Óðins sameiginlega til greiðslu björgunarlauna úr hendi aðaláfrýjanda. Eftir að lagðar höfðu verið fram greinargerðir af hálfu sóknar- og varnaraðilja, lýsti nefndur lögfræðingur því fyrir dómi, að umbjóðendur hans hefðu falið honum að hafa uppi þá kröfu, að sjódómurinn kvæði á um, hversu mikil björgunarlaun ættu að koma í hlut hvors stefnanda, án þess að málið væri þó sundurgreint. Málflutningsmaður varnaraðilja samþykkti kröfu þessa, og héraðsdómur ákvað síðan í dómi sínum skiptingu björgunarlauna milli stefnenda í héraði, án þess að málflutningur færi fram af þeirra hálfu um það efni.

Á dómþingi 12. apríl 1951 var ákveðið, að málið skyldi flutt munnlega, en hinn 29. júní s. á. var þeirri ákvörðun breytt og málið því næst flutt skriflega, án þess að séð verði, að efni hafi verið til slíks málflutnings.

Loks eru þeir annmarkar á héraðsdómi, að dómendur hafa látið undir höfuð leggjast að rökstyðja það með skírskotun til ákveðinna málsatvika, hvort hjálp sú, er v/s Óðinn veitti v/s Boðasteinur, sé talin björgun eða aðstoð í skilningi siglingarlaga, og þau fáu ummæli í dóminum, sem að þessu lúta, eru í ósamræmi sín í milli.

Af framangreindum sökum þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með 29. júní 1951 og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju. Þá verður gagnáfrýjendum og dæmt að greiða aðaláfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar, málskostnað í Hæstarétti in solidum, og ákveðst hann kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með 29. júní 1951 eiga að vera ómerk og vísast málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Gagnáfrýjendur, Helgi Benediktsson f. h. eigenda og áhafnar v/b Muggs V.E. 322 og Skipaútgerð ríkisins f. h. eigenda og áhafnar v/s Óðins, greiði in solidum aðaláfrýjanda, Theódór B. Líndal f. h. útgerðarmanna, eigenda og vátryggjenda v/s Boðasteinur, kr. 2500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyjakaupstaðar 12. júlí 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið 29. júní s.l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi, Vestmannaeyjum, f. h. eigenda og skipshafnar v/b Muggs, V.E. 322, og varðskipsins Óðins með stefnu, útgefinni 2. apríl 1951, birtri 3. apríl s. á., á hendur Theódor Johannessen skipstjóra vegna útgerðar og eigenda m/k Boðasteinur F.D. 493, P/f. Jacob Haraldsen e.f.t. Fuglafirði, Færeyjum, til greiðslu björgunarlauna vegna björgunar á m/k Boðasteinur, F.D. 493 hinn 20. marz s.l., svo og til greiðslu málskostnaðar. Ennfremur hafa stefnendur stefnt Theódór Johannessen f. h. vátryggjenda m/k Boðasteinur til réttargæzlu í málinu.

Stefnendur gera þær réttarkröfur, að stefndi Theódór Johannessen f. h. P.f. Jacob Haraldsen e.f.t. verði dæmdur til þess að greiða þeim Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, vegna eigenda og

áhafnar v/b Muggs, V.E. 322, og Pálma Loftssyni framkvæmdarstjóra Skipaútgerðar ríkisins vegna varðskipsins Óðins björgunarlaun, sem nema kr. 100.000.00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags svo og allan málskostnað, þar á meðal matskostnað, samtals að upphæð samkvæmt framlögðum reikningi kr. 8769.05. Ennfremur krefjast stefnendur þess, að sjóveðréttur verði viðurkenndur í m/k Boðasteinur F.D. 493 fyrir öllum hinum umstefndu fjárhæðum. Svo krefjast þeir þess, að dómurinn kveði á um skiptingarhlutföll bjarglaunanna milli Muggs og Óðins.

Stefndu hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að þeir verði aðeins dæmdir til þess að greiða stefnendum hæfilega upphæð fyrir dráttaraðstoð samkvæmt mati dómsins, þó ekki yfir kr. 10.000.00, en til vara björgunarlaun eftir mati dómsins, þó ekki yfir kr. 15.000.00. Svo krefjast þeir, að ekki verði viðurkenndur sjóveðréttur í m/k Boðasteinur fyrir tildæmdri upphæð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru málavextir eftirfarandi:

Laugardaginn 17. marz 1951 lét m/k Boðasteinur, F.D. 493, úr höfn í Miðvági í Færeyjum og hélt í áttina til Íslands og ætlaði að stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum. Veður var gott og vindlítið, og gekk ferðin vel í fyrstunni. Á áliðnum degi á sunnudag eða kl. 16 dró úr ferð skipsins, þótt vélin hins vegar gengi með eðlilegum hætti. Við athugun reyndist skrúfa skipsins í ólagi, og leitaðist þá áhöfn skipsins við að ráða bót á því, sem úr lagi hafði gengið, en tókst það ekki. Kl. 19 náði áhöfnin talstöðvarsambandi við aðra færeyska skútu, m/k Carlton, sem var í allmikilli fjarlægð, og skýrði henni frá, hvernig komið væri, og beiddi hana að hlusta í talstöðina að klukkutíma liðnum. Áhöfn m/k Boðasteinur hélt síðan áfram við að reyna að koma skrúfunni í lag, en allt kom fyrir ekki. Kl. 21 átti svo áhöfnin aftur talstöðvarsamband við m/k Carlton og beiddi hann að koma til aðstoðar og draga skútuna til Vestmannaeyja. M/k Carlton var þá staddur ca. 17 sjómílur SV af Ingólfshöfða og hélt þegar af stað í áttina til skútunnar. Á meðan sigldi m/k Boðasteinur með seglum, en siglingin gekk hægt, vegna þess að veður var kyrrt. Kl. 7 á mánudagsmorgni kom m/k Carlton til skútunnar, og var þá dráttartaug fest á milli skipanna. Byrjaði m/k Carlton síðan að draga skútuna í áttina til Vestmannaeyja. Drátturinn gekk vel allan mánudaginn og fram á þriðjudag, enda var veður gott. Hafði m/k Boðasteinur segl uppi, til þess að létta undir með drættinum. Er skipin nálguðust Vestmannaeyjar, átti m/k Boðasteinur talstöðvarsamband við Vestmannaeyjaradíó og spurðist fyrir um, hvort unnt yrði að taka skútuna inn á höfnina þá um kvöldið. Fékk hún játandi svar, og var þeim sagt, að hafnsögumaðurinn myndi bíða hennar fyrir utan höfnina. Þetta var kl. 18—19 á þriðjudagskvöldið. Vindur var þá 5—6 stig að austan. Er skipin voru komin inn fyrir Bjarnarey, felldi m/k Boðasteinur seglin, en um leið vildi það til, að dráttartaugin milli skipanna slitnaði. Kl. var þá 20, og var skútan stödd í græna ljósinu frá Urðavitanum. Í sömu svifum og dráttartaugin slitnaði, bilaði gangráður vélarinnar í m/k

Carlton, svo að hann gat ekki komið skútunni til aðstoðar. Vindur var þá orðinn 7 stig að austan og vaxandi, og rak skútan flöt undan vindinum í áttina til lands með bakborðssíðu að landi. Átti hún talstöðvarsamband við m/k Carlton og fékk að vita, að hjálpar væri þaðan ekki að vænta, eins og stæði, vegna þess að vél skipsins væri biluð. Kl 20.45 kallaði m/k Boðasteinur upp Vestmannaeyjaradíó og náði sambandi kl. 20.50. Skýrði hún frá, hvernig komið væri, og bað um aðstoð. Um sama leyti sáu skipverjar skútunnar mótorbát undir Klettsnefi á leið inn í höfnina. Sendu þeir þá út neyðarmerki, skutu rakettum, til þess að mótorbáturinn kæmi til aðstoðar. Þetta var v/b Muggur, V.E. 322, og brá hann þegar við og setti á fulla ferð og stefndi til skútunnar. Skýrir áhöfn Muggs svo frá, að m/k Boðasteinur hafi þá verið staddur út af Urðunum, nálægt því að vera mitt á milli Urðavitans og Þurrkhússins, og rak óðfluga að landi. Sigldi Muggur að skútunni og lagði svo nærri til kuls, sem áhöfnin þorði, og var þegar gerð tilraun til að kasta kastlínu yfir í skútuna, en það mistókst. Áhöfnin á m/k Boðasteinur lét þá ljósdufl í sjóinn með færislínu, og tókst skipverjum á Mugg að ná strax í duflið. Drógu þeir færislínuna í skyndi, en hún slitnaði í drættinum, og töldu þeir að ástæðan hefði verið sú, að of miklu af færislínu hefði verið kastað út og hefði hún festzt í botni eða undir kjöl bátsins. Er þeir höfðu dregið inn endann, kveðst skipstjórinn á Mugg hafa kallað til skipverja á Boðasteinur, að þeir skyldu hífa upp fokkuna, en þeir hafi ekki sinnt því. Sjálfir kváðust skipverjar á Boðasteinur ekki hafa heyrt skipstjórann á Mugg minnast á þetta. Skipstjórinn á Mugg sneri síðan bátnum austur um á fullri ferð og hugðist taka hring og leggja aftur að skútunni, en er hann hafði tekið stefnuna á land, varð hann þess var, að þeir voru komnir mjög nærri landi, og setti vélina fullt aftur á bak. Sló þá fram undan vestur um undan vindinum, svo að framendi Muggs horfði á afturenda Boðasteinur. Setti skipstjórinn þá á fulla ferð áfram og stefndi aftur fyrir skipið, svo nærri, að skipverjar á Boðasteinur gátu auðveldlega rétt enda yfir í Mugg, sem þeir og gerðu. Allmikil alda var, og kveður áhöfnin á Mugg, að hryggjað hafi undir bátinn, er þeir voru fyrir aftan skútuna. Svo nærri landi hafi þeir verið komnir. Síðan setti Muggur á ferð fram með skipinu til hlés og nam staðar nærri framstafni skútunnar á kul, og gengu þá allir skipverjar á Mugg í að draga inn dráttartaugina, er m/k Boðasteinur lagði til. Var dráttartaugin síðan sett föst í gúmmíhring, sem komið hafði verið fyrir á festarklampa (krussholt).

Sigldi Muggur síðan af stað á mjög hægri ferð skáhallt undan vindi með skútuna í eftirdragi. Tókst honum að fjarlægja skútuna frá landi. Hafði hann fyrst stefnu á Klettsnefið, en síðan var tekin stefna syðst á Bjarnarey. Mjakaðist hann með skútuna hægt austur flóann og var slegið á stopp við hverja kviku. Óskaði skipstjórinn á Boðasteinur eftir, að skútan yrði þegar dregin inn á höfnina, en skipstjórinn á Mugg taldi það ekki gerlegt, vegna þess hve dráttartaugin var veik og ákvað að draga skútuna inn fyrir Eiði.

Þegar Muggur var kominn með skútuna dálítið áleiðis, kom varðskipið Óðinn á vettvang. Hafði hann heyrt í talstöð sinni kl. 20.45, er Boðasteinur kallaði upp Vestmannaeyjaradíó og beiddi um skjóta hjálp. Var Óðinn þá staddur undir Eiðinu og lá fyrir akkerum. Létti hann þegar akkerum og hélt af stað í áttina til skútunnar. Um það leyti, sem hann var að leggja af stað, kallaði Vestmannaeyjaradíó upp varðskipið Ægi, til þess að fá hann til þess að koma skútunni til hjálpar. Ægir var fjarstaddur og svaraði því Óðinn og kvaðst vera á leiðinni til skútunnar. Sigldi Óðinn síðan gegnum Faxasund og kom von bráðar til skútunnar. Var hún þá skammt undan landi út af Urðunum og var Muggur með hana í eftirdragi. Myrkur var yfir, loft skýjað og fulldimmt af nóttu. Óðinn átti strax viðtal við v/b Mugg, og kvaðst Muggur telja dráttartaugina ekki örugga og væri hann hræddur um, að hún kynni að slitna. Ákvað því Óðinn að fylgjast með skipunum og hafði dráttartaug tilbúna. Tilkynnti hann síðan Vestmannaeyjaradíó, að hann myndi fylgjast með skútunni og vera til taks, ef eitthvað bæri út af. Var kl. þá 21.35 samkvæmt dagbók Vestmannaeyjaradíó.

Eftir að Óðinn kom til, hélt Muggur áfram hægt og sígandi með m/k Boðasteinur norður á bóginn. Óðinn fylgdist með á næstu grösum. Er klukkan var 22.20, slitnaði dráttartrossan, og tilkynnti Boðasteinur það Óðni samstundis með talstöð sinni og með því að kveikja blys. Var hann þá staddur fyrir opnu Faxasundi og nýkominn í Urðavitann hvítan. Muggur kveðst þegar hafa snúið við, er dráttartaugin slitnaði, og sett á fulla ferð og siglt til hlés við skútuna. En Óðinn lagði strax að henni kulborðsmegin og rétti dráttartaug yfir til hennar, sem þegar var fest milli skipanna. Átti þá skipstjórinn á Mugg tal við skipstjórann á Boðasteinur, og spurði hann, hvort hann gæti gert nokkuð frekar fyrir hann og lét þess jafnframt getið, að dráttartaug Óðins myndi vera örugg. Skipstjórinn á Boðasteinur taldi þá ekki þörf, að Muggur veitti frekari aðstoð. Skildi Muggur síðan við skútuna og hélt inn á höfn í Vestmannaeyjum.

Óðinn dró hins vegar skútuna fyrir austan Faxasker og inn fyrir Eiði og lögðust bæði skipin þar fyrir akkeri kl. 23.50. Tók það nokkurn tíma fyrir Boðasteinur að koma akkerum fyrir, því akkerisfestin hafði verið notuð sem dráttartaug, meðan Carlton og Muggur drógu sipið og þurfti því að lása keðjunni í akkerið, og var það ekki gert fyrr en komið var undir Eiðið.

Óðinn og Boðasteinur lágu síðan undir Eiðinu til kl. 06.10. Létti Óðinn þá akkerum og fór til Boðasteinur og lét hann létta. Kl. 06.50 var dráttartaug fest í hann, og dró Óðinn hann síðan fyrir klettinn og inn á höfn í Vestmannaeyjum og var þar lagzt við bryggju kl. 07.45. Veður var þá orðið gott. Hélzt góðviðri þann dag allan, við logn í Vestmannaeyjum, en norðaustankaldi úti fyrir. Veðurhæð virðist hafa orðið mest kvöldið áður um tólfleytið, og var vindur þá 9 stig samkvæmt veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða. Upp úr því lygndi og breytti um átt.

Áhöfnin á hafnsögubátnum Létti var áhorfandi um tíma að hjálpar-

starfinu, sem Muggur veitti. Skýrði hafnsögumaðurinn, Jón Ísak Sigurðsson, svo frá, að ritsíminn hér hafi hringt til sín að kvöldi þess 20. marz s.l., og sagt sér að m/k Boðasteinur væri væntanlegur hingað til Eyja kl. 20.30. Fór hann síðan ásamt fjórum mönnum öðrum um borð í hafnsögu- og tollbátinn Létti, og héldu þeir af stað út úr höfninni, er klukkan var um 20.30. Er Léttir var kominn út úr innri höfninni og út á Víkina, sáu þeir skip skjóta rakettum innan við Bjarnarey og var þetta Boðasteinur. Um sama leyti sáu þeir skip koma að norðan og sigla til skútunnar og var það v/b Muggur. Svo sáu þeir, að Muggur sigldi upp að Boðasteinur og eftir nokkra stund sáu þeir, að búið var að koma dráttartaug milli skipanna og Muggur byrjaður að draga skútuna frá landi. Gizkuðu þeir á, að Léttir hafi þá verið í ca. 300 metra fjarlægð frá Boðasteinur. Sýndist þeim Boðasteinur svo nærri landi, að hún myndi fljótlega reka upp í Urðirnar, ef dráttartaugin kynni að slitna. Kallaði þá hafnsögumaðurinn upp Vestmannaeyjaradíó og óskaði eftir, að björgunartæki yrðu send austur á Urðir og látin vera þar til taks, ef dráttartaugin slitnaði eða eitthvað bæri út af. Samkvæmt dagbók Vestmannaeyjaradíó fór samtal þetta fram kl. 21.10. Vestmannaeyjaradíó virðist ekki hafa heyrt nægjanlega vel til hafnsögumannsins, og voru björgunartækin ekki send austur á Urðir, heldur um borð í mótorbát, sem lá á höfninni. Áhöfn Léttis horfði síðan góða stund á skipin, er þau mjökuðust út flóann, og er Muggur var kominn með skútuna út á flóann miðjan, sneri Léttir til lands. Var þá Óðinn nýkominn á vettvang og lónaði eftir Mugg og skútunni. Hafnsögumaðurinn kvaðst álíta, að Óðinn myndi ekki hafa komið nægjanlega snemma til þess að bjarga skútunni, ef Muggs hefði ekki notið við. Kvaðst hann halda, að Boðasteinur hefði verið kominn upp í Urðirnar, er Óðinn kom á vettvang, ef engin hjálp hefði borizt annarsstaðar frá. Aðrir af áhöfn Léttis, sem leiddir voru sem vitni, voru á líkri skoðun.

Stefnendur telja, að m/k Boðasteinur hafi verið staddur í neyð, er Muggur kom til, og myndi hún tvímælalaust hafa borizt upp í Urðirnar og brotnað í spón, ef hún hefði ekki notið hjálpar hans. Telja þeir því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða, sem skapi þeim rétt til björgunarlauna.

Stefndu telja hins vegar, að Boðasteinur hafi ekki verið staddur í neinni bráðri eða yfirvofandi hættu, þar sem hann hefði hæglega getað varpað akkerum og beðið betri veðurskilyrða eða dregið upp segl og siglt af sjálfsdáðum inn á höfn í Vestmannaeyjum. Hafi því hér aðeins átt sér stað dráttaraðstoð, en ekki björgun í skilningi siglingarlaganna.

M/k Boðasteinur hafði 3 segl, fokku, stórsegl og messan. Allt voru þetta þríhyrnur, en ekki gaffalsegl. Skipstjórinn á skútunni kvaðst halda, að unnt hefði verið að sigla henni inn á höfnina með seglum og það kvaðst hann mundu hafa reynt, ef hann hefði ekki séð til Muggs strax eftir að skútan slitnaði aftan úr Carlton. Eins taldi hann, að unnt hefði verið að afstýra því, að skútan bærist á land, með því að láta akkerin falla. Kvaðst hann álíta, að Boðasteinur hefði aldrei verið stödd í

neinni hættu. Aðrir skipverjar á Boðasteinur, er skýrslu gáfu, voru á sömu eða líkri skoðun og skipstjórinn. Skipstjórinn á Carlton kvaðst mundu hafa dregið upp seglin í sporum skipstjórans á Boðasteinur, ef engan bát hefði borið að, og virtist þar með telja möguleika á fyrir skútuna að bjarga sér á seglum.

Af upplýsingum þeim, sem að ofan eru raktar, virðist Boðasteinur hafa verið komin mjög nærri landi, er Muggur kom að. Framburður áhafna Muggs og Léttis benda allir í þá átt. Raunar verður að taka framburði þeirra með nokkurri varúð, vegna þess að örðugt var um nákvæmar staðarákvarðanir vegna myrkurs. Sérstaklega virðist þó ástæða til að leggja mikið upp úr framburði hafnsögumannsins, Jóns Ísaks Sigurðssonar, vegna náinnar staðþekkingar hans á því svæði, sem hér um ræðir, en honum sýndist Boðasteinur iskyggilega nálægt landi. Fleira hnígur í sömu átt. Eins og fyrr segir, virðast ekki hafa liðið nema um 25 mínútur frá því Muggur lagði af stað frá Klettsnefi til skútunnar og þangað til búið var að koma dráttartaug milli skipanna, og bendir það til að Boðasteinur hafi ekki verið langt undan og allnærri landi. Þykir verða að ganga út frá, að svo hafi verið. Virðist því ljóst, þar sem vindur stóð á land, að tæplega hefði komið að haldi, úr því sem komið var, þótt skútan hefði dregið upp segl eða varpað akkerum, er auk þess virðast ekki hafa verið í reiðu, heldur myndi skútan allt að einu hafa borizt upp í Urðirnar undan vindinum. Telur rétturinn því, að bæði skútan Boðasteinur og áhöfn hennar hafi verið stödd í yfirvofandi hættu og ekki getað bjargað sér af sjálfsdáðum, er Mugg bar að, og hafi því hér verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna.

Björgunarstarfið stóð yfir í 11 klukkustundir. Klukkan var 20.45, er Muggur lagði af stað til skútunnar, og klukkan var 22.25, er dráttartaugin slitnaði, og upp úr því sneri Muggur heim á leið. Tafir Muggs vegna björgunarinnar námu því um 1 klukkustund og 40 mínútum. Óðinn lagði af stað til hjálpar kl. 20.45 og lagðist að bryggju með Boðasteinur næsta morgun kl. 07.45. Starf hans stóð því yfir í réttar 11 klukkustundir. Stefndu hafa talið, að björgunin hafi tekið lengri tíma, en þörf var á, þar eð Óðinn hefði strax átt að sigla með Boðasteinur inn á höfnina, í stað þess að draga hann norður fyrir Eiði. Rétturinn telur hins vegar, að öruggara hafi verið að fara með skútuna undir Eiði, þar sem varhugavert virðist hafa verið að draga hana inn á höfnina, er vindur stóð á opið hafnarmynnið og innsiglingin þröng og ekki bein.

Muggur telur sig hafa orðið fyrir einhverju aflatjóni, vegna tafar við eftirfarandi sjópróf. Hann fór í róður strax nóttina eftir björgunina, og áhöfnin mætti ekki til sjóprófs fyrr en viku síðar eða þriðjudaginn 27. marz s.l. Var skipið í landi þann dag. Engar upplýsingar liggja fyrir um afla hliðstæðra báta þann sólarhring, en gæftir munu hafa verið, og má því gera ráð fyrir, að Muggur hafi orðið fyrir einhverju aflatjóni. Þykir rétt að hafa í huga það, er björgunarlaunin eru ákveðin.

M/k Boðasteinur er að stærð 85,72 rúmlestir brúttó samkvæmt mælingabréfi og var byggður 1880 og endurbyggður 1923. Dómkvaddir mats-

menn virtu hann með farmi til peningaverðs hinn 22. marz s.l. Var mat þeirra á þá leið, að skipið ásamt vél og tilheyrandi fylgifé væri 196.500.00 kr. virði, en farmur skipsins, salt, veiðarfæri og olía o. fl. 31.640.00 kr. virði. Heildarmat hins bjargaða nam því samtals kr. 228.140.00. Stefndu hafa talið mat þetta of hátt, að því er skipið varðar, og fært það til, að skipið væri orðið gamalt og vél þess gömul. Önnur rök gegn matinu hafa þeir ekki fært fram. Verður matið því lagt til grundvallar, eins og það er, enda er ekki sjáanlegt, að neitt sé við það að athuga.

V/b Muggur er að stærð 35.07 rúmlestir brúttó og byggður 1935 og stækkaður 1943. Samkvæmt upplýsingum stefnenda er hann vátryggður fyrir kr. 200.000.00. Varðskipið Óðinn er 72 rúmlestir brúttó með 425 ha Petters dieselvél. Samkvæmt upplýsingum stefnenda er hann vátryggður hjá Samábyrgðinni og endurtryggður í Englandi fyrir 30.000 £.

Eins og þegar er fram tekið, tókst björgunin til fullnustu og var fljótt og greiðlega látin í té. Boðasteinur og áhöfn hans var stödd í yfirvofandi hættu, er Muggur kom til, og sýndi áhöfn Muggs áræði og dugnað við björgunina. Starf Óðins var einnig fljótt og vel af hendi leyst, en er hann tók við skútunni, var hún komin úr hættunni. Muggur virðist hafa lagt sig í nokkra hættu, er hann sigldi fyrir innan skútuna til þess að ná í dráttartaugina, með því að skammt var þá til lands og hætta gat verið á árekstri, og eins hefði illa farið, ef eitthvað hefði komið fyrir vél, stýri eða skrúfu skipsins. Hins vegar tók björgunin skamman tíma og virðist ekki hafa haft neinn skaða eða kostnað í för með sér, að því undanskildu, að Muggur hefur sennilega orðið fyrir einhverju aflatjóni. Samkvæmt þessu og með tilliti til verðmætis hins bjargaða þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 45.000.00, er stefndu, eigendum og útgerðarmönnum m/k Boðasteinur, ber að greiða stefnendum ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 2. apríl 1951, til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Þá þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnendum kr. 5000.00 í málskostnað.

Svo þykir og rétt að viðurkenna sjóveðrétt stefnendum til handa í m/k Boðasteinur fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Framangreindar fjárhæðir skulu skiptast þannig milli stefnenda, að 70% þeirra komi í hlut v/b Muggs, en 30% í hlut Óðins.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Theódór Johannessen, f. h. eigenda og útgerðar m/k Boðasteinur, F.D. 493, greiði stefnendunum, Helga Benediktssyni vegna eigenda og áhafnar v/b Muggs, V.E. 322, og Pálma Loftssyni vegna varðskipsins Óðins, kr. 45.000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 2. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms.

Fjárhæðir þessar skiptast þannig milli stefnenda, að 70% þeirra fellur í hlut eigenda og áhafnar v/b Muggs, V.E. 322, en 30% þeirra í hlut varðskipsins Óðins.

Stefnendur hafa sjóveðrétt í m/k Boðasteinur, F.D. 493, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1953.

Nr. 171/1951. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson),
gegn
Guðmundi Helga Sigfússyni og
Hauki Ólafssyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Dómprófum og dómi í máli þessu er áfátt í mörgum greinum:

1) Það er að mestu órannsakað, hver taldist innflytjandi þeirra vara, sem mál þetta er risið af, hvort h/f Goðaborg taldist flytja vörurnar inn eða einhver annar.
2) Rannsaka hefði átt betur en gert hefur verið, hvað af vörunum, sem taldar voru keyptar í þágu v/s Goðaborgar, voru nauðsynlegar til skipsþarfa og notaðar með þeim hætti.
3) Rannsaka hefði átt bókhald h/f Goðaborgar, ef slíkt bókhald var til, um innflutning varanna svo og bréfaskriftir varðandi innflutninginn.
4) Ef rannsókn hefði leitt í ljós, að annar aðili en h/f Goðaborg var innflytjandi, hefði átt að rannsaka bókhald þess aðilja og bréfaskriftir um kaup varanna.
5) Rannsaka hefði átt, hvernig innflytjandi ráðstafaði hinum innfluttu vörum, við hverju verði þær voru seldar, ef því var að skipta, hver varð hagnaður af sölu þeirra og hvort verðlagsreglur voru brotnar.
6) Leiða hefði þurft í ljós, að hve miklu leyti tollur hefði verið greiddur af varningi þeim, sem rannsóknin tekur

til, er mál var höfðað, og hvenær tollgreiðslur fóru fram.

7) Afla hefði átt rækilegri skýrslna um skil gjaldeyris til bankanna vegna sölu v/s Goðaborgar í þeim fjórum ferðum, sem um var að tefla.

8) Sá mikli ljóður er á héraðsdóminum, að héraðsdómari hefur ekki nema að mjög litlu leyti talið upp og greint þá verknaði, sem hann sakfellir fyrir. Ekki hefur hann heldur, að fáum tilvikum fráskildum, kveðið á um það, við hvaða refsiákvæði hver einstakur verknaður varðar.

Framangreindir gallar á dómprófum og dómi leiða til þess, að ómerkja verður héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar, og er rétt, að héraðsdómur sé skipaður sérfróðum mönnum, sbr. 5. gr. laga nr. 27/1951.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanna, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. apríl 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 18. apríl, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara að Frikirkjuvegi 11 af Loga Einarssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Helga Sigfússyni og Hauki Ólafssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Guðmundi Helga Sigfússyni verzlunarstjóra, til heimilis að Nesgötu 5 í Neskaupstað, til refsingar, upptöku eigna og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags-

eftirlit, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit og lögum nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit og gegn Hauki Ólafssyni skipstjóra, Bergþórshvoli í Neskaupstað, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. reglugerð nr. 123 23. nóvember 1939 um sama efni, og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Kærði Guðmundur Helgi er fæddur í Neskaupstað 25. ágúst 1909 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1941 10/11 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 2. sbr. 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Í Neskaupstað:

1946 4/10 Áminning um brot gegn reglum um tollmeðferð vara.

Kærði Haukur er fæddur 18. febrúar 1917 í Vestmannaeyjum. Hinn 4. október 1945 var hann í Reykjavík sektaður um kr. 25.00 fyrir ölvun á almannafæri. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu.

Verður nú greint frá málavöxtum samkvæmt því, sem upplýstzt hefur í máli þessu.

Frá því 1. marz 1949 og þar til 28. maí s. á. fór v/s Goðaborg, N.K. 1, fjórar ferðir til Aberdeen í Skotlandi, en skip þetta er skrásett eign fyrirtækisins h/f Goðaborgar, og er kærði Guðmundur Helgi framkvæmdarstjóri þess, enda einn eigendanna. Kærði Haukur er einnig einn af hluthöfum fyrirtækisins og var skipstjóri á skipinu í ferðum þessum.

Matsveinn var í þremur fyrstu ferðunum Karl Róbert Karlsson, Grettisgötu 54 hér í bæ.

Er skipið var statt í 3. ferð sinni í Aberdeen fyrstu dagana í maímánuði 1949, sendi Karl Róbert símskeyti til tollstjórans í Reykjavík þess efnis, að hann gæti gefið upplýsingar um stórfellt smygl. Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins hóf svo sakadómarinn í Reykjavík rannsókn í máli þessu hinn 16. maí 1949, og var Karl Róbert Karlsson þá leiddur fyrir rétt. Skýrir hann svo frá, að er skipið var statt í fyrstu ferðinni í Aberdeen, hafi verið flutt um borð í það sem farmur tveir heilkassar af whisky og þrír hálfkassar af koníaki, sem keyptir hefðu verið af hinum kærðu hjá viðskiptafyrirtæki kærða, Guðmundar Helga, og hafi áfengið eigi verið ætlað áhöfn skipsins. Telur hann, að áfengið hafi verið flutt í land í Neskaupstað, án þess að sæta afgreiðslu viðkomandi tollyfirvalda, enda hafi tollvörður eigi komið um borð í skipið fyrr en góðri stundu eftir komu þess til Neskaupstaðar og tollskoðun verið mjög áfátt, en þenna framburð um áfengiskaupin hafa báðir hinir kærðu sagt rangan. Þá kveðst Karl Róbert sjálfur hafa flutt með sér til landsins ýmsa hluti úr flugvélaradartæki, sem hann keypti í Skotlandi fyrir 7 ensk pund og 10 shillinga, án þess að gefa muni þessa upp til tolls.

Er skipið kom í annarri ferðinni til Aberdeen, kveðst Karl Róbert hafa farið í land, meðal annars til að kaupa matvæli handa áhöfninni í verzlun,

sem Rix heitir. Við kaupmanninn þar kveðst hann hafa kvartað yfir því, að í næstu ferð á undan hefðu skipverjar ekki fengið nema eina áfengisflösku hver út úr tolli, og hafi kaupmaðurinn þá samþykkt og afhent sem kost til áhafnarinnar 1 kassa af whisky, 7 kassa af bjór og 1400 vindlinga, en varningur þessi svo verið settur undir tollinnsigli. Er þessi viðskipti fóru fram, kveður hann kaupmanninn hafa boðizt til að selja honum 1 kassa af whisky fyrir 4 pund og 5 shillinga, og kveðst hann hafa tekið boði þessu. Meðan skipið lá í Aberdeen í þetta skipti, segir hann, að flutt hafi verið um borð í það sem farmur auk framangreinds varnings 3 heilkassar af whisky, merktir kærða Guðmundi Helga, en þessu hefur hann eindregið neitað og kveðst ekkert áfengi hafa fengið með skipinu. Þá kveðst Karl Róbert hafa séð í þetta skipti í skáp í lúkar skipsins 2 heilkassa af whisky og 3 hálfkassa af koníaki, merkta kærða Hauki, sem kveður þetta rangt hjá Karli Róbert. Enn fremur segist Karl Róbert hafa séð flutt um borð í bátinn 36 rafhlöður, 8 heimilishrærivélar og allmikið af borðbúnaði eða 100 skipskönnur úr leir, 100 djúpa og 100 grunna leirdiska og um 50 hnífapör, en borðbúnað þenna kveðst hann hafa keypt eftir beiðni kærða Guðmundar Helga, sem hefði haft orð á því, að borðbúnað vantaði í v/b Goðaborg og v/b Stellu, en hann sá einnig um útgerð hennar. Kærði Guðmundur Helgi hefur sagt þetta rétt vera, en sér hafi virzt Karl Róbert hafa keypt allríflega af varningi þessum. Þá kveður Karl Róbert sig hafa grunað, að einhverjar fleiri vörur hafi verið með bátnum í þessari ferð, þótt hann hafi eigi séð þær. Er skipið kom til Neskaupstaðar, kveðst Karl Róbert ekki hafa séð neinn tollvörð og engra skýrslna hafi verið krafizt um, hvað í skipinu væri, enda hafi hann verið sofandi við komu skipsins, og er hann vaknaði, hafi verið búið að tollafgreiða það. Í hvorugri þessara ferða segir hann skipverjalista hafa verið ritaða. Ekki kveðst hann hafa séð, að framangreindum varningi væri skipað upp í Neskaupstað, en telur, að svo hafi verið, enda hafa hann um þetta leyti séð nokkuð af rafhlöðupökkum í vörugeymslu kærða Guðmundar Helga og eins um borð í v/s Esju.

Úr whiskykassa þeim, sem Karl Róbert keypti í Aberdeen, eyddust 4 flöskur á leiðinni til Neskaupstaðar, og voru því 8 flöskur eftir, þegar komið var þangað, og segir hann, að úr þeim hafi að mestu verið drukkið um borð í bátnum af honum sjálfum, auk þess sem hann hafi veitt og gefið ýmsum mönnum.

Hinn 3. maí kom báturinn í þriðju ferð sinni til Aberdeen og lá þar í um tvo sólarhringa. Hinn 4. s. m. kveður Karl Róbert umboðsmann fyrirtækis þess, sem kærði Guðmundur Helgi hafði skipti við varðandi fisksölu, hafa komið um borð í bátinn og átt tal við kærða Hauk. Kveðst hann þá hafa heyrt hann panta 15 heilkassa af whisky hjá umboðsmanninum, sem taldi öll tormerki á að útvega svo mikið magn af áfengistegund þessari, en kostur væri á að fá nokkuð af henni með einhverjum öðrum tegundum. Hafi kærði Haukur því beðið um 5 kassa af hverri tegund um sig, whisky, koníaki og rommi, sem skyldi sendast sem farmur um borð í skipið á nafni kærða Hauks, sem kveður þetta með öllu rangt hjá Karli

Róbert. Til að ganga úr skugga um, hvort framangreint áfengi hefði verið flutt um borð í bátinn, kveðst Karl Róbert, er skipverjar voru að tala um, hversu mikið áfengi þeir mundu fá út úr tolli í þessari ferð, hafa haft á því orð, að það yrði víst ekki mikið, en þá kveður hann einn hásetann hafa sagt, að nóg áfengi væri um borð í bátnum til skiptanna, þar eð sennilega hefðu verið fluttir um borð í hann 17 kassar af áfengi. Skipverjar kannast aftur á móti ekki við, að þetta samtal hafi farið fram, og er ósannað, að þeir hafi flutt meira áfengi hér inn í landið en leyfi fékkst fyrir hjá tollyfirvöldunum, nema þeir kærði Haukur og Karl Róbert, en kærði Haukur hefur viðurkennt að hafa smyglað 5 flöskum af whisky í fyrstu ferð skipsins hingað til lands. Ýmsir frændur og kunningjar Karls Róberts höfðu beðið hann að kaupa fyrir sig ávaxtasultu erlendis, en hann kveður hana hafa fengizt óskammtaða í Aberdeen, þótt eigi hafi mátt flytja hana úr landi, ef kaupin námu einhverju verulegu, nema sem farm (í fragt). Kveðst hann hafa átt kost á að fá í nefndri verzlun sultukassa auk áfengis, og því hafi hann spurt skipstjórann, kærða Hauk, hvort hann mætti flytja sultuna sem farm með skipinu hingað til lands og einnig hafa áfengið með sér. Þessu kveður hann kærða Hauk hafa tekið þverlega og bannað sér að flytja nokkurn varning með bátnum, enda hafi skipstjóra verið lítið um sig gefið, og því hafi hann sagt, að ekki væri víst, nema hann stæði sjálfur í einhverju smygli. Kærði Haukur kveður aftur á móti þenna framburð Karls Róberts með öllu tilhæfulausan. Í reiði sinni yfir synjun kærða Hauks kveðst Karl Róbert hafa farið í land og reynt að fá hraðsamtal við tollstjórann í Reykjavík, en þar sem það tókst ekki, sendi hann framangreint símskeyti. Er hann hafði sent skeytið, fór hann að velta því fyrir sér, hvort hann hefði gert rétt með sendingu símskeytisins, þar sem hann sjálfur hefði ekki hreinan skjöld gagnvart tollyfirvöldum hér á landi. Olli þetta honum miklum áhyggjum, sem leiddu til þess, að hann fékk sér of mikið í staupinu og var færður í varðhald, en var látinn laus næsta morgun, án þess að til refsingar kæmi. Hugsaði hann svo málið nánar og komst þá að þeirri niðurstöðu, að hann hefði gert rétt í því að senda símskeytið, og var staðráðinn í að hvika eigi frá því, sem í skeytinu stóð. Eftir þetta fór hann um borð í bátinn, en þá höfðu tollgæzlumenn í Aberdeen fundið í eldhússkáp 16 pakka af amerískum vindlingum, sem hann átti og hafði ekki gefið upp við tollskoðun. Vegna þessa var honum gert að greiða sekt, 6 ensk pund, sem greidd var fyrir hann, og hefur kærði Guðmundur Helgi sýnt kvittun fyrir greiðslu þessari.

Að þessu loknu fór Karl Róbert í margar verzlanir í Aberdeen og keypti samtals 54 ávaxtasultudósir, er kostuðu alls 5 ensk pund og 13 shillinga. Dósir þessar hafði hann svo með sér til Neskaupstaðar og fór með þær í land, en segist hafa sagt tollverði frá þeim. Auk þess hafði hann meðferðis skammbyssu, er hann hafi keypt af einhverjum manni í Aberdeen, og gaf hana ekki upp við tollskoðun.

Með skipinu í þessari ferð kveður Karl Róbert, að allmikið hafi verið

af vörum í skipinu, en hverjar þær voru, segist hann ekki vita, nema um sement, 100 kassa af sultu og nokkuð af rafmagnsvörum.

Til Neskaupstaðar kom báturinn árla morguns 9. maí 1949, en kvöldið áður kveður hann kærða Hauk hafa úthlutað hverjum skipverja 7 flöskum af sterku áfengi, en þetta kveður kærði Haukur rangt, enda hefðu skipverjar ekki fengið úthlutað nema tveimur flöskum hver. Þegar skipið lagðist að bryggju, svaf Karl Róbert, en um tveimur tímum síðar kveðst hann hafa vaknað við það, að kærði Haukur hafi komið inn í klefann til hans ásamt Gunnari Björgvinssyni, tollverði á Eskifirði, sem beðið hafi um skýrslu um allan skipskostinn ásamt reikningum yfir hann, en þeir voru ekki fyrir hendi. Karl Róbert skýrði frá skipskostinum, og jafnframt kveðst hann hafa skýrt frá áfengi því, sem hann hafi fengið úthlutað hjá kærða Hauki, en tollvörðurinn kveður Karl Róbert eingöngu hafa tjáð sér, að hann hefði meðferðis 2 flöskur af áfengi og einn kassa af sultu.

Nokkru síðar hélt skipið áleiðis til Reyðarfjarðar, en kærði Haukur varð eftir í Neskaupstað. Aftur á móti fóru kærði Guðmundur Helgi og Gunnar Björgvinsson með bátnum. Á leiðinni þangað segir Karl Róbert tollvörðinn hafa komið til sín og sagt, að í tilefni af símskeyti hans hefði komið skipun frá fjármálaráðuneytinu um nákvæma tollskoðun í v/b Goðaborg, eins og öðrum skipum, sem til Norðfjarðar kæmu, en illt væri í efni fyrir Karl Róbert, þar sem skjöl væru í lagi fyrir allan farm skipsins, og að hann ætti að fara einhvern milliveg. Gefa yfirlýsingu um, að símskeytið hefði verið sent í einhverri vitleysu, enda ófyrirsjáanlegt, hversu lengi honum yrði haldið í gæzluvarðhaldi, meðan á yfirheyrslum stæði. Segir Karl Róbert, að sér hafi virzt sem tollvörðurinn ræki erindi kærða Guðmundar Helga.

Litlu síðar kveður hann tollvörðinn hafa komið til sín í fylgd með kærða Guðmundi Helga, sem endurtekið hafi flest það, sem tollvörðurinn hafði sagt, og jafnframt bætt því við, að ef Karl Róbert héldi kæru sinni til streitu, yrði skipið kyrrsett af yfirvaldanna hálfu, og þá yrði hann (Karl Róbert) gerður ábyrgur fyrir tjóni því, sem af þessu leiddi, en báða kveður hann menn þessa hafa talið, að símskeyti til tollstjóra hafi verið sent 5. maí 1949 í stað 4. þess mánaðar. Einnig kveður hann kærða Guðmund Helga hafa hótað að svipta sig kaupi, ef hann undirritaði ekki yfirlýsingu þess efnis, er að framan greinir. Þar sem Karl Róbert nú þóttist vita, að vitnazt hefði um innihald símskeytis þess, er hann hafði sent tollstjóra, auk þess sem hann þóttist sjá fram á, að dráttur yrði á, að hann kæmist til Reykjavíkur, og honum yrði erfitt að standa einn gegn öllum þar eystra, féllst hann á að afturkalla hið ímyndaða símskeyti til tollstjóra, er þeir töldu sent 5. maí 1949, og undirritaði yfirlýsingu þess efnis, en hugðist ekki afturkalla símskeyti það til tollstjóra, er hann raunverulega sendi. Er til Reyðarfjarðar kom, segir hann tollvörðinn hafa farið í land til að fá vélritaða yfirlýsingu þá, er hann skyldi undirrita. Eftir hádegi dag þenna kveður hann kærða Guðmund og tollvörðinn hafa komið til sín með yfirlýsingu þess efnis, að símskeyti

sent tollstjóraskrifstofunni 5. maí 1949 hafi verið sent í bræði og á misskilningi byggt, en yfirlýsingu þessa kveðst hann svo hafa undirritað, þar sem rangfarið var með dagsetningu, eins og að framan greinir.

Þenna framburð Karls Róberts segir kærði Guðmundur Helgi með öllu rangan, enda hafi hann engan þátt átt í því, að yfirlýsing þessi væri gefin, nema hann hefði fengið hana vélritaða á Reyðarfirði samkvæmt ósk tollvarðarins.

Gunnar Björgvinsson tollvörður kveður einnig ummæli þau, sem Karl Róbert hefur eftir honum með öllu röng, enda engan þátt átt í, að Karl Róbert gæfi nokkra yfirlýsingu, heldur hefði hann undirritað hana samkvæmt beiðni kærða Guðmundar Helga, sem hann hafi heyrt eiga í einhverri orðasennu við Karl Róbert og viðhafa flest þau ummæli, sem Karl Róbert hefur eftir honum.

Sementsfarmi skipsins var svo skipað upp á Reyðarfirði, og kveður Karl Róbert eftirlit tollvarðar hafa verið mjög slælegt.

Kveðst Karl Róbert hafa spurt tollvörðinn, hvort nokkuð áfengi hafi verið gefið upp við komu skipsins til landsins, og hann svarað því til, að svo hafi eigi verið gert, nema áfengi það, sem skipið hafi fengið út úr tolli. Kveðst Karl Róbert þá hafa spurt, hvort hann hefði leitað undir borði á milli botntanka og í skáp í lúkar. Þessu hafi tollvörður neitað og farið á brott, en komið aftur og sagzt hafa fundið 8 kassa, 6 í skápnum og tvo á milli botntankanna. Kveðst Karl Róbert þá hafa sagt, að að minnsta kosti væru ófundnir 4 kassar, og bent tollverði á að leita í keðjukössum fremst í lest og undir lestarbotnum, en sökum farmsins í skipinu hafi þá eigi verið unnt að leita á þessum stöðum, og hvort svo hafi verið gert síðar, veit hann ekki. Hvort áfengi hafi verið falið á þessum stöðum, veit Karl Róbert ekki, en grunaði, að svo væri. Þá kveður hann tollvörðinn hafa leitað í kortageymslu og fundið þar 14 pund af sælgæti, sem keypt hafi verið með skipskostinum og átti að skiptast milli áhafnarinnar.

Tollvörðurinn kvaðst eftir tilvísun Karls Róberts hafa leitað að áfengi undir hlera í lúkar, en ekkert fundið. Þá segir hann það rangt, að Karl Róbert hafi spurt, hvort hann hafi leitað milli botntanka og í lúkar, en það kveðst hann þó hafa gert, en þar hafi ekkert áfengi verið. Aldrei segir hann Karl Róbert hafa nefnt, að hann skyldi leita í keðjukössum og undir lestarbotni, enda engin leit framkvæmd þar og eigi heldur í kortageymslu.

Kærði Haukur kveðst aftur á móti hafa haft með sér lítið eitt af sælgæti, sem hann geymdi í kortageymslunni, og haft það með sér í land.

Frá Reyðarfirði var lagt af stað til Neskaupstaðar um miðnætti þenna dag, og þangað var komið snemma næsta morgun. Fór Karl Róbert þá alfarinn af skipinu, fékk sér herbergi í landi og ákvað að fara sem fyrst til Reykjavíkur.

Að kvöldi næsta dags var Karl Róbert staddur um níu leytið hjá kunningja sínum. Komu þá þangað tollvörðurinn, Gunnar Björgvinsson, og lögregluþjónninn í Neskaupstað, Haraldur Hörður Hjálmarsson, og báðu

Karl Róbert að fylgjast með sér í skrifstofu setts bæjarfógeta, en menn þessir voru í bifreið, sem Jóhann Pétur Guðmundsson húsgagnasmiður ók. Fylgdist Karl Róbert með þeim í skrifstofuna og átti þar tal við settan bæjarfógeta, sem hafði beðið hann að afhenda skammbyssu þá, sem hann hafði keypt í Englandi, og gerði Karl Róbert það. Kveðst hann ekki hafa getið byssunnar við tollgæzluna, þar eð hann hafði leyfi til að eiga skotvopn, þótt skammbyssa væri eigi nefnd í því. Kveður hann svo settan bæjarfógeta og aðra viðstadda, tollvörðinn og lögregluþjóninn, hafa borið það í tal, að hann gæfi nýja yfirlýsingu þess efnis, að hann afturkallaði símskeytið, er hann hafði sent frá Aberdeen, og um þetta hafi spunnizt talsvert þref, sem endað hafi með því, að hann hafi undirritað yfirlýsingu í þríriti þess efnis, að símskeytið, sem hann hefði sent tollstjóraskrifstofunni frá Aberdeen 5. maí 1949, hafi verið sent í bræði og ölæði, enda hafi hann verið fangelsaður nóttina áður. Þeir Haraldur Hörður og Jóhann Pétur rituðu undir yfirlýsingu þessa sem vottar.

Næsta dag fór Karl Róbert svo til Reykjavíkur og var yfirheyrður af sakadómara, eins og fyrr greinir.

Um hver farmur skipsins hefur verið í öllum fjórum ferðunum, hefur upplýstzt af framburðum hinna kærðu og húsleit, sem gerð var í vörugeymslum og öðrum húsakynnum kærða Guðmundar með fullkomnu samþykki hans. Kveður hann vörurnar hafa verið fluttar inn til landsins fyrir tilstilli sitt og þær hafi verið keyptar fyrir hluta af fé því, sem fyrir fiskfarmana fékkst, þó að eigi hafi verið búið að afla innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vörunum, er viðskiptin voru gerð og vörunni skipað upp hér á landi, enda sé slíkt eigi venja, þegar um þungavöru sé að ræða, sem fiskflutningaskip flytja, heldur sé leyfanna aflað síðar, og þeirra sé ekki þörf, þegar um er að ræða kaup á nauðsynjum til slíkra skipa.

Í öllum 4 ferðum skipsins var flutt með því þungavara, kol 60655 kg og sement samtals 203200 kg, og var varningur þessi tollafgreiddur talsverðu eftir að honum hafði verið skipað upp hér á landi. Annar varningur, sem upplýst er, að fluttur hafi verið með skipinu auk framangreinds borðbúnaðar, er sem hér segir:

5 tonn þakjárn,
20 rúllur vír,
60 rúllur tóg,
5 tylftir vélareimar og reimlásar,
1 kassi vélahlutar,
11 kassar stormluktir,
36 rafhlöður,
4 tunnur fernisolía,
6 kassar málning,
1 pakki penslar,
1 skipsskrúfa,
20 tylftir vatnsfötur,
3 ballar vinnuvettlingar,
100 pokar koks,

10 sekkir eldfastur leir,
10 kútar vítissódi,
20 rúllur tjörupappi,
10 lengdir af ½" vatnsrörum, nokkuð af píputenglum,
15 heimilishrærivélar,
10 heimilisþvottavélar og
1 handlaug.

Húsleit sú, sem gerð var í húsakynnum kærða Guðmundar Helga og getið er hér að framan, var framkvæmd af dómara og tollverði frá Reykjavík, sem honum var til aðstoðar. Allmikið af varningi þeim, sem talinn er upp hér á undan, var sett undir tollinnsigli, eftir því sem húsakostur leyfði, en sökum vankanta varð síðar að flytja þvottavélarnar og þá einu hrærivél, sem við húsleitina fannst, í önnur húsakynni, enda munu þær hafa legið undir skemmdum. Eftir að rannsókn málsins hófst, hefur fengizt innflutningsleyfi fyrir eftirtöldum vörum:

Eldföstum leir,
vélareimum og reimlásum,
málningu og fernisolíu,
þakpappa,
vatnsfötum,
olíuluktum,
þakjárni,
handlaug og
búsáhöldum,

en fyrir þeim fékkst einnig gjaldeyrisleyfi. Vörur þessar hafa allar verið tollafgreiddar.

Hinum 15 heimilishrærivélum kveðst kærði Guðmundur Helgi hafa ætlað að skipta á milli eigenda v/s Goðaborgar og skipverja, en úr því varð eigi, og hefur ekki verið unnt að upplýsa, hverjum vélar þessar voru seldar. Þvottavélunum kveðst hann hafa ætlað að ráðstafa á sama hátt, og hafa margir skipverjar staðfest, að þetta hafi komið til tals. Allar þær vörur, sem eigi hefur fengizt innflutningsleyfi fyrir, kveður hann vera ætlaðar til notkunar við útgerð báta þeirra, sem hann annast um, nema hinn eldfasta leir, sem hann hafi haft í hyggju að láta ganga upp í skuld við Dráttarbrautina í Neskaupstað, þótt hann hafi ekki sérstaklega verið beðinn um það. Nokkrar af hinum 36 rafhlöðum kveðst hann hafa selt opinberum aðiljum og einstaklingum, en að öðru leyti séu þær notaðar í sambandi við útgerðina, og voru eingöngu 4 eftir af þeim við lok málsrannsóknarinnar. Þá kveður hann kærða Hauk hafa flutt inn vatnsrörin og píputenglana, og segir hann það rétt vera, enda hafi hann á þeim tíma staðið í húsbyggingu og notað 7 eða 8 af þeim í hana, en að minnsta kosti hafi eitt þeirra verið notað í v/b Goðaborg.

Haraldur Hörður Hjálmarsson lögregluþjónn tollafgreiddi skipið í fyrstu tveimur ferðunum og fjórðu ferðinni frá Aberdeen, en Gunnar Björgvinsson í þriðju ferð þess, eins og um getur að framan. Kveðst Haraldur Hörður hafa leitað hjá skipstjóra og litið niður í lúkar, en aldrei skoðað

í lestir skipsins, en ætíð við og við fylgzt með uppskipuninni. Rannsókn málsins hefur leitt í ljós, að eftirlit með uppskipuninni hefur verið mjög lélegt og það svo, að stundum virðist ekkert eftirlit hafa verið haft með henni, eins og t. d. eftir þriðju ferðina, en þá virðist hafa verið skipað ýmsum vörum upp úr skipinu í Neskaupstað án nokkurs eftirlits. Einnig hefur upplýstzt, að mjög hefur verið ábótavant um frágang farmskráa og vörur yfirleitt ekki færðar á skrá erlendis nema kol og sement og sumar vörur alls ekki færðar á farmskrá, heldur flokkaðar undir skipsnauðsynjar, þótt þær ættu þar raunverulega ekki heima. Þá var allmikill misbrestur á því, að kærði sendi gjaldeyriseftirliti bankanna reikningsskil yfir fisksölurnar, og er rannsókn málsins lauk, hafði hann engin skil gert varðandi tvær síðustu söluferðirnar.

Stundum kveðst kærði Guðmundur Helgi hafa keypt „biropenna" af ýmsum sölumönnum, sem verið hafa á ferð í Neskaupstað, og selt þá aftur í verzlun þeirri, sem hann veitir forstöðu, að hann telur með löglegri álagningu, þótt hann hafi eigi fengið reikning yfir skrifföng þessi.

Með framangreindum innflutningi og kaupum og sölum „biropenna" hefur kærði Guðmundur Helgi gerzt brotlegur við 1. og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 63 31. desember 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, 1. mgr. 11. gr., 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit og 1. mgr. 21. gr., 24. gr., 3. mgr. 25. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði Haukur Ólafsson hefur samkvæmt framansögðu gerzt brotlegur við 2. gr., 1. mgr., 3. gr. sbr. 2. mgr. 27. gr. og 28. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935, 1. mgr. 22. gr, 5. mgr. 24. gr., 1. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. sbr. 40. gr. tollaga, 1. mgr. 29. gr., 1. og 2. tl. 30. gr. og 1. mgr. 41. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123 25. nóvember 1938 um tollheimtu og tolleftirlit.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og lögum nr. 14/1948 þykir refsing kærða Hauks eftir atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. 36. gr. tollaga og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 að gera upptækar ríkissjóði til handa framangreindar 10 heimilisþvottavélar og eina heimilishrærivél, en annan af greindum innfluttum varningi þykir eftir ástæðum ekki bera að gera upptækan, enda að mestu ætlaður til útgerðar þeirra skipa, sem kærði Guðmundur Helgi hefur með að gera.

Báða hina kærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar

hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi greiði ⅘ alls málskostnaðar og kærði Haukur ⅕ hans.

Mál Karls Róberts Karlssonar hefur verið afgreitt sérstaklega með réttarsátt.

Af málsskjölum og réttarprófum kemur fram ástæðan fyrir drætti málsins.

Dómsorð:

Kærði, Guðmundur Helgi Sigfússon, greiði 25000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði, Haukur Ólafsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

10 heimilisþvottavélar og ein heimilishrærivél skulu vera upptækar ríkissjóði til handa.

Kærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, þó þannig, að kærði Guðmundur Helgi Sigfússon greiði ⅘ alls málskostnaðar og kærði Haukur Ólafsson ⅕ hans.

Mánudaginn 9. febrúar 1953.

Nr. 121/1947. **Kirkjusandur h/f** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Rafmagnseftirliti ríkisins (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ólafur Lárusson.

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Arnalds, borgardómari í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1947, að fengnu áfrýjunarleyfi og nóvaleyfi 10. s. m. Eru kröfur hans þær, *að* fjárhæð sú, kr.

13.012.43, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði færð niður í kr. 980.00, *að* málskostnaður í héraði verði felldur niður og *að* stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1945 reisti áfrýjandi frystihús á Kirkjusandi í Reykjavík. Skorti hann kælivatn til notkunar við frystivélar hússins, enda átti hann þess ekki kost að fá vatn frá Vatnsveitu Reykjavíkur, en talið var óheppilegt að nota sjávarvatn til kælingar. Varð það að ráði, að athugaðir yrðu möguleikar á því að afla kælivatns úr borholu á Kirkjusandi. Leitaði áfrýjandi um þetta til stefnda, sem átti borvélar og hafði áður staðið fyrir jarðborunum. Verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda tjáði þá fyrirsvarsmanni áfrýjanda, að mörg frystihús á Reykjanesi hefðu látið gera borholur með ágætum árangri, en aðstæður mundu ekki vera ólíkar við Kirkjusand. Taldi verkfræðingurinn líklegt eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefði á Reykjanesi, að kostnaður mundi verða um 5000 krónur.

Eftir þetta varð það að samningi með áfrýjanda og stefnda, að stefndi tæki að sér að bora eftir vatni á Kirkjusandi. Hinn 11. febrúar 1946 var af hálfu áfrýjanda undirrituð yfirlýsing um, að hann ábyrgist alla greiðslu vegna jarðborunarinnar, og skyldi greiðslunni hagað eftir því, sem stefndi ákvæði. Sama dag var hafizt handa um flutning jarðbors inn á Kirkjusand, en jarðborun hófst 14. s. m. Borvél þá, sem notuð var, hafði stefndi keypt af sölunefnd setuliðseigna sumarið 1945. Kveður stefndi hreyfil borvélarinnar hafa verið orðinn nokkuð slitinn, er borun hófst á Kirkjusandi.

Tveir menn störfuðu að jarðboruninni undir stjórn verkstjóra og verkfræðings stefnda. Alls var unnið að jarðborun 29 daga á tímabilinu frá 14. febrúar til 26. marz 1946. Var borholan orðin 29.3 m djúp, er hætt var, en ekki kom í hana neitt vatn, svo að gagni væri. Bar verkið því ekki að neinu leyti þann árangur, sem eftir var sótzt.

Meðan á verkinu stóð, greiddi áfrýjandi stefnda kr. 4000.00 upp í kostnaðinn. Að verki loknu gerði stefndi áfrýjanda reikning fyrir kostnaði, sem hér segir:

1. Fastakostnaður (þ. e. gjald fyrir borvél) 29 daga, kr. 250.00 á dag		kr. 7.250.00
2. Vinnulaun	kr. 7.160.03	
Álag á vinnulaun 20%	kr. 1.432.02	
		— 8.592.10
3. Leiga á dælum		— 30.00
4. 5 mtr rör 6", 40 kr. pr. mtr ..		— 200.00
5. Flutningskostnaður		— 940.33
	Alls	kr. 17.012.43
Greitt af áfrýjanda 22. febrúar 1946		— 4.000.00
	Eftirstöðvar	kr. 13.012.43

Stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu reiknings þessa með bréfum 23. júlí og 9. og 23. ágúst 1946, en áfrýjandi sinnti þeim ekki né svaraði. Höfðaði stefndi þá mál á hendur áfrýjanda með stefnu 19. sept. 1946 til greiðslu eftirstöðvanna. Með því að enginn sótti þing af hendi áfrýjanda, var málið dæmt í héraði óreifað af hans hálfu hinn 12. október 1946.

Hinn 14. marz 1947 ritaði áfrýjandi lögmanni stefnda bréf og hafði þar uppi andmæli gegn fjárhæð reiknings stefnda, en bauðst til að greiða kr. 6000.00 til viðbótar áður greiddum kr. 4000.00. Er stefndi vildi ekki fallast á afslátt af reikningsfjárhæðinni, skaut áfrýjandi málinu til Hæstaréttar, svo sem fyrr segir.

Hinn 17. nóvember 1947 sneri áfrýjandi sér til borgardómarans í Reykjavík og æskti þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að skoða borunarframkvæmdir og meta:

„a) hvort boranirnar hafi komið að gagni,
b) ef svo er ekki talið, hverjar þá séu orsakir þess,
c) hvað verkið hafi kostað Rafmagnseftirlit ríkisins."

Hinn 19. nóvember 1947 voru þeir Helgi Sigurðsson hita-

veitustjóri og Valgarð Thoroddsen bæjarverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma mat þetta. Skiluðu þeir ekki matsgerð fyrr en 28. nóvember 1949. Spurningunni í a-lið svara matsmennirnir neitandi. Spurningunni í b-lið svara þeir á þá leið, að mjög litlar líkur hafi verið fyrir því, að þarna fengist kælivatn. Telja þeir, að ekki hafi verið alls kostar rétt að miða við árangur af jarðborunum í Keflavík, því að jarðlög séu þar allt önnur en hér. Auk þess hefði fremur mátt gera ráð fyrir heitu vatni en köldu á því svæði, sem borað var, en heitt vatn hefði ekki komið frystihúsinu að notum sem kælivatn. Að því er tekur til spurningarinnar í c-lið, þá kveða matsmennirnir borleigu hæfilega ákveðna 250 krónur á dag. Ekki kemur fram í matsgerð þeirra, að þeir telji heldur aðra kostnaðarliði of hátt setta, ef miðað er við tíma þann, sem til verksins gekk. Hins vegar telja þeir verkið hafa sótzt óhæfilega seint, miðað við þá reynslu, er fengizt hafi af öðrum jarðborunum, og virðast þeir álíta þetta aðallega stafa af því, að borunartækin hafi verið léleg. Segja þeir í lok matsgerðar sinnar, að stefnda hafi borið skylda til að hafa bortækin í því ástandi, að þau skiluðu viðunandi afköstum, og sé miðað við meðal borhraða Hitaveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar í tilteknum 7 borholum, hefði reikningur stefnda átt að nema alls kr. 4980.00. Er krafa áfrýjanda hér fyrir dómi reist á þessari niðurstöðu.

Með bréfi, dags. 27. janúar 1950, æskti stefndi þess, að borgardómarinn í Reykjavík dómkveddi þrjá yfirmatsmenn til þess að meta til fjár verk það og aðrar kröfur, er greinir á fyrrnefndum reikningi stefnda, og taka auk þess undirmatsgerðina til meðferðar. Hinn 1. febrúar 1950 dómkvaddi borgardómari til þessa starfa þá Árna Snævarr verkfræðing, Ólaf Tryggvason verkfræðing og Sigurð Þórarinsson jarðfræðing. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 13. nóvember 1950.

Yfirmatsmenn komast að þeirri niðurstöðu, að reikningur stefnda sé tölulega réttur og kostnaðarliðir ekki of hátt ákveðnir, sé miðað við þann tíma, sem til verksins gekk. Þeir telja, að reynslu af jarðborunum eftir vatni í Keflavík hafi mátt hafa til hliðsjónar, er hafizt var handa um jarðboran á Kirkjusandi, enda geri undirmatsmenn of mikið úr mismun

á jarðlögum á nefndum stöðum. Ekki hafi verið ástæða til að ætla, að vatnið yrði of heitt til notkunar, þar sem gert var ráð fyrir, að því yrði náð á tiltölulega litlu dýpi. Er niðurstaða yfirmatsmanna um þetta atriði sú, að verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda hafi haft ástæðu til að gera ráð fyrir þeim möguleika að fá við boranir á Kirkjusandi nægilegt kælivatn til að fullnægja þörf frystihúss þar.

Þá segja yfirmatsmenn, að meginástæðan til þess, hversu seint verkið sóttist, muni hafa verið sú, að jarðlögin hafi verið erfið til borunar. Sé ekki unnt með samanburði við jarðboranir þær, sem framkvæmdar hafi verið á Reykjavíkursvæðinu, að staðhæfa, að borunin á Kirkjusandi hafi sótzt óeðlilega seint.

Loks er það álit yfirmatsmanna, að jarðfræðilegum athugunum í sambandi við borunina á Kirkjusandi hafi verið áfátt og að nákvæm rannsókn hefði sennilega getað leitt til þess, að borun hefði verið hætt nokkru fyrr en raun varð á. Telja þeir, að hæfilegt hefði verið að stöðva verkið sex dögum fyrr en gert var, en þá mundi kostnaður af verkinu hafa numið alls kr. 14.112.13.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi haldið því fram, að verkfræðingur jarðborunardeildar stefnda hefði átt að sjá það fyrirfram, að ekki væru líkur til þess, að kalt vatn fengist með borun á Kirkjusandi, og þess vegna ekki átt að taka verkið að sér. En með skírskotun til álits yfirmatsmanna um þetta atriði og með því að fyrirsvarsmanni áfrýjanda mátti vera ljóst, þegar samningur var gerður, að alls óvíst væri um árangur af verkinu, þá verður þessi mótbára ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefur einnig skírskotað til þess, að greindur verkfræðingur stefnda lét í ljós það álit, að kostnaður af verkinu mundi verða um 5000 krónur. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda gat ekki gengið þess dulinn, að hér var aðeins um ágizkun að ræða og að fullkomin óvissa væri um kostnaðinn. Verður þessari mótbáru því ekki heldur sinnt.

Þá er því haldið fram af áfrýjanda hálfu, að verkinu hafi seinkað vegna lélegra borunartækja. Ekki er komin fram í málinu sönnun fyrir því, að borunartæki hafi verið gölluð

eða í því ástandi, að notkun þeirra hafi verið brot á samningsskyldum stefnda. Verður fjárkrafa stefnda því ekki lækkuð af þessum sökum.

Enn hefur áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi haft óvana menn til að framkvæma jarðborunina og stjórna henni og hafi verkinu seinkað af þeim sökum, en ekki á sú staðhæfing stoð í gögnum málsins.

Loks hefur áfrýjandi krafizt lækkunar á reikningskröfu stefnda vegna þess, að verkinu hafi verið haldið of lengi áfram. Þegar litið er til þess, að fyrirsvarsmaður áfrýjanda fylgdist með verkinu og að auðvelt var fyrir hann að vita á hverjum tíma, hvað því liði og hver kostnaður væri á fallinn, þá þykir ekki rétt að taka þessa mótbáru til greina.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og þegar á það er litið, að áfrýjandi ábyrgðist stefnda fulla greiðslu á öllum kostnaði af jarðboruninni með fyrrgreindri yfirlýsingu, dags. 11. febrúar 1946, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda, sem ekki kom fyrir dóm í héraði, að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnda, Rafmagnseftirliti ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. okt. 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Jakob Gíslason forstjóri f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. f. m. gegn Kirkjusandi h.f., hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 13.012.43 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er honum þó löglega stefnt. Verður þá samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau

eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá stefnudegi.

Málskostnaður ákveðst kr. 1100.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kirkjusandur h.f., greiði stefnanda, Jakob Gíslasyni f. h. Rafmagnseftirlits ríkisins, kr. 13.012.43 með 6% ársvöxtum frá 19. september 1946 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. febrúar 1953.

Nr. 108/1950. **Eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Theódór B. Líndal).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Árekstur skipa. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. ágúst 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefjast þeir þess, að dómkröfur stefnda verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar, málskostnaður í héraði verði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í hinum áfrýjaða dómi um vangæzlu af hálfu stjórnenda v/b Hannesar Hafsteins, verður að telja, að þeir eigi meginsök á nefndum árekstri. Á hinn bóginn verður að líta svo á, að skipstjórnarmenn v/s Dóru hefðu með nægilegri aðgæzlu átt að sjá til ferða v/b Hannesar Hafsteins, fyrr en raun bar vitni, enda bar þeim og að gæta sérstakrar varúðar í siglingu sinni, þar

sem v/s Dóra hélt nálægt v/b Huginn III, sem var skammt undan á bakborða, og annað skip, v/s Helga, var þar nærri til stjórnborða. Vegna þessarar vangæzlu af hálfu skipstjórnarmanna v/s Dóru þykir rétt að skipta sökinni þannig, að áfrýjendur bæti tjón það, er af árekstrinum varð, að 3/4 hlutum.

Samkvæmt rökum þeim, sem greind eru í héraðsdómi, þykir tjónið nema kr. 27.756.20, og verður áfrýjendum þá dæmt að greiða stefnda 3/4 hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 20.817.15 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Hannesi Hafstein til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjendur, eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475, greiði stefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 20.817.15 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1947 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð, en málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Hannesi Hafstein, E.A. 475, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. des. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. febr. s.l., gegn eigendum v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 28.546.20 auk 6% ársvaxta frá 16. nóv. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í nefndum bát til tryggingar framangreindum kröfum. Jafnframt hefur stefnandi stefnt vátryggjanda v/b Hannesar Hafsteins, Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, til réttargæzlu, en hann hefur engar sjálfstæðar dómkröfur gert á hendur henni né hún á hendur honum.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum

stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara hafa þeir krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að um kl. 17.10 sunnudaginn 16. nóv. 1947 hélt v/b Dóra, S.U. 36, er var að síldveiðum í Hvalfirði, með hægri ferð út á milli bátanna Hugins III og Helgu frá Reykjavík. Var á suðaustan kaldi og sigldi skipið þannig, að það hafði Huginn III á bakborða í 6—7 faðma fjarlægð, en Helgu í 20—25 faðma fjarlægð á stjórnborða. Voru skipsmenn á Helgu að hafa síld til hlés við skipið, er ásiglingin átti sér stað. Huginn III lá kyrr og voru skipverjar hans einnig að hafa síld. Á Dóru voru stýrimaður, tveir vélstjórar og matsveinn. Halda skipverjar á Dóru því fram, að öll siglingaljós hafi verið uppi, bæði hliðarljós og toppljós. Þá hafi og verið ljós í stýrishúsi. Er Dóra var komin aftur fyrir Huginn III, varð skipstjórnarmaður á henni var við v/b Hannes Hafstein á bakborða, og voru þá aðeins 3—4 faðmar á milli skipanna. Er stýrimaðurinn sá, að hætta var á, að skipin lentu saman, lét hann setja vél bátsins á fulla ferð aftur á bak, þar eð hann taldi ómögulegt að víkja úr leið sökum þrengsla. Eigi að síður lenti v/b Hannes Hafstein á bakborðskinnungi Dóru og brotnaði þar gat á skipið. Kveður stýrimaðurinn, að þá hafi verið blásið tvisvar sinnum á v/b Hannes Hafstein, en hann hafi siglt í burtu, án þess að hafa nokkurt samband við skipið. Skipstjórnarmaður á Hannesi Hafstein í umrætt skipti var fyrsti vélstjóri, og hefur hann ekki skipstjórnarréttindi. Með honum var á skipinu matsveinninn. Voru Hannes Hafstein og Huginn III saman um síldarnót. Skýra skipverjar á Hannesi Hafstein svo frá, að um kl. 17.15 hafi háfurinn bilað hjá Huginn III, en um kl. 17 hafi verið búið að binda um 150 mála kast við hliðina á því skipi. Er háfurinn bilaði, hafi Hannes Hafstein, sem lá suður af Huginn III, verið gefið merki um að koma í því skyni að fá háf hjá honum. Fáum mínútum eftir að Hannesi Hafstein hafði verið gefið merki, kom hann á hægri ferð til hlés við Huginn III meðfram herpinótabátunum, til þess að vita hvað um var að vera. Hafi þá allt í einu sést til v/b Dóru, er komið hafi á hægri ferð og mjög nærri afturenda Hugins III. Segir skipstjórnarmaðurinn á Hannesi Hafstein, að þegar sýnilegt var, að ekki yrði forðað ásiglingu, en ekki verið hægt að beygja á bak- eða stjórnborða vegna þrengsla, hafi hann skipt vél skipsins aftur á og tekið aftur á með fullri orku vélarinnar, en vegna þess að sigaferð hafi verið á skipinu, það hlaðið og einnig alda, hafi vél skipsins ekki orkað að stöðva það nógu snemma, og stefni þess því rekizt á hvalbak Dóru með þeim afleiðingum, að gat hafi komið á.

Ekki kveðast þeir, sem á Hannesi Hafstein voru, eða skipverjar á honum, sem voru í bátunum, hafa orðið þess varir, að neitt merki hafi verið gefið frá Dóru, enda hafi verið stormur og annar hávaði, sem hafi getað hindrað, að slík hljóðmerki heyrðust. Hafi Dóra og, um leið og árekstur inn varð, beygt á stjórnborða og horfið úr augsýn. Skip-

stjórinn á Hannesi Hafstein heldur, að engin ljós hafi verið á skipinu, en þorir þó ekki að fullyrða það. Vélstjórinn, sem með skipstjórn Hannesar Hafsteins fór, segir hins vegar, að full siglingaljós hafi verið á því skipi og kveðst hann sjálfur hafa sett þau á um fjögur leytið.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því dómkröfur sínar, að eigendur v/b Hannesar Hafsteins beri ábyrgð á tjóninu, sem af árekstrinum hlauzt, bæði vegna þess, að enginn maður með skipstjórnarréttindum hafi verið á skipsfjöl Hannesar Hafsteins, er áreksturinn varð, og að það skip hafi siglt á Dóru, sem þá hafi átt „bóginn". Sundurliðar stefnandi kröfur sínar svo:

1.	Efni og vinna við viðgerð Dóru	kr. 14.895.00
2.	Slippleiga, upp- og framsátur	— 1.050.00
3.	Kostnaður vegna skipshafnar og vinnu hennar	— 11.811.20
4.	Skoðun og eftirlit	— 790.00
	Samtals kr.	28.546.20,

og kemur sú fjárhæð heim við hina umstefndu upphæð. V/b Dóra var vátryggð hjá stefnanda og hefur hann greitt eigendum hennar ofangreindar fjárhæðir í bætur. Ekki hefur verið véfengt, að stefnandi eigi aðild að heimta bætur þessar, enda þótt honum kynni að hafa verið óskylt að greiða þær sem vátryggjanda.

Í 19. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna er kveðið svo að orði, að þegar tvö skip stefna þannig, að hætta sé á árekstri, þá skuli það, sem hefur hitt á stjórnborða, víkja úr vegi. Samkvæmt þessari reglu var eðlilegt, að aðalathygli skipshafnarmannsins á Dóru beindist að því, sem framundan honum var og til stjórnborða, og enda þótt hann hefði séð til ferða v/b Hannesar Hafsteins nokkru áður en raun varð á, verður að telja, að honum hafi ekki borið að breyta um stefnu eða draga úr ferð skips síns, fyrr en hann sá, að hætta var á árekstri að öllu óbreyttu, en þá gerði hann svo sem áður er lýst það eina, sem tiltækt var til að forða slysi, eftir því sem á stóð. Hins vegar bar skipstjórnarmanninum á Hannesi Hafstein eftir þessari sömu reglu að veita sérstaka athygli því, sem fram fór á stjórnborða við hann, og haga ferð skipsins eftir því. Var það því verulegt gáleysi af hálfu skipstjórnarmannsins á Hannesi Hafstein að taka ekki eftir siglingu Dóru, en það virðist hafa átt að vera auðvelt, þar sem Huginn III eða skipið, sem á milli lá, var um 60 smálestir að stærð, Hannes Hafstein um 50 sml, en Dóra um 100 sml, og hlaut hana því að bera það hærra en Huginn III, að skipstjórnarmaðurinn á Hannesi Hafstein hefði átt að sjá hana, ef beitt hefði verið sæmilegri athygli. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnanda, að skipstjórnarmaður Hannesar Hafsteins eigi alla sök á árekstrinum, og beri því eigendum hans að bæta allt það tjón, sem af árekstrinum hlauzt. Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar hver fyrir sig.

Um 1. lið. Mótmæli gegn þessum kröfulið reisir stefndi á því, að nýtt

efni hafi verið notað í stað gamals og sé því Dóra viðgerð betri heldur en hún áður var. Þá telur hann, að gert hafi verið við Dóru frekar heldur en skemmdirnar við áreksturinn gáfu efni til. Er borin er saman tjónskýrsla trúnaðarmanns stefnanda og viðgerðarreikningur Slippfélags Reykjavíkur, er gerði við skipið, virðist ekki hafa verið gert við annað í því en skemmzt hafði við áreksturinn. Þá verður að telja, að mismunurinn á gömlu og nýju efni, er í viðgerðina fór, sé svo hverfandi lítill, að ekki sé ástæða til að taka tillit til þess, og ber því að taka þennan kröfulið til greina að öllu leyti.

Um 2. Engum andmælum hefur verið hreyft gegn fjárhæð þessa liðs og ber því að taka hann til greina.

Um 3. Viðgerð skipsins fór fram á tímabilinu frá síðasta maí til 23. júní 1948. Er fjárhæð þessa liðs vegna kaups skipstjóra, stýrimanns, 1. vélstjóra, 1 háseta og næturvarðar þennan tíma. Svo og reikningur frá Reykjavíkurhöfn kr. 291.20. Ekki þykja, eftir því sem fyrir liggur, ástæður til að lækka þennan lið, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 4. Þessi liður sundurliðast svo, að kr. 150.00 eru vegna skoðunar trúnaðarmanns stefnanda á tjóninu og kr. 640.00 er vegna eftirlits starfsmanns stefnanda með viðgerðinni. Ekki þykja rök hníga að því, að stefnda beri að bæta eftirlitskostnað stefnanda, en kostnaður hans við skoðunargerð verður tekinn til greina við ákvörðun málskostnaðar í málinu.

Samkvæmt framansögðu vera því úrslit málsins þau, að stefndu verða dæmdir til að greiða kr. 14.895.00 + kr. 1.050.00 + kr. 11.811.20 = kr. 27.756.20 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2600.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Hannesi Hafstein, E.A. 475, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475, greiði stefnanda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 27.756.20 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í nefndum báti til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði samdómsmannsins Péturs Sigurðssonar:

Af framangreindri atvikalýsingu er ljóst, að rétt fyrir áreksturinn eru bæði skipin á hægri ferð sitt hvoru megin við v/b Huginn III, sem er

kyrr og rekur fyrir vindi. Skipin fara bæði mjög nálægt v/b Huginn III, og virðast bæði hafa haft fulla ástæðu til þess, eins og á stóð. V/b Hannes Hafstein sígur áfram, án þess að hafa skrúfu í gangi, eftir að hafa verið á hægri ferð, og er því gangur hans minnkandi. V/b Dóra er með jafnri hægri ferð. Það er farið að skyggja, en þó ekki orðið dimmt, og fleiri skip eru að veiðum mjög nálægt. Stjórnendum beggja skipanna ber saman um, að þeir hafi ekki tekið eftir hvor öðrum fyrr en skipin sigu aftur fyrir v/b Huginn III, og hafi þá ekki verið nema 3—4 faðmar á milli skipa þeirra. Ennfremur álíta báðir, að ekki hafi verið hægt að forða árekstri með því að beygja í annaðhvort borðið, því til þess hafi ekki verið nóg svigrúm, bæði vegna þrengsla og svo hve skipin voru nálægt hvoru öðru, og reyna því báðir að stöðva skip sín með því að láta vélar þeirra vinna aftur á bak.

19. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna kveður svo að orði, að þegar tvö skip stefni þannig, að hætta sé á árekstri, þá skuli það, sem hefur hitt á stjórnborða, víkja úr vegi.

Álíta verður, að regla þessi geti þó ekki aðeins gilt, að *bæði* skipin hafi aðstöðu til þess að sjá til ferða hins og það svo tímanlega, að það skipið, sem á að víkja, hafi svigrúm til þess að forðast að fara í veg fyrir hitt skipið.

Í því tilfelli, sem hér um ræðir, viðurkenna báðir aðilar, að hvorugur hafi orðið hins var, fyrr en skip þeirra sigu aftur fyrir skipið, sem bar á milli þeirra. Orsök þess, að skipin sjá ekki til hvors annars fyrr en svo seint, hlýtur að vera eitt af tvennu:

1) að skipið, sem á milli bar, hafi hulið þau sjónum hvors annars,

2) að báðir aðiljar hafi ekki hugað vel að ferðum annarra skipa (slæmt „udkig").

Hafi hið fyrra verið tilfellið, bar *báðum* skipum að fara mjög gætilega, þar eð þau höfðu hvorugt nokkra vitneskju um, hvað gæti orðið á vegi þeirra, er þau kæmu fyrir afturenda skipsins, þau sigla „blint" og ættu því raunverulega að vekja eftirtekt á ferðum sínum með hljóðmerkjum. Ekkert eimskip á siglingu getur fyrir fram ákveðið, að það hafi neinn „rétt" fram yfir annað skip, nema skipin sjái til ferða hvors annars. Hafi svo verið, tel ég báða aðilja eiga jafna sök.

Hafi hið síðara verið tilfellið, verða báðir aðiljar og að teljast eiga jafna sök.

Að því er einstaka kröfuliði varðar, er ég samþykkur því, sem segir í framanrituðum dómi. Samkvæmt þessu tel ég, að niðurstaða dómsins ætti að vera á þá leið, að stefndu verði dæmdir til að greiða helminginn af kr. 27.756.20 eða kr. 13.878.10 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1300.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Hannesi Hafstein E.A. 475 til tryggingar þessum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndu, eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475, greiði stefnanda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 13.878.10 með 6% ársvöxtum frá 16. nóv. 1947 til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrétt í nefndum báti til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. febrúar 1953.

Nr. 144/1952. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Guðmundi Kristjáni Ottóssyni
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Skilorðsbundinn refsidómur.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 248. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga. En eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Kristján Ottósson, sæti fangelsi 30 daga. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og niður

skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. maí 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 27. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1628/1952: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Kristjáni Ottósyni, er tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Guðmundur Kristján Ottósson sjómaður, Njálsgötu 8, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að svíkjast um að greiða Þórði Einarssyni bifreiðarstjóra, Langholtsvegi 63, ökugjald, kr. 140.00, fyrir akstur í bílnum R 1403 kvöldið 16. sept. s.l. og fram á aðfaranótt 17. sept. Hann er ákærður til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3 mgr. 68. gr. nefndra laga og greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 2. apríl 1927, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1939 27/2 Kærður fyrir óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1940 30/4 Kærður fyrir hnupl.
1943 25/7 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1943 12/9 Sátt, 25 kr. sekt, 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.
1945 23/8 Siglufjörður. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 4/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
1947 21/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og röskun á næturró.
1947 21/10 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1947 30/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 3/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20.30 sunnudaginn 16. september f. á. kom ákærði inn á bifreiðastöð Steindórs hér í bæ og bað um leigubifreið. Varð Þórður Einarsson, ökumaður R. 1403, til þess að aka með hann. Með ákærða var félagi hans. Þeir voru ölvaðir. Ók Þórður nú með þá hingað og þangað um

bæinn fram yfir miðnætti. Loks bað ákærði um að ekið væri að Njálsgötu 8. Þar fór hann inn, en kom ekki út aftur. Eftir nokkra bið fór Þórður inn og hitti konu, er mun hafa verið móðir ákærða, og skýrði hún honum svo frá, að ákærði ætti ekki fyrir ökugjaldinu. Ákærði kveður sér hafa verið það ljóst, að hann átti ekki fé til að greiða ökugjaldið, en hann hafi gert sér vonir um, að móðir hans mundi láta hann hafa peninga.

Þórður gerði tilraun til að innheimta ökugjaldið síðar og gerði ákærða orð að finna sig, en ákærði sinnti því ekki. Sneri Þórður sér þá til rannsóknarlögreglunnar. Ákærði lofaði því, er hann var kallaður fyrir rannsóknarlögregluna, að greiða ökugjaldið eftir 7 daga, en efndi ekki loforð sitt. Er ökugjaldið ennþá ógreitt.

Með því að Þórður Einarsson hlaut að gera ráð fyrir, að ákærði greiddi ökugjaldið þegar að afloknum akstri og tók að sér að aka ákærða á þeim forsendum, verður að telja, að ákærði hafi haft í frammi svik, er varði við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans með tilliti til þess, að um smáræði er að tefla, hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga. Svipta ber ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað.

Kröfu Þórðar Einarssonar um greiðslu bóta að upphæð kr. 140.00 úr hendi ákærða hefur ákærði samþykkt og ber að taka hana til greina.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Kristján Ottósson, sæti fangelsi 30 daga. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Þórði Einarssyni kr. 140.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. febrúar 1953.

Nr. 120/1952. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Óskari Jóni Magnússyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að tékka þá, sem í málinu greinir, gaf ákærði út fyrir hönd Árnasonar, Pálssonar & Co h/f til greiðslu á vörum, sem keyptar voru af Ástvaldi Helga Ásgeirssyni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 28. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1620/1952: Ákæruvaldið gegn Óskari Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. þ. m., er ákærði, Óskar

Jón Magnússon verzlunarmaður, Njálsgötu 26, hér í bæ, ákærður fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að gefa út f. h. Árnason, Pálsson & Co h.f. til Helga Ásgeirssonar, Bústaðabletti 12, í okt. f. á. 2 tékka á hlaupareikning nr. 2007 við Útvegsbanka Íslands h. f., annan að fjárhæð kr. 3000.00, með útgáfudegi 1. nóv., en hinn svipaðrar fjárhæðar með útgáfudegi 10. nóv. f. á., þótt innstæða væri ekki fyrir hendi á hinum raunverulega útgáfudegi tékkanna. Tjáði ákærði nefndum Helga, að innstæða væri þá ekki fyrir hendi, en lofaði, að innstæða yrði til fyrir tékkunum á hinum skráðu útgáfudögum þeirra, sem þó ekki varð. Ákærist ákærði til refsingar samkvæmt nefndu lagaákvæði til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, er fæddur 11. febr. 1900 að Feðgum í Meðallandi og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1948 28/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 70/1947 og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 4/1943.

1950 15/8 Kærður fyrir sölu á skemmdum lakkrís. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 23/4 1951.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Fyrri hluta október s.l. seldi Ástvaldur Helgi Ásgeirsson verzlunarmaður, Bústaðabletti 12 hér í bæ, á vegum fyrirtækisins Árnason, Pálsson & Co h.f. ákærða vörur. Greiddi ákærði vörurnar með tveimur tékkum á Útvegsbankann h.f., útgefnum af honum til Ástvaldar Helga Ásgeirssonar. Var annar tékkinn að fjárhæð kr. 3000.00, en hinn líkrar fjárhæðar. Á þessum tíma var ekki næg innstæða í bankanum til greiðslu tékkanna, og skýrði ákærði Ástvaldi Helga frá þessu og dagsetti því tékkana þrem til fjórum vikum fram í tímann eða 3000.00 króna tékkann 1. nóv. 1951. Kvaðst ákærði eiga von á peningum frá Kaupfélagi Hellissands fyrir þann tíma og gerði hann því ráð fyrir, að næg innstæða yrði þá fyrir tékkanum.

Sama dag eða daginn eftir að Ástvaldur Helgi fékk 3000.00 kr. tékkann í hendur, greiddi hann skuld við útibú verzlunar Halla Þórarins að Hverfisgötu 39, hér í bæ, með tékkanum, og tjáði verzlunarstjóranum þar, að eins og stæði væri ekki til næg innstæða fyrir tékkanum, en útgefandi hans hefði lofað nægri innstæðu á hinum skráða útgáfudegi hans. Skuld Ástvaldar Helga við útibú verzlunar Halla Þórarins að Hverfisgötu 39, hér í bæ, nam 1700 kr., og greiddi verzlunarstjórinn honum 1300.00 kr. út í peningum, þegar hann tók við tékkanum.

Þegar kominn var útgáfudagur tékkans, var honum framvísað í bankanum, en þá reyndist ekki vera innstæða fyrir honum. Hefur ákærði borið það, að áðurgreind peningavon hans hafi brugðizt og hefur hann ekki ennþá greitt tékkafjárhæðina. Hinn tékkann hefur hann greitt.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varð-

haldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu verzlunar Halla Þórarins hefur þess verið krafizt, að ákærði greiði henni greinda tékkafjárhæð, kr. 3000.00, og þar sem krafa þessi hefur við rök að styðjast, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kr. 3000.00 til verzlunar Halla Þórarins, hér í bæ.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1953.

Nr. 157/1952. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Ingvari Guðmundi Oddssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á 215. gr. hegningarlaga svo og ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ekki þykir í ljós leitt, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem í málinu greinir. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Héraðsdómari hefur ekki nema að litlu leyti skráð í þingbók skýrslur vitna og ákærða fyrir dómi, heldur einungis,

að framburðir þeirra hafi verið í samræmi við skýrslur, er lögreglumenn höfðu áður tekið af þessum aðiljum. Sést því ekki, að hve miklu leyti dómarinn hefur sjálfstætt spurt um sakaratriði. Er þetta aðfinnsluvert, sbr. 18., 73. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 12. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1721/1952: Ákæruvaldið gegn Ingvari Guðmundi Oddssyni, sem dómtekið var 9. júní s.l.

Málið er höfðað gegn Ingvari Guðmundi Oddssyni bílstjóra, til heimilis á Faxabraut 16 í Keflavík. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941, 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Þykir ákærður hafa brotið nefnd lagaákvæði, með því að aka bílnum Ö 105 vestur Laugaveg hér í bæ þann 24. janúar 1952, án nægjanlegrar aðgæzlu, með þeim afleiðingum, að stúlkubarn, sem kom frá nyrðri gagnstétt Laugavegar á móts við húsið nr. 87 við nefnda götu, lenti fyrir bílnum framanvert hægra megin og varð síðan undir hægra afturhjóli bílsins og beið þegar bana.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga, til réttindasviptingar samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaga og 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. marz 1923 í Keflavík.

Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1948 30/9 Hafnarfjörður. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.
1948 2/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 14.45 þann 24. janúar 1952 varð 4 ára telpa, Edda G. S. Guðnadóttir, Laugavegi 81, hér í bæ, undir hægra afturhjóli langferðabílsins Ö 105 á móts við húsið nr. 86 við Laugaveg. Telpan beið þegar bana. Veður var bjart og götur þurrar. Ákærði, sem ók Ö 105 umrætt skipti,

hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið bílnum vestur Laugaveg á 18—20 km hraða, miðað við klst. Hafi hann komið af Snorrabraut inn á Laugaveg. Ákærði ók eftir vinstri helmingi götunnar. Hann sá engin börn á götunni. Er ákærði var staddur á móts við veitingahúsið Röðul, fann hann, að hægra afturhjól fór yfir ójöfnu á veginum, en bíllinn er með tvöföldum hjólum að aftan. Ákærði smádró úr ferð bíls síns og stöðvaði, enda sá hann mann á hlaupum á syðri gangstétt, er veifaði honum. Er ákærði kom út úr bíl sínum, sá hann barn liggja á götunni nokkuð fyrir aftan bílinn og blæddi mjög úr því. Ákærði hljóp í síma og tilkynnti lögreglunni um slysið. Er ákærði kom aftur frá því að hringja, sá hann, að maður hafði tekið barnið upp og bar það upp á syðri gangstétt. Ákærði lét bíl sinn standa óhreyfðan, þar til lögreglan hafði lokið athugunum sínum á slysstað. Ákærði sá ekki barnið fyrir slysið og vissi ekki hvaðan það kom. Ekkert truflaði ákærða við aksturinn og hafði hann athygli óskipta við stjórn bílsins. Ákærði var einn á ferð. Hann veitti því athygli, að nokkrir bílar stóðu við nyrðri gangstétt Laugarvegar gegnt slysstaðnum.

Samkvæmt vætti sjónarvotta mun bíll hafa staðið við nyrðri gangstétt Laugavegar móts við slysstaðinn og annar litlu vestar. Barnið mun hafa hlaupið út á götuna milli bílanna. Vitnið Paul Kofoed Jacobsen, sem sá slysið einna gleggst, segir barnið hafa staðið fast við framenda eystri bílsins. Er framendi Ö 105 var móts við framenda bílsins, er barnið stóð við, hljóp barnið þvert út á götuna og stefndi á hægri hlið Ö 105 og lenti fremst á hægra frambretti Ö 105 og dróst niður með bílnum og hvarf vitninu sjónum, þar sem vitnið stóð á syðri gangstétt, en Ö 105 ekið áfram. Önnur vitni segja telpuna hafa hlaupið á hægri hlið bílsins um miðju eða framan við hægra afturhjól, sem fór að einhverju leyti yfir höfuð barnsins. Öllum ber vitnunum saman um, að ákærði hafi ekið rólega eða á 20—25 km hraða, miðað við klst., og vel á vinstri vegarhelmingi. Eins og þegar hefur verið greint frá, beið telpan bana strax. Hún hlaut mikið höfuðkúpubrot og stórt stykki af heilanum gekk út í gegnum brotið. Vinstra auga gekk út, auk þess var andlitið að öðru leyti meira og minna skaddað.

Hörður Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði Ö 105 og reyndi í akstri. Hefur hann gefið svofellt vottorð um ástand bílsins: „Hemlar voru reyndir á slysstað á Laugavegi á móts við Röðul. Ók ég bifreiðinni á ca. 25 km hraða og stöðvaðist hún á 2 m færi. Hemlaförin voru greinileg eftir þrjú hjólin, en dauf eftir vinstra afturhjól. Handhemill var í lagi og flauta einnig. Bifreiðin var keðjulaus og engin hálka var á akbrautinni þarna á staðnum. Rúður bílsins voru talsvert hrímaðar, nema framrúður og fremsta rúða í hægri hlið hússins voru ekki hélaðar. Bifreiðin er með stýri í vinstri hlið. Bifreiðin Ö 105 er Ford, smíðaár 1947. Breidd 2.25 m. Þyngd 4.198 kg. Farþegarými 30 farþ. ....“ Bifreiðaeftirlitsmaðurinn skýrði frá því fyrir dómi, að Ö 105 væri hár og breiður, svo að ekki sæist vel út um bílinn til hægri úr bílstjórasætinu, sem er vinstra megin, eins og áður hefur verið greint frá.

Þykir nú nægilega hafa verið gerð grein fyrir því, sem upplýstzt hefur og máli skiptir varðandi slys þetta. Samkvæmt gögnum þessum þykir ljóst, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að litla telpan hafi hlaupið fram undan bílnum, er stóð við nyrðri jaðar Laugavegar, á hægri hlið Ö 105 í því að bílnum er ekið framhjá og lent með höfuðið að nokkru leyti undir hægra afturhjóli bílsins og beðið þegar bana. Enn fremur þykja gögn þessi leiða í ljós, að ákærði hafi ekið í alla staði eðlilega og hann hafi ekki, eins og á stóð, haft nokkur tök á því að verða telpunnar var og forða þar með slysi. Lyktir máls þessa verða þær, að sýkna ber ákærða af öllum liðum ákærunnar.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tómasar Tómassonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Guðmundur Oddsson, skal vera sýkn sakar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tómasar Tómassonar hdl., að upphæð krónur 500.00.

Föstudaginn 13. febrúar 1953.

Nr. 6/1952. **Tryggingastofnun ríkisins** (Gunnar J. Möller)
gegn
h/f Júpíter (Páll Á. Tryggvason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bótaskylda samkvæmt 17. gr. laga nr. 122/1950 um almannatryggingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1952. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tryggingarstofnun ríkisins, greiði stefnda, h/f Júpíter, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Júpíter h.f., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. október 1951, gegn Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 775.95 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 11. ágúst s.l. varð háseti á b/v Neptúnus, sem er eign stefnanda, fyrir slysi við vinnu sína og meiddist nokkuð. Vann

hann þó nokkuð, meðan á veiðiferð stóð, en leitaði læknis, er veiðiferð lauk þann 20. s. m. Taldi læknirinn rétt, að hinn slasaði færi ekki næstu veiðiför og var hann því skráður úr skiprúmi sama dag. Fór því slasaði ekki næstu veiðiför og vann ekki þann tíma. Sú veiðiför tók 9 daga. Hinn slasaði fékk kaup greitt til þess dags, er hann var skráður úr skiprúmi. Síðan krafði hann stefnanda um kaup í 7 daga samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930. Stefnandi vísaði honum til stefnda um greiðslu, en stefndi neitaði að greiða. Greiddi þá stefnandi hið umkrafða 7 daga kaup, kr. 775.95. Krefur stefnandi nú stefnda um fé þetta.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að í 17. gr. laga nr. 122 frá 1950 um breytingu á lögum nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar og viðauka við þau, sé svo kveðið á, að ráðherra geti ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. sjómannalaganna, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkvæmt 53. gr. almannatryggingalaganna nr. 50 frá 1946, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja. Með auglýsingu félagsmálaráðherra, dags. 3. janúar s.l., hafi ráðherra ákveðið að nota heimild þessa. Hafi síðan útgerðarmenn, þar á meðal stefnandi, verið krafðir um aukaiðgjald vegna þessa og hafi það verið greitt. Með þessu hafi bótaskylda sú, sem lögð er á útgerðarmenn með ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna, verið færð yfir á stefnda. Samkvæmt þessu beri stefnda að endurgreiða þær kr. 775.95, sem stefnandi greiddi fyrrnefndum háseta á b/v Neptúnusi.

Stefnda, sem ekki hefur véfengt frásögn stefnanda um málsatvik, byggir sýknukröfu sína á því, að henni beri ekki að greiða neinar bætur fyrir slys, sem valda óvinnuhæfni í einungis 10 daga eða skemur. Með ákvæðum 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 um alþýðutryggingar hafi útgerðarmenn verið skyldaðir til að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld voru samkvæmt þeim lögum og þeir báru samkvæmt ákvæðum 27. og 28. gr. sjómannalaganna. Þetta ákvæði hafi ætíð verið skilið svo, að bótaskylt væri slys aðeins, að það valdi vinnutjóni lengur en 10 daga, sbr. ákvæði 1. tl. 10. gr. sömu laga. Í samræmi við þetta hafi í 15. gr. reglugerðar nr. 221 frá 1939 verið beint tekið fram, að slasist skipverji, sem skráður er á skip stærra en 12 smálestir, en sé óvinnufær skemur en 10 daga, þá sé tryggingin eigi bótaskyld og fari þá um rétt hins slasaða eftir sjómannalögunum. Þessi ákvæði 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 hafi síðan verið tekin óbreytt upp í 16. gr. laga nr. 104 frá 1943. Með lögum nr. 50 frá 1946 hafi ákvæði þetta fallið niður. Hins vegar hafi ráðherra með lögum nr. 122 frá 1950 verið veitt heimild til að ákveða, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir beri samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna. Þessa heimild hafi ráðherrann notað og sé því regla sú, sem fólst í 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 og 16. gr. laga nr. 104 frá 1943, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 221 frá 1939, lögfest að nýju. Samkvæmt þessu komi bótaskylda stefndu því aðeins til, að hinn slasaði sé óvinnufær lengur en 10 daga, sbr. 52. gr. laga nr. 50 frá 1946, sem ákveður, hvaða slys skuli

vera bótaskyld. Þar sem slys það, er hér um ræðir, hafi aðeins valdið óvinnuhæfni í 9 daga, verði stefnandi sjálfur að bæta tjón af því samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna.

Þegar virt eru ákvæði 2. tl. 10. gr. laga nr. 74 frá 1937 og 4. mgr. 16. gr. laga nr. 104 frá 1943, er ljóst, að þau fjalla ekki að öllu leyti um sama efni og 17. gr. laga nr. 122 frá 1950. Með hliðsjón af þessu og því, að ákvæði þessi voru úr gildi felld með lögum nr. 50 frá 1946, þykir ekki skipta hér máli, á hvern hátt þau ákvæði voru framkvæmd. Í 17. gr. laga nr. 122 frá 1950 segir svo: „Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkvæmt 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja."

Fyrrgreind auglýsing félagsmálaráðherra tekur upp greinina óbreytta, en tekið er fram, að ákvörðunin um að ákvæði hennar komi til framkvæmda, nái aðeins til lögskráðra sjómanna. Þegar virt er orðalag lagagreinarinnar svo og auglýsingarinnar, þá verða ákvæði hennar ekki skilin á annan hátt en þann, að Tryggingastofnunin taki á sig bótaskyldu útgerðarmanna samkvæmt 32. gr. sjómannalaganna með þeirri takmörkun, að bótaskylda hennar nær aðeins yfir einnar viku tjón, en bótaskylda útgerðarmanns getur náð yfir allt að mánaðartjón samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna.

Með vísan til þessa og þar sem ekki er véfengt, að slys það, er hér um ræðir, sé bótaskylt samkvæmt ákvæðum 32. gr. sjómannalaganna, ber að taka kröfu stefnanda að öllu leyti til greina, enda hefur fjárhæð hennar engum andmælum sætt.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Júpíter h.f., kr. 775.95 með 6% ársvöxtum frá 16. október 1951 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. febrúar 1953.

Nr. 53/1951. **Jón R. Gíslason** (Theódór B. Líndal)
gegn
Erni Ingólfssyni (Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna bifreiðaáreksturs.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1951. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 23. maí 1951. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9865.88 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði, 22. júní 1950, til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Flughálka var á veginum, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af. Ökumönnum beggja bifreiðanna bar því að gæta ýtrustu varkárni í akstri sínum, en á það þykir hafa skort af hendi þeirra beggja. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykir rétt, að hvor aðilja beri helming tjónsins. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 4932.94 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. júní 1950 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón R. Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Erni Ingólfssyni, kr. 4932.94 með 6% ársvöxtum frá 22. júní 1950 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Örn Ingólfsson fulltrúi, Bergstaðastræti 68, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. júní 1950 gegn Jóni R. Gíslasyni, Hvaleyri, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaáreksturs að fjárhæð kr. 9865.88 með 6% vöxtum frá stefnudegi[1]) til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið stefnda, G 1256, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda og það hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Til vara hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að þann 26. janúar 1949 varð árekstur milli bifreiðanna R 5179, eign stefnanda, og G 1256, eign stefnda, með þeim afleiðingum, að þær skemmdust báðar mikið. Ökumaður R 5179, en sú bifreið er af svonefndri „Jeep"-gerð, hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hann verið á leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Skyggni hafi verið slæmt, nokkur snjókoma, en hægviðri. Vegurinn hafi verið flughált, þar sem ísing hafi verið undir snjófölinu á veginum. Hann hafi haft snjókeðjur á báðum afturhjólum bifreiðarinnar og ekið með um 20 til 25 km hraða miðað við klukkustund á sem næst miðjum vegi, enda hafi umferð verið lítil. Um kl. 12.15 hafi hann verið kominn suður undir svonefnt Silfurtún. Hafi hann þá séð til ferða vöruflutningabifreiðar, er hafi komið á móti, og hafi þá verið um 150 til 200 metrar á milli bifreiðanna.

Skömmu síðar kveðst ökumaðurinn hafa beygt til vinstri til að vera á réttri vegarbrún. Við það hafi bifreiðin orðið óstöðug á veginum og „svansað til" ýmist með fram- eða afturenda. Þar sem bifreiðin hafi leitað út á vegarbrúnina, hafi hann orðið að beygja til hægri. Hafi honum með því tekizt að fá bifreiðina rétta á veginum. Allt í einu hafi orðið eins og festa á framhjólum bifreiðarinnar, líkt og hjólin gripu í auðan blett. Hafi hann þá sveigt lítið eitt meira til hægri, en bifreiðin hafi snúizt snögglega til þeirrar handar og runnið stjórnlaus áfram. Kveðst öku-

---

1) Á að vera 1. apríl 1949 samkvæmt því, er greinir í héraðsdómsstefnu.

maður þá hafa reynt að hemla og snúa bifreiðinni til vinstri, en bifreiðin lét ekki að stjórn, heldur snerist meira til hægri og rann þannig áfram á ská, á um það bil miðjum vegi. Þá hafi hann slakað á hemlunum og reynt að sveigja meira til vinstri og hafi bifreiðin við það réttzt nokkuð á veginum. Í þessu hafi bifreið sú, er á móti kom og reyndist vera G 1256, komið þar að með um 30 til 35 km hraða miðað við klukkustund. Hafi hægra framhorn vörupallsins rekizt á R 5179, sem þá hafi verið á miðjum veginum. Við áreksturinn hafi R 5179 snúizt til, þannig, að framendi hennar hafi eftir áreksturinn snúið næstum í norður, en G 1256 hafi farið út af veginum vinstra megin.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður G 1256 eigi alla sök á árekstri þessum. Hann hafi séð til ferða R 5179, er alllangt var á milli þeirra, og að hún var stjórnlaus á miðjum veginum. Samt hafi hann ekið áfram með óbreyttum hraða og á R 5179, þar sem hún var stödd. Hafi hann þó haft nægilegt ráðrúm til að stöðva bifreið sína og forða þannig árekstrinum.

Ökumaður G 1256 hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið þessari, sem er vöruflutningabifreið, frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Bifreiðin hafi verið fullhlaðin af sandi. Vegurinn hafi verið mjög háll, og hafi hann haft snjókeðjur á ytri afturhjólum bifreiðarinnar, en hún er með tvöföldum afturhjólum. Hafi hann ekið á vinstri vegarhelmingi með um 35 km hraða miðað við klukkustund. Er hann hafi verið kominn um 50 m inn fyrir brúna á Hraunholtslæk, hafi hann séð R 5179 koma á móti sér, og hafi bilið á milli bifreiðanna þá verið um 100 m. R 5179 hafi verið ekið á miðjum veginum og með um 25 km hraða miðað við klukkustund. Er bifreiðarnar nálguðust, kveðst ökumaður G 1256 hafa dregið úr hraðanum og ekið með um 20 km hraða miðað við klukkustund. Skömmu síðar hafi R 5179 verið sveigt út á vinstri (eystri) vegarbrún. Við það hafi hún lent utan í snjóhæð yzt á veginum og virzt skrika til og snúast fram á veginn. Skjótt á eftir hafi honum virzt ökumaður R 5179 ná aftur valdi á bifreiðinni og aka áfram á vinstra vegarhelmingi. Um það bil, sem bifreiðarnar hafi verið að mætast, hafi R 5179 allt í einu snúizt inn á veginn. Kveðst ökumaður G 1256 þá hafa hemlað, en árekstri hafi ekki orðið forðað, enda hafi R 5179 þá verið á miðjum veginum. Hafi framendi hennar lent á hægra vörupallshorni og afturhjóli G 1256. Við áreksturinn kastaðist G 1256 út af veginum til vinstri með afturhjólin og rann nokkurn spöl eftir vegarbrúninni með framhjólin upp á veginum. Þannig stöðvaðist hún.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefndi á því, að ökumaður R 5179 eigi sök á árekstri þessum með gálausum akstri. Hann hafi ekið á miðjum vegi, en misst stjórn á bifreið sinni, er hann hafi ætlað að sveigja út á réttan vegarhelming, og bendi þetta til, að hann hafi ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð. Þetta hafi gerzt svo skjótt, að árekstri hafi ekki orðið forðað af ökumanni G 1256.

Þá hefur stefndi bent á, að ökumaður R 5179 hafi ekki gefið hljóðmerki

til að vara ökumann G 1256 við hættu þeirri, er stafaði af því, að R 5179 var stjórnlaus á veginum.

Engir farþegar voru í bifreiðunum í umrætt sinn, og eru ökumenn bifreiðanna einir til frásagnar um atvik öll.

Löggæzlumenn komu á staðinn skömmu eftir árekstur inn, og var gerður uppdráttur af staðháttum. Vegurinn þarna er um 8.50 m á breidd og var mjög háll í umrætt sinn. Bifreiðin G 1256 hafði runnið á ská út af veginum vinstra megin, og voru bæði afturhjólin fyrir utan veginn, en framhjólin á vegarbrúninni.

R 5179 stóð á veginum 16 m sunnar og vísaði framendi hennar til norðurs. Við árekstur þennan urðu verulegar skemmdir á báðum bifreiðunum.

Svo sem að framan er getið, hafði ökumaður G 1256 séð til ferða R 5179 alllöngu áður en árekstur inn varð. Þá sá hann, að ökumaður þeirrar bifreiðar missti vald á henni, er hann sveigði til vinstri. Bar ökumanni G 1256 þá að draga mjög úr hraða sinnar bifreiðar og jafnvel stöðva hana alveg, enda mátti honum vera ljóst, hve háll vegurinn var. Þetta gerði hann ekki. Verður hann því talinn eiga sök á, hvernig fór. Ökumaður R 5179 ók á miðjum vegi. Hann sá til ferða G 1256 allöngu áður en árekstur inn varð, en virðist ekki strax hafa gert ráðstafanir til að flytja sig yfir á réttan vegarhelming. Er hann sveigir til vinstri, er ljóst, að hraði bifreiðarinnar hefur verið óhæfilega mikill, eins og á stóð, og hann því misst vald á bifreiðinni. Verður hann því einnig talinn hafa sýnt slíkt gáleysi í akstri í umrætt sinn, að hann verður einnig talinn eiga sök á árekstri þessum.

Þegar virt eru öll atvik að árekstri þessum, þykir rétt að telja ökumann G 1256 eiga helming sakar og samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber stefnda að bæta stefnanda það tjón, er hann beið af árekstrinum að þeim hluta.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um viðgerðarkostnað bifreiðarinnar R 5179, sem nam kr. 9865.88.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessari út af fyrir sig, en krafizt þess, að hún verði eitthvað lækkuð með hliðsjón af því, að nýtt hafi komið í stað gamals við viðgerðina.

Þegar þess er gætt, að hér var um nýlega yfirbyggða bifreið að ræða, þykir ekki ástæða til að lækka bótakröfu stefnanda af þessum sökum.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða helming af kr. 9865.88 eða kr. 4.932.94 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt málskostnaðarkröfu stefnda, þar sem hann hafi ekki samið um greiðslu á tjóni þessu, en það hafi honum staðið til boða.

Þar sem ósannað er, að stefndi hafi boðið fram bótagreiðslu áður en til máls þessa kom, verður að dæma hann til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón R. Gíslason, greiði stefnanda, Erni Ingólfssyni, kr. 4932.94 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. febrúar 1953.

Nr. 95/1951. **Jón Sigurðsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Dráttarbraut Akureyrar h/f og Gunnari Jónssyni (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Ágreiningur um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af málskostnaðargreiðslu til stefnda í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar málskostnaðargreiðslu áfrýjanda til stefndu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 1000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar málskostnaðargreiðslu áfrýjanda, Jóns Sigurðssonar, til stefndu, Gunnars Jónssonar og Dráttarbrautar Akureyrar h/f.

Áfrýjandi greiði stefndu kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. febrúar 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu útgefinni 6. febrúar 1950 af Jóni Sigurðssyni útgerðarmanni, Borgarnesi, gegn Vélsmiðjunni Odda h.f., Akureyri, Dráttarbraut Akureyrar h.f., Gunnari Jónssyni vélstjóra, Akureyri og Siggeir Stefánssyni útgerðarmanni, Fáskrúðsfirði, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá 31. marz 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa allir mótmælt kröfum stefnanda í máli þessu og krafizt sýknu af öllum kröfum hans og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hafa þeir krafizt þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð.

Málavextir eru í höfuðatriðum þeir, er nú skal greina:

Með kaupsamningi, dags. 25. marz 1947, keypti stefnandi þessa máls, Jón Sigurðsson, Borgarnesi, vélbátinn Christiane Ó.F. 10 af þáverandi eiganda hans, Þorsteini Þorsteinssyni, útgerðarmanni í Ólafsfirði. Síðar á því ári mun báturinn hafa verið afhentur stefnanda á Akureyri, en hann átti þá heima þar. Einhverntíma á því ári var báturinn settur upp í Dráttarbraut á Akureyri, eign Dráttarbrautar Akureyrar h.f., og stóð þar lengi, án þess að við honum væri neitt hreyft. Haustið 1947 var vél bátsins til viðgerðar í verkstæði Vélsmiðjunnar Oddi h.f. á Akureyri og voru fengin til hennar ný stykki, þar á meðal sveifarás. Á tímabilinu febrúar—maí 1948 var haldið vélstjóranámskeið á Akureyri, og var Gunnar Jónsson vélstjóri, meðstefndi í máli þessu, aðalkennari þar. Helgi Pálsson, erindreki Fiskifélags Íslands á Akureyri, fékk þá nefnda vél lánaða hjá stefnanda, til þess að hafa hana við kennsluna, og var hún þá flutt burtu af verkstæðinu. Um þetta leyti, þ. e. í marzmánuði 1948, seldi stefnandi vélina meðstefnda, Siggeir Stefánssyni útgerðarmanni, Fáskrúðsfirði, fyrir milligöngu Gísla Halldórssonar h. f. Reykjavík, og var kaupverðið kr. 13.000.00. Í marzmánuði 1948 fór Siggeir Stefánsson til Akureyrar til að sækja sveifarásinn, sem tilheyrði vélinni, og sem hann vanhagaði sérstaklega um og fór hann með hana austur, en skildi aðra hluta vélarinnar eftir. Síðan þetta var, áttu þeir nokkur símtöl saman um margnefnda vél, Siggeir Stefánsson og Gunnar Jónsson vélstjóri, og með símskeyti, dags. 14. maí s. á., sbr. dómskjal nr. 11, biður Siggeir Gunnar að senda vélina til Ingólfs Hallgrímssonar, Eskifirði. Um þetta leyti bað Siggeir Stefánsson Gunnar Jónsson um, að hann fengi vélaverkstæði á Akureyri til að annast töku á skrúfunni úr v/b Kristjönu og aðra þá hluti, sem í skipinu voru, og tilheyrðu vélinni, og skyldu þeir hlutir einnig sendir til Ingólfs Hallgrímssonar.

Gunnar Jónsson sendi síðan þá hluta margnefndrar vélar, sem hann hafði við námskeiðið, austur, en bað Óskar Sigurgeirsson Ósberg, verkstjóra hjá Vélsmiðjunni Odda h.f., Akureyri, að taka þá hluti, sem í bátn-

um voru vélinni tilheyrandi, og senda þá. Þann 28. maí voru eftirgreindir hlutir teknir úr v/b Kristjönu eftir fyrirsögn Óskars S. Ósbergs: Skrúfa með aðalöxli ásamt stefnisröri, botnventill, rafmagnslensidæla, kúplingsstöng með tilheyrandi ratti og hjólum. Voru hlutir þessir sendir gegn póstkröfu fyrir kostnaði til nefnds Ingólfs Hallgrímssonar, og munu hlutirnir hafa komizt á ákvörðunarstað og var krafan innleyst á Eskifirði.

Með bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, dags. 24. jan. 1949, kærir stefnandi þessa máls þá, sem að töku framangreindra hluta úr v/b Kristjönu stóðu, til refsiábyrgðar og skaðabótagreiðslu, og fór fram rannsókn vegna þess hér á Akureyri og í Suður-Múlasýslu, en samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins til bæjarfógeta á Akureyri, dags. 16. júní 1949, var frekari málssókn felld niður. Sala nefndrar vélar var í höfuðatriðum þannig til komin: Firmað Gísli Halldórsson h. f. í Reykjavík, sem hefur umboð fyrir svonefndar Gray-dieselvélar, hafði lofað að útvega nýjan sveifarás í vél þeirrar tegundar í vélbát Siggeirs Stefánssonar, Hvanney S.M 442. Stykki þetta átti að vera komið haustið 1947, en dráttur varð á því og svo leit út sem Siggeir gæti eigi gert bát sinn út fyrri hluta árs 1948. Úr þessu vildi firmað Gísli Halldórsson h.f. bæta, og útvegaði Ólafur Ólafsson, skrifstofumaður hjá firmanu, Siggeiri til kaups vél úr v/b Kristjönu, en hún var sömu tegundar og vélin í Hvanney. Hafði eigandi þess báts, stefnandi þessa máls, skömmu áður fengið nýjan sveifarás í þá vél hjá umboðsmanninum. Kaup þessi fóru fram, eins og áður greinir, með milligöngu firmans Gísli Halldórsson h.f., en engar orðsendingar fóru fram milli þeirra stefnanda og Siggeirs.

Lítið liggur fyrir í málinu af skjalfestum gögnum varðandi þessi kaup, enda fór samningsgerðin mikið fram í símtölum. Þessi skjöl hafa þó komið fram varðandi þetta atriði: Skal fyrst vikið að skjali, sem fyrst var lagt fram í málinu í afriti á dómsskjali nr. 3, en síðar og eftir dómtöku málsins við endurupptöku þess, var lagt fram í frumriti, að því er stefnandi telur, sbr. dómskjal nr. 32. Í texta þessa skjals, sem er dagsett 13. mars 1948, er það talið „Upptalning á hlutum, sem afhendast eiga með Gray-dieselvél úr v/b Kristjönu, Akureyri". Í báðum eintökum þessa skjals er meðal annars taldar upp allar dælur tilheyrandi vélinni, en strikað yfir orðið „lensidæla". Einnig eru taldar upp kælivatnsleiðslur frá og að vél, en strikað yfir orðin „ásamt botnkrana", sem er tilgreindur næst á eftir. Í niðurlagi skjalsins, á eftir upptalningunni á hlutum þeim, er fylgja eiga, er þessi setning: „En án skrúfuútbúnaðar og aðalöxuls". Skjal þetta telur stefnandi vera afsal sitt fyrir vélinni. Enn fremur hefur verið lagt fram afrit af símskeyti, dags. 6. marz 1948, frá Siggeir Stefánssyni til Gísla Halldórssonar, þar sem Siggeir tjáir sig samþykkja kaup á Gray-dieselvél fyrir þrettán þúsund krónur, sbr. dómskjal nr. 22. Loks hefur á dómskjali nr. 10 verið lagt fram símskeyti, undirritað með nafni stefnanda, til Helga Pálssonar, erindreka Fiskifélags Íslands á Akureyri, þar sem því er lýst yfir, að Siggeir Stefánsson Fáskrúðsfirði hafi keypt Gray-dieselvélina „er ég lánaði á mótornámskeiðið og hefur því umráðarétt yfir henni", eins og það er orðað í skeytinu .

Önnur skjalleg gögn varðandi kaupin á þessari vél, er í máli þessu greinir, eða umboðsmennsku þá, er firmað Gísli Halldórsson h.f. hafði á hendi í sambandi við þau, liggja ekki fyrir í málinu. Hins vegar liggja fyrir í málinu skýrslur aðilja kaupanna og Ólafs Ólafssonar, starfsmanns Gísla Halldórssonar h.f., sem hafði á hendi milligöngu um þessi kaup, og verður að þeim vikið síðar.

Skaðabótaskyldu hinna stefndu byggir stefnandi einkum á því, að taka framangreindra hluta úr v/b Kristjönu hafi verið með öllu heimildarlaus, þar sem hann hafi verið eigandi þeirra, þegar þeir voru teknir, og telur að hann hafi undanþegið þessa hluti við sölu vélarinnar að öðru leyti og hefur hann um það atriði einkum skírskotað til dómsskjals nr. 3, sem hann telur afsal fyrir vélinni, eins og áður greinir, og telur, að þar sé skýrt og fortakslaust til tekið, hvað hafi átt að fylgja í kaupunum. Frá samningum sínum um sölu nefndrar vélar og tilefni síðastgreinds skjals hefur stefnandi skýrt þannig:

Um sölu á vélinni átti hann eingöngu við firma Gísla Halldórssonar h.f. og sagðist ekki muna, hvort hann hefði vitað það fyrr en eftir að kaupin voru ákveðin, að þau hafi verið gerð fyrir Siggeir Stefánsson. Þá hefur hann sagt, að hann myndi til þess, að áður en kaupin voru endanlega ákveðin, hafi hann tekið skýrt fram, að skrúfa, öxull og stefnisrör fylgdu ekki í kaupunum og það sama segist hann hafa tekið fram varðandi botnventil, rafmagnslensidælu og kúplingsstöng með tilheyrandi útbúnaði. Telur stefnandi, að kaupin hafi verið að fullu afgerð, þar á meðal ákvörðun um verðið, áður en Ólafur Ólafsson, starfsmaður Gísla Halldórssonar h.f., hafi beðið sig að senda skeytið á dómskjali nr. 10 til Akureyrar. En nokkrum dögum eftir að greint skeyti var sent, sagðist stefnandi hafa verið á ferð í Reykjavík og þá hafi hann tekið á móti greiðslu fyrir vélina hjá Gísla Halldórssyni h.f., kr. 13 þúsund. Í sama skipti telur hann dómsskjal nr. 3 hafa orðið til og hafi Ólafur Ólafsson ritað það. Þá hefur stefnandi haldið því fram í aðiljaskýrslu sinni og því sama hefur málflutningsmaður hans haldið fram við flutning málsins, að hann hafi ekki afsalað Siggeir Stefánssyni vélinni, heldur Gísla Halldórssyni h.f. Í þessu sambandi hefur stefnandi skýrt frá því í skýrslu sinni, að símskeytið á dómsskjali nr. 10 hafi verið sent að beiðni Ólafs Ólafssonar í því skyni að hægt væri að afhenda vélina á Akureyri.

Ólafur Ólafsson, starfsmaður Gísla Halldórssonar h.f., sem einn virðist hafa fjallað um þetta mál fyrir firmað, hefur lýst aðdraganda þessara viðskipt í höfuðdráttum á sama hátt og að framan er rakið. Ekki ber vitnisburði hans að öllu leyti saman við framburð stefnanda. Hann telur, að Siggeir Stefánsson hafi verið kaupandi vélarinnar, en ekki Gísli Halldórsson h.f. Hann sagði, að umboðið frá Siggeir til að kaupa vélina hafi verið munnlegt, enda gefið í símtali og kveðst hafa borið kaupkjörin milli aðilja með símtölum. Þá hefur vitni þetta borið, að það myndi ekki, hvað það samdi við stefnanda um að fylgja ætti vélinni, en kvaðst hafa búið til eða látið búa út skjal, þar sem talið var upp, hvað vélinni ætti að fylgja og kveðst hafa gert ráð fyrir, að stefnandi mundi nota þetta

plagg sem grundvöll að afsali fyrir vélinni. Skjal þetta telur hann vera skjal það, sem hann hefur lagt fram á dómsskjali nr. 32, og er samrit dómsskjals nr. 3, og fann hann það, að því er hann hefur borið, í skjölum Gísla Halldórssonar h.f. og er það undirritað með nafni stefnanda. Jafnframt hefur vitni þetta haldið því fram, að þótt það hefði haft þessi afskipti og fyrirgreiðslu í sambandi við vélakaupin, hafi hann talið víst, að stefnandi gengi í einstökum atriðum frá kaupunum bréflega, enda hafi svo talast til með þeim, vitninu og stefnanda, að sá síðarnefndi sendi afsal fyrir vélinni í bréfi eða símskeyti. Þá hefur vitni þetta borið, að því sé ekki kunnugt um, að stefnandi hafi beðið það að senda afrit af skjali þessu til Siggeirs Stefánssonar. Einnig hefur vitni þetta borið, að það myndi ekki eftir, hvort það hafi sundurliðað fyrir Siggeir, hvað vélinni átti að fylgja. Loks hefur vitni þetta borið, að það myndi eftir því, að stefnandi hafi komið í skrifstofu Gísla Halldórssonar h.f. til að taka við greiðslu fyrir vélina, en mundi ekki, hvort það var í það sinn, sem stefnandi fékk samrit dómsskjals nr. 3, en minnti frekar, að stefnandi hefði verið viðstaddur samningu þess skjals. Ekki kvaðst vitnið geta staðhæft, hvort dómsskjal nr. 3 og samrit þess hefði verið gert fyrir eða eftir að símskeytið á dómsskjali nr. 10 var sent.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, hefur stefnandi fært fram til stuðnings máli sínu orðalagið á símskeyti á dómsskjali nr. 10, en þar segir, „að Siggeir Stefánsson hafi keypt Gray-dieselvél, er ég lánaði á mótornámskeiðið". Telur hann, að þetta orðalag lúti að því, að hann hafi aðeins ætlað að selja þá hluta vélarinnar, sem hann hafi lánað á mótornámskeiðið, en ekki aðra.

Það sem nú hefur verið rakið, lýtur fyrst og fremst að ábyrgð Siggeirs Stefánssonar, en stefnandi telur aðra stefndu honum meðseka um heimildarlausa töku vélahlutanna, sem getur um í stefnunni, og skal nú sérstaklega að því vikið.

Eins og að er vikið að framan, fékk meðstefndi Gunnar Jónsson eftir beiðni frá Siggeir Stefánssyni Vélsmiðjuna Odda h.f. til að taka vélarhlutina úr skipinu og senda þá til Eskifjarðar. Hefur stefnandi sérstaklega bent á sem rök fyrir kröfu sinni á Gunnar Jónsson, að þar sem Gunnari Jónssyni hafi verið kunnugt um efni símskeytisins á dómsskjali nr. 10, geti hann naumast hafa verið í góðri trú um, að Siggeir ætti vélarstykkin.

Varðandi ábyrgð Vélsmiðjunnar Odda h.f., að því er töku vélarhlutanna snertir, hefur stefnandi einnig vefengt, að verkstjóri vélsmiðjunnar, Óskar Ósberg, geti talizt hafa verið í góðri trú, þar sem hann hefði ekkert kynnt sér heimild Gunnars Jónssonar til töku stykkjanna, eins og ljóst sé af vitnisburði hans, en kunnugt hefði honum verið um, að annar maður, þ. e. stefnandi, hefði átt vélina áður. Auk bótakrafna vegna vélahlutanna er einn liður í bótakröfu stefnanda, sem sérstaklega varðar meðstefnda Vélsmiðjuna Odda h.f., en það er taka stýrisins af v/b Kristjönu. Telur stefnandi, að stýrið hafi glatazt, og er krafan bætur fyrir það. Það er upplýst með vitnisburði Jóns Magnúsar Árnasonar vélstjóra, sem tók

margnefnda hluti úr v/b Kristjönu á vegum verkstæðisins, að hann hafi þá tekið stýri bátsins af og lagt það við garðinn, sem aftasti hluti bátsins hvíldi á. Einnig hefur vitnið sagt, að hugsanlegt sé, að sjór hafi tekið stýrið við stórstraumsflóð, en telur það þó ósennilegt.

Karl Friðriksson, útgerðarmaður í Glerárþorpi, hefur hins vegar gefið yfirlýsingu um það á dómskjali nr. 18 og staðfest fyrir rétti, að í ársbyrjun 1949 hafi hann ásamt Jakobi Jónssyni skipstjóra keypt v/b Kristjönu, Ó.F. 10, og hafi stýrið þá legið skammt fyrir aftan skipið, sem stóð í Dráttarbraut Akureyrar, og settu þeir það á bátinn og notuðu það. Þá hefur vitni þetta borið, að við kaupin hafi stýrið eitthvað borizt í tal og að kaupendurnir hafi talið víst, að þeir mættu taka stýrið. Loks hefur vitni þetta borið, að það telji víst, að stýrið, sem þeir settu á bátinn, hafi verið stýrið, sem honum tilheyrði, því annars hefði það ekki passað, eins og það gerði. Ennfremur hefur skipaeftirlitsmaðurinn Magnús Bjarnason, Akureyri, borið vitni um þetta atriði. Vitnið mundi eftir því, þegar stýrið var sett á v/b Kristjönu í Dráttarbraut Akureyrar 1949 og kvaðst hann hafa talið það hið rétta stýri af skipinu, enda hafi það alveg passað við skipið. Hins vegar sagði vitnið, að það hefði einhvern tíma, meðan skipið var í dráttarbrautinni, heyrt umtal um það, að stýrið væri týnt og tók fram í því sambandi, að skipið hafi oft verið flutt til. Tveim hinum síðastgreindu vitnisburðum hefur umboðsmaður stefnanda mótmælt að því leyti, sem þeir fari í bág við það, sem umbjóðandi hans hefur haldið fram.

Kröfu sína, að því er varðar Dráttarbraut Akureyrar h/f, byggir stefndi á því, að fyrirtækið hafi haft bátinn til geymslu og bæri ábyrgð á því, að ekkert væri úr honum tekið án samþykkis stefnanda, enda hafi hann tekið þóknun fyrir geymslu bátsins.

Verður nú vikið að varnarástæðum stefndu í sömu röð og að framan er gert. Umboðsmaður Siggeirs Stefánssonar hefur sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda á þeim grundvelli, að Siggeir hafi keypt nefnda Graydieselvél af stefnanda og greitt andvirði hennar, eins og til stóð, og hafi átt að fylgja í kaupunum allt, sem til vélar telst og nægir, til þess að hún verði notuð í vélbát. Telur hann það hafa verið algera forsendu fyrir kaupunum, að vélin væri þannig seld, enda hafi annað aldrei komið til greina af hans hálfu. Á dómsskjali nr. 12 er skýrsla Siggeirs Stefánssonar um kaup vélarinnar af hans hálfu og aðdraganda þeirra, og er tilefni kaupanna, eins og því er lýst að framan, í samræmi við skýrslu hans. Hann kvaðst hafa keypt vélina úr v/b Kristjönu eingöngu í þeim tilgangi að nota sveifarásinn úr henni og síðan hafi hann ætlað að selja vélina, þegar nýr sveifarás fengizt. Hann telur, að Gísli Halldórsson h/f hafi annast kaupin fyrir sína hönd og hafi Ólafi Ólafssyni, sem sá um kaupin fyrir hönd firmans, verið um þetta kunnugt. Staðhæfir Siggeir, að þegar hann hafi samþykkt kaupin, hafi hann treyst því, að vélinni fylgdi allt, sem nauðsynlegt væri til að setja mætti hana í annan bát og slíkum vélum fylgir venjulega.

Annað telur hann, að ekki hafi heldur verið tekið á Akureyri og sent austur. Þá hefur Siggeir borið það, að hann hafi ekki vitað, hvernig samn-

ingar hafi verið milli firma Gísla Halldórssonar h/f og stefnanda, en af samtali við Ólaf Ólafsson kvaðst hann vera viss um, að Ólafur hafi miðað við, að allt fylgdi vélinni, sem í bátnum var og vél tilheyrir. Stefndi hefur einnig borið fyrir sig símskeytið á dómsskjali nr. 10, þar sem hann er lýstur réttur umráðamaður nefndrar Gray-dieselvélar, þar sem ekkert sé undanþegið við söluna. Hefur umboðsmaður stefnda mótmælt því, að í orðalagi því, — að átt væri við vél þá, er seljandi hefði lánað á mótornámskeiðið, — fælist nein takmörkun þess eðlis, að átt væri aðeins við það, sem á námskeiðið hefði verið lánað, heldur hefði það aðeins verið skilgreining á því, við hvaða vél væri átt. Einnig hefur hann í þessu sambandi vitnað til orðalagsins í símskeytinu á dómskjali nr. 22, sem að framan er vikið. Þá hefur umboðsmaður stefnda staðhæft, að Siggeir hafi aldrei fengið að vita um efni dómsskjals nr. 3, og hefur ekkert komið fram, sem hnekki því. Einnig hefur stefndi mótmælt gildi dómskjals nr. 3, þar sem það sé dagsett fjórum dögum síðar en símskeytið á dómsskjali nr. 10, sem sé yfirlýsing stefnanda um söluna til stefnda, og geti það því ekki verið bindandi fyrir hann. Loks hefur hann mótmælt kröfum vegna stýrisins, þar sem hann hafi engu um það ráðið, að stýrið var tekið af bátnum og ennfremur vegna þess, að það hafi verið í slippnum, þegar til þess þurfti að taka.

Skaðabótakröfuna, að því er varðar meðstefnda Gunnar Jónsson, hefur umboðsmaður hans mótmælt með sömu varnarástæðum og varðandi kröfuna á Siggeir Stefánsson og auk þess á því, að hann hafi aðeins verið milligöngumaður milli Siggeirs og vélsmiðjunnar og verið fullkomlega í góðri trú, um að hlutirnir tilheyrðu Siggeiri.

Meðstefndi Vélsmiðjan Oddi h/f hefur mótmælt kröfu stefnanda, að því er stýrið varðar, á þeim forsendum, að það hafi aldrei glatazt og megi stefnandi því sjálfum sér um kenna, ef hann hefur eigi talið það með í sölunni, er hann seldi bátinn, og hefur í því efni stuðst við vitnisburði Karls Friðrikssonar og Magnúsar Bjarnasonar, sem að framan eru tilgreindir. Kröfum að öðru leyti hefur hann mótmælt með þeim rökum, að verkstjóri stefnda, Óskar S. Ósberg, hafi verið grandlaus, er hann lét taka vélarhlutana úr bátnum og hefur um það efni sérstaklega skírskotað til þess, að verkstjóranum hafi verið kunnugt, að meðstefndi Gunnar Jónsson, sem það hann að taka stykkin úr bátnum, hafi haft aðra hluta vélarinnar í vörzlu á lögmætan hátt. Einnig hefur hann stuðst við vitnisburð Óskars Ósbergs, sem liggur fyrir í málinu. Loks hefur hann byggt mótmæli sín á því, að meðstefndu, Siggeir Stefánsson og Gunnar Jónsson, sem verk þetta var unnið fyrir, hafi verið grandlausir um tökuna.

Umboðsmaður meðstefnda Dráttarbrautar Akureyrar h/f hefur mótmælt kröfum stefnanda á eftirfarandi grundvelli: Framkvæmdastjóri Dráttarbrautarinnar hafði v/b Kristjönu til sölumeðferðar fyrir stefnanda, eftir að hún kom í dráttarbrautina 1947, en hann telur, að nokkrum mánuðum áður en hlutir þeir, er í máli þessu greinir, voru teknir úr bátnum, hafi hann hringt til stefnanda og sagt honum, að hann vildi

ekkert frekar hafa með skipið að gera, en hann hafi þó fallizt á að lofa skipinu að standa kyrru í dráttarbrautinni ábyrgðar- og afskiptalaust af sinni hálfu og Dráttarbrautar Akureyrar h/f. Fyrir skipið kveðst hann ekki hafa tekið nema sem svarar hafnarlegugjaldi og sé það mun lægra en lágmarksgjald það, sem tekið er fyrir varðveizlu skipa í dráttarbrautum. Eitthvað um þetta leyti telur hann, að stefnandi hafi gefið öðrum manni, Jóni Guðmundssyni, umboð til að selja og annast skipið. Í annan stað mótmælir hann stefnukröfunni á þeim forsendum, að taka vélarhlutanna hafi verið heimil. Í þriðja lagi vegna þess, að mál þetta sé eingöngu risið út af því, hversu sölusamningurinn hafi verið óljós. Í fjórða lagi vegna þess, að ekki sé um neina vangeymslu að ræða hjá Dráttarbrautinni, enda beri hún yfirleitt ekki neina slíka vangeymsluábyrgð, þar sem hún hafi skipin ekki í geymslu, heldur leigi aðeins stæði fyrir þau. Loks hefur hann mótmælt kröfunni vegna þess, að hún sé of seint fram komin, þar sem skipið hafi verið tekið úr dráttarbrautinni, án þess að henni væri hreyft. Ennfremur hefur framkvæmdastjóri stefnda gefið um það yfirlýsingu í málinu, að hann hafi enga lykla haft að bátnum og hefur því ekki verið mótmælt. Loks hefur Magnús Bjarnason skipaeftirlitsmaður, sem var starfsmaður stefnda fram til ársins 1948, borið vitni varðandi þetta atriði. Hann sagði, að starfsmenn dráttarbrautarinnar hefðu ekki haft umsjón með skipunum í brautinni að öðru leyti en því, að ekki yrði tjón á þeim af völdum dráttarbrautarinnar, meðan þau voru þar.

Þrátt fyrir þann vitnisburð Ólafs Ólafssonar, starfsmanns Gísla Halldórssonar h/f, að hann hafi ætlazt til þess, að stefnandi semdi nánar um kaupin við Siggeir Stefánsson eða sendi honum afsal fyrir vélinni, verður þó að telja sannað með skjali því á dómskjali nr. 32, er að framan greinir, sérstaklega með tilliti til þess, að það er undirritað af stefnanda og er í vörzlu Gísla Halldórssonar h/f, að Ólafur hafi endanlega gert út um kaupin við stefnanda og með þeim skilmálum, sem þar greinir. Ber þá að athuga, hvort meðstefndi Siggeir Stefánsson sé bundinn af þessum samningi. Stefndi hefur haldið því fram og því hefur ekki verið hnekkt, að hann hafi ekki vitað annað en hann ætti vélina með öllu, sem henni tilheyrir. En rétturinn lítur svo á, að þar sem hann hafi gefið Gísla Halldórssyni h/f umboð, bæði með símtölum og með símskeytum á dómsskjali nr. 22, án þess þó að í símskeytinu væri kveðið nægilega skýrt á um, hvað ætti að fylgja í kaupunum, sé hann bundinn við samninginn gagnvart stefnanda. Getur dagsetningin á símskeytinu á dómsskjali nr. 10 ekki raskað þessari niðurstöðu, enda var því ekki beint til kaupanda sjálfs og virðist í öðrum tilgangi sent en þeim að veita afsal fyrir vélinni. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma meðstefnda Siggeir Stefánsson til að bæta tjón það, er stefnandi hefur beðið vegna vélarhluta þeirra, er hann lét taka úr v/b Kristjönu. Hins vegar telur rétturinn, að hann eigi enga ábyrgð að bera vegna töku stýrisins af bátnum.

Með skírskotun til varnarástæðna hinna stefndu Gunnars Jónssonar, Vélsmiðjunnar Odda h/f og Dráttarbrautar Akureyrar h/f, sem að framan

voru tilgreindar, telur rétturinn, að þeir hafi ekki sýnt af sér slíkan aðgæzluskort, að þeir eigi að bera ábyrgð á töku vélarhlutanna ásamt Siggeir Stefánssyni, og telja verður sannað, að stýrið af bátnum hafi aldrei glatazt eða skemmst, og kemur þá eigi nein skaðabótaábyrgð vegna þess til greina.

Þá ber að athuga upphæð kröfunnar. Stefnandi hefur sundurgreint hana þannig:

1.	Skrúfa með aðalöxli og stefnisröri	ca. kr. 20.000.00
2.	Botnventill	— — 500.00
3.	Rafmagnslensidæla	— — 1.500.00
4.	Kúplingsstöng með tilheyrandi ratti og hjólum	— — 4.000.00
5.	Stýri skipsins	— — 4.000.00
		ca. Kr. 30.000.00

1., 3. og 4. lið kröfunnar hefur stefnandi einkum stutt með tilboði um sölu slíkra hluta nýrra frá Gísla Halldórssyni h/f til umboðsmanns hans í Reykjavík, dags. 26. maí 1950, og lagt hefur verið fram á dskj. nr. 23. Tilboð þetta hefur verið staðfest fyrir rétti af starfsmanni firmans, Hilmari Kristjánssyni viðskiptafræðingi. Samkvæmt tilboðinu er verðið á þessum hlutum í útsölu í Reykjavík talið þá ca. 24.000.00 í ísl. krónum, miðað við gengi dollars 16.32, en ca. kr. 9500.00, miðað við gengi 6.505. Lið 2 hefur stefnandi ekki stutt neinum slíkum rökum.

Ekki hefur farið fram neitt mat á vélahlutunum og engin lýsing tilnefndra skoðunarmanna á þeim. Smíðaár vélarinnar er hins vegar talið 1942 og er upplýst, að hún var komin í nefndan bát 1944. Ennfremur hefur stefnandi borið það í aðiljaskýrslu sinni, án þess að því hafi verið mótmælt, að hinir umdeildu vélarhlutar hafi verið jafngamlir vélinni, nema lensidælan og skrúfan, sem séu yngri, en þeir hlutir hafi þó báðir verið komnir í bátinn, þegar hann keypti hann.

Umboðsmaður stefnda Siggeirs Stefánssonar hefur mótmælt kröfunni sem allt of hárri og ósannaðri og krafizt þess sem varakröfu, að hún verði stórlega lækkuð. Sérstaklega hefur hann mótmælt dskj. nr. 23, sem sannað sé í tilefni þessarar málssóknar, og að þar sé miðað við verðlag, sem gildi löngu síðar en atburðir þeir gerðust, sem málið er risið út af. Hefur hann mótmælt því, að tekið verði tillit til þess til hækkunar, að tvær gengisbreytingar hafi orðið á íslenzkum krónum, miðað við dollar, frá því tilefni þessa máls varð til, þangað til krafan var gerð.

Eins og áður greinir, hefur ekkert mat eða skoðun farið fram á vélarhlutunum, og hefur umboðsmaður stefnanda lýst yfir, að það væri ekki framkvæmanlegt, og eru því ekki fyrir hendi öruggar heimildir fyrir verðmæti þeirra. Vitnið Jón M. Árnason vélstjóri, er að framan er nefndur, hefur þó komið dálítið inn á þetta í vitnisburði sínum. Þar segir svo: „Öxull, skrúfa og stefnisrör voru í góðu ástandi, en hitt virtist vera lítilsvirði". Vitnisburði þessum hefur ekki verið mótmælt. Annað liggur ekki fyrir um aldur og ástand hlutanna, að því er máli þykir skipta. Á dskj. nr. 23 þykja, þrátt fyrir framangreind andmæli, vera fram komnar

nokkrar upplýsingar um verð nýrra vélarhluta af svipaðri gerð og mál þetta fjallar um, að undanteknu einu stykki, sem ekki hefur mikið verðmæti, og er þá miðað við verðið fyrir gengisbreytingar, sem hafa orðið síðan tilefni þessa máls varð til. Þar sem gengisbreytingar þær, sem valdið hafa hinni miklu verðhækkun, verða ekki fyrr en í septembermánuði 1949 og marzmánuði 1950, þykir ekki rétt að taka tillit til verðbreytingar þeirrar, sem af þeim stafar, heldur sé miðað við það verðlag, eftir því sem næst verður komizt, sem gilti þegar hlutirnir voru teknir, enda hefði stefnandi væntanlega þá þegar getað heimt hlutina aftur. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, telur rétturinn hæfilegt, að stefndi Siggeir Stefánsson greiði stefnanda kr. 5000.00 í skaðabætur fyrir vélarhlutana, auk 6% ársvaxta frá 6. febrúar 1950 til greiðsludags og kr. 1000.00 upp í málskostnað. Samkvæmt niðurstöðu þeirri, er að framan er fengin um kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu Gunnari Jónssyni, Vélsmiðjunni Odda h/f og Dráttarbraut Akureyrar h/f., ber að sýkna þá af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og þykir rétt, að stefnandi greiði þeim hvorum um sig kr. 800.00 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, Valmundur Guðmundsson vélsmíðameistari og Eggert Stefánsson vélsmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Siggeir Stefánsson, Fáskrúðsfirði, greiði stefnanda, Jóni Sigurðssyni, Borgarnesi, kr. 5000.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja, auk 6% ársvaxta frá 6. febrúar 1950 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan sama tíma.

Hinir stefndu, Vélsmiðjan Oddi h/f, Dráttarbraut Akureyrar h/f og Gunnar Jónsson vélstjóri, Akureyri, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, og ber stefnanda að greiða þeim hvorum um sig kr. 800.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. febrúar 1953.

Nr. 57/1951. **Leikfélag Reykjavíkur** (Sigurður Ólason)
gegn
Sigurði Reyni Péturssyni f. h. dr. Jan van Loewens vegna dánarbús Stefáns Zweigs.
(Sigurður R. Pétursson hdl.).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Höfundarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1951 og krafizt þess aðallega, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefnda, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð til muna. Svo krefst áfrýjandi og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn málskostnað.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms á stefndi rétt til höfundarlauna vegna sýninga áfrýjanda á leikriti því, sem í málinu greinir. Þykja þau hæfilega ákveðin 4% af vergum tekjum áfrýjanda af leiksýningunum eða kr. 4791.57. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Leikfélag Reykjavíkur, greiði stefnda, Sigurði Reyni Péturssyni f. h. dr. Jan van Loewens vegna dánarbús Stefáns Zweigs, kr. 4791.57 með 6% ársvöxtum

frá 21. maí 1949 til greiðsludags og samtals kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Sigurður Reynir Pétursson hdl., hér í bæ, f. h. dr. Jan van Loewens vegna dánarbús Stefáns Zweigs, höfðað fyrir bæjarþinginu, eftir árangurslausa sáttaumleitun, með stefnu, útgefinni 29. júní 1949, gegn Leikfélagi Reykjavíkur, hér í bænum, til greiðslu höfundarlauna fyrir flutning leikritsins Volpone eftir Stefán Zweig, 7% af brúttó tekjum stefnda af sýningum leikritsins, að viðbættu forgjaldi, kr. 1000.00, auk 6% ársvaxta frá birtingardegi sáttakæru, 21. maí 1949, og málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að í byrjun 17. aldar samdi enska skáldið Ben Jonson leikritið Volpone. Um þrem öldum síðar breytti Stefán Zweig leikriti þessu, og kom gerð hans af leikritinu fyrst út á þýzku árið 1927. Að tilhlutun stefnda var gerð Zweigs af leikritinu þýdd á íslenzku, og greiddi stefndi þýðandanum fyrir þýðinguna. Veturinn 1948 til 1949 sýndi stefndi síðan leikritið opinberlega í 23 skipti, án þess að hafa fengið leyfi þess eða þeirra, sem höfundarréttinn áttu, til sýninganna, en Stefán Zweig lézt árið 1942. Samkvæmt skýrslu stefnda námu brúttótekjur hans af umræddum sýningum, að frádregnu gjaldi fyrir geymslu fata og skemmtanaskatti, kr. 119.789.17. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi greiðslu á kr. 9385.24 auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að framan segir. Er hin umkrafða fjárhæð 7% af hinum uppgefnu brúttótekjum stefnda, að viðbættu 1000 króna forgjaldi.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því dómkröfur sínar, að Stefán Zweig hafi endursamið og breytt hinu upphaflega leikriti Ben Jonsons svo mjög, að hann hafi skapað nýtt og sjálfstætt listaverk. Höfundarréttur Zweigs sé því ótvíræður og beri erfingjum hans að sjálfsögðu fullt endurgjald hjá stefnda fyrir flutning hans á leikritinu. Vísar stefnandi þessu til frekari stuðnings til 2. gr. Bernarsáttmálans, en samkvæmt auglýsingu nr. 110 frá 1947 gekk sáttmálinn í gildi fyrir Ísland 7. september það ár. Segir í 2. gr. sáttmálans meðal annars, að aðlaganir (adaptions) og aðrar umsmíðar á ritverki njóti sömu verndar og frumverkin.

Þá telur stefnandi, að fjárhæð sú, sem hann gerir kröfu til, sé sanngjörn og í samræmi við þær reglur, sem farið sé eftir erlendis um greiðslu höfundarlauna fyrir flutning leikrita. Kveður hann, að í löndum þeim, sem séu aðiljar Bernarsambandsins, sé venjan yfirleitt sú, að höfundar fái 10% af brúttótekjum fyrir leikrit, sem taki heilt kvöld að sýna, og auk þess svokallað forgjald. Hefur stefnandi þessum staðhæfingum sínum til stuðnings lagt fram bréf frá norska rithöfundafélaginu í Osló, dags. 30. marz 1949. Þá hefur hann lagt fram bréf frá forstjóra Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn og Det Nye Teater í Osló þess efnis, að er

Volpone var leikið í þessum leikhúsum á árunum 1929 og 1930 í gerð Zweigs, hafi verið greitt í höfundarlaun 7% af bruttótekjum leikhúsanna af sýningum leiksins.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega,* að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. *Til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í greinargerð hefur stefndi véfengt, að dr. Jan van Loewen hafi heimild frá dánarbúi Stefáns Zweigs til að innheimta höfundarlaun, sem dánarbúið kynni að eiga rétt á vegna flutnings á áðurnefndu leikriti. Reisti stefnandi kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á þessum grundvelli, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þessari sýknuástæðu.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að tími sá sé löngu liðinn, sem breytingar Stefáns Zweigs á leikriti Bens Jonsons njóti verndar Bernarsáttmálans að íslenzkum lögum. Í auglýsingu nr. 110 frá 19. sept. 1947 segi, að sáttmálinn gildi fyrir Ísland með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildi 10 ára frestur sá, sem tiltekinn sé í 4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905, í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans. Þá segi orðrétt í 1. málsgr. 4. gr. nefndra laga: „Engum er heimilt, án leyfis þess, er eignarrétt hefur á riti, að gefa út þýðingu á því fyrr en 10 ár eru liðin frá því, að ritið var gefið út í fyrsta sinn." Telur stefndi, að heimilt sé að gagnálykta frá þessu ákvæði á þá leið, að leyfilegt sé að gefa út og flytja þýðingu rits, að liðnum 10 árum frá fyrstu útgáfu þess. Þessi frestur hafi verið löngu liðinn, er áðurnefnt leikrit var þýtt og flutt, þar sem það hafi fyrst verið gefið út 1927.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindri sýknuástæðu stefnda. Telur hann, að ákvæði 8. gr. Bernarsáttmálans, sem áðurgreindur fyrirvari er gerður við, og 4. gr. laga nr. 13 frá 1905 taki aðeins til útgáfuréttar á þýðingum, en ekki til flutningsréttar á þeim. Í 11. gr. sáttmálans séu sjálfstæð ákvæði um flutningsrétt, er tryggi höfundum hann, meðan höfundarréttur varir (50 ár frá láti höfundar). Við inngöngu Íslands í Bernarsambandið hafi enginn fyrirvari verið gerður um gildi ákvæða 11. gr. sáttmálans, enda hefði slíkt ekki verið heimilt.

Í 2. tölulið 11. gr. Bernarsáttmálans segir, að höfundum leikrita eða söngleikrita sé tryggð vernd gegn opinberri sýningu á þýðingu á þessum verkum án þeirra leyfis, meðan þeir eiga rétt á frumverkinu. Svo sem stefnandi heldur fram, var enginn fyrirvari gerður við 11. gr. sáttmálans af Íslands hálfu, er það gerðist aðili Bernarsambandsins. Gildir því greint ákvæði 11. gr. óskorað hér á landi um flutningsrétt á þýðingum leikrita, enda tekur tilvitnað 4. gr. laga nr. 13 frá 1905 eftir orðalagi sínu eingöngu til útgáfu þýðinga. Hefur því umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í greinargerð hefur stefndi í þriðja lagi krafizt sýknu að svo stöddu á þeim grundvelli, að engin staðfest gjaldskrá sé til um gjöld til höfunda fyrir leiksýningar á verkum þeirra, og sé því eigi unnt að ákveða þóknun til stefnanda fyrir flutning nefnds leikrits. Við munnlegan flutning máls-

ins hreyfði lögmaður stefnda ekki þessari varnarástæðu og verður því að telja, að fallið hafi verið frá henni, enda getur vöntun slíkrar gjaldskrár ekki leitt til sýknu.

Varakröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að leikritið Volpone hafi verið sýnt sem klassiskt verk Ben Jonsons, en þess getið í leikskrá, að Stefán Zweig hefði endursamið leikritið. Falli breytingar Zweigs ef til vill undir aðlaganir í skilningi 2. gr. Bernarsáttmálans, en í þeirri grein segi, að aðlaganir njóti sömu verndar og frumverkin, að óskertum höfundarrétti á frumverkunum sjálfum. Nú sé ekki um neinn rétt að ræða til frumverks Ben Jonsons, þar sem það sé svo gamalt, en ekki geti Stefán Zweig þrátt fyrir það tileinkað sér allt verk Ben Jonsons sem sitt. Hið mesta, sem hann (dánarbú hans) geti átt rétt á, sé gjald fyrir breytingar, sem hann hafi gert á hinu upprunalega leikriti. Þær breytingar telur stefndi aðallega vera fólgnar í styttingu frumverksins, en gerð Zweigs á leikritinu sé byggð á sömu hugmyndum og frumverkið. Nokkrum persónum sé að vísu sleppt, en ummæli þeirra lögð í munn annarra persóna, sem haldið sé í leikritinu. Þá séu hliðstæðar ræður sömu persóna í báðum gerðum leikritanna mjög svipaðar.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindri varnarástæðu stefnda, enda heldur hann því fram, svo sem áður er sagt, að Stefán Zweig hafi með breytingum sínum á Volpone Jonsons skapað sjálfstætt skáldverk.

Hinn 5. marz s.l. voru þeir dr. Jón Gíslason og cand. mag. Björn Bjarnason dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur „til þess að gera samanburð á leikritinu Volpone eftir Ben Jonson og leikritinu í þeirri mynd, sem Stefán Zweig gekk frá því, þannig að þeir lýsi breytingum þeim, sem Zweig gerði á frumverkinu, og láta uppi álit sitt á því, hverja þýðingu breytingar Zweigs hafi fyrir verkið í heild."

Niðurstaða matsgerðar hinna dómkvöddu manna er á þessa leið:

„Leikrit Zweigs, „Volpone", er frjáls endursköpun á samnefndu leikriti eftir Jonson. Zweig notar söguþráðinn, meginhugmyndir og helztu persónur í leikriti Jonsons.

En hið forna silfur hefur Zweig brætt upp og steypt í nýju móti.

Tilgangur Zweigs með breytingum og endursköpun á leiknum hefur auðvitað verið sá að leysa hina kjarnmiklu renaissance-komediu úr eins konar álagaham, sníða henni tízkuleg klæði yzt sem innst og leiða hana þannig í endurnýjun lífdaganna fram á nútímasvið."

Það er álit dómenda, að Stefán Zweig hafi breytt Volpone Ben Jonsons svo mjög, bæði að formi, persónugerðum og öllum anda, að um algera endursamningu leikritsins sé að ræða. Verður Zweig (dánarbú hans) því að teljast eiga óskoraðan höfundarrétt að leikritsgerð sinni. Hefur umrædd lækkunarástæða stefnda því ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi hefur stefndi mótmælt hundraðshluta þeim af brúttótekjum, sem stefnandi gerir kröfu til, sem of háum. Þá mótmælir hann sérstaklega forgjaldinu, þar sem slíkt gjald eigi ekkert fordæmi hér á landi. Loks telur hann, að þar sem Leikfélag Reykjavíkur sé félagsskapur áhugamanna, en reki ekki opinbert leikhús, þá sé eðlilegt, að sýningar-

gjöld þess af leikritum séu lægri en gjöld fastra leikhúsa. Hefur stefnandi lagt fram bréf Þjóðleikhússins, dags. 10. þ. m., um greiðslur þess til erlendra höfunda fyrir sýningu leikrita. Segir í bréfinu, að höfundarlaun hafi numið frá 4—7% af seldum aðgangseyri, að frádregnum skemmtanaskatti og fatageymslugjaldi, og nefnir leikritin Óvænt heimsókn, Pabbi, Flekkaðar hendur og Konu ofaukið sem dæmi. Hefur Þjóðleikhúsið greitt 7% fyrir flutning fyrstnefnda leikritsins, en 4% fyrir hvert hinna.

Þegar virtar eru almennar aðstæður til flutnings leikrita á leiksviði hér á landi svo og hinar sérstöku aðstæður stefnda við áðurgreindan flutning hans á leikriti Zweigs „Volpone", meðal annars það, að stefndi mun ekki hafa borið úr býtum hagnað af flutningi leikritsins, þykja höfundarlaun til stefnanda fyrir hinn heimildarlausa flutning hæfilega ákveðin 6% af uppgefnum tekjum stefnda af leiksýningunum og án forgjalds.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7187.35 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 2300.00, og er þar með talinn matskostnaður, er stefnandi hefur innt af hendi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum prófessor Steingrími J. Þorsteinssyni og Sigurði Grímssyni rithöfundi.

Dómsorð:

Stefndi, Leikfélag Reykjavíkur, greiði stefnanda, Sigurði Reyni Péturssyni, f. h. dr. Jan van Loewens vegna dánarbús Stefáns Zweigs, kr. 7187.35 með 6% ársvöxtum frá 21. maí 1949 til greiðsludags og kr. 2300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 17/1952. **Menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvikmyndasjóðs og Félagsheimilasjóðs** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Fegrunarfélagi Reykjavíkur (Sigurður Ólason).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Endurgreiðsla skemmtanaskatts.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m.

Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstrétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eigi hefur verið vefengt, að hagnaði af umræddum skemmtunum hafi verið varið í samræmi við tilgang stefnda, sem lýst er í héraðsdómi, og telja verður miða að almannaheill. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvikmyndasjóðs og Félagsheimilasjóðs, greiði stefnda, Fegrunarfélagi Reykjavíkur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. okt. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Fegrunarfélag Reykjavíkur höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. janúar s.l. gegn menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvikmyndasjóðs og Félagsheimilasjóðs til endurgreiðslu in solidum á skemmtanaskatti að fjárhæð kr. 8.628.06 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 18. ágúst 1948 og 1949 hélt stefnandi skemmtanir hér í bænum í fjáröflunarskyni og seldi að þeim aðgang. Stefnanda var gert að greiða skemmtanaskatt af aðgangseyri að skemmtunum þessum að fjárhæð kr. 8.628.06, og greiddi stefnandi fé þetta, að áskildum rétti til endurheimtu.

Stefnandi, sem hefur viðurkennt, að skemmtanir þessar hafi verið þess konar, að þær hafi verið skemmtanaskattskyldar samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 56 frá 1927, byggir kröfur sínar á því, að skemmtanir þessar hafi verið undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt ákvæðum b-liðs 3. gr. laga þessara. Tilgangur félagsins sé að fegra og prýða Reykjavík,

stuðla að betri snyrtingu og hreinsun bæjarins, aukinni umgengnismenningu og hollustuháttum. Fegrun Reykjavíkurbæjar sé mál, er varði alla þjóðina, og sé til heilla fyrir hana, en ekkert sérmál Reykjavíkur einnar. Hagnaðinum af umræddum skemmtunum hafi öllum verið varið til þessa og eigi félagið því að njóta góðs af undanþágu þeirri um greiðslu skemmtanaskattsins, sem um getur í fyrrgreindu lagaákvæði.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að það sé meginregla laga nr. 56 frá 1927, að skattur sé lagður á ákveðnar skemmtanir, sem haldnar séu fyrir almenning í kaupstöðum landsins. Skatti þessum eigi síðan að verja til styrktar ákveðnum menningarmálum. Frá þessari reglu séu hins vegar gerðar nokkrar undanþágur í 3. grein laganna, þar á meðal í b-lið greinarinnar. Samkvæmt almennum reglum beri að skýra slík undanþáguákvæði þröngt. Starfsemi stefnanda, fegrun Reykjavíkur, sé að vísu menningarstarfsemi, en hins vegar verði alls ekki talið, að hún miði að almenningsheill, enda sé starfssvið félagsins bundið við ákveðin staðartakmörk. Stefnandi geti því ekki borið fyrir sig þetta undanþáguákvæði og eigi því ekki rétt á endurgreiðslu skattsins.

Í lögum stefnanda segir í 1. gr., að heimili félagsins og varnarþing sé í Reykjavík. Þá segir svo í 2. gr. um tilgang félagsins:

Tilgangur félagsins er:

a) Að hafa forystu um sköpun almenningsáhuga á útliti bæjarins, skipulagi og menningarháttum og hvetja ráðamenn ríkis og bæjar til framkvæmda á þeim sviðum.

b) Að stuðla að hvers konar viðleitni til fegrunar bæjarins, t. d. með því að vekja áhuga bæjarbúa á því að prýða hús sín og umhverfi þeirra og ennfremur að vinna að því, að komið verði upp skrúðgörðum og listaverkum á almannafæri.

c) Að örfa almenning til bættrar umgengnismenningar í hvívetna.

d Að beita sér fyrir verndun fornminja í bænum og hindra skemmdir og breytingar á þeim.

e) Að beita sér gegn hverjum þeim ráðstöfunum að hálfu einstaklinga og yfirvalda, er miða bænum til óprýði og ófarnaðar.

Þá segir í 9. gr. félagslaganna, að aldrei megi breyta grundvallartilgangi félagslaganna, að aldrei megi breyta grundvallartilgangi félagsins samkvæmt 2. gr.

Í b-lið 3. gr. laga nr. 56 frá 1927 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús segir, að undanþegnar öllum skemmtanaskatti séu þessar opinberar skemmtanir: „Skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill".

Telja verður, að stefnandi geti átt rétt til að njóta góðs af ákvæðum þessum, enda þótt starfssvið félagsins sé bundið við Reykjavík, þar sem starfsemi getur miðað að almenningsheill, enda þótt hún eigi að fara fram innan ákveðinna staðartakmarka.

Þegar virtar eru þær reglur um starfsemi stefnanda, sem að framan eru greindar, þá þykir mega fallast á, að starfsemi félagsins miði að almenningsheill í merkingu fyrrgreinds lagaákvæðis. Með vísan til þessa

og þegar þess er gætt, að aldrei má breyta grundvallartilgangi félagsins, þá verður að telja, að stefnandi sé undanþeginn skemmtanaskatti af skemmtunum þeim, er hér skipta máli, enda hefur því ekki verið mótmælt, að hagnaði af skemmtunum þessum hafi verið varið í samræmi við fyrrgreindan tilgang félagsins.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma stefnda til að endurgreiða kr. 8628.06 með vöxtum, svo sem krafizt er, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt mótmælum.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvikmyndasjóðs og Félagsheimilasjóðs, greiði stefnanda, Fegrunarfélagi Reykjavíkur, kr. 8628.06 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 29/1951. **Ólafur F. Ólafsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Helgu Finnsdóttur (Ragnar Jónson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Ágreiningur um greiðslu vísitöluálags á kaup. Orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1951, gerir þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 203.36 og að stefnda verði dæmt að bera kostnað sinn af málssókninni í héraði, en greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi hefur aðallega krafizt greiðslu úr hendi áfrýjanda á kr. 1072.10 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 835.33 frá 25. nóvember 1950 til greiðsludags, en til vara á kr. 694.49 ásamt vöxtum, eins og áður greinir, af kr. 472.24. Svo krefst stefndi og málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Málavextir eru þessir:

Í júnímánuði 1950 réðst stefndi til starfa á prjónastofu, er áfrýjandi rekur í Reykjavík, og skyldi stefndi fá í kaup kr. 8.00 fyrir hverja klukkustund. Að því er virðist, var ekki á það minnzt, hvort vísitöluálag skyldi greitt á kaupið, og hefur hvorugt aðilja staðhæft, að um það atriði hafi verið rætt, er samið var. Áfrýjandi greiddi stefnda síðan kaup án vísitöluálags, og er ekki leitt í ljós, að stefndi hafi að því fundið, fyrr en um miðjan októbermánuð, er hún sagði upp starfi sínu hjá áfrýjanda. Fór stefndi þá fram á það að fá greitt vísitöluálag á kaupið, en áfrýjandi synjaði þess. Er aðalkrafa stefnda í máli þessu við það miðuð, að fullt vísitöluálag, eins og það var á hverjum tíma, verði greitt á kaupið, en varakrafan er reist á því, að hið umsamda tímakaup hafi samsvarað grunnkaupi ásamt vísitöluálagi í júnímánuði 1950, er vinnan hófst. Þá krefst stefndi og orlofsfjár af vísitöluálagi auk vangreidds orlofsfjár af þegar greiddu kaupi, er hann telur nema kr. 203.36.

Áfrýjandi hefur algerlega mótmælt kröfum stefnda um vísitöluálag, en viðurkennir, að vangreitt orlofsfé nemi kr. 203.36.

Það er leitt í ljós, að hvorugur aðilja var í stéttarfélagi á þeim tíma, sem hér ræðir um. Voru lögskipti þeirra því eigi háð ákvæðum kjarasamnings neins stéttarfélags. Svo sem áður greinir, veitti stefndi hinu umsamda kaupi móttöku, án þess að hreyfa kröfu um vísitöluálag á það fyrr en um miðjan október 1950, er hún sagði starfinu upp. Verður þegar af þessari ástæðu að sýkna áfrýjanda algerlega af kröfum stefnda um greiðslu vísitöluálags á umsamið kaup.

Áfrýjanda verður því aðeins dæmt að greiða stefnda vangreitt orlofsfé, kr. 203.36. Vaxta af þeirri fjárhæð hefur eigi verið krafizt.

Þar sem ekki var sótt dómþing í héraði af hálfu áfrýjanda, ber að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst samtals kr. 1900.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ólafur F. Ólafsson, greiði stefnda, Helgu

Finnsdóttur, kr. 203.36 og samtals kr. 1900.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f.m., hefur Helga Finnsdóttir, Höfðaborg 43, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. nóv. s.l., gegn Ólafi F. Ólafssyni, Skipholti 27, hér í bæ, til greiðslu kaupeftirstöðva og orlofsfjár að fjárhæð kr. 1193.10 með 6% ársvöxtum af kr. 939.96 frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 320.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur F. Ólafsson, greiði stefnandi, Helgu Finnsdóttur, kr. 939.96 með 6% ársvöxtum frá 25. nóv. 1950 til greiðsludags, kr. 253.14 í orlofsfé og kr. 320.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 88/1951. **Póst- og símamálastjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bjarna Guðjónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Skaðabætur samkvæmt 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmanneyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júlí 1951. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara,

að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 34.00 án vaxta. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og frá er skýrt í héraðsdómi, var póstböggull sá, er í málinu greinir, sendur með flugvélinni Glitfaxa og glataðist, er flugvélin fórst á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur hinn 31. janúar 1951. Reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að böggulsendingin hafi glatazt vegna óviðráðanlegs atburðar (vis major), en póststjórnin sé undanþegin skaðabótaskyldu, þegar svo stendur á, samkvæmt ákvæðum c-liðs 11. mgr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940. Um orsakir þess, að flugvélin Glitfaxi fórst, er alls óvíst, og er því ekki sannað, að slysið hafi stafað af atburðum, er leysi áfrýjanda undan skaðabótaskyldu samkvæmt nefndum c-lið 11. mgr. 20. gr. póstlaganna, sbr. 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 13/1925.

Böggulsendingunni fylgdi póstkrafa, svo sem í héraðsdómi getur, en póstkröfufjárhæðin verður ekki talin tilgreint verð á bögglinum í merkingu 8. mgr. 20. gr. póstlaganna. Á stefndi því aðeins rétt til samkvæmt nefndri mgr. 20. gr. að fá sendinguna bætta með 1 krónu fyrir hvert ½ kg af þyngd hennar auk endurgreiðslu á burðargjaldi. Og þar sem sendingin er talin hafa vegið allt að 5 kg og burðargjaldið var kr. 24.00, ber áfrýjanda einungis að greiða stefnda kr. 34.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 1. júní 1951 til greiðsludags.

Þar sem ekki var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, ber honum að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 1900.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, greiði stefnda, Bjarna Guðjónssyni, kr. 34.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1900.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 25. júní 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 6. þ. m., birtri sama dag, af Jóni Hjaltasyni lögfræðing f. h. Bjarna Guðjónssonar málara, Bakkastíg 8, Vestmannaeyjum, á hendur Magnúsi Thorberg póstmeistara, Heimagötu 3A, Vestmannaeyjum, f. h. Póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar í Reykjavík, til greiðslu á andvirði póstkröfusendingar, er fórst með flugvélinni Glitfaxa í janúarlok s.l., svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1951 til greiðsludags og öllum málskostnaði samkvæmt mati dómara eða framlögðum málskostnaðarreikningi, sem nemur að fjárhæð kr. 380.56.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Málavexti kveður stefnandi þá, að Barði Friðriksson, lögfræðingur í Reykjavík, hafi beðið Jón Hjaltason, lögfræðing í Vestmannaeyjum, að velja handa sér málverk hjá stefnanda. Þetta hafi Jón gert og hafi verð málverksins verið ákveðið 600 kr., og hafi Barði samþykkt verðið og beðið um, að málverkið yrði sent sér í póstkröfu. Hinn 31. janúar s.l. póstlagði stefnandi málverkið og fékk kvittun á pósthúsinu hér, sem lögð hefur verið fram. Ræðir hún um póstkröfusendingu að upphæð kr. 624.00 til Barða Friðrikssonar, Tjarnargötu 16, Reykjavík. Af fjárhæðinni eru kr. 24.00 burðargjald. Póstkröfusendingin kom ekki til skila, og því til sönnunar hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Barða Friðrikssyni, dags. 6. þ. m., og skýrir hann þar jafnframt frá, að hann hafi pantað málverk hjá stefnanda á þann hátt og fyrir það verð, sem fyrr getur. Kveðst stefnandi gera ráð fyrir, að póstkröfusendingin hafi farizt með flugvélinni Glitfaxa, sem fórst hinn 31. janúar s.l., eða sama dag og málverkið var póstlagt. Telur stefnandi, að póstmálastjórninni beri tvímælalaus skylda til að greiða andvirði póstkröfusendingarinnar, þar sem hún glataðist í vörzlum hennar, og eru stefnukröfur málsins byggðar á því.

Í VI. kafla póstlaga nr. 31 frá 12. febr. 1940 ræðir um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar og segir þar svo í 20. gr.:

„Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint er í bréfinu.

Týnist bögglasending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógram af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur, eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sendingin týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefur verið."

Samkvæmt þessum ákvæðum og þar eð stefnandi hefur sannað, að hann hafi afhent póstinum til flutnings umrætt málverk með tilgreindu verði og upplýst má telja, að póstsending þessi komst ekki til skila, heldur glataðist í vörzlum póstsins, virðist ljóst, að póststjórnin er skyld að greiða andvirði póstsendingarinnar ásamt burðargjaldi. Tilgreint verð hennar með burðargjaldi nam þeirri upphæð, sem krafizt er í máli þessu. Verður því niðurstaða málsins sú, að póststjórnin verður dæmd til þess að greiða stefnandanum hina umstefndu upphæð kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi hinn 1. júní 1951 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá M.F.Í., og nemur að upphæð kr. 380.56.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Thorberg f. h. Póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna Póstmálastjórnar, greiði stefnandanum, Jóni Hjaltasyni f. h. Bjarna Guðjónssonar, kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 380.56 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1952.

Nr. 190/1952. **Trésmiðjan Víðir h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að niður verði felldur stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950, er honum hefur verið gert að greiða og í málinu greinir.

Varakrafa: Að nefndur skattur verði ákveðinn kr. 16549.00.

Þrautavarakrafa: Að skatturinn verði ákveðinn önnur fjárhæð.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. desember 1952. Hann krefst þess, að stóreignaskattur aðaláfrýjanda verði ákveðinn kr. 43846.00 og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattaálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lagaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga, verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Framangreindar reglur um skattlagningu félaga munu að vísu leiða til nokkurs ósamræmis, að því er varðar skattgreiðslur einstakra félaga, en ekki verður talið, að mismunun félaganna sé með þeim hætti, að brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, enda tekur löggjafinn ekki fyrir fram ákveðin

félög út úr í því skyni að gera hlut þeirra verri en annarra. Samkvæmt þessu verður aðalkrafa aðaláfrýjanda ekki tekin til greina.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um, að söluskattur og tryggingargjöld, er þar greinir, skuli teljast skuld aðaláfrýjanda í árslok 1949.

Eigi þykir öruggt að skýra ákvæði 17. gr. laga nr. 6/1935 á þá leið, að orðin „verðmæt eignarréttindi" taki til viðskiptavildar. Verður viðskiptavild því eigi talin með eignum aðaláfrýjanda í árslok 1949. Lækka þær því um kr. 90000.00 frá því, sem héraðsdómari hefur ákveðið, eða í kr. 95479.00. Hluti Guðmundar Guðmundssonar er 52/60 af þessari fjárhæð eða kr. 82748.00. Þar við bætist hlutafé hans, kr. 52000.00. Aðaláfrýjanda ber því að greiða stóreignarskatt, 20% af kr. 134748.00, og nemur hann kr. 26949.00.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja aðaláfrýjanda, Trésmiðjuna Víði h/f, til greiðslu stóreignaskatts að fjárhæð kr. 26949.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
prófessors Ármanns Snævarrs og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Orðalag upphafsákvæða 1. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 og aðdragandi laganna benda ótvírætt til þess, að einstakir hluthafar hlutafélaga, en ekki hlutafélögin sjálf, séu skattgjaldendur, að því er varðar skatt af hlutafjáreign, þótt félögin séu ábyrg um greiðslu þess hluta skattsins gagnvart ríkissjóði. Það mundi og leiða til misræmis um skattgreiðslu félaga, sem eins væru stödd fjárhagslega, ef þau væru talin raunverulegir skattgjaldendur, að því er varðar þenna hluta skattsins.

Af flutningi máls þessa er ljóst, að aðaláfrýjandi verður krafinn um greiðslu á þeim hluta stóreignaskattsgjalds Guðmundar Guðmundssonar, sem miðaður er við hlutafjáreign

hans í Trésmiðjunni Víði h/f. Þykir aðaláfrýjandi því hafa rétt til að bera ákvörðun þessa hluta skattgjaldsins undir dómstóla.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 felst sérstök regla um skattmat hlutabréfa. Verðlagningarreglur þessar geta valdið því, að hlutabréf verði ofmetin til skatts, svo að miklu muni. Þessar reglur eru lagðar til grundvallar við álagningu skattgjalds þess, sem málið er risið af, í stað þess að miða við sannvirði hlutabréfanna. Þar sem málum er þannig háttað, ber að fella úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um ákvörðun skattsins og vísa kröfu aðaláfrýjanda um ákvörðun skattgjaldsins frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framansögðu verður dómsorð okkar þannig:

Framangreindri kröfu aðaláfrýjanda, Trésmiðjunnar Víðis h/f, vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. des. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur stjórn Trésmiðjunnar Víðis h/f, hér í bæ, f. h. félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. október s.l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að stóreignaskattur sá að fjárhæð kr. 47.630.00, sem félaginu var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, verði með öllu niður felldur. Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stóreignaskattur sá, sem félaginu verði gert að greiða, verði ákveðinn kr. 16.549.00. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Í upphafi krafðist stefndi þess *aðallega,* að máli þessu yrði vísað frá bæjarþinginu, en til *vara,* að hann yrði sýknaður af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krafðist stefndi málskostnaðar að mati dómarans. Undir rekstri málsins féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun málsins. Krafðist hann því sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattur þessi skyldi leggjast á skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. des. 1949.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir svo: „Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum

samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1947. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði samkvæmt lögum nr. 20/1942 um breytingar á lögum nr. 46/1935."

Í upphafi 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 segir, að samvinnu- og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, sem eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talinni hlutafjár- og stofnfjáreign. Síðar í sömu málsgrein og b-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950 segir, að við útreikning á þeim hluta skattsins, sem félagi beri að greiða, skuli fyrst finna, hvað einstaklingi beri að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem sé umfram þá fjárhæð í skatti, skuli greitt af félagi. Þá segir í lok 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að sá skattur, sem félögum ber að greiða vegna félaga sinna eða hluthafa, skuli innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld.

Þann 31. des. 1949 var hlutafé Trésmiðjunnar Víðis h/f kr. 60.000.00, og átti Guðmundur Guðmundsson, Víðimel 31, hér í bæ, kr. 52.000.00 af hlutafénu.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi, að heildareign Guðmundar Guðmundssonar, metin samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, næmi kr. 1.254.737.00. Eignir Trésmiðjunnar Víðis h/f voru á sama hátt metnar á kr. 214.794.00. Eignarhluti Guðmundar í hlutafélaginu var því talinn nema kr. 186.154.80, að viðbættu hlutafénu sjálfu kr. 52.000.00, eða alls kr. 238.154.80. Samkvæmt þessu taldi skattstjórinn í Reykjavík, að Guðmundi bæri að greiða kr. 151.947.00 í stóreignaskatt, en Trésmiðjunni Víði h/f kr. 47.630.00. Skattálagning þessi var kærð til skattstjórans í Reykjavík, en engin breyting fékkst gerð á henni. Síðan var skattálagningin kærð til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd lækkaði stóreignaskatt Guðmundar Guðmundssonar í kr. 144.787.00, en stóreignaskattur sá, sem Trésmiðjunni Víði h/f hafði verið gert að greiða, var látinn óbreyttur standa. Guðmundur Guðmundsson skaut þá máli sínu til dómstólanna. Gerði hann þar þær kröfur, að stóreignaskattur hans og stóreignaskattur sá, sem Trésmiðjunni Víði h/f hafði verið gert að greiða vegna eignar hans í félaginu, yrði niður felldur. Með dómi uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 19. maí 1952 var ákveðið, að grunnskattseign Guðmundar Guðmundssonar skyldi teljast kr. 1.245.930.00. Hrein eign Trésmiðjunnar Víðis var í þessu sambandi talin nema kr. 185.479.00. Eignarhluti Guðmundar í félaginu var því talinn nema kr. 160.749.00, að viðbættu nafnverði hlutabréfa hans, kr. 52.000.00 eða alls kr. 212.748.00. Samkvæmt þessu var talið, að Guðmundi bæri að greiða kr. 186.735.00 í stóreignaskatt, þar af kr. 42.549.00 vegna

hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar. Dómur Hæstaréttar í máli þessu var kveðinn upp þann 15. október s.l. Í dómi þessum var talið, að stóreignaskattskyld eign Guðmundar Guðmundssonar, önnur en eign hans í Trésmiðjunni Víði h/f, næmi kr. 1.245.930.00 og að honum bæri að greiða kr. 144.186.00 í stóreignaskatt. Hins vegar var ekki dæmt um skatthluta Trésmiðjunnar Víðis h/f, þar sem félagið var ekki talið aðili málsins. Höfðaði því stefnandi mál þetta og hefur gert í því framangreindar kröfur, en félaginu hefur ekki verið gert að greiða frekari stóreignaskatt en þegar hefur verið rakið.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi fyrst og fremst á því, að þau ákvæði laga nr. 22 frá 1950, laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, sem talin eru veita heimild til að leggja stóreignaskatt á félagið, séu ógild, þar sem þau brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 17. júní 1944.

Stefnandi rökstyður þessa skoðun sína með því, að samkvæmt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsheill krefji, til þess þurfi lagafyrirmæli, enda komi fullt verð fyrir.

Þrátt fyrir þetta ákvæði, sé það engum vafa bundið, að heimilt sé að leggja skatta á þegnana, til þess að afla ríkinu fjár til að standa straum af nauðsynlegum reksturskostnaði þess. Gert sé ráð fyrir þessu í ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar sé hvergi í stjórnarskránni skilgreint, hvað sé skattur og það sé ekki sérstaklega skilgreint í lögum. Stefnandi telur, að skattur sé gjald til þess opinbera, sem fengið sé með því að leggja jafna almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem eins séu settir fjárhagslega. Fullnægi ákvæðið um fjárhagsálögur ríkisvaldsins á einstaklinga, félög og stofnanir ekki þessum skilyrðum, sé ekki um skatt að ræða, heldur eignarnám og beri þá að greiða fullt endurgjald fyrir þau verðmæti, sem tekin séu, ella sé gjaldálagningin ógild, þar sem hún brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í þeim ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, sem um stóreignaskatt fjalla, telur stefnandi, að gjaldþegnunum sé mismunað á marga lund. Skattur sá, sem félögum sé gert að greiða samkvæmt lagaákvæðum þessum, sé ekki lagður á eignir félaganna eða miðaður við þær. Hann sé lagður á eftir efnahag þátttakendanna í félögunum. Þetta hafi það í för með sér, að tvö félög, sem eru fjárhagslega jafnt sett, þurfa ekki að greiða sama skatt. Fjárhæð skattsins eða hvort þau þurfa nokkurn skatt að greiða, fari að mestu eftir því, hvernig sé varið fjárhag þátttakendanna í félögunum, efnahagur félaganna sjálfra skipti ekki megin máli. Ranglæti það, sem í þessu felist, komi skýrast fram, að því er varðar hlutafélög. Hlutafélög séu sjálfstæðir aðiljar að lögum, sem eigi eignir og geti tekið á sig skuldbindingar. Hinir einstöku hluthafar eigi þar enga aðild. Þeir eigi hins vegar hlutabréfin, sem veiti þeim rétt til ákveðinna áhrifa á stjórn hlutafélagsins. Skattur sá, sem hér um ræðir, sé hins vegar lagður á félögin, miðað við eignir

hluthafanna. Eign eins aðilja sé þannig notuð til að skattleggja eign annars aðilja. Lögin og framkvæmd þeirra hafi lagt meginþunga „skatt"-gjalds þessa á hlutafélög og þátttakendur þeirra. Hins vegar sleppi samvinnufélög og þátttakendur þeirra svo að segja alveg við skattgreiðslu. Hér sé því þeim tveim félagahópum, sem þó ráði mestu í fjármálalífi þjóðarinnar, mismunað á hinn herfilegasta hátt.

Stefnandi hefur bent á, að í hinu upphaflega frumvarpi að lögum nr. 22 frá 1950 hafi þessu verið á allt annan hátt fyrir komið. Þar hafi hins sjálfsagða jafnréttis verið gætt, öll félög hafi verið skattlögð á sama hátt og allir þátttakendur hafi verið jafnt settir. Þessu hafi hins vegar verið breytt af Alþingi.

Með vísan til þessa alls telur stefnandi, að skattlagningaraðferð sú, sem hér hefur verið beitt, sé ógild, þar sem hún brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að ákvæði laga nr. 22 frá 1950, þau, sem um stóreignaskatt fjalla, svo og síðari breytingar á þeim lögum, brjóti á nokkurn hátt í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Lögin séu sett á venjulegan stjórnskipulegan hátt og enginn formgalli sé á setningu þeirra. Þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einstaklings eignarréttarins, sé ráð fyrir því gert í stjórnarskránni, að ríkisvaldinu sé heimilt að leggja fjárhagsbyrðar á þegnana, þar á meðal skylda þá til skattgeiðslu. Almenni löggjafinn hafi meira að segja talið sér heimilt að fela öðrum aðiljum að ákveða flest atriði varðandi slíkar álögur, þar á meðal gjaldhæðina sjálfa, svo sem t. d. útsvör og hafi því þó eigi verið haldið fram, að slíkt bryti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Útsvör séu lögð á eftir „efnum og ástæðum", en ekki stranglega miðuð við það, að þau leggist jafnt á alla, sem eru fjárhagslega jafnt settir. Samvinnufélög greiði tekjuskatt eftir öðrum reglum en hlutafélög og hlutafélög eftir öðrum reglum en einstaklingar. Sum félög séu beint undanþegin tekju- og eignarskatti. Þannig hafi Eimskipafélag Íslands h/f um langt skeið verið undanþegið slíkum sköttum. Af þessu sé ljóst, að almenna löggjafanum sé heimilt að setja mismunandi reglur um skatta þá, sem skattþegnum sé gert að greiða og þess sé ekki krafizt, að skattarnir leggist jafnt á alla, sem líkt eru settir fjárhagslega. Ákvæði laga um stóreignaskatt geti því ekki verið ógild af þeim ástæðum, að skattbyrðin leggist ekki jafnt á alla.

Í stjórnarskránni nr. 33 frá 17. júní 1944 segir í 40. gr., að engan skatt megi leggja á né breyta né taka af, nema með lögum og í 77. gr. segir, að skattamálum skuli skipa með lögum. Önnur ákvæði eru ekki um skatta í stjórnarskránni og þar er ekki tekið fram, á hvern hátt eða eftir hvaða reglum ríkið skuli fá tekjur til að standa straum af starfsemi sinni. Almenni löggjafinn virðist því hafa allfrjálsar hendur um fjáröflunaraðferðir, þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er ómótmælt, að lög nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum séu sett á stjórnskipulegan hátt, og byggist því skattálagning sú, sem hér er um deilt, á formlega gildri lagaheimild.

Hér að framan hafa verið rakin ákvæði laga nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum, að því leyti, sem þau fjalla um stóreignaskatthluta þann, sem félögum er gert að greiða.

Með lögum nr. 22 frá 1950 voru gerðar róttækar breytingar á fjármálakerfi landsins í því skyni að koma því í fastari skorður. Gengi íslenzkrar krónu var stórlækkað gegnvart erlendum gjaldeyri, en við það mátti ætla, að verð eigna innanlands hækkaði mjög að krónutali. Til þess að reisa skorður við því, að gengisbreytingin orsakaði aukna verðbólgu innanlands, voru sett ýms ákvæði í lögum, þar á meðal ákvæðin um stóreignaskatt. Þetta markmið ákvæðanna verður að hafa í huga, þegar metið er gildi þeirra.

Þegar virt eru upphafsákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, ákvæði 9. mgr. 12. gr. laganna og síðari breytingar á þeim ákvæðum, sem hér skipta máli, og þau borin saman við ákvæðin um stóreignaskattskyldu einstaklinga, kemur skýrt fram, að greiðsluskylda hlutafélaga og samvinnufélaga er mjög frábrugðin skattgreiðsluskyldu einstaklinga. Með ákvæðum 9. mgr. 12. gr. og síðari breytingum á þeirri grein er hlutafélögum og samvinnufélögum gert að greiða hluta af skatti þeim, sem lagður er á eftir fjárhag hluthafa eða félagsmanna. Skatthluti sá, sem hlutafélögum og samvinnufélögum er gert að greiða, er miðaður við eign hluthafa og félagsmanna í félögunum. Þar sem efnahagur hluthafanna og félagsmanna getur þannig skipt verulegu máli um fjárhæð greiðslu þeirrar, sem félögin skulu inna af hendi, getur greiðsluskyldan lagzt misþungt á hin einstöku félög. Af þessu er ljóst, að álagningu og greiðsluskyldu skatthluta samvinnufélaga og hlutafélaga er hagað með óvenjulegum hætti í ákvæðum þessum, en þegar virt eru heildarákvæði laga nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim lögum, þau, sem um stóreignaskatt fjalla, gætt markmiðs þeirra og haft í huga hið sérstaka eðli greiðsluskyldu félaganna, þá verður að telja, að reglurnar um greiðsluskyldu félaganna mismuni hinum einstöku félögum ekki á þann hátt, að það brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Með vísan til þessa verður krafa stefnanda um niðurfellingu skattgreiðslunnar ekki á þessu byggð.

Í öðru lagi byggir stefnandi *aðalkröfu* sína á því, að við ákvörðun stóreignaskattsins, að því er stefnanda varðar, beri að beita allt öðrum reglum en gert er. Taka beri stefnanda sem sjálfstæðan skattgreiðanda og ákveða um skattskyldu félagsins, án tillits til persónulegra eigna Guðmundar Guðmundssonar. Skatt félagsins beri að reikna eftir eign þess og eftir skattstiga þeim, sem fram komi í 4. til 7. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Þar sem skuldlaus eign félagsins nemi ekki kr. 300.000.00, beri því ekki að greiða skatt þennan.

Stefndi hefur mótmælt þessari málsástæðu, þar sem það hafi enga stoð í lögum að leggja skatt á félög eftir þessum reglum.

Þegar virt eru ákvæði 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og síðari breytingar á þeim ákvæðum og aðdragandi þeirra athugaður, er ljóst, að það er vilji löggjafans, að skattgreiðsluskyldu hlutafélaga og samvinnufélaga sé

sé hagað á allt annan hátt en skattgreiðsluskyldu einstakinga. Með vísan til þessa verður aðalkrafa stefnanda ekki á þessu byggð.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að telja beri ógreiddan söluskatt og tryggingargjöld ársins 1949 meðal skulda félagsins við ákvörðun eigna þess og stóreignaskatturinn reiknaður í samræmi við það. Þá beri eigi að telja viðskiptavild til eignar og óheimilt sé að telja hlutabréfaeign Guðmundar Guðmundssonar meðal eigna félagsins.

Verður hvert atriði athugað sérstaklega hér á eftir.

Um söluskatt: Stefnanda var gert að greiða kr. 21.831.00 í söluskatt fyrir síðasta fjórðung ársins 1949. Skatt þennan var félaginu synjað að telja meðal skulda félagsins þann 31. des. 1949.

Stefnandi krefst þess, að söluskattur þessi verði talinn með skuldum félagsins við ákvörðun eigna þess í sambandi við álagningu stóreignaskattsins, þannig að eignirnar verði lækkaðar um söluskattsfjárhæðirnar. Söluskatturinn sé lagður á með heimild í III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Sá, sem greiði skattinn í ríkissjóð, komi hér ekki fram sem raunverulegur skattgreiðandi, heldur sem nokkurs konar skattheimtumaður, sem krefji inn skattinn af öðrum og varðveiti hann síðan. Hafi hann ekki afhent skattinn um áramót í ríkissjóð, sé um raunverulega skuld að ræða, er beri að draga frá eignum hans. Í 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um stóreignaskatt sé hins vegar ákveðið, að söluskattur ársins 1949 skuli því aðeins dreginn frá eignum, að hann hafi verið greiddur áður en stóreignaskatturinn var ákveðinn. Þetta reglugerðarákvæði hafi enga stoð í lögum og sé því markleysa ein. Beri því að lækka eignir félagsins um söluskattinn, þegar stóreignaskatturinn sé ákveðinn.

Stefndi hefur andmælt því, að telja beri söluskatt þennan meðal skulda félagsins.

Söluskattur sá, er hér um ræðir, var á lagður samkvæmt heimild í III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 skyldi skattur þessi greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja. Í 26. gr. laganna er ákveðið, að verð vöru eða þjónustu megi hækka, sem nemi söluskatti, en hins vegar megi ekki hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Í 24. gr. laganna er ákveðið, að þeir, sem söluskatt eigi að greiða, skuli senda skattstjóra eða skattanefndum skýrslur um sölu sína. Að því er varðar síðasta fjórðung ársins 1949 skyldi skýrslum þessum skilað fyrir janúarlok 1950. Skattstjóri eða skattanefndir skuli síðan ákveða skattinn samkvæmt skýrslum þessum, en gjalddagi hans er ákveðinn 1. febrúar 1950. Í lögum nr. 22 frá 1950 eru engin ákvæði um, hvernig fara skuli um ógreiddan skatt sem þennan. Þegar virt eru ákvæði um söluskatt, sem hér eru rakin, er ljóst, að hér er um gjald að ræða, sem atvinnufyrirtækjum er falið að taka af viðskiptamönnum sínum og greiða síðan í ríkissjóð. Hlutverk skattstjóra og skattanefndar virðist nánast vera það að gæta þess, að innheimtuaðferð þessi sé ekki misnotuð af þeim, sem við gjaldinu taka. Skatturinn hvíldi því sem skuld á atvinnufyrirtækinu um áramót 1949 og 1950, enda þótt gjalddagi væri enn ekki kominn. Með vísan til þessa verður

ekki séð, að heimild hafi verið til að setja það skilyrði fyrir því, að skatturinn teldist til skulda, að hann yrði greiddur innan ákveðins tíma. Verður því ekki talið, að ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 hafi gildi að þessu leyti og verður því tekin til greina krafa stefnanda um, að við ákvörðun stóreignaskattsins verði söluskattur sá, sem hér um ræðir, talinn meðal skulda félagsins.

Um tryggingargjöld: Á skattframtali sínu árið 1950 taldi stefnandi, að félagið skuldaði kr. 7484.00 í slysatryggingargjöld fyrir árið 1949 samkvæmt ákvæðum 112. og 113. gr. laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar. Við ákvörðun stóreignaskattsins var stefnanda ekki talið heimilt að telja fé þetta meðal skulda félagsins og hrein eign þess hækkuð, sem því nam.

Stefnandi hefur krafizt þess í máli þessu, að hin ógreiddu slysatryggingariðgjöld frá árinu 1949 verði talin til skulda hjá félaginu við ákvörðun hreinna eigna þess, í sambandi við álagningu stóreignaskattsins. Hér sé um að ræða gjöld, sem falli á vikulega, enda þótt gjaldandi þurfi ekki að inna þau af hendi fyrr en síðar. Hér sé ekki um álagðan skatt að ræða. Sé það því ómótmælanlegt, að gjöld þessi verði að teljast til frádráttarhæfra skulda um áramót.

Af stefnda hálfu hefur því verið mótmælt, að iðgjöld þessi verði að telja með skuldum félagsins miðað við áramót 1949 og 1950. Gjöld þessi hafi um áramótin verið óálagður skattur. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 beri aðeins að draga frá hreinum eignum gjaldenda skatta, útsvör og tryggingargjöld, sem þeir kunni að skulda 31. des. 1949, og á þá hafi verið lögð fyrir þann tíma. Tryggingargjöld þau, er hér um ræðir, hafi ekki verið lögð á fyrr en eftir þann tíma og geti því ekki talizt skuldir, miðað við 31. des. 1949.

Gjöld þau, sem hér um ræðir, eru á lögð samkvæmt heimild í 112. og 113. gr. laga nr. 50 frá 1946. Tryggingargjöld þessi eru ákveðin fjárhæð fyrir hverja vinnuviku. Telja verður, að gjaldskylda greiðanda stofnist við lok hverrar vinnuviku, sem unnin er í þjónustu hans. Tryggingargjöld þessi eru því raunveruleg skuld um áramót og getur það ekki skipt máli, þótt þau séu innheimt síðar. Með vísan til þessa verður að telja, að stefnanda sé heimilt að telja tryggingargjöld þessi sem skuld, miðað við 31. des. 1949 og draga hana frá hreinum eignum við ákvörðun stóreignaskattsins.

Um viðskiptavild: Við ákvörðun stóreignaskattsins töldu skattayfirvöldin stefnanda til eignar viðskiptavild með kr. 90.000.00.

Stefnandi hefur krafizt þess, að þessi eignarliður verði með öllu niður felldur, þar sem hér sé ekki um raunverulega eign að ræða og engin lagaheimild sé til að telja réttindi sem þessi með skattskyldum eignum.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að hér sé um verðmæt réttindi að ræða, er telja beri með skattskyldum eignum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 6 frá 1935 um tekju- og eignarskatt og 7. tl. 24. gr. og j-liðs 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá1936. Stefnandi hafi á efnahagsreikningi ársins 1947 talið sér viðskiptavild til eignar með kr. 90.000.00. Á efnahagsreikningi stefnanda fyrir árið 1948 hafi viðskiptavild verið felld

niður sem eign, en bætt við aftur með kr. 90.000.00 af skattayfirvöldunum. Á efnahagsreikningi ársins 1949 hafi stefnandi heldur ekki talið viðskiptavild meðal eigna sinna, en henni hafi aftur verið bætt við eignir félagsins af skattayfirvöldunum. Engin heimild sé til að fyrna verðmæti sem þessi, og sé því rétt að telja stefnanda viðskiptavildina til eignar með kr. 90.000.00.

Þá hefur stefndi talið, að þar sem stefnandi hafi ekki kært þetta atriði til skattayfirvaldanna samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 117 frá 1950, þá hafi hann firrt sig rétti til að bera það undir dómstólana.

Forstjóri Trésmiðjunnar Víðis h/f, Guðmundur Guðmundsson, hafði um langt skeið rekið húsgagnasmíðaverkstæði hér í bænum. Á árinu 1947 keypti hann ásamt öðrum mönnum hlutabréf Trésmiðjunnar Víðis h.f. og þá virðist hlutafé þess félags hafa verið aukið. Lagði Guðmundur fram verkstæði sitt sem greiðslu á hlutafé sínu í Trésmiðjunni Víði h/f. Við greiðslu þessa reiknaði Guðmundur sér til eignar viðskiptavild verkstæðis síns með kr. 90.000.00 og tók Trésmiðjan Víðir h/f við réttindum þessum á því verði.

Fram er komið í málinu, að stefnandi kærði ekki yfir því til skattayfirvaldanna, að viðskiptavild var talin félaginu til eignar við ákvörðun stóreignaskattsins. Eins og málum er háttað, þykir stefnandi þó ekki hafa með því firrt sig rétti til að bera þetta atriði undir dómstólana.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að við ákvörðun stóreignaskattsins skuli við mat á verðmæti eigna farið eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign ákveðin, eins og þar segir, ef ekki sé tekið annað fram í lögum nr. 22 frá 1950 sjálfum. Hér er sýnilega átt við lög nr. 6 frá 1935 um tekju- og eignarskatt.

Í 17. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir, að verðmæt eignarréttindi séu skattskyld. Í 7. tl. 24. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 er gert ráð fyrir því, að viðskiptavild (goodwill) sé ekki undanþegin eignarskatti. Í j-lið 25. gr. reglugerðar þessarar segir, að viðskiptavild (goodwill) skuli metin eftir því endurgjaldi, sem fyrir hana hafi verið gefið, en þó sé heimilt að lækka hana í verði, ef skattayfirvöldin líti svo á, að verðmæti hennar hafi rýrnað.

Hér að framan hefur verið rakið, hvernig stefnandi eignaðist viðskiptavild þá, sem hér um ræðir. Alkunna er, að viðskiptavild gengur kaupum og sölum, þegar fyrirtæki eru seld og keypt. Telja verður, að þegar viðskiptavild hefur verið hagnýtt sem sjálfstæð fjárréttindi, sé rétt að telja hana meðal verðmætra eignarréttinda. Þegar virt eru ákvæði 17. gr. laga nr. 6 frá 1935, þau, sem hér skipta máli, þykir viðskiptavild geta talizt með þeim verðmætu eignarréttindum, sem þar er getið og skattskyld teljast. Með vísan til þessa er rétt að telja viðskiptavild stefnanda félaginu til eignar. Skattayfirvöldin hafa ekki heimilað stefnanda að lækka viðskiptavildina í verði og þar sem ósannað er, að hún sé minna virði en stefndi telur, er heimilt að reikna stefnanda hana til eignar með kr. 90.000.00. Verður því þessi krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Um hlutabréf Guðmundar Guðmundssonar: Svo sem áður getur, er

hlutafé trésmiðjunnar Víðis h/f kr. 60.000.00, en af því á Guðmundur Guðmundsson kr. 52.000.00.

Við ákvörðun stóreignaskattsins var hlutafé þetta, kr. 52.000.00, ekki talið Guðmundi til eignar, heldur var því bætt við eign félagsins og stóreignaskattur sá, sem félaginu var gert að greiða, reiknaður út samkvæmt því.

Kröfur sínar að þessu leyti byggir stefnandi á því, að hlutafé þetta sé eign Guðmundar Guðmundssonar og félaginu alveg óviðkomandi. Sé því óheimilt að telja það með eignum félagsins við ákvörðun stóreignaskattsins.

Stefndi telur hins vegar, að rétt sé að telja fé þetta með eignum stefnanda við ákvörðun þess stóreignaskatts, sem félaginu beri að greiða. Í b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950, sbr. upphaf 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sé einmitt tekið fram, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skattinum, sem eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talinni hlutafjár- og stofnfjáreign. Þetta sé eðlileg ákvörðun, þegar þess sé gætt, að í efnahagsreikningum félagsins sé hlutafé allt talið meðal skulda.

Upphaf 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 hljóðar svo: „Samvinnufélög og hlutafélög skulu greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum". Með ákvæðum b-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 var bætt aftan við setningu þessa orðunum: „þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign". Í 9. mgr. 12. gr. og b-lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950 segir ennfremur, að við útreikning á þeim hluta skatts, sem félagi beri að greiða, skuli fyrst finna, hvað einstaklingi beri að greiða af nettóeign sinni, annarri en eign í félaginu, það, sem sé umfram þá fjárhæð í skatti, skuli greitt af félagi. Á efnahagsreikningi stefnanda er hlutafé, svo sem venja er, talið meðal skulda, en hins vegar talið með eignum hinna einstöku hluthafa. Með vísan til hinna skýlausu ákvæða laganna og þegar gætt er hins óvenjulega háttar, sem hafður er á um þátttöku hluta- og samvinnufélaga í greiðslu stóreignaskattsins, þá verður að telja heimilt að telja hlutafé með eignum félags, þegar ákvarðaður er skatthluti sá, sem félaginu ber að greiða. Verður því þessi kröfuliður stefnanda ekki tekinn til greina.

Hér að framan hafa verið raktar breytingar þær, er gera verður á eignaákvörðun skattayfirvaldanna við ákvörðun stóreignaskatts þess, sem stefnanda ber að greiða. Útreikningar skattayfirvaldanna hafa engum andmælum sætt tölulega og verða þeir því lagðir til grundvallar í máli þessu. Í því sambandi ber að athuga, að brot úr krónu er alls staðar fellt niður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 og yfirlýsingu stefnda um það efni.

Skattayfirvöldin töldu, að hrein eign Trésmiðjunnar Víðis h/f, reiknuð samkvæmt skattmatsreglum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, næmi kr. 214.794.00 og er hlutafé þar ekki með talið. Samkvæmt framangreindu ber að lækka eign þessa um kr. 29.315.00 (7.484.00 + 21.831.00) eða í kr. 185.479.00. Eins og áður greinir, á Guðmundur Guðmundsson kr. 52.000.00

af hlutafé félagsins, sem er alls kr. 60.000.00. Samkvæmt ákvæðum upphafs 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 telst því hluti Guðmundar í félaginu kr. 160.748.00. Samkvæmt ákvæðum 1. málsliðs 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 ber að bæta þar við hlutafjáreign hans, kr. 52.000.00. Telst því eignarhluti Guðmundar í félaginu þannig reiknaður kr. 212.748.00. Eign Guðmundar, önnur en eign hans í Trésmiðjunni Víði h/f, nam kr. 1.245.930.00, þegar beitt var skattmati laga nr. 22 frá 1950.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og breytingum þeim, sem gerðar voru á ákvæðum greinar þessarar með lögum nr. 59 frá 1950 og lögum nr. 117 frá 1950, ber stefnanda af þessu efni að greiða kr. 42.549.00 í stóreignaskatt, en félaginu hefur ekki verið gert að greiða frekari skatt en hér hefur verið um rætt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem dómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 25. nóvember s.l.

Dómsorð:

Stóreignaskattur sá, sem Trésmiðjunni Víði h/f ber að greiða, er réttilega ákveðinn kr. 42.549.00.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1953.

Nr. 130/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
dánarbúi Kristjáns Bergssonar
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að kröfum gagnáfrýjanda, að því er varðar

stóreignaskatt af eign í hlutafélögum, verði vísað frá dómi, en að öðru leyti verði hann sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Varakrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 10. september 1952. Hann krefst þess, að stóreignaskattur sá, er í málinu greinir, verði niður felldur og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

I

Um hlutafélög.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hlut höfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Á gagnáfrýjanda hefur verið lagður stóreignaskattur að fjárhæð kr. 6569.00 vegna hlutabréfaeignar. Með skírskotun til þess, sem rakið var, ber gagnáfrýjanda ekki skylda til að greiða aðaláfrýjanda þenna hluta stóreignaskatts, sem á hann hefur verið lagður.

II

Samkvæmt hinni almennu skattalöggjöf greiða dánarbú skatt af óskiptum eignum búsins. Dánarbú verður ekki talið eitt þeirra félaga, sem getur í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950. Fer því um skattskyldu dánarbús eftir 1. mgr. 12. gr. laganna.

Samkvæmt skýrslu skattstjórans í Reykjavík, sem lögð hefur verið fram í Hæstarétti, voru eignir gagnáfrýjanda, sem allar voru séreign Kristjáns heitins Bergssonar, metnar til stóreignaskatts samtals kr. 658124.00, þar af eign í hlutafélögum kr. 43797.00. Áður en stóreignaskattur var reiknaður af eignum þessum, var eigi frá þeim dregin krafa, að fjárhæð kr. 60000.00, sem nú er í ljós leitt, að ekkja Kristjáns heitins Bergssonar á í bú hans. Eignir gagnáfrýjanda, aðrar en hlutafjáreign, lækka samkvæmt þessu í kr. 554327.00, og nemur stóreignaskattur af þeirri fjárhæð kr. 28149.00, og nemáfrýjanda er rétt að sækja gagnáfrýjanda til greiðslu á.

Eftir atvikum þykja aðiljar eiga að bera hvor sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja gagnáfrýjanda, dánarbú Kristjáns Bergssonar, til greiðslu stóreignaskatts að fjárhæð kr. 28149.00.

Aðiljar beri hvor sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

prófessors Ármanns Snævarrs og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Á gagnáfrýjanda var lagður stóreignaskattur, kr. 43915.00,

þar af vegna hlutafjáreignar kr. 6766.00. Þar sem sá hluti skattsins, sem lagður var á hlutafjáreign, var ákveðinn eftir verðlagningarreglum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, en ekki miðaður við sannvirði hlutabréfanna, ber að vísa kröfu gagnáfrýjanda, að því er varðar þenna skatthluta, frá héraðsdómi.

Við erum samþykkir úrlausn meira hluta dómenda um atriði þau, er greinir í II í atkvæði þeirra, svo og dómsniðurstöðu þeirra.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús Kristjáns Bergssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. febrúar s.l. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stóreignaskattur sá, er dánarbúinu var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 að fjárhæð kr. 43.915.00, verði felldur niður og stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Stefnandi hefur í sambandi við fjárhæð skattsins áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á honum af öðrum ástæðum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólunum hér á landi varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 24. maí 1949 andaðist Kristján Bergsson forstjóri, þá til heimilis að Suðurgötu 39, hér í bæ. Erfingjar Kristjáns heitins voru eftirlifandi ekkja hans og þrjár dætur hans frá fyrra hjónabandi, allar fjárráða. Kaupmáli var um fjármál þeirra Kristjáns heitins og eftirlifandi ekkju hans og samkvæmt honum var ekki gert ráð fyrir sameign þeirra hjónanna. Búið var tekið til opinberra skipta, og fór uppskrift á eignum þess fram þann 1. og 2. september 1949. Deilur virðast hafa risið með erfingjum um það, hvort nokkur verðmæti hefðu verið í sameign þeirra hjóna. Úr þeirri deilu var leyst með gerðardómi. Taldi gerðardómurinn, að þau hjónin hefðu enga sameign átt í búinu. Búskiptum er enn ekki lokið.

Með lögum nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattur þessi var lagður á skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. desember 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi dánarbú Kristjáns heitins Bergssonar stóreignaskattsskyldan aðilja og gerði því að greiða stóreignaskatt að fjárhæð kr. 43.915.00, þar af kr. 6766.00 vegna hlutafjáreignar dánarbúsins.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að dánarbúið sé ekki stóreignaskattskyldur aðili. Það hafi verið tekið til opinberra skipta og verið undir umsjá og forráðum skiptaráðandans þann 31. des. 1949. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýrt fram tekið, að skatt samkvæmt

ákvæðum greinarinnar skuli aðeins leggja á eignir einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Í 3. mgr. 12. gr. sé hins vegar ákveðið, að félög skuli ekki greiða skatt samkvæmt ákvæðum laganna, en eignum þeirra skuli skipta niður á eigendur félaganna og skattleggja þær síðan með öðrum eignum eigendanna. Dánarbúið hafi á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið undir opinberum skiptum og því verið sameignarfélag erfingjanna. Við ákvörðun stóreignaskattsins hafi átt að skipta eignum búsins milli erfingjanna og skattleggja þær þannig, ef til hafi komið. Dánarbúið sjálft geti ekki talizt einstaklingur og beri því ekki að skattleggja það sjálfstætt. Hefur stefnandi í þessu sambandi talið, að ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um stóreignaskatt, þar sem boðið er, að dánarbú skuli telja með einstaklingum við ákvörðun stóreignaskattsins, sé ógilt, þar sem það hafi ekki stoð í lögum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stóreignaskatturinn sé réttilega lagður á dánarbúið. Í upphafi 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé tekið fram, að stóreignaskattskyldir séu allir einstaklingar, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Samkvæmt c-lið 3. gr. laga nr. 6 frá 1935 séu dánarbú og þrotabú tekjuskattskyld og af ákvæðum 15. gr. laganna leiði, að þau séu einnig skyldug til að greiða eignaskatt. Hins vegar sé ljóst af ákvæðum c-liðs 3. gr. laganna um tekju- og eignarskatt, að dánar- og þrotabú teljist ekki til félaga. Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé hins vegar tekið fram, að félög skuli ekki greiða stóreignaskatt, en ekki sé þar að neinu getið dánarbúa. Ekki komi til mála að telja, að dánarbúin skuli vera skattfrjáls, enda samræmist það á engan hátt markmiði ákvæða laganna um stóreignaskatt. Dánarbúin verði ekki talin með félögum, þar sem þau séu allt annars eðlis og auk þess verði að skýra ákvæði 3. mgr. 12. gr. þröngt, þar sem um undantekningarákvæði sé að ræða. Hefur stefndi bent á, að ekki verði stofnfjár- eða hlutafjáreign í dánarbúinu, en það sé einmitt sá grundvöllur, er nota skuli við skiptingu eigna félaga á eigendur. Dánarbúin hljóti því að skattleggjast samkvæmt aðalreglunni í 1. mgr. 12. gr. með öðrum einstaklingum. Þetta verði sérstaklega ljóst, þegar virt sé upphaflega frumvarpið að lögum nr. 22 frá 1950, en þar hafi verið gert ráð fyrir, að skatturinn yrði lagður á eignir allra aðilja, sem skattskyldir væru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Við meðferð málsins á Alþingi hafi verið sett orðið „einstaklinga" í stað „aðilja" vegna þess, að gerðar hafi verið sérreglur um félög. Það hafi hins vegar verið félögin ein og engir aðrir, er sérreglurnar hafi átt að gilda um. Með hliðsjón af þessu öllu sé ennfremur ljóst, að ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950, þar sem boðið er að skattleggja dánarbúin með öðrum einstaklingum, hafi fullt gildi og eigi sér næga stoð í ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Svo sem að framan getur, var dánarbú Kristjáns heitins Bergssonar undir opinberum skiptum þann 31. des.1949. Erfingjar hans virðast hafa gengizt undir ábyrgð á skuldum búsins og skipti átt að fara eftir ákvæðum

4. kafla laga nr. 3 frá 1878. Erfingjarnir höfðu því ekki forræði yfir búinu og fram hafði komið vilji þeirra til þess, að því yrði skipt opinberum skiptum. Skiptaráðandanum bar hins vegar að sjá til þess, að skiptum yrði lokið svo fljótt, sem unnt var. Hér var því um bráðabirgða sameign erfingjanna að ræða, þar sem aðeins var beðið skiptanna og enginn einstakur aðili hafði eignarráð yfir fjármunum dánarbúsins.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að stóreignaskattinn skuli leggja á eignir einstaklinga, en í 3. mgr. sömu greinar er tekið fram, að félög skuli ekki greiða hann, heldur skuli eignum félaganna skipt niður á eigendur þeirra eftir nánar greindum reglum og skattlagðar þar.

Með vísan til alls þessa og þegar virt er fjárfélag það, er hér um ræðir, þá verður að telja, að samkvæmt eðli þess megi jafna því til félaga, er um ræðir í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Ber dánarbúinu því eigi að greiða stóreignaskatt. Samkvæmt þessu verður tekin til greina krafa stefnanda um, að stóreignaskattur dánarbúsins verði felldur iður.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra þann 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Stefnanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Kristjáns Bergssonar, er óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1953.

Nr. 104/1952. **Jakobína Guðmundsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1952 og gerir þær dómkröfur, að stóreigna-

skattur hennar verði ákveðinn kr. 178690.00 og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

I

Um hlutafélög.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignaskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hlut höfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Á áfrýjanda hefur verið lagður stóreignaskattur að fjárhæð kr. 51605.00 vegna hlutabréfaeignar. Með skírskotun til þess, sem rakið var, ber áfrýjanda ekki skylda til að greiða stefnda þenna hluta stóreignaskatts þess, sem á hana hefur verið lagður.

II

Samkvæmt hinni almennu skattalöggjöf greiðir sá, sem situr í óskiptu búi, skatt af öllum tekjum og eignum búsins. Óskipt bú verður ekki talið eitt þeirra félaga, sem getur í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950. Fer því um skattskyldu af óskiptu búi eftir 1. mgr. 12. gr. laganna. Samkvæmt þessu og að öðru með skírskotun til raka héraðsdóms er stefnda rétt að sækja áfrýjanda til greiðslu á stóreignaskatti að fjárhæð kr. 387380.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja áfrýjanda, Jakobínu Guðmundsdóttur, til greiðslu stóreignaskatts að fjárhæð kr. 387380.00.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
prófessors Ármanns Snævarrs og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Í héraði gerði áfrýjandi þá kröfu, að stóreignaskattur hennar yrði ákveðinn kr. 206866.00, þar af kr. 28176.00 vegna hlutafjáreignar hennar, og dæmdi héraðsdómari þessar kröfur að efni til. Þar sem sá hluti skattsins, sem lagður var á hlutafjáreign, var ákveðinn eftir verðlagningarreglum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, en ekki miðaður við sannvirði hlutabréfanna, ber að vísa kröfu áfrýjanda, að því er varðar þenna skatthluta, frá héraðsdómi.

Við erum samþykkir úrlausn meiri hluta dómenda um atriði þau, er greinir í II í atkvæði þeirra, svo og dómsniðurstöðu þeirra.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Jakobína Guðmundsdóttir, Hávallagötu 5, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. febrúar 1952 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stóreignaskattur, sá, er henni ber

að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, verði ákveðinn kr. 206.866.00, þar af kr. 28.176.00 vegna hlutafjáreignar hennar. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur í sambandi við fjárhæð skattsins áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á honum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólum hér á landi varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnandi og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 25. ágúst 1949 andaðist Jón kaupmaður Björnsson, eiginmaður stefnandi. Með þeim hjónum virðist hafa verið venjulegt helmingafjárfélag og ekki kaupmáli. Erfingjar Jóns heitins voru þau stefnandi máls þessa og sex börn þeirra hjóna, öll lögráða. Með samþykki barna sinna sótti stefnandi um leyfi til setu í óskiptu búi þeirra hjónanna og var henni veitt það þann 7. september 1949. Sat stefnandi síðan í óskiptu búi, þar til í septembermánuði 1951, að búskipti fóru fram.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt og var skattur þessi lagður á skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. desember 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi stóreignaskattskylda eign stefnandi nema kr. 2.475.945.00 og gerði henni að greiða kr. 438.985.00 í stóreignaskatt, þar af kr. 51.605.00 vegna hlutafjáreignar hennar. Stefnandi kærði skattálagningu þessa til skattstjórans í Reykjavík, en án árangurs. Úrskurði skattstjórans áfrýjaði stefnandi til ríkisskattanefndar, sem með úrskurði uppkveðnum 21. ágúst 1951 ákvað, að skatturinn skyldi óbreyttur standa.

Kröfur sínar í máli þessu fær stefnandi þannig fram, að hún telur sér aðeins bera að greiða stóreignaskatt af sínum eignarhluta í búinu. Væri búinu skipt á venjulegan hátt samkvæmt erfðalögum, myndi búshluti hennar nema kr. 1.547.465.00, miðað við verðmætismat það, sem notað er við álagningu stóreignaskattsins. Stóreignaskattur af þeirri eign væri kr. 206.866.00, þar af kr. 28.176.00 vegna hlutafjáreignar.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að við álagningu stóreignaskattsins hafi skatturinn verið lagður á heildareign búsins og henni gert að greiða skatt samkvæmt því, en slíkt sé óheimilt. Hún sé ekki eigandi alls búsins, heldur sé það sameign sín og samerfingja sinna, barna þeirra hjóna. Hún fari hins vegar með forræði fjár þessa í umboði barnanna. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýrt fram tekið ,að skatt samkvæmt ákvæðum greinarinnar skuli leggja á eignir einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935, og í 3. mgr. 12. gr. segi, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum. Í 1. mgr. laga nr. 6 frá 1935 um tekju- og eignarskatt sé tekjuskattsskylda lögð á hvern mann, sem heimilisfastur sé hér á landi og í c-lið 3. gr. segi, að ennfremur skuli félög, sjóðir, stofnanir svo og dánarbú og þrotabú greiða tekjuskatt. Sam-

kvæmt ákvæðum 15. gr. laga þessara skuli hinir sömu aðiljar teljast eignarskattsskyldir. Þarna sé dánarbú sett á bekk með félögum, svo sem rétt sé. Þrátt fyrir þetta sé ákveðið í 1. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um stóreignaskatt, að við álagningu skattsins skuli dánarbú teljast með einstaklingum. Reglugerðarákvæði þetta hafi enga stoð í lögum og sé því ógilt. Hefur stefnandi í því sambandi bent á, að ákvæði þetta sé í ósamræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, en þar segir, að til félaga teljist í þessu sambandi hvers konar félög, sem fallið geti undir a- til c-liði 3. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Þá hefur stefnandi bent á, að þótt hún hafi ýmsar heimildir til ráðstafana á fjármunum búsins, þá sé það ekki hennar einkaeign og forræði hennar á því bundið ýmsum takmörkunum. Þannig geti samerfingjar hennar krafizt skipta á búinu samkvæmt ákvæðum 72. gr. laga nr. 20 frá 1923 um skyldur og réttindi hjóna og jafnvel riftað gerningum, sem hún hafi gert, sbr. ákvæði 2. mgr. 66. gr. laganna. Af öllu þessu sé ljóst, að hér sé raunverulega um sameignarfélag að ræða og við álagningu stóreignaskattsins hafi borið að skipta eignunum milli sameigendanna í réttum eignarhlutföllum. Hennar eign í búinu sé aðeins hennar búshelmingur og erfðahluti. Af þeirri eign beri henni að greiða stóreignaskatt. Aðrir hlutar búsins séu eign lögráða barna hennar og þeim beri að greiða skatt af þeirra eignum, en henni ekki.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950, þar sem boðið er að leggja skuli stóreignaskatt á dánarbú, sé gilt og hafi næga stoð í ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Búi, þar sem maki sitji í óskiptu búi samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 20 frá 1923, verði á engan hátt jafnað til félaga. Sá, er sitji í óskiptu búi, hafi eignarráð yfir öllum fjármunum búsins og geti ráðstafað þeim eftir eigin geðþótta, án þess að þurfa að leita samþykkis samerfingja sinna. Með samþykki sínu á búsetu hafi samerfingjarnir afsalað sér rétti til afskipta af búinu og falið eftirlifandi maka öll umráð þess. Það verði ekki litið á slíkt bú öðruvísi en einstaklingseign og þann, sem í búinu situr, sem eiganda þess, bæði í öllum skiptum manna á milli og við álagningu skatta. Almennur eignarskattur og tekjuskattur hafi ætíð verið lagður á þann, er í búinu sat, og reiknaður af öllum eignum og tekjum búsins, án tillits til hinna einstöku erfðahluta í því. Af forsögu ákvæða laga nr. 22 frá 1950 um stóreignaskatt, tilgangi laganna og orðalagi 12. gr. þeirra, sé ljóst, að löggjafinn ætlist til, að undantekningarákvæði 3. mgr. 12. gr. eigi aðeins við um félög, en alls ekki óskipt bú. Í búum sé heldur alls ekki hægt að tala um hlutafjár- eða stofnfjáreign einstakra erfingja, en það er einmitt grundvöllurinn, þegar eign félaga er skipt á einstaka eigendur.

Samkvæmt þessu telur stefndi, að tvímælalaust sé, að stefnandi beri að greiða stóreignaskatt af öllum fjármunum búsins, án tillits til þess, að samerfingjar hennar kunni að eignast hluta af því síðar, er búskipti hafa farið fram.

Þann 31. desember 1949 sat stefnandi máls þessa í óskiptu búi eftir

látinn eiginmann sinn og hafði til þess samþykki samerfingja sinna, barna þeirra hjóna, sem öll voru lögráða. Réttur hennar yfir búinu fór eftir ákvæðum VIII. kafla laga nr. 20 frá 1923. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 66. gr. þeirra laga hafði stefnandi eignarráð yfir öllum fjármunum búsins. Hún gat því ráðstafað þeim eftir vild og varð ekki svipt þeirri heimild, nema hún bryti stórlega af sér í fjárráðum. Samerfingjar hennar höfðu engan ráðstöfunarrétt á væntanlegum eignarhluta sínum í búinu, sbr. ákvæði 74. gr. laganna, og skuldheimtumenn þeirra gátu ekki leitað fullnustu í þessum fjárréttindum þeirra. Telja verður, að sama reglan eigi þar við um skattheimtu sem aðra skuldheimtu. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að leggja skuli stóreignaskattinn á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Frá þessari reglu er gerð sú undantekning í upphafi 3. mgr. 12. gr., að félög skuli ekki greiða skatt þennan.

Þegar virtar eru reglur VIII. kafla laga nr. 20 frá 1923 um setu í óskiptu búi, er ljóst, að þar er um að ræða sérstaka tegund sameignar, en ekki verður talið, að hægt sé að telja slíkt fyrirkomulag fjármála félag. Þegar gætt er hinna víðtæku heimilda stefnanda til ráðstöfunar á fjármunum búsins og þess, að skuldheimtumenn annarra erfingja geta á engan hátt leitað fullnustu í eignum búsins til greiðslu gjalda erfingjanna, þá verður að telja rétt, að hún greiði ein skatt af öllum eignum búsins, enda hefur hún ein heimildir til að inna af hendi gjöld af því fé. Samkvæmt þessu verður að telja rétt, að á stefnandi sé lagður stóreignaskattur, reiknaður af öllum eignum búsins.

Með vísan til þessa verður að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir þessum málalokum og með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu 23. apríl 1952, en með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 18. apríl s.l., vék hinn reglulegi héraðsdómari, Einar Arnalds borgardómari, sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandi, Jakobínu Guðmundsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1953.

Nr. 126/1952. **Sigurbjörg M. Kristófersdóttir**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1952, gerir þær dómkröfur, að stóreignaskattur hennar verði felldur niður og að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

I

Um hlutafélög.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignaskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hlut höfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti

einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga, verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Á áfrýjanda hefur verið lagður stóreignaskattur að fjárhæð kr. 346250.00 vegna hlutabréfaeignar. Með skírskotun til þess, sem rakið var, ber áfrýjanda ekki skylda til að greiða stefnda þenna hluta stóreignaskatts þess, sem á hana hefur verið lagður.

II

Samkvæmt hinni almennu skattalöggjöf greiða dánarbú skatt af óskiptum eignum búsins. Dánarbú verður ekki talið eitt þeirra félaga, sem getur í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950. Fer því um skattskyldu af dánarbúi eftir 1. mgr. 12. gr. laganna. Samkvæmt þessu og að öðru með skírskotun til raka héraðsdóms er stefnda rétt að sækja áfrýjanda til greiðslu á stóreignaskatti af öðrum eignum dánarbúsins en hlutafjáreign, og nemur hann kr. 9569.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja áfrýjanda, Sigurbjörgu M. Kristófersdóttur, til greiðslu stóreignaskatts að fjárhæð kr. 9569.00.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
prófessors Ármanns Snævarrs og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Á áfrýjanda var lagður stóreignaskattur, kr. 355819.00,

þar af vegna hlutafjáreignar kr. 346250.00. Þar sem sá hluti skattsins, sem lagður var á hlutafjáreign, var ákveðinn eftir verðlagningarreglum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, en ekki miðaður við sannvirði hlutabréfanna, ber að vísa kröfu áfrýjanda, að því er varðar þenna skatthluta, frá héraðsdómi.

Við erum samþykkir úrlausn meiri hluta dómenda um atriði þau, er greinir í II í atkvæði þeirra, svo og dómsniðurstöðu þeirra.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Sigurbjörg M. Kristófersdóttir, Laugavegi 105, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. febrúar 1952 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stóreignaskattur sá, sem henni ber að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, verði ákveðinn kr. 142.810.00, sem allur reiknist af hlutafjáreign hennar. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur í sambandi við fjárhæð skattsins áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða frekari lækkunar á honum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólum hér á landi varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 3. nóvember 1949 andaðist Sigursveinn kaupmaður Egilsson, eiginmaður stefnandi. Með þeim hjónum mun hafa verið venjulegt helmingafjárfélag og ekki kaupmáli. Erfingjar Sigursveins heitins voru þau stefnandi og fjögur börn þeirra hjóna, sem öll voru ófjárráða, er Sigursveinn lézt. Stefnandi sótti um leyfi til setu í óskiptu búi og var veitt það leyfi þann 9. febrúar 1950. Situr hún enn í óskiptu búi.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt og var skattur þessi lagður á gjaldþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. des. 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi stefnandi eiga að greiða stóreignaskatt af öllum eignum búsins og taldi stóreignaskattskylda eign hennar því nema kr. 2.143.282.00. Gerði hann stefnandi að greiða kr. 355.819.00 í stóreignaskatt, þar af kr. 346.250.00 vegna hlutafjáreignar hennar. Stefnandi kærði skattálagningu þessa til skattstjórans í Reykjavík, en án árangurs. Úrskurði skattstjórans mun stefnandi hafa skotið til ríkisskattanefndar, sem einnig taldi, að skatturinn skyldi óbreyttur standa.

Kröfur sínar í máli þessu fær stefnandi þannig fram, að hún telur sér aðeins skylt að greiða stóreignaskatt af sínum eignarhluta í búinu. Væri búinu skipt á venjulegan hátt samkvæmt reglum erfðalaganna, myndi búshluti hennar nema kr. 1.239.551.00, miðað við það verðmætismat, sem

notað er við ákvörðun stóreignaskattsins. Stóreignaskattur af þeirri eign væri kr. 142.810.00, er reiknaðist allur af hlutafjáreign hennar.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að stóreignaskatturinn hafi verið lagður á heildareign búsins og henni gert að greiða skattinn samkvæmt því, en slíkt sé óheimilt. Hún sé ekki eigandi alls búsins, heldur sé það sameign hennar og meðerfingja hennar, barna þeirra hjóna. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 skuli stóreignaskatturinn leggjast á eignir skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. des. 1949. Þann dag hafi enn ekki verið fengið leyfi til setu í óskiptu búi og allt í óvissu, hvernig yrði með búið, og mátt við því búast, að því yrði skipt. Hún hafi ekki á þeim tíma haft neinn sjálfstæðan rétt yfir eignum búsins, heldur aðeins séð um það til að gæta hagsmuna sinna og barna sinna, sem hafi verið og séu raunverulegir eigendur þess. Með búsetuleyfinu hafi henni verið falin stjórn búsins og forráð í umboði hinna ófjárráða barna sinna. Í 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýrt fram tekið, að skatt samkvæmt ákvæðum greinarinnar skuli leggja á eignir einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935 og í 3. mgr. 12. gr. segi, að félög skuli ekki greiða skatt samkvæmt lögunum. Í 1. gr. laga nr. 6 frá 1935 sé skattskyldan lögð á hvern mann, sem heimilisfastur sé hér á landi, og í c-lið 3. gr. segir, að ennfremur skuli félög, sjóðir, stofnanir svo og dánarbú og þrotabú greiða tekjuskatt, en af ákvæðum 15. greinar laganna leiði, að hinir sömu aðiljar skuli greiða eignarskatt. Þarna séu dánarbú sett á bekk með félögum, sem rétt sé, þar sem þau séu aðeins sameignarfélög hinna einstöku erfingja. Í 1. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um stóreignaskatt sé hins vegar boðið, að við álagningu stóreignaskattsins skuli dánarbú teljast með einstaklingum. Þetta reglugerðarákvæði hafi enga stoð í lögum og sé því ógilt. Þá hefur stefnandi bent á, að ákvæði þetta sé í ósamræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, en þar segir að til félaga skuli í þessu sambandi teljast hvers konar félög, sem fallið geti undir a- til c-liði 3. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Stefnandi hefur ennfremur bent á, að þann 31. des. 1949 hafi hún engar sérstakar heimildir haft á félagsbúinu og ekki getað gert aðrar ráðstafanir en þær, sem nauðsynlegar hafi verið til að halda rekstri búsins í horfinu og forða tjóni hinna einstöku eigenda þess. Eftir að leyfið til setu í óskiptu búi hafi verið veitt, hafi heimildir hennar til ráðstöfunar á fjármunum búsins farið eftir reglum þeim, sem fram koma í ákvæðum VIII. kafla laga nr. 20 frá 1923 um skyldur og réttindi hjóna. Um leið og börnin hafi orðið fjárráða, hafi þau getað krafizt skipta á búinu, en elzta barnið hafi einmitt orðið fjárráða 22. sept. 1950 og þá getað krafizt skipta. Af öllu þessu sé ljóst, að hér sé raunverulega um sameignarfélag að ræða. Í upphaflega frumvarpinu að lögum nr. 22 frá 1950 hafi verið gert ráð fyrir því, að stóreignaskatturinn skyldi lagður á eignir allra aðilja, sem skattskyldir voru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Í meðferð Alþingis hafi þessu hins vegar verið breytt svo, að skattinn skyldi aðeins leggja á eignir einstaklinga. Af þessu og ákvæðum 3.

mgr. laga nr. 22 frá 1950 sé ljóst, að hvers konar félög séu undanþegin skattgreiðslu þessari. Samkvæmt þessu hafi við ákvörðun stóreignaskattsins borið að skipta fjármunum búsins milli hinna einstöku eigenda þess í réttum eignarhlutföllum og reikna hverjum eiganda fyrir sig sjálfstætt skatt. Hennar eign í búinu sé búshelmingur hennar og erfðahluti og af þeirri eign einni beri henni að greiða stóreignaskatt. Aðrir hlutar búsins séu eign barna hennar og þeim beri að greiða skatt af þeim, ef til komi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að dánarbúum verði á engan hátt jafnað til félaga, enda sé það ljóst af orðalagi c-liðs 3. gr. laga nr. 6 frá 1935, að verið sé að greina slíkt fjárfyrirkomulag frá félögum. Bú, þar sem eftirlifandi maki býði þess, að búsetuleyfið verði veitt eða hafi fengið leyfi til setu í óskiptu búi, sé greinilega einstaklingur í merkingu 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og beri að skattleggja það sem slíkan. Þetta sé líka sérstaklega ljóst, þegar þess sé gætt, að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 66. gr. laga nr. 20 frá 1923 hafi hið eftirlifandi hjóna full eignarráð yfir fjármunum búsins.

Þá hefur stefndi bent á, að ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 séu hrein undantekningarákvæði frá almennum skattlagningarreglum og beri því að skýra þau þröngt. Í búum sé alls ekki hægt að tala um hluta- fjár- eða stofnfjáreign einstakra erfingja, en slík eign sé einmitt grundvöllurinn, þegar eign félaga er skipt á einstaka eigendur.

Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar nr. 133 frá 1950 hafi því fulla stoð í ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og sé því gilt. Samkvæmt þessu hafi verið rétt að gera stefnandi að greiða stóreignaskatt af öllum eignum búsins, án tillits til þess, að samerfingjar hennar kunni síðar að eignast hluta af því, þegar búskipti hafa farið fram.

Svo sem fyrr getur, andaðist Sigursveinn heitinn Egilsson þann 3. nóvember 1949. Eignir búsins virðast ekki hafa verið skrifaðar upp af skiptaráðanda og stefnandi mun hafa farið með fjárforráð alls búsins, án sérstakrar heimildar, þar til henni var veitt leyfi til setu í óskiptu búi þann 9. febrúar 1950. Þá virðist hún á þeim tíma ekki hafa gert nokkrar ráðstafanir til þess, að búið yrði tekið til skipta. Stefnandi taldi fram til skatts fyrir allt búið á árinu 1950. Búsetuleyfi fékk hún með samþykki lögráðamanna barna sinna samkvæmt 2. mgr. 63. gr.. laga nr. 20 frá 1923 og að því fengnu fór um forræði hennar á eignum búsins eftir ákvæðum VIII. kafla laga nr. 20 frá 1923. Hún hafði þá eignarráð yfir fjármunum búsins samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 66. gr. og gat ráðstafað þeim eftir vild. Samerfingjar hennar höfðu þá engan ráðstöfunarrétt á væntanlegum eignarhluta sínum í búinu, sbr. 74. gr., og skuldheimtumenn þeirra gátu ekki leitað fullnustu í þessum fjárréttindum þeirra.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að stóreignaskattinn skuli leggja á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Frá þessari aðalreglu er svo gerð sú undantekning í upphafi 3. mgr. 12. gr., að félög skuli ekki greiða skatt þennan.

Þann 31. des. 1949 fór stefnandi með fjárráð alls búsins og kom fram sem eigandi þess út á við. Hér var um sérstaka tegund sameignar að ræða, en ekki virðist unnt að telja slíkt fyrirkomulag fjármála félag. Fyrirkomulag þetta var aðeins til bráðabirgða og með búsetuleyfinu fékk stefnandi víðtæka heimild til ráðstöfunar á eignum búsins. Þessa heimild fékk hún að eigin ósk og með samþykki lögráðamanna hinna ófjárráða barna sinna. Búsetuleyfi stefnandi útilokaði skuldheimtumenn samerfingja hennar frá því að leita fullnustu í eignarhluta þeirra í búinu til greiðslu á gjöldum þeirra. Þegar þetta allt er virt svo og gætt markmiðs ákvæða laga nr. 22 frá 1950, þeirra, er um stóreignaskatt fjalla, þá verður að telja rétt, að stefnandi greiði stóreignaskatt af öllum eignum búsins, enda hefur hún ein heimildir til að inna af hendi gjöld af því fé.

Með vísan til þessa verður að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandi, Sigurbjargar M. Kristófersdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. febrúar 1953.

Nr. 169/1949. **Lögreglustjórinn á Akureyri og Kristján Kristjánsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Óskari S. Sigurgeirssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ólafur Lárusson.

Réttur til einkennismerkis bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. des. 1949. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir dæmdir sýknir af kröfum stefnda í málinu. Svo er þess og krafizt, að stefnda verði dæmt að

greiða Kristjáni Kristjánssyni málskostnað í héraði og áfrýjendum báðum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendum verði gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Áður en Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður afskráði bifreið stefnda A 2 og afhenti öðrum skrásetningarmerki hennar, átti hann samkvæmt 6. mgr. 17. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 að veita stefnda hæfilegan frest til þess að fá ökuhæfa bifreið, er hann ætti, skráða með þessu merki. Skorti því lagaskilyrði til að svipta stefnda skrásetningarmerkinu með þeim hætti, sem gert var, og þykir hann eiga rétt til þess að fá það aftur, ef hann sannar innan hæfilegs frests, sem lögreglustjóri setur honum, að hann eigi skrásetningarhæfa bifreið, sem hann vilji setja merkið á. Þykir því verða samkvæmt kröfu stefnda að dæma áfrýjanda Kristjáni Kristjánssyni skylt að skila skrásetningarmerkinu A 2 til lögreglustjóra. Hins vegar verður ekki talið sannað í máli þessu, að bifreið stefnda, sem ber merkið A 2, hafi verið komin í það lag, að skylt sé að skrá hana af nýju. Ber því að sýkna áfrýjanda lögreglustjórann á Akureyri að svo stöddu af kröfu stefnda um, að hann skrái nefnda bifreið á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði. Eftir úrslitum málsins og þar sem áfrýjandi lögreglustjórinn á Akureyri hélt ekki upp vörnum í héraði, þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, lögreglustjórinn á Akureyri, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfu stefnda, Óskars S. Sigurgeirssonar, um að bifreið stefnda, sem áður bar skráningarmerkið A 2, verði skráð af nýju á bifreiðaskrá.

Áfrýjanda, Kristjáni Kristjánssyni, er skylt að skila skrásetningarmerkinu A 2 til lögreglustjóra Akureyrar.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. okt. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. f. m., hefur Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 30. okt. f. á., — að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan —, gegn Friðjóni Skarphéðinssyni bæjarfógeta, „sem yfirumsjónarmanni með skráningu og afskráningu bifreiða á Akureyri", þ. e. sem lögreglustjóra, og Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4, Akureyri, til þess að fá þá dæmda, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómarans, frá birtingu dóms að telja, til þess að afhenda honum bifreiðaskrásetninganúmerið A 2 á „Dixie-Flyer" bifreið, sem hann nú á. Einnig krefst Óskar S. Sigurgeirsson þess, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og Kristján Kristjánsson verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómarans.

Vegna tengsla við málið vék hinn reglulegi dómari Friðjón Skarphéðinsson þegar í fyrsta þinghaldi, hinn 1. nóvember s.l., dómarasæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því næst með bréfi, dags. 15. nóvember, Björn Halldórsson lögfræðing, Akureyri, til þess að fara með og dæma mál þetta. — Um það leyti, er Björn skyldi hefjast handa við málið, tilkynnti Friðjón Skarphéðinsson honum, að hann, (þ. e. Friðjón) myndi ekki sækja dómþing í málinu. Í þinghaldi hinn 11. desember færði umboðsmaður stefnanda kröfugerð af sinni hálfu í það horf, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti verði, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómarans, dæmdur til að taka bifreiðina „Dixie Flyer", eign sækjanda, aftur inn á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar undir téðu númeri, enda heimild Kristjáns Kristjánssonar til bifreiðanúmersins hnekkt með dóminum, en málskostnaðarkrafa óbreytt. Af hálfu varnaraðilja beggja var lýst yfir samþykki þess, að málið yrði rekið samkvæmt hinni endurnýjuðu kröfugerð. Ennfremur lýstu allir málspartar yfir því, að þeir teldu útilokað, að sáttaumleitun fyrir sáttanefnd um hina endurnýjuðu kröfugerð myndi bera árangur. Var Friðjón Skarphéðinsson viðstaddur dómþing þetta, meðan þessu fór fram, en hefur að öðru leyti haldið fast við upphaflega ákvörðun sína um afskiptaleysi af málinu. Endurnýjuð sáttaumleitun fór fram 14. desember á dómþingi, en varð árangurslaus. Umboðsmaður Kristjáns Kristjánssonar krafðist frávísunar málsins, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði þessa dóms hinn 15. janúar, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 25. febrúar.

Ennfremur hefur Kristján krafizt þess, að dómkröfum sækjanda verði hafnað og honum tildæmdur málskostnaður.

Með því að lögreglustjóri, sá hinna tveggja varnaraðilja, er einn hefur ráðstöfunarrétt sakarefnis, hefur ekki sótt þing, verður mál þetta dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum, þó svo, að kröfur þær, sem löglausar kunna að virðast, verða ekki teknar til greina. Gerist því þörf athugunar málsatvika og laga.

Málsatvikum er svo lýst: Í septembermánuði árið 1926 eignaðist sækjandi þessa máls, Óskar S. Sigurgeirsson, fólksbifreið af tegundinni „Dixie Flyer" með skrásetningarmerkinu A 2 og hefur bifreið þessi ætíð síðan verið í eigu hans. Bifreiðin hefur síðari árin a. m. k. lítið eða ekki teljandi verið notuð, og aðeins einu sinni á síðastliðnum 12 árum (sumarið 1941) verið færð til hinnar árlegu bifreiðaskoðunar. Hins vegar hafa jafnan verið greidd af henni lögboðin gjöld á hverjum tíma. Líður svo þar til í september 1948, er Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður, hér í bæ, afmáir bifreið þessa af bifreiðaskrá embættisins og úthlutar þegar á eftir Kristjáni Kristjánssyni, bifreiðaeigenda hér, merkinu A 2 til notkunar á nýja bifreið, sem þó var ekki tekin í notkun, sbr. dskj. 37, fyrr en 15. maí. Afskráninguna framkvæmdi bifreiðaeftirlitsmaðurinn, án skoðunar á bifreiðinni og án undangenginnar aðvörunar. — Eftir á kveðst sækjandi ekki heldur hafa fengið neina tilkynningu um gerð þessa, unz samstarfsmaður Snæbjarnar, lægra settur, hafi skýrt fóstursyni sækjanda frá afskráningunni að gefnu tilefni. Á dómsskjali 15 réttlætir eftirlitsmaðurinn afskráningargerðina með því, að bifreiðin hafi svo lengi ekki komið til skoðunar sem og hinu, að viðhald hennar sé sérstökum annmörkum háð vegna skorts á varahlutum, sérstaklega gúmmíi fyrir þessa bifreiðategund, sem nú sé úrelt. Hins vegar er þessu af hálfu sækjanda mótmælt í aðalatriðum, sbr. einkum dómsskjal 20, og lögð áherzla á, að bifreiðaeftirlitsmanni beri í slíkum tilfellum að gæta reglunnar í síðustu málsgrein 17. greinar bifreiðalaga, áður en hann ráðist í að afskrá bifreið og afhenda öðrum skrásetningarmerki hennar.

Um ástand bifreiðar þeirrar, er hér um ræðir, hafa farið fram gagngerðar eftirgrennslanir og athuganir við rekstur málsins.

Tveir bifvélavirkjar, þeir Lúðvík Jónsson og Jóhannes Kristjánsson, sem kynnt höfðu sér ástand bifreiðarinnar án dómkvaðningar, komu sem vitni fyrir dóm og staðfestu það álit sitt, að bifreiðin væri ökufær. Þessu vætti mótmælti umboðsmaður meðstefnda Kristjáns Kristjánssonar, Bragi Svanlaugsson bifvélavirki, sem einnig sótti bæjarþing sem vitni, telur hins vegar bifreiðina óforsvaranlega til skráningar. — Að lokum hafa dómkvaddir skoðunarmenn, þeir bifvélavirkjameistaranir Guðmundur Halldórsson og Jónas Hallgrímsson, talið bifreiðinni ávant um nokkur atriði, sam lagfæra þurfi, svo að hún sé ökufær. Að áætlan Guðmundar er þessi lagfæring um 4 daga vinna fyrir 2 menn (bifvélavirkja), enda engir sérstakir erfiðleikar á útvegun efnis, er til þarf. — Skoðunarmenn taka fram, að bifreiðin láti vel að stjórn, sé stöðug í gangi, gearskipting góð og bremsur góðar. Virðast þeir hafa framkvæmt skoðunina nákvæmlega, m. a. ekið bifreiðinni á mikilli ferð og athugað loftþrýsting í hjólum. Telja þeir ekkert athugunarvert með síðast talda atriðið, en taka fram, að á

hjólbörðum hafi þeir ekki sérþekkingu. Um hjólbarðana er annars það að segja, að í málinu liggur fyrir skýrsla hjólbarðasmiðs, Sigurðar Baldvinssonar, er telur þá samkvæmt athugun sinni í nothæfu ásigkomulagi.

Samkvæmt 3. kafla laga nr. 23 frá 1941 skulu allar bifreiðir, er nota skal hér á landi, skráðar í bifreiðaskrár undir umsjón lögreglustjóra með aðstoð bifreiðaeftirlitsmanna og undir yfirumsjón dómsmálaráðherra. Skráning bifreiða er þannig skilyrði fyrir notkun hennar. Réttur til að nota bifreið hér á landi verður að teljast hverjum þjóðfélagsþegn tryggður innan ákveðinna öryggistakmarkana, er lög setja, þannig að yfirvöldum sé óheimilt að synja af handahófi skrásetningar á bifreið. Má telja, að hér komi svipað sjónarmið til greina og við skráningu skipa, þótt bifreiðalögin séu fáorðari um rétt manna til skráningar en skipaskráningarlögin.

Með tilliti til þess, sem áður segir um ástand bifreiðar sækjanda, verður dómarinn að fallast á, að afskráning, sem varð efni til málssóknar þessarar, hafi verið óheimil gagnvart sækjanda, enda gerð án undanfarandi athugunar á bifreiðinni. Þótt bifreiðin væri ekki notuð árum saman, verður með engu móti séð, að nokkurt óhagræði stafaði af því fyrir skráningarvaldið að leyfa henni að standa framvegis á bifreiðaskrá, enda tekjur af henni í ríkissjóð, þótt ónotuð yrði. Má ætla, að notkunarleysi hennar standi að nokkru í sambandi við aldur og heilsubilun eigandans. Bifreiðin er ein elzt nothæfra bifreiða hér á landi og hefur lengst af verið í eigu sækjanda. Verður því skiljanlegt, að bæði bifreiðin sjálf og einkennisteikn hennar hafi minjagildi fyrir eigandann, þótt efnislegir hagsmunir hans með notkun hennar gætu virzt óverulegir. Virðist síður en svo — að nauðsynjalausu — ástæða hafa verið til að raska högum sækjanda, með því að afskrá bifreið hans, sem gert var.

Því verður krafa sækjanda um endurskráningu bifreiðarinnar tekin til greina.

Að því er viðkemur því atriði dómkröfunnar, að bifreiðin hljóti við endurskráninguna sama einkenni (A 2) og hún áður hafði, verður að telja þá úrlausn eðlilegasta og sanngjarnasta út frá fyrrtéðum ástæðum (minjagildi), enda ekki sjáanlegt, að skrásetningarvaldsmönnum stafi af því nokkur teljandi bagi. Kemur hér einnig til álita, — til styrktar þessari ályktun —, þótt í litlu sé, að bifreiðaeigendum ber að gjalda fé fyrir ný merki, án þess að fá það endurgreitt, er þeir af einhverjum ástæðum leggja niður notkun þeirra. — Hagsmunir þeir, er meðstefndi Kristján Kristjánsson kynni að virðast eiga í sambandi við handhöfn einkennisins A 2 sem stendur, mega heldur engu breyta um þessa niðurstöðu, þegar af þeirri ástæðu, að hann, sem áður getur, fer ekki að nota einkennið fyrr en löngu eftir að mál þetta er höfðað og honum til stefnt og eftir að Hæstiréttur hafði kveðið upp dóm þess efnis, að málsefnið skyldi hlíta úrlausn dómstóla.

Ákvörðun dagsekta til tryggingar fullnægingu dómsins þykir dómara ekki viðeigandi né þarfleg að svo vöxnu máli, enda virðist dómsákvörðunin framkvæmanleg með beinum aðgerðum eftir aðfaralögum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma Friðjón Skarphéðinsson lögreglustjóra til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst eftir atvikum kr. 300.00 til handa sækjanda.

Meðstefndi Kristján Kristjánsson verður ekki dæmdur til málskostnaðargreiðslu, þar eð hann hefur ekkert forræði sakarefnis, þótt stefnt hafi verið til þess að heimild hans til bifreiðaeinkennisins A 2 yrði hnekkt, en slíkt er vissulega bein afleiðing niðurstöðu þeirrar, er að ofan greinir. — Heldur ekki verður Kristjáni Kristjánssyni tildæmdur málskostnaður, sem hann hefur krafizt, þar eð vissulega má telja eðlilegt, að honum væri stefnt til gæzlu hagsmuna sinna, sem hann hlýtur að telja einhverja vera samkvæmt því, sem hann hefur til mála lagt. Málskostnaður fellur því að öðru leyti niður í málinu.

Dráttur á uppkvaðningu dómsins stafar af annríki dómarans við ýmis aðkallandi störf við atvinnu hans.

Dómsorð:

Lögreglustjóranum á Akureyri, Friðjóni Skarphéðinssyni, ber að færa hina umræddu Dixie Flyer bifreið Óskars S. Sigurgeirssonar inn á bifreiðaskrá embættisins af nýju undir hennar fyrra skrásetningarmerki, A 2, enda skal Kristjáni Kristjánssyni þar með óheimil notkun téðs merkis (númers).

Lögreglustjórinn greiði Óskari S. Sigurgeirssyni 300 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. marz 1953.

Nr. 92/1952. **Pétur & Valdimar h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga
(Ragnar Jónsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. maí 1952, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1952 og

gerir þær dómkröfur, að stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga verði dæmt að greiða honum kr. 2689.50, þar af kr. 1837.00 in solidum með stefnda Stefáni Rósantssyni, ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja hinna stefndu in solidum.

Hinir stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

I

Um kröfur stefnda Stefáns Rósantssonar á hendur áfrýjanda.

Bifreiðarstjórinn á A 407 veitti hrossastóðinu, sem kom á brokki á móti honum eftir veginum, svo seint athygli, að honum var ekki unnt að afstýra árekstri. Verður að meta honum þetta til aðgæzluskorts, og getur það ekki leyst hann undan sök, að dimmt var og mishæðótt á slysstað. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi Stefán ber enga ábyrgð á hegðun rekstrarmanna, ber að taka til greina kröfu hans á hendur áfrýjanda og staðfesta ákvæði héraðsdóms, að því áfrýjanda og stefnda Stefán varðar. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Stefáni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

II

Um kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga.

Svo sem áður segir, átti bílstjórinn á A 407 mikla sök á því, að árekstur varð milli bifreiðarinnar og hrossastóðsins. En hins vegar sýndu rekstrarmenn ekki þá varkárni, sem af þeim verður að krefjast. Þeir ráku stóðhrossin í myrkri eftir þjóðveginum í námunda við Akureyri, þar sem gera mátti ráð fyrir töluverðri umferð, án þess að þeir viðhefðu þær varúðarráðstafanir að láta ríðandi mann fara fyrir hrossunum og vara vegfarendur við hættunni. Verður því að dæma hið stefnda hrossasölusamband, sem ábyrgð ber á rekstrarmönnunum, til að greiða áfrýjanda ¼ hluta tjóns þess, er varð á

bifreið hans. Reikningur áfrýjanda er greindur í héraðsdómi. Ágreiningslaust er, að kostnaður af viðgerð á bifreiðinni og flutningi hennar til viðgerðar nam kr. 3879.00. Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar í 14 daga þykja, eins og notkun hennar var háttað, hæfilega ákveðnar kr. 840.00. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 4719.00. Ber stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga því að greiða áfrýjanda ¼ af kr. 4719.00 eða kr. 1179.75 með 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjanda, Pétur & Valdimar h/f, og stefnda Stefán Rósantsson, og greiði áfrýjandi stefnda Stefáni kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hrossasölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga greiði áfrýjanda, Pétri & Valdimar h/f, kr. 1179.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Ég er samþykkur forsendum og niðurstöðu í dómsatkvæði meiri hluta dómenda um skaðabótagreiðslu áfrýjanda til stefnda Stefáns Rósantssonar.

Hins vegar hef ég sérstöðu, að því er tekur til skaðabótakröfu áfrýjanda á hendur stefnda Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga.

Rekstrarmönnunum var heimilt að reka hrossin eftir þjóðveginum, þar sem slysið varð, sbr. 1. mgr. 12. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Hrossin voru rekin á hægri ferð, og er ekki fram komið í málinu, að rekstrarmenn hafi hagað rekstrinum með öðrum hætti en venjulegt er af vönum og gætnum rekstrarmönnum. Verður ekki séð, að þeir hafi um tilhögun rekstrarins brotið neinar reglur eða venjur um umferð né að orsakir

slyssins verði raktar til óvarkárni af þeirra hálfu. Það var aftur á móti mikil óaðgæzla af bifreiðarstjóranum, sem ók bifreiðinni A 407, að veita ekki athygli því, sem á móti honum kom á veginum, fyrr en svo seint, að honum vannst ekki tími til að stöðva bifreiðina og aftra slysi. Tel ég því ekki rétt, að stefnda Hrossaræktarsambandi Skagfirðinga og Húnvetninga verði gert að greiða áfrýjanda að neinu leyti bætur fyrir spjöll þau, er urðu á bifreið hans.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 hvorum.

Dómsorð mitt verður þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur & Valdimar h/f, greiði stefndu, Stefáni Rósantssyni og Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 hvorum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur aðalstefnandi, Stefán Rósantsson, bóndi að Gilhaga í Skagafirði, höfðað hér fyrir dómi með stefnu útgefinni 26. apríl s.l. gegn aðalstefndu, Pétri & Valdimar h/f, Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 1650.00 auk 6% ársvaxta frá 30. október 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í greinargerð hefur stefnandi óskað eftir að mega hækka kröfuna um kr. 55.00, og hefur gagnaðili samþykkt það, svo að aðalstefnukrafan er nú kr. 1705.00, en það telur hann vera andvirði hestsins, að frádregnu andvirði afurða hans. Aðalstefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómarans.

Með gagnstefnu, útgefinni 18. maí s.l., gerir aðalstefndi gagnkröfu á hendur aðalstefnanda að upphæð kr. 5379.00. Kröfuna sundurliðar hann þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður á bifreið eftir reikningi	kr. 3749.00
2.	Skaðabætur fyrir að missa afnot bifreiðar í 14 daga	— 1500.00
3.	Flutningur á bifreið til viðgerðar o. fl.	— 130.00
	Samtals kr.	5379.00.

Ennfremur er krafizt 6% ársvaxta af upphæðinni frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins. Krafizt var og, að sökin væri sameinuð aðalsök.

Loks hefur hinn upphaflegi aðalstefndi þessa máls höfðað mál gegn

Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga og gert sömu kröfur á hendur því og hann hefur gert í gagnsökinni á hendur aðalstefnanda. Krafa þessi er gerð á þeim forsendum, að stefndi beri óskipta ábyrgð með gagnstefnda á tjóni því, er stefnendur hafa beðið. Þar sem mál þetta var höfðað út af sama réttarsambandi og annar aðilinn er sá sami og í upphaflega málinu, ákvað dómarinn að sameina þessi mál samkvæmt 117. gr. laga nr. 85, 1936 með samþykki umboðsmanna aðilja og verða þau því dæmd saman. Þegar búið var að sameina málin, krafðist aðalstefndi upphaflega málsins, að Stefán Rósantsson og Hrossasölusambandið yrðu dæmd til greiðslu kröfunnar með óskiptri ábyrgð. Allir aðiljar málsins hafa gert þá varakröfu, að ábyrgðinni verði skipt eftir sök hvers þeirra.

Tildrög málsins eru þau, er nú skal greina: Mánudaginn 30. október 1950 var vörubifreiðinni A 407, eign aðalstefndu, ekið frá Akureyri eftir þjóðveginum út Kræklingahlíð áleiðis að Hallgilsstöðum í Arnarneshreppi. Bifreiðinni stýrði Eggert Jónsson frá Hallgilsstöðum, en með honum í bifreiðinni var faðir hans, Jón Melsteð, bóndi að Hallgilsstöðum. Á palli bifreiðarinnar voru 2 tonn af lausum kolum. Þegar bifreiðin var komin á móts við Steinakot í Kræklingahlíð, kom eftir veginum á móti henni hrossarekstur, sem í voru 18—20 hross, sem verið var að reka frá Sílastöðum í Kræklingahlíð til Akureyrar, og munu það allt hafa verið stóðhross til slátrunar, að einum hesti undanteknum, það er hesti þeim, sem mál þetta er risið út af, og var allt stóðið eign Hrossasölusambands Skagfirðinga og Húnvetninga, að 2 tryppum undanteknum. Hestur aðalstefnanda virðist hafa farið fyrir hópnum eða a. m. k. verið meðal fremstu hestanna. Þegar hrossahópurinn og bifreiðin A 407 mættust, lenti bifreiðin á sumum hrossanna og slösuðust 2 þeirra svo, að lögreglan skaut þau á staðnum, eftir að henni hafði verið gert aðvart um árekstur inn. Auk þeirra hrossa, sem slátrað var á staðnum, er vitað um að minnsta kosti eitt hross, sem lenti á bifreiðinni, því það festist svo í henni, að losa varð það úr bifreiðinni. Annað þeirra hrossa, sem lógað var á staðnum, var reiðhestur aðalstefnanda, sem að framan er greindur. Hrossahópinn ráku þrír menn, starfsmenn Hrossasölusambands Skagfirðinga og Húnvetninga. Nokkru áður höfðu sömu menn komið með stóran hrossarekstur vestan yfir Öxnadalsheiði til Sílastaða, og höfðu hrossin þá verið sett þar í girðingu og voru hross þau, er hér um ræðir, úr þeim rekstri. Þá var aðalstefnandi meðal rekstrarmannanna og hafði hann þá skilið margnefndan reiðhest sinn eftir á Sílastöðum. Þegar farið var að sækja sláturhrossin að Sílastöðum greindan dag, bað aðalstefnandi rekstrarmennina að koma með reiðhest sinn um leið til Akureyrar, vegna þess að hann ætlaði að ríða til Skagafjarðar daginn eftir. Fulldimmt var af nóttu og auð jörð, þegar slysið bar að.

Við skoðun dýralæknis á skrokknum af hesti aðalstefnanda kom í ljós, að opið þverbrot var á öðrum framfæti og allir vöðvar á samsíða læri blóðhlaupnir og blæðingar í bandveg djúpt inn á milli vöðvanna. Einnig voru blæðingar inn á rifjahylki.

Bifreiðastjórinn á A 407 hefur skýrt þannig nánar frá atvikum að

slysinu: Hann hafði ekið með venjulegum ljósum alla leið frá Akureyri, en skömmu fyrir slysið setti hann á lægri ljósin, meðan hann mætti bifreið. Hann kvaðst síðan hafa ekið dálítinn spöl með lægri ljósunum eftir að hafa mætt bifreiðinni, á að gizka 30—40 metra. Hann hækkaði síðan ljósin og sá þá hrossahópinn, sem þá var kominn inn á ljóssvið bifreiðarinnar. Jafnframt hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi verið að keyra niður halla niður í slakka, sem var þar á veginum, þegar hann mætti bifreiðinni, en þegar hún hafi farið að vísa upp á við, hafi hann séð hrossin. Einnig hefur hann sagt, að vafasamt væri, að hann hefði séð hestana fyrr, þótt hann hefði haft hærri ljósin á, sökum þess að þau hefðu þá lýst niður í kvosina. Þá hefur bifreiðastjórinn skýrt frá því, að hann hefði í ferð þessari ekið á 40—50 km hraða á klst. Þegar hann sá hrossahópinn, sem hann sagði að hefði farið þétt á veginum á hröðu brokki, hemlaði hann eins og hægt var og sagði, að bifreiðin hefði verið alveg að stöðvast, þegar árekstur inn varð eða á um 2 km hraða á að gizka. Hann kvað hemlana hafa virkað vel, en þar sem hestarnir hafi verið á allmikilli ferð, hafi honum ekki tekizt að forða árekstri. Jón Melstað hefur borið, að strax og þeir hafi komið auga á hestana, hafi bifreiðarstjórinn hemlað eins skyndilega og hægt var og svo hafi mátt heita, að bifreiðin snarstöðvaðist og fullyrðir, að bifreiðin hafi verið svo að segja alveg stöðvuð, þegar árekstur inn varð. Einnig sagði hann, að hestarnir hefðu verið á hröðu brokki og hefði hópurinn alveg náð þvert yfir veginn. Þá hefur hann sagt, að þegar þeir hafi veitt hestunum athygli, hafi þeir verið mjög skammt undan og áður hafi borið hæð á milli. Honum fannst árekstur inn mjög harður og hafi honum fundizt sem bíllinn færðist aftur á bak. Vitni þetta er hluthafi og stjórnarnefndarmaður í fyrirtæki aðalstefnda. Einnig er bifreiðarstjórinn á A 407 hluthafi í sama fyrirtæki.

Rekstrarmenn hrossanna voru þrír, eins og áður greinir, og hafa þeir allir verið leiddir sem vitni í málinu. Þeim hefur yfirleitt borið saman í vitnisburðum sínum innbyrðis, en vitnisburðum þeirra og bifreiðarstjórans og Jóns Melstað hins vegar ber nokkuð á milli. Þeir hafa skýrt frá því, að þeir hafi allir verið á eftir lausu hrossunum. Þá hafa þeir sagt, að þeir hafi ekki reynt að víkja hrossunum út af veginum, þegar þeir sáu til bifreiðarinnar A 407 og tóku fram, að hefði það verið reynt, hefði það orðið til þess að herða á hrossunum, enda hefði ekkert ráðrúm verið til þess. Eitt vitnið fullyrti, að þótt maður hefði verið á undan hrossunum, þá hefði hann ekki haft neitt ráðrúm til að víkja þeim út af veginum. Þá hafa öll þessi vitni borið, að þau hafi ekki haft neitt ljós til að vekja á sér athygli og kom fram hjá þeim, að þau vissu ekki til, að slíkt tíðkaðist í slíkum tilfellum. Öll hafa vitni þessi borið, að hrossin hafi ekki farið hart og að þau hafi verið á skokkferð eða hóftölti, en jafnframt hafa þau borið, að þau hafi dregizt dálítið aftur úr rekstrinum um þetta leyti, vegna þess að bifreið var nýfarin fram úr þeim og gerðu þeir það til að draga úr ferð rekstrarhrossanna. Bifreið þessi mun hafa verið sú sama og A 407 mætti rétt fyrir árekstur inn.

Loks hafa öll vitni þessi borið, að þau hafi séð til bifreiðarinnar A 407 skammri stund fyrir árekstur og hafi þeim virzt hraðinn á henni vera nokkuð mikill, og tvö þeirra hafa borið, að þau hafi ekki orðið þess áskynja, að hægt væri á ferðinni síðast fyrir árekstur. Eftir ágizkan vitnanna voru þau í um 100 eða á annað hundrað metra fjarlægð, þegar árekstur varð.

Aðalstefnandi hefur byggt kröfu sína fyrst og fremst á ábyrgðarreglu 34. gr. bifreiðalaganna. Ennfremur hefur hann haldið því fram, að bifreiðarstjórinn á A 407 hafi brotið ýms ákvæði bifreiðalaganna, svo sem 26. gr., með því að aka ógætilega hratt, 27. gr., með því að hafa ekki nægilega aðgæzlu á umferðinni, og 28. gr., með því að víkja ekki nægilega vel til vinstri á veginum og hefur þar um skírskotað til vitnisburðar rekstrarmannanna og loks, að bifreiðarstjórinn hafi ekið 30—40 m með lægri ljósin. Hins vegar hefur hann staðhæft, að engin sök væri hjá rekstrarmönnunum og hefur sérstaklega lagt áherzlu á, að þetta hafi ekki verið í bæ eða öðru þéttbýli og hafi þeim því samkvæmt umferðalögum verið heimilt að reka lausa hesta á þessum stað.

Aðalstefndi hefur einkum byggt sýknukröfu sína á því, að rekstrarmennirnir hafi brotið 12. gr. umferðalaganna, með því að reka laus hross á vegi í þéttbyggðri sveit skammt frá kaupstað og í myrkri. Einnig hefur hann haldið því fram, að rekstrarmönnunum hafi borið að hafa mann á undan rekstrinum, til að víkja hrossunum út af veginum, ef með þyrfti og að þeim hafi jafnvel borið að hafa ljós til að vekja á sér athygli. Þá hefur hann mótmælt því, að bifreiðarstjórinn hafi brotið í bág við nein ákvæði bifreiðalaga með akstri sínum í þetta sinn. Einnig hefur hann mótmælt því með skírskotun til framburðar bifreiðarstjórans, að það geti haft neina þýðingu, að hann hækkaði ljósin ekki alveg strax eftir að hann mætti bifreiðinni, enda hafi þetta verið aðeins örstutt stund.

Dómarinn lítur svo á, að með því að reka laus hross eftir þjóðvegi á stað þeim, er árekstur varð á, hafi rekstrarmennirnir ekki brotið í bág við 12. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Ekki verður heldur talið, að rekstrarmennirnir hafi brotið neina skyldu eða venju, með því að hafa ekki mann á undan rekstrinum eða að hafa ekki ljós. Þá verður að telja, að ekki sé sannað, að rekstrarmennirnir hafi haft ráðrúm til að víkja hrossunum til hliðar á veginum eða út af honum, samanber framburð þeirra. Samkvæmt sömu vitnisburðum er ekki sannað, að hrossin hafi verið á meiri hraða en skokkferð eða hóftölti né að þau hafi fælzt fyrir árekstur. Þegar þess er gætt, er nú var rakið, og þegar jafnframt er gætt hinnar ströngu sönnunarreglu 34. gr. bifreiðalaganna, þykir aðalstefndi eiga að bæta aðalstefnanda tjón hans og þykir með skírskotun til framanritaðs ekki vera grundvöllur fyrir skiptingu ábyrgðarinnar. Upphæð bótakröfu aðalstefnanda hefur ekki verið mótmælt og ber því að dæma aðalstefnda til að greiða hana að fullu ásamt vöxtum frá útgáfu stefnu til greiðsludags og kr. 600.00 upp í málskostnað.

Með skírskotun til framanritaðs ber að sýkna gagnstefnda og Hrossa-

sölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga af öllum kröfum Péturs og Valdimars h/f. Málskostnaður í þeim sökum falli niður.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Dómsorð:

Í aðalsök: Aðalstefndi, Pétur & Valdimar h/f, greiði aðalstefnanda, Stefáni Rósantssyni, kr. 1705.00 auk 6% ársvaxta frá 30. apríl s.l. til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Í gagnsök og sök gagnstefnanda gegn Hrossasölusambandi Skagfirðinga og Húnvetninga:

Gagnstefndi og Hrossasölusamband Skagfirðinga og Húnvetninga eiga að vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. marz 1953.

Nr. 64/1952.

Hreinn Sigtryggsson (Ragnar Jónsson)
gegn
Aðalbjörgu, Herdísi og Jakobínu Jakobsdætrum (Ragnar Ólafsson)
og gagnsök.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Sýkna af kröfu um ábúðarrétt til lífstíðar og um kauprétt á jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Júlíus Havsteen, sýslumaður Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að honum verði dæmdur ábúðarréttur til lífstíðar á jörðinni Brettingsstöðum í Reykdælahreppi.

2. Að gagnáfrýjendum verði dæmt skylt að bjóða honum nefnda jörð til kaups samkvæmt 18. gr. laga nr. 8/1951, sbr. áður 18. gr. laga nr. 87/1933.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. september 1952, áfrýjað málinu með stefnu 22. s. m. Þær krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hefur, eins og í héraðsdómi greinir, nytjað eignarjörð gagnáfrýjenda, Brettingsstaði í Reykdælahreppi, ásamt jörð sinni, Hamri í sömu sveit, síðan vorið 1945. Hefur aðaláfrýjandi verið til húsa á Brettingsstöðum, en jarðir þessar liggja saman.

Fyrirsvarsmaður gagnáfrýjenda hefur í bréfi til þeirra, dags. 20. júní 1945, sem lagt hefur verið fram í málinu, lýst því, að aðaláfrýjandi hafi leitað eftir ábúð á Brettingsstöðum, til þess að hann gæti haft þar húsaskjól, meðan hann byggði yfir sig á Hamri. Þá kveðst fyrirsvarsmaðurinn hafa tjáð aðaláfrýjanda, að hann brysti heimild til að byggja jörðina lengri tíma en 6 ár. Sjálfur hefur aðaláfrýjandi kannazt við, að hús á eignarjörð hans Hamri hafi verið komin að falli vorið 1945. Hann hefur og játað, að fyrirsvarsmaður gagnáfrýjenda hafi tjáð honum, að þær vildu ekki byggja jörðina Brettingsstaði til lengri tíma en 6 ára.

Fyrirsvarsmaður gagnáfrýjenda vildi ekki gefa út byggingarbréf til handa aðaláfrýjanda, en vék því til gagnáfrýjenda sjálfra. Ekki verður séð, að aðaláfrýjandi hafi, áður en hann flutti á jörðina, snúið sér til gagnáfrýjenda til að leita samninga um ábúðina og fá byggingarbréf, og var þó rík ástæða til þess, ef hann vildi öðlast víðtækari ábúðarrétt eða til lengri tíma en fyrirsvarsmaðurinn hafði heimild til að veita honum.

Gagnáfrýjendur sjálfir halda því fram, að er nefnd eignarjörð þeirra losnaði úr ábúð vorið 1945, hafi þær heimilað, að

aðaláfrýjandi fengi hús jarðarinnar og önnur afnot hennar um allt að 6 ára tímabil, og hafi verið við það miðað, að aðaláfrýjandi hefði þessi not húsa og jarðar, meðan hann byggði upp á jörð sinni Hamri. Er þessi skýrsla gagnáfrýjenda sennileg og vel samrýmanleg þeim öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið, og þykir verða að leggja hana til grundvallar um skipti aðilja.

Þar sem svo sérstaklega stóð á, sem nú var lýst, þá leiðir það af meginreglunni í 32. gr. laga nr. 7/1936, að aðaláfrýjandi getur ekki borið fyrir sig ákvæði 9. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sbr. nú 9. gr. laga nr. 8/1951, og verður hann því ekki talinn hafa öðlazt lífstíðarábúð á eignarjörð gagnáfrýjenda, Brettingsstöðum í Reykdælahreppi. Áfrýjandi hefur ekki heldur öðlazt kauprétt á jörðinni, þegar af þeirri ástæðu, að afnot hans voru með þeim hætti, sem að framan greinir. Ber því að sýkna gagnáfrýjendur af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum og úrslitum málsins þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur, eiga að vera sýknar af kröfum aðaláfrýjanda, Hreins Sigtryggssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 8. febrúar 1952.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er í aðalsök höfðað af ábúanda Brettingsstaða í Laxárdal innan Reykdælahrepps, Hreini Sigtryggssyni, fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með stefnu, dags. 12. sept. 1950, gegn eigendum nefndrar jarðar, þeim systrum þremur, Jakobínu, Herdísi og Aðalbjörgu Jakobsdætrum, öllum til heimilis í Reykjavík, og gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdar til:

1. Að hlíta og verða bundnar við byggingu jarðarinnar Brettingsstaða í Reykdælahreppi í samræmi við byggingu Hjálmars Jónssonar fyrir þeirra hönd til handa stefnanda.

2. Að bjóða stefnanda jörðina Brettingsstaði til kaups í samræmi við 18. gr. ábúðarlaga 19. júní 1933.
3. Að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans eða framlögðum reikningi.

Þá gerir stefnandi og þá varakröfu, að stefndu verði dæmdar til að hlíta byggingu samkvæmt 7. gr. ábúðarlaganna frá 1933, en fellur undir rekstri málsins frá henni, sbr. réttarskjal nr. 29, svo hún kemur ekki til greina.

Í gagnsökinni, sem aðalstefndu höfðuðu undir rekstri málsins gegn aðalstefnanda, Hreini Sigtryggssyni, með stefnu, dags. 6. sept. 1951, er sú krafa gerð, að gagnstefndi verði með dómi skyldaður til að verða burtu af jörðinni nú þegar og greiði gagnstefnendum málskostnað eftir réttarins mati.

Málið er þingfest 3. okt. 1950, en var eftir beiðni málsaðilja vikið til bæjarþings Akureyrarkaupstaðar og lá í nokkru salti þar, unz því með nýju samkomulagi var aftur ráðstafað til flutnings til sinna gömlu heimkynna á varnarþing fasteignarinnar í nóv. 1950, sbr. réttarskjal nr. 18 í málinu, lagt fram 6. sept. 1951 í aukarétti Þingeyjarsýslu.

Hinn 26. okt. 1951 var málið tekið til dóms samkvæmt kröfu aðalsækjanda, sökum útivistar umboðsmanns aðalstefndu og gagnsækjenda og með úrskurði, upp kveðnum í aukarétti Þingeyjarsýslu hinn 19. nóv. 1951, var honum synjað um endurupptöku málsins í héraði.

Þessum úrskurði skutu aðalstefndu til Hæstaréttar, sem staðfesti hann með dómi, uppkveðnum 15. jan. s.l., samkvæmt bréfi Hæstaréttar til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu 17. jan. þ. á., sem nú hefur borizt hingað ásamt skjölum málsins, og er því kveðinn upp héraðsdómurinn án frekari dráttar.

Tildrög málsins í aðalsök eru í stuttu máli þessi: Vorið 1945 urðu ábúendaskipti á jörðinni Brettingsstaðir í Reykdælahreppi, og tók aðalstefnandi, Hreinn Sigtryggsson, bóndi á Hamri í sama hreppi, við henni og gerði það sökum þess, að jarðarhús á eignarjörð hans voru að falli komin, en hann gat nytjað báðar þessar nefndu jarðir, sem liggja andspænis hvor annarri, sitt hvoru megin við Laxá, með því að sitja á Brettingsstöðum, því húsakostur var betri þar en á Hamri.

Um ábúðarréttinn sneri hann sér til Hjálmars Jónssonar, óðalsbónda á Ljótsstöðum, sem var umboðsmaður aðalstefndu, eigenda Brettingsstaða, eins og nægilega er upplýst í máli þessu.

Virðist það hafa verið í upphafi ætlun Hjálmars að byggja jörðina til sex ára, en þegar aðalstefnandi við úttektina vildi ekki taka hana fyrir svo stuttan tíma og hreppstjóri Reykdælahrepps, sem er úttektarmaður, benti Hjálmari á og las honum upphaf 9. gr. ábúðarlaganna frá 19. júní 1933, en þar segir: „Allar jarðir skal byggja ævilangt“ o. s. frv., þá verður ekki annað séð, en að hann hafi horfið frá þessari ákvörðun, samþykkt úttektina svo og, að aðalstefnandi fengi jörðina til ábúðar lögum samkvæmt, þ. e. til lífstíðar. Sjálfur gaf hann ekki út byggingarbréf, kvað jarðareigendur vilja gera það, en ekki hefur það enn orðið.

Hefur aðalstefnandi þannig setið byggingarbréfslaus á sjötta ár, þegar hann höfðar mál þetta, til þess, eins og í aðalstefnunni segir, að fá sér tildæmdan rétt gegn framkomnum undanfærslum aðalstefndu til lífstíðarábúðar á jörðinni Brettingsstaðir í Laxárdal með sömu eða svipuðum kjörum og Hjálmar Jónsson hafi byggt honum hana og ennfremur að fá jarðeigendur dæmda til þess að selja sér jörðina samkvæmt fyrirmælum 18. gr. ábúðarlaganna frá 19. júní 1933.

Þar sem þessi síðari krafa gengur lengst, skal hún og réttmæti hennar fyrst athugað.

Kröfuna um, að jarðeigendur bjóði sér Brettingsstaði til kaups, byggir aðalstefnandi eingöngu á bréfaviðskiptum þeim, sem milli hans og eins eiganda jarðarinnar, Jakobínu Jakobsdóttur, hafa farið, sérstaklega í bréfum hennar, dags. 20. apríl 1948 og 28. júní 1949. Bréf þessi virðast bera það greinilega með sér, sem og er haldið fram af hálfu umboðsmanns aðalstefndu, að þau séu einkabréf og alls ekki skrifuð í umboði eða með vitorði systra bréfritarans, en jafnvel þótt aðalstefnandi hefði haft ástæðu til að líta svo á, að Jakobína Jakobsdóttir kæmi fram gagnvart honum fyrir systurnar þrjár, gat hann engan þann skilning lagt í orð hennar í nefndum bréfum, að þær systur hennar vildu eða væru skyldugar til að selja honum jörðina. Þvert á móti. Í bréfinu 20. apríl 1948 segir hún skýrt og skorinort: „Ég hef fyrir löngu viljað selja jörðina, en meðeigendur mínir mega ekki heyra það nefnt", og enn segir hún síðar í sama bréfi: „systur mínar aftaka að selja jörðina, en vildu leigja hana til lífsábúðar." Og þótt hún segi í bréfi 28. júní 1949, „við eigum enga peninga til að leggja fram til byggingarinnar", eru þetta aðeins ummæli almenns efnis um hag þeirra systra, en engan vegin yfirlýsing um, að þær sem jarðeigendur ekki gætu eða myndu ekki gera skyldu sína samkvæmt ábúðarlögunum frá 1933, þegar svo langt væri komið, að aðalstefnandi væri farinn að reisa við húsin á jörðinni, en ekkert fram komið í málinu, sem til þess bendir, að hann væri farinn til þess. Skal og í þessu sambandi fram tekið, að umboðsmaður aðalstefndu hefur undir rekstri málsins lýst yfir fyrir þeirra hönd, að þær hafi alltaf verið og séu reiðubúnar, „að leggja fram það fé til viðreisnar og endurbyggingar jarðarhúsa, sem þeim beri að leggja fram samkvæmt ábúðarlögum nr. 87, 19. júní 1933."

Krafa aðalstefnanda um, að aðalstefndu bjóði honum jörðina Brettingsstaði til kaups samkvæmt 18. gr. ábúðarlaganna frá 19. júní 1933, verður af nefndum ástæðum ekki til greina tekin.

Öðru máli gegnir um fyrsta lið í stefnunni, dags. 12. sept. 1950, en þar krefst aðalstefnandi þess, að sér sé dæmd lífstíðarábúð á jörðinni Brettingsstaðir í Laxárdal, svo sem gert hafi Hjálmar Jónsson og með sömu eða svipuðum kjörum og hann byggði jörðina, er aðalstefnandi tók við henni.

Það er upplýst í málinu, að Hjálmar Jónsson á Ljótsstöðum var umboðsmaður aðalstefndu, bæði þegar hann byggði jörðina, var við úttektina, þegar aðalstefnandi tók við og hefur og ávallt veitt afgjöldum móttöku. Þar sem nefndur Hjálmar hvarf frá því, er úttekt fór fram 1945, að

byggja aðalstefnanda jörðina aðeins til sex ára, er aðalstefnanda þótti þessi tími allt of stuttur og hreppstjóri gerði honum kunn fyrirmælin í 9. gr. ábúðarlaganna frá 1933, þar sem aðalstefnandi hefur setið jörðina óátalið byggingarbréfslaus í tæp sex ár, greitt mótmælalaust jarðarafgjöld og yfirleitt innt af hendi allar skyldur leiguliða óátalið, verður að líta svo á, að hann hafi haft lögfulla ástæðu til þess að ætla, að hann hafi með munnlegri byggingu umboðsmanns jarðareigenda, sem tók fram, að þeir myndu gefa út byggingarbréfið með úttektinni á jörðinni og afhendingu til sín sem ábúanda, öðlast lífstíðarábúð á henni, enda segir og í fyrrnefndu bréfi Jakobínu Jakobsdóttur, dags. 20. apríl 1948, að systur sínar „vildu leigja hana (jörðina) til lífsábúðar", þótt þær neituðu að selja, og verður því samkvæmt 7. gr. og upphafi 9. gr. ábúðarlaganna frá 19. júní 1933 að taka þessa kröfu til greina og dæma aðalstefndu til þess að byggja aðalstefnanda jörðina Brettingsstaði í Reykdælahreppi til lífstíðar.

Þar sem umboðsmaður gagnsækjenda mætti ekki við fyrirtöku málsins í aukarétti Þingeyjarsýslu hinn 26. október 1951, er gagnsökin hafin samkvæmt 1. málsgr. 118. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök greiði aðalstefndu, eigendur Brettingsstaða, systurnar Jakobína, Herdís og Aðalbjörg Jakobsdætur, allar til heimilis í Reykjavík, ein fyrir alla og allar fyrir eina, aðalsækjanda, Hreini Sigtryggssyni á Brettingsstöðum, og virðist málskostnaður hæfilega metin kr. 2500.00, tvö þúsund og fimm hundruð krónur.

Rekstur málsins hefur verið með hægara móti, en vítalaus þó.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök veiti eigendur Brettingsstaða í Reykdælahreppi, þær systur Jakobína, Herdís og Aðalbjörg Jakobsdætur, allar til heimilis í Reykjavík, leiguliða og ábúanda nefndrar jarðar, Hreini Sigtryggssyni, lífstíðarábúðarrétt á nefndri jörð með sömu kjörum og hann hefur nú og gefi honum fyrir því byggingarbréf.

Gagnsökin er hafin samkvæmt 1. málsgr. 118. gr. laga nr. 85 23. júní 1936.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök greiði nefndar systur, ein fyrir allar og allar fyrir eina, nefndum Hreini Sigtryggssyni, og virðist hann hæfilega metinn 2500 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. marz 1953.

Nr. 142/1948. **Sjálfstæðishúsið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Alfreð Eyþórssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson.

Ómerking. Vísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á., gerir þær dómkröfur, *að* hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, *að* fjárnám það, sem stefndi lét framkvæma í húsi hans, Sjálfstæðishúsinu við Thorvaldsensstræti í Reykjavík hinn 6. október 1948, verði fellt úr gildi og *að* stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og framangreindrar fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í héraði 29. júní 1948. Umboðsmaður stefnanda þar lagði þá fram stefnu, svonefnda greinargerð og reikning, að fjárhæð samtals kr. 3210.40. Taldi hann áfrýjanda þar til skuldar kaup fyrir alla sunnudaga í mánuðunum maí—október 1946, 8 stundir á hverjum sunnudegi. Í héraðsstefnu er einungis gerð þessi grein fyrir kröfunni: „Skuld þessi er ógreidd vinnulaun fyrir gæzlustörf í Sjálfstæðishúsinu á árinu 1946.“ Engin frekari grein er gerð fyrir samningum aðilja eða réttarsambandi þeirra af hálfu stefnanda við þingfestingu málsins.

Af hálfu stefnda í héraði var ekki sótt þing, er málið var þingfest. Var það síðan lagt í dóm af umboðsmanni stefnanda án frekari gagna eða raka.

Þessi málatilbúnaður af hálfu umboðmanns stefnanda var verulegt brot á ákvæðum 105. gr. laga nr. 85/1936. Sökum

þessa megingalla á málsmeðferð í héraði, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Svo ber og að ómerkja fjárnámsgerð þá, sem framkvæmd var hinn 6. október 1948 í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, til tryggingar dóminum.

Þrátt fyrir þessi málalok, ber að dæma áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði og ekki hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá héraðsdómi.

Fjárnám það, sem gert var hinn 6. október 1948 í Sjálfstæðishúsinu við Thorvaldsensstræti í Reykjavík, til tryggingar hinum ómerkta dómi, er fellt úr gildi.

Áfrýjandi, Sjálfstæðishúsið í Reykjavík, greiði stefnda, Alfreð Eyþórssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Alfreð Eyþórsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. gegn Sjálfstæðishúsinu, hér í bænum, til greiðslu skuldar vegna vangoldinna vinnulauna að fjárhæð kr. 3210.40 með 6% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur ekki látið sækja þing, þótt því sé löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 500.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjálfstæðishúsið, Reykjavík, greiði stefnanda, Alfreð Eyþórssyni, kr. 3210.40 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1948 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. marz 1953.

Nr. 33/1952. **Bæjarsjóður Vestmannaeyja** (Sigurður Ólason)
gegn
Sæfelli h/f (Gunnar J. Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Stríðsgróðaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz 1952. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 22.500.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 19. febrúar 1950 til greiðsludags og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 12.603.60 án vaxta og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Uppgjöf ríkissjóðs á eftirstöðvum stríðsgróðaskatts stefnda frá 1945 var gerð með því skilyrði, að áfrýjandi gæfi einnig eftir sinn hluta skattsins. Nú gerði áfrýjandi það ekki, og hefur uppgjöf ríkissjóðs því þegar af þeirri ástæðu ekki orðið gild.

Áfrýjandi hefur lagt fram í Hæstarétti yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 23. okt. 1952, þar sem lýst er yfir því, að áfrýjandi hafi ríkissjóðs vegna fulla heimild til að innheimta þann hluta stríðsgróðaskatts stefnda frá 1945, sem renna átti til áfrýjanda. Samkvæmt þessu þykir bera að taka kröfu áfrýjanda til greina, þó svo, að vextir teljist frá 28. des. 1950, sbr. lög nr. 111/1950.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði. Þar sem áfrýjandi lagði ekki fram heimildarskjal til heimtu kröfunnar fyrr en í Hæstarétti og

átti því sök á áfrýjun málsins, þykir rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Sæfell h/f, greiði áfrýjanda, Bæjarsjóði Vestmannaeyja, kr. 22.500.00 auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 28. des. 1950 til greiðsludags.

Málsaðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu í héraði, en áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 5. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, af Jóni Hjaltasyni lögfræðingi f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja með stefnu, útgefinni 12. júní 1951, birtri sama dag, á hendur stjórn Sæfells h/f í Vestmannaeyjum fyrir hönd félagsins, þeim Ástþóri Matthíassyni stjórnarformanni, Sóla, Guðlaugi Gíslasyni framkvæmdarstjóra, Skólavegi 21, Tómasi M. Guðjónssyni, Bakkastíg 1, Sighvati Bjarnasyni, Ási, og Jónasi Jónssyni, Fagurlyst, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á hluta bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti félagsins fyrir árið 1945 samkvæmt skuldaryfirlýsingu framkvæmdarstjórans, dags. 19. febrúar 1950.

Stefnandi gerði þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til þess að greiða honum kr. 22.500.00 ásamt dráttarvöxtum, 1% á mánuði frá 19. febrúar 1950 til greiðsludags, en til vara 6% ársvöxtum frá 19. febrúar 1950 og til þrautavara 6% ársvöxtum frá 15. marz 1950 til greiðsludags. Svo krafðist og stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum reikningi að fjárhæð kr. 2.807.74.

Mætt var í málinu af hálfu stefnda og gerði umboðsmaður hans þær réttarkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða kr. 11.826.00 án vaxta, en til vara 6% ársvaxta frá 12. júní 1951 og til þrautavara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða kr. 12.603.60, einnig án vaxta, en til vara með vöxtum frá 12. júlí 1951 til greiðsludags. Hvernig sem málið færi, krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram koma í skjölum málsins og fram komu við munnlegan flutning, eru málsatvik eftirfarandi:

Á árinu 1945 var stefnda gert að greiða í stríðsgróðaskatt kr. 126.280.00 og kr. 99.155.00 í tekjuskatt eða samtals kr. 225.435.00. Inn á skatta þessa greiddi stefndi eftirfarandi greiðslur á eftirfarandi gjalddögum:

Kr. 25.435.00 hinn 31. desember 1945.
Kr. 50.000.00 hinn 6. marz 1946.
Kr. 50.000.00 hinn 9. apríl 1946.
Kr. 50.000.00 hinn 4. júní 1946,
eða samtals kr. 175.435.00.

Fyrstu 2 greiðslurnar voru af innheimtumanni ríkissjóðs teknar upp í tekjuskattinn og merkt við upphæðirnar með t við innfærslu í manntalsgjaldabók. Hinar greiðslurnar voru ekki auðkenndar í manntalsgjaldabók, en við uppfærslu eftirstöðva um áramót er tekjuskatturinn talinn greiddur, en eftirstöðvar stríðsgróðaskatts taldar nema kr. 50.000.00. Hinn 6. janúar 1950 var kyrrsetningargerð hafin hjá stefnda til tryggingar þeirri fjárhæð og tekið fram, að það væri eftirstöðvar stríðsgróðaskatts. Stefndi sneri sér þá til fjármálaráðuneytisins og fór fram á, að skatturinn yrði gefinn eftir vegna bágrar afkomu félagsins. Fjármálaráðuneytið samþykkti, að skatturinn yrði gefinn eftir, en bætti þó við eftirgjöfina því skilyrði, að bæjarsjóður Vestmannaeyja hreyfði ekki mótmælum. Framkvæmdastjóri hins stefnda félags, Guðlaugur Gíslason, leitaði þá til bæjarstjórans í Vestmannaeyjum eftir samþykki til niðurfellingar skattsins. Samþykkti bæjarstjórinn að mæla með eftirgjöf á skattinum, en þó með ákveðnum skilyrðum. Skrifaði þá framkvæmdarstjórinn undir þá yfirlýsingu og afhenti hana bæjarstjóranum. Yfirlýsingin var dagsett 19. febrúar 1950 og er svohljóðandi:

„Lýsum því hér með yfir, að við teljum, að meðmæli bæjarstjóra um eftirgjöf á eftirstöðvum af skatti félagsins fyrir árið 1945 nái ekki til hluta bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti félagsins og að félagið sé eftir sem áður skuldbundið til að standa bæjarsjóði skil á hans hluta af umræddum stríðsgróðaskatti, ef krafizt verður.

p.p. Sæfell h/f
Guðlaugur Gíslason."

Daginn eftir, hinn 20. febrúar 1950, gaf bæjarstjórinn út svohljóðandi yfirlýsingu:

„Að gefnu tilefni skal það fram tekið, að bæjarsjóður Vestmannaeyja mun ekki gera kröfu til ríkissjóðs um hluta af stríðsgróðaskatti frá 1945 að upphæð kr. 50.000.00 — fimmtíu þúsund krónum —, sem h/f Sæfell hefur farið fram á eftirgjöf á, ef af eftirgjöfinni verður."

Yfirlýsing þessi var afhent bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum og samkvæmt henni voru eftirstöðvar stríðsgróðaskattsins felldar niður. Jafnframt var kyrrsetningargerðin, sem áður er minnst á, felld niður.

Hinn 15. marz 1950 var haldinn fundur í fjárhagsnefnd Vestmannaeyjakaupstaðar. Skýrði þar bæjarstjóri frá því, að hann hefði fyrir tilmæli forstjóra hins stefnda félags mælt með því, að ríkissjóður gæfi eftir vangreiddan stríðsgróðaskatt félagsins frá 1945, enda missti bæjarsjóður ekkert af sínum hluta skattsins og lagði jafnframt fram ofangreindar yfirlýsingar. Fjárhagsnefnd lagði þá til, að h/f Sæfell yrði krafið um

hluta bæjarsjóðs af skattinum samkvæmt yfirlýsingum framkvæmdarstjórans.

Í samræmi við þessa ályktun fjárhagsnefndar var hið stefnda félag krafið um greiðslu á hluta bæjarsjóðs af eftirstöðvunum af stríðsgróðaskattinum eða um kr. 22.500.00 (45% af kr. 50.000.00). En hið stefnda félag greiddi ekki, og var því mál þetta höfðað.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi skorti aðild til þess að fara með mál þetta, þar eð ríkissjóður eigi að innheimta stríðsgróðaskattinn og greiða síðan viðkomandi bæjarfélagi hluta þess af skattinum. Ekkert hafi heldur komið fram, sem bendi til þess, að stefnandi hafi fengið umboð frá ríkissjóði til þess að höfða málið. Varakrafa hans er byggð á því, að tvær síðari innborganir hans inn á þinggjöldin 1945 hafi átt að ganga inn á stríðsgróðaskattinn, og hafi eftirstöðvar skattsins því ekki numið kr. 50.000.00, heldur kr. 26.280.00. Þrautavarakrafan er byggð á því, að innborganir hans, kr. 175.435.00, hafi átt að skiptast hlutfallslega milli stríðsgróðaskattsins og tekjuskattsins.

Í 2. gr. laga um stríðsgróðaskatt nr. 21 frá 20. maí 1942 segir svo:

„Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignaskattur og af sömu aðiljum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er álagður og innheimtur."

Af þessu ákvæði er ljóst, að ríkissjóði ber einum að innheimta stríðsgróðaskattinn og fara með aðild máls út af innheimtu hans og viðkomandi bæjarfélög eiga einungis rétt til að ríkissjóður standi þeim skil á vissum hluta af þeim skatti, sem innheimtur er, en eiga engan sjálfstæðan rétt á hendur skattgreiðendunum. Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi öðlast slíkan rétt með yfirlýsingu forstjóra hins stefnda félags, dags. 19. febrúar 1950 og áður er tilfærð. Telur stefnandi, að svo hafi verið, en stefndi heldur hinu gagnstæða fram. Yfirlýsing þessi er ekki alls kostar ljós. Segir þar, að félagið (þ. e. a. s. stefndi) „sé eftir sem áður" skuldbundið til að standa bæjarsjóði skil á hans hluta af umræddum stríðsgróðaskatti, ef krafizt verður. En eins og fyrr er getið, átti bæjarsjóður ekki að lögum sjálfstæða kröfu á hendur stefnda um skil á skattinum. Telur stefndi, að í yfirlýsingunni felizt aðeins það, að fari svo, að Vestmannaeyjabær vilji ekki falla frá sínum hluta skattsins, geti stefnandi snúið sér til ríkissjóðs og krafizt þess, að hann innheimti skattinn, en alls ekki, að bærinn geti sjálfur innheimt skattinn með lögsókn á hendur stefnda. Þessi skilningur virðist geta staðist samkvæmt orðalagi yfirlýsingarinnar, og þykir því rétt að ganga út frá, að yfirlýsingin heimili stefnanda ekki sjálfstæða lögsókn á hendur stefnda. Í þessu sambandi þykir einnig bera að hafa í huga, að eftirgjöf ríkissjóðs á skattinum mun hafa verið því skilyrði bundin, að bæjarsjóður gæfi einnig eftir tilkall sitt til skattsins og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, er hann var beðinn að mæla með eftirgjöfinni. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:
Stefndu, Ástþór Matthíasson, Guðlaugur Gíslason, Tómas M. Guðjónsson, Sighvatur Bjarnason og Jónas Jónsson f. h. Sæfells h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Jóns Hjaltasonar f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja, í máli þessu.
Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 10. marz 1953.

Kærumálið nr. 3/1953.

Ingólfur Ketilsson
gegn
Guðfinnu Pétursdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá uppboðsrétti. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. f. m., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsréttar Reykjavíkur 2. s. m., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaðilja var vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málið dæmt að efni til og varnaraðilja gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja,

Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Með úrskurði uppboðsréttar Reykjavíkur 27. maí 1950 var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að slitið yrði með opinberu uppboði sameign hans og varnaraðilja á húseigninni nr. 92 við Hringbraut, með því að unnt væri að skipta húsinu afnotaskiptum milli málsaðilja án verulegs kostnaðar. Úrskurður þessi stendur enn óhaggaður. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, reisir sóknaraðili ekki kröfu sína fyrir uppboðsréttinum á því, að ástæður hafi breytzt, að því er þetta atriði varðar, frá því að nefndur úrskurður var uppkveðinn. Með þessum forsendum er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1953.

Með beiðni, dags. 6. júní síðastliðinn, krafðist uppboðsbeiðandi í máli þessu, Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 92, hér í bænum, þess, að opinbert uppboð færi fram á húseigninni nr. 92 við Hringbraut, hér í bæ, sem hann eigi í sameign með Guðfinnu Pétursdóttur, er einnig býr í sama húsi.

Uppboðshaldari tilkynnti Guðfinnu Pétursdóttur þegar, að uppboðsbeiðni þessi væri fram komin, og áður en til auglýsingar kom, mótmælti hún framkvæmd uppboðsins og var ákveðið að taka atriðið til úrskurðar, áður en uppboðsauglýsing væri birt. Þann 16. júlí 1952 var mál þetta því næst tekið fyrir, og lagði uppboðsbeiðandi þá fram uppboðsbeiðni ásamt greinargerð. Þann 5. ágúst sama ár lagði varnaraðili fram greinargerð af sinni hálfu, þar sem hún krefst þess, að máli þessu verði vísað frá uppboðsréttinum ex officio eða eftir kröfu sinni, þar sem mál út af sama efni hafi áður verið rekið fyrir uppboðsréttinum og úrskurðað þar 27. maí 1950. Að vísu hafi úrskurði þessum verið áfrýjað til Hæstaréttar, en málinu hafi verið vísað þar frá og standi því ákvæði úrskurðar uppboðsréttarins óröskuð sem endanlegt dómsorð um málefnið.

Ekki þótti fært að taka þegar til úrskurðar frávísunarkröfuna, og var því, eftir að árangurslaust hafði verið leitað um sættir í málinu, aðiljum veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar og að munnlegum málflutningi um frávísunarkröfuna loknum, var atriðið tekið til úrskurðar 23. f. m.

Hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Í máli þessu hafa verið lagðar fram dómsgerðir í fyrra málinu milli sömu aðilja svo og viðbótarágrip af vitnaleiðslum, sem fram hafa farið í bæjarþingi Reykjavíkur, eftir að áminnztur úrskurður uppboðsréttar

Reykjavíkur var kveðinn upp, og hafði þessa verið aflað til notkunar í hæstaréttarmálinu.

Eins og fram kemur í framlögðum dómsgerðum, ritaði Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 92, hér í bænum, uppboðshaldaranum í Reykjavík bréf, dags. 23. ágúst 1949, þar sem hann krafðist þess, að húseignin nr. 92 við Hringbraut, hér í bæ, sem hann ætti í sameign með Guðfinnu Pétursdóttur, sama stað, yrði seld á opinberu uppboði til slita á sameign þeirra, og er ástæðan sú ein færð fram í beiðninni, að ágreiningur hafi risið milli aðilja um ráðstöfun eignarinnar, án þess að þar komi fram, í hverju sá ágreiningur sé fólginn.

Eftir að uppboðshaldara hafði borizt þetta bréf, tilkynnti hann Guðfinnu Pétursdóttur, að fram væri komin frá Ingólfi Ketilssyni beiðni um sölu á húseigninni Hringbraut 92, hér í bænum, til slita á sameigninni. Var henni jafnframt tilkynnt, hvenær auglýsing um uppboðið yrði send í Lögbirtingablaðið til birtingar og hvenær uppboðið færi fram, og var farið í því efni eftir lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 25. maí 1949, enda verður að fara um uppboð þessi, þar sem ágreiningur rís, eftir lögum um nauðungaruppboð.

Þessari tilkynningu skeytti varnaraðili ekki, en er uppboðið var tekið fyrir á eigninni sjálfri 7. nóvember 1949, lét hún mæta og mótmæla uppboðinu og var þá frestur veittur til greinargerðar og gagnaöflunar. Í greinargerð sinni í því máli kveður uppboðsbeiðandi, að munnlegt samkomulag hafi orðið milli aðilja, er þeir eignuðust húsið, þess efnis, að hann hefði afnot neðri hæðar hússins og eins herbergis í kjallara, en Guðfinna Pétursdóttir hefði afnot efri hæðarinnar og fengi leigu eftir kjallaraherbergið, en þó skyldu aðiljar hafa á efri hæðinni sameiginleg afnot af baði og salerni og auk þess sameiginleg afnot af þvottahúsi í kjallara og geymslum, göngum og stigum. Taldi uppboðsbeiðandi ,að sameiginlegu afnotin hefðu í fyrstu farið friðsamlega fram, en er frá leið, hafi sambúðin farið að versna og hafi það verið baðið og salernið, sem sérstaklega hefði valdið ágreiningi.

Ekki þótti rétt að kveða upp úrskurð í máli þessu, fyrr en leitað hefði verið álits dómkvaddra manna um það, hvort hægt væri að skipta eigninni milli aðilja, þannig að útiloka mætti hin sameiginlegu afnot, sem aðallega höfðu valdið ágreiningi á milli þeirra. Að fengnu áliti hinna dómkvöddu manna, var kveðinn upp úrskurður, eins og áður segir, þann 27. maí 1950, og varð niðurstaðan sú, að neitað var um uppboðið. Í forsendum fyrir úrskurði þessum er neitun uppboðsins byggð á því, að samkvæmt skoðunargerð dómkvaddra manna sé hægt án verulegs kostnaðar að breyta húsinu þannig, að komizt verði hjá sameiginlegum afnotum af efri hæð hússins, sem ætla mátti að mestum árekstrum gæti valdið í sameigninni.

Ágreiningur sá, sem nú er uppi milli aðilja, er um sameiginleg afnot þeirra af efri hæðinni, enda segir svo í uppboðsbeiðninni, að aðalágreiningsefnið sé um afnot af svölum, baði og salerni, sem aðiljar eigi óskipt á efri hæð hússins.

Verður ekki talið, að hér sé um nýtt mál eða nýjar málsástæður að ræða, heldur endurtekning á því, sem áður er úrskurðað, og þykir því verða að vísa máli þessu frá uppboðsréttinum ex officio.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að uppboðsbeiðandi greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast frá uppboðsréttinum.

Uppboðsbeiðandi, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja, Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. marz 1953.

Nr. 116/1952. **Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Vagni E. Jónssyni (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka úr vörzlum stefnda kr. 48089.09. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti.

Þegar stefndi var krafinn greiðslu á fjárhæð þeirri, sem hann hafði í sínum vörzlum og í málinu greinir, vissi hann, að lánardrottnar Baldvins Kristinssonar áttu háar fjárkröfur á hendur honum og bjuggust til að leita fullnægju í nefndri dómsfjárhæð. Eins og högum Baldvins var háttað, hafði

stefndi ástæðu til að ætla, að lánardrottnar Baldvins myndu krefjast gjaldþrotaskipta á búi hans, eins og raun varð og á, og að lánardrottnarnir mundu þá freista þess að rifta framsalsgerningi Baldvins Kristinssonar 2. október 1951. Að svo vöxnu máli og þar sem óséð er, hvort gerningi þessum kann að verða rift, verður að telja, að stefnda sé rétt að synja um afhendingu nefndrar fjárhæðar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar, greiði stefnda, Vagni E. Jónssyni, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 27. júní 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 24. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Haraldur Júlíusson kaupmaður, Sauðárkróki f. h. Björns Hauks Baldvinssonar, Húsey í Seyluhreppi, krafizt þess, að honum verði með beinni fógetagerð afhentir peningar, sem nefndur Björn eigi í vörzlu Vagns E. Jónssonar hdl., er nemi samkvæmt dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. 1951, kr. 48.846.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7000.00 í málskostnað, en að frádregnum lögmætum kostnaði vegna hæstaréttarmálsins.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. s.l., fékk Baldvin Kristinsson, faðir Björns Hauks, tildæmdar kr. 48.846.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7000.00 í málskostnað úr hendi ríkissjóðs, en nokkru áður en dómur þessi féll, hafði hann framselt nefndum syni sínum, sem er ófjárráða, kröfu þessa til fullrar eignar, og er það tekið fram í framsalsbréfinu, að um greiðslu sé að ræða upp í arf eftir móður hans, Steinunni Björnsdóttur, sem talið er að hafi látizt 30. sept. 1941.

Eftir að nefndur hæstaréttardómur féll, fóru nokkrir skuldheimtumenn Baldvins Kristinssonar fram á, að gert yrði fjárnám í þessu sama fé. Meðal þeirra voru Sparisjóður Siglufjarðar, Sveinn Egilsson h/f og Ræsir h/f. Lyktir þessara mála voru þær, að fógeti synjaði um fjárnám

með úrskurðum uppkveðnum 28. jan. s.l., og var þessi niðurstaða byggð á því, að nefndur Baldvin væri ekki vegna framsalsins formlegur eigandi fjárins. Sparisjóður Siglufjarðar mun hafa áfrýjað úrskurði þeim, er hann varðaði, en ekki er enn fallinn dómur í því máli.

Í fjárnámsmálum þessum var því haldið fram, að framsal Baldvins til sonar síns væri ólöglegt gagnvart skuldheimtumönnum hans og skapaði því engan rétt til fjárins.

Sama dag og mál þetta var tekið til úrskurðar var bú Baldvins Kristinssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, og er þessi úrskurður byggður á árangurslausri löghaldsgerð, sem fór fram á heimili hans, Fífuhvammsvegi 5 í Kópavogshreppi 5. marz s.l.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að fyrir liggi löglegt framsal á hinu umdeilda fé, sem veiti honum fulla heimild til að fá það í sínar vörzlur.

Gerðarþoli, sem við flutning málsins lýsti því yfir, að féð væri sérgreint í sínum vörzlum, telur hins vegar ekki fært að afhenda það gerðarbeiðanda, þar sem ekki sé ljóst, hver eigi löglegt tilkall til þess.

Af framansögðu er ljóst, að það er mjög umdeilt, hvort gerðarbeiðandi á rétt á að fá umrætt fé í sínar vörzlur og með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu, einkum um fjárhagsástæður framseljanda þess, Baldvins Kristinssonar, verður ekki talið, að efni standi til þess, að gerðarbeiðanda séu fengnar vörzlur þess í hendur með beinni fógetagerð.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 13. marz 1953.

Nr. 177/1951. **Eigendur og skipshöfn v/b Gunnars Hámundarsonar, G.K. 357,** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Th. B. Líndal f. h. eigenda b/v York City
(Theódór B. Líndal)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna árekstra skipa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. desember 1951. Þeir gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt að bæta þeim að fullu tjón þeirra af árekstri þeim, sem lýst er í héraðsdómi.

Varakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt að bæta tjónið að hluta eftir mati Hæstaréttar.

Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. desember 1951. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjendum umrætt tjón að ¼ hluta.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjanda, Th. B. Líndal f. h. eiganda b/v York City, er skylt að bæta aðaláfrýjendum, eigendum og skipshöfn v/b Gunnars Hámundarsonar, G.K. 357, framangreint tjón að ¼ hluta.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. desember 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Halldór Þorsteinsson bóndi, Vörum í Garði, eigandi v/b Gunnars Hámundarsonar, G.K. 357, höfðað fyrir sína hönd og skipverja á bátnum fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 25. okt. f. á. gegn eigendum og vátryggjendum b/v York City frá Grimsby til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 609.518.90 auk 6% ársvaxta frá 21. ágúst f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í b/v York City til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur hinum stefndu vátryggjendum, nema um réttargæzlu, og þeir hafa engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Eftir ósk lögmanna aðilja og með samþykki dómsins var málinu skipt, og hefur það nú verið flutt eingöngu um fébótaábyrgð stefndu.

Hefur stefnandi krafizt þess í þessum þætti málsins, að stefndu verði dæmdir skyldir til að bæta að fullu það tjón, sem af því hlauzt, að v/b Gunnar Hámundarson sökk hinn 21. ágúst 1950. Til vara krafðist hann þess, að stefndu yrðu dæmdir bótaskyldir að hluta eftir mati dómsins. Þá krafðist hann málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins í þessum þætti málins. *Til vara* hafa þeir krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir skyldir til að bæta áðurgreint tjón að hluta eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 21. ágúst f. á. kl. 9.50 eftir brezkum sumartíma var b/v York City staddur þvert af Reykjanesi á leið frá Grimsby til fiskiveiða við vesturströnd Íslands. Stefnu var þá breytt í norður og síðan siglt í þá stefnu með fullri ferð (10 sjómílum miðað við klukkustund), þar til atburður sá gerðist, er síðar verður greint frá. Skipstjóri var á stjórnpalli ásamt háseta, sem stýrði. Aðrir skipverjar togarans voru ekki ofan þilja. Veður var kyrrt og bjart. Eftir nokkra siglingu tóku skipstjórinn og hásetinn eftir vélbát, er nálgaðist skipið úr vestlægri átt. Kveðst hásetinn hafa veitt bátnum athygli að minnsta kosti hálfa klukkustund áður en áðurgreindur árekstur varð. Skipstjóri togarans og háseti segja báðir, að vélbáturinn hafi fyrst beygt snöggvast til bakborða og síðan aftur til stjórnborða á siglingu sinni. Gizkar skipstjórinn á, að báturinn hafi, er hann beygði til bakborða, verið í um 200 feta fjarlægð frá togaranum og um tvær bátslengdir út frá bógi hans, þegar hann beygði aftur til stjórnborða. Þegar skipstjórinn kveðst hafa séð vélbátinn snúa til stjórnborða, lét hann leggja stýri togarans hart í bakborða í því skyni að forða

árekstri, en það kom fyrir ekki. Togarinn lenti með stefnið á bátnum, er reyndist vera v/b Gunnar Hámundarson, G.K. 357, stjórnborðsmegin rétt aftan við stýrishúsið, að því er skipstjóri og háseti togarans halda fram, og kveðst skipstjórinn hafa séð, að stjórnborðshlutinn af hekkinu hafi sniðizt af við áreksturinn. Er þetta gerðist, var klukkan 11.08 eftir brezkum sumartíma. Þegar árekstur var orðinn, lét skipstjórinn vél togarans taka aftur á með fullri ferð. Ekkert hljóðmerki var gefið frá togaranum.

Í umrætt skipti hafði v/b Gunnar Hámundarson verið að síldveiðum með reknetum. Var bátnum siglt af stað til lands af miðunum um kl. 8.40 eftir íslenzkum tíma. Á fyrri hluta 10. tímans tók stýrimaður við stjórn bátsins af skipstjóra, sem fór undir þiljur. Kveðst stýrimaðurinn hafa eftir fyrirmælum skipstjórans siglt upp undir landið í stefnu A að S, en þegar hann hafi fengið landsýn, hafi hann séð, að sú stefna vísaði til Sandgerðis. Hann hafi því breytt stefnunni í austur til að ná fyrir Garðskaga, að öðru leyti hafi hann ekkert breytt um stefnu á leiðinni. Þessa stefnubreytingu hafi hann gert um 5—10 mínútum áður en árekstur-inn varð, og hefur skipstjóri bátsins borið, að stýrimaðurinn hafi tjáð honum, að stefnubreytingin hafi verið eitt strik til austurs. Bátnum var siglt með venjulegri ferð, um 8 sjómílum, miðað við klukkustund. Stýrimaðurinn var einn uppi á bátnum, er árekstur-inn varð, en um 5—10 mínútum áður höfðu vélstjóri og matsveinn bátsins farið niður og eftir það var stýrimaðurinn einn uppi og í stýrishúsi. Höfðu skipverjar þessir ekki orðið varir við skipaferðir framundan eða til hliðar við bátinn, er þeir fóru niður. Enginn gluggi var á stýrishúsi vélbátsins að aftan, en gluggar voru á því til beggja hliða og að framan. Kveðst stýrimaðurinn hafa staðið við hornglugga stýrishússins stjórnborðsmegin, er hafi verið opinn, og haft ágætt útsýni fram og til suðurs, en ekki hafi hann séð togarann og ekki orðið hans var fyrr en um leið og árekstur-inn varð. Skipstjóri og vélstjóri bátsins, sem báðir voru í káetu aftur í skipinu, segja, að eftir árekstur-inn hafi sjór farið inn í hana um afturþil. Við árekstur-inn laskaðist báturinn svo mjög, að hann sökk á 1½—2 mínútum og var engu af munum bjargað úr honum. Lentu skipverjar allir, 7 að tölu, í sjóinn. Bjargaði togarinn 5 þeirra, en v/b Ingólfur, er var að koma úr róðri um 20 mínútna siglingu á eftir vélbátnum, hinum tveimur.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að skipstjórnarmenn togarans hafi átt alla eða a. m. k. meginsök á árekstrinum. Heldur hann því fram, að togarinn hafi siglt vélbátinn uppi og aftan á hann aðeins til stjórnborða. Bendir hann þessari staðhæfingu til stuðnings á framburð skipstjóra og vélstjóra bátsins um það, hvar sjór hafi streymt inn í bátinn svo og það, að stýrimaðurinn hafi ekki séð togarann, en það hefði hann hlotið að gera, ef togarinn hefði komið frá hlið.

Stefndu reisa hins vegar kröfur sínar á því, að skipstjórnarmenn vélbátsins hafi átt alla eða a. m. k. meginsök á slysinu. Mótmæla þeir því, að togarinn hafi komið á eftir vélbátnum og siglt aftan á hann. Halda þeir því fram, að stefnur og afstaða skipanna hafi verið þannig, að vélbátnum

hafi borið að víkja. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi verið reynt að sigla bátnum fyrir framan togarann og hafi því farið sem fór.

Leggja verður frásögn skipstjórnarmanns hvors skips um sig til grundvallar um siglingu (stefnu og ferð) skipanna. Samkvæmt því er ljóst, að skipin nálguðust hvort annað á stefnum, sem voru hér um bil þvert hvor á aðra. Eftir 19. gr. hinna alþjóðlegu siglingareglna nr. 8 frá 1933 bar v/b Gunnari Hámundarsyni, sem hafði b/v York City á stjórnborða, að víkja úr leið. Þetta gerði vélbáturinn ekki, heldur var honum siglt með fullri ferð yfir leið togarans fyrir framan hann. Var þessi háttsemi brot á ákvæðum 19. gr., 22. gr. og 23. gr. greindra sjóferðareglna. Að sögn skipstjórnarmanns bátsins sá hann ekki togarann eða varð hans var fyrr en um leið og árekstur inn varð, en áður hefur verið frá því greint, að árekstur inn varð um bjartan dag í góðu skyggni og ekkert hefur komið fram, er bent geti til þess, að nokkuð hafi skyggt á togarann frá vélbátnum séð. Vantaði því verulega á, að skipstjórnarmaður vélbátsins sýndi þá athygli og aðgæzlu, sem honum bar, sbr. 29. gr. sjóferðareglnanna. Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að hann hafi átt meginsök á slysinu.

Svo sem áður er sagt, sá skipstjórnarmaður togarans til ferða vélbátsins nokkru áður en árekstur inn varð og hélt hann þá stefnu skips síns og ferð, eins og honum bar, sbr. 21. gr. nefndra sjóferðareglna. Hins vegar hófst hann ekki handa um að reyna að forða árekstri, fyrr en aðeins um tvær bátslengdir voru orðnar milli skipanna, en fyrr mátti honum vera ljóst, að sigling vélbátsins var athugaverð. Beygði hann þá til bakborða, en hélt hraða skipsins óbreyttum, enda þótt ef til vill hefði verið vænlegra til árangurs að láta vél skipsins taka á fulla ferð aftur á. Verður því að telja, að skipstjórnarmaður togarans hafi ekki gætt að fullu þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska og hin sérstöku atvik kröfðust, sbr. 29. gr. sjóferðareglnanna, og megi að nokkru leyti rekja til þessarar vangæzlu hans, hvernig fór. Þá gaf hann ekki hljóðmerki, sbr. 28. gr. sjóferðareglnanna, er hann veik skipi sínu til bakborða.

Þegar metin er sök skipstjórnarmanna hvors skips um sig, þykir hæfilegt, að stefndu beri ábyrgð á að ½ hluta á tjóni stefnanda, er af því hlauzt, að oftnefndur vélbátur sökk.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað í þessum þætti málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, eigendur b/v York City, bera gagnvart stefnanda, Halldóri Þorsteinssyni og skipverjum v/b Gunnars Hámundarsonar, G.K. 357, ábyrgð á ½ hluta af tjóni því, er af því hlauzt, að nefndur vélbátur sökk hinn 21. ágúst 1950.

Stefndu greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marz 1953.

Nr. 123/1951. **Gunnar Guðmundsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Sýkna af skaðabótakröfu vegna bifreiðaáreksturs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4553.01, en til vara lægri fjárhæð ásamt 5% ársvöxtum frá 30. september 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Gunnar Guðmundsson, skála nr. 13 við Háteigsveg, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. september 1950, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h.

bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaáreksturs að fjárhæð kr. 4553.01 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 10. október 1949 um kl. 18.10 varð árekstur milli bifreiðanna R 3867, sem er fólksflutningabifreið, eign stefnanda, og slökkviliðsbifreiðar nr. 3, eign stefnda, á mótum Hverfisgötu og Rauðarárstígs, hér í bæ. Við áreksturinn urðu nokkrar skemmdir á bifreiðunum og tveir menn, er stóðu aftan á slökkviliðsbifreiðinni, hlutu nokkur meiðsli.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann ekið austur Hverfisgötu með um 15 til 20 mílna (24—32 km) hraða miðað við klukkustund og á vinstra helmingi götunnar. Hann hafi ekki heyrt nein hljóðmerki, er gæfu til kynna, að slökkviliðsbifreiðar væru í nánd og ekið rakleitt inn á mót Hverfisgötu og Rauðarárstígs. Er hann kom þangað, hafi hann séð til slökkviliðsbifreiðar, er hafi verið ekið suður Rauðarárstíg og inn á gatnamótin. Kveðst stefnandi þá hafa hemlað samstundis og sveigt til hægri handar. Rétt í sömu andrá hafi áreksturinn orðið og hafi vinstra framhorn R 3867 lent í hægri hlið slökkviliðsbifreiðarinnar aftarlega. Við áreksturinn kveðst stefnandi hafa misst stjórn á bifreið sinni, hún runnið áfram og staðnæmzt inni á Rauðarárstíg sunnan Hverfisgötu og sneri framendi hennar þá í suður.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar eigi alla sök á árekstri þessum. Hverfisgata sé aðalbraut og njóti því umferð um hana þess forréttar, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá götum, sem að henni liggja, beri skilyrðislaust að víkja. Þessa hafi ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar ekki gætt, heldur ekið inn á aðalbrautina í veg fyrir R 3867. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að ákvæði 3. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur haggi ekki skyldu slökkviliðsbifreiða til að virða reglur umferðalaganna um forrétt umferðar á aðalbrautum.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi einn sök á árekstri þessum. Hann hafi ekið óhæfilega hratt í umrætt sinn. Þá hafi hann ekið inn á gatnamótin, þótt hann hljóti að hafa heyrt áður hljóðmerki slökkviliðsbifreiðarinnar, en ekki stöðvað bifreiðina, meðan slökkviliðsbifreiðinni var ekið framhjá, svo sem honum hafi borið ótvírætt skylda til.

Ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar nr. 3 hefur skýrt svo frá atvikum, að umræddan dag hafi hann ekið bifreið þessari að Hátúni 1, hér í bæ, til að sinna brunakvaðningu þaðan. Hafi farið þangað tvær slökkviliðsbifreiðar. Er komið hafi verið þangað, hafi verið búið að slökkva eldinn, en samtímis hafi komið tilkynning um, að kviknað væri í húsinu nr. 43 við Barmahlíð og hafi hinni bifreiðinni strax verið haldið þangað. Eftir skamma viðdvöl á Hátúni 1 kveðst ökumaðurinn hafa haldið af stað áleiðis að hinum brunastaðnum. Hafi hann ekið upp á Skúlagötu og

suður Rauðarárstíg. Hljóðhorn bifreiðarinnar hafi verið sífellt í gangi og gefið hafi verið rautt ljósmerki, svo sem venja sé. Hreyfill bifreiðarinnar hafi verið í öðru ganghraðastigi inn á Rauðarárstíginn, en þar hafi hann skipt í þriðja ganghraðastig. Hann hafi ekið á vinstra vegarhelmingi. Er hann hafi verið kominn inn á gatnamót Rauðarárstígs og Hverfisgötu, hafi hann séð til ferða R 3867, er hafi verið ekið austur Hverfisgötu á allmiklum hraða, en hafi ekki verið komin inn á gatnamótin. Kveðst ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar þá hafa aukið hraðann og sveigt til vinstri. Er hann hafi verið kominn inn á suðurhelming Hverfisgötu, hafi R 3867 rekizt aftarlega á slökkviliðsbifreiðina hægra megin. Hafi höggið verið það mikið, að bifreiðin hafi lyftzt upp að aftan og kastast til vinstri. Hann hafi óttast, að bifreiðin ylti og því ekki hemlað strax og hafi hún runnið nokkuð áfram. Telur ökumaðurinn, að árekstrarhöggið hafi lent aftan til á afturhjóli slökkviliðsbifreiðarinnar. Maður, sem sat við hlið ökumannsins í slökkviliðsbifreiðinni, hefur skýrt svo frá, að hraði þeirrar bifreiðar hafi ekki verið mikill. Hann kveðst hafa séð til ferða R 3867, er slökkviliðsbifreiðin kom að mótum Rauðarárstígs og Hverfisgötu, og þá hafa talið hana það langt í burtu, að engin hætta gæti verið á árekstri. Síðan kveðst maður þessi hafa litið af R 3867 og rétt síðar hafi áreksturinn orðið. Áreksturinn hafi verið það harður, að hann kveður slökkviliðsbifreiðina hafa lyftzt upp, og sig hafa óttast, að hún myndi velta. Maður þessi hefur fullyrt, að gefið hafi verið sífellt hljóðmerki á slökkviliðsbifreiðinni.

Aftan á slökkviliðsbifreiðinni stóðu fjórir menn. Tveir þeirra urðu ekki varir við ferðir R 3867 fyrir áreksturinn, en hafa talið, að slökkviliðsbifeiðinni hafi ekki verið ekið hratt. Annar þessara manna hefur fullyrt fyrir dómi, að á slökkviliðsbifreiðinni hafi stöðugt verið gefið hljóðmerki. Þriðji maðurinn, sem stóð aftan á slökkviliðsbifreiðinni, hefur talið, að R 3867 hafi verið ekið austur Hverfisgötu á greiðri ferð og hafi verið ekið inn á gatnamótin, án þess að draga úr hraðanum. Maður þessi telur, að bifreiðarnar hafi komið álíka snemma að gatnamótunum, slökkviliðsbifreiðin þó e. t. v. aðeins á undan. Áreksturinn hafi orðið sem næst miðjum gatnamótunum. Fjórði maðurinn, sem stóð aftan á slökkviliðsbifreiðinni í umrætt skipti, hefur talið, að henni hafi ekki verið ekið hratt, en ekki verið dregið úr hraðanum við gatnamótin. Maður þessi kveðst hafa séð til ferða R 3867 og hafi henni verið ekið allhratt og ekkert dregið úr hraða hennar, er inn á gatnamótin kom. Hraði hennar hafi heldur verið aukinn á síðustu metrunum, áður en áreksturinn varð og sér hafi virzt, sem ökumaður bifreiðarinnar hafi misst vald á henni. Vitni þetta hefur talið, að stöðugt hafi verið gefin hljóðmerki á slökkviliðsbifreiðinni.

Maður einn, er stóð nálægt árekstrarstaðnum, hefur talið, að slökkviliðsbifreiðinni hafi verið ekið hratt og ekkert hafi verið dregið úr hraða hennar á gatnamótunum. Hljóðmerki hafi hins vegar stöðugt verið gefið. Á sömu lund er framburður manns, er sá árekstur þennan út um glugga á húsi einu þarna hjá, og einnig manns, er þarna var á gangi.

Bifreiðarstjóri einn, sem var á leið austur Hverfisgötu í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að hann hafi stöðvað bifreið sína rétt vestan við gatnamótin til að hleypa út fólki. Áður en hann héldi af stað aftur, hafi hann heyrt hljóðmerki slökkviliðsbifreiðar og þar sem ekki hafi verið ljóst, hvaðan þau komu, hafi hann beðið til að sjá til ferða slökkviliðsbifreiðarinnar. R 3867 muni hafa verið ekið á eftir sér og áfram meðan á þessu stóð, án þess að hann veitti henni athygli. Hann hafi séð báðar bifreiðarnar samtímis og hafi þær þá verið á miðjum gatnamótum og árekstur óumflýjanlegur. Það hafi verið fullt eins mikill hraði á R 3867 og slökkviliðsbifreiðinni. Í því að árekstur inn varð, hafi slökkviliðsbifreiðin beygt til vinstri, en R 3867 til hægri.

Lögreglumenn komu fljótlega á staðinn og gerðu uppdrátt af staðháttum.

Mál var höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn stefnanda vegna þessa slyss. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 27. apríl 1950, var stefnandi talinn með akstri sínum í umrætt sinn hafa brotið gegn ákvæðum 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, ákvæðum 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaganna nr. 24 frá 1941 og ákvæðum 3 mgr. 28. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað aðstæður allar.

Þegar gætt er, hve harður árekstur inn varð svo og virtar vitnaskýrslur þær, er að framan greinir, er ljóst, að hraði R 3867 hefur verið óforsvaranlegur. Þá verður ekki séð, að stefnandi hafi gert neitt til að draga úr hraðanum, eftir að hann viðurkennir að hafa orðið slökkviliðsbifreiðarinnar var.

Svo sem að framan getur, er Hverfisgatan aðalbraut og nýtur því umferð um hana þess forréttar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. umferðalaganna, að umferð bifreiða frá götum, er að henni liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð um hana og staðnæmast, áður en inn á hana er sveigt, ef þörf krefur. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. umferðalaganna er það lagt í vald lögreglustjóra, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitastjórna, að ákveða hverjar götur skuli vera aðalbrautir. Í 4. mgr. 1. gr. bifreiðalaganna eru nokkrir flokkar bifreiða, þar á meðal slökkviliðsbifreiðar, undanþegnar ákvæðum laganna um hámarkshraða, enda noti þær ákveðin einkenni eða merki. Í 1. mgr. 15. gr. umferðalaganna er svo ákveðið, að í kaupstöðum og kauptúnum megi í lögreglusamþykktum setja sérreglur um umferð. Þá er svo ákveðið í lögreglusamþykktinni fyrir Reykjavík nr. 2 frá 1930, 3. mgr. 28. gr., að allir vegfarendur skulu samstundis víkja úr vegi fyrir bifreiðum slökkviliðs, sjúkrabifreiðum og bifreiðum lögreglunnar, enda gefi þær auðþekkt hljóðmerki. Telja verður, að ákvæði 3. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktarinnar eigi stoð í heimild þeirri, sem um ræðir í 2. mgr. 15. gr. umferðalaganna, og séu þau ákvæði því gild. Taka þau jafnt til aðalbrauta sem annarra gatna.

Í málinu er sannað, að umrædd slökkviliðsbifreið nr. 3 gaf stöðugt sérstakt auðþekkt hljóðmerki, er einungis fyrrgreindar bifreiðar nota hér. Hljóðmerki þetta átti stefnandi að geta heyrt nokkru áður en hann kom

að gatnamótunum. Þá er ljóst af aðstæðum öllum, að stefnandi hefur haft svigrúm til að stöðva bifreið sína eða draga mjög úr hraða hennar á vegalengd þeirri, er hann fór, frá því að slökkviliðsbifreiðin kom í augsýn hans og þar til árekstur inn varð. Þá sveigði hann til hægri rétt fyrir áreksturinn og má telja það hafa meðal annars valdið, hvernig fór.

Þegar allt þetta er virt, þykir verða að telja stefnanda eiga einan sök á árekstri þessum, enda verður ekki talið, að ökumaður slökkviliðsbifreiðarinnar eigi neina sök á, eins og á stóð, hvernig fór. Á hann því ekki rétt á bótum úr hendi stefnda vegna tjóns þess, er hann beið við árekstur þennan. Verður því sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. marz 1953.

Nr. 173/1951. **Friðbjörn Jósafatsson** (Theódór B. Líndal)
gegn
Hauki Kristjánssyni (Egill Sigurgeirsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1951. Hann krefst þess, að fjárhæð sú, sem héraðsdómari dæmdi honum að greiða gagnáfrýjanda, verði lækkuð, að hvor aðilja um sig beri málskostnað sinn í héraði, en að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. ágúst 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2249.11 ásamt

6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt atvikum málsins,sem rakin eru í héraðsdómi, þykir rétt, að aðaláfrýjandi beri ¾ og gagnáfrýjandi ¼ hluta tjóns þess, er í málinu greinir.

Kröfu gagnáfrýjanda um bætur fyrir missi afnota af bifreið hans þykir í hóf stillt, og verður hún því tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda ¾ af kr. 2249.11 ÷ ¼ af kr. 376.40 eða kr. 1592.73 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Friðbjörn Jósafatsson, greiði gagnáfrýjanda, Hauki Kristjánssyni, kr. 1592.73 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1950 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. okt. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Haukur Kristjánsson læknir, Vífilsgötu 7, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. nóv. f. á., gegn Friðbirni Jósafatssyni, Hofteigi 16, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.249.11 með 6% ársvöxtum frá 6. júlí f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans. Einnig hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur því. Stefndi hefur krafizt, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð að mati dómarans og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi málskostnaðarkröfu sinni þannig, að hann krafðist þess, að málskostnaður félli niður.

Með gagnstefnu, útgefinni 1. marz þ. á. höfðaði stefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 376.40. Hefur gagnstefnandi krafizt þess, að þeirri fjárhæð verði skuldajafnað við þá bótakröfu, sem aðalstefnandi kunni að verða talinn eiga á hendur honum, að því leyti sem þörf sé á.

Í gagnsökinni hefur aðalstefnandi gert þær dómkröfur, að hann verði

sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að laust fyrir kl. 20.00 þann 6. júlí f. á. ók aðalstefnandi bifreið sinni, R 2293, suður Gunnarsbraut. Er hann nálgaðist gatnamót Gunnarsbrautar og Kjartansgötu, ók gagnstefnandi bifreið sinni, R 1671, vestur Kjartansgötu og sveigði inn á Gunnarsbraut og rakst bifreið hans á hlið R 2293. Er árekstursstaðurinn samkvæmt uppdrætti lögreglunnar, sem lagður hefur verið fram í málinu og báðir málsaðiljar hafa viðurkennt réttan, lítið eitt inn á hægra vegarhelmingi Gunnarsbrautar, á móts við framenda bifreiðarinnar R 5946, sem stóð á austanverðri götunni, að hálfu leyti á gangstéttinni um það bil eina bifreiðarlengd frá götuhorninu og sneri í suður. Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá nánari atvikum að árekstrinum, að hann hafi ekið á vinstri helmingi Gunnarsbrautar með 15—20 km hraða miðað við klst. Er hann átti ófarna um það bil eina bifreiðarlengd að R 5946, hafi hann séð til ferða R 1671. Hafi hún ekki ekið á mjög miklum hraða. Er aðalstefnandi sá til bifreiðarinnar, kveðst hann hafa vikið lítið eitt til hægri, til að forða árekstri, en jafnframt hafa hemlað, en þó ekki beitt hemlunum til fulls þegar í stað. Telur aðalstefnandi, að hann hafi verið búinn að stöðva bifreið sína, þegar áreksturinn varð. Framvari R 1671 lenti á hlið R 2293 nokkuð skáhallt og kastaðist síðastnefnda bifreiðin til að aftan um allt að því meter.

Gagnstefnandi stýrir svo frá, að hann hafi hleypt farþegum úr bifreið sinni vinstra megin á Kjartansgötu skammt frá gatnamótunum. Hafi hann síðan ætlað að aka norður Gunnarsbraut. Þar sem hann hafi verið svo stutt frá gatnamótunum, hafi sér ekki unnizt tími til að sveigja yfir á vinstri vegarhelming og því ekið fyrir hornið á hægri vegarhelmingi með um það bil 10 km hraða, miðað við klst. Er hann hafði verið að mestu leyti búinn að beygja inn á Gunnarsbraut, hafi hann veitt ferðum R 2293 athygli. Hafi hún verið á miðri akbrautinni á móts við R 5946 og verið að sveigja til hægri. Hafi bifreið aðalstefnanda verið í 2—3 m fjarlægð frá bifreið hans, er hann kom fyrst auga á hana. Gagnstefnandi hemlaði ekki, þar sem honum vannst ekki tími til þess, og rakst bifreið hans á R 2293 og telur gagnstefnandi, að aðalstefnandi hafi þá ekki verið búinn að stöðva bifreið sína og markar það af skemmdum þeim, sem urðu á R 2293.

Við árekstur beyglaðist hurð og aftari dyrastafur R 2293 mikið, en vinstra horn framvara R 1671 beyglaðist nokkuð.

Engar sjónarvottar voru að árekstrinum, en lögreglunni var gert aðvart um hann og kom á vettvang og gerði uppdrátt af afstöðu bifreiðanna, en þá hafði R 1671 verið ekið um það bil 2 m aftur á bak.

Hemlaför R 2293 voru 6—7 metrar, en engin hemlaför sjáanleg eftir R 1671.

Aðalstefnandi reisir dómkröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að gagnstefnandi hafi átt alla sök á árekstrinum, enda hafi hann sveigt

fyrir hornið á röngum vegarhelmingi, en aðalstefnandi ekið mjög gætilega.

Gagnstefnandi reisir dómkröfur sínar í aðalsök og gagnsök á því, að aðalstefnandi eigi aðallega sök á árekstrinum, þar sem hann hafi vikið til hægri, er hann sá R 1671 nálgast. Enn fremur hafi hann ekið of hratt.

Eins og að framan greinir, ók gagnstefnandi á hægra vegarhelmingi inn á Gunnarsbraut. Verður að virða honum til verulegs gáleysis að haga akstri sínum þannig andstætt umferðarreglum. Auk þess hefur hann eigi veitt umferðinni næga aðgæzlu, þar sem hann varð eigi var við R 2293 fyrr en um seinan og hemlaði ekki í tæka tíð. Verður því að telja, að gagnstefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum.

Aðalstefnanda bar að hafa sérstaka gát á umferð farartækja, sem kæmu vestur Kjartansgötu, er hann nálgaðist gatnamótin, og hafa skýrslur málsaðilja um ökuhraða hans verið raktar hér að framan. Það verður að telja óvarkárni af aðalstefnanda að víkja bifreið sinni til hægri, er hann sá R 1671, og beita ekki hemlum bifreiðar sinnar strax til fulls. Verður því að líta svo á, að aðalstefnandi hafi einnig átt nokkra sök á árekstrinum.

Með vísan til framanritaðs þykir gagnstefnandi eiga að bera ⅔ hluta sakar, en aðalstefnandi ⅓ hluta.

Er þá næst að athuga fjárhæðir bótakrafnanna.

Aðalstefnandi sundurliðar kröfur sínar í aðalsök þannig:

1.	Greitt fyrir viðgerðir	kr. 1.449.11
2.	Klæðning innan á hurð	— 300.00
3.	Bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar í 5 daga, kr. 100.00 á dag	— 500.00
		Alls kr. 2.249.11

Um 1. Þessi liður er ekki véfengdur af gagnstefnanda og verður því tekinn að öllu leyti til greina.

Um 2. Kröfuliður þessi er fyrir klæðningu innan á hurð bifreiðarinnar, en sú viðgerð hefur ekki farið fram enn, og er viðgerðarkostnaðurinn áætlaður af aðalstefnanda. Gagnstefnandi mótmælti kröfuliðnum í upphafi, en viðurkenndi við munnlegan flutning málsins, að áætlun aðalstefnanda á viðgerðarkostnaðinum væri hæfileg. Verður þessi liður því tekinn til greina.

Um 3. Gagnstefnandi hefur viðurkennt dagafjölda þann, sem aðalstefnandi telur sig hafa misst afnot bifreiðarinnar, en mótmælir bótakröfunni sem of hárri.

Þar sem um er að ræða bifreið starfandi læknis og ekki er véfengt af gagnstefnanda, að aðalstefnandi hafi um þetta leyti gegnt störfum þriggja annarra lækna, þykir hæfilegt að meta tjón hans vegna afnotamissisins kr. 70.00 á dag.

Samkvæmt framangreindu var tjón aðalstefnanda alls kr. 2099.11, en af því ber gagnstefnanda að bæta honum ⅔ hluta eða kr. 1.399.41.

Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Áætluð viðgerð á framvara ..... kr. 216.40
2. Bætur fyrir afnotamissi í 2 daga, kr. 80.00 á dag ..... — 160.00

Alls kr. 376.40

Við munnlegan flutning málsins var viðurkennt af hálfu aðalstefnanda, að tjón gagnstefnanda mundi hafa numið fjárhæð þeirri, sem gagnstefnt var fyrir, og verður því gagnkrafan tekin til greina. Af henni ber aðalstefnanda að greiða ⅓ hluta eða kr. 125.47.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnstefnandi verður dæmdur til að greiða kr. 1273.94 (kr. 1399.41 ÷ 125.47) með 6% ársvöxtum, en upphafstími þeirra ákveðst að vera stefnudagur. Þá þykir rétt, að gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 400.00 í málskostnað.

Vegna mikilla anna hefur dómsuppsaga í máli þessu dregizt nokkuð.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Friðbjörn Jósafatsson, greiði aðalstefnanda, Hauki Kristjánssyni, kr. 1273.94 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. marz 1953.

Nr. 179/1952. **Ákæruvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn
Skapta Davíðssyni (Magnús Thorlacius)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á 257. gr. og 259. gr. hegningarlaga. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Eigi er sannað, að ákærði hafi á nokkurn hátt staðið að því, að jarðvegi var rutt með jarðýtu ofan í skurði við veg þann, er í málinu greinir. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af broti á 257. gr. laga nr. 19/1940. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber einnig að sýkna ákærða af broti á 259. gr. sömu laga.

Þar sem ákærði hefur samkvæmt framansögðu eigi gerzt

sekur um verknað, sem felur í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, brestur heimild samkvæmt 23. gr. laga nr. 27/1951 til að dæma í máli þessu um ákæru fyrir brot á 29. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að vísa þessu ákæruatriði frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Skapti Davíðsson, á að vera sýkn af ákæru fyrir brot á 257. og 259. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæru fyrir brot á 29. gr. laga nr. 18/1949 vísast frá héraðsdómi.

Allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 2000.00.

Dómur sakadóms Árnessýslu 29. sept. 1952.

Ár 1952, mánudaginn 29. september, var í sakadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 57/1951, ákæruvaldið gegn Skapta Davíðssyni, sem dómtekið var þá samdægurs.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Skapta Davíðssyni, bónda í Útey í Laugardalshreppi, með ákæruskjali svohljóðandi:

Dómsmálaráðherrann gerir kunnugt:

Að höfða ber opinbert mál á hendur Skapta Davíðssyni bónda, til heimilis að Útey II í Laugardalshreppi í Árnessýslu, f. 15. janúar 1887 í Reykjavík, fyrir að hafa brotið lögbann um umferð eftir vegi að Útey I í nefndum hreppi, er lagt var á með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. maí 1951, en brot þetta er talið varða við 29. grein laga nr. 18/1949 og 1. mgr. 259. gr. laga nr. 19/1940 svo og fyrir að hafa í heimildarleysi mokað

ofan í skurði við nefndan veg, en það brot er talið varða við 1. mgr. 257. gr. síðastnefndra laga. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsmálaráðuneytið, 8. júlí 1952.

F.h.r.

Gústaf A. Jónasson.

/Ragnar Bjarkan.

Ákærði hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Atvik málsins eru þessi:

Með dómi aukaréttar Árnessýslu hinn 11. júlí 1949 var staðfest lögbann, sem lagt var í fógetarétti Árnessýslu þann 6. júní sama ár við umferð Skapta Davíðssonar, Davíðs Jóhannessonar og Ólafs Davíðs Davíðssonar um veg Jónasar Hvannbergs frá þjóðvegi að túngirðingu Úteyjar I, að öðru leyti en því, að undan lögbanninu er skilin umferð um þann kafla vegarins, sem liggur milli heimreiðar Úteyjar II og þess staðar, sem væntanlegur Austureyjarvegur kemur á hann. Með dómi Hæstaréttar hinn 4. maí 1951 var dómur þessi staðfestur.

Hinn 9. ágúst 1951 kærði eigandi nefnds vegar (Úteyjarvegar) yfir óheimilli notkun ákærða í máli þessu á veginum og 21. sept. 1951 kærir hann yfir því, að ákærði hafi á alllöngu svæði fyllt af mold og jarðvegi skurð fyrir norðan umræddan veg og með framhaldskæru 1. júlí 1952 kærir hann yfir því, að ákærði hafi fyllt upp í skurð sunnan vegarins á um 200 metra svæði.

Verða nú rakin nokkuð kæruatriðin hvort fyrir sig.

Annars vegar kæra vegna brots á lögbanni og hins vegar kæra vegna uppfyllingar á skurðum meðfram Úteyjarvegi.

I

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi aldrei, síðan lögbann var lagt við umferð hans um umræddan veg, notað hann til aðdrátta að búi sínu, hvorki fengið bifreiðar heim né farið með vagna um veginn.

Þó kveðst hann veturinn 1950—1951 hafa verið á leið meðfram veginum með vagnhest og þá lent í holklaka og verið hræddur um, að hesturinn stórmeiddist. Kveðst hann þá hafa farið upp á Úteyjarveg og ekið hann heim.

Þá kveðst ákærði einnig oft hafa farið gangandi eftir Úteyjarvegi. Hann kveðst ekki hafa farið veginn ríðandi, nema innan girðingar, þar sem hann liggur í landi hans, og eins séu kýr hans ekki reknar lengra eftir veginum.

Ákærði neitar því, að bifreiðar hafi farið um veginn samkvæmt hans beiðni. Hins vegar hafi allmargir gestir komið heim til hans á bifreiðum og þá notað veginn. Hann segir, að strákur, sem var hjá honum, hafi stundum farið á reiðhjóli um veginn.

Vitnið Magnús Eiríksson, bóndi í Útey I, skýrir svo frá, að ábúendur Úteyjar II fari að jafnaði um Úteyjarveg, bæði gangandi og hjólandi og

ríðandi. Auk þess kveðst vitnið einu sinni veturinn 1950—1951 hafa mætt Skapta Davíðssyni á veginum með tvo vagnhesta. Ennfremur kveðst vitnið oft hafa orðið vart við ferðir bifreiða heim að Útey II, en það veit ekki, hverra erinda þær hafa farið. Vitnið segir, að kýr ákærða hafi stundum verið reknar eftir Úteyjarvegi út að girðingu, til að koma þeim í haga.

Vitnið Gunnar Hvannberg, sonur kæranda, hefur borið það, að fólkið í Útey II hafi farið Úteyjarveg bæði gangandi og þó aðallega hjólandi.

Sonur ákærða, Einar Dagfinn Davíðsson, hefur skýrt svo frá, að þeir í Útey II hafi ekki notað Úteyjarveg, nema þar sem hann liggur í gegnum túngirðingar þeirra og einhvern hluta af þeirri vegalengd megi þeir fara samkvæmt ákvæðum landskiptagerðar milli jarðanna I og II. Hinn hluta vegarins segir vitnið, að þeir hafi ekki notað síðan lögbann var lagt við notkun vegarins, nema að þeir fari stundum um hann gangandi, og sjálft kveðst vitnið stundum fara um hann á reiðhjóli. Vitnið segir, að þeir hafi aldrei fengið bifreið heim til sín um Úteyjarveg.

Í 29. gr. laga nr. 18/-949 um kyrrsetningu og lögbann segir, að sókn sakar út af broti á þeirri grein eigi gerðarhafi.

Með hliðsjón af 23. gr. laga nr. 27/1951 ber þó að dæma ákærða fyrir brot á nefndu lagaákvæði.

Við rannsókn málsins hefur ekki komið í ljós önnur notkun ákærða á veginum en gangur um hann og eitt sinn umferð um hann með hestvagn, þegar brýn nauðsyn virtist hafa heimilað honum slíka notkun.

Verður ekki talið, að þessi notkun ákærða á veginum brjóti í bága við 259. gr. almennra hegningarlaga, enda ekki í ljós leitt, að kærandi hafi beðið tjón af þessari notkun, og verður því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga.

II

Ákærða er gefið að sök, að hann hafi látið moka ofan í skurði með fram Úteyjarvegi og er það talið varða við 257. gr. almennra hegningarlaga.

Í kæru sinni hinn 21. sept. 1951 segir kærandi, að undanfarna daga hafi jarðýta verið við jarðvinnslu fyrir Skapta Davíðsson að Útey II. M. a., sem gert hafi verið með ýtu þessari, sé það, að á kafla með fram einkavegi hans hafi verið ýtt til jarðvegi ofan í skurð þann, sem er Laugarvatnsmegin við veginn. Hafi skurðurinn verið alveg fylltur af mold og jarðvegi á allöngu svæði.

Í kæru sinni hinn 1. júlí 1952 telur kærandi, að fyllt hafi verið upp í skurð sunnan vegarins á um 200 m svæði. Vitnið Gunnar Hvannberg, sonur kæranda, skýrir svo frá, að fimmtudaginn 20. sept. 1951 hafi jarðýta, sem vann í þágu ákærða, ýtt jarðvegi ofan í skurð norðan við Úteyjarveg. Segir vitnið, að Einar, sonur ákærða, hafi sagt þetta gert samkvæmt fyrirsögn sinni. Daginn eftir vann jarðýtan fyrir ákærða sunnan vegarins, og kveður vitnið þá, að fyllt hafi verið upp í vegarskurðinn þeim megin.

Vitnið Ólafur Þorsteinsson, stjórnandi jarðýtunnar, kveðst hafa unnið með jarðýtu fyrir ákærða. Kveðst vitnið hafa mokað ofan í skurði með fram Úteyjarvegi á tveimur stöðum og kveðst hafa gert það samkvæmt fyrirskipun Einars Davíðssonar.

Vitnið segir, að þegar jarðvinnslan hófst sunnan vegarins, hafi áðurnefndur Einar ákveðið, hvar vinna skyldi. Skipaði hann vitninu að vinna alveg norður að veginum og tók fram, að skurðurinn, sem með fram honum var, ætti að hverfa. Kveðst vitnið hafa gert þetta, brotið landið að veginum og fyllt skurðinn.

Ákærði kveðst engan þátt hafa átt í því, að jarðýtan hafi verið látin ryðja ofan í vegarskurðinn með fram Úteyjarvegi.

Vitnið Einar Dagfinn Davíðsson kveðst hafa stjórnað jarðvinnu jarðýtu, sem vann í landi föður hans 20. og 21. sept. 1951, og meðal annars hafi það fyrirskipað að fylla upp í ræsi með fram veginum. Norðan vegar kveðst vitnið hafa gert vatnsrás úr vegarskurðinum að ræsi, sem liggur gegnum veg, sem það var að gera með fram Úteyjarvegi.

Að því er viðvíkur skurðinum sunnan vegarins skýrir vitnið svo frá, að það hafi lagt fyrir stjórnanda jarðýtunnar að fara eins nærri girðingunni með fram veginum og unnt væri, þar eð girðingin ætit að hverfa og ræktunin að ná alveg að veginum.

Vitnið segir, að aðeins vestast á þessu svæði hafi verið skurður með fram veginum, en á aðalsvæðinu hafi veginum verið ýtt upp með jarðýtu og því enginn skurður með fram honum. Vitnið segir, að ekki komi til mála, að vatn geti komið á veginn þarna úr flaginu, því það hafi afrennsli gegnum túnið nær bænum. Auk þess sé aðdragandi að vatnsrennsli mjög lítill.

Við skoðun, er dómarinn framdi hinn 29. ágúst s.l. á stöðum þeim með fram Úteyjarvegi, sem kært hefur verið yfir, að ákærði hafi mokað ofan í, kom í ljós, að lagfærðir hafa verið hinir umræddu kaflar norðan vegar.

Sunnan vegar hefur að vísu verið herfað yfir að vatnsrás, sem virðist hafa verið meðfram veginum á nokkrum hluta leiðarinnar, og hefur barmurinn á vatnsfarveginum herfast niður að sunnan og ef til vill einhver mold hrunið ofan í hann á kafla. Á nokkrum kafla leiðarinnar eða frá bugðunni á veginum næst vestan við heimreið að Útey II og austur að vegamótum, verður ekki séð, að neinn skurður eða vatnsrás hafi verið sunnan vegar.

Samkvæmt framanrituðum gögnum verður eigi talið sannað, að vegur kæranda hafi spillzt vegna aðgerða ákærða eða starfsfólks hans á ræsum með fram veginum, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákæru vegna þessa meinta brots.

Samkvæmt ofanrituðu ber að sýkna ákærða að ákæru vegna brota á 259. og 257. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar dæma hann til refsingar fyrir brot gegn 29. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs og komi 2 daga varðhald í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með hliðsjón af 141. gr. laga nr. 27/1951 þykir rétt, að ákærði greiði kr. 500.00 af kostnaði máls þessa. Annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða þykja hæfilega ákveðin 1000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Skapti Davíðsson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákærði greiði í sakarkostnað kr. 500.00. Annar sakarkostnaður greiðst úr ríkissjóði. Skipuðum verjanda ákærða, Magnúsi Thorlacius hrl., greiðist kr. 1000.0 í málsvarnarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 20. marz 1953.

Nr. 13/1952. **Jón E. Kristjónsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ólafi Árnayni f. h. ólögráða sonar hans, Árna Ólafssonar (Ragnar Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1952. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 5. marz 1952. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 80.609.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og viðurkenningar á lögveðrétti í bifreiðinni R 5639 (áður R 122) til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eins og atvikum að slysi því, er í málinu greinir, var háttað,

þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda 3/5 hluta þess tjóns, sem af hlauzt.

Tryggingarfræðingur hefur af nýju reiknað örorkutjón gagnáfrýjanda, miðað við núgildandi kauplagsvísitölu, og telur það samkvæmt því nema kr. 121.750.00. Eftir atvikum þykir tjón vegna örorku gagnáfrýjanda hæfilega áætlað kr. 75.000.00. Annað tjón hans þykir hæfilega metið í héraðsdómi, og ber aðaláfrýjanda því að greiða gagnáfrýjanda 3/5 hluta af kr. 90.225.00, þ. e. kr. 54.135.00, að frádregnum þeim kr. 30.000.00, er hann hefur þegar fengið greiddar, eða kr. 24.135.00 með vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00. Loks ber að viðurkenna lögveðrétt gagnáfrýjanda í bifreiðinni R 5639 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón E. Kristjónsson, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Árnasyni f. h. Árna Ólafssonar, kr. 24.135.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi lögveðrétt í bifreiðinni R 5639 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. des. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., hefur Ólafur Árnason, Grundarstíg 8, hér í bæ, f. h. ólögráða sonar sins, Árna, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. febrúar s.l. gegn Jóni E. Kristjónssyni kaupmanni, Barmahlíð 46, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaslyss að fjárhæð kr. 80.609.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að þann 26. maí 1950 um kl. 19.30 varð stefnandinn Árni Ólafsson fyrir bifreiðinni R 122, eign stefnda, með þeim afleiðingum, að hann hlaut allmikið lemstur.

Stefndi skýrir svo frá atvikum, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni, R 122, sem er 5 farþega fólksflutningabifreið, norður Grundarstíg, hér í bænum, með um 30 km hraða miðað við klst. Er hann hafi verið kominn norður fyrir mót Grundarstígs og Bjargarstígs, hafi hann séð bifreið, er hafi staðið á vinstri vegarbrún og snúið í norður. Þegar hann hafi verið kominn rétt norður fyrir bifreið þessa, er hafi verið móts við húsið nr. 6 við Grundarstíg, hafi hann ekið á sem næst miðju götunnar og kveðst ekki hafa þá séð nein börn á götunni. Þannig hagar til þarna, að húsin nr. 4 og 6 við Grundarstíg eru sambyggð, þannig að milli þeirra er opinn yfirbyggður gangur inn á baklóðir húsanna. Er bifreiðin hafi verið stödd á móts við gang þennan, hafi drengur komið hlaupandi út úr ganginum og skáhalt til norðurs út á götuna. Hafi hann þá hemlað þegar í stað, en bifreiðin runnið nokkuð áfram og hafi vélarhlífin vinstra megin lent á hægri hlið drengsins og um leið hafi bifreiðin stöðvast. Drengurinn hafi kastast um 1½ m áfram og fallið á götuna. Stefndi tók drenginn, sem reyndist vera stefnandi, upp í bifreið sína og flutti hann á sjúkrahús. Síðan tilkynnti hann lögreglunni um slysið.

Stefnandi hefur ekki getað gefið skýrslu um slysið, en fram er komið, að hann var að leik með öðrum börnum þarna og hugðist hlaupa yfir götuna að húsinu nr. 5. Svo virðist sem börnin hafi fallið sig og það verið eitt atriði leiksins.

Tvö börn, er þarna voru að leik, 11 ára og 10 ára að aldri, hafa skýrt svo frá, að þau hafi séð stefnanda koma út úr fyrrnefndum gangi og fela sig bak við bifreiðina, er þarna stóð rétt sunnan ganginn. Hann hafi síðan hlaupið út á götuna, en í þeim svifum hafi R 122 borið þar að og hún lent á drengnum.

Kona ein, er sá slys þetta úr glugga sínum, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama hátt og stefndi. Telur hún, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið hraðar en almennt gerist og verið snögghemlað í þann mund, er hún rakst á drenginn.

Löggæzlumenn komu á vettvang skömmu eftir slysið, en stefndi hafði þá ekið á braut, eins og áður greinir. Hemlaför R 122 sáust þá enn á götunni og mældust 7.30 m. Bifreið hafi staðið 1.5 m fyrir sunnan ganginn milli húsanna nr. 4 og 6 við Grundarstíg og skyggði hún á ganginn, er ekið var norður götuna. Hemlaförin eftir R 122 byrjuðu þvert út af syðri enda gangsins. .....

Bifreiðin R 122 var athuguð eftir slysið og reyndist í góðu lagi. Var henni ekið í malbikaðri götu með 30 km hraða miðað við klukkustund og snögghemlað og sáust þá 7 m hemlaför eftir öll hjól.

Af ákæruvaldsins hálfu var höfðað mál gegn stefnda vegna slyss þessa. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 1. nóv. 1950, var hann talinn hafa gerzt brotlegur gegn ákvæðum 26. og 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, ákvæðum 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðalaganna nr. 24 frá 1941.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi eigi einn

sök á slysi þessu með gálausum akstri og beri honum því að bæta allt tjón, sem af hafi hlotizt. Tryggingafélag það, sem bifreiðin var tryggð hjá, hefur þegar greitt kr. 30.000.00 til stefnanda vegna tjóns þessa.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að hann eigi enga sök á slysi þessu, heldur hafi það orðið fyrir gáleysi stefnanda. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að skipta beri ábyrgð á slysi þessu og sé þá hluti stefnda svo lítill, að stefnandi hafi þegar fengið bætt tjón sitt að þessu leyti með þeim kr. 30.000.00, sem þegar hafa verið greiddar.

Hér að framan hafa verið rakin atvik að slysi þessu. Af hemlaförunum er ljóst, að stefndi gat ekki stöðvað bifreið sína þegar í stað, eins og honum bar. Verður því að telja, að stefndi hafi ekið of hratt, eins og á stóð, enda er gatan fremur þröng og búast mátti við umferð um hana. Það verður því ekki talið leitt í ljós, að slysinu hafi ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni við aksturinn. Ber stefndi því ábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna.

Stefnandinn Árni, sem var tæpra 7 ára að aldri, er slysið varð, virðist hins vegar einnig hafa hagað sér ógætilega í umræðu sinn, með því að hlaupa svo úr felum út á götuna, án þess að gæta að umferð um hana. Verður hann því talinn meðvaldur að slysinu. Með vísan til þessa og með hliðsjón af aldri stefnanda, er slysið varð, þykir rétt að skipta ábyrgð á tjóni af slysi þessu þannig, að stefndi bæti það að ⅘ hlutum, en stefnandi beri ⅕ hluta sjálfur.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr.	95.384.00
2. Þjáninga- og lýtabætur	—	15.000.00
3. Læknisathugun	—	75.00
4. Reikningur örorkutjóns	—	150.00
	Kr.	110.609.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi þær kr. 30.000.00, er þegar hafa verið greiddar, og kemur þannig fram stefnukrafan.

Um 1. Við slysið hlaut stefnandi kúlu á stærð við kríuegg aftan á hnakka og hægra megin á enni var 3 cm löng grunn sprunga í húðina. Þá brotnaði hægri lærleggur um miðju. Ennfremur mun hann hafa hlotið alvarlegt lost. Við röntgenmyndun þegar eftir slysið var ekki hægt að greina brot á höfuðkúpu, en læknir sá, sem athugaði stefnanda á sjúkrahúsinu, telur sprungu vel geta hafa verið á höfuðkúpunni, þótt hún sæist ekki á þeirri einu yfirlitsmynd, sem tekin var af höfuðkúpunni. Ástand stefnanda var svo slæmt, að ekki þótti rétt að hreyfa hann nema það allra nauðsynlegasta, enda talið líklegast, að hann væri skaddaður á heila. Af þessum ástæðum hafi heldur ekki verið gert við lærbrotið með skurðaðgerð, sem þó hafi verið æskilegast. Nokkru eftir að stefnandi kom á sjúkrahúsið var tekið eftir því, að hann var heyrnarlaus á hægra eyra. Taldi fyrrgreindur sjúkrahússlæknir, að líklum efa væri bundið, að heyrnarleysið

stafaði af höfuðáverkanum. Stefnandi lá á sjúkrahúsi til 13. júlí 1950, er hann fór heim. Þann 5. október var stefnandi rannsakaður af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Var stefnandi þá heyrnarlaus á hægra eyra og hægri fótur hans um 2 cm styttri en sá vinstri. Sama dag var stefnandi skoðaður af sérfræðingi í eyrnasjúkdómum. Var stefnandi þá heyrnarlaus á hægra eyra og læknirinn taldi, að heita mætti fullvíst, að heyrnartapið væri afleiðing slyssins.

Þann 18. desember 1950 mat Þórarinn Sveinsson læknir örorku stefnanda. Segir svo í vottorði hans:

„Um er að ræða áverka á höfuð, er valdið hefur, að því er virðist, varanlegu heyrnarleysi á hægra eyra. Ennfremur kvartar slasaði um suðu fyrir h eyra og höfuðverk tæpum fimm mánuðum eftir slysið. Stytting er á hægra ganglim, mælist 1.5—2 cm eftir lærbrotið.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir tímabilið 26. maí til 13. júlí 1950	100%	örorka	
— — 13/7—13/8	75%	—	
— — 13/8—13/9	50%	—	
— — 13/9—13/10	30%	—	

Úr því 25% varanleg örorka."

Þann 4 apríl 1951 var stefnandi aftur skoðaður af sérfræðingi þeim í taugasjúkdómum, sem fyrr greinir. Segir svo í vottorði hans:

„Við skoðun finnst: Upphafin heyrn á hægra eyra, sem virðist stafa af löskun á h. heyrnartaug. Það er stytting á h. neðra extr. um ca. 2 cm.

Það finnst ekkert annað neurologiskt. Einkum finnst ekkert, sem bendir á skemmd á öðrum heilataugum.

Við endurtekna röntgenmyndun af höfuðkúpu var ekki hægt að greina brot. Það útilokar ekki fullkomlega, að um brot hafi verið að ræða. Sennilegast er, að blæðing hafi komið í innra eyra við höfuðáverkann. Það má teljast vafalaust, að heyrnarleysi sjúklingsins stafi af slysinu.

Ástand sjúkl. er óbreytt frá fyrri skoðun þ. 5/10 1950 og það eru ekki líkur til, að það muni breytast til batnaðar."

Báðir hinir fyrrgreindu sérfróðu læknar hafa komið fyrir dóm í málinu og staðfest vottorð sín. Þá hefur sérfræðingurinn í eyrnarsjúkdómum lýst því yfir, að hann væri því sammála, sem greinir í því vottorði sérfræðingsins í taugasjúkdómum, sem að framan er rakið. Þá hafa þeir báðir talið, að heyrnarleysi þetta muni hvorki batna né verða bætt með aðgerðum. Þann 23. f. m. rannsakaði sérfræðingur í eyrnasjúkdómum enn stefnanda. Taldi hann enga breytingu hafa orðið frá því, sem áður getur.

Af hálfu stefnanda og foreldra hans er fullyrt, að hann hafi haft fulla heyrn á báðum eyrum fyrir slysið.

Stefnandi hefur fengið sérfræðing í tryggingarmálum til að reikna örorkutjónið samkvæmt fyrrgreindu örorkumati. Miðaði tryggingafræðingurinn við verkamannatekjur hér í bæ nú, en faðir stefnanda er verkamaður. Áætlar hann stefnanda engar tekjur til 17 ára aldurs, en 80% af fullorðins manns tekjum á sautjánda aldursári og bætir svo við 4% fyrir hvert ár, sem hann eldist, þannig að stefnandi nái fullum tekjum við 21

árs aldur. Samkvæmt þessu telur tryggingafræðingurinn örorkutjónið kr. 95.384.00.

Hefur stefnandi lagt þá fjárhæð til grundvallar í málinu og bent á, að ekki komi til mála að lækka hana vegna hins sívaxandi verðfalls peninga.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem alltof háum. Hann hefur sérstaklega mótmælt því, að heyrnarleysið sé afleiðing slyssins.

Þegar virt eru þau læknisálit, sem fram hafa komið í málinu um heyrnarleysi stefnanda og orsakir þess, þá þykir mega leggja það til grundvallar, að heyrnarleysið sé afleiðing slyssins, enda er ekkert fram komið, er bendi til, að stefnandi hafi þjáðst af því áður.

Með vísan til þess og þess, sem að framan er rakið um meiðsl stefnanda, örorku hans og hagi, þá þykir hæfilegt að meta tjón hans að þessu leyti kr. 95.000.00, og er þá höfð í huga kaupgjaldsvísitala í dag.

Um 2. Hér að framan hefur verið getið meiðsla þeirra, sem stefnandi hlaut við slysið, og sjúkdómsferils hans. Með hliðsjón af því, sem þar er rakið, og þegar þess er gætt, að stefnandi mun verða stinghaltur og heyrnarlaus á eyra, meðan hann lifir, þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðið kr. 15.000.00, eins og krafizt er.

Um 3 og 4. Liðir þessir hafa engum mótmælum sætt, að því er fjárhæðir varðar. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framangreindu telst tjón stefnanda af slysinu nema alls kr. 110.225.00 (95.000.00 + 15.000.00 + 150.00 + 75.00) og ber stefnda að bæta ⅘ hluta þess eða kr. 88.180.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga þær kr. 30.000.00, er stefnandi hefur þegar fengið greiddar. Verður stefndi því dæmdur til að greiða kr. 58.180.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4000.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Jón E. Kristjónsson, greiði stefnanda, Ólafi Árnasyni, f. h. Árna Ólafssonar, kr. 58.180.00 með 6% ársvöxtum frá 6. febrúar 1951 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 122 til tryggingar kröfum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. marz 1953.

Kærumálið nr. 4/1953.

Torfi Vilhjálmsson

gegn

Akureyrarkaupstað.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. þ. m., sem hingað barst 10. þ. m., skotið til Hæstaréttar frávísunardómi í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, er upp var kveðinn í bæjarþingi Akureyrar hinn 4. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsenda hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 250.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Torfi Vilhjálmsson, greiði varnaraðilja, Akureyrarkaupstað, kærumálskostnað, kr. 250.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. marz 1953.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 27. f. m., hefur stefnandi, Torfi Vilhjálmsson verkamaður, Eyrarvegi 25, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. febr. s.l., á hendur Akureyrarkaupstað og eru dómkröfur hans þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.106.49 auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega frávísunar, en til vara sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda í hvoru tilvikinu sem er.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna, og krafðist stefnandi þess, að henni yrði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi hefur unnið sem daglaunamaður hjá stefnda allt frá árinu 1946. Allan þann tíma hefur hann verið trúnaðarmaður Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar á vinnustöð sinni. Um áramótin 1951—52 var tekin upp af hálfu stefnda vinnumiðlun undir umsjá nefndar, er til þess var kjörin. Stefnandi var látinn víkja úr vinnu eina og eina viku í senn á tímabilinu jan.—apríl 1952 og eina viku í jan. 1953. Hann telur þetta ólögmætt gagnvart sér, þar eð hann hafi sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns átt forgangsrétt til vinnunnar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80 1938. Krefst hann þess að fá bætur, sem jafngildi kaupi og orlofsfé, er honum hefði borið þann tíma, sem hann varð af vinnunni, og nemur sú upphæð kr. 3.106.49.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að samkvæmt 44. gr. laga nr. 80 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sé það verkefni Félagsdóms að dæma í málum um brot á þeim lögum. Dómkrafa í máli þessu sé bótakrafa fyrir brot á 11. gr. laganna. Málið sé því ranglega höfðað fyrir bæjarþingi og beri að vísa því frá dómi.

Efni máls þessa er um það, hvort stefndi hafi brotið 11. gr. fyrrnefndra laga með því að láta stefnanda, trúnaðarmann stéttarfélags síns, víkja úr vinnu fyrir öðrum og um bótarétt hans í því sambandi.

Samkvæmt 1. tölulið 44. gr. laganna er verkefni Félagsdóms „að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum" og samkvæmt 47. gr. laganna er aðalreglan sú, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skuli ekki flutt fyrir almennum dómstólum. Refsikrafa um brot á ákvæðum 11. gr., um forgangsrétt trúnaðarmanns stéttarfélags til vinnu, hefði eftir beinu orðalagi 44. gr. laganna átt að sæta meðferð Félagsdóms. Á sama hátt heyrir undir sérdómstól þennan að dæma um aðrar lögfylgjur, er leiðir af því að ákvæði þessi eru brotin, þar með bótakröfur, samanber 65. gr. laganna. Er mál þetta því ranglega höfðað fyrir bæjarþinginu og ber að vísa því frá dómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250 kr.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Torfi Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Akureyrarkaupstað, kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. marz 1953.

Nr. 39/1952. **Ingimundur h/f** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1952. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 99.450.00 eða til vara aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins og að dæmdur verði sjóveðréttur í v/s Skaptfellingi, VE 33, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1952. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjanda þóknun fyrir aðstoð, ekki yfir kr. 2000.00. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, en til vara, að hvorum aðilja verði gert að bera sinn kostnað af málinu.

Telja verður, að v/s Skaptfellingur hafi verið staddur í mikilli hættu, er v/s Helga kom honum til hjálpar. Samkvæmt því þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 50.000.00. Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 9000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði aðaláfrýjanda, Ingimundi h/f, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 26. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Sveini Benediktssyni forstjóra, Reykjavík, f. h. Ingimundar h/f, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1951, birtri 13. s. m., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á björgunarlaunum fyrir hjálp, sem skipið Helga, RE 49, eign stefnda, og áhöfn þess veitti áhöfn Skaptfellings, VE 33, eign stefnda, við að ráða niðurlögum elds, sem kom upp í Skaptfellingi þann 10. júlí 1949.

Fyrir réttinum hefur stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum björgunarlaun að fjárhæð kr. 99.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 6.951.89. Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða þá fjárhæð í björgunarlaun, sem rétturinn metur hæfilega, ásamt vöxtum og málskostnaði. Svo krefst stefnandi, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/s Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Stefndi lét mæta í máli þessu og gerði í upphafi þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Undir rekstri málsins féll stefndi frá sýknukröfu sinni, en gerði eftirfarandi réttarkröfur: Aðallega, að hann verði dæmdur aðeins til að greiða stefnanda hæfilega þóknun fyrir aðstoð, þó ekki fram yfir kr. 2.000.00 og kveði dómurinn á um endanlega greiðsluskyldu Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja ásamt meðstefnda. Svo krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara krafðist hann þess, að málskostnaður félli niður.

Málavextir eru eftirfarandi:

Sumarið 1949 var v/s Skaptfellingur á síldveiðum fyrir Norðurlandi. Hinn 10. júlí, upp úr hádeginu, var báturinn staddur nálægt Rifstanga. Austan kul var og svolítil alda. Annar vélstjóri, Sverrir Símonarson, var á vakt og hafði gengið aftur í káetu. Bróður hans, sem var matsveinn á skipinu, varð gengið niður til hans og sá hann þá eld í vélarrúminu og lét bróður sinn strax vita. Vélstjórinn fór þá þegar inn í vélarrúmið og

sá þar smáloga á rafleiðslu utan á olíugeymi í vélarrúmi bakborðsmegin. Tók hann í skyndi handslökkvitæki og sprautaði á logann og virtist hann slökkna til fullnustu. En alveg rétt á eftir fylltist allt vélarrúmið af reyk og gufu, og kallaði þá vélstjórinn á aðra skipverja til aðstoðar og komu þeir fljótt niður. Reynt var að setja austursdæluna í gang, en það tókst ekki, enda var aðstaða erfið vegna reyks. Var þá sprautað með handslökkvitækjum, en án árangurs. Var þá tekið til þess ráðs að ausa sjó með fötum niður um hágluggann (skylettið), en allt kom fyrir ekki. Reykur og gufa hélst hin sama, en eld sáu þeir engan. Vélbáturinn Helga, RE 49, var á siglingu á vesturleið skammt undan, en dýpra í ca. 5—6 sjómílna fjarlægð út frá Rifstanga. Ákvað skipstjóri Skaptfellings að leita aðstoðar hennar. Var flautan sett í gang og dregið upp flagg og stakkur festur upp á ár frammi á skipinu, til þess að gefa til kynna að Skaptfellingur þyrfti á hjálp að halda. Jafnframt sigldi Skaptfellingur í áttina til Helgu. Áhöfn Helgu varð strax vör við neyðarmerkin og var þá kl. 2.05 e. h. Hélt Helga þegar til Skaptfellings og lagðist von bráðar við stjórnborðshlið skipsins. Fór áhöfnin um borð í Skaptfelling og var þá allt á kafi í reyk í vélarrúminu. Lánaði hún skipverjum Skaptfellings handslökkvitæki, sem þeir sprautuðu með inn í vélarrúmið. Síðan var sjódæla (smúldæla) frá Helgu látin dæla sjó inn í vélarrúmið og var milligerðin milli lestar- og vélarrúms rifin í sundur og dælt inn um opið. Áður höfðu vélar Skaptfellings verið stöðvaðar, svo þær tækju ekki sjó á sig. Dælt var svo viðstöðulaust inn í vélarrúmið um nokkurn tíma, en kafið þar inni minnkaði ekki. Urðu þeir þess varir, að þilfarsflansinn fremri bakborðsmegin var orðinn snarpheitur, — sjóðheitur, sögðu yfirmenn Helgu — og var þá rofið gat á þilfarið bakborðsmegin. Unnu áhafnir beggja skipanna að því í sameiningu og voru notuð áhöld frá báðum skipunum. Lagði Helga m. a. til sleggju og axir, en til voru í Skaptfellingi 2 axir, slaghamar og sleggja. Er þilfarið hafði verið rofið, sást í neista og kom í ljós, að eldurinn eða kafið átti upptök sín bak við olíugeymana bakborðsmegin og ofan við þá í þilfari og þilfarsbitum. Olíugeymarnir bakborðsmegin voru orðnir heitir og málningin byrjuð að detta af. Þeir voru um það bil hálfir af hráolíu. Var dælt yfir þá með sjódælu frá Helgu og síðan dælt sjó ofan í þá, unz þeir voru orðnir fullir. Einnig var dælt yfir rafgeymana og dynamóinn og innri byrðing (garneringu) í vélarrúminu og aðra þá staði, þar sem eldurinn eða kafið virtist eiga upptök sín. Er dælt hafði verið um nokkurn tíma niður um opið á þilfarinu, fór kafið minnkandi og tókst von bráðar að ráða niðurlögum eldsins að fullu. Um upptök eldsins var það álit áhafnar Skaptfellings, að kviknað hefði út frá rafleiðslum, ef til vill þannig, að olía hefði runnið niður eftir olíugeymunum, er helt hafði verið á þá, og síðan kviknað í olíubrákinni við hita frá rafleiðslunum.

Skömmu eftir að Helga kom á vettvang, léði hún talstöð sína til þess að kalla upp v/b Helga Helgason, VE 343, vegna þess að talstöð Skaptfellings var biluð eða bilaði um leið og eldurinn kom upp. Náðist samband við bátinn og átti skipstjóri Skaptfellings tal við hann og beiddi

hann að koma á staðinn, ef svo kynni að fara, að Skaptfellingur kæmist ekki sjálfur til hafnar og þyrfti á drætti að halda. Helgi Helgason var þá allmiklu vestar, en var á austurleið eða í þann veginn að leggja af stað austur, er Skaptfellingur átti tal við hann. Kom Helgi Helgason síðan á vettvang eftir 2—3 tíma, og var þá slökkvistarfinu að verða lokið, svo ekki þurfti á aðstoð hans að halda, enda aðstoðaði hann ekkert við slökkvistarfið.

Mikill sjór var komin í Skaptfelling, er búið var að komast fyrir eldinn. Var þá hafist handa við að ausa skipið, og unnu áhafnir Helgu og Skaptfellings að því í sameiningu. Tók austurinn um klukkutíma. Er nokkuð var búið að ausa, var ljósvél Skaptfellings sett í gang og skipið ausið með henni. Að því búnu var aðalvél skipsins sett af stað, og reyndist hún vera í lagi, enda hafði hún verið stöðvuð áður en dælingin hófst, eins og fyrr segir. V/s Helgi Helgason sigldi þá í burtu, þar sem skipstjórinn á Skaptfellingi taldi, að ekki þyrfti að draga bátinn til hafnar. Kl. 7,30 yfirgaf Helga Skaptfelling, enda þurfti skipið ekki á frekari hjálp að halda.

Auk þeirrar aðstoðar, sem þegar hefur verið lýst, hjálpaði áhöfn Helgu til við flutning síldarnótar úr v/b Skaptfellingi. Lá nótin ofan á lestarlúgu skipsins, er Helga kom að, og var nótin flutt yfir í nótabát Skaptfellings.

Meðan á slökkvistarfinu stóð, var fatnaður skipverja, sem var í lúkar Skaptfellings, fluttur úr skipinu. Var það gert eftir fyrirmælum skipstjóra Skaptfellings, til þess að forða fatnaðinum frá skemmdum vegna reyks og vatns. Kveðst hann hafa sagt skipverjum sínum að flytja fatnaðinn yfir í nótabátinn, en í stað þess fluttu þeir hann yfir í Helgu. Fatnaður yfirmanna skipsins í káetu og fatnaður skipstjóra voru ekki fluttir úr Skaptfellingi og skemmdust þeir allir mikið af völdum reyks. Aðrir munir en þeir, er þegar hafa verið greindir, virðast ekki hafa verið fluttir úr skipinu, meðan á slökkvistarfinu stóð.

Áhöfn Skaptfellings er sammála um, að áhöfn Helgu hafi unnið vel og sleitulaust að slökkvistarfinu og hafi hún látið í té mikilvæga aðstoð við að ráða niðurlögum eldsins, bæði með starfi sínu og með því að leggja til tæki og áhöld.

Skipstjóri, stýrimaður og vélstjóri v/b Helgu létu uppi það álit sitt við sjópróf í málinu, að áhöfn Skaptfellings mundi ekki hafa verið auðið að bjarga skipinu, ef hjálpar Helgu hefði ekki notið við, en hins vegar mundi henni hafa verið unnt að bjarga síldarnótinni, þótt engin hjálp hefði borizt. Þá töldu þeir, að skipverjar Skaptfellings hafi sjálfir gert ráð fyrir, að þeir þyrftu að yfirgefa skipið og hafi þeir þess vegna flutt föt sín úr skipinu um borð í Helgu. Svo töldu þeir, að v/b Helga hafi verið lögð í nokkra hættu við slökkvistarfið, því svo kynni að hafa farið, að olíugeymar Skaptfellings hefðu sprungið vegna hitans.

Skipstjóri Skaptfellings hélt því hins vegar fram við sjóprófin, að Skaptfellingur hefði aldrei verið í neinni yfirvofandi hættu og hefðu þeir aðeins til öryggis kallað á Helgu til aðstoðar. Þeim hefði sjálfum verið

unnt að rjúfa gat á þilfarið með þeim tækjum og mannafla, sem þeir höfðu yfir að ráða, og úr því hefði verið tiltölulega auðvelt að komast fyrir eldinn. Aðrir skipverjar Skaptfellings, sem leiddir voru sem vitni, kváðust ekki treysta sér til að segja neitt ákveðið um þetta. Einn þeirra taldi þó líklegra, að áhöfnin hefði án hjálpar annarsstaðar frá getað ráðið niðurlögum eldsins, en annar þeirra kvaðst halda, að Skaptfellingur hefði aldrei bjargazt, ef hjálp hefði ekki borizt. Hins vegar neituðu þeir því allir, að þeir hefðu nokkurntíma talið skipið í yfirvofandi hættu og aldrei hefði þeim komið til hugar að yfirgefa skipið. Væri það alrangt, að sú ástæða hefði legið til þess, að fatnaðurinn var fluttur úr skipinu. Það hafi aðeins verið gert í því skyni að forða honum frá skemmdum af völdum reyks og vatns. Allir skipverjar Skaptfellings, sem leiddir voru sem vitni, töldu, að Helga hefði ekki verið lögð í neina hættu og ekki hafi verið nokkur ástæða til að óttast sprengingu í olíugeymunum, enda hafi mannskapurinn verið látinn hafast við yfir olíugeymunum við slökkvistarfið, sem ekki hefði verið gert, ef talið hefði verið að um sprengingarhættu gæti verið að ræða.

Stefnandi beindi í upphafi kröfum sínum gegn Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, en félagið neitaði greiðslu ákveðið og kvað Skaptfelling ekki hafa verið í tryggingu hjá félaginu fyrr en 22. marz 1950, en þá fyrst hafi verið beðið um tryggingu. Stefnandi krafði þá stefnda um greiðslu, en hann vísaði til Samábyrgðar íslenzkra fiskiskipa, er hann kvað hafa tekið málið að sér. Er stefnandi hafði snúið sér til hennar, bauð hún í fyrstu að fella úrskurð um þóknun stefnanda samkvæmt 22. gr. laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, ef henni bærust skýrslur frá málsaðiljum um hjálpina. Skýrslur virðast engar hafa borizt til hennar og lýsti hún því síðar yfir, að hún hefði ekkert úrskurðarvald í málinu, þar sem komið hefði í ljós, að v/b Helga væri ekki tryggð hjá neinu bátaábyrgðarfélaganna, sem undir Samábyrgðina lúta. Samkvæmt skipaskrá er v/b Helga 110 brúttó rúmlestir að stærð og er því ekki tryggingarskyld hjá bátaábyrgðarfélögum, sem ræðir um í lögum nr. 61/1947, samkvæmt 2. gr. þeirra laga. Þá hefur og stefnandi ómótmælt haldið því fram, að v/b Helga væri tryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Leiðir þetta til þess, að við ákvörðun þóknunar stefnanda til handa fyrir þá hjálp, sem Helga veitti, ber að fara eftir ákvæðum siglingalaganna og úrskurðarvaldið liggur hjá hinum almennu dómstólum.

Í máli þessu hefur stefnandi ekki stefnt Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til réttargæzlu né nokkru öðru vátryggingarfélagi og því síður haft uppi sjálfstæðar kröfur á hendur neinu vátryggingarfélagi. Stefnandi hefur hins vegar stefnt Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til réttargæzlu og að lokum krafizt þess, að það félag verði með dómi í málinu skyldað ásamt stefnda til að greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem rétturinn teldi. að stefnandi ætti kröfu til. Til stuðnings þessari kröfu sinni hefur stefndi m. a. vitnað til hæstaréttardóms frá 1948 (Hrd. XIX bls. 368), þar sem vátryggjendur skips eru dæmdir til greiðslu, þótt þeim hafi aðeins verið stefnt til réttargæzlu í héraði. Hvað sem um þessa niðurstöðu má

segja og hvaða ályktanir, sem af henni kann að mega draga, þá telur réttúrinn sér ekki fært að taka þessa kröfu stefnda til greina, þar sem stefnandi sjálfur hefur engar kröfur haft uppi í málinu gegn Bátaábyrgðarfélaginu og þar að auki mótmælt því algerlega við munnlegan flutning, að félagið verði dregið inn í mál þetta og það dæmt til greiðslu við hlið stefnda.

Eins og áður er fram tekið, var sjódæla Skaptfellings óvirk eftir að eldurinn kom upp. Við slökkvistarfið hlaut því áhöfn Skaptfellings að notast við fötur, ef engin hjálp hefði borizt að. Engin skip voru í nánd, — að Helgu undanskilinni, — er eldsins varð vart. V/b Helgi Helgason, eign stefnda, var það langt undan, að hæpið er, að hann hefði komið nægjanlega tímanlega á vettvang og ekki sízt vegna þess, að Skaptfellingur átti þess engan kost að hafa samband við hann, þar eð talstöð Skaptfellings var óvirk. Til þess að tök væru á að ráða niðurlögum eldsins, virðist hafa verið nauðsynlegt að rjúfa upp þilfarið yfir olíugeymunum bakborðsmegin, en með þeim takmörkuðu tækjum, sem Skaptfellingur hafði yfir að ráða, virðist það hafa hlotið að taka langan tíma. Svo virðist sem olíugeymar skipsins liggi alveg upp við þilfarsbitana og hlaut því að vera vandkvæðum bundið að ausa með fötum á þá staði, þar sem eldurinn var, nema því aðeins að stórt svæði af þilfarinu hefði verið brotið upp. Og þegar tekið er tillit til þess, hve langan tíma það tók að ráða niðurlögum eldsins með hjálp áhafnar Helgu og sjódælu þess skips, verður rétturinn að líta svo á, að Skaptfellingur hafi verið staddur í neyð, er Helga kom að, og hafi því verið um björgun að ræða samkvæmt 229. gr. siglingalaga. Áhöfn Skaptfellings virðist hins vegar ekki hafa verið stödd í hættu, þar sem veður var gott og sjór enginn og skipið skammt undan landi. Hlaut því að vera auðvelt fyrir áhöfnina að komast í land á nótabátnum, ef á þyrfti að halda. Einnig virðist áhöfninni hafa verið unnt af eigin rammleik að bjarga síldarnót skipsins.

Ekki virðist unnt að líta svo á, að v/b Helga hafi lagt sig í neina teljandi hættu við björgunina, því ekki var sjáanlegt að legið hafi nokkru sinni nærri, að olíugeymarnir springu, meðan á slökkvistarfinu stóð.

Töf stefnanda við björgunina var 5 klst. og 25 mínútur. Bein útgjöld virðist hún ekki hafa haft í för með sér fyrir stefnanda. Stefnandi hefur talið, að hann kynni að hafa orðið fyrir einhverju aflatjóni, en engar upplýsingar liggja fyrir um síldveiði annarra skipa þennan dag. Aðeins kemur það fram í málinu, að frétzt hafi til síldar við Langanes um daginn. Verður ekki unnt að gera ráð fyrir neinu teljandi aflatjóni, þótt þess sé gætt, að skipstjóri Helgu er alkunnur aflamaður, bæði við síldveiðar og aðrar fiskveiðar.

Engar upplýsingar liggja fyrir um verðmæti v/b Skaptfellings, er björgunarstarfinu lauk. Hann er að stærð 60,46 rúmlestir brúttó og byggður 1917. Hins vegar er það upplýst, að hinn 22. marz 1950 var Skaptfellingur tryggður hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja fyrir kr. 397.800.00 og virtur af virðingarmönnum félagsins á kr. 442.000.00.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið tekið fram, lét Helga fljótt og

greiðlega hjálp sína í té og leysti af hendi gott starf við björgunina. Skipið Skaptfellingur var statt í yfirvofandi hættu, en áhöfn skipsins hins vegar ekki. Björgunarstarfið tók ekki langan tíma og virðist ekki hafa haft neinn teljandi kostnað í för með sér og um hættu fyrir Helgu og áhöfn hennar virðist tæpast hafa verið að ræða. Með tilliti til þessa og annarra atvika svo og með tilliti til verðmætis hins bjargaða skips þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, er stefnda ber að greiða stefnandanum með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 3500.00 í málskostnað.

Svo þykir og bera að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Sveini Benediktssyni f. h. Ingimundar h/f, kr. 40.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 67/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Erling Ellingsen (Theódór B. Líndal)

og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Fébætur vegna frávikningar embættismanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1952 og krafizt þess, *aðallega* að honum verði dæmd sýkna, en *til vara* að dæmd fjárhæð í héraði verði lækk-

uð. Málskostnaðar krefst hann úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1952 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 716.432.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi var hinn 21. júní 1945 skipaður flugmálastjóri um ótiltekinn tíma samkvæmt lögum nr. 24/1945. Honum var með bréfi ráðherra 15. sept. 1950 sagt upp starfanum frá 1. apríl 1951 að telja. Með lögum nr. 119 28. des. 1950 voru síðan störf flugmálastjóra lögð til embættis flugvallastjóra, er stofnað hafði verið með lögum nr. 65/1947.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 65/1947 skyldi flugmálastjóri fara með þessi störf undir stjórn Flugráðs: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða, og ekki snerta rekstur flugvalla. Telja verður, að störf þessi séu svo vandasöm og ábyrgðarmikil, að jafna megi þeim til ýmissa eldri embætta ríkisins. Þykir flugmálastjóri því eiga að sæta sömu kjörum og aðrir embættismenn, er honum var vikið frá starfa og embætti hans lagt niður. Í 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eru ákvæði um skipan og lausn þeirra embættismanna, sem Forseti Íslands skipar, en þeim ákvæðum er rétt að beita per analogiam um önnur embætti, sem ráðherra veitir. Ákvæði 20. gr. stjórnarskrárinnar var fyrst sett í 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874. Er stjórnvaldinu þar veitt heimild til að veita embættismönnum lausn fá embætti, hvort sem þeir hafa unnið til saka eða ekki. En jafnframt var svo kveðið á í téðri grein stjórnarskrárinnar frá 1874, að eftirlaun embættismanna skyldu ákveðin með lögum. Eftirlaunarétturinn var sjálfstæður réttur til launa, er embættistíma var lokið. Áunnu embættismenn sér hann með embættisstarfanum, og fór hæð eftirlauna m. a. eftir því, hversu lengi embættismaður hafði gegnt embættinu. Hugsun stjórnarskrárgjafans 1874 var sú, að stjórnvaldið hafði rétt til að víkja embættismanni frá starfa án tillits til saka, en eftirlaunarétturinn ætti að bæta þeim stöðumissinn, sem frá væri vikið, án þess að sakir væru sann-

aðar. Í samræmi við þessa hugsun veittu bæði tilskipun 31. maí 1855 og lög nr. 4/1904 embættismönnum rétt á eftirlaunum svo og biðlaunum, ⅔ af embættislaunum um 5 ár, ef embætti var lagt niður. Rétt er að geta þess hér, að auk þess skylduðu lög nr. 5/1904 embættismenn til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Í 5. gr. stjórnarskrár nr. 12/1915 er eftirlauna að engu getið. Með lögum nr. 72/1919 var hinn sjálfstæði eftirlaunaréttur aftekinn, að því er varðaði þá embættismenn, sem skipaðir voru eftir gildistöku þeirra laga, en embættismönnum þessum var gert að skyldu að kaupa sér geymdan lífeyri, sem greiðast skyldi, er embættismaður léti af embætti sakir elli eða vanheilsu. Ekki var þess getið í lögum þessum, hvernig með skyldi fara, ef stjórnvaldið neytti stjórnarskrárheimildar til að leysa embættismann fyrirvaralaust frá embætti. Hins vegar var sagt í lögunum, að embættismaður ætti rétt á að fá endurgreitt úr lífeyrissjóði vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, sem hann hafði greitt í sjóðinn, ef embætti hans var lagt niður. Ákvæði, að efni til þau sömu og nú var lýst, voru tekin upp í lög nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra svo og upp í lög nr. 101/1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í 16. gr. stjórnarskrárinnar nr. 9/1920 og nú 20. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 hefur verið tekið upp ákvæðið úr 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874 um, að stjórnvaldið geti vikið embættismanni úr embætti án tillits til saka. Þó eru undanskildir dómarar þeir, er getur í 57. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920 og 61. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944. Í stjórnarskrám þessum er hins vegar ekki ákvæðið um, að eftirlaun skuli ákveðin með lögum, enda njóta embættismenn nú ekki sérstaks eftirlaunaréttar, en eftirlaunarétturinn átti, svo sem áður segir, samkvæmt hugsun upphaflega stjórnarskrárgjafans að bæta embættismönnum, er vikið var frá án sannaðra saka, stöðumissinn. Leifar þessarar meginreglu finnast samt enn í stjórnarskránni, þar sem segir í 20. gr., að embættismaður, sem flytja á í annað embætti, geti í þess stað kosið lausn frá embætti með lögmæltum eftirlaunum eða lögmæltum ellistyrk. Þetta ákvæði bendir til þess, að stjórnarskrár-

gjafinn 1920 og síðar hafi ekki vitandi vits ætlað að svipta embættismenn þeim rétti, sem upphaflegi stjórnarskrárgjafinn veitti þeim, er stjórnvaldið neytir heimildar sinnar til að víkja þeim úr embætti. Þegar litið er til þessa svo og þess, að embættismenn, sem skipaðir eru eftir gildistöku laga nr. 72/1919, njóta ekki eftirlaunaréttar, verða dómstólar að ákveða þeim embættismönnum, sem stjórnvaldið neytir heimildar sinnar til að víkja úr embætti, nokkrar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, enda séu sakir ekki sannaðar á hendur þeim.

Þegar gætt er þess, sem að framan er rakið, og litið er á stöðu þá, sem gagnáfrýjandi gegndi, svo og að honum var vikið úr henni án nokkurra sannaðra saka, er rétt að dæma honum bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 85.000.00 með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Erling Ellingsen, kr. 85.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Erling Ellingsen, fyrrverandi flugmálastjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 31. maí 1951 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 716.432.00, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 32 frá 1929 um loftferðir var atvinnumálaráðherra veitt heimild til þess að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvélaprófi sér til aðstoðar, til að annast eftirlit með flugvélum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim og til að vera til ráðuneytis um allt það, er að loftferðamálum lyti. Heimild þessi var fyrst notuð árið 1936 og var þá skipaður flugmálaráðunautur ríkisins. Var í starfið valinn maður, sem að undan-

förnu hafði unnið að uppbyggingu flugs hér á landi í samráði við ríkisstjórnina. Hinn 12. febr. 1945 voru sett lög nr. 24 um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga skyldi atvinnu- og samgöngumálaráðherra setja á stofn sérstaka stjórn flugmála og felli þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar skyldi nefnast flugmálastjóri. Með bréfi, dags. 21. júní 1945, skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðherra stefnanda flugmálastjóra frá og með 1. júlí sama árs að telja. Árslaun voru í skipunarbréfinu ákveðin kr. 13.000.00 (grunnlaun). Þá voru í skipunarbréfinu fyrirmæli um það, að stefnanda bæri í starfi sínu að fara eftir ákvæðum síðastgreindra laga, svo og annarra þeirra laga, reglugerða og fyrirmæla, sem á hverjum tíma giltu um flugmál hér á landi, og gegna starfinu samvizkusamlega, svo sem opinberum starfsmanni hlýddi og sæmdi. Með lögum nr. 65 frá 1947 varð gerð sú breyting á stjórn flugmálanna, að í stað þess að stofnun sú, sem starfað hafði samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 frá 1945 undir forystu flugmálastjóra, heyrði beint undir ráðherra, þá var sett yfir stofnunina flugráð undir yfirstjórn ráðherra. Jafnframt var með lögum þessum stofnað embætti flugvallastjóra. Þar til breyting þessi var gerð, hafði stefnandi gegnt starfi sínu sem flugmálastjóri óbreyttu, frá því að hann var skipaður í það. En við breytinguna voru nokkur störf, svo sem rekstur og viðhald flugvalla ríkisins, greind frá starfi flugmálastjóra og fengin flugvallastjóranum. Að öðru leyti var starf stefnanda óbreytt og skyldi hann eins og áður annast nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varðaði. Formaður flugráðs var skipaður maður sá, er áður hafði verið flugmálaráðunautur ríkisins. Þá var hann og skipaður flugvallastjóri. Hélzt þessi skipun flugmálanna um skeið, en í septembermánuði 1950 barst stefnanda bréf frá samgöngumálaráðherra, dags. 15. s. m. Segir í bréfinu, að ráðuneytið hafi ákveðið að gera nokkrar breytingar á stjórn flugmálanna, er meðal annars hafi í för með sér, að lagt verði niður embætti flugmálastjóra. Muni ráðuneytið í því sambandi bera fram á næsta Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 65 frá 1947. Segir síðan orðrétt: „Með skírskotun til þessa veitir ráðuneytið yður, herra flugmálastjóri, lausn frá embætti flugmálastjóra frá 1. apríl n. k. að telja." Uppsögn þessari mótmælti stefndi í bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 20. september 1950, sem almennt ólögmætri og hvernig sem litið yrði á hana að öðru leyti, gerðri með of stuttum fyrirvara.

Hið boðaða frumvarp var síðan lagt fram á næsta Alþingi, og er í greinargerð þess sagt, að reynslan af þeirri skipan, er gerð var, er flugráð var sett, hafi reynzt vel. Hins vegar hafi það komið í ljós, að það sé ekki heppilegt og því síður nauðsynlegt, að skipta framkvæmdastjórastörfum milli tveggja jafn rétthárra embættismanna, flugvallastjóra og flugmálastjóra. Sé því lagt til, að embætti flugmálastjóra verði lagt niður. Frumvarpið var samþykkt óbreytt á Alþingi og staðfest sem lög nr. 119, 28. desember 1950. Í 5. gr. þeirra segir, að þau öðlist gildi þegar í stað. Þau munu hafa verið birt 29. des. 1950. Stefnandi ítrekaði mót-

mæli sín gegn því að vera sviptur stöðu sinni, að því er hann taldi, án tilefnis af sinni hálfu og á þann hátt, er gert var, en lét þó af starfinu samkvæmt uppsögninni hinn 1. apríl f.á. Féllu þá störf hans sem flugmálastjóra undir flugvallastjóra.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi mátt vænta þess, er hann var skipaður í embætti flugmálastjóra, að sú skipun gilti, meðan líf og heilsa hans entist eða ævilangt. Telur hann, að uppsögnin á embættinu vegna niðurfellingar þess með þeim hætti, sem gerð var, jafngildi uppsögn án saka. Bendir hann í þessu sambandi á, að störf þau, sem hann hafi gegnt sem flugmálastjóri, hafi ekki verið lögð niður, en haldizt óbreytt áfram, þau hafi aðeins verið falin öðrum manni. Þá hefur stefnandi talið, að uppsögnin hafi verið ólögleg stjórnarfarslega séð vegna valdníðslu, en ljóst er af málsatvikum, er lýst hefur verið hér að framan, að þessi málsástæða stefnanda hefur enga stoð.

Fjárhæð stefnukröfunnar miðar stefnandi, sem fæddur er í júlí 1905, við heildarverðmæti mánaðarlauna, kr. 4.397.25, fyrir tímabilið frá 1. apríl 1950 til 30. júní 1970 og nemur heildarverðmætið kr. 624.814.00. Þá er og innifalið í stefnukröfunni verðmæti eftirlaunaréttar stefanda og konu hans úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, miðað við, að hann hefði gegnt flugmálastjórastarfinu áfram. Telur stefnandi verðmæti eftirlaunaréttarins nema kr. 91.618.00. Nema fjárhæðir þessar samanlagðar hinni umstefndu kröfu. Nafngreindur tryggingarfræðingur hefur framkvæmt útreikning greindra verðmæta og segir í skýrslu hans, að útreikningurinn sé byggður á 6% vöxtum p. a. og íslenzkum dánartöflum, nema verðmæti makalífeyrisins, þar sem íslenzkar töflur séu ekki til um það. Þá segir, að tillit sé tekið til þess, að starfsorka geti tapazt í lifanda lífi.

Algerlega til vara reisir stefnandi bótakröfu sína á því, að uppsagnarfresturinn hafi verið allt of skammur, starf hans hafi verið ábyrgðarstarf. Þá bendir stefnandi á það í þessu sambandi, að uppsögnin hafi verið skilyrt. Skilyrðinu hafi ekki verið fullnægt, fyrr en lögin nr. 119 frá 1950 hafi verið samþykkt. Hafi raunverulegur uppsagnarfrestur hans því ekki verið nema 3 mánuðir.

Stefnandi reisir sýknukröfuna á því, að hér hafi ekki verið um stöðusviptingu að ræða, heldur hitt, að ákveðin staða eða embætti hafi verið lagt niður samkvæmt ákvörðun löggjafans og sé því ekki lengur til. Um það verði ekki deilt, að löggjafinn geti lagt niður embætti, þegar þörf krefji, á sama hátt og hann getur stofnað þau, en á þessari staðreynd byggist það, að stefnandi geti ekki átt neina fjárkröfu á hendur ríkissjóði, þar sem krafa hans sé á því reist, að hann eigi rétt á að gegna embætti, sem að lögum sé ekki lengur til. Heldur stefndi því fram, að niðurfelling stöðu stefnanda hafi verið eðlileg og þörf ráðstöfun, eftir því sem á stóð. Þá bendir stefndi á, að staða stefnanda hafi ekki verið tekin inn á launalög, hún hafi heldur ekki verið þáttur í rekstri ríkisins sem slíks og formið á veitingu stöðunnar hafi verið annað en við veitingu fastra embætta. Staðan hafi því verið laus í reipunum og ekki

óskyld stöðum við ríkisfyrirtæki, svo sem einkasölur ríkisins, en slíkum stöðum megi að sjálfsögðu segja upp með hæfilegum fyrirvara.

Við munnlegan flutning málsins hreyfði stefndi því, að réttmætt hefði verið að víkja stefnanda frá starfi vegna þess, að hann hefði ekki gætt nægilegs sparnaðar í ráðsmennsku sinni, en gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki fundið þessari staðhæfingu sinni stoð og ekkert var að störfum stefnanda fundið, meðan hann gegndi flugmálastjórastöðunni. Auk þess verður að telja þessa varnarástæðu stefnda of seint fram komna.

Þá hefur stefndi mótmælt útreikningi stefnanda á fjárhæð bótakröfunnar, bæði að því er varðar verðmæti vinnutekna og eftirlaunaréttar.

Loks telur stefndi, að stefnanda hafi verið sagt upp stöðunni með nægilegum fyrirvara.

Flugmál og rekstur þeirra eru tiltölulega ung hér á landi. Á síðasta áratug hafa orðið stórfelldar breytingar til framfara á flugtækni og flugsamgöngum hér á landi. Er því eðlilegt, að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á skipulagi flugmála, frá því að fyrst voru sett lög um þau. Má ætla, að löggjafinn hafi með lagasetningum og lagabreytingum um þessi efni verið að leita fyrir sér um það skipulag, sem heppilegast yrði flugmálunum til þróunar og þrifa. Er stefnandi var skipaður í stöðu flugmálastjóra, var þróun flugmála hér á landi fremur skammt á veg komin. Mátti hann því búast við, er hann tók við stöðunni, að breytingar kynnu að verða gerðar á tilhögun flugmálastjórnarinnar og þá ef til vill breytingar, er vörðuðu stöðu hans. Hins vegar mátti stefnandi ætla, að hann myndi til nokkurrar frambúðar starfa í þjónustu ríkisins við stjórn flugmála hér á landi. Að þessu athuguðu svo og því, að störf þau, sem stefnandi gegndi sem flugmálastjóri, voru ekki lögð niður, heldur falin öðrum, þykir stefnandi eiga rétt til bóta vegna þess að staða hans var lögð niður og honum vikið úr þjónustu ríkisins við flugmál hér á landi. Þykja bætur til stefnanda af þessu efni eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Er stefnandi lét af flugmálastjórastöðunni, hafði hann gegnt henni í 5 ár og 9 mánuði. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 101 frá 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins öðlast hann ekki rétt til árlegs lífeyris úr sjóðnum, fyrr en hann hafði gegnt stöðunni í 10 ár og greitt iðgjöld til sjóðsins. Þegar þetta er virt, þykir krafa stefnanda um bætur fyrir missi eftirlaunaréttar ekki hafa við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Erling Ellingsen, kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951

til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 141/1952. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Guðna Halldórssyni. (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Sýkna af ákæru um brot á 244. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við ákvæði 217. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að hann hafi brotið ákvæði 244. gr. sömu laga, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði, svo sem gert er í héraðsdómi. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Halldórsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 6. marz 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 6. marz, var í sakadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5/1951, ákæruvaldið gegn Guðna Halldórssyni, en málið var dómtekið þá samdægurs.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, útgefnu 15. sept. 1951 af dómsmálaráðuneytinu, fyrir brot gegn 217., 218. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til refsingar, skaðabótagreiðslu, réttindamissis og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. desember 1926 í Vestmannaeyjum, og hefur áður sætt eftirtöldum refsingum og ákærum:

1944 12/6 Vestmannaeyjar. Kærður af Bryngerði Bryngeirsdóttur fyrir að taka af henni hring. Afgreitt með áminningu og skaðabótum kr. 150.00.

1946 20/3 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.

1948 28/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1949 25/7 Reykjavík. Dómur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir svik.

1949 25/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.

1949 24/9 Reykjavík. Dómur (setudómara S. S.) 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað á hjólbarða frá sakadómara. Greiði 500 króna skaðabætur.

1950 23/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun og óspektir innanhúss.

1950 15/5 Vestmannaeyjar. Kærður af Tryggingarstofnun ríkisins fyrir misferli með fæðingarstyrk. Refsing felld niður, gegn því að kærði greiði T. R. kr. 1500.00 auk 6% ársvaxta frá 7/2 1949 fyrir 1/10 1950.

1950 3/11 Reykjavík. Dómur (setudómari E. I.) 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. og 247. gr. hegningarlaga.

Atvik málsins eru þessi:

Á gamlárskvöld 1950 kom Karl Stefán Daníelsson, prentari úr Reykjavík, á Selfossbíó og fékk þar leigt herbergi. Hann segir svo frá, að hann hafi lagt sig í herberginu um kl. 22.00. Stuttu síðar segir hann að komið hafi maður inn í herbergið og spurt eftir Guðmundi, hótelhaldaranum. Maður þessi fór síðan úr frakkanum og jakkanum og lagði sig á dívan, sem var auður í herberginu. Um kl. 24.00 kveðst Karl Stefán hafa slökkt ljósið í herberginu og farið að sofa. Vissi hann ekki af sér fyrr en seinni hluta nætur, að hann vaknaði við það að hann var barinn a. m. k. þrjú högg á báða kjálka. Fékk hann glóðaraugu á bæði augu og efri vörin sprakk. Karl Stefán vissi ekki, hver valdur var að árásinni, en áleit, að þeir hefðu verið tveir, því að einn maður hefði ekki verið svona fljótur að

þessu og auk þess að leita í fötum hans og stela úr þeim peningum, en Karl Stefán saknaði kr. 120.00 í peningum, er áttu að vera í veski í jakkavasa hans, en jakkinn hékk á stólbaki í herberginu. Veskið kvaðst hann síðar hafa fundið í brjóstvasanum á frakka sínum á rúminu sínu og var það þá tómt. Karl Stefán kveðst hafa hér um bil rotast af höggunum, en kveðst hafa heyrt, að herbergisfélagi hans vaknaði og fór að slást við einhvern. Hann kveðst ekki hafa þekkt herbergisfélaga sinn. Herbergið segir hann að hafi verið ólæst og ekki hægt að læsa því.

Meiðsli Karls Stefáns voru samkvæmt vottorði Bergsveins Ólafssonar, læknis, dags. 12. jan. 1951, þessi:

Glóðaraugu beggja megin, allmjög þrútinn í andliti og þó mest framan við vinstra eyra. Hrufl á húð hægra gagnauga og smá húðrispur vinstra megin á andliti. Auk þess hafi hann stöðugan höfuðverk, sem bendi til þess, að hann hafi fengið léttan heilahristing.

Magnús Jochumsson, rennismiður á Selfossi, skýrir svo frá, að hann hafi verið á áramótadansleik í Selfossbíói. Eftir dansleikinn kveðst hann hafa hitt Karl Stefán Daníelsson, sem bauð honum inn í herbergi sitt. Skömmu eftir að þeir komu inn í herbergið, fór Karl Stefán frá, en Magnús lagði sig út af í legubekk í herberginu og sofnaði strax. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að sofa nema litla stund, er hann vaknaði aftur. Stóð þá maður, sem hann þekkti ekki, á gólfinu í herberginu og lét allófriðlega. Magnús kveðst hafa staðið á fætur, en þá barði komumaður hann í andlitið. Er Magnús spurði, hverju það sætti, að hann réðist að þeim Karli, en Karl lá alblóðugur í andliti í rúmi sínu, sagði árásarmaðurinn, að Magnús hefði barið sig að fyrra bragði. Magnús hopaði nú undan árásarmanninum fram gang hótelsins og fram í eldhús, en hinn elti og kom nokkrum höggum á andlit honum á leiðinni. Í eldhúsinu var hótelhaldarinn og fleira fólk. Árásarmaðurinn kom ekki inn í eldhúsið á eftir Magnúsi, en menn, sem staddir voru í eldhúsinu, snöruðust fram í ganginn og komu inn með ákærða, sem hafði verið rétt við eldhúsdyrnar. Taldi Magnús, að hann væri árásarmaðurinn. Um sömu mundir kom Karl Stefán fram í eldhúsið blóðugur í andliti og bólginn.

Samkvæmt vottorði Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis, dags. 3. jan. 1951, voru áverkar á Magnúsi Jochumssyni þessir:

Hægri kinn öll bólgin og blóðhlaupin neðan við augað, ennfremur er vinstri kinn nokkuð bólgin og skurður á höku, rúmur 1 cm. á lengd.

Auk þess saknaði Magnús armbandsúrs, sem hann telur að hafi verið í jakkavasa sínum, en jakkinn hékk á stólbaki í herberginu.

Ákærði hefur með öllu neitað að hafa átt nokkurn þátt í árásinni á þá Karl Stefán og Magnús og því að vera valdur að hvarfi peninga frá Karli Stefáni og úrs frá Magnúsi. Hann kveðst hafa verið á áramótadansleiknum á Hótel Selfoss, en kveðst aldrei hafa farið inn í gistihúsið. Hann kveðst þó hafa komið inn í eldhúsið. Hann kveðst hafa verið mikið drukkinn, en þó muna sæmilega eftir því helzta, sem fyrir hann kom. Hann minnist þess ekki að hafa átt orðaskipti við Magnús Jochumsson um nóttina eða þá Eyþór og Eggert Magnússyni frá Votmúla, en það eru

þeir, sem kipptu honum inn í eldhúsið úr hótelganginum. Hann minnist yfirleitt einskis, sem fram fór á hótelinu um nóttina, og hefur mótmælt framburði hinna af þeim sökum.

Vitnið Eggert Magnússon hefur borið það, að eftir dansleikinn hafi það verið statt í eldhúsi Hótel Selfoss, er Magnús Jochumsson kom þangað inn, og skýrði frá því, að maður hefði ráðizt á þá Karl Stefán Daníelsson og barið þá og væri maður þessi frammi á ganginum. Vitnið fór þá fram í ganginn og var þar þá ákærði Guðni Halldórsson og kippti vitnið honum inn í eldhúsið.

Vitnið Jón Ingi Magnússon kveðst hafa verið statt frammi í hótelinu eftir að dansleiknum lauk. Varð það vart við ákærða þar. Vitnið kom inn á herbergi Karls Stefáns Daníelssonar og dvaldist þar smástund. Var það að tala við Karl Stefán, en Magnús Jochumsson svaf á legubekk í herberginu. Er vitnið fór út úr herberginu, sá það ákærða á ferli á hótelganginum. Vitnið fór þá inn á annað herbergi og dvaldist þar um stund, en fór síðan fram í eldhús. Voru þá komnir þar bæði Magnús og Karl Stefán og var verið að ræða um árásina á þá. Vitnið segir, að ljós hafi logað á öllum göngum hótelisins um nóttina.

Framburður Karls Stefáns er nokkuð ruglingslegur, einkum að því er við kemur tímanum, er Magnús kemur inn í herbergi hans. Karl Stefán heldur því fram, að dimmt hafi verið í herberginu, er árásin var framin, en Magnús fullyrðir, að ljós hafi logað í því.

Með framburði Magnúsar, sem hefur árásarmanninn fyrir augum sér frá herbergi Karls Stefáns fram að eldhúsdyrum, Jóns I. Magnússonar, sem sér ákærða á ferli í hótelganginum rétt áður en árásin er gerð, og Eggerts Magnússonar um það, að ákærði stendur utan við eldhúsdyrnar rétt um leið og Magnús kemur inn í eldhúsið, verður að telja fram komnar nægilega sterkar líkur fyrir því, að ákærði hafi verið árásarmaðurinn, til þess að sakfella hann. Hins vegar þykja ekki vera fram komnar nægar líkur fyrir því, að hann sé valdur að peningahvarfi frá Karli Stefáni og hvarfi úrs frá Magnúsi Jochumssyni og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur með árásinni á þá Karl Stefán og Magnús gerzt brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin með tilliti til þess, að hún er framin á Karli Stefáni sofandi, tveggja mánaða fangelsi.

Karl Stefán hefur gert skaðabótakröfu að upphæð kr. 4889.07, er sundurliðast þannig:

Vinnutjón	kr.	769.07
Horfnir peningar	—	120.00
Miskabætur	—	4000.00
Samtals	kr.	4889.07

Vinnutjónið er sannað með vottorði vinnuveitanda og ber því að taka þá kröfu að fullu til greina. Krafa vegna horfinna peninga verður ekki tekin til greina. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00. Sam-

tals ber því ákærða að greiða Karli Stefáni kr. 2769.07.

Magnús Jochumsson hefur gert kröfu um skaðabætur, en hefur ekki sundurliðað kröfuna. Með hliðsjón af áverkum þeim, sem Magnús hlaut og lýst er í vottorði Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis, þykir verða að dæma honum bætur og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 1000.00.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500.00.

Dráttur á málinu, síðan vörn var skilað, stafar af annríki dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Halldórsson, sæti tveggja mánaða fangelsisvist. Hann greiði Karli Stefáni Daníelssyni prentara, Hverfisgötu 83, Reykjavík, kr. 2769.07 og Magnúsi Jochumssyni rennismið, Selfossi, kr. 1000.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 31/1953. **Gunnar Þorsteinsson f. h.**
P. Rudebeck Larsen
gegn
Siglunesi h/f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður

Áfrýjandi, Gunnar Þorsteinsson f. h. P. Rudebeck Larsen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 9/1953. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Guðlaugi Einarssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál þetta tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðlaugi Einarssyni, sem sótt hefur dómþing í máli þessu, 125 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. apríl 1953.

Nr. 187/1951. **Ólafur Markússon** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Haraldi Guðmundssyni (sjálfur)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Söluþóknun fasteignasala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 23. janúar 1952 áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 24. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9600.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. maí 1950 til greiðslu-

dags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Markússon, greiði gagnáfrýjanda, Haraldi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. apríl 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 20. þ. m., hefur Haraldur Guðmundsson, löggiltur fasteignasali, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. maí 1950 gegn Ólafi Markússyni, Guðrúnargötu 2, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.600.00 með 5% ársvöxtum frá 4. maí 1950 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að veturinn 1949—1950 hafi móðir stefnda, Málfríður Ólafsdóttir, átt nokkur símtöl við sig um að útvega 5 herbergja íbúð á hitaveitusvæðinu í skiptum fyrir húsið nr. 10 við Fjölnisveg, en það hús áttu þá stefndi og bróðir hans, Einar. Nokkru síðar eða í marzmánuði hafi Guðlaugur Magnússon, Guðrúnargötu 2, beðið sig að útvega einbýlishús og getið þess jafnframt, að hægt væri að láta hálfa húseignina nr. 2 við Guðrúnargötu í skiptum. Stefnandi lét nú Málfríði og Guðrúnu vita hvort af öðru, en Málfríður hafi þá strax sagt, án þess að skoða húseignina við Guðrúnargötu, að skipti kæmu ekki til greina. Eftir þetta hafi Málfríður enn hringt öðru hvoru og hinn 14. apríl 1950 kveðst stefnandi að beiðni Málfríðar hafa farið að skoða húsið við Fjölnisveg og hafi hún og stefndi sýnt sér það. Jafnframt kveðst stefnandi hafa spurt þau, hvort þau vildu ekki skoða húsið við Guðrúnargötu, en þau hafi talið það þýðingarlaust, þar eð eigi væru nema 4 herbergi á hæð þar. En fyrir áeggjan sína hafi þau öll farið að skoða húsið og hafi stefnda og móður hans litizt vel á það. Síðan kveðst stefnandi hafa hringt til Guðlaugs Magnússonar og sagt honum, að líklegt væri að orðið gæti úr skiptum. Hinn 17. s. m. sagði Guðlaugur stefnanda, að hann hefði gert tilboð um skipti gegn því, að hann greiddi kr. 225.000.00 sem milligjöf. Kveðst stefnandi þá sama dag hafa átt símtal við Málfríði og sagt henni að athuga tilboð þetta vel. Hafi hún játað því, en sagt það skyldu sína

að auglýsa húsið, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að fá fyrir það hærra verð. Hinn 25. s. m. átti Guðlaugur enn símtal við stefnanda og tjáði honum, að nú stæði til að ganga frá kaupunum og ætti milligjöf að vera kr. 230.000.00. Hinn 28. s. m. var endanlega frá kaupunum gengið í skrifstofu Ragnars hrl. Ólafssonar, og krafðist stefnandi stefnda þá um sölulaun, en stefndi neitaði og er mál þetta því höfðað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi engan þátt átt í sölu húseignarinnar, enda aldrei verið beðinn um að selja hana. Kveðst stefnandi sjálfur hafa komizt í samband við Guðlaug Magnússon í janúar-eða febrúarmánuði 1950. Hafi Guðlaugur þá viljað kaupa húsið við Fjölnisveg, en af kaupum hafi ekki orðið, þar eð stefndi hafi talið, að íbúð sú, er Guðlaugur bauð í skiptum, væri of lítil, en sala á húsinu við Fjölnisveg hafi ekki komið til greina, nema í skiptum fyrir aðra húseign.

Guðlaugur Magnússon hefur komið fyrir dóm og staðfest, að rétt sé frá skýrt, að því er varði skipti milli hans og stefnanda, eins og skýrt er frá hér að framan. Hann kveðst sjálfur hafa komizt í samband við Málfríði Ólafsdóttur og rætt um íbúðaskipti, en ekkert orðið úr ákvörðun. Er því ljóst, að stefnandi kom ekki á sambandi milli þeirra. Hins vegar er ljóst af framburði Guðlaugs og stefnda, sem einnig hefur komið fyrir dóm, að það leiddi ekki til neinna skipta þeirra í milli. Stefndi hefur viðurkennt, að hann hafi rætt við stefnanda um gangverð á húsinu við Fjölnisveg, er hann kom að skoða það. Þá hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda, að hann og móðir hans hafi farið beinlínis fyrir áeggjan stefnanda að skoða húsið við Guðrúnargötu, en ekki verður annað séð en sú ferð hafi leitt til þess, að úr kaupum varð milli stefnda og Guðlaugs. Með tilliti til þess þykir stefnandi eiga rétt til þóknunar úr hendi stefnda, er þykir hæfilega ákveðin kr. 2.500.00.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Markússon, greiði stefnanda, Haraldi Guðmundssyni, kr. 2.500.00 með 5% ársvöxtum frá 4. maí 1950 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. apríl 1953.

Nr. 24/1953. **Ákæruvaldið** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Ray Owen Bond (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði, sem er liðsmaður í varnarliði Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, er sóttur til sakar samkvæmt heimild í lögum nr. 110/1951.

Ákæra í máli þessu tekur ekki til brota samkvæmt neinni grein XXII. kafla laga nr. 19/1940.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við 217. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing ákærða, eins og afbroti hans er háttað, hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi, en rétt þykir, að varðhaldstími ákærða frá 11. nóvember til 20. desember 1952 komi til frádráttar refsingunni.

Skaðabótakrafa X verður ekki dæmd í þessu máli samkvæmt f-lið 2. tl. 12. gr. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, sbr. 1. gr. laga nr. 110/1951, heldur verður hún að sæta meðferð samkvæmt upphafsákvæði 2. tl. 12. gr. sama samnings.

Ekki eru rök til að dæma ákærða til að greiða málflutningslaun talsmanns ríkissjóðs í héraði, en að öðru leyti eiga að vera óröskuð ákvæði héraðsdóms um laun til sækjanda og verjanda í héraði. Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu annars sakarkostnaðar, þar á meðal málflutningslauna til sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 1200 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ray Owen Bond, sæti fangelsi 5 mánuði. Varðhaldstími hans frá 11. nóvember til 20. desember 1952 komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda í héraði, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, laun verjanda í héraði, Halldórs Þorbjörnssonar hdl., kr. 750.00, svo og laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. janúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. desember s. l., er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, dags. 2. desember s. l., höfðað gegn S/Sgt. Ray Owen Bond, slökkviliðsmanni í varnarliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til refsingar fyrir líkamsárás samkvæmt 218. grein, en til vara 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, greiðslu skaðabóta samkvæmt kröfu X og til greiðslu alls sakarkostnaðar, fyrir að hafa aðfaranótt 26. okt. 1952 ráðist á X, Keflavík, er hún var stödd í skála á Keflavíkurflugvelli, þar sem slökkviliðsmenn búa, eftir að stúlka þessi hafði neitað honum um líkamlegar samfarir, en af árás þessari hlaut X glóðarauga á hægra auga, marbletti eftir högg á enni, bólgur í andlit, ör og eymsli í öxl og brjóst.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, kveðst vera fæddur 28. marz 1928 í Fayettville í Arkansas í Bandaríkjunum og hefur hann ei, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu hér á landi.

Málavextir eru þessir:

X hefur skýrt svo frá, að um kl. 13.00 laugardaginn 25. október hafi hún farið til slökkvistöðvar flugvallarins til þess að heimsækja mann að nafni Val Jóhannsson, er þar vinnur.

Þar sem Valur var á vakt, hafi hann farið með sig inn í eina af setustofum slökkviliðsmanna og kynnt sig fyrir nokkrum mönnum, er þar sátu við skál. Kveðst X hafa verið þarna við drykkju og spil þangað til um kl. 01.00 um nóttina, að því er hún fyrst taldi, en þá fór hún inn í annan hluta slökkvistöðvarinnar, þar sem íslenzkir slökkviliðsmenn búa. Við síðari yfirheyrzlur var hún þó ekki viss um, að þessi tími væri réttur. Þannig hagar til í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, að í öðrum enda hans er setustofa, sem slökkviliðsmennirnir, er þarna búa, hafa til sameiginlegra afnota, og er fyrst komið inn í setustofuna, þegar gengið er inn í skálann.

Gegnt innganginum eru 2 samliggjandi herbergi, en á hægri hönd, þegar inn er komið, er langur, þröngur gangur. Tvö herbergi eru beggja megin við gang þennan, en fyrir enda hans eru tvö samliggjandi herbergi og til hliðar við þau er eitt herbergi.

X kveðst hafa gengið í gegnum setustofuna, þar sem nokkrir Íslendingar og Ameríkanar sátu að drykkju. Var hún á leið til salernis, en það er fremst á vinstri hönd, þegar komið er inn í ganginn. Er X var komin inn í ganginn, segir hún, að skyndilega hafi verið þrifið í sig, henni hent inn í herbergi og upp í rúm. Kveður hún árásarmanninn, ákærða í máli þessu, hafa reynt að knýja sig til samfara, reynt að rífa utan af sér fötin, en ekki tekizt. Kallaði X á hjálp og veitti mótspyrnu eftir mætti. Er X ekki vildi láta að vilja ákærða, segir hún að hann hafi byrjað að slá sig í andlitið og misþyrma sér, þar til hún vissi ekki af sér, en áður varð hún þess vör, að ákærði spratt á fætur og fór út úr herberginu og kveðst hún þess viss, að honum hafi ekki tekizt að koma fram vilja sínum. Lá X svo þarna í rúminu til morguns, er slökkviliðsmenn komu að henni og tilkynntu lögreglunni á Keflavíkurflugvelli um atburð þennan.

Þar sem X taldi sig örugglega mundu þekkja árásarmanninn, ef hún sæi hann aftur, fóru þeir lögregluþjónarnir Elías Jón Jónsson og Kjartan Henry Finnbogason aftur með hana upp á slökkvistöð flugvallarins, eftir að læknir í Keflavík hafði athugað meiðsli hennar og gert að þeim. Benti X á árásarmanninn, ákærða í máli þessu, úr hópi 6 eða 7 slökkviliðsmanna, sem sérstaklega höfðu verið tilkvaddir.

Ákærði, Ray Owen Bond, hefur borið, að hann hafi komið inn í skála þann, þar sem íslenzku slökkviliðsmennirnir búa, um kl. 23.00 á laugardagskvöldið 26. október. Þar hafi þá verið fyrir í setustofunni tvær íslenzkar stúlkur, tveir íslenzkir slökkviliðsmenn og tveir amerískir. Kveðst ákærði fyrst hafa séð X, er hún kom í dyrnar, sem eru á milli gangsins og dagstofunnar. Stóð hún þar við nokkur augnablik, en gekk því næst inn í ganginn og sá ákærði ekki, hvert hún fór. Nokkru síðar kveðst ákærði hafa verið staddur í ganginum, og hafi þá X komið út úr einu herbergjanna. Kveðst ákærði hafa haft orð á því við hana, að hún væri mjög drukkin, en hún hafi ekki anzað því neinu. Í þessu segir ákærði, að einhver maður, sem hann ekki bar kennsl á, hafi komið inn ganginn og staðnæmzt við hlið stúlkunnar. Gekk ákærði þá aftur fram í setustofuna, sem þá var orðin mannlaus.

Eftir um það bil hálfa klukkustund kveðst ákærði hafa farið inn í eitt svefnherbergjanna við ganginn og lá þá stúlkan þar uppi í rúmi. Hefur ákærði viðurkennt að hafa lagzt upp í rúmið hjá X í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana, en þar sem hún vildi ekki þýðast hann, hafi hann farið í burt eftir nokkrar mínútur. Kveðst hann hafa farið í burtu af slökkviliðsstöðinni og beina leið heim til sín. Ekki veit hann, hvað klukkan var þá.

Í fyrstu neitaði ákærði því algerlega að hafa barið X í andlitið eða misþyrmt henni á nokkurn hátt. Við síðari yfirheyrzlu breytti ákærði þessum framburði sínum og játaði, að hann hefði slegið stúlkuna með flötum lófa hægri handar og hafi höggið komið á vinstri kjálka hennar. Kvað hann stúlkuna hafa klórað sig og hafi hann þá orðið reiður. Hins vegar hefur ákærði staðfastlega neitað, að áverkar stúlkunnar hafi getað hlotizt af þessu eina höggi.

Frekara samræmi hefur ekki náðst í framburði ákærða og X.

Skal nú rakinn framburður vitna þeirra, sem voru í boði íslenzku slökkviliðsmannanna umrætt kvöld.

Vitnið Arvell Bryant Williams ber, að X hafi komið inn í setustofu íslenzku slökkviliðsmannanna milli kl. 23.00 og 24.00 og hafi ákærði komið 15—20 mínútum á eftir henni. Kveður vitnið X hafa verið mjög drukkna, hafi hún dottið í áðurnefndum gangi og vitnið reist hana við. Vitnið segir, að það hafi aðeins staðið við í 5—10 mínútur eftir að ákærði kom og hafi það farið í burt af slökkvistöðinni um miðnætti ásamt félaga sínum, Burton Tingle. Var ákærði einn eftir í setustofunni, er þeir fóru.

Vitnið Walter Burton Tingle skýrir frá atvikum mjög á sama veg og vitnið Williams. Það kveður X hafa verið alldrukkna. Hún hafi dottið í ganginum og hafi þeir Magnús Ólafsson og Guðmundur Pétursson reist hana á fætur.

Vitnið Gunnar Pétursson kveðst hafa farið til Keflavíkur ásamt Magnúsi Ólafssyni um kl. hálf tólf. Með þeim voru 2 stúlkur, sem þeir höfðu verið að skemmta sér með. Vitnið mætti X í ganginum nokkru áður en það fór. Einnig mætti vitnið ákærða þar og tóku þeir tal saman. Var ákærði að sögn vitnisins í setustofunni, er það fór ásamt Magnúsi og stúlkunum. Einnig minnir vitnið, að þeir Williams og Tingle hafi orðið eftir.

Vitnið Magnús Ólafsson kveðst hafa mætt X á margnefndum gangi. Hafi hún þá verið að koma út úr herbergi Guðmundar Péturssonar slökkviliðsmanns, en það er innra herbergið við ganginn á vinstri hönd, þegar gengið er inn. Virtist vitninu hún alldrukkin og kveður hana hafa misst af sér annan skóinn og hafi einhver hjálpað henni í hann. Er vitnið var á leiðinni fram í setustofuna, heyrði það hávaða og sá, er það leit um öxl, að X hafði dottið á gólfið. Vitnið kveður ákærða hafa verið í setustofunni, er það fór í burtu af slökkvistöðinni ásamt Gunnari Péturssyni og stúlkunum.

Vitnið segir, að Guðmundur Pétursson hafi verið á leiðinni inn á slökkvistöðina, er það var að fara út.

Þeir Gunnar og Magnús komu ekki aftur upp á slökkvistöðina þessa nótt.

Vitnið Guðmundur Pétursson slökkviliðsmaður hefur borið, að hann hafi farið til Keflavíkur um kl. 22.00. Ekki man vitnið með vissu, hvenær það kom upp á slökkvistöðina, en haldið hefur það því fram, að ákærði hafi opnað fyrir því útidyrnar, vegna þess að það hafi ekki haft lykil að þeim. Er vitnið kom inn í setustofuna, voru þeir Williams og Tingle þar fyrir. Kveðst vitnið hafa staldrað við þar í 10—15 mínútur og hafi þá annað hvort Williams eða Tingle beðið sig um að fara ekki inn í sitt eigið herbergi, vegna þess að ákærði væri þar inni með stúlku, að því er vitninu skildist. Fór vitnið því inn í annað herbergi, sem er rétt við þess eigið, og lagði sig þar. Er vitnið hafði legið þarna skamma hríð, heyrði það karlmannsrödd innan úr sínu herbergi segja: „Shut up and

split your legs." Eftir það heyrði vitnið eitthvert uml í stúlku, en gat ekki greint orðaskil.

Vitnin Arvell Bryant Williams og Walter Burton Tingle hafa báðir eindregið mótmælt þessum framburði Guðmundar Péturssonar, að því er þá varðar. Vitnið Walter Burton Tingle hefur haldið því fram, að Guðmundur Pétursson hafi verið sofnaður í öðru herbergi en sínu eigin, áður en það og William fóru burtu. Hefur ekki náðst samræmi í framburð þessara vitna.

Auk Guðmundar Péturssonar urðu þrír aðrir slökkviliðsmenn, er búa í skálum, sem áfastir eru við skála Íslendinganna, varir við hávaða þessa umræddu nótt, er stafaði af viðureign á milli karlmanns og kvenmanns. Ennfremur varð Robert Clyde Sparkman, er býr í sama hluta slökkvistöðvarinnar og Íslendingarnir, þessa var.

Skal nú framburður þessara vitna rakinn.

Vitnið Anthony Szlinga slökkviliðsmaður var nýháttaður í herbergi, sem er áfast við híbýli Íslendinganna. Það kveðst hafa heyrt stúlku æpa a. m. k. tvisvar sinnum og virtist vitninu hljóðið koma frá híbýlum íslenzku slökkviliðsmannanna. Telur vitnið, að þetta hafi verið um miðnætti.

Vitnið Elbert Edwin Emmons slökkviliðsmaður kveðst hafa verið nýkominn inn í skálann, sem það sefur í, en milli hans og herbergja Íslendingjanna er einn veggur. Heyrði vitnið þá hávaða og karlmannsrödd, er því virtist koma frá svefnklefum Íslendinganna, segja: „Shut up or I will hit you again," og síðar, „Shut up and split your legs." Heyrði vitnið kvenmann æpa „no, no, no," en karlmannsröddin sagði „Be quiet".

Eitt skiptið segir vitnið, að kvenmaðurinn hafi byrjað að segja eitthvað, en þagnað allt í einu, eins og henni væri varnað máls. Telur vitnið, að það hafi verið um miðnætti, sem það heyrði þetta, og hafi það heyrt þennan hávaða í a. m. k. stundarfjórðung.

Vitnið Frank Cornelius slökkviliðsmaður var í sama herbergi og vitnið Emmons. Það kveðst hafa heyrt konugrát og síðan hafi kvenmaður hrópað „Don't" eða eitthvað á þá leið 2—3 sinnum. Einnig heyrði vitnið karlmannsrödd, sem sagði „Shut up and open your legs" eða eitthvað á þá leið. Var þetta á milli kl. 24.00 og 01.00. Telur vitnið sig hafa heyrt raddir þessar allt að því hálfa klukkustund. Um kl. 01.00 voru vitnið og Emmons kvaddir út og voru þeir fjarverandi í 3—4 stundarfjórðunga. Er þeir komu aftur, urðu þeir einskis varir.

Vitnið Robert Clyde Sparkman slökkviliðsmaður býr í sömu álmu og íslenzku slökkviliðsmennirnir. Það kom í herbergi sitt um kl. 15 mínútur í 01.00. Milli herbergis vitnisins og herbergis Guðmundar Péturssonar, sem X var í morguninn eftir árásina, er eitt herbergi fremur lítið. Vitnið kveðst hafa heyrt hálf niðurbælt hljóð í kvenmanni og kvenmannsrödd segja: „Dont do that to me" eða eitthvað á þá leið. Þá heyrði vitnið karlmannsrödd, er sagði: „Hush up." Vitnið gekk nú inn í næsta herbergi við hliðina á sínu og gekk eftir ganginum, sem liggur eftir endilangri álm-

unni og inn í setustofuna. Ekki varð vitnið mannaferða vart á þessari leið, en heyrði, er það gekk fram hjá herbergi Guðmundar Péturssonar, að hávaðinn í karlmanninum og kvenmanninum kom þaðan.

Er vitnið kom aftur inn í sitt eigið herbergi, heyrðist einhver koma út úr herbergi Guðmundar Péturssonar og ganga fram ganginn í áttina til dagstofunnar. Eftir þetta fór vitnið út og inn í annan hluta slökkvistöðvarinnar. Um kl. 02.00 kom það aftur í sitt eigið herbergi og varð þá ekki neins vart. Ekkert þessara vitna kveðst hafa gert sér grein fyrir því, að neitt alvarlegt væri á seyði.

Lögreglan athugaði, hvort aðrir af þeim, sem búa í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, hefðu verið heima þessa nótt og leiddi sú rannsókn í ljós, að svo var ekki.

Í vottorði Karls G. Magnússonar héraðslæknis, sem skoðaði X morguninn eftir árásina, er áverkum hennar lýst svo: „Glóðarauga á h. auga. Marblettir eftir högg á enni h. megin. Hægri kinnbein og allur andlitshelmingur rauður og mjög bólginn og helaumur viðkomu. Báðar varir stokkbólgnar. Vinstri neðra kjálkabein bólgið og mjög aumt viðkomu. Hægri öxl marin og aum og marblettir á h. brjósti og brjóstbeini. Hreyfingar í axlarlið sárar."

Framburðir þeirra 5 vitna, sem urðu vör viðureignarinnar á milli karlmannsins og kvenmannsins umrædda nótt, benda eindregið til þess, að amerískur karlmaður hafi verið að leitazt eftir samförum við kvenmanninn, en hún hafi ekki viljað þýðast hann og veitt mótspyrnu. Einnig benda framburðir þessara vitna til þess, að viðureignin hafi farið fram í herbergi Guðmundar Péturssonar. Ákærði í máli þessu hefur viðurkennt að hafa farið inn í herbergi til X á því tímabili, sem vitni heyrðu viðureignina, lagzt upp í rúm til hennar í þeim tilgangi að hafa samfarir við hana, hún hafi klórað sig í andlitið svo hann reiddist og lamdi hana eitt högg á vinstri kjálkann með flötum lófanum.

Vitnið Guðmundur Pétursson hefur borið, að hann hafi þekkt rödd ákærða og sagði hann X frá því, að það mundi hafa verið ákærði Bond, er réðist á hana. X, sem kveðst ekki hafa þekkt neinn mann með nafni ákærða, benti hiklaust á ákærða úr hópi 6 eða 7 manna, er til voru kvaddir. Það er upplýst, að auk ákærða og X voru aðeins þeir Guðmundur Pétursson og Robert Clyde Sparkman heima í þessum hluta slökkvistöðvarinnar, er atburður þessi gerðist.

Af því, sem nú er rakið, lítur rétturinn svo á að sannað sé, að ákærði, Ray Owen Bond, hafi aðfaranótt 26. október síðastliðinn veitt stúlkunni X áverka þá, sem hún hlaut þessa nótt, er hún neitaði honum um líkamlegt samneyti.

Með hliðsjón af eðli áverka þeirra, sem X hlaut, lítur rétturinn svo á, að brot ákærða beri að heimfæra undir 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ákærði var hafður í fangelsi hjá hernum frá 26. október til 20. desember og skal sá tími koma til frádráttar refsivist hans með fullri

dagatölu. X hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér alls krónur 10.470.00 og sundurliðar hún kröfu sína þannig:

1. Skoðun og vottorð Karls Magnússonar læknis kr. 20.00
2. Viðgerð og nýsmíði á gerfigóm ..... — 350.00
3. Röntgenskoðun ..... — 100.00
4. Bætur fyrir mizka, þjáningar og óþægindi .... — 10.000.00

Kr. 10.470.00

Umboðsmenn ákærða og ríkissjóðs hafa krafizt sýknu af öllum skaðabótakröfum, en til vara mótmælt lið 4 sem alltof háum. Rétturinn verður að telja, að nægileg rök hafi verið færð fyrir lið 1—3 og beri að taka þá til greina að öllu leyti, en bætur samkvæmt lið nr. 4 þykja hæfilega ákveðnar kr. 3500.00.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma ákærða til að greiða X kr. 3970.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, þóknun til skipaðs verjanda, kr. 750.00, og til umboðsmanns fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ray Owen Bond, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fangavist ákærða hjá hernum frá 26. október til 20. desember skal koma til frádráttar refsivist hans með fullri dagatölu.

Ákærði greiði X kr. 3970.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin þóknun til skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., kr. 800.00, þóknun til skipaðs verjanda, Halldórs Þorbjörnssonar hdl., kr. 750,00, og til umboðsmanns fjármálaráðherra, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. apríl 1953.

Nr. 44/1952. **Högni Gunnarsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Sigrúnu Edwald (Magnús Thorlacius)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak fyrir framfærslueyri.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. marz 1952. Gerir hann þær dómkröfur, að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1952 ásamt eftirfarandi lögtaksgerð 20. s. m. verði felldur úr gildi, en til vara að synjað verði að svo stöddu um framkvæmd lögtaksins. Verði hvorug þessara krafna tekin til greina, krefst aðaláfrýjandi þess, að lögtaksgerðin verði ómerkt, en til vara, að mánaðarlegar greiðslur hans til gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 18. marz 1952, gerir þær dómkröfur, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir verði staðfestar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið leitt í ljós, að aðiljar fengu lögskilnað hinn 5. júní 1951. Krefst aðaláfrýjandi þess, að honum verði ekki dæmt að greiða gagnáfrýjanda meðlag frá þeim degi að telja. Er þessu ekki andmælt af hálfu gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu lækkar meðlagskrafa gagnáfrýjanda um kr. 1666.67 eða í kr. 46.333.33. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu lögtaksgerðarinnar er ekki á nægum rökum reist, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem leitt er í ljós um hagi aðaláfrýjanda,

þykir hæfilegt, að teknar séu kr. 1000.00 af mánaðarlaunum hans hjá h/f Keili til greiðslu á framangreindri meðlagsskuld hans við gagnáfrýjanda, unz kröfunni er fullnægt eða annað kann að verða ákveðið með dómi vegna breyttra ástæðna.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og eftirfarandi lögtaksgerð eiga að vera óröskuð að öðru en því, að taka skal hjá h/f Keili af launum aðaláfrýjanda, Högna Gunnarssonar, kr. 1000.00 mánaðarlega, unz lögtakskröfu gagnáfrýjanda, Sigrúnar Edwalds, í máli þessu, kr. 46.333.33, er fullnægt eða annað kann að verða ákveðið með dómi vegna breyttra ástæðna.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 1 þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigrún Edwald, Aðalstræti 16, Ísafirði, krafizt þess, að gert verði lögtak í launum Högna Gunnarsonar, Laugarnesvegi 52, hjá Keili h/f, hér í bænum, til tryggingar meðlagsskuld að fjárhæð kr. 48.000.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1951 til greiðsludags, innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kr. 20.76 í birtingarkostnað auk alls kostnaðar við lögtakið, allt á sína ábyrgð.

Gerðarþoli hefur *aðallega* krafizt þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar og *til vara*, að synjað verði um framgang hennar að svo stöddu.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar að mati réttarins.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 12. maí 1948 með þeim skilmálum m. a., að maðurinn skyldi greiða konunni kr. 2.000.00 mánaðarlega fyrirfram, á meðan skilnaður að borði og sæng stæði. Konan telur, að hún hafi enga greiðslu fengið upp í meðlög þessi frá upphafi og sneri sér því til fógetaréttarins í júnímánuði s. l. og óskaði þess, að lögtaksúrskurður væri kveðinn upp fyrir meðlagi yfir tímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1951. Úrskurður þessi var birtur 29. júní 1951 og lögtaksmálið tekið fyrir hér í réttinum 10. sept. s. á. Gerðarþoli lýsti því þá þegar yfir, að hann ætti engar eignir hér í bænum, en kvaðst hins vegar eiga eignir á Ísafirði, m. a. ½ hluta verzlunarinnar J.

S. Edwald eða andvirði hennar, hafi hún verið löglega seld. Gerðarbeiðandi vildi ekki fallast á, að um þessar eignir væri að ræða og krafðist þess, að lögtak yrði gert í launum gerðarþola.

Áður en aðiljar stofnuðu til hjúskapar, gerðu þau með sér kaupmála 5. apríl 1941 og virðast þar upptaldar allar eignir, er þau áttu þá. Í kaupmálanum segir, að fjárhagur þeirra skuli vera algerlega aðskilinn og allt það, er hvort þeirra um sig leggi í búið eða eignist meðan hjónaband standi, skuli vera séreign þess, er eignast. Samkvæmt kaupmálanum virðist gerðarþoli ekki hafa átt aðrar eignir en hlutabréf í Huginn h/f að nafnverði kr. 1000.00.

Sama dag og nefndur kaupmáli var gerður undirrituðu aðiljar svonefndan samfélagssamning. Samkvæmt honum lagði gerðarþoli kr. 10.000.00 í Verzlun J. S. Edwald, en nettóeign hennar var þá talin vera kr. 40.000.00 eða kr. 50.000.00, eftir að þetta innskotsfé bættist við. Verzlunina áttu aðiljar svo að reka í félagi og deila tapi og gróða með sér í hlutföllunum 1 á móti 4. Samningurinn átti að vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með 12 mánaða fyrirvara og skyldi þá gerðarþoli eiga rétt á að fá sinn hluta ásamt ágóða að frádregnum skuldum greiddan í peningum innan þriggja mánaða. Aðiljum kemur saman um, að gerðarþoli hafi lagt fram ofangreint fé, en ekki úr eigin vasa, heldur hafi hann fengið það lánað. Hins vegar ber þeim mjög á milli um það, hver hafi að lokum greitt lán þetta. Gerðarþoli kveðst sjálfur hafa endurgreitt það á löngum tíma, en gerðarbeiðandi staðhæfir, að verzlunin hafi gert það. Hún heldur því og fram, að samningur þessi hafi aldrei komið til framkvæmda, enda hafi hann ekki fengizt staðfestur, eins og ráðgert var, þar sem hann var talinn brjóta í bág við kaupmálann.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín aðallega á því, að hann skuldi gerðarbeiðanda ekkert, þar sem eignir þær, er hann hafi átt í búi gerðarbeiðanda, hafi nægt til greiðslu meðlagsskuldarinnar og til vara á því, að þótt svo yrði litið á, að skuld þessi væri ógreidd, beri að synja um lögtakið að svo stöddu vegna skipta þeirra, er nú standi yfir á Ísafirði í búi þeirra gerðarbeiðanda. Hann heldur því fram, að hann eigi nægilegt fé inni í búinu til fullnægju lögtakskröfunnar og telur sér frjálst, eins og málum er háttað, að ákveða eignir til lögtaks og mótmælir því eindregið á þessum grundvelli, að lagt verði hald á laun hans hér í bænum.

Gerðarþoli hefur ekki fært sönnur á, að samkomulag hafi tekizt um það, að eignir þær, er hann telur sig hafa átt í búi gerðarbeiðanda skyldu ganga til greiðslu á meðlagsskuld hans. Þvert á móti er viðurkennt, að mikill ágreiningur hafi verið um það, hverju þessar eignir næmu, þar sem gerðarbeiðandi vildi í sambandi við skilnað þeirra halda sig við það að leggja bæri kaupmálann til grundvallar við fjárskiptin, en gerðarþoli segist hins vegar hafa viljað byggja á samfélagssamningnum, enda heldur hann því fram, að fjárskipti hafi aldrei verið framkvæmd. Af því sem nú hefur verið sagt, virðist augljóst, að staðhæfing gerðarþola um það, að meðlagsskuldin sé að fullu greidd, hefur ekki við rök að styðjast, og verður aðalkrafa hans því ekki tekin til greina.

Þegar á það er litið, að krafa gerðarbeiðanda í máli þessu er skýlaus meðlagskrafa, en gagnkröfur þær, er gerðarþoli telur sig eiga á hendur gerðarbeiðanda vegna ólokinna fjárskipta þeirra, eru mjög umþrættar, þykir ekki heldur ástæða til að taka varakröfu hans til greina. Ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda í launum gerðarþola til tryggingar meðlagskröfunni ásamt kostnaði. Rétt þykir að úrskurða gerðarþola til að greiða gerðarbeiðanda málskostnað og telst hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00. Hins vegar verður krafa gerðarbeiðanda um lögtak til tryggingar sérstökum innheitmulaunum ekki tekin til greina.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna dómarans.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Högni Gunnarsson, Laugarnesvegi 52, Reykjavík, greiði gerðarbeiðanda, Sigrúnu Edwald, Aðalstræti 16, Ísafirði, kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar.

Lögtaksgerð hinn 20. febrúar 1952.

.... setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu Keilis h/f í Gelgjutanga, ...

Málið var síðast fyrir réttinum 12. þ. m. og var þá kveðinn upp úrskurður þess efnis, að lögtak skyldi fara fram.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Oddgeir Magnússon hdl. og krefst þess, að lögtak fari nú fram í launum gerðarþola.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum.

Í réttinum mætti nú gjaldkeri Keilis h/f, Guðmundur Magnússon. Kveður hann gerðarþola vera forstjóra fyrirtækisins. Upplýsir hann, að gerðarþoli hafi ekki fengið uppgerð laun sín á þessu ári og hann viti ekki, hversu há laun hann hafi nú. Hins vegar hafi laun hans fyrir allt s.l. ár numið kr. 38.682.90 eða rúmlega kr. 3.200.00 á mánuði. Hann kveður gerðarþola hafa á s.l. ári fengið fyrir fram upp í laun sín fyrir þetta ár kr. 13.686.13.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í ógreiddum og væntanlegum launum gerðarþola til tryggingar áðurgreindri meðlagsskuld, þ. e. kr. 48.000.00, ásamt kostnaði og lagði fyrir mættan gerðarþola að halda kr. 1800.00 eftir af hverjum mánaðarlaunum gerðarþola, unz skuldin er að fullu greidd.

Miðvikudaginn 15. apríl 1953.

Nr. 139/1952. **Halldór Halldórsson**
gegn
Óskari Sveinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1952 til þingfestingar í nóvembermánuði s. á. Er málið var tekið fyrir í marzmánuði 1953, bað áfrýjandi um, að málinu yrði frestað til maímánaðar s. á. Stefndi andmælti því, að frestur þessi yrði veittur og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá Hæstarétti.

Ágrip dómsgerða í máli þessu hefur eigi borizt Hæstarétti, og er upp komið, að af hendi áfrýjanda var eigi beðið um dómsgerðir hjá héraðsdómara fyrr en 6. janúar s. l. Að svo vöxnu máli ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 15. apríl 1953.

Nr. 54/1951. **Efnagerð Reykjavíkur h/f** (Theódór B. Lindal)
gegn
Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Réttur til firma og vörumerkis.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1951. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að stefnda verði dæmd óheimil notkun orðsins „Lilla“ í firmanafni sínu og gert að afmá nafnið úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur að viðlögðum 100 króna dagsektum.
2. Að stefnda verði dæmd óheimil notkun orðsins „Lilla“ í vörumerki sínu nr. 93/1950, skrásettu 30. október 1950, og gert að afmá orðið úr vörumerkinu.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hafa aðiljar þeir, sem þar greinir, notað orðið „Lilla“ í firmanafni frá því á árinu 1931, án þess að áfrýjandi hæfist handa um að fá þeirri notkun orðsins hnekkt fyrr en með höfðun máls þessa. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Efnagerð Reykjavíkur h/f, greiði stefnda, Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur h/f Efnagerð Reykjavíkur, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnum útgefnum 4. júlí og 30. desember f. á. gegn Nærfataverksmiðjunni Lillu h/f, hér í bænum. Hefur stefnandi gert eftirgreindar dómkröfur:

1. Að stefnda verði dæmt óheimilt að nota orðið „Lilla“ í firmanafni sínu og til þess að afmá skrásetningu nafnsins að viðlögðum 100 króna dagsektum.
2. Að stefnda verði talið óheimilt að nota vörumerkið „Lilla“.
3. Að stefndi verði skyldaður til að afmá vörumerki þetta úr vörumerkjaskránni og loks
4. Að stefnda verði gert að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. maí 1927 tilkynnti stefnandi til vörumerkjaskrárritarans í Reykjavík orðið „Lillu" skáletrað upp á við með sérkennilegri rithönd sem vörumerki fyrir nánar tilgreindar efnagerðarvörur. Var vörumerkið skrásett 27. s. m. fyrir vörur þessar og þær taldar upp tæmandi í tilkynningunni.

Segir í henni, að orðið „Lillu" beri að skoða sem sérstakt tilbúið heiti fyrir hinar tilgreindu vörur. Skrásetning vörumerkisins hefur verið endurnýjuð og nýtur það enn verndar lögum samkvæmt.

Hinn 18. september 1931 var „Verzlunin Lilla" skrásett í Reykjavík. Voru eigendur Steinunn Sigurðardóttir og Halldóra Björnsdóttir. Firma þetta var afskráð 23. febrúar 1942. Hinn 11. janúar 1939 var „Lilla, nærfataverksmiðja" skrásett í firmaskrá Reykjavíkur og voru eigendur hinir sömu og áðurnefnds firma. Firma þetta var afskráð 15. október 1945 vegna yfirtöku samnefnds hlutafélags á eignum þess og rekstri.

Samdægurs var „Nærfataverksmiðjan Lilla h/f" skrásett í hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Hinn 27. október 1950 tilkynnti Nærfataverksmiðjan Lilla h/f, stefndi í máli þessu, til vörumerkjaskráningar í Reykjavík vörumerki fyrir iðjurekstur, og var það skrásett 30 s. m. Vörumerki þetta er einkennismiði. Á öðrum helmingi miðans er mynd innan ramma af sitjandi stúlkubarni á nærklæðum og fyrir ofan rammann stendur orðið LILLA með prentletri, en fyrir neðan REYKJAVÍK. Á hinum helmingi miðans stendur ÍSLENZKUR IÐNAÐUR innan ramma og LILLA h/f, NÆRFATAVERKSMIÐJA VÍÐIMEL 64, REYKJAVÍK innan annars ramma.

Var vörumerkið skrásett fyrir hvers konar nærfatnað fyrir konur, karla og börn. Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að með skrásetningu vörumerkisins „Lillu" hafi hann öðlazt vernd fyrir það orð, þannig að stefnda hafi verið óheimilt að taka orðið upp og nota það í firmanafni sínu og vörumerki.

Þá heldur hann því fram, að vörumerkið „Lillu" og heitið „Lilla" skapi þau hugartengsl hjá mönnum, að hætt sé við, að þeir blandi saman og villist á fyrirtækjum aðiljanna og vörum. Sé stefnda því einnig af þessum ástæðum óheimil notkun orðsins „Lilla" í firmaheiti sínu og vörumerki og vísar stefnandi þessu til stuðnings sérstaklega til ákvæða 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Stefndi reisir hins vegar kröfu sína um sýknu á því, að þar sem orðið „Lillu" hafi aðeins verið skrásett sem vörumerki, hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að hann tæki orðið „Lilla" upp og notaði það í firmanafni sínu. Þá sé honum samkvæmt 1. gr. laga nr. 43 frá 1903 heimilt að nota firmanafnið í vörumerki sínu, enda sé og vörumerkið í heild allsendis ólíkt vörumerki stefnanda og auk þess skráð fyrir allt aðrar vörur en vörumerki hans. Loks mótmælir stefndi því, að firmanafn hans eða vörumerki veiti efni til, að menn villist á eða blandi saman fyrirtækjum

og framleiðsluvörum aðiljanna og bendir á þeim mótmælum sínum til stuðnings, að stefnandi hafi ekki kvartað yfir notkun firmanafnsins eða vörumerkisins fyrr en nokkru áður en mál þetta var höfðað, enda þótt firmanafnið hafi þá verið búið að vera í notkun um margra ára skeið.

Telja verður, að orðið „Lillu" sem vörumerki stefnanda njóti ekki verndar, nema í þeirri sérkennilegu mynd, sem það er skrifað og skráð. Var stefnda því heimilt að taka upp orðið „Lilla", sem er almennt orð, og nota það í firmanafni sínu og vörumerki, en í vörumerkinu er orðið aðeins eitt af einkennum vörumerkisins í heild, en ekki skráð sjálfstætt sem vörumerki. Þá er augljóst, að vörumerki stefnanda og stefnda, sem lýst hefur verið hér að framan, eru mjög ólík og þau eru, eins og áður er sagt, hvort um sig skráð fyrir sínar sérstöku vörur. Svo eru og firmanöfn stefnanda og stefnda allsendis ósvipuð. Verður því ekki séð, að orðið „Lilla" í firmanafni stefnda og vörumerki geti valdið hættu á því, að almenningur blandi saman eða villist á fyrirtækjum eða framleiðsluvörum aðilja máls þessa. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, h/f Efnagerðar Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Kærumálið nr. 5/1953.

Edda h/f

gegn

Verzlunarfélagi Snæfellinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. marz 1953, sem hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili kært ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur 21. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í nefndu bæjar-

þingsmáli honum til handa verði hækkaður og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur hlutafélagið Edda, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. f. m. gegn Verzlunarfélagi Snæfellinga, Stykkishólmi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.696.11 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnaðar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vörukaupa.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.100.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlunarfélag Snæfellinga, greiði stefnanda, h/f Eddu, kr. 32.696.11 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og kr. 2.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Nr. 6/1951. **Jónas Magnússon** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Ara Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 8. janúar 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. des. 1950, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 1. júlí 1950, og fjárnámsgerð, er framkvæmd var hjá gagnáfrýjanda 5. des. 1950. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að fjárkrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. febr. 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 21.240.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1949 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Kröfur gagnáfrýjanda í máli þessu eru reistar á námssamningi, er hann gerði við aðaláfrýjanda hinn 28. des. 1946. Samkvæmt samningi þessum réðst gagnáfrýjandi rafvirkjanemi til aðaláfrýjanda og skyldi námstíminn vera 2 ár, þ. e. frá 30. des. 1946 til 30. des. 1948.

Í námssamningnum er greint, að lágmarkskaup gagnáfrýjanda skyldi ekki vera lægra en tiltekinn hundraðshluti af kaupi sveina í iðninni, en aðiljar eru sammála um, að um annað og hærra kaup hafi verið samið. Hins vegar eru hin

raunverulegu kaupkjör ekki greind í samningnum, og er það andstætt 4. gr. laga nr. 100/1938, er þá voru í gildi.

Í máli þessu greinir aðilja mjög á um það, með hverjum kaupkjörum gagnáfrýjandi hafi ráðizt til aðaláfrýjanda. Þar sem svo var háttað og námssamningurinn mjög óvenjulegur, bar nauðsyn til, að kröfur gagnáfrýjanda væru ýtarlega reifaðar í héraði, en á því hefur orðið mikill misbrestur. Þannig hefur gagnáfrýjandi krafizt vinnulauna úr hendi aðaláfrýjanda til 1. apríl 1949 eða fyrir 3 mánuði, eftir að námssamningi lauk, og er engin grein gerð fyrir þeirri kröfu. Með sama hætti krefst gagnáfrýjandi námsgjalds og skólakostnaðar af aðaláfrýjanda um 3 mánuði eftir lok námstíma. Enn hefur gagnáfrýjandi krafizt kaups fyrir veikindadaga á árunum 1947 og 1948, en ekki er gerð nein grein fyrir því í héraði, á hverju þeir kröfuliðir séu reistir. Þar sem málið er svo vanreifað í meginatriðum í héraði, sem að framan er lýst, og málflutningur í því andstæður ákvæðum 105. gr. laga nr. 85/1936, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum og þar sem málflutningi fyrir Hæstarétti af hálfu málflytjanda aðaláfrýjanda var mjög áfátt, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur svo og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ari Guðmundsson, Hverfisgötu 94, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. apríl 1949 gegn Jónasi Magnússyni rafvirkjameistara, Vitastíg 11, hér í bænum, til greiðslu kröfu að fjárhæð kr. 22. 490.93 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Tildrög málsins eru þau, sem hér greinir:

Eftir að Bretar afhentu Íslendingum Reykjavíkurflugvöll vorið 1946 starfaði stefnandi á flugvellinum að raflögnum. Tók hann laun hjá flugvallarstjórn, en störf sín vann hann undir umsjá og á ábyrgð meistara í raflagnaiðn, þar eð hann hafði ekki iðnréttindi sjálfur. Fyrir áramót 1946 og 47 varð að samkomulagi með málsaðiljum, að stefndi tæki stefnanda sem nemanda í raflagnaiðn. Stefnandi lofaði hins vegar að útvega stefnda eftir föngum viðskipti í iðninni við flugvöllinn. Námssamningur málsaðilja er dagsettur 28. desember 1946. Námstími er þar ákveðinn 2 ár, sem er einungis helmingur venjulegs námstíma í iðninni. Þrátt fyrir það hlaut samningurinn staðfestingu iðnfulltrúa 14. apríl 1947 og lögreglustjóra 22. s. m. Mun þessi stutti námstími hafa verið viðurkenndur sökum þess, að stefnandi hafði lengi starfað við raflagnir og á tímabili haft undanþágulöggildingu sem rafvirki við lágspennuveitu. Ekki gátu málsaðiljar um kaup stefnanda í námssamningnum, en iðnfulltrúar bættu inn í hann, að lágmarkskaup væri: 1. ár 40% og 2. ár 45% af kaupi í iðninni. Hefur þetta væntanlega verið gert til að tryggja, að fullnægt væri ákvæðum almennra samninga í þessu efni. Fyrst eftir að námstíminn hófst starfaði stefnandi á flugvellinum svo sem verið hafði og hélt áfram að taka laun hjá flugvallarstjórn. Hafði hann þar sveinskaup að viðbættum 16%. Eftir að störfum stefnanda á flugvellinum lauk, hóf hann að starfa annarsstaðar á vegum stefnda. Fékk hann þá greitt venjulegt sveinskaup fyrir þá tíma, sem hann vann. Frá 8.—22. júní 1948 taldi stefndi sig eigi hafa verkefni fyrir stefnanda og starfaði hann því eigi þann tíma. Síðastnefndan dag fór stefnandi í sumarleyfi og virðist hafa verið í því til 6. júlí. Fyrir þann tíma greiddi stefndi honum í orlofseyri 4% af kaupi hans fyrir næstliðið ár, kr. 638.00. Stefnandi mun þá þegar hafa gert athugasemd við þessa greiðslu. Eftir að stefnandi kom aftur úr sumarleyfinu, taldi stefndi sig enn engin verkefni hafa fyrir hann og leið svo fram til 1. október 1948, en þá fór stefnandi í Iðnskólann og stundaði þar skólanám til vors 1949. Dvöl sína þar greiddi hann sjálfur. Á meðan stefnandi fékk eigi verkefni hjá stefnda, fór hann fram á, að stefndi gæfi sér skriflegt leyfi til að leita sér atvinnu annarsstaðar, en slíkt leyfi taldi hann sig þurfa, meðan hann var bundinn námssamningnum. Eigi taldi stefndi sig geta veitt slíkt leyfi skriflegt, en gaf stefnanda hins vegar munnlegt leyfi til að leita sér atvinnu annarsstaðar, meðan hann þryti sjálfan verkefni.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á eftirgreindum atriðum: 1. Hann kveður sér hafa verið heitið sveinskaupi, meðan hann ynni hjá stefnda, eftir að hann hætti að taka laun hjá flugvallarstjórninni. Kveðst hann hafa skilið það loforð svo, að hann ætti að halda því kaupi, þótt þrot yrðu á verkefnum hjá stefnda og eins meðan hann stundaði nám í Iðnskólanum.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að svo hafi verið um samið, að stefnandi fengi sveinskaup, en aðeins fyrir þá tíma, sem verkefni væru

fyrir hann til að starfa að, enda hafi hann sætt sig við, að eldri starfsmenn stefnda sætu fyrir honum um vinnu, þegar verkefni voru takmörkuð. Sérstaklega hefur stefndi mótmælt skyldu sinni til að greiða stefnanda laun, meðan hann stundaði Iðnskólanám.

Með iðnnámssamningi málsaðilja varð stefnandi fastráðinn starfsmaður stefnda um samningstímabilið, að fráskildum þeim tíma, sem hann stundaði lögboðið Iðnskólanám. Eigi er sönnuð sú staðhæfing stefnda, að svo hafi verið um samið, að stefnanda væri skylt að hlýta því, að launagreiðslur til hans féllu niður þá tíma, sem stefndi taldi sig eigi hafa þörf fyrir vinnu hans. Hins vegar var eigi um það samið, að stefnandi skyldi halda launum, meðan hann stundaði Iðnskólanám, og þar eð sú skylda hvílir eigi að lögum á iðnmeistara að greiða nemanda kaup fyrir skólanámstímann, verður krafa stefnanda um kaup fyrir þetta tímabil eigi tekin til greina. Ómótmælt er, að vegna verkefnaskorts hjá stefnda missti stefnandi af vinnulaunum hjá honum að fjárhæð kr. 7774.60, en á tímabilinu hafði hann hins vegar kr. 3951.61 í vinnutekjur annarsstaðar og hefur hann dregið þá fjárhæð frá kröfu sinni. Mismuninn, kr. 3822.99, ber stefnda samkvæmt framansögðu að greiða.

2. Stefnandi telur sér bera kaup fyrir veikindadaga, meðan hann starfaði hjá stefnda, samtals að fjárhæð kr. 2437.44.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið.

Eigi var samið svo um, að stefnandi skyldi halda kaupi í veikindaforföllum. Í 12. gr. iðnnámslaga nr. 100 frá 1938, sem giltu um samning málsaðilja, er tekið fram, að meistara beri að greiða nauðsynlegan framfærzlukostnað nemanda, meðan hann er sjúkur og námssamningur er í gildi. Eins og á stóð með launakjör stefnanda, sem voru miklu betri en almennt gerðist hjá iðnnemum, verður eftir atvikum eigi talið, að slík krafa komi til greina á hendur stefnda, þótt stefnandi hafi verið lítilsháttar frá störfum öðru hvoru vegna sjúkleika, meðan námstíminn stóð. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

3. Eins og áður greinir, fékk stefnandi greiddar í orlofseyri fyrir sumarleyfi eitt árið, 1948, kr. 638.00, en hann telur, að sér hafi borið 12 virkra daga sumarleyfi á fullu kaupi. Af þessum sökum telur hann sig eiga hjá stefnda mismun orlofsfjárins og 12 daga kaups eða kr. 456.40.

Um sumarleyfi iðnnema giltu á þessum tíma ákvæði 9. gr. laga nr. 100 frá 1928. Er þeim þar mælt 12 virkra daga sumarleyfi með fullu kaupi. Verður því að telja þennan kröfulið stefnanda á rökum reistan og ber að taka hann til greina, enda hefur honum ekki verið mótmælt að því er fjárhæð varðar.

4. Stefnandi telur stefnda bera að greiða skólagjöld hans í Iðnskólanum og annan kostnað af skólavist hans þar, samtals kr. 2094.10.

Þessari kröfu hefur stefndi mótmælt á þeim grundvelli, að stefnandi hafi, er um það var samið að hann skyldi hafa sveinskaup, gengizt inn á að kosta skólanám sitt sjálfur að öllu leyti.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 100 frá 1938 var lærimeistara í iðngrein skylt að greiða allan kostnað af bóklegu námi iðnnema síns. Ósannað

er gegn mótmælum stefnanda, að stefndi hafi verið með samningi undanþeginn þessari skyldu. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 6.373.49 (kr. 3.822.99 + 456.40 + 2.094.10) ásamt vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Magnússon, greiði stefnanda, Ara Guðmundssyni, kr. 6.373.49 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Nr. 121/1952. **Bæjarútgerð Siglufjarðar**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni f. h.
eigenda v/s Arduity og farmeiganda
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1400000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi sjóveðréttar í v/s Arduity frá London til tryggingar fjárhæðum, sem dæmdar verða.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. ágúst 1952. Hann krefst þess aðallega, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og málskostnaður í héraði látinn falla

niður, en honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að hjálp sú, er b/v Hafliði veitti v/s Arduity, hafi verið björgun, og þykir björgunarstarfið eigi hafa verið áhættulaust, einkum að því er varðaði farm togarans. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja bjarglaun aðaláfrýjanda til handa hæfilega ákveðin kr. 800000.00, er gagnáfrýjanda ber að greiða ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 38000.00.

Dæma ber áfrýjanda sjóveðrétt í v/s Arduity til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Kristjánsson f. h. eiganda v/s Arduity og farmeigenda, greiði aðaláfrýjanda, Bæjarútgerð Siglufjarðar, kr. 800000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1951 til greiðsludags og samtals kr. 38000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Arduity til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Bæjarútgerð Siglufjarðar höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. nóvember f. á., gegn Guðmundi Kristjánssyni skipamiðlara, hér í bæ, f. h. eiganda og vátryggjenda brezka skipsins Arduity og farms þess, sem skipið hafði innanborðs 9. okt. 1951, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 1.400.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talins matskostnaðar að fjárhæð kr. 5.000.00. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í nefndu skipi til tryggingar dómkröfunum.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá öllum kröfum á hendur

vátryggjendum skips og farms, og þeir hafa engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Að morgni hins 9. október 1951 um kl. 8 eftir brezkum tíma eða um kl. 7 eftir íslenzkum sumartíma strandaði brezka skipið Arduity á svonefndri Hólmaböku við innsiglinguna til Raufarhafnar. Hólmabaka er frekar flöt eða slétt þaraflúð. Er þetta varð, var skipið á leið frá Seyðisfirði til Raufarhafnar og flutti 360 smálestir af síldar- og karfalýsi samanblandað. Að sögn skipstjórans ristir skipið tómt 3—4 fet að framan, en 10 fet að aftan, en með farminn risti skipið, er það fór frá Seyðisfirði, 9 fet og 4 þumlunga að framan og 11 fet og 10 þumlunga að aftan. Hafnsögumaður frá Raufarhöfn kom út í skipið örstuttu eftir að það hafði strandað. Tók hann eftir því, er hann kom að skipinu, að djúprista þess að aftan var 9 fet og hann telur, að skipið hafi staðið og róið á flúðinni um og aftur við miðju skipsins. Að ráði hafnsögumannsins lét skipstjórinn vél skipsins vinna aftur á bak með öllu afli, en skipið hreyfðist ekki. Þetta var endurtekið, en árangurslaust. Hafnsögumanninum og skipstjóranum kom þá saman um að dæla lýsi milli geyma í skipinu til að létta það að aftan og reyna síðan að ná skipinu áfram yfir skerið. Þessi tilraun bar heldur ekki árangur, skipið stóð fast á skerinu. Var síðan reynt að ná sambandi við skip, er kynnu að vera nálægt strandstaðnum, í því skyni að biðja þau að koma hinu strandaða skipi til hjálpar. Um kl. 12.20 náði skipstjórinn á hinu brezka skipi sambandi við botnvörpuskipið Hafliða, eign stefnanda, og fór þess á leit, að Hafliði kæmi skipinu til hjálpar. Hafliði var að veiðum um 15 sjómílur frá strandstaðnum með því nær fullfermi af ísfiski, og kveðst skipstjóri togarans hafa ætlað að halda af miðunum kl. 13 um daginn í söluferð með fiskinn til Þýzkalands og selja þar 15. október. Þegar er hjálparbeiðnin barst, hætti Hafliði veiðum og hélt hinu strandaða skipi til aðstoðar. Kom hann á strandstaðinn kl. 13.50. Vindur var suðvestan, 3—4 vindstig og þungur sjór. B/v Hafliði varpaði akkerum á 5 faðma dýpi mjög skammt frá hinu strandaða skipi og voru gefnir út 4 liðir af akkerisfestum skipsins hvoru megin. Djúprista togarans var 17 fet. Þegar skipið var lagzt, var hafnsögumannsbáturinn (trillubátur), sem staddur var á vettvangi, sendur með 2 menn og dráttartaugar frá Hafliða til hins strandaða skips. Dró það síðan báða vörpustrengi Hafliða til sín og hjálpuðu skipverjar togarans við að festa þá. Þessir tveir skipverjar voru um kyrrt í Arduity til aðstoðar þar, meðan hjálpin stóð yfir. Kl. 14.20 höfðu vörpustrengirnir verið festir í afturenda Arduity og kl. 16.55 byrjaði Hafliði að draga þá inn og var ferð sett á skipið áfram. Vél Hafliða var látin vinna til hins ítrasta, en hún getur framleitt rúmlega 1400 hestöfl, en aðgerðir þessar báru ekki árangur. Kl. 17.15 slitnaði annar vörpustrengurinn við átökin. Var dráttartaugin þá aftur sett í hafnsögumannsbátinn, hún flutt til Hafliða og þaðan dreginn nýr vörpustrengur til Arduity. Þessu var lokið kl. 17.40 og full ferð sett á vél Hafliða áfram, en ennþá árangurslaust. Um kl. 18.10 ákvað skipstjórinn

á Arduity að létta á skipinu, með því að dæla út nokkru af lýsi, og um kl. 18.10 ákvað skipstjórinn á Hafliða að létta akkerum og færa skipið fjær í því skyni að gefa út meiri vörpustrengi. Við hið mikla álag, sem varð á akkerisvinduna við það að létta akkerum með strengda vörpustrengi í hið strandaða skip, brotnuðu báðar snekkjulegur, en þær eru kúlulegur og keðjuskífa bakborðsmegin hitnaði og reif fóðringar. Þegar akkeri Hafliða höfðu verið dregin upp, voru gefnir út 350 faðmar af hvoru kefli togvindunnar og vél skipsins síðan knúin til hins ítrasta. Jafnframt var vél Arduity látin vinna með fyllsta krafti til hjálpar. Við þessi átök fór Arduity að smáhreyfast og losnaði loks af flúðinni kl. 18,39, og dró Hafliði skipið út á 20 faðma dýpi. Hafði þá hvesst af vestri og komin 7 vindstig með slyddu hríð. Jafnskjótt og skipið losnaði, var hætt að dæla út lýsi, og hafði þá verið dælt útbyrðis um 20 smálestum. Nokkru eftir að Arduity var komið á flot, óskaði skipstjóri þess eftir að fara inn til Raufarhafnar. Vörpustrengir Hafliða voru þá losaðir úr skipinu og var því starfi lokið kl. 19.20. Arduity var síðan siglt inn til Raufarhafnar, en Hafliði lagðist fyrir festum úti fyrir kauptúninu, þar eð ekki var talið ráðlegt, að hann færi inn á höfnina vegna djúpristu hans. Sjóferðapróf fóru síðan fram á Raufarhöfn út af atburðunum. Sigldi Hafliði þaðan kl. 15.30 hinn 10. október 1951 með fiskfarm sinn til Þýzkalands og seldi hann þar að morgni hins 16. s. m. fyrir þýzk mörk 118.153.00 eða ísl. kr. 458.788.10. Reyndist 8½ smálest af farminum, sem var 239 smálestir, ósöluhæf. Við hjálpina skemmdust eða ónýttust með öllu 800 faðmar af vörpustrengjum togarans.

Arduity dvaldi á Raufarhöfn þar til 13. eða 14 október, en þá var því siglt til Reykjavíkur og það tekið í dráttarbraut þar. Hinn 15. október voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta skipið og farm þess, sem reyndist vera 340 smálestir af síldar- og karfalýsi. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna virtu þeir skipið ásamt búnaði og eldsneytisolíu á kr. 6610000.00 og farm þess á 2160.000.00 eða skip og farm samtals á kr. 8.770.000.00. Tjón á skipinu vegna strandsins virtu matsmennirnir á kr. 290.000.00, og er sú fjárhæð ekki meðtalin í fyrrgreindu matsverði skipsins. Skipið var smíðað 1946. Kaupverð b/v Hafliða var 5.700.000.00 og smíðaár 1948.

Samkvæmt vottorðum Veðurstofunnar í Reykjavík um veður á Raufarhöfn dagana 9.—12. október 1951, að báðum dögum meðtöldum, var veður þar sæmilegt og sjólítið þessa daga. Þá liggur fyrir vottorð forstjóra íslenzku landhelgisgæzlunnar um það, að hinn 9. október 1951 hafi verið flóð á Raufarhöfn kl. 5.45 og kl. 18.35 og þar sem smástreymt var, hafi mismunur flóðs og fjöru þar varla verið meiri en 1 metri þennan dag.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því dómkröfur sínar, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. Arduity hafi verið strandað og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi ekki tekizt að ná skipinu á flot af eigin rammleik, enda þótt íslenzkur hafnsögumaður hafi verið í skipinu og látið skipstjóra þess í té alla þá aðstoð, er hann mátti. Er það

álit stefnanda, að skipið hefði farizt þarna, ef því hefði ekki borizt hjálp b/v Hafliða. Telur stefnandi, að þegar virt sé hin mikla hætta, sem hið strandaða skip var í, björgunarstarf b/v Hafliða í heild, hætta sú, er því skipi og farmi var stofnað í við björgunina, svo og hið mikla verðmæti, sem bjargað var, þá megi telja hina umstefndu fjárhæð hæfileg björgunarlaun, en í henni séu meðtaldar bætur fyrir tjón á tækjum og farmi skipsins, bátsleiga svo og kostnaður við sjóferðapróf og símskeytakostnaður. Sundurliðar stefnandi kostnaðarliði þessa svo:

1. 800 faðmar af vörpustrengjum ..... kr. 23.877.11
2. Kostnaður við viðgerð á tækjum skipsins ..... — 10.996.37
3. Bátsleiga og vinna Jóns Guðmundssonar ..... — 1.498.69
4. Kostnaður við sjóferðapróf og símskeytakostnaður .... — 3.727.76
5. Bætur fyrir skemmdir á afla ..... — 17.000.00

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnufjárhæðin verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður verði látinn falla niður.

Reisir stefndi lækkunarkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hjálp b/v Hafliða hafi verið aðstoð, en ekki björgun. Nokkuð hafi verið liðið frá flóði, er Arduity sigldi á flúðina. Hins vegar hafi skipið losnað af henni um síðdegisháflæði. Sé því auðsætt, að skipið hefði losnað sjálfkrafa af flúðinni, ef nokkru meiru hefði verið dælt útbyrðis af farminum.

Í öðru lagi reisir stefndi kröfu sína á því, að aðstoð Hafliða hafi verið auðveld og tekið stuttan tíma. Arduity hafi komizt á flot kl. 18.39 og siglt inn til Raufarhafnar kl. 19.20, en þá hafi öllu starfi Hafliða verið lokið, og það hafi verið alger óþarfi að láta skipið halda kyrru fyrir á Raufarhöfn, meðan sjóferðaprófið fór fram.

Þá vefengir stefndi, að Hafliða og farmi hans hafi verið stofnað í nokkra hættu við hjálpina, en hafi svo verið, stafi það eingöngu af því, að skipið hafi verið nær Arduity en þurfti.

Enn vefengir stefndi mat hinna dómkvöddu manna á verðmæti hins brezka skips. Kveður hann að sala á því hafi farið fram á árinu 1947 og kaupverð þess þá verið £ 65.000.00.

Loks hefur stefndi vefengt nokkra af framangreindum kostnaðarliðum stefnanda.

Hið brezka skip Arduity var strandað, er b/v Hafliði kom því til hjálpar. Að þessu athuguðu: dýpi á flúðinni, sem skipið strandaði á, djúpristu skipsins á flúðinni, djúpristu þess með farminum í sjó svo og mismun flóðs og fjöru á strandstaðnum, verður að telja óvíst, að skipið hefði af eigin ramleik náð sér á flot, jafnvel þótt nokkrum eða öllum farminum hefði verið varpað útbyrðis. Hjálp b/v Hafliða við hið strandaða skip var því björgun, en ekki aðstoð.

Verða nú kostnaðarliðir stefnanda teknir til athugunar:

Um 1. Svo sem að framan segir, eyðilögðust 800 faðmar af vörpustrengjum Hafliða. Þykir kröfu stefnanda um bætur fyrir þá í hóf stillt og ber því að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Um 2. Til stuðnings þessum lið hefur stefnandi lagt fram marga reikn-

inga, er þó fjalla að nokkru um ýmislegt annað en viðgerð á þeim tækjum skipsins, er skemmdust við björgunina.

Að athuguðum þessum gögnum þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 9.600.00.

Um 3. Áður hefur verið á það drepið, að hafnsögumannsbáturinn á Raufarhöfn var á vettvangi, meðan björgunin stóð yfir og aðstoðaði við hana með því að flytja dráttartaugar milli skipanna. Með bátinn var maður að nafni Jón Guðmundsson. Stefndi hefur ekki véfengt þennan lið sérstaklega og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 4. Stefndi hefur ekki véfengt þennan lið og ber því einnig að taka hann til greina.

Um 5. Stefndi hefur mótmælt þessum lið algerlega og telur, að ekki hafi verið meira ónýtt af aflanum en venjulegt sé í söluferðum togara til útlanda. Það verður að teljast eðlilegt, eftir því sem á stóð, að togarinn legði ekki af stað frá Raufarhöfn, fyrr en sjóprófi út af björguninni var lokið í meginatriðum. Töf sú, sem skipið varð fyrir vegna björgunarinnar og eftirfarandi sjóferðaprófs, varð þess valdandi, að fiskurinn, sem skipið flutti, kom einum sólarhring síðar á markaðinn en ella hefði orðið. Má ætla, að af þessum sökum hafi meira af fiskinum reynzt ósöluhæf vara en orðið hefði, ef hann hefði verið seldur á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðið. Þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 3.500.00.

Mati hinna dómkvöddu manna á hinu bjargaða skipi hefur ekki verið hnekkt og verður það því lagt til grundvallar að öllu leyti um verðmæti hinna björguðu hagsmuna.

Augljóst er, að hið brezka skip var í nokkurri hættu með farm sinn á strandstaðnum. Sérstaklega gat því þó orðið háski búinn, ef veður gengi upp af norðri eða norðaustri. Hins vegar verður ekki fallist á það hjá stefnanda, að b/v Hafliði og farmur hans hafi verið lagður í nokkra hættu við björgunina, þar sem veður var gott og vindur stóð af landi, meðan björgunin fór fram, enda þótt skipinu væri siglt á svo grunnt vatn, sem gert var, í nokkrum sjó. Björgunin var framkvæmd af atorku og verklægni og hún tókst vel. Hins vegar var hún mjög auðveld.

Þegar þessi atriði eru virt svo og verðmæti hagsmuna þeirra, sem bjargað var, og önnur þau atriði, er máli skipta, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 600.000.00, og eru þar með taldar þær fjárhæðir, sem teknar hafa verið til greina samkvæmt framangreindum liðum. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 25.000.00 og er þar með talinn matskostnaður. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í hinu brezka skipi, Arduity, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrími Sigurðssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kristjánsson f. h. eigenda brezka skipsins Arduity og farms, greiði stefnanda, Bæjarútgerð Siglufjarðar, kr. 600.000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1951 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Kærumálið nr. 6/1953.

Erlingur h/f

gegn

Guðjóni Kr. Kristinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað kröfu um frávísun frá almennum dómstólum.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson fulltrúi og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með kæru 1. apríl s.l., sem barst Hæstarétti 13. s. m., kært úrskurð sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 1. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja yrði vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst sóknaraðili þess og að varnaraðila verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsenda hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Erlingur h/f, greiði varnaraðilja, Guðjóni Kr. Kristinssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 1. apríl 1953.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðjóni Kr. Kristinssyni vélstjóra, Urðaveg 17 í Vestmannaeyjum, með stefnu útgefinni 25. þ. m., birtri sama dag, á hendur stjórn Erlings h/f f. h. félagsins, þeim Sighvati Bjarnasyni, Ási, Guðmundu Torfadóttur frú, s. st. og Torfa L. Torfasyni, Brekastíg 31, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á kr. 1377.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi lét mæta í máli þessu og gerði þær réttarkröfur, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, þar eð málið væri risið út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi og ætti því að sæta úrlausn Félagsdóms samkvæmt 44. gr. 2. tölul., sbr. 47. gr. laga nr. 80 frá 1938. — Stefnandi andmælti þessari kröfu, og eftir að málflutningur hafði farið fram, var atriðið lagt undir úrskurð eða dóm hinn 26. þ. m.

Stefnandi var vélstjóri á v/b Erlingi, VE 325, eign stefnda, á árinu 1951. Var hann lögskráður samkvæmt kjarasamningi milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, dags. 29. jan. 1951. Samkvæmt 1. gr. samningsins bar honum ákveðinn hundraðshluti af afla og verði fiskurinn seldur, bar honum sama verð og útgerðarmanni, eins og nánar er tekið fram í 2. gr., er síðar verður vikið að. Á þeim tíma, er samningurinn var gerður, var fiskverðið kr. 0.75 pr. kg. af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Hinn 24. febrúar s. á. var gerður samningur milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og ríkisstjórnarinnar um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna og í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 8. marz s. á., birti Fjárhagsráð auglýsingu um það efni, dags. 7. marz 1951. Samkvæmt henni fengu fiskútflytjendur umráð yfir nokkrum hluta af gjaldeyri fyrir útfluttar bátaafurðir og máttu selja hann með ákveðnu álagi til innflytjenda, eins og nánar er gerð grein fyrir í umræddri auglýsingu. Er samningar höfðu tekizt milli útgerðarmanna og ríkisstjórnarinnar um innflutningsréttindin, ákvað Landssamband íslenzkra útvegsmanna, að fiskverðið skyldi hækka um 21 eyri eða úr kr. 0.75 upp í 0.96 pr. kg. af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Samkvæmt greinargerð stefnda þýddi þetta, að sjómenn á bátaflotanum fengu hluta af andvirði innflutningsréttindanna og fengu það greitt strax, án tillits til þess, hvort útvegsmenn hefðu fengið það í sínar hendur. — Afli v/b Erlings var lagður upp hjá vinnslu- og sölumiðstöð

fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum og hlutur stefnanda gerður upp og greiddur með hinu ákveðna verði.

Á árinu 1952 ákvað vinnslustöðin að greiða félagsmönnum sínum 5% af viðskiptum þeirra árið 1951 fyrir innflutningsréttindin í viðbót við kr. 0.21 pr. kg., sem áður hafði verið greitt. Kom þá í hlut v/b Erlings kr. 24.786.00. Taldi stefnandi sig eiga tilkall til vélstjórahlutar úr þessari fjárhæð, er nemi hinni umstefndu upphæð. Byggir hann kröfu sína á 2. gr. fyrri málsgr. áðurgreinds kjarasamnings, sem hljóðar svo orðrétt:

„Sé um sölu á nýjum fiski að ræða til ísunar eða frystingar, ber vélamanni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Sama verð gildir, ef fiskur er seldur til sérverkunar."

Stefndi telur, að innflutningsréttindin og fiskverðið sé sitt hvað og eigi útvegsmenn einir innflutningsréttindin og sé það algerlega á þeirra valdi að ákveða, hve miklum hluta af andvirði þeirra skuli varið til hækkunar fiskverðsins. Eigi stefnandi því aðeins rétt til hins raunverulega fiskverðs, að viðbættri þeirri uppbót, sem L.Í.Ú. hefur ákveðið að greitt skyldi vegna innflutningsréttindanna.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, virðist ágreiningurinn í máli þessu snúast um, hvort allt andvirði innflutningsréttindanna eða aðeins hluti af því skuli teljast til fiskverðsins eða þess verðs, sem „útgerðarmönnum ber", eins og segir í áður tilvitnaðri grein gildandi kjarasamnings. Úrlausnin veltur að verulegu leyti á, hvernig skýra ber hinar opinberu ráðstafanir og samningana milli ríkisstjórnarinnar og L.Í.Ú., sem voru undanfari þeirra. Slíkur ágreiningur í sambandi við kaupkröfu virðist ekki þess eðlis, að almennum dómstólum sé óheimilt að fella dóm um kaupkröfuna. Verður því niðurstaðan sú, að frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 22. apríl, 1953.

Nr. 37/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hdl.)
gegn
Olíufélaginu h/f (Vilhjálmur Jónsson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í Hæstarétti, er aðiljum samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 per analogiam veittur kostur á því að afla gagna þeirra, sem nú verða rakin:

1. Margar matsgerðir hafa verið framkvæmdar í málinu. Eru matsgerðir þessar að nokkru hver um sín atriði og að nokkru í andstöðu hver við aðra, og eru mörg atriði því alls ekki nægilega skýrð af sérfróðum mönnum. Þá hefur og eftir uppsögu héraðsdóms verið aflað gagna, sem rétt er, að sérfróðir menn fjalli frekar um. Er því æskilegt, að dómkvaddir verði þrír sérfróðir menn, sem telji upp sérfræðirök sín fyrir því annars vegar, að benzín og olía, sem fermt var hinn 22. ágúst 1949 í v/s Þyril í Hvalfirði, hafi komið mengað úr landi, og hins vegar fyrir því, að mengunin hafi orðið um borð í v/s Þyrli, og meti síðan gildi sérfræðiraka fyrir hvorum tveggja möguleikanum. Matsmönnum væri nauðsynlegt að kynna sér allar matsgerðir málsins, tilraunir sérfræðinga og atvik og framkvæma sjálfir þær tilraunir, er þeir teldu þörf á. Ef þeim þætti ástæða til að afla frekari skýrslna af fyrirsvarsmönnum aðilja eða vitnum, bæri þeim að leita aðstoðar umboðsmanna aðilja um yfirheyrslu fyrir dómi.

2. Nauðsynlegt er, að rannsakað sé rækilega, hvort nokkurt samband hefur hinn 22. ágúst 1949 verið milli benzín- og olíuleiðslna í olíustöðinni í Hvalfirði á bryggju eða annars staðar og hvort nokkrar breytingar hafa verið gerðar á leiðslum þessum á tímabilinu frá nefndum degi og til 13. maí 1950, er skoðun var framkvæmd þar af dómkvöddum mönnum, og ef svo er, í hverju þær breytingar voru fólgnar.

3. Rétt er að taka dómskýrslur um venjur þær, sem voru

um lokun á leiðslum milli geyma II og III í dæluhúsi v/s Þyrils, einkum hvort venja var að loka öllum lokum, sem á leiðslum þessum voru, eða einungis einum loka.

4. Æskilegt er og, að rannsakað sé, hvort þess hefur orðið vart eða undan því kvartað, að olía frá gagnáfrýjanda hafi um þær mundir, er fermt var í v/s Þyril í téð skipti, verið blönduð benzíni.

5. Rétt er, að skýrslur séu lagðar fram um, hver niðurstaða hefur orðið af rannsókn á sýnishornum þeim, sem tekin voru hinn 6. sept. 1949 úr olíugeymum nr. 21 og 40.

Loks er rétt, að skýrslur séu fengnar um þau atriði, sem gagnasöfnun þessi gefur tilefni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Mánudaginn 27. apríl 1953.

Nr. 173/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason)
gegn
Þór V. Guðjónssyni (Lárus Jóhannesson)
og gagnsök.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1952, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í héraði og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 19. janúar þ. á. Gerir hann þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur, að því er greiðslu stóreignaskatts varðar, en að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta, að gagnáfrýjanda sé óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt lögum nr. 22/1950.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 9.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar skyldu gagnáfrýjanda, Þórs V. Guðjónssonar, til greiðslu stóreignaskatts.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóv. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Þór V. Guðjónsson, fyrrverandi veiðimálastjóri, Laugateig 31, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. febrúar s.l. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að stóreignaskattur sá að fjárhæð kr. 109.002.00, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, verði með öllu niður felldur. Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að skatturinn verði ákveðinn kr. 76.412.00 og til *þrautavara,* að hann verði ákveðinn kr. 96.836.00.

Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til *vara* hefur stefndi krafizt þess, að álagning skattsins verði metin gild, en fjárhæð hans færð nokkuð niður. Í því tilviki hefur stefndi krafizt þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt, og var skattur þessi lagður á skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. desember 1949.

Á árinu 1949 gegndi stefnandi embætti veiðimálastjóra, en mun hafa sagt lausu starfi þessu þá um sumarið vegna fyrirhugaðrar brottfarar af landinu. Þó varð samkomulag um það við þáverandi atvinnumálaráðherra, að stefnandi gegndi veiðimálastjórastarfinu áfram til bráðabirgða. Með bréfi atvinnumálaráðuneytisins frá 24. september 1949 var samkomulag þetta staðfest. Er þar ákveðið, að stefnandi haldi árslaunum sínum til ársloka 1949. Á árinu 1950 skyldi stefnandi fá full laun í 7 mánuði samkvæmt VI. flokki launalaga. Hann skyldi hins vegar dvelja hér á landi í 2 mánuði yfir veiðitímann og vinna að þeim störfum, sem greind eru í 76. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði. Þá skyldi hann vinna að ýmsum rannsóknum í sambandi við starf sitt, þegar hann dveldi í Danmörku. Stefnandi fór síðan af landi brott 30. september 1949, og virðist brottflutningurinn hafa verið tilkynntur Manntalsskrifstofu Reykjavíkur þá þegar. Stefnandi taldi ekki hér fram til skatts í ársbyrjun 1950, en þá dvaldi hann erlendis. Skattstjórinn í Reykjavík gerði því áætlun um tekjur hans og eignir og var honum gert að greiða almennan tekju- og eignarskatt samkvæmt því. Stefnanda virðist ekki hafa orðið kunnugt um skattálagningu þessa fyrr en í júlímánuði 1950 og kærði hann þá yfir henni og sendi skattstjóranum skattframtal, miðað við 31. des. 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi, að stóreignaskattskyld eign stefnanda næmi kr. 911.956.00 og gerði honum samkvæmt því að greiða kr. 81.793.00 í stóreignaskatt. Stefnandi kærði skattálagningu þessa til skattstjórans í Reykjavík, sem úrskurðaði, að hún skyldi óbreytt standa. Þessum úrskurði skaut stefnandi til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd úrskurðaði, að stefnandi væri stóreignaskattskyldur hér á landi. Stóreignaskattskylda eign taldi ríkisskattanefnd nema kr. 1.070.014.29 og gerði honum að greiða kr. 109.002.00 í stóreignaskatt.

Sýknukröfu sína byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að hann hafi ekki verið heimilisfastur hér á landi þann 31. des. 1949 og sé því eigi skattskyldur hér nema af hérlendum fasteignum sínum.

Skýrir hann svo frá, að hann hafi flutt héðan alfarinn þann 30. september 1949 og tekið sér búsetu og lögheimili í Lyngby í Danmörku. Fjölskylda hans hafi þá einnig flutzt til Danmerkur og hann hafi haft með sér búslóð sína. Hann hafi síðan átt heima í Danmörku, þar til á árinu 1951, er hann hafi aftur flutzt hingað til lands. Um sumarið 1950 hafi hann dvalið hér um tveggja mánaða skeið.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að hann hafi eigi verið heimilisfastur hér á landi þann 31. desember 1949 og því samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6 frá 1935 aðeins eignaskattskyldur hér á landi af þeim eignum, sem í greinum þessum geti. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé hins vegar boðið, að þeir einir skuli greiða stóreignaskatt, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935. Einu skattskyldu eignir hans hér í landi hafi verið fasteignir. Heildarverðmæti þeirra hafi numið kr. 222.683.00, ef beitt var verðákvörðunarreglum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Samkvæmt á-

kvæðum niðurlags 1. mgr. 17. gr. laga nr. 6 frá 1935 megi draga þar frá áhvílandi skuldir, er hafi numið kr. 31.145.67. Hin stóreignaskattskylda heildareign nemi því kr. 191.537.33, en af þeirri eign beri ekki að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi flutt alfarinn af landi brott í septembermánuði 1949. Telur stefndi, að stefnandi hafi aðeins flutt brott um stundarsakir, enda haldið áfram starfi sínu sem starfsmaður íslenzka ríkisins og skuldbundið sig til að dvelja hér á landi öðru hvoru. Stefnandi hafi verið heimilisfastur hér á landi þann 31. des. 1949 og því skattskyldur hér samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 6 frá 1935. Honum beri því að greiða stóreignaskatt af öllum eignum sínum samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Samkvæmt vottorði Manntalsskrifstofu Reykjavíkur hefur skrifstofunni verið tilkynnt, að stefnandi og fjölskylda hans hafi flutt héðan þann 30. sept. 1949 til Danmerkur og þau hafi tekið sér lögheimili þar. Þá tilkynnti stefnandi þann 20. október s. á. manntalsskrifstofunni í Lyngby, Danmörku, að hann væri þangað fluttur. Stefnandi virðist hafa greitt í Danmörku bæði tekju- og eignarskatt á árinu 1950. Með vísan til þessa verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið heimilisfastur hér á landi þann 31. des. 1949 og skiptir ekki máli í því sambandi, þótt hann ynni eftir sem áður störf fyrir íslenzka ríkið. Þá mun stefnandi ekki hafa dvalið hér nema um tveggja mánaða skeið á árinu 1950.

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er sagt, að leggja skuli sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir séu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. kafla laga nr. 6 frá 1935, og skattálagningin skuli miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1949.

Í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir, að menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, skuli greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, sem um ræðir í 2 gr. laganna. Af ákvæði þessu leiðir, að þeir menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, skulu ekki greiða eignarskatt af öðrum eignum en þar eru taldar. Því er ómótmælt, að í þessu máli sé aðeins um að ræða fasteignir stefnanda og heildarverðmæti þeirra við ákvörðun stóreignaskatts sé réttilega talið hjá honum. Heildarverðmæti þeirra þannig reiknað nær eigi þeirri fjárhæð, er greiða skal af stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Með vísan til alls þessa verður að taka til greina kröfu stefnanda um, að honum sé óskylt að greiða skatt þennan.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra þann 16. júlí 1952, en með úrskurði, uppkveðnum 1. júlí s. á., hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefnanda, Þór V. Guðjónssyni, er óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 29. apríl 1953.

Nr. 20/1953. **Olíuverzlun Íslands h/f**
gegn
Oddvita Eyrarhrepps f. h. hreppsins.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. apríl 1953.

Nr. 3/1953. **H/f Siglunes**
gegn
Gunnari Þorsteinssyni f. h. Rudebeck Larsen.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h/f Siglunes, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. apríl 1953.

Nr. 186/1951. **Mýrkjartan Rögnvaldsson**
gegn
Kristjáni Hjaltasyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Mýrkjartan Rögnvaldsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 31/1951. **Margrét Lúðvíksdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Emil Hjartarsyni og Guðmundi Hjartarsyni
(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Skaðabætur vegna galla á húsi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. marz 1951. Hefur hún fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti, dags. 21. apríl sama ár. Eru dómkröfur hennar sem hér segir: *Aðallega*, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða henni kr. 27785.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 7285.00 frá 18. október 1947 og af kr. 20500.00 frá 25. janúar 1950, hvorttveggja til greiðsludags, en *til vara*, að henni verði dæmd önnur lægri fjárhæð úr hendi stefndu eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmönn-

um hennar í héraði og fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda í málinu. Þeir hafa með kæru 14. febrúar 1951 kært málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Var kærumálinu frestað í Hæstarétti hinn 6. apríl 1951 vegna áfrýjunar aðalmálsins, en hefur nú verið sameinað því. Krefjast stefndu málskostnaðar af áfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu seldu eiginmanni áfrýjanda íbúð þá, sem í málinu greinir, með kaupsamningi 24. júní 1947. Var smíði íbúðarinnar þá enn ekki að fullu lokið, en stefndu áttu að skila henni fullgerðri og tilbúinni til notkunar hinn 15. júlí 1947. Eiginmaður áfrýjanda fluttist í íbúðina um mánaðamótin júní og júlí sama ár, og hinn 18. október 1947 fékk hann afsal fyrir íbúðinni úr höndum stefndu. Í afsalinu er tekið fram, að húsnæðið sé selt „í því ástandi, sem það nú er í og sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við."

Umrædd íbúð varð síðar séreign áfrýjanda samkvæmt kaupmála, sem hjónin gerðu með sér. Hinn 15. júlí 1949 æskti áfrýjandi þess, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir matsmenn til að meta galla á íbúðinni, sem hún taldi aðallega stafa af raka gegn um gólf íbúðarinnar, en að nokkru leyti af því, að stefndu hefðu ekki fullgert íbúðina, svo sem samningar stóðu til. Fór dómkvaðning matsmanna fram hinn 25. júlí 1949, og er matsgerð þeirra dagsett 31. ágúst sama ár. Þá beiddist áfrýjandi hinn 2. janúar 1950 dómkvaðningar tveggja matsmanna til að meta spjöll af vatnsaga, er upp hafði komið í íbúðinni hinn 23. desember 1949. Voru hinir sömu matsmenn og áður nefndir til að framkvæma matið, og luku þeir því hinn 10. janúar 1950.

Hér fyrir dómi hefur fébótakrafa áfrýjanda verið sundurliðuð með eftirgreindum hætti. Eru niðurstöður matsmanna lagðar til grundvallar um 1.—6. kröfulið.

1. Kostnaður af framkvæmd við að koma í veg fyrir raka upp um gólf íbúðarinnar, með því að grafa frá veggjum hússins, gera við holur í þeim og bika þá að utan, setja holræsi kringum húsið og koma því í samband við skolpæð frá húsinu, kr. 1700.00.

2. Kostnaður af að taka í burtu skemmda gólfdúka í íbúðinni og setja nýja dúka í þeirra stað með tjörupappa undir, kr. 2365.00.

3. Kostnaður af að hreinsa gólf í baðherbergi og flísleggja það, kr. 770.00.

4. Kostnaður af að bæta úr leka á stofulofti íbúðarinnar, með því að stífla niðurfall í útvegg frá þaki hússins og setja nýtt niðurfall í þess stað utan á húsvegginn, kr. 550.00.

5. Kostnaður af viðgerð á málningu íbúðarinnar og viðgerð á sökklum undir ofna, kr. 1900.00.

6. Kostnaður af breytingu á skolpleiðslu frá bílskúr og af framkvæmd við að steypa stétt milli hússins og bílskúrsins, kr. 2900.00.

7. Bætur fyrir spjöll á húsgögnum, kr. 600.00.

8. Bætur vegna verðlækkunar á íbúðinni, kr. 17000.00.

Um 1. kröfulið. Eins og fyrr segir, fékk eiginmaður áfrýjanda afsal fyrir íbúðinni hinn 18. október 1947. Leitt er í ljós, meðal annars með vætti afsalsvottanna, að þá þegar höfðu orðið nokkur spjöll á gólfdúkum íbúðarinnar vegna raka upp um gólf hennar. Á þeim tíma mun aðiljum hafa verið ókunnugt um orsakir rakans. Virðist eiginmaður áfrýjanda hafa ætlað, að skemmdir á dúkunum stöfuðu af því, að þeir hefðu verið lagðir, áður en gólfsteypan var orðin nægilega þurr. Stefndu kveðast hins vegar hafa gert sér þá grein fyrir rakanum, að vatn hefði runnið á gólfið vegna ógætni eiginmanns áfrýjanda, áður en dúkar voru lagðir, og muni það hafa komizt í vikurlag í gólfinu. Sú staðhæfing stefndu, að þeir hafi veitt afslátt af kaupverði vegna nefndra galla, er ósönnuð gegn mótmælum áfrýjanda.

Þegar tímar liðu og skemmdir á dúkum og málningu ágerðust vegna áframhaldandi raka upp úr gólfinu og vatnsrennslis með rörum, töldu áfrýjandi og eiginmaður hennar, að orsakir rakans mundu stafa af ófullnægjandi frágangi á útveggjum og grunni kjallarans. Til athugunar á þessu gróf eiginmaður áfrýjanda í júlímánuði 1949 skurð meðfram útveggjum kjallarans, að undantekinni norðurhlið. Eftir að dómur gekk í héraði, hefur verið tekin vitnaskýrsla af tveimur mönnum, sem aðstoðuðu við skurðgröftinn og athuguðu

gerð og frágang veggjanna ásamt eiginmanni áfrýjanda. Kveða þeir veggina hafa verið holótta og að gat hafi verið gegnum vegg á einum stað. Vitnisburðum þessum hefur ekki verið hnekkt, og þykir nægilega leitt í ljós með þeim, að ekki hafi verið gengið frá veggjum kjallarans á fullnægjandi hátt til að varna því, að vatn kæmist í gegnum þá inn í grunn hússins, enda hefur ekki verið gerð önnur sennileg grein fyrir orsökum rakans. Matsmenn hafa talið, að til þess að koma í veg fyrir raka sé nauðsynlegt að grafa meðfram útveggjum kjallarans, gera við holur í þeim, bika þá að utan og setja holræsi í kringum húsið, er sett sé í samband við skolpæð frá húsinu. Ber að leggja þetta álit þeirra til grundvallar í málinu og ákveða áfrýjanda bætur samkvæmt mati þeirra, eins og greinir í þessum kröfulið, kr. 1700.00.

Um 2. og 5. kröfulið. Að því er varðar kröfu áfrýjanda um bætur fyrir spjöll á gólfdúkum og málningu, þá er að vísu í ljós leitt, að nokkrar skemmdir vegna raka voru orðnar sýnilegar, þegar afsal var veitt fyrir íbúðinni. Áfrýjanda og eiginmanni hennar verður hins vegar ekki gefið að sök, þó að þau gerðu sér ekki grein fyrir á þeim tíma, að rakinn mundi stafa af leyndum byggingargalla á húsinu. Og þar sem skemmdirnar héldu áfram að ágerast og orsakir þess má samkvæmt framansögðu rekja til ófullnægjandi frágangs á útveggjum kjallarans, þá þykir áfrýjandi eiga rétt til nokkurra bóta af þessum sökum. Aftur á móti bera áfrýjanda ekki bætur gegn mótmælum stefndu vegna ófullnægjandi frágangs á sökklum undir ofnum, þar sem hér var um sýnilegan galla að ræða, þegar afsal fór fram, en tekið er fram í afsalinu, að kaupandi sætti sig við það ástand, sem íbúðin var þá í. Teljast bætur til handa áfrýjanda samkvæmt 2. og 5. kröfulið hæfilega ákveðnar með hliðsjón af matinu samtals kr. 2500.00.

Um 3. kröfulið. Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu hafi lofað, er afsal fór fram, að flísleggja gólf í baðherbergi íbúðarinnar. Þessari staðhæfingu hafa stefndu mótmælt, og eru ekki sönnur á hana færðar. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 4. kröfulið. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að vart hafi orðið leka á stofulofti íbúðarinnar undan svölum á

fyrstu hæð hússins. Stefndu kveðast hafa séð dökkan blett á stofuloftinu, en mótmæla því, að hann stafi af leka. Er ekkert frekara fram komið í málinu um þetta atriði, og virðist niðurstaða matsmanna um það vera reist á ágizkun einni. Er því ekki unnt að sinna þessum kröfulið.

Um 6. kröfulið. Hinn 23. desember 1949 kom allmikill vatnsagi upp með gólflista í stofu íbúðarinnar. Áfrýjandi telur líklegt, að þetta hafi stafað af vatnsrennsli frá bílskúr, sem stendur á húslóðinni. Matsmenn segja, að samkvæmt frásögn eiginmanns áfrýjanda um vatnsrennslið líti út fyrir, að orsök þess sé sú, að skolpleiðsla frá bílskúrnum, sem liggur inn undir húsið, hafi verið illa eða alls ekki tengd við skolpæð hússins. Þetta er þó aðeins ágizkun matsmanna, sem ekki er unnt að leggja til grundvallar í málinu. Engin rök eru færð fyrir kröfu um kostnað af gangstéttargerð, sem fólgin er í þessum kröfulið. Verður þessi liður kröfunnar því ekki að neinu leyti tekinn til greina.

Um 7. kröfulið. Áfrýjandi kveður nokkur spjöll hafa orðið á húsgögnum vegna vatnsrennslis í íbúðina hinn 23. desember 1949. Ekki hefur farið fram nein matsgerð eða skoðunar á spjöllum þessum og ekki leiddar sönnur að þeim á annan hátt. Er því ekki unnt að dæma áfrýjanda bætur samkvæmt þessum kröfulið gegn mótmælum stefndu.

Um 8. kröfulið. Gegn andmælum stefndu hafa engin rök verið leidd að þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndu dæmt að greiða áfrýjanda in solidum kr. 4200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 7. september 1949, til greiðsludags. Rétt þykir, að stefndu greiði áfrýjanda in solidum matkostnað, kr. 1000.00, en eftir atvikum málsins og með tilliti til þess, að af hálfu áfrýjanda voru mikilvæg sakargögn ekki lögð fram fyrr en í Hæstarétti, enda þótt unnt hefði verið og nauðsynlegt að leggja þau fram í héraði, þá þykir rétt, að hvor aðili beri að öðru leyti sinn kostnað af málinu fyrir báðum dómum. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um þóknun til talsmanns áfrýjanda í héraði. Svo ber og að dæma skipuðum málflytj-

anda áfrýjanda fyrir Hæstarétti málssóknarlaun úr ríkissjóði, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndu, Emil Hjartarson og Guðmundur Hjartarson, greiði in solidum áfrýjanda, Margréti Lúðvíksdóttur, kr. 4200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. september 1949 til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum áfrýjanda matskostnað, kr. 1000.00, en að öðru leyti beri aðiljar hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda í héraði, Kristins Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00, og málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. febrúar 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Margrét Lúðvíksdóttir, Grensásvegi 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. september 1949 gegn Guðmundi Hjartarsyni og Emil Hjartarsyni, báðum til heimilis að Hraunteigi 20, hér í bænum, til greiðslu bótakröfu að fjárhæð kr. 7.285.00 með 6% ársvöxtum frá 18. október 1947 til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 25. janúar 1950, gerði stefnandi til viðbótar fyrri kröfum á hendur stefndu bótakröfu að fjárhæð kr. 20.500.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi framhaldsstefnu til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnanda var með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 28. desember 1949, veitt gjafsókn í málinu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda í frumsök og framhaldssök og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru sem hér greinir: Með kaupsamningi, dags. 24. júní 1947, seldu stefndu manni stefnanda, Leó Sveinssyni brunaverði, íbúð í kjallara hússins nr. 20 við Hraunteig hér í bænum fyrir kr. 83.000.00. Verðið var miðað við íbúðina fullgerða, en smíði hennar var eigi lokið, er kaupsamningur var gerður. Afsal var gefið út fyrir íbúðinni 18. október 1947, og hafði kaupandinn þá þegar tekið við íbúðinni, enda hafði hann búið í henni a. m. k. að einhverju leyti frá því um mánaðamótin júní og júlí þá um sumarið. Í afsalinu er söluverð íbúðarinnar talið kr.

60.000.00, en aðiljar eru sammála um, að það sé eigi rétt tilgreint. Telja stefnandi og maður hennar, að greitt hafi verið fyrir íbúðina það verð, er kaupsamningurinn greinir, en stefndu telja sig hins vegar hafa gefið 5000 króna afslátt af því vegna galla þeirra, er síðar verður skýrt frá. Íbúðin varð síðar séreign stefnanda samkvæmt kaupmála, en í marz 1950 hafði hún makaskipti á íbúðinni og húsinu nr. 3 við Grensásveg. Kveður hún íbúðina við þau skipti hafa verið verðlagða á kr. 130.000.00. Við makaskiptin kveðst stefnandi hafa skýrt þeim, er íbúðina fékk, frá bótakröfu sinni á hendur stefndu, en henni hafi verið haldið utan við skiptin. Eftir að kaupsamningur málsaðilja var gerður, kom í ljós raki frá gólfi íbúðarinnar, er varð þess valdandi, að gólfdúkar skemmdust svo og málning á veggjum. Halda stefndu því fram, að skemmdir þessar hafi verið komnar í ljós, er afsal var gefið fyrir íbúðinni og hafi verið gefinn 5000 króna afsláttur af kaupverðinu þeirra vegna. Telja stefndu, að raki þessi hafi stafað af því, að vatn hafi flætt yfir gólfin í íbúðinni, eftir að maður stefnanda var fluttur í eitt herbergi hennar, úr krana, sem hann eða bróðir hans hafi skilið eftir opinn. Vatn þetta muni hafa setzt í vikureinangrun í gólfinu og skemmt síðan frá sér, áður en það náði að þorna. Maður stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þegar stefndu afsöluðu honum íbúðinni, hafi verið farin að sjást merki raka í gólfinu og skemmda af hans völdum, en hann neitar, að afsláttur hafi verið gefinn á kaupverðinu af þessum sökum. Hinn 25. júlí 1949 fékk stefnandi dómkvadda tvo matsmenn til að gefa álit um galla, sem hún telur hafa komið fram á íbúðinni og hvað kosta muni að bæta úr þeim. Telja matsmennirnir að skipta þurfi um gólfdúka og lagfæra málningu á íbúðinni. Til að fyrirbyggja vatnsrennsli framvegis telja þeir að grafa þurfi frá veggjum, gera við holur í þeim, bika þá að utan og setja holræsi í kringum húsið, sem sett sé í samband við skolpæð frá húsinu. Kostnað við þetta áætla matsmennirnir samtals kr. 5965.00. Auk raka frá gólfinu hafði einnig komið fram leki á stofulofti íbúðarinnar. Telja matsmennirnir, að hann muni stafa frá niðurfalli frá svölum hússins og þaki, er liggur þarna í vegg. Leggja þeir til, að niðurfall þetta sé stíflað og annað lagt í þess stað utan á húsinu. Kostnað við þetta áætla matsmennirnir kr. 550.00. Loks er í matsgerðinni tekinn með áætlaður kostnaður við að hreinsa gólf í baðherbergi og flísaleggja það. Áætla matsmennirnir hann kr. 770.00. Samanlagt nema framangreindar fjárhæðir dómkröfu stefnanda í frumsök. Hinn 23. desember 1949 telur stefnandi, að enn hafi runnið vatn inn í íbúðina upp með gólflista í suðvesturhorni stofunnar. Telur hann orsakir þessa munu hafa verið þær, að vatn hafi safnazt fyrir utan við bifreiðarskúr, sem stendur á lóðinni, og flætt inn í skúrinn. Þaðan muni það svo hafa runnið í niðurfall, sem er í gólfi bifreiðaskúrsins, en vegna gallaðs frágangs á niðurfalli þessu hafi vatnið ekki runnið út í frárennslið í götunni, heldur að húsgrunninum og inn í íbúðina gegnum vegginn. Dómkvaddir menn hafa talið, að kostnaður við að grafa upp niðurfallið frá bifreiðaskúrnum, að ganga frá því að nýju svo öruggt sé svo og að steypa plötu framan

við skúrinn og setja niðurfall þar, muni nema kr. 2.900.00. Krefst stefnandi greiðslu á fjárhæð þessari í framhaldssök auk kr. 600.00 vegna skemmda, sem orðið hafi á húsgögnum hans við vatnsflóðið 23. des. 1949 og kr. 17.000.00, sem hann telur vera verðrýrnun á íbúðinni vegna galla þeirra, sem komið hafi í ljós á henni.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að vatnsrennsli það, sem lýst er hér að framan, stafi af slæmum frágangi á húsinu, sem ekki hafi verið sjáanlegur, er kaup gerðust, og beri stefndu því að bæta tjón það, er af því hefur hlotizt. Varðandi flísalagnir í baðherbergisgólf og málun á undirstöðum miðstöðvarofna heldur stefnandi því fram, að stefndu hafi lofað að inna þau verk af hendi án endurgjalds, en eigi staðið við það.

Stefndu mótmæla því, að vatnsrennslið í íbúðinni stafi af slæmum frágangi hússins. Halda þeir því fram, að málning og dúkar á gólfum hafi verið orðið skemmt, þegar er afsal var útgefið og hafi verið gefinn afsláttur á kaupverðinu vegna þess, enda þótt þeir hafi eigi borið ábyrgð á orsökum þeirra skemmda. Stefndu mótmæla því, að þeir hafi lofað að flísaleggja baðherbergisgólf eða ganga frá málun á sökklum undir miðstöðvarofnum.

Í málinu hefur verið leitt í ljós, að hinir dómkvöddu matsmenn hafa ekki gengið úr skugga um orsakir vatnsrennslisins í íbúðinni. Hafa þeir byggt á sögusögn eiginmanns stefnanda um þá galla, er þeir telja líklegt að valdið hafi því að vatn komst inn í íbúðina. Af öðrum gögnum málsins verður eigi heldur ráðið, að leyndir gallar hafi verið eða séu á húsinu, sem líklegir séu til að hafa orsakað vatnsrennsli í því, eftir að afsal til eiginmanns stefnanda fór fram. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda að því leyti, sem þær eru byggðar á þessu atriði. Gegn mótmælum stefndu er ósannað, að þeir hafi lofað að flísaleggja baðherbergisgólf og mála sökkla undir miðstöðvarofnum umfram það, sem gert hafði verið, er afsal fór fram, enda er enginn fyrirvari gerður í afsali um þessi efni. Ber því einnig að sýkna stefndu af kröfu stefnanda, að því er þessi atriði varðar. Verður niðurstaða málsins því sú, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málsvarnarlaun talsmanns stefnanda, Kristins Gunnarssonar hdl., ákveðast kr. 1000,00.

Dóm þenna kváðu upp Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og Jón Bergsteinsson múrarameistari, en dómsuppsaga hefur dregizt umfram venju vegna anna, sem m. a. stafa af veikindaforföllum á skrifstofu borgardómara.

Dómsorð:

Stefndu, Emil Hjartarson og Guðmundur Hjartarson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Margrétar Lúðvíksdóttur, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þóknun talsmanns stefnanda, Kristins Gunnarsson hdl., ákveðst kr. 1000.00.

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 167/1951. **Oddný Sen** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jóni Dúasyni (Ólafur Þorgrímsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1951 til þingfestingar í janúarmánuði 1952. Í áfrýjunarstefnu kvaðst aðaláfrýjandi mundu gera þær dómkröfur fyrir Hæstarétti, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, yrði lækkuð, hvorum aðilja yrði dæmt að bera sinn kostnað af sökinni í héraði, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu af sinni hendi með stefnu 16. nóvember 1951 til þingfestingar í desembermánuði s. á. Lýsti gagnáfrýjandi því í áfrýjunarstefnu sinni, að hann mundi fyrir Hæstarétti krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti voru áfrýjunarmál þessi sameinuð, sbr. 40. gr. laga nr. 112/1935. Málinu var síðan frestað hvað eftir annað samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti hinn 27. marz 1953, bað aðaláfrýjandi enn um frest í málinu, en gagnáfrýjandi andmælti frekari frestun þess. Þá höfðu Hæstarétti hvorki borizt dómsgerðir héraðsdóms né ágrip dómsgerða frá aðaláfrýjanda, en gagnáfrýjandi hafði hinn 4. febrúar 1952 sent dóminum dómsgerðir í héraði svo og héraðsdóm og áfrýjunarstefnur í sérstöku ágripi.

Hér fyrir dómi krafðist aðaláfrýjandi þess aðallega, að honum yrði veittur hæfilegur frestur til þess að gera ágrip dómsgerða. Til vara krafðist hann sýknu í aðalsök og frávísunar gagnsakar. Loks krafðist aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi gerir þessar dómkröfur:

1. Að synjað verði um frekari frest í málinu.
2. Að aðalsök verði vísað frá Hæstarétti.
3. Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.
4. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi eru efni til þess að veita aðaláfrýjanda gegn andmælum gagnáfrýjanda frekari frest en hann þegar hefur haft til ágripsgerðar. Ber því að synja aðaláfrýjanda um frest þann, sem hann hefur krafizt, og vísa aðalsök frá Hæstarétti samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda.

Eftir frávísun aðalsakar af framangreindum ástæðum getur aðaláfrýjandi ekki áfrýjað héraðsdómi af nýju, þó að efnisdómur sé eigi lagður á gagnsök í Hæstarétti. Af þessu leiðir, að það skiptir gagnáfrýjanda ekki máli að lögum, að krafa hans um staðfestingu héraðsdóms sé tekin til úrlausnar. Verður gagnsök því sjálfkrafa og þar með málinu í heild vísað frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir hvor aðilja eiga að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Dúason dr. juris, Þingholtsstræti 28, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. des. 1950 gegn Oddnýju Sen, Miklubraut 40, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. des. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, er hann lét leggja á fasteign stefndu að Miklubraut 40 þann 5. des. 1950 til tryggingar kröfum þessum.

Stefnda hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að því er stefnandi skýrir frá, að frá því seint á árinu 1946 og fram til 29. des. 1947 hafi hann lánað stefndu fé, samtals kr. 164.000.00. Hafi lán þetta verið innt af hendi með allmörgum greiðslum. Fé þessu muni stefnda hafa varið til kaupa hluta húseignarinnar nr. 40 við Miklubraut hér í bænum. Af fé þessu hafi stefnda aðeins endurgreitt kr. 10.000.00, þannig að eftir standi kr. 154.000.00, er hann

nú krefur stefndu um. Auk þessa kveðst stefnandi hafa afhent stefndu eða syni hennar, Jóni Sen, samtals kr. 191.438.00, sem ekki koma til álita í þessu máli.

Kröfur sínar byggir stefnda á því, að hún hafi ekki fengið svo mikið fé léð hjá stefnanda, sem hann hefur talið. Þá hefur stefnda talið sig eiga fé hjá stefnanda vegna vinnu í hans þágu, er koma eigi til frádráttar kröfum hans. Hefur stefnda í því sambandi áskilið sér rétt til að höfða mál gegn stefnanda til heimtu þessa fjár að svo miklu leyti, sem ekki verður um það dæmt í máli þessu.

Þann 30. október 1950 ritaði stefnandi sakadómaranum í Reykjavík bréf og kærði þau stefndu og son hennar, Jón Sen, fyrir meint fjársvik gagnvart sér. Taldi hann þar, að hann hefði lánað stefndu kr. 154.000.00. Mál þetta var síðan tekið fyrir í lögreglurétti Reykjavíkur. Í þinghaldi í lögregluréttinum þann 16. nóv. 1950 segir stefnda, að hún treysti sér ekki til að bera á móti því, að stefnandi hafi lánað henni alls til húsakaupanna kr. 154.000.00, eins og hann telji, og kveðst „hreinlega kannast við, að svo hafi verið." Við samprófun þeirra aðiljanna í lögregluréttinum þennan sama dag kveður stefnda það rétt vera, að stefnandi hafi lánað henni þetta fé.

Með skírskotun til þessarar viðurkenningar stefndu verður að telja sannað, að stefnandi hafi lánað kr. 154.000.00, enda hefur hún nú á engan hátt rökstutt, að um lægri fjárhæð hafi verið að ræða.

Það er að vísu viðurkennt af stefnanda, að stefnda og börn hennar hafi eitthvað unnið fyrir stefnanda á undanförnum árum, en hann telur að hér hafi verið um smágreiða að ræða, sem hann hafi jafnað með því að inna af hendi ýms störf fyrir stefndu, og hefur mótmælt að skulda nokkuð vegna þessa. Stefnda hefur ekki tilgreint fjárhæð þeirrar kröfu, er hún vill gera á hendur stefnanda vegna þessarar vinnu, og verður því ekki unnt að taka hana hér til greina gegn mótmælum stefnanda.

Með vísan til þessa verður að taka kröfu stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefndu til að greiða honum kr. 154.000.00 með vöxtum, svo sem krafizt er, en þeim hefur eigi verið mótmælt.

Þá ber að staðfesta fyrrgreint löghald.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir öllum málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefnda, Oddný Sen, greiði stefnanda, Jóni Dúasyni, kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. desember 1947 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 35/1952. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Sigurbirni Guðmundi Björnssyni
(Gústaf A. Sveinsson)
og
Sigurjóni Maríassyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Tilraun til fjárkúgunar.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis, að því er varðar ákærðu Sigurbjörn Guðmund Björnsson og Sigurjón Maríasson.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm og staðfestu framburði sína vitni, sem héraðsdómari hafði látið undan falla að heitfesta, áður en hann lagði dóm á málið. Með þessari athugasemd og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Hvor hinna ákærðu greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00. Ákærði Sigurjón Maríasson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar, hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máls-

sóknarlaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. janúar 1952.

Ár 1952, föstudaginn 4. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4558—4560/1951: Ákæruvaldið gegn Hjálmtý Guðvarðssyni, Sigurbirni Guðmundi Björnssyni og Sigurjóni Mariassyni, en mál þetta var tekið til dóms 30. f. m.

Í máli þessu er Hjálmtýr Guðvarðsson fornsali, Hverfisgötu 32, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa brotið gegn 14. gr., sbr. 27. gr., en til vara 30. gr. og 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 33/1935, með því að hafa í vörzlu sinni þriðjudaginn 13. marz s.l. ólöglegt áfengi, sem hann eigi gat fært sönnur á, hvernig hann hefði fengið, og með því að selja þetta áfengi ákærða Sigurjóni Mariassyni.

Þeir Sigurbjörn Guðmundur Björnsson, fyrrverandi lögregluþjónn, Miklubraut 80 og Sigurjón Mariasson, fyrrverandi strætisvagnastjóri, Langholtsvegi 108, eru ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um tilraun til fjárkúgunar samkvæmt 251. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, með því að hafa síðari hluta föstudagsins 16. marz s.l. hótað ákærða Hjálmtý í verzlun hans í Ingólfsstræti 11 upplýstran á ólöglegri áfengissölu hans, ef hann eigi greiddi þeim 2000 krónur eða eitthvað lægri upphæð eftir samkomulagi.

Hinir ákærðu eru allir ákærðir til refsingar og málskostnaðargreiðslu, ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón einnig til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna og ákærði Sigurbjörn Guðmundur til að sæta upptöku hins ólöglega áfengis.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Hjálmtýr fæddur 9. ágúst 1912, Sigurbjörn Guðmundur 17. marz 1921 og Sigurjón 9. maí 1921. Þeir hafa sætt ákærum og refsingum, sem hér segir:

Ákærði Hjálmtýr Guðvarðsson:

1931 13/11 Dómur Hæstaréttar: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 með hliðsjón af 63. gr. sömu laga.

1933 27/10 Sætt, 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.

1933 9/12 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, 100 kr. sekt og 600 kr. aukagjald fyrir brot gegn 13., 1. og 27. gr. áfengislaga. Dómur Hæstaréttar í sama máli 28/2 1934, 1000 króna sekt og 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

1934 14/3 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venju-

legt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 kr. skaðabætur (veitt uppreist æru 31/12 1945).

1934 24/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 300 króna sekt fyrir ölvun og ósvífni við lögregluna. Staðfest í Hæstarétti 22/2 1935.

1936 3/1 Sætt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1937 17/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu. Staðfest í Hæstarétti 24/1 1938.

1937 6/11 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 kr. sekt og 10 daga daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir áfengissölu.

1937 30/12 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1948 18/3 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 1000 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr., sbr. 33. gr. áfengislaganna.

1949 31/3 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1949 20/5 Reykjavík. Sátt, 2000 kr. sekt fyrir verðlagsbrot.

1950 11/7 Reykjavík. Kærður fyrir meint verðlagsbrot. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 23/12 1950.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson:

Í Reykjavík.

1941 14/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur og ljósleysi á reiðhjóli.

1950 19/7 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Sigurjón Maríasson:

1941 21/3 Sátt á Ísafirði, 25 kr. sekt, fyrir brot á 17. gr. laga nr. 33 1935.

1941 18/12 Sátt á Ísafirði, 20 kr. sekt, fyrir brot á 1. mgr. 5. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931, sbr. lög nr. 23 1941.

1945 20/12 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir óspektir á almannafæri.

1948 21/9 Reykjavík. Kærður fyrir líkamsárás af Jóni G. Magnússyni, Lindarbrekku. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.

1949 24/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna og 9. gr. 1. mgr. umferðalaganna.

1949 2/11 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðaakstur.

1950 11/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1950 21/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðaakstur.

Verða nú raktir málavextir.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur Björnsson gerðist lögregluþjónn í lögregluliðinu í Reykjavík á árinu 1942 og gegndi því starfi, unz atburðir þeir gerðust, er mál þetta er risið af. Hafa þeir, hann og meðákærði Sigurjón, verið kunningjar nokkur undanfarin ár. Ákærði Sigurbjörn Guðmundur átti þrítugsafmæli 17. marz s.l. og hugðist þá gera sér dagamun. Hitti hann ákærða Sigurjón nokkrum dögum fyrir afmælið og bað hann

að kaupa fyrir sig áfengi. Hafði Sigurjón þá fengið vitneskju um, að ákærði Hjálmtýr mundi hafa til sölu spíritus og nefndi hann þetta við ákærða Sigurbjörn Guðmund. Varð það að samkomulagi, að ákærði Sigurjón keypti spíritus hjá Hjálmtý, þar sem verðið mundi vera hagstætt. Skýra þeir Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón svo frá, að Sigurbjörn Guðmundur hafi afhent Sigurjóni 500 kr. til áfengiskaupanna. Þeir hafi ekið að verzlun ákærða Hjálmtýs og Sigurjón farið inn og rætt við hann og orðið hafi að samkomulagi, að hann fengi keyptan spíritus seinna um daginn eða um kl. 6. Á tilsettum tíma hafi Sigurjón farið einn til Hjálmtýs og fengið hjá honum áfengi. Ekki er fullupplýst, hversu mikið áfengið hafi verið. Segist Hjálmtýr hafa selt Sigurjóni 3 þriggjapela flöskur á samtals 300 krónur, en Sigurjón segist hafa borgað 450 kr. og fengið 4 fullar þriggjapela flöskur og eina hálfflösku og því magni kveðst ákærði Sigurbjörn Guðmundur síðan hafa veitt viðtöku frá Sigurjóni. Kveður Hjálmtýr flöskurnar hafa innihaldið óblandaðan spíritus, en um það efni eru ákærðu á öðru máli, eins og síðar verður rakið.

Föstudaginn 16. marz s.l. nokkru fyrir kl. 17 hringdi ákærði Hjálmtýr til Ágústs Jónssonar rannsóknarlögregluþjóns og tjáði honum, að tveir menn hefðu komið til sín nokkru áður, annar einkennisklæddur lögregluþjónn, og hótað að kæra hann fyrir áfengissölu, ef hann greiddi þeim ekki 2000 krónur. Kvaðst Hjálmtýr hafa fengið umhugsunarfrest hjá mönnunum og kæmu þeir aftur kl. 18. Hjálmtýr átti einnig tal við Svein Sæmundsson yfirlögregluþjón og skýrði honum frá þessu. Varð það úr, að Hjálmtý var ráðlagt að hafa menn viðstadda samtal sitt við mennina kl. 18. Hjálmtýr náði því næst í 3 menn, Lúðvík Ottó Guðjónsson verzlunarmann, Bólstaðahlíð 12, Ingólf Pálsson verzlunarmann, Ásvallagötu 15 og Þórhall Sigurjónsson sölumann, Miðtúni 60. Hagar þannig til í verzlunarhúsnæði Hjálmtýs, að tvær kompur eru þiljaðar af, önnur í norðausturhorni, en hin í suðvesturhorni. Inn í annað þessara herbergja lét Hjálmtýr mennina fara og bíða þar, en er ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón komu til viðtals við Hjálmtý, fór hann með þá inn í hitt herbergið. Færðu þeir Ingólfur, Þórhallur og Lúðvík Ottó sig þá fram í verzlunina og hleruðu við herbergi það, er ákærðu voru inni í.

Þykir nú verða að rekja fyrst framburði Sigurjóns og Sigurbjörns Guðmundar um aðdraganda þessara skipta þeirra við Hjálmtý.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur skýrir svo frá, að fimmtudagskvöldið 15. marz hafi hann við annan mann drukkið úr einni af flöskum þeim, er Sigurjón útvegaði honum. Hafi þeir því nær lokið úr flöskunni og kveðst ákærði eftir áfengisáhrifunum að dæma hafa komizt á þá skoðun, að eigi væri spíritusinn óblandaður. Hafi hann því næsta morgun haft með sér sýnishorn af áfenginu, er hann fór til vinnu sinnar. Um morguninn hitti hann ákærða Sigurjón af hendingu og fékk hann til að aka með sig að Atvinnudeild Háskólans, þar sem hann kom sýnishorninu til rannsóknar. Ekki kveðst hann hafa skýrt Sigurjóni frá erindi sínu, fyrr en þeir voru aftur komnir niður í miðbæ. Síðdegis kveðst ákærði Sigur-

björn Guðmundur hafa náð í niðurstöðu rannsóknarinnar, er hafi verið á þá leið, að í sýnishorninu hafi fundizt 38,3% ethylalkohol, en methylalkohol ekkert.

Hafi hann svo hitt Sigurjón af tilviljun í miðbænum milli kl. 15 og 16 og tjáð honum tíðindin. Segir ákærði, að þeir hafi ræðst við um, hvað gera skyldi í tilefni af þessum prettum Hjálmtýs. Kveðst Sigurbjörn Guðmundur hafa haft á orði að kæra Hjálmtý, en Sigurjón talið réttara að krefja hann bóta fyrir svikin og fyrirhöfn þeirra í sambandi við þau. Hafi þeir síðan orðið samferða á fund Hjálmtýs.

Ákærði Sigurjón segir á sama átt frá atriðum þeim, er nú hafa verið rakin. Kveður hann Sigurbjörn Guðmund hafa, að aflokinni ferð þeirra að Atvinnudeildinni, sagt honum, að hann vildi vita, hvort spíritusinn væri ósvikin vara, en ekki lét hann þá orð falla um, að hann hefði grun um, að spíritusinn væri blandaður. Sigurjón segir, að þeir félagar hafi svo hitzt um kl. 15 á lögreglustöðinni, og hafi það áður verið samkomulag þeirra og þá hafi Sigurbjörn Guðmundur tjáð honum, að spíritusinn hafi við rannsókn verið mjög blandaður og hafi þeir þá ákveðið að krefja Hjálmtý bóta. Segir Sigurjón, að ætlunin hafi verið að krefja hann um 300 kr. vegna umræddra áfengiskaupa, eitthvað vegna fyrri áfengiskaupa Sigurjóns og loks eitthvað fyrir fyrirhöfnina.

Er þá komið að því að lýsa því, hvað hinum ákærðu fór á milli á fundum þeim, er þeir áttu fimmtudaginn 16. marz í verzlun Hjálmtýs, en talsvert bar á milli í frásögn þeirra af þessum skiptum.

Ákærði Hjálmtýr segir, að meðákærðu hafi komið til sín um kl. 16. Hafi Sigurjón dregið upp vottorð frá Atvinnudeild Háskólans og borið á hann, að spíritus sá, er hann hefði selt þeim félögum, væri vatni blandinn. Hafi hann svo farið fram á, að hann (Hjálmtýr) greiddi þeim 2000 krónur, ella mundu þeir kæra hann fyrir áfengissölu. Hann hafi þó léð máls á að lækka kröfuna niður í 1500 kr. Hjálmtýr kveðst strax hafa hugsað sér að kæra atferli mannanna og hafa því beðið um frest til kl. 18. Komið hafi til tals, að hann hefði ekki handbært fé, en til mála kæmi, að hann samþykkti víxil fyrir upphæðinni, og hafi Sigurbjörn Guðmundur þá afhent honum tvö víxileyðublöð. Er mennirnir voru farnir, snéri Hjálmtýr sér til rannsóknarlögreglunnar, sem áður greinir. Þeir Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón komu svo aftur laust fyrir kl. 18 og báru fram kröfu, sem fyrr, og ræddu þeir nokkuð málið. Kveðst Hjálmtýr hafa spurt, hvort þeir létu sér ekki nægja 1200 kr., en Sigurbjörn Guðmundur hafi komizt svo að orði, að hann gerði sig ekki ánægðan með minna en 1000 kr. í sinn hlut.

Eftir að þeir höfðu ræðst við um stund, hringdi Hjálmtýr síðan til Sveins Sæmundssonar og tjáði honum, að mennirnir væru komnir, en Ingólfur Pálsson, er hlýtt hafði á samtal ákærða, fór og náði í lögregluþjón, er gætti þeirra Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, unz þeir voru handteknir.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur kveðst hafa farið með Sigurjóni að verzlun Hjálmtýs og hafi Sigurjón fyrst farið inn, en Sigurbjörn Guð-

mundur kveðst hafa farið inn rétt á eftir og tekið þátt í samtalinu. Kveður Sigurbjörn Guðmundur, að Sigurjón hafi stungið upp á, að Hjálmtýr greiddi 2000 kr. til að losna við öll óþægindi, en Hjálmtýr hafi boðizt til að greiða 1200 kr. og hafi þeir félagar samþykkt, að hann greiddi það, auk 300 króna sem bætur fyrir, að áfengið var svikið. Þá hafi Hjálmtýr beðið um frest til kl. 18, en áður hafi komið til tals, að hann samþykkti víxil fyrir upphæðinni og kveðst ákærði Sigurbjörn Guðmundur hafa fengið honum tvö víxileyðublöð, er hann hafði á sér.

Ákærði segir, að fyrir sér hafi vakað að fá bætt þau svik, er Hjálmtýr hefði haft í frammi með því að selja þeim áfengið sem óblandaðan spíritus.

Hann hefur sagt, að hann mundi hafa sætt sig við að fá 300 kr. greiðslu og neitar því, að hann hafi nokkru sinni haft á orði, að hann vildi hafa 1000 kr. í sinn hlut, en hann muni hafa sagt, að 1000 kr. væru ekki of mikið og átt við það, að það væri ekki of mikið handa báðum. Hann neitar því ekki, að það hafi verið hugmyndin að hafa meira upp úr þessu en 300 kr. og segist gjarnan hafa viljað það, ef Hjálmtýr hefði samþykkt það. Hann kveður aldrei hafa verið rætt um það milli hans og Sigurjóns, hvernig skipta skyldi fengnum, ef til hefði komið. Ákærði segir, að er þeir félagar komu til Hjálmtýs um kl. 18 og lentu í þvargi við hann út af upphæð bótanna, hafi hann sagt við Sigurjón, að það væri ómögulegt að vera að þessu og bezt væri að fara.

Á síðara stigi rannsóknarinnar hefur ákærði Sigurbjörn Guðmundur breytt framburði sínum að nokkru og í skriflegri skýrslu, er hann sendi dóminum 27. marz, vill hann láta líta svo út sem ætlun sín hafi verið sú ein að fá endurgreiðslu á nokkrum hluta þess fjár, er hann hafði greitt Hjálmtý fyrir áfengið, eða sem svaraði því, hve mikið spíritusinn var blandaður. Þykir þó ljóst að leggja verði fremur til grundvallar fyrri skýrslu ákærða, er tekin var fyrir dómi í byrjun málsins, enda hefur ákærði ekki gefið aðrar skýringar á breytingu, er hann gerði á framburði sínum en þær, að hann hafi verið utan við sig, er hann kom fyrst fyrir dóm.

Ákærði Sigurjón segir, að er þeir félagar komu til Hjálmtýs í fyrra skiptið, hafi þeir einungis sagt honum, að þeir vildu fá skaðabætur, án þess að þeir tilnefndu neina ákveðna upphæð, en Hjálmtýr hafi að fyrra bragði nefnt 2000 krónur og síðar 1500 krónur og hafi þeir félagar samþykkt það. Eitthvað hafi hann minnst á 1200 kr. Hann hafi sagt, að hann hefði ekki handbærar nema 2—300 kr., en stungið upp á að samþykkja víxil og hafi Sigurbjörn Guðmundur afhent honum eyðublöð. Sigurjón segir, að hann og Sigurbjörn hafi hótað að kæra Hjálmtý, ef hann fengist ekki til að greiða þeim bætur vegna vörusvikanna.

Sigurjón segir, að í síðara skiptið, sem þeir töluðu við Hjálmtý, hafi Hjálmtýr nefnt sömu upphæð og fyrr, en síðar hafi þeir þráttað um upphæðina um stund, en að síðustu kveðst hann hafa sagt, að ekki þýddi að þrátta um þetta og gert sig líklegan til að fara. Hafi Hjálmtýr þá skýrt þeim frá ráðstöfunum þeim, er hann hafði gert, og hafi

síðan komið lögregluþjónn, er lét þá félaga bíða, unz þeir voru teknir höndum.

Hefur Sigurjón, þrátt fyrir framburð meðákærða Hjálmtýs og Sigurbjörns Guðmundar, ekki viljað viðurkenna, að hann hafi stungið upp á ákveðinni upphæð við Hjálmtý, en viðurkennir þó, að ætlunin hafi verið að fá meira en 300 kr. út úr þessu. Enda kveðst Sigurjón áður hafa keypt áfengi af Hjálmtý og hafa grun um, að það hafi stundum verið blandað.

Nú verða raktir framburðir vitna þeirra, er hlustuðu eftir samtali ákærðu um kl. 18 umræddan dag.

Ingólfur Pálsson, sem er starfsmaður hjá ákærða Hjálmtý, kveðst hafa verið inni í öðru herberginu, er mennirnir komu í fyrra skiptið, og heyrt ávæning af samtali þeirra, en ekki hafi hann þó í fyrstu veitt því neina verulega athygli. Hann kveðst þó hafa heyrt, að mennirnir báru upp á Hjálmtý, að hann hefði selt áfengi. Eftir að mennirnir voru farnir, bað Hjálmtýr Ingólf að ná í fleiri votta til að hlusta á, er mennirnir kæmu aftur um kl. 18. Fór Ingólfur þá og náði í Lúðvík Ottó, en Þórhall bar að af hendingu og bað Hjálmtýr hann að bíða. Er mennirnir voru komnir kl. 18, fóru vitnin þrjú að norðurherberginu, þar sem ákærðu ræddust við. Ingólfur kveðst hafa heyrt, að mennirnir margítrekuðu, að þeir mundu sleppa Hjálmtý, ef hann greiddi 2000 kr. Ingólfur telur sig hafa getað greint sundur málróm ákærðu og hafa heyrt, að Sigurjón hafði á orði að lækka kröfuna niður í 1500 kr., en að Sigurbjörn Guðmundur komst þá svo að orði, að hann gerði sig ekki ánægðan með minna en 1000 krónur í sinn hlut. Hann minnir, að eitthvað væri minnzt á víxil. Ingólfur kveðst hafa farið út úr búðinni, er mennirnir höfðu rætt við 10—15 mínútur, og náð í lögregluþjón, er var á göngu skammt frá.

Lúðvík Ottó Guðjónsson skýrir svo frá, að Hjálmtýr hafi sagt við hann, er hann kom í verzlunina, að tveir menn hafi komið til sín og hótað að kæra hann fyrir áfengissölu, ef hann greiddi þeim ekki 2000 krónur fyrir að þegja, og beðið hann og þá Ingólf og Þórhall að fylgjast með samtali sínu við mennina, er þeir kæmu aftur. Þeir hlýddu svo allir á samtal ákærðu í hornherberginu. Lúðvík Ottó kveðst hafa þekkt rödd Hjálmtýs, en ekki raddir komumanna, enda sá Lúðvík þá ekki fyrr en þeir fóru. Hann segist hafa heyrt, að komumenn kröfðu Hjálmtý um 2000 kr., ef þeir ættu að þegja yfir því, að hann hefði selt þeim spíritusblöndu, er innihaldið hefði of lítið áfengi. Heyrði Lúðvík, að þeir þrátt uðu um þetta fram og aftur og hafi báðir komumenn samþykkt, að Hjálmtýr greiddi 1500 krónur. Hann heyrði, að Hjálmtýr minntist á, að hann hefði ekki nema 2—300 kr. í reiðufé og að eitthvað var minnst á víxil.

Þórhallur Sigurjónsson kveðst hafa komið í búðina til Hjálmtýs og hafi hann þá sagt, að til sín hefði komið tveir menn og ætlað að hafa af sér fé. Hafi Hjálmtýr beðist þess, að hann dokaði við og hleraði eftir samtali sínu við mennina, sem væntanlegir væru aftur kl. 6, og gerði

Þórhallur þetta. Hann kveðst hafa heyrt, að mennirnir kröfðu Hjálmtý um 2000 krónur og að annar mannanna hafi nefnt 1500 krónur, en hinn hafi þá sagt, að hann vildi fá 1000 krónur í sinn hlut, og telur Þórhallur, að það hafi lögregluþjónninn (ákærði Sigurbjörn Guðmundur) sagt, enda segist Þórhallur hafa kannast við ákærða Sigurjón og þekkt rödd hans. Þórhallur hafði að beiðni Hjálmtýs blað og blýant hjá sér, meðan hann hlýddi á samtalið, og skrifaði upp nokkrar setningar af samtalinu. Meðal setninga þessara eru þessar: „Sex hundruð króna sekt" og „Sekt, eins og spíritussekt, er 1500 krónur," „Pressa mig", og „Við viljum ekki láta svíkja okkur." Kveður Þórhallur komumenn hafa haft á orði, að Hjálmtýr hefði selt þeim spíritus og hann hefði sagt, að hann mundi ekki fá nema 600 króna sekt. Annars eru setningar þær, er Þórhallur reit hjá sér, þannig, að þær veita harla litlar upplýsingar um það, er ákærðu fór á milli.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur var í einkennisbúningi lögregluliðsins, er hann fór á fund Hjálmtýs umræddan dag. Sigurbjörn Guðmundur segir, að Sigurjón hafi viðhaft ummæli eitthvað á þá leið, að það væri vænlegra til árangurs í skiptum við Hjálmtý, að hann væri einkennisklæddur, en ekki kveðst Sigurjón minnast þess að hafa viðhaft þessi ummæli.

Hafa nú verið raktar þær upplýsingar, er fengizt hafa í málinu. Óupplýst er, hvaðan Hjálmtýr fékk áfengi það, er hann seldi meðákærðu, og hefur hann ekki fært sönnur að því, hvar hann hafi fengið það. Eins og áður getur, neitar Hjálmtýr því, að hann hafi blandað spíritusinn, er hann seldi meðákærðu. Og í tveim sýnishornum, er tekin voru af áfengi, er ákærði Sigurbjörn Guðmundur afhenti dóminum og kvað vera áfengi, er Hjálmtýr seldi honum, reyndist áfengismagnið 90,5 og 90,3 rúm %. Útilokar það að vísu ekki, að eitthvað af áfenginu kunni að hafa verið blandað, er það kom í hendur ákærða Sigurbjörns Guðmundar og verið með alkóhólinnihaldi 38,3%, eins og sýnishorn það, er hann afhenti Atvinnudeild Háskólans til rannsóknar.

Það verður þó að telja, að þeir ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón hafi ætlað sér og reynt raunverulega að fá ákærða Hjálmtý til að greiða sér fjárupphæð, er hafi verið hærri en sú upphæð, er þeir með nokkru móti gátu talið, að þeir ættu hjá Hjálmtý með tilliti til þess, að áfengið hefði verið svikið að gæðum og að þeir hafi hótað honum að kæra hann fyrir áfengissölu, til að knýja fram greiðsluna. Þykir þetta fullsannað með framburðum ákærðu sjálfra og með hliðsjón af framburðum vitna þeirra, er hlýddu á samtal ákærðu, en framburðir þessir hafa verið raktir. Hafa ákærðu Sigurbjörn Guðmundur og Sigurjón því gerzt brotlegir við 251., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sigurbjörn Guðmundur hefur ekki verið ákærður fyrir brot gegn ákvæðum XIV. kafla hegningarlaganna og kemur því eigi til álita að sakfella hann fyrir brot á neinu þeirra ákvæða.

Ákærði Hjálmtýr hefur hins vegar gerzt brotlegur við 14. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og þykir eftir atvikum rétt að láta hann sæta refsingu

samkvæmt 27. gr. sömu laga, enda heldur ákærði því fram, að hann hafi keypt áfengið af sjómanni, sem þó ekki hefur upplýstzt, hver er. Þá hefur ákærði Hjálmtýr brotið 15. gr., sbr. 33. gr. nefndra laga, með því að selja áfengi og er brot hans ítrekað.

Þykir refsing Hjálmtýs hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til Menningarsjóðs, og greiðist hún innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en afplánist ella varðhaldi 35 daga.

Refsing hvors þeirra ákærðu, Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði, og er þá haft í huga, að þeir misstu báðir atvinnu sína, er málarekstur þessi hófst.

Rétt þykir, að gæzluvarðhald Sigurbjörns Guðmundar og Sigurjóns, 1 dagur, komi refsingum þeirra til frádráttar samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta hina ákærðu, Sigurbjörn Guðmund og Sigurjón, kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Áfengi það, er tekið var úr vörzlum Sigurbjörns Guðmundar, skal vera upptækt ríkissjóði til handa.

Dæma ber ákærða til að greiða sakarkostnað allan, og greiði Sigurbjörn Guðmundur 700 kr. í þóknun til skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, og Sigurjón 700 kr. í þóknun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eirikssonar hdl., en annan sakarkostnað greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Dráttur varð á dómsuppkvaðningu í máli þessu vegna mikilla anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærðu Sigurbjörn Björnsson og Sigurjón Maríasson sæti hvor um sig fangelsi 60 daga. Þeir eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald þeirra í 1 dag komi refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærði Hjálmtýr Guðvarðsson greiði 5000 króna sekt til Menningarsjóðs og afplánist sektin varðhaldi 35 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint áfengi skal upptækt ríkissjóði til handa.

Ákærði Sigurbjörn Guðmundur greiði 700.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Gústafs A. Sveinssonar hrl., og ákærði Sigurjón kr. 700.00 til skipaðs verjanda síns Kristjáns Eirikssonar hdl., en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Kærumálið nr. 7/1953.

Skapti Davíðsson

gegn

Þórdísi Davíðsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. apríl 1953, sem hingað barst 15. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði úrskurðar, er upp var kveðinn í skiptarétti Reykjavíkur 4. s. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hvorum aðilja verði gert að bera kostnað sinn af málinu í héraði, en varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar. Jafnframt hefur sóknaraðili áskilið sér rétt til að áfrýja úrskurði skiptaréttarins að öðru leyti síðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða málskostnaðarákvæðis og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Samkvæmt 2. málslið 186. gr. laga nr. 85/1936 er heimilt að kæra ákvörðun um málskostnað samkvæmt 1. mgr. 185. gr. sömu laga, enda þótt aðili vilji una við ákvörðun dómara um aðalmálið. Ekki þykir eðlilegt að skýra 1. málslið nefndrar 186. gr., sem á við um úrskurði skiptaréttar, þannig, að kæruheimild sé víðtækari samkvæmt honum en 2. málslið. Sóknaraðili hefur því ekki samkvæmt lagaákvæði þessu heimild til kæru þeirrar, sem hann hefur haft uppi í máli þessu, þar sem hann hefur áskilið sér rétt til að áfrýja úrskurði skiptaréttarins að öðru leyti síðar. Eigi leiða heldur lagarök til þess að kæra málskostnaðarákvæðis sé heimiluð, þegar svo stendur á. Ber því að vísa kærumáli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Skapti Davíðsson, greiði varnaraðilja, Þórdísi Davíðsdóttur, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1953.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 20. f. m., hefur sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9, hér í bænum, krafizt þess að fá greitt af óskiptu úr dánarbúi föður síns, Davíðs Jóhannessonar, sem bjó á Vegamótastíg 9, hér í bæ, og andaðist 2. október 1950 *aðallega* kr. 55.379.00, *til vara* kr. 39.909.00 og *til þrautavara* kr. 36.347.20, auk 6% ársvaxta af hinni úrskurðuðu upphæð frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Samerfingi hennar í búinu, Skapti Davíðsson, til heimilis að Útey II í Laugardalshreppi í Árnessýslu, hefur mótmælt öllum kröfum hennar í máli þessu og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var tekið upp að nýju 24. f. m., til að afla frekari gagna og var samstundis tekið undir úrskurð aftur.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9. Uppskrift á eignum búsins hófst þann 29. maí 1951 að viðstaddri dóttur hans, Þórdísi Dagbjörtu, og umboðsmanni sonar hans, Skapta, en þau eru samerfingjar og einir erfingjar að búi þessu. Lýsti sóknaraðili Þórdís Dagbjört því yfir uppskriftina, að hún áskildi sér rétt til þess að koma með kröfugerð á væntanlegum skiptafundi vegna útlagðs kostnaðar vegna búsins og uppihaldskostnaðar föður síns. Á skiptafundi í búinu þann 21. nóvember 1951 lýsti sóknaraðili síðan kröfu í búið, kr. 49.774.73, en þeirri kröfu var samstundis mótmælt af samerfingja sóknaraðilja, Skapta Davíðssyni. Var þegar ákveðið að taka ágreining þenna fyrir í sérstöku máli og var það þingfest þann 27. sama mánaðar. Var krafan, sem gerð var þá fyrir réttinum, sú sama og fyrr hafði komið fram og kröfugerðin sundurliðuð þannig:

1. Greitt vegna eignarinnar Vegamótastígs 9 samkvæmt reikningum ..... kr. 16.774.73
2. Greitt vegna sömu eignar, innrétting á þvottahúsi, W.C., eldhús o. fl. ..... — 15.000.00
3. Framfærslukostnaður arfláta í 12 ár, kr. 1.500.00 á ári, miðað við, að framfærandi, Þórdís, hefur haft ókeypis húsnæði hjá arfláta ..... — 18.000.00

Kr. 49.774.73

Undir rekstri málsins hafði sóknaraðili lagt fram ýmsa reikninga yfir viðgerð á húsinu, skráða á nafn eiginmanns sóknaraðilja, samtals að fjárhæð kr. 18.347.20, og gerir hann á réttarskjali nr. 16 kröfu

um að fá þá greidda af búinu svo og allt að kr. 10.000.00, sem áætlað er, að fylgiskjal vanti fyrir, en áskilur sér jafnframt rétt til að láta meta þennan viðbótarlið, ef hann verði ekki samþykktur af varnaraðilja.

Umrætt réttarskjal leggur hann fram í skiptaréttinum 5. marz 1952 og er þar jafnframt bókað, að hann lýsi því yfir, að samkvæmt þessu réttarskjali hafi hann lækkað kröfu sína í búið, 1. og 2. lið á réttarskjali nr. 2, niður í kr. 28.347.20, en 3. liðurinn, kr. 18.000.00, sé óbreyttur. Í réttarhaldi þessu mótmælti varnaraðili ekki þessum kröfulið og eftir að aðiljar höfðu fengið sameiginlegan framhaldsfrest til gagnasöfnunar til 19. marz 1952, lýstu þeir því yfir, að gagnasöfnun væri lokið.

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu aðilja, dróst munnlegur málflutningur, meðal annars vegna sjúkdóms þess, er með málið fór af hálfu sóknaraðilja. Þann 9. f. m. lýsti sóknaraðili því yfir, að hann hefði beðið um mat til peningaverðs á breytingum og endurbótum, sem hún og eiginmaður hennar, Ágúst Benediktsson, hefðu látið gera á eigninni nr. 9 við Vegamótastíg, en það mat væri enn ekki komið. Varð samkomulag þá um að fresta máli þessu þar til 17. f. m., en þá var matsgerð þessi lögð fram í málinu, en varnaraðili mótmælti henni þegar sem rangri, löglausri og óviðkomandi málinu, óskuldbindandi fyrir umbjóðanda sinn og of seint fram kominni, en tók hana hins vegar gilda sem staðfest væri.

Sóknaraðili hefur staðhæft hér fyrir réttinum, að upphaflega hafi verið svo til ætlazt af föður sínum, að varnaraðili fengi jörðina Útey II í Laugardalshreppi í Árnessýslu, en hún húseignina Vegamótastíg 9, hér í bænum. Hafi hún og eiginmaður hennar því lagt í ýmsan kostnað svo sem endurbætur og viðhald á húsinu, án þess að ætlazt væri til, að faðir hennar endurgreiddi þeim þau útgjöld. Hins vegar hafi hann ekki verið búinn að afhenda sér eignarráðin yfir eigninni, þegar hann dó, og þar sem þessu samkomulagi sé nú mótmælt af varnaraðilja og húseignin hafi þegar verið dregin undir búskiptin sem eign dánarbúsins, þá sé enginn vafi á, að hún eigi að fá greiðslu úr búinu fyrir þær endurbætur og viðhald, sem hún og eiginmaður hennar hafi innt af hendi, og aukið þar með verðmæti eignarinnar, eins og bezt komi í ljós af hinu háa söluverði hússins. Í hinni framlögðu matsgerð komist matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að ef endurbætur þær og viðhald á húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, hér í bænum, sem hún og eiginmaður hennar hafi framkvæmt á húseigninni á árunum 1945—1950, hefðu verið framkvæmdar á árinu 1953, hefði það kostað kr. 37.379.00, en miðað við framkvæmd þeirra á árinu 1949, hefði kostnaðurinn orðið kr. 21.909.00, og er aðalkrafa og varnarkrafa sóknaraðilja að þessu leyti byggð á þessari matsgerð. Telur sóknaraðili, að sér beri að fá endurgreitt það fé, sem hún hafi lagt fram til breytinga og endurbóta á húseigninni, að viðbættri verðhækkun á þessum endurbótum til þess tíma, er uppboðið á húseigninni fór fram, en það hafi verið 5. des. 1952, og eigi sú hækkun að koma sér einni til góða. Geti rétturinn hins vegar ekki fallizt á það sjónarmið, beri sér að fá endurgreiddan útlagðan

kostnað á þeim tíma, er endurbætur eignarinnar fóru fram, eins og matið til segi, sem sízt sé of hátt. En sjái rétturinn sér yfirleitt ekki fært að leggja matsupphæðina hvoruga til grundvallar kröfu sinni, þá verði þó ekki véfengt, að henni beri að fá hina framlögðu reikninga greidda.

Þá hefur sóknaraðili lýst því yfir, að henni beri að sjálfsögðu greiðsla úr búinu fyrir framfærslu föður síns frá því, er kona hans andaðist, því þótt hann hafi búið í eigin húsnæði og leiga sú, er þau hjón greiddu honum, hafi verið lág, þá hafi hann haft hjá þeim fæði og aðra aðhlynningu síðustu 12 ár ævi sinnar og með hliðsjón af framfærslukostnaði á þeim árum verði ekki talið ósanngjarnt, þótt hún reikni sér fyrir þessa framfærslu kr. 1500.00 á ári eða kr. 18.000.00 fyrir allt tímabilið.

Varnaraðili, Skapti Davíðsson, sem hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, hefur haldið því fram, að sumar af þeim viðgerðum, sem sóknaraðili hafi látið gera í húsi þessu, hafi verið gert í algeru óleyfi föður síns, eins og til dæmis innanbúnaður í eldhúsi, og beri sóknaraðilja því engin greiðsla fyrir það. Auk þess hafi faðir sinn kostað sumt af viðgerð á húsinu sjálfur, þar á meðal greitt upp í miðstöð kr. 3000.00, sem hann muni aldrei hafa fengið endurgreitt. Mótmælir hann í því sambandi matsgerðinni sem algerlega þýðingarlausri fyrir mál þetta og búinu óviðkomandi, enda sé matið einnig of seint fram komið.

Þá kveður hann, að faðir sinn hafi sagt sér eftir að kona hans dó, að húsaleiga Þórdísar ætti að vera andvirði þess, sem hann borðaði hjá henni fram yfir það, sem hann legði á borð með sér, en það hefði verið að minnsta kosti afgjaldið af Úteynni, þar til hann seldi honum jörðina 23. maí 1949, en þá hefði sóknaraðili í stað afgjaldsins fengið hálfa lofthæðina í húsinu til afnota til viðbótar því, er hún áður hafði. Fullyrðir hann, að framfærslukrafa sóknaraðilja í búið hafi ekki við nein rök að styðjast, enda hafi faðir sinn ætíð viljað hafa hrein og glögg reikningsskil við alla. En þótt svo væri, að sóknaraðili ætti einhverja kröfu á búið fyrir framfærslu föður síns, þá væri sú krafa að mestu fyrnd og yrði af þeim ástæðum því ekki tekin til greina.

Það er ekki véfengt í máli þessu, að sóknaraðili hafi framkvæmt ýmsar viðgerðir og endurbætur á húsinu nr. 9 við Vegamótastíg, sem var eign dánarbús þessa. Verður að telja, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið, hafi aukið verðmæti húseignarinnar og þar með aukið eignir búsins til hagsbóta erfingjum þess. Það þykir því sjálfsagt, að sóknaraðili eigi að fá endurgreiðslu úr búinu óskiptu. Ekki þykir samt ástæða til, að hún fái hærri endurgreiðslu en því svarar, sem hún hefur lagt fram, þar sem ekki verður heldur fullkomlega vitað, hversu mikla verðhækkun á húsinu þessar endurbætur hafa skapað, enda naut hún þeirra sjálf, meðan faðir hennar lifði, þar sem leiga hækkaði ekki fyrir það húsnæði, er hún hafði í húsinu. Þar sem mat það, sem lagt hefur verið fram í máli þessu á endurbótum þeim, er

sóknaraðili framkvæmdi á húsinu, verður eigi talið of seint fram komið, þykir réttast að leggja til grundvallar endurgreiðslu úr búinu matsupphæð þá, er miðuð er við verðlag á efni og vinnu árið 1949, enda er það mat lítið eitt hærra en hinir framlögðu reikningar. Ekki verður fallizt á, að frá matsupphæðinni, kr. 21.909.00, verði dregnar þær kr. 3000.00, sem talið er, að hinn látni hafi greitt af kostnaði við miðstöðvarlagningu, sbr. vottorðið á réttarskj. nr. 21, þar sem hann getur þess sjálfur um leið og greiðsla fer fram, að tengdasonur sinn ætli að endurgreiða þessa fjárhæð og verður að ætla samkvæmt framburði sóknaraðilja hér fyrir rétti 24. f. m., að þessi endurgreiðsla hafi farið fram, enda kemur það heim við skattaframtal hins látna.

Faðir aðilja var fæddur 4. júní 1861 og var hann því tæpra 76 ára að aldri, þegar kona hans andaðist 18.maí 1937. Það er játað í máli þessu, að hann hafi verið til húsa hjá sóknaraðilja í eigin húsi og haft mat hjá henni, eftir að kona hans dó, á meðan hann lifði. Það er að vísu fram komið í málinu, að hann hafi að einhverju leyti lagt á borð með sér og húsaleiga sóknaraðilja hafi ætíð verið lág, en hins vegar verður ekki talið fullsannað, að hann hafi greitt fullu verði fæði sitt og aðhlynningu, er ætla má, að maður á þessum aldri hafi þurft, og þykir því krafa sóknaraðilja í búið fyrir 12 síðustu æviár föður hennar, kr. 18.000.00, ekki ósanngjörn, þegar virtir eru allir málavextir, sérstaklega almennur framfærslukostnaður á þessum árum. Um fyrningu á kröfu þessari er ekki að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að hinn látni hefur alla tíð, þar til hann andaðist, látið í té nokkurt endurgjald fyrir framfærslu sína, enda ekki séð, að eindagi þeirrar greiðslu hafi verið fyrr en eftir andlát hans.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt, að sóknaraðili fái greitt úr búinu af óskiptu fyrir endurbætur á húsinu og framfærslukostnað fyrir föður sinn samtals kr. 39.909.00 ásamt 6% ársvöxtum frá því, að krafan kom sundurliðuð fram í rétti þann 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, skal fá greitt af óskiptu úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, kr. 39.909.00 með 6% ársvöxtum frá 21. nóvember 1951 til greiðsludags.

Þá greiði varnaraðili, Skapti Davíðsson, sóknaraðilja, Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 2.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. apríl 1953.

Nr. 171/1952. **Carl J. Eiríksson** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóv. 1952 og krefst þess aðallega, að stóreignaskattur hans samkvæmt lögum nr. 22/1950 verði ákveðinn kr. 19521.00, en til vara kr. 121905.00 og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi véfengir, að erfðafé hans eftir foreldra móður hans, að fjárhæð d. kr. 348.440.13, sem bundið er samkvæmt erfðaskrá í Yfirfjárráðastofnuninni dönsku, skuli telja honum til eignar við álagningu stóreignaskatts samkvæmt lögum nr. 22/1950. Eftir erfðaskránni skyldi greiða áfrýjanda d. kr. 20000.00 af erfðafénu, er hann varð fjárráða hinn 29. des. 1950, og síðan ár hvert d. kr. 10.000.00, unz helmingur fjárins, d. kr. 174.220.06, er greiddur hinn 29. des. 1966. Hinn helmingur fjárins skal standa inni hjá Yfirfjárráðastofnuninni, og nýtur áfrýjandi vaxta af því fé ævilangt, en að honum önduðum rennur fé þetta í dánarbú hans.

1. Erfðaskráin veitir áfrýjanda rétt á því að fá helming erfðafjárins greiddan á tilteknum gjalddögum á árunum 1950—1966 svo og vexti af fénu, en skýtur loku fyrir það, að áfrýjandi ráðstafi rétti sínum til erfðafjárins fyrirfram með framsali, veðsetningu eða á annan hátt. Rétt er að hafa hliðsjón af þessu við skattmat á verðmæti því, sem felst í rétti

áfrýjanda til erfðafjár þessa, enda eru engin lagaákvæði því til fyrirstöðu. Við ákvörðun téðs verðmætis þykir, eins og peningamarkaði hér á landi er háttað, eiga að miða við 6% ársvexti. Samkvæmt reikningi tryggingafræðings, framkvæmdum með þessum hætti, var rétturinn til þessa hluta erfðafjárins, er stóreignaskattur var á lagður, að verðmæti d. kr. 154.112.51.

2. Áfrýjandi nýtur vaxta af hinum helmingi erfðafjárins, meðan hann lifir, en eigi getur hann ráðstafað höfuðstólnum, hvorki með framsali, veðsetningu né á annan hátt, og eigi geta lánardrottnar hans leitað fullnægju í honum á þeim tíma, en erfðafé þetta rennur, að áfrýjanda önduðum, í dánarbú hans. Að svo vöxnu máli þykir með hliðsjón af g-lið 19. gr. og a-lið 18. gr. laga nr. 6/1935 rétt að telja sem skattskylda eign áfrýjanda innstæðu vaxta af erfðafé þessu um ótakmarkaðan tíma. Nemur hún samkvæmt reikningi tryggingafræðings d. kr. 117.863.55.

Eignir áfrýjanda verða því reiknaðar þannig við ákvörðun stóreignaskatts:

1. Eignir á Íslandi ..... kr. 495211.00
2. Eignir í dönsku Yfirfjárráðastofnuninni:
   d. kr. 154112.51
   — — 117863.55
   d. kr. 271976.06 á gengi 235.50 ..... — 640503.62

Alls. kr. 1135714.62.

Stóreignaskattur áfrýjanda er samkvæmt þessu réttilega ákveðinn kr. 122.143.00. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Stóreignaskattur áfrýjanda, Carls J. Eiríkssonar, er réttilega ákveðinn kr. 122.143.00.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Carl J. Eiríksson, Birkimel 6B, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. febrúar s.l. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega,* að stóreignaskattur sá, sem honum ber að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, verði ákveðinn kr. 19.521.00. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að skatturinn verði ákveðinn kr. 121.905.00. Til *þrautavara* hefur stefnandi krafizt þess, að skatturinn verði ákveðinn kr. 152.712.00. Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt, og var skattur þessi lagður á skattþegna, miðað við eignir þeirra þann 31. des. 1949.

Af hálfu stefnanda var ekki talið fram til skatts í ársbyrjun 1950 og áætlaði skattstjórinn í Reykjavík því tekjur hans og eignir og gerði honum að greiða skatta samkvæmt því. Skattstjórinn taldi, að stóreignaskattskyld eign stefnanda næmi kr. 1.517.775.00 og gerði honum því að greiða kr. 199.443.00 í stóreignaskatt. Skattálagningu þessa kærði stefnandi til skattstjórans í Reykjavík, en án þess að breyting væri á gerð. Þá skaut stefnandi máli sínu til ríkisskattanefndar og kom þá framtal af hans hendi. Ríkisskattanefnd taldi, að stóreignaskattskyld eign stefnanda næmi kr. 1.292.052.98 og gerði honum að greiða kr. 153.204.00 í stóreignaskatt af eign þessari. Auk þess var Eimskipafélagi Íslands h/f gert að greiða kr. 205.00 í stóreignaskatt vegna hlutafjáreignar stefnanda í því félagi.

Meðal eigna stefnanda var fé í vörzlum Overformynderiets í Kaupmannahöfn, sem aðiljar eru sammála um að hafi numið d. kr. 348.440.13 að nafnverði, og stefnandi hafði ekki ráðstöfunarrétt yfir. Hér var um að ræða arf eftir móðurforeldra stefnanda. Í erfðaskrá þeirra, dags. 30. des. 1922 og síðari breytingum á henni, er svo boðið, að arfur sá, sem börn þeirra eða barnabörn kunni að fá eftir þau, skuli vera í vörzlum tilgreindra aðilja og erfingjarnir ekki hafa fullan ráðstöfunarrétt yfir honum. Erfingjarnir skyldu hafa fullan ráðstöfunarrétt á vöxtum af erfðahluta sínum, en af höfuðstólnum skyldi þeim greiddar kr. 20.000.00, er þau yrðu 21 árs að aldri og síðan kr. 10.000.00 árlega, unz þau hefðu fengið greiddan hálfan höfuðstólinn. Þeim helmingi höfuðstólsins, sem þá væri eftir, skyldu erfingjarnir ekki fá ráðstöfunarrétt yfir. Skuldheimtumenn erfingjanna skyldu ekki geta gengið að fé þessu. Móðir stefnanda virðist hafa látizt, áður en arfur þessi féll og stefnandi því verið arftaki samkvæmt arfleiðsluskránni. Erfðaskrá þessi hefur hlotið konungsstaðfestingu.

Aðalkröfu sína byggir stefnandi á því, að við ákvörðun stóreignaskattsins beri ekki að telja fyrrgreindan kvaðaarf með eignum stefnanda. Þar sé ekki um eign að ræða, sem notuð verði sem skattstofn, heldur sé hér um verðmæti að ræða, sem hann hafi vaxtaafnot af. Slík skilyrðisbundin fjárréttindi séu ekki skattskyldar eignir samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga nr. 6 frá 1935 um tekju- og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 24. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að stóreignaskattskyld eign hans hafi numið kr. 496.215.00. Af þeirri eign beri honum að greiða kr. 19.521.00 í stóreignaskatt og auk þess Eimskipafélagi Íslands h/f kr. 100.00 vegna hlutafjáreignar hans í því félagi.

Stefndi hefur hins vegar talið, að hér sé um skattskyldar eignir að ræða. Ráðstöfunarréttur stefnanda á fé þessu sé það lítið takmarkaður, að ekki komi til greina að undanþiggja hann skattskyldu af því. Hér sé að minnsta kosti um verðmæt eignarréttindi að ræða, en af þeim skuli einmitt greiða eignarskatt samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 6 frá 1935. Hins vegar verði eign þessari á engan hátt jafnað til þeirra skilyrðisbundnu fjárréttinda eða réttar til lífeyrisgreiðslu, sem undanskilinn sé eignarrétti með ákvæðum 18. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er ákveðið, að við álagningu stóreignaskattsins skuli mat á verðmæti eigna fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign ákveðin, eins og þar segir, með þeim breytingum, sem síðar eru taldar upp í greininni. Samkvæmt II. kafla laga nr. 6 frá 1935 er það aðalregla laganna, að verðmæti skattþegna séu skattskyld. Í 18. gr. eru hins vegar talin upp ýmis verðmæti, sem ekki skal telja með skattskyldum eignum. Í a-lið greinarinnar segir, að meðal þessa séu skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar. Í 2. tl. 24. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 segir, að hér undir verði aðeins talin ófengin eða ótekin skilyrðisbundin fjárréttindi. Þá segir í b-lið 18. gr. laga nr. 6 frá 1935, að meðal skattskyldra eigna skuli ekki telja rétt til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin sé við einstaka menn.

Hér að framan hefur verið getið kvaða þeirra, sem lagðar eru á fé þetta. Stefnandi hefur fullan ráðstöfunarrétt á vöxtum öllum og á þeim hluta höfuðstólsins, sem fellur til útborgunar á ári hverju, unz helmingur hans er eyddur. Fé þetta erfist eftir hans dag samkvæmt venjulegum erfðareglum og þá geta skuldheimtumenn hans gengið að því til fullnustu kröfum sínum á dánarbú hans. Þegar þetta er virt, er ljóst, að fé þetta getur ekki talizt með þeim skilyrðisbundnu fjárréttindum, sem getið er um í a-lið 18. gr. laga nr. 6 frá 1935, en sýnt þykir af því, að lífsábyrgðarfé er tekið sem dæmi, að ákvæði þetta á aðeins við um þau réttindi, þar sem rétthafi hefur alls engan ráðstöfunarrétt yfir verðmætunum. Þá verður heldur ekki fallizt á, að hér sé um þau réttindi að ræða, sem b-liður 18. gr. fjallar um, enda eru þau réttindi, er þar getur, allt annars eðlis.

Með vísan til þessa verður ekki á það fallizt, að fyrrgreind eign

stefnanda sé ekki skattskyld í þessu sambandi. Verður því aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að við ákvörðun stóreignaskattsins beri ekki að telja honum fé það, er sé í vörzlum Overformynderiets til eignar á nafnverði, heldur skuli við það miðað, hvers virði það væri sem eign til frjálsrar ráðstöfunar. Hefur stefnandi fengið sérfróðan mann í tryggingarmálum til að reikna út verðmæti þetta. Hinn sérfróði maður telur, að þann 29. des. 1949 hafi heildarverðmæti þess hluta höfuðstólsins, sem stefnandi fái greiddan í lifenda lífi, og vaxta af því fé, meðan hann hefur eigi fengið það greitt, numið d. kr. 150.750.63, ef miðað sé við 6% ársvexti. Verðmæti vaxtanna af þeim hluta höfuðstólsins, sem stefnandi fær eigi greiddan, taldi hann nema d. kr. 120.718.46. Verðmæti allra greiðslnanna taldi hann því nema d. kr. 271.469.09. Samkvæmt þessu og með vísan til g-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 telur stefnandi, að við ákvörðun stóreignaskattsins beri aðeins að reikna honum fé þetta til eignar á kr. 639.309.00. Heildareign hans í þessu sambandi nemi þá kr. 1.135.525.00. Af þessari eign beri honum að greiða kr. 121.905.00 í stóreignaskatt og auk þess beri Eimskipafélagi Íslands að greiða kr. 200.00 vegna hlutabréfaeignar hans í því félagi.

Stefndi hefur hins vegar talið, að fé það, er hér um ræðir, sé þrátt fyrir kvaðir þær, sem á því hvíli, raunveruleg eign stefnanda, sem ekki verði verðmetin á annan hátt en aðrar eignir.

Hér að framan hefur verið getið hamla þeirra, sem lagðar eru á ráðstöfun fjár þess, sem hér um ræðir. Að því er varðar þann hluta þess, sem gert er ráð fyrir að stefnandi fái til frjálsra umráða í lifanda lífi, þá verður ekki séð, að kvaðir þær, sem á honum hvíla, séu slíkar, að þær gefi heimild til að beita, að því er hann varðar, sérstökum verðmætisreikningi við verðmat hans sem skattstofns. Að því er varðar þann hluta fjárins, sem stefnandi fær aðeins að njóta vaxta af í lifanda lífi, þá er þess að gæta, að fé þetta erfist eftir venjulegum erfðareglum og er kvaðalaust í höndum erfingja stefnanda. Þá mundi fé þetta renna inn í dánarbú stefnanda við lát hans og þar geta verið til fullnægju skuldheimtumönnum hans, ef til kæmi. Þegar þetta er virt, verður að telja, að hér sé um frekari eign að ræða heldur en heildarverðmæti árlegra vaxtagreiðslna og koma því ekki til ákvæði g-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935.

Með vísan til þessa verður þessi krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Þrautavarakröfu sína byggir stefnandi á því, að nokkur hluti fjár þess, sem sé í vörzlum Overformynderiets, sé bundið í ýmsum verðbréfum, samtals að nafnverði d. kr. 250.000.00. Við álagningu stóreignaskattsins hafi bréf þessi verið reiknuð honum til eignar á nafnverði. Öll þessi verðbréf séu hins vegar skráð á Kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Þegar meta skuli þau sem skattstofn, beri því að leggja svokallað kauphallarverð þeirra til grundvallar. Þann 31. des. 1949 hafi kauphallarverð bréfa þeirra, er hér skiptir máli, verið samtals d. kr. 238.430.00. Við ákvörðun

stóreignaskattsins hafi því borið að telja stefnanda þau til eignar á kr. 561.502.51. Ef reiknað sé með þessu verði, nemi heildareign stefnanda kr. 1.289.564.61. Af þeirri eign beri honum að greiða kr. 152.912.00 í stóreignaskatt og auk þess Eimskipafélagi Íslands h/f kr. 200.00 vegna hlutafjáreignar hans í því félagi.

Stefndi hefur mótmælt því að rétt sé að verðmeta fyrrgreind verðbréf á þennan hátt.

Í síðari málsgrein e-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir, að skuldabréf og önnur slík verðbréf skuli meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau séu ótrygg. Þó skuli veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði í árslok, ef það er vitað. Í 2. mgr. F-liðs reglugerðar nr. 133 frá 1936 segir, að erlend ríkisskuldabréf og önnur slík verðbréf skuli telja með nafnverði, nema vitað sé um verðskráningu þeirra í heimalandi þeirra.

Verðbréf stefnanda þau, er hér um ræðir, eru sum ríkisskuldabréf danska ríkisins, en hin skuldabréf, gefin út af viðurkenndum lánsstofnunum. Telja verður ljóst af lagaákvæðum þeim, sem getið hefur verið, að við skattaálagningu skuli bréf þessi talin til eignar á skráðu verði, en það er viðurkennt, að öll þessi bréf séu háð opinberri verðskráningu. Ber því að leggja það verð til grundvallar við álagningu stóreignaskattsins.

Með vísan til þessa og þar sem viðurkennt er af stefnda, að útreikningar stefnanda séu tölulega réttir, verður þrautavarakrafa stefnanda tekin til greina.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra þann 16. júlí 1952, en með úrskurði, uppkveðnum 1. s. m., hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stóreignaskattur stefnanda, Carls J. Eirikssonar, er réttilega ákveðinn kr. 152.912.00.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. maí 1953.

Nr. 151/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
J. Þorlákssson & Norðmann h/f.
(Ólafur Þorgrímsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1952, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í héraði og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld," þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að

gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga, verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Samkvæmt 8. mgr. 12. gr. téðra laga er gjaldanda stóreignaskatts heimilt að greiða allt að 90% af þeim hluta skattsins, sem er fram yfir kr. 2000.00, með skuldabréfum, sem greiðist jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum, enda fái ríkissjóður veð í hinum skattlögðu eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til stóreignaskatts. Hlutafélög og samvinnufélög geta neytt þessarar heimildar, að því er varðar þann hluta skattsins, sem telst skuld téðra félaga. En athugaefni er, hvort hlutafélög geti að lögum sett hlutabréf sjálfs sín að veði fyrir stóreignaskatti.

Af ákvæðum þeim, sem rakin voru, er það sýnt, að það er markmið stóreignaskattslaganna, að raunverulegum verðmætum hlutafélaga og samvinnufélaga án frádráttar hlutafjár eða stofnfjár, en að frádregnum skuldum, skuli jafnað niður á félagsmenn, í hlutfalli við hlutdeild þeirra, áður en reiknaður er sá hluti skattsins, sem telst skuld félaganna. Samkvæmt þessu verður hlutafjár- og stofnfjáreign ekki dregin frá eignum þessara félaga, áður en þeim er jafnað niður á félagsmenn til ákvörðunar skattgreiðslu, sbr. b-lið 4. gr. laga nr. 59/1950. Félagsréttindi í téðum félögum veita rétt til hlutdeildar í arði og eignum félaganna innan vissra marka, er fullnægt er skuldheimtumönnum, þar á meðal ríkissjóði. Veð í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum félaga veitir því ekki aukna tryggingu fyrir skattkröfum á hendur félögum, þar sem skattkrafan gengur fyrir hlutdeildarréttindum þeim, sem hlutabréfin eða stofnbréfin veita. Félagsréttindi hluthafa eða stofnfjáreiganda samkvæmt hlutabréfum þeirra eða stofnbréfum eru því hvorki samkvæmt ákvæðum laganna né eðli máls slík eign, er hlutafélög eða samvinnufélög geti veðsett fyrir stóreignaskatti þeim, sem félögunum ber að

greiða. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, J. Þorláksson & Norðmann h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Ármanns Snævarrs prófessors og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Rétt þykir að skýra ákvæði laga nr. 22/1950 svo, að einstakir hluthafar í hlutafélögum, en ekki félögin sjálf, séu skattgjaldendur, að því er varðar skatt af hlutabréfaeign, þótt félögin séu ábyrg um greiðslu þess hluta skattsins gagnvart ríkissjóði. Fallast má á það álit héraðsdómara, að í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950 sé sett sérstök regla um verðmætismat hlutabréfa, er nota skuli við ákvörðun stóreignaskattsins, en í máli þessu er hvorki deilt um skattskyldu né skattfjárhæð. Telja verður, að hlutafélög eigi að njóta sömu kjara samkvæmt 8. mgr. 12. gr. nefndra laga sem einstakir hluthafar hefðu notið, ef trygging væri hjá þeim tekin. Og þar sem hlutabréf þau, sem stefndi býður til tryggingar á greiðslu stóreignaskatts, hafa verið skattlögð hjá einstökum hluthöfum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3.500.00.

Dómsorð okkar verður þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, J. Þorláksson & Norðmann h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. september 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur stjórn J. Þorlákssonar & Norðmann h/f f. h. félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 27. febrúar 1952 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að henni sé heimilt að setja hlutabréf í félaginu sem veð fyrir vangoldnum stóreignaskatti, sem félaginu hefur verið gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, *aðallega* reiknuðum á stóreignaskattsmatsverði, en til *vara* á nafnverði. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Í sambandi við fjárhæð skattsins hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefjast síðar lækkunar eða niðurfellingar á honum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólum hér á landi varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Í 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo ákveðið, að samvinnu- og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, sem eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum.

Samkvæmt þessu var stefnanda gert að greiða kr. 95.807.00 í stóreignaskatt vegna þeirra aðilja, er hlutabréf áttu í félaginu. Með bréfi, dags. 10. janúar 1952, bauðst stefnandi til að greiða kr. 9.600.00 af skatti þessum með reiðu fé, en fór fram á, að fá að greiða eftirstöðvarnar með skuldabréfi að fjárhæð kr. 86.207.00, er skyldi greiðast á 20 árum og vera tryggt með veði í hlutabréfum í félaginu að nafnverði kr. 90.000.00. Þann 15. febrúar 1952 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík stefnanda, að framangreindu tilboði væri hafnað, að því er veðtrygginguna varðaði og henni gefinn kostur á að bjóða fram annað veð.

Við ákvörðun stóreignaskattsins voru eignir félagsins metnar á kr. 879.661.65, en hlutafé þess var kr. 500.000.00 og á félagið sjálft ekkert hlutabréfanna. Hækkun frá nafnverði bréfanna nemur því 75.932%. Samkvæmt því hefur stefnandi boðið fram sem gilt veð fyrir eftirstöðvum stóreignaskattsins hlutabréf í félaginu, merkt A-27 til A31 incl., að nafnverði kr. 50.000.00 og er aðalkrafa hennar við það miðuð. Hlutabréf þessi eru eign Óskars Norðmanns, sem hefur samþykkt veðsetningu þeirra, og þau munu ekki vera heft öðrum veðböndum.

Til vara hefur stefnandi boðið fram sem veð hlutabréfin, merkt A-27 til A-35 incl., að nafnverði kr. 90.000.00, en þau bréf eru öll eign Óskars Norðmanns, sem hefur samþykkt veðsetningu þeirra og þau munu ekki vera heft öðrum veðböndum.

Aðalkröfu sína byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 8. mgr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. 2. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950,

sé gjaldanda stóreignaskatts heimilt að greiða nokkurn hluta hans með skuldabréfum. Til tryggingar greiðslu skuldabréfa þessara skuli ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum og sé eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvari matsverði hennar til stóreignaskatts. Hlutabréf þau, sem boðin hafi verið fram af stefnanda, hafi verið metin til stóreignaskatts og skattlögð og séu því veðhæf í þessu sambandi fyrir samsvarandi fjárhæð og þau hafi verið metin á til stóreignaskatts. Ekki geti skipt máli í þessu sambandi, þótt bréf þessi séu eign Óskars Norðmanns, þar sem hann hafi verið talinn stóreignaskattskyldur og hafi hlutabréfin verið talin með eignum hans við ákvörðun stóreignaskattsins.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hlutabréf séu ekki veðhæf til tryggingar skuldabréfum, sem notuð séu til greiðslu stóreignaskatts samkvæmt ákvæðum 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, þar sem þau hafi ekki verið skattlögð. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 séu hlutabréf sem slík alls ekki skattlögð, heldur séu það hinar raunverulegu eignir hlutafélaganna, sem séu skattstofn. Hlutabréfin sjálf séu aðeins skilríki fyrir eignarheimildum í hlutafélagi, en ekki nein sjálfstæð eign. Þau hafi því ekki verið notuð sem skattstofn við álagningu stóreignaskattsins.

Þá hefur stefndi talið, að þar sem hlutabréf séu aðeins skilríki fyrir eignarhlutdeild, séu þau harla lítils virði sem trygging, þar sem eignir þær, sem þau vísi á, séu eftir sem áður óbundnar.

Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að félög greiði ekki skatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær eignir teljast með öðrum eignum við skattálagninguna. Hins vegar segir í 9. mgr. 12. gr. laganna og b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign. Þá eru í 9. mgr. 12. gr. og lögum nr. 117 frá 1950 nánari reglur um, hvernig reikna skuli þann skatthluta, er félögum ber að greiða samkvæmt þessu.

Í 8. mgr. 12. greinar laga nr. 22 frá 1950 segir svo um greiðslu stóreignaskatts: „Nú er skattur hærri en kr. 2000.00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem fram yfir er, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 20 árum og séu ársvextir af þeim 4%. Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í hinum skattlögðu eignum, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, er samsvarar matsverði hennar til þessa skatts.“ Af ákvæði þessu er ljóst, að allar þær eignir, sem skattlagðar hafa verið, eru veðhæfar í þessu sambandi. Í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo ákveðið, að af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 12. greinarinnar, séu fyrstu

kr. 300.000.00 hjá hverjum skattaðilja skattfrjálsar. Hins vegar er ekkert um það fram tekið, hverskonar eignir skuli vera skattfrjálsar og verður því eigi unnt að skýra ákvæði 8. mgr. 12. gr. öðruvísi en svo, að allar eignir þeirra, er stóreignaskattur er lagður á, séu veðhæfar.

Ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 verða ekki skilin á annan hátt en þann, að þar sé sett sérstök regla um verðmætismat hlutabréfa, er nota skuli við ákvörðun stóreignaskattsins. Má því telja, að skattlögð séu hlutabréf þess, er stóreignaskattur er lagður á. Eru því hlutabréf þess, er stóreignaskattur er á lagður, veðhæf til tryggingar skuldabréfum, sem skatturinn er greiddur með samkvæmt ákvæðum 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Verður ekki séð að nokkru máli skipti í þessu sambandi, þótt um sé að ræða hluta skattsins, sem félögum er gert að greiða. Í ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 er hvergi fram tekið, að skattgreiðandi og eigandi veðsins þurfi að vera sami aðili og verður það því ekki talið hafa áhrif á veðhæfi eignar, þótt annar eigi hana en sá, sem skattinn á að greiða.

Að því er varðar þá mótbáru stefnda, að hlutabréf séu ekki veðhæf, þar sem í þeim felist lítil trygging, þá verður ekki á það fallist, að slíkt skipti hér máli. Í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er tryggingahæfi allra hinna veðhæfu eigna ákveðið hið sama og matsverð þeirra við ákvörðun stóreignaskattsins. Þá á stefndi opna leið að ákveða í veðbréfinu einhver viðurlög, ef veðið kynni að rýrna verulega á veðtímanum.

Með vísan til alls þessa verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina, enda hefur útreikningur hennar á stóreignaskattsmatsverði hinna framboðnu hlutabréfa ekki verið véfengdur.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Stefnandi, stjórn J. Þorlákssonar & Norðmann h/f f. h. félagsins, er heimilt að setja hlutabréf í félaginu, merkt A. 27, A. 28, A. 29, A. 30 og A. 31, að veði fyrir eftirstöðvum af vangoldnum stóreignaskatti, sem félaginu var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. maí 1953.

Kærumálið nr. 8/1953.

Gísli Jóhannsson

gegn

Sigursteini Júlíussyni.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. apríl þ. á., er barst Hæstarétti 28. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 11. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til Hæstaréttar með stefnu 4. þ. m. til þingfestingar í septembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 8. maí 1953.

Nr. 123/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason)

gegn

Jóni Sveinssyni (Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna frávikningar embættismanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1952. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að fébætur til handa gagnáfrýj-

anda verði lækkaðar frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi. Þá krefst aðaláfrýjandi og aðallega málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar, en til vara, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1952. Hefur hann þessar dómkröfur uppi í málinu:

Aðalkrafa.

Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda full embættislaun ævilangt, kr. 30600.00 á ári frá 1. apríl 1951 ásamt lögmæltri verðlagsuppbót á hverjum tíma.

1. varakrafa.

Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda full embættislaun með sama hætti og greinir í aðalkröfu til 65 ára aldurs gagnáfrýjanda, enda hljóti hann eftir það aldursmark sömu réttindi og hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs.

Hvort sem aðalkrafa eða 1. varakrafa verður tekin til greina, krefst gagnáfrýjandi 6% ársvaxta frá gjalddaga hverrar greiðslu til greiðsludags.

2. varakrafa.

Að fébætur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda verði hækkaðar frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi, ásamt vöxtum, eins og þar greinir.

Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar, hver af framangreindum kröfum, sem kann að verða tekin til greina.

3. varakrafa.

Að héraðsdómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Starf það, sem gagnáfrýjandi gegndi og lýst er í héraðsdómi, var sérstaks eðlis og einungis fólgið í rannsókn tiltekinna mála að fyrirlagi skattyfirvalda, án heimildar til dómsuppsögu. Verður embætti þessu því ekki jafnað til embættis héraðsdómara. Getur því hvorki aðalkrafa né 1. varakrafa gagnáfrýjanda orðið tekin til greina.

Framangreint embætti var lagt niður með lögum nr. 118/

1950, en nú eru ekki lengur, eins og áður var, lögmælt eftirlaun til handa embættismanni, sem þannig verður að láta af embætti, án þess að sakir séu sannaðar. Ber því að dæma gagnáfrýjanda, sem misst hefur þessa stöðu sína án nokkurra saka, bætur úr hendi aðaláfrýjanda. Þegar þess er gætt, hversu stöðu gagnáfrýjanda var háttað, að honum voru greidd 3 mánaða laun eftir að embættið var lagt niður og hann hefur fengið 4000 króna eftirlaun auk verðlagsuppbótar úr ríkissjóði árið 1952 og er ætluð sama fjárhæð á fjárlögum 1953, þykja bæturnar hæfilega ákveðnar kr. 50000.00 með vöxtum, eins og greinir í héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Sveinssyni, kr. 50000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Jón Sveinsson, fyrrverandi rannsóknardómari í skattamálum, til heimilis að Grænugötu 8 á Akureyri, eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. febrúar s.l., gegn fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu fébóta.

Hefur stefnandi gert eftirgreindar kröfur:

Aðallega: Að hinir stefndu ráðherrar f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til þess að greiða honum full embættislaun ævilangt frá 1. apríl 1951 að telja, þ. e. kr. 30.600.00 á ári að viðbættum lögmæltum verðlagsuppbótum á hverjum tíma, og greiðist 1/12 hluti árslaunanna í senn fyrir fram 1. hvers mánaðar.

Til vara: Að hinir stefndu ráðherrar f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til að greiða honum full embættislaun til 65 ára aldurs með sömu skilmálum og í aðalkröfu segir, enda hljóti hann eftir það aldursmark sömu réttarstöðu gagnvart lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hann hefði gegnt embættinu til 70 ára aldurs.

Verði önnurhvor framangreindra krafna teknar til greina, krefst stefnandi þess, að þær greiðslur til hans, sem þá væru í gjalddaga falln-

ar, verði honum greiddar með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hverrar greiðslu til greiðsludags.

Til þrautavara hefur stefnandi krafizt þess, að hinir stefndu ráðherrar f. h. ríkissjóðs verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 306.662.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans úr hendi hinna stefndu ráðherra f. h. ríkissjóðs, hvernig sem málið fer.

Stefndu hafa krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 20 frá 20. maí 1942 voru gerðar allverulegar breytingar á lögunum um tekju- og eignaskatt frá 1935. Í 11. gr. 1. málsgr. laga þessara er svo fyrir mælt, að dómsmálaráðherra skuli skipa lögfræðing til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, er hafi heimild til þess að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem er. Auk valds rannsóknardómara skyldi hann hafa sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og sama aðgang að bókum og skjölum og ríkisskattanefnd hefur samkvæmt lögunum. Tekið er fram, að kostnaður við þessa ráðstöfun greiðist úr ríkissjóði.

Í 2. málsgr. 11. gr. kemur fram, að rannsóknardómarinn á ekki að hefjast handa um rannsóknir skattamála af sjálfsdáðum, heldur aðeins, ef yfir- eða ríkisskattanefndir vísa máli til hans eða fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um að rannsókn skuli hafin. Þá segir í þessari málsgrein, að þegar rannsókn sé lokið, skuli senda afrit af prófum málsins ásamt greinargerð um niðurstöður rannsóknarinnar þeim aðilja, er rannsóknar hafði beiðst, en sá aðili skyldi síðan hlutast til um frekari afgreiðslu málsins.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 22. október 1942, var stefnandi skipaður rannsóknardómari í skattamálum og var í skipunarbréfinu vísað til framangreindra ákvæða varðandi réttindi hans, skyldur og valdsvið. Grunnlaun stefnanda sem rannsóknardómara voru ákveðin kr. 9.600.00 á ári, en með gildistöku launalaganna frá 1945 voru þau í 2. tölulið 8. gr. hækkuð upp í kr. 10.200.00 á ári. Er stefnandi í því ákvæði nefndur skattamáladómari.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 30. sept. 1950, var stefnanda veitt lausn frá störfum rannsóknardómara í skattamálum frá 1. apríl 1951 að telja. Jafnframt segir í bréfinu, að þar sem sú hafi orðið raunin á, að mjög fá verkefni hafi verið lögð fyrir rannsóknardómarann í skattamálum, þá hafi verið ákveðið að bera fram á næsta Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 20 frá 20. maí 1942 þess efnis, að lagt verði niður starf rannsóknardómara í skattamálum. Hið boðaða lagafrumvarp var lagt fyrir haustþingið og samþykkt sem lög nr. 118 frá 28. des. 1950. Með lögum þessum var 11. gr. laga nr. 20 frá 20. maí 1942 úr gildi felld og þar með lagt niður starf rannsóknardómara í skattamálum. Laun voru stefnanda greidd til 31. marz 1951.

Stefnandi reisir rétt sinn til skaðabóta á hendur stefndu á því, að við skipunina í starfið hafi hann treyst því og mátt treysta því, eins og aðrir opinberir embættismenn við skipun í embætti, að hann héldi starfi sínu, meðan heilsa hans leyfði, hann bryti ekkert af sér og væri ekki kominn yfir lögmælt aldurshámark. Niðurlagningu stöðu hans megi jafna til þess, að hann hafi verið sviptur stöðunni án saka og sé því réttarstaða hans gagnvart ríkinu hin sama, eins og svo hefði verið með hann farið.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að hann hafi sem rannsóknardómari í skattamálum starfað sem umboðsstarfalaus dómari og njóti því verndar 61. gr. lýðveldisstjórnarskrárinnar frá 1944, en þar segir, að þeim dómendum, sem ekki hafi að auki umboðsstörf á hendi, verði ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verði þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

Varakröfuna reisir stefnandi hins vegar á því, að réttarstaða hans gagnvart ríkisvaldinu sé a. m. k. slík sem fastra dómara, annarra en þeirra, er að framan greinir. Segir í 1. málsgr. 35. gr. laga nr. 85 frá 1936, að dómsmálaráðherra geti veitt slíkum dómara lausn um stundarsakir, en síðan skuli höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má. Enn segir um þessa dómara í 1. gr. laga nr. 32 frá 1948, að forseti geti þó veitt dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna, sem hann hefði fengið, ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

Þrautavarakröfuna reisir stefnandi á því, að réttarstaða hans gagnvart ríkisvaldinu sé hin sama og almennra embættismanna, annarra en þeirra, sem rætt hefur verið um í sambandi við aðal- og varakröfu hans. Hefur stefnandi látið tryggingarfræðing reikna út, hve miklu nemi tjón hans á launagreiðslum á tímabilinu frá 1. apríl 1951 til 30. nóv. 1959 (en stefnandi yrði 70 ára 25. nóv.), miðað við það, að allar greiðslur færu fram í upphafi tímabilsins svo og tjón hans á sama tímabili af því, að ríkissjóður hætti hinn 1. apríl 1951 að greiða sinn hluta lífeyrissjóðsiðgjalda hans. Samkvæmt útreikningi tryggingarfræðingsins nemur tjón stefnanda á launagreiðslum kr. 289.304.00 og tjónið af niðurfalli iðgjaldagreiðslna kr. 17.358.00. Nema fjárhæðir þessar samanlagðar fjárhæð þrautavarakröfu stefnanda.

Loks heldur stefnandi því fram til vara, að honum hafi verið sagt upp starfi með allt of skömmum fyrirvara.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að löggjafinn hafi ótvírætt heimild til að stofna embætti og leggja þau niður og þar sem íslenzk lög geri ekki ráð fyrir neinum bótum eða launagreiðslum til embættis- og starfsmanna ríkisins, ef staða þeirra er lögð niður, þá eigi stefnandi engar fjárkröfur á hendur ríkissjóði vegna niðurlagningar stöðu hans. Þá benda stefndu á það, að niðurfelling stöðunnar hafi verið eðlileg

ráðstöfun af hálfu ríkisvaldsins. Stefnandi hafi aðeins framkvæmt sem rannsóknardómari í skattamálum þrjár rannsóknir, meðan hann gegndi því starfi og hafi það þannig sýnt sig, að staðan væri óþörf. Sjálfsagt hafi því verið meðal annars sem sparnaðarráðstöfun að leggja stöðuna niður.

Þá hafa stefndu mótmælt því, að staða stefnanda hafi verið sambærileg dómarastöðum þeim, sem um er rætt hér að framan í sambandi við greinargerð stefnanda fyrir aðal- og varakröfu hans, svo og því, að almennum embættum, öðrum en greindum dómarastöðum, fylgi slíkur réttur sem þrautavarakrafa stefnanda er reist á.

Loks telja stefndu, að stefnanda hafi verið sagt upp stöðunni með nægilegum fyrirvara.

Eftir ákvæðum áðurgreindrar 11. gr. þurfti sá, er skipa mátti sem rannsóknardómara í skattamálum, aðeins að vera lögfræðingur, en þess ekki krafizt, að hann fullnægði almennum dómaraskilyrðum. Þá virðist svo eftir ákvæðum nefndrar greinar, að rannsóknardómarinn hafi ekki haft vald til að kveða upp úrslitadóm í þeim málum, sem hann rannsakaði, heldur hafi hann átt að fara með málin aðeins þar til rannsókn þeirra væri lokið. Þá rak stefnandi málflutningsskrifstofu á Akureyri, ýmist einn eða með öðrum allan eða mestallan tímann, sem hann gegndi umræddri stöðu, en slík starfsemi virðist ekki geta samrýmst stöðu umboðsstarfalausra og fastra dómara. Er því ljóst, að staða stefnanda var ekki hliðstæð eða sambærileg stöðum nefndra dómara, og hafa því aðalkrafa og varakrafa stefnanda, sem eins og áður segir eru á því reistar, að jafna megi stöðu hans til stöðu dómaranna, ekki við rök að styðjast.

Staða rannsóknardómara í skattamálum mun hafa verið sett á stofn í því skyni að stuðla að öruggari og áhrifameiri (effektivari) framkvæmd skattheimtunnar. Þar sem þetta var ný staða, er stefnandi tók við skipun í hana, mátti hann vart treysta því, að um lífstíðarstarf yrði að ræða. Hann mátti vera við því búinn, að breytingar kynnu að verða gerðar varðandi stöðuna, ef þessi nýskipun gæfi ekki góða raun. Eigi að síður verður að telja, að stefnandi hafi haft ástæðu til að ætla, að staðan yrði til nokkurrar frambúðar, sérstaklega þó eftir að hún var tekin upp í lögin um laun starfsmanna ríkisins frá 1945 og þar sett á bekk með stöðum bæjarfógeta og sýslumanna. Að þessu athuguðu þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr ríkissjóði, vegna þess að staða hans var lögð niður og hann sviptur launum með aðeins 6 mánaða fyrirvara í sambandi við niðurlagninguna.

Stefnandi er fæddur 25. nóvember 1889 og var hann því 61 árs að aldri, er staðan var lögð niður, eftir að hann hafði gegnt henni í rúmlega 8 ár. Hann heldur því fram, að er hann tók við skipun í stöðuna, hafi árstekjur sínar af málflutningi numið mun meiru en laun þau, er honum voru ákveðin með stöðunni. Þá kveðst hann hafa verið hættur málflutningi, er staðan var lögð niður. Svo sem áður er sagt, skyldi stefnandi ekki hefjast handa um rannsóknir í skattamálum af sjálfsdáðum

og ekki er annað vitað, en rannsóknir þær, sem stefnanda var falið að framkvæma, hafi verið forsvaranlega unnar. Samkvæmt útreikningi tryggingarfræðings hefur tjón stefnanda vegna launamissis á tímabilinu frá 1. apríl 1951 til 30. nóvember 1954 (65 ára), miðað við að allar greiðslur færu fram í upphafi tímabilsins, numið kr. 144.788.00 og tjón stefnanda vegna niðurfalls lífeyrissjóðsiðgjalda á sama tíma kr. 8687.00.

Að því athuguðu, sem hér að framan er greint, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Ber að dæma stefndu f. h. ríkissjóðs til að greiða stefnanda þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 4.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Jóni Sveinssyni, kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1953.

Nr. 81/1952. **Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h/f** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

h/f Productiva (Lárus Jóhannesson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar á samningi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1952. Hann krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð, að vextir verði einungis dæmdir frá 29. janúar 1949 og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 28. maí 1952. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar greiðslu skaðabóta, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h/f, greiði gagnáfrýjanda, h/f Productiva, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. apríl 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 18. þ. m., hefur hlutafélagið Productiva, Buenos Aires, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 26. janúar 1949 gegn hlutafélaginu Lakk- og málningarverksmiðjunni Hörpu, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð £ 4.512—9—3 með 6% ársvöxtum af £ 4.095—3—3 frá 1. ágúst 1947 til 5. maí 1948, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafizt greiðslu á kr. 266.338.95, en til *þrautavara* kr. 253.807.59, hvorttveggja með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1951 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að dæmdar verði einungis hæfilegar bætur að mati dómenda, vextir reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 8. apríl 1947 sendi stefndi stefnanda fyrirspurn í símskeyti um verð á 10 smálestum af tvísoðinni línolíu. Svaraði stefnandi þessu næsta dag og var verðið þar ákveðið £ 295—0—0 fyrir hverja smálest komna til Antwerpen. Var verð þetta miðað við, að greiðsla færi fram samkvæmt kreditbréfi (creditletter). Hinn 12. s. m. sendi stefndi stefnanda aftur skeyti, þar sem samþykkt voru kaup á 10 smálestum, en óskað eftir að greiðsla færi fram samkvæmt sýningarvíxli. Lét stefndi þess jafnframt getið, að ætlunin væri að kaupa 10 smálestir mánaðarlega. Stefnandi svaraði skeyti þessu hinn 14. s. m. og gat þess þar, að

verðið væri £ 299—0—0, ef greitt væri samkvæmt sýningarvíxli, og samþykkti stefndi það í skeyti, dags. 16. s. m. Samkvæmt þessu sendi stefnandi símskeyti til stefnda daginn eftir, þar sem það tilkynnir, að það hafi skráð stefnda fyrir 10 smálestum af tvísoðinni línolíu fyrir £ 299—0—0 hverja smálest og að greiðsla fari fram samkvæmt sýningarvíxli. Jafnframt bauðst það til að skrá (book) stefnda fyrir sama magni mánaðarlega til loka októbermánaðar með sömu skilmálum. Þessu skeyti svaraði stefndi með skeyti 19. s. m., þess efnis, að það samþykkti tilboðið í skeyti stefnanda. Staðfesti stefnandi þetta með skeyti 22. s. m. þar sem það tilkynnti stefnda, að það hefði skráð það fyrir 60 smálestum af tvísoðinni línolíu. Jafnframt ritaði stefnandi stefnda bréf, dags. 23. s. m. þar sem það staðfesti kaup stefnda á 10 smálestum af tvísoðinni línolíu á mánuði hverjum fyrir mánuðina maí—október, að báðum meðtöldum, fyrir £ 299—0—0 hverja smálest komna til Antwerpen. Sendi það í bréfi þessu uppkast af skriflegum samningi um kaupin og óskaði þess, að stefndi undirritaði hann, en af undirritun varð þó ekki. Í maímánuði sendi stefnandi stefnda 10 smálestir af olíunni og í júnímánuði aðrar 10 smálestir, en af greiðslu varð ekki hjá stefnda sökum gjaldeyrisörðugleika. Hinn 22. júlí ritaði stefndi stefnanda bréf þess efnis, að sökum gjaldeyrisskorts væri það knúið til þess að rifta kaupum á þeim 40 smálestum, sem eftir stæðu af pöntuninni. Þessu bréfi svaraði stefnandi með skeyti, dags. 1. ágúst, þar sem það mótmælti þessu framferði stefnda og krafðist greiðslu á mismuninum á hinu umsamda kaupverði olíunnar og markaðsverði hennar 1. ágúst.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að riftun stefnda á samningunum hafi með öllu verið óréttmæt. Kveðst stefnandi hafa verið búinn að festa kaup á olíumagni því, er afhenda skyldi samkvæmt samningi aðiljanna, og þar eð olían hafi verið fallin mikið í verði, er riftunin fór fram, hafi það orðið fyrir allmiklu tjóni. Beri stefnda því að bæta tjón þetta. Stefnandi kveður markaðsverð hverrar smálestar olíunnar hafa verið £ 189—6—11 hinn 1. ágúst 1947, en umbúðir og flutningskostnaður til Antwerpen £ 7—5—6 eða verð hennar í Antwerpen £ 196—12—5 hver smálest. Kaupverð stefnda hafi hins vegar verið, eins og fyrr segir, £ 299—0—0, og verðmunurinn því £ 102—7—7 á hverri smálest. Beri stefnda að greiða verðmun þenna á þeim 40 smálestum, sem kaupum hafi verið rift á, eða £ 4.095—3—3. Þá hefur stefnandi ennfremur haldið því fram, að greiðsla hafi dregizt alllengi á olíu þeirri, er stefndi hafi fengið senda, og hafi því fallið á þær vaxtakostnaður auk annars kostnaðar, samtals að fjárhæð £ 417—6—0. Er aðalkrafa stefnanda miðuð við greiðslu þessara fjárhæða.

Varakrafa stefnanda er miðuð við, að fjárhæðum þessum sé breytt í íslenzkar krónur á núverandi gengi sterlingspunds og kröfur stefnanda reiknaðar með vöxtum og vaxtavöxtum til 30. júní 1951.

Þrautavarakrafa stefnanda er miðuð við sama útreikning og varakrafan að öðru leyti en því, að vaxtavöxtum er sleppt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína *í fyrsta lagi* á því, að það hafi aldrei

undirritað samningsuppkast það, er stefnandi hafi sent því til undirritunar. Hafi stefnanda því mátt vera ljóst, að endanlegur samningur væri ekki kominn á um kaup þessi.

Þegar virt eru skeyti þau, sem fóru milli aðilja, er ljóst, að með þeim voru ákveðin kaup á fyrrgreindum 60 smálestum af olíu. Voru skeyti þessi staðfest með bréfum af hálfu beggja aðilja. Verður þessi málsástæða stefnda því ekki tekin til greina, enda virðast frekari samningsgerðir um kaupin hafa verið með öllu óþarfar, eins og á stóð.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið samið um ákveðið verð á olíunni, þegar kaupin hafi farið fram. Hefur stefnda í því sambandi tekið fram, að það hafi skilið skeyti stefnanda 17. apríl þannig, að orðalagið „sömu skilmálar" (same terms) ætti einungis við greiðsluform olíunnar, þ. e. a. s. sýningarvíxla, en ekki verð hennar. Hafi það því talið, að verðið væri í samræmi við markaðsverð olíunnar á hverjum afhendingartíma.

Eins og fyrr segir, ritaði stefnandi stefnda bréf hinn 23. apríl, þar sem það staðfesti kaup stefnda á olíunni. Í bréfi þessu var skýrt tekið fram, að verð olíunnar væri £ 299—0—0 fyrir hverja smálest komna til Antwerpen og sama var í samningsuppkasti því, er fylgdi bréfinu, og áður getur. Stefndi viðurkenndi móttöku bréfs þessa í bréfi til stefnanda, dags. 17. maí. Í þessu bréfi stefnda er engum athugasemdum hreyft við þeim skilningi stefnanda, að samningur þeirra aðiljanna hafi einnig tekið til verðs olíunnar. Verður þessi sýknuástæða stefnda því heldur ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að það hafi ekki getað efnt samninginn við stefnanda sökum skorts á gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Í samningsuppkasti því, sem stefnandi hafi sent stefnda til undirritunar, hafi verið gerður sá fyrirvari, að samningurinn væri ógildur, ef bannaður yrði útflutningur á olíunni. Telur stefndi því, að sama eigi að gilda gagnvart hinum aðiljanum, ef ekki fáist innflutningsleyfi og leiði af því, að það sé ekki bundið við samninga sína við stefnanda, úr því að innflutningsleyfi hafi ekki fengizt.

Eins og áður segir, var samningsuppkast þetta aldrei undirritað og hefur því ekki nein áhrif á samninga aðiljanna. Þykir þessi sýknuástæða stefnda því ekki hafa við rök að styðjast.

Varakröfu sína byggir stefnda á því, að tjón stefnanda vegna riftunar stefnda á kaupunum hafi verið mjög lítið. Hefur stefndi véfengt, að stefnandi hafi verið búinn að festa kaup á olíu þeirri, er afhenda skyldi stefnda, og hafi stefnandi því ekkert tjón beðið vegna lækkunar á markaðsverði olíunnar. Hið eina tjón, sem stefnandi því hafi beðið, sé missir hagnaðar af viðskiptunum við stefnda á umræddum 40 smálestum.

Eins og að framan er rakið, riftaði stefndi kaupunum við stefnanda sökum skorts á gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Stefndi hafði hins vegar engan fyrirvara gert um þetta atriði í samningum sínum við stefnanda og verður það því ekki talin réttmæt ástæða gagnvart stefn-

anda fyrir stefnda til riftunar. Þykir stefnda því bera að greiða stefnanda bætur vegna hinnar ólögmætu riftunar, sem telja verður að miðist við mismun á kaupverðinu og markaðsverði olíunnar, þegar riftunin fór fram, enda hefur stefndi ekki sýnt fram á, að tjón stefnanda hafi verið minna. Aðiljar eru sammála um, að markaðsverð olíunnar hafi í júlímánuði verið £ 200—0—0 fyrir hverja smálest, en £ 190—0—0 í ágústmánuði, komna til Rotterdam. Bréf stefnda til stefnanda, þar sem tilkynnt var riftunin, er dagsett 22. júlí, en svarskeyti stefnanda er dagsett 1. ágúst. Er því ekki séð, að riftunin hafi borizt til vitundar stefnanda fyrr en í ágústmánuði og þykir því verða að miða við verð olíunnar í þeim mánuði, £ 190—0—0. Stefnandi hefur hins vegar miðað skaðabótakröfu sína við það, að markaðsverð olíunnar í Antwerpen hafi verið £ 196—12—5. Verður það verð því lagt til grundvallar dómi í málinu, enda stefnda í hag. Tjón stefnanda vegna riftunar stefnda nam því £ 102—7—7 af hverri smálest eða alls £ 4.095—3—3. Hins vegar ber að tiltaka bæturnar í íslenzkum krónum, enda hafa íslenzk gjaldeyrisyfirvöld neitað um gjaldeyri vegna olíunnar. Með núverandi gengi sterlingspunds, ísl. kr. 45.70, verður fjárhæð þessi kr. 187.148.92. Ber stefnda að greiða stefnanda þessa fjárhæð með 6% ársvöxtum, er reiknast frá 1. ágúst 1947, en þann dag krafðist stefnandi í skeyti greiðslu mismunarins, eins og fyrr getur.

Kröfu sína um bætur vegna dráttar stefnda á greiðslu þeirra 20 smálesta, sem sendar voru, hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1.	7% vextir í 213 daga af £ 3.079—14—10	£ 127—11—1
2.	Bankakostnaður vegna dráttar á yfirfærslu	£ 62— 5—5
3.	Bréfaskipti o. fl.	£ 15— 0—7
4.	7% vextir í 224 daga af £ 3.005—8—7	£ 130—18—0
5.	Bankakostnaður vegna dráttar á yfirfærslu	£ 68— 3—2
6.	Bréfaskipti o. fl.	£ 13— 7—9
	Samtals	£ 417— 6—0

Stefnandi kveður víxlana um sendingarnar í maí og júní hafa verið sýnda 9. júní og 9. júlí, en þeir hafi þó ekki verið greiddir fyrr en 12. maí og 23. apríl. Hefur stefnandi enga vexti reiknað af víxlunum fyrstu 30 dagana, en síðan 7% til greiðsludags.

Að því er þessa liði (nr. 1 og 4) varðar, þykir rétt að stefndi greiði vextina í samræmi við kröfur stefnanda, að öðru leyti en því, að vextir teljast 6 af hundraði. Nemur sú fjárhæð, einnig breytt í íslenzkar krónur á núverandi gengi sterlingspunds, kr. 10.124.05. Aðra kröfuliði stefnanda í þessu sambandi þykir ekki unnt að taka til greina, þar sem þeir eru ekki studdir nægilegum gögnum, auk þess sem sumir þeirra virðast vera nauðsynlegir fyrir viðskipti aðiljanna í heild og innifaldir í verzlunarhagnaði stefnanda af viðskiptunum.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 197.272.97 (kr. 187.148.92 + 10.124.05) með 6% ársvöxtum af kr. 187.148.92 frá 1. ágúst 1947 til greiðsludags. Þá þykir rétt, að stefndi

greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dóminn kváðu upp Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson.

Dómsorð:

Stefndi, Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h/f, greiði stefnanda, h/f Productiva, kr. 197.272.97 með 6% ársvöxtum af kr. 187.148.92 frá 1. ágúst 1947 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. maí 1953.

Nr. 33/1951. **Steindór Hjaltalín** (Sigurður Ólason)
gegn
Sveini Ólafssyni og
Sverri Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna galla á flugvélarhreyfli.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. marz 1951. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki hefur verið leitt í ljós, að olíuleki sá, sem fram var kominn í hreyfli umræddrar flugvélar, er áfrýjandi seldi stefndu hana, hafi stafað af öðru en sprungu þeirri í ventlahúsi hreyfilsins, sem um getur í málinu. Er og ómótmælt, að lekans hafi ávallt orðið vart sama megin og sprungan reyndist vera. Hér var um leyndan galla að tefla, og ber áfrýjanda því að bæta stefndu tjón það, er af hefur hlotizt. Fjárhæð bótakröfunnar er viðurkennd hér fyrir dómi og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steindór Hjaltalín, greiði stefndu, Sveini Ólafssyni og Sverri Jónssyni, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hafa Sveinn Ólafsson, Hjallavegi 60, og Sverrir Jónsson, Eskihlíð 12, báðir hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 31. maí 1949, gegn Steindóri Hjaltalín, Flókagötu 15, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 6047,02 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins í fyrra skipti lækkuðu stefnendur bótakröfu sína í kr. 5747.02, en héldu fast við stefnukröfurnar við síðari munnlegan flutning þess.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Málavextir eru sem hér greinir: Með kaupsamningi, dags. 15. september 1948, keyptu stefnendur í sameiningu flugvélina TF—KAH af stefnda fyrir kr. 35 000.00. Áður höfðu þeir skoðað vélina, og er tekið fram í kaupsamningnum, að þeir sætti sig við ásigkomulag hennar. Á þessum tíma hafði stefnandinn Sverrir Jónsson réttindi til atvinnuflugs, en stefnandinn Sveinn Jónsson hafði lokið námi til einkaflugs og tók slíkt próf 27. okt. 1948. Hann hafði áður átt flugvél sömu gerðar sem TF-KAH. Flugvélar, sem eru í notkun, eiga samkvæmt settum reglum að ganga undir skoðun með vissu millibili. Hreyflarnir eiga þannig venjulega að skoðast eftir hverjar 25 flugstundir. Aðalskoðun á öðrum hlutum vélanna fer fram á árs fresti, en aukaskoðanir öðru hvoru milli aðalskoðana. Stefnendum var við kaupin kunnugt um, að fullt ár var liðið frá því, að aðalskoðun hafði verið gerð á vélinni, en hún var svo framkvæmd sama dag, sem kaupsamningur var gerður, og virtist hún þá samkvæmt vottorði skoðunarmanns að öllu leyti í lagi. Afhending flugvélarinnar til kaupenda mun hafa farið fram daginn eftir skoðunina, 16. september. Næst áður en kaupin gerðust hafði farið fram skoðun á hreyfli flugvélarinnar hinn 6. september 1948. Gerði skoðunarmaður engar athugasemdir við ástand hans. Fyrir dómi hefur skoðunarmaður borið, að hann minni, að í þetta skipti hafi verið olía utan á hreyflinum vinstra megin og segist þá munu hafa hert á svonefndum hosuklemmum, þar sem líklegt hefði verið, að olía hefði komið út með

gúmmíhosum, sem hafðar eru á samskeytum hlífa, sem eru utan um lyftistengurnar fyrir lokana á hreyflinum. Þegar kaupin gerðust, tóku málsaðiljar eftir því, að olía var utan á hreyflinum vinstra megin, en enginn þeirra gerði þá ráð fyrir, að þetta stafaði af neinni alvarlegri bilun, enda kvaðst stefndi hafa flogið vélinni dagana áður en hún var seld, án þess að verða var nokkurrar bilunar. Alls virtist vélinni hafa verið flogið rúmar 2 stundir frá því hún var skoðuð hinn 6. september og þar til hún var seld. Hinn 22. september var hreyfillinn næst skoðaður og talinn í lagi. Hafði þá verið flogið tæpar 30 stundir eftir aðalskoðun. Bar að sögn stefnenda ávallt á olíuleka á hreyflinum, sem ágerðist svo, að hinn 28. september létu þeir gera rækilega eftirgrennslan að orsökum hans. Virðist þá hafa verið búið að fljúga vélinni í rúmar 40 stundir, frá því hún var skoðuð hinn 22. september. Við rannsóknina kom í ljós, að allstór sprunga var á sveifaráshúsi vinstra megin að ofanverðu, næstum í hálfhring umhverfis fremra stimpilhúsið. Til að gera við þetta, varð að skipta um báða helminga sveifaráshúss hreyfilsins. Stefnendur munu, þegar er þetta kom í ljós, hafa kvartað um galla þenna við stefnda og tilkynnt honum, að þeir teldu hann skaðabótaábyrgan. Eftirlitsmennirnir, sem skoðuðu vélina þau skipti, sem að framan greinir, hafa fyrir dómi fullyrt, að þeir hafi ekki orðið sprungunnar í sveifaráshúsinu varir við skoðunargerðir sínar, enda liggur sprungan þannig, að mjög erfitt mun hafa verið að sjá hana, nema hreyfillinn væri tekinn í sundur.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að hreyfillinn hafi verið sprunginn, þegar kaup gerðust, og benda í því sambandi á, að olíuleki hafi þá þegar verið farinn að gera vart við sig og að engin ástæða sé til að ætla, að hann hafi stafað frá öðrum orsökum en sprungunni, enda hafi eftirlitsmaður hert á hosuklemmunum við skoðun hinn 6. september. Telja stefnendur, að sprungunni hafi verið svo farið, að þess sé ekki að vænta, að þeir sæju hana við skoðun vélarinnar áður en kaupin fóru fram, enda hafi hvorugur þeirra fagþekkingu á flugvélahreyflum, en sprungan hafi jafnvel leynzt fyrir löggiltum eftirlitsmönnum, bæði við ársskoðunina 15. september svo og síðari skoðun 22. s. m. Samkvæmt þessu telja stefnendur, að stefndi beri bótaábyrgð vegna þessa galla samkvæmt 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að flugvélin hafi verið ógölluð, er hann seldi hana, enda engar sönnur fram komnar fyrir hinu gagnstæða. Flugvélinni hafi verið flogið um 70 stundir frá því kaup voru gerð og þar til sprungan var uppgötvuð, en á þeim tíma hafi hún verið skoðuð tvisvar sinnum af eftirlitsmönnum, án þess að vart yrði við nokkurn galla.

Eins og að framan greinir, varð vart olíuleka í hreyfli flugvélarinnar sömu megin og sprungan í ventlahúsi hans kom síðar í ljós, frá því áður en stefnendur keyptu flugvélina og þar til sprungunnar varð vart. Ekkert er fram komið, er bendi til annarra orsaka að leka þessum en þeirrar, að hann hafi frá upphafi stafað frá margnefndri sprungu. Lega

sprungunnar er þannig, að hún mun ekki hafa sézt, nema hreyfillinn væri tekinn sundur. Eftirlitsmenn þeir, er vélina skoðuðu eftir að stefndu keyptu hana, virðast ekki hafa tekið hreyfilinn sundur, og var þess því eigi að vænta, að þeir yrðu sprungunnar varir. Þegar framanritað er virt, verður að telja nægileg rök fram komin fyrir því, að margnefnd sprunga hafi verið í hreyflinum, er stefndi seldi flugvélina. Verður að meta þennan galla svo verulegan, að stefnda beri að bæta stefnendum tjón það, er þeir hafa beðið hans vegna. Stefndi hefur út af fyrir sig ekki andmælt fjárhæð dómkröfu stefnenda og verður hún því tekin til greina, eins og hún var lögð fyrir við fyrri munnlegan flutning málsins, enda hafa stefnendur ekki stefnt að nýju fyrir þeim hluta kröfunnar, er þeir féllu þá frá, né fengið samþykki stefnda til að koma honum að í málinu án stefnu. Ber stefnda því að greiða stefnendum kr. 5747.02 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 850.00.

Dóm þenna kváðu upp Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Gunnar Jónasson og Axel Kristjánsson, forstjórar, en uppsaga hans hefur dregizt umfram venju vegna anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Hjaltalín, greiði stefnendum, Sveini Ólafssyni og Sverri Jónssyni, kr. 5747.02 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1948 til greiðsludags og kr. 850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1953.

Nr. 45/1953. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Josef Hendriech Delbol (Gústaf A. Sveinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti og samdómsmenirnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á staðará-

kvörðunum varðskipsins og m. a. markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út hjá togara ákærða kl. 19.20 hinn 2. marz s.l. Staðfestir skólastjórinn þá niðurstöðu yfirmanna varðskipsins, að staður þessi sé samkvæmt mælingum þeirra 1 sm. innan landhelgislínu. Er því sannað, að ákærði hefur verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af gullgengi krónunnar, sem ekki hefur breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, greiði 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Josef Hendriech Delbol, skipstjóra á belgíska botnvörpuskipinu Marie Jose Rosette, O 285 frá Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag. Er málið höfðað fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpu-

veiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952 um breytingar á þeim lögum, til refsingar, upptöku ólöglegs afla og veiðarfæra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og er jafnframt krafizt, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, er fæddur 16. marz 1916 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt neinum kærum eða refsingum hér á landi.

Málavextir eru þeir, er hér segir, samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, framburði ákærða og öðru, er fram kom við rannsókn málsins:

Mánudaginn 2. marz 1953 var varðskipið Ægir við varðgæzlu og nálgaðist Ingólfshöfða á vesturleið. Kl. 18.53 sást skip grunsamlega nærri landi út af Ingólfshöfða og var haldið að því með fullri ferð. Kl. 19.06 sást rauða hliðarljósker skipsins og sást greinilega, að skipið stefndi út frá landi. Kl. 19.15 var varðskipið komið það nærri skipinu, að það gat lýst á það með kastljósi og reyndist skipið vera b/v Marie Jose Rosette, O 285 frá Ostende og var það að toga með stjórnborðsvörpu í sjó.

Kl. 19.16 og 19.17 var skotið tveimur púðurskotum og kl. 19.20 stöðvaði togarinn og byrjaði að draga inn vörpu sína. Setti varðskipið út dufl, rétt vestan við togarann, og var bátur sendur út í hann og voru í honum 3. stýrimaður og 1 háseti, er settir voru um borð í togarann. Veðrið var A 7—8, sjór 4—5 og slydda. Ekki var hægt að taka skipstjóra togarans um borð í varðskipið um kvöldið vegna veðurs og ekki hægt að gera hornamælingar sökum dimmviðris. Ratsjá varðskipsins var athuguð, og sýndi hún fjarlægð frá Ingólfshöfða 3,3 sjómílur, en dýptarmælir varðskipsins sýndi 62 metra dýpi. Andæfði varðskipið við duflið um nóttina, og athuguðu stýrimenn þeir, sem á verði voru, ratsjána við duflið við og við um nóttina og reyndist fjarlægðin frá Ingólfshöfða ávallt vera hin sama, 3,3 sjómílur. Morguninn eftir, þriðjudaginn 3. marz kl. 07.05, gerði skipherra varðskipsins ásamt 1. og 2. stýrimanni þess eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Ingólfshöfði

$> 37° 13'$

Salthöfði

$> 28° 08'$

S-endi Breiðamerkurfjalls

$> 16° 56'$

S-endi Fellsfjalls

Dýpi 62 metrar. Ratsjá 3,3 sjómílur, fjarlægð frá Ingólfshöfða. Gefur þetta stað duflsins um 1,0 sjómílu innan landhelgislínunnar, eins og hún er ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Skyggni var gott, meðan mælingar fóru fram að öðru leyti en því, að fjallstindar sáust ekki.

Skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, var nú fluttur um borð í varðskipið og honum sýnt það á sjókorti, hvar hann hefði verið stöðvaður kvöldið áður. Kvaðst hann ekki hafa séð til miða kvöldið áður

vegna dimmviðris. Var honum boðið að gera staðarákvörðun við duflið, en ekki óskaði hann eftir því né að skoða í ratsjána og kvaðst ekki þekkja til slíkra tækja.

Skýrslu skipherrans á Ægi hefur hann staðfest fyrir dóminum og ennfremur hafa 1. og 2. stýrimaður varðskipsins staðfest skýrslu skipherrans.

Ákærði hefur fyrir dóminum viðurkennt skýrslu skipherrans á Ægi og að togari hans hafi stöðvað, þar sem duflið var sett út og rengir ekki staðarákvörðun varðskipsmanna. Hann hefur lagt fram í dóminum skýrslu, þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi verið að veiðum út af Ingólfshöfða þetta kvöld og kveðst ekki hafa séð til lands vegna dimmviðris. Segir ákærði, að snögglega hafi þá rofað til og hafi hann allt í einu séð vitann á Ingólfshöfða bera við hátt uppi gegnum snjóþykknið. Hafi hann þá verði hræddur um að vera kominn inn fyrir landhelgislínuna og sneri því skipi sínu þegar í stað í áttina SA að S. Framburður ákærða um það, hve lengi hann hafi togað í þessa átt, er nokkuð á reiki. Kvaðst hann í skýrslu sinni hafa séð Ingólfshöfðavitann kl. 8 e. h. og að skot varðskipsins hafi hann heyrt kl. 9 og eftir því togað um 1 klukkustund í þessa átt, en síðan hefur hann tekið þetta aftur fyrir dóminum og ekki talið sig hafa togað meira en 10—15 mínútur áður en hann stöðvaði, frá því að hann sneri skipinu.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu liðu 14 mínútur frá því að rauða hliðarljós togarans sást, þar til hann stöðvaði, og hefur ákærði viðurkennt fyrir dóminum, að það kynni að vera rétt, að hann hefði togað svo lengi í þessa átt, áður en hann stöðvaði.

Samkvæmt framburði ákærða hér fyrir dóminum gengur skip hans um 3 mílur, miðað við klukkustund, meðan togað er, og með því að hann hefur togað frá landi í 14 mínútur, þegar hann stöðvaði þar sem duflið er, hefur hann verið 0,7 sjómílu nær landi en duflið segir til og því mun meira innan landhelgislínunnar en eina sjómílu.

Ákærði hefur viðurkennt í dóminum að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, eins og að framan getur, en telur það eingöngu hafa verið vegna þess, að hann sá ekki til miða.

Það verður að telja fullsannað með eigin játningu ákærða og framburði skipherra og tveggja stýrimanna varðskipsins Ægis, að ákærði hafi að kvöldi dags hinn 2. marz 1953 verið að veiðum innan landhelgi á skipi sínu Marie Jose Rosette, O 285, frá Ostende og hefur hann því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82 8. des. 1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkvæmt mælibréfi botnvörpuskipsins Marie Jose Rosette, sem sýnt var í dóminum, er skipið 168,13 brúttórúmlestir að stærð, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenzkrar krónu þannig í dag, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni og með skírskotun til 3. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr.

5 frá 1951, þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 7500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, skal upptækur ger og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Josef Hendriech Delbol, greiði 7500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í b/v Marie Jose Rosette, O 285, er gerður upptækur og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. maí 1953.

Nr. 115/1952. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Aron Guðbrandssyni (sjálfur)
og gagnsök
og
Guðfinna Finnsdóttir og
Guðrún og Unnur Erlendsdætur
(Jón N. Sigurðsson)
gegn
Aron Guðbrandssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp þeir Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og samdómendurnir Björn Konráðsson og Jóhann Jónasson.

Aðaláfrýjandi, Jón Erlendsson, sem hefur skotið máli þessu

til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1952, og áfrýjendurnir Guðfinna Finnsdóttir og Guðrún og Unnur Erlendsdætur, sem hafa skotið málinu til réttarins með stefnu 12. marz s.l., að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m., gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefjast þær og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 25. ágúst 1952, gerir þær dómkröfur, að framangreindum kröfum áfrýjanda verði hrundið og aðaláfrýjendum gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur á leigu spildu úr landi Mógilsár í Kjalarnesshreppi og hefur reist þar sumarbústað, höfðaði mál þetta í héraði upphaflega með stefnu 17. október 1950 til staðfestingar lögbannsgerð, er hann hafði látið fram fara hinn 28. september 1950 gegn athöfnum af hálfu aðaláfrýjanda, Jóns Erlendssonar, bónda á Mógilsá, sem hann taldi brjóta gegn rétti sínum sem leigutaka hinnar umgetnu landspildu. Með framhaldsstefnu 24. nóvember 1951 á hendur aðaláfrýjanda, Jóni Erlendssyni, gerði hann síðan þær dómkröfur, að viðurkennt yrði, að vegur sá, sem liggur frá þjóðveginum að framangreindum sumarbústað, sé sín einkaeign, að eigendum og ábúendum Mógilsár sé óheimil umferð og afnot af vegi þessum, að sér verði heimilað að girða veg þenna ásamt bifreiðastæði við sumarbústaðinn og að ábúendum og eigendum Mógilsár sé óheimilt að framkvæma nokkuð það, er geti torveldað umferð um veginn. Eru kröfur þessar raktar nánar í framhaldsstefnunni.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er framangreind lögbannsgerð úr gildi fallin samkvæmt ákvæðum 20. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949, þar sem mál til staðfestingar henni var ekki höfðað innan viku frá lokum gerðarinnar. Kröfu um staðfestingu lögbannsins ber því að vísa frá héraðsdómi.

Að því er varðar kröfur, sem gagnáfrýjandi hefur haft uppi í framhaldssök í héraði, þá er þeim ætlað að skuldbinda ábúendur og eigendur jarðarinnar Mógilsár, ef teknar yrðu

til greina, en einungis aðaláfrýjanda, Jóni Erlendssyni, hefur verið stefnt til að þola dóm um kröfur þessar. Hins vegar er í ljós leitt, að jörðin er í óskiptri sameign hans og annarra áfrýjenda máls þessa, og varð það ljóst á dómþingi í málinu hinn 29. maí 1952. Bar því að beina málssókninni einnig gegn þeim Guðfinnu Finnsdóttur og Guðrúnu og Unni Erlendsdætrum, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem það hefur ekki verið gert, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði áfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Aron Guðbrandsson, greiði áfrýjendum, Jóni Erlendssyni, Guðfinnu Finnsdóttur og Guðrúnu og Unni Erlendsdætrum, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. júní 1952.

Ár 1952, laugardaginn 7. júní, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómendum, Birni Konráðssyni og Jóhanni Jónassyni, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 26. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útg. 17. okt. 1950 af Aron Guðbrandssyni forstjóra, Reykjavík, á hendur Jóni Erlendssyni, bónda á Mógilsá í Kjalarnesshreppi, til staðfestingar á lögbannsgerð við því, að Jón græfi skurð um veg og hlið Arons í Mógilsárlandi. Með framhaldsstefnu, útg. 24. nóv. 1951, gerir Aron Guðbrandsson eftirfarandi kröfur í framhaldssök:

I. Að viðurkennt verði með dómi réttarins, að vegurinn, sem liggur frá þjóðvegi að sumarbústað Arons í landi Mógilsár, sé einkaeign Arons og að sá vegur skuli áfram vera á þeim stað, sem hann nú er.

II. Að ábúendum og eigendum Mógilsár sé aðallega óheimil umferð um og afnot af nefndum vegi, en til vara, að sömu aðiljum sé aðeins heimil afnot af veginum, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem þegar farið er með jarðræktaráhöld að landi, sem liggur að veginum, enda verði slík afnot framhaldsstefnanda algerlega að skaðlausu.

III. Að honum verði heimilað að girða veginn af og bifreiðastæðið við efri vegarendann upp við sumarhúsið. Girðing þessi verði úr gaddavír og í samræmi við ákvæði 36. gr. vegalaga frá 1947. Þó skal honum skylt að hafa hlið á girðingu þeirri við brýrnar, sem hann setti yfir skurðina við veginn, og þannig skapa búanda jarðarinnar greiðan umgang yfir veginn að landi því, sem hann á sunnan vegarins, en ábúandi skal skyldur að sjá svo um, að hlið þessi séu jafnan lokuð og koma þannig í veg fyrir óþarfa ágang og umferð um veginn.

IV. Að ábúanda jarðarinnar sé óheimilt að framkvæma nokkuð það í sambandi við veg hans, sem geti torveldað umferð um hann eða valdið töfum eða óþægindum fyrir aðra í sambandi við notkun vegarins. Ofannefndar réttarkröfur nái og á sama hátt til eigenda jarðarinnar Mógilsár, þótt þeir séu ekki ábúendur jarðarinnar.

V. Að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi framhaldsstefnda.

Af hálfu aðalstefnda, Jóns Erlendssonar, er fyrst og fremst krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Ennfremur er með gagnstefnu, útg. 22. jan 1951, af hálfu stefnda, Jóns Erlendssonar, gerðar eftirfarandi gagnkröfur:

I. Að dæmt verði, að gagnstefndi, Aron Guðbrandsson, eigi einungis gangrétt yfir land gagnstefnanda frá leigulandi sínu og niður á þjóðveginn (Vesturlandsbraut) og að gangréttur þessi sé einungis eftir bökkum Hvítár og niður á þjóðveginn.

II. Að dæmt verði, að umferðarréttur gagnstefnda frá leigulandi hans og niður á þjóðveginn sé einungis eftir bökkum Hvítár.

III. Að gagnstefnda verði, að viðlögðum dagsektum til gagnstefnanda eftir mati dómsins, dæmt skylt að fjarlægja bílveg þann, sem hann hefur lagt frá leigulandi sínu og niður á þjóðveginn.

Þá krefst gagnstefnandi og málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir fóru fram í málinu í aðalsök, framhaldssök og gagnsök, en urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dags. 19. maí 1940, leigir Erlendur Jónsson, þáverandi bóndi að Mógilsá, Aroni Guðbrandssyni, aðalstefnanda í máli þessu, blett úr landi Mógilsár í Kollafirði til 50 ára og er stærðin afmörkuð þannig: Breidd að ofan ca. 17 faðmar og að neðan ca. 32 faðmar, lengd landsins ca. 60 faðmar og eru nánari mörk tilgreind í leigusamningnum.

Leiguupphæðin eftir landið var ákveðin kr. 100.00 á ári. Leigutaka skyldi heimilt að rækta landið svo og að byggja á því íbúðarhús, taka neyzluvatn til hússins úr Hvítá, sem rennur þarna framhjá, og leiða í hana frárennsli frá húsinu og girða landið af. Ennfremur er leigutaka heimilt að taka byggingarefni til hússins úr tveim grjótholtum, sem þar getur, eða annarsstaðar eftir tilvísun leigusala. Þá er leigutaka heimil umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðveginn eftir bökkum fyrrnefndrar ár svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands. Leigu-

samningur þessi er undirritaður af aðalstefnda Jóni Erlendssyni f. h. Erlendar Jónssonar, sem er faðir hans.

Um vorið 1941 hóf aðalstefnandi, Aron Guðbrandsson, framkvæmdir þarna, með því fyrst að leggja akveg frá þjóðveginum að hinu leigða landi. Þar sem vegurinn kemur á þjóðveginn var gengið frá hliði, sem upphaflega mun hafa verið fremur óvandað. Síðan kveðst aðalstefnandi hafa samkvæmt ósk leigusala reist þarna vandað hlið og sett lás fyrir, en jafnframt afhent ábúanda jarðarinnar, aðalstefnda í málinu, lykil að lásnum, svo að hann gæti farið um hliðið, þegar hann þyrfti á því að halda. Annars læsti aðalstefnandi hliðinu, þegar hann ekki var í sumarbústaðnum.

Um heimild aðalstefnanda til að læsa hliðinu spratt ágreiningur milli aðilja máls þessa, og féll dómur í því hér við embættið þann 24. júní 1950 á þá leið, að aðalstefnanda var heimilað að læsa hliðinu gegn því, að aðalstefndi fengi afhentan lykil að lásnum.

Sumarið 1941 reisti aðalstefnandi vandaðan sumarbústað á landi sínu og hefur síðan dvalið þar á sumrum. Síðan ræktaði hann upp land sitt umhverfis sumarbústaðinn og girti það. Var öllum þessum framkvæmdum lokið 1949 og að því er virðist, án nokkurs ágreinings eða árekstra við leigusala og ábúanda Mógilsár. Leigusali og þáverandi ábúandi, Erlendur Jónsson, létzt 5. okt. 1942, en sonur hans, aðalstefndi, Jón Erlendsson, núverandi ábúandi, tók við ábúð á allri jörðinni, en hann hafði áður búið á hluta jarðarinnar móti föður sínum um nokkurra ára skeið. Eins og áður er getið, reis upp ágreiningur 1949 um heimild aðalstefnanda til þess að læsa hliðinu að veginum heim að sumarbústaðnum.

Í september 1950 kveðst aðalstefnandi hafa fengið vitneskju um, að aðalstefndi ætlaði að fara með ýtu gegnum veginn heim að sumarbústaðnum og skemma veginn. Aðalstefnandi fór fram á, að lögbann yrði lagt við þessu og fór það fram þannig, að bannað var að skemma eða raska vegi þessum. Með stefnu, útg. 17. okt. 1950, höfðaði síðan aðalstefnandi mál þetta til staðfestingar á fyrrgreindri lögbannsgerð.

Er mál þetta hafði staðið nokkuð lengi, bar aðaláfrýjandi fram nýjar dómkröfur með framhaldsstefnu 24. nóv. 1951, eins og áður er rakið, og var málið flutt í landamerkjadóm og rekið þar samkvæmt lögum nr. 41/1919 um landamerki o. fl.

Af hálfu aðalstefnda hefur fyrst og fremst verið borin fram sú varnarástæða, að staðfestingarmálið sé of seint höfðað og gerðin sé því niður fallin samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949. Á þetta verður dómurinn að fallast, þar sem stefnu í staðfestingarmáli skal gefa út innan viku frá lokum gerðarinnar, en umrædd lögbannsgerð fór fram 28. sept., en stefna var ekki gefin út fyrr en 17. okt. Ber því að synja um staðfestingu gerðarinnar.

Þá skal vikið að kröfum aðalstefnanda í framhaldsstefnu. Kemur þar fyrst sú krafa, að vegurinn heim að sumarbústaðnum sé einkaeign aðalstefnanda og skuli áfram vera á þeim stað, sem hann nú er. Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að vegurinn sé settur þarna í heimildar-

leysi og verði að fara burt vegna framræslu og ræktunar landspildu þeirrar, sem vegurinn deilir. Í leigusamningnum frá 19. maí 1940 segir svo um þetta atriði: „Heimil skal leigutaka umferð frá hinu leigða landi niður á þjóðveginn eftir bökkum ofangreindrar ár (þ. e. Hvítár) svo og frá bænum Mógilsá ofan við túnið til hins leigða lands." Ágreiningur er um í málinu, hvernig skilja beri orðið „umferð", og aðalstefndi heldur fram, að það taki aðeins yfir göngurétt. Ekki verður fallizt á þá skýringu, heldur hlýtur þar að vera átt við heimild til allrar þeirrar umferðar, sem talin verður nauðsynleg, til þess að nytja landið á þann hátt, sem leigusamningurinn heimilar og gerir ráð fyrir.

Til að byggja sumarhús, rækta og girða landið er leigutaka nauðsynlegt að geta flutt efni á bílum, eins og almenn venja er við slíkar framkvæmdir. Verður því að skýra orðið „umferð" sem heimild til bílaumferðar að og frá landinu, enda virðist þessi skilningur staðfestur af aðiljum, þar sem bílvegurinn er sú fyrsta framkvæmd, sem leigutaki ræðst í. Ekki verður séð, að leigusali hafi hreyft neinum athugasemdum gegn þessari vegarlagningu, heldur lagt, að minnsta kosti óbeint, samþykki sitt á það, með því meðal annars að ljá verkfæri og hesta til verksins og hafa menn, sem að veginum unnu, í fæði og húsnæði, meðan þeir voru við það verk.

Aðalstefnandi greinir svo frá atvikum að því, er vegarstæði þetta var ákveðið, að hann og Erlendur Jónsson hafi gengið á staðinn. Þá hafi Erlendur sagt, að aðalstefnandi mætti leggja veginn, hvort heldur hann vildi vestan eða austan við holtið, þar sem hann nú er. Aðalstefnandi lét síðan verkfræðing athuga, hvort vegarstæðið væri heppilegra og lét niðurstöðu hans ráða, enda var vegarstæðið samkvæmt því á þeim stað, sem minnst ræktanlegt land fór til sppillis undir veginn.

Engin andmæli eða athugasemdir virðast hafa komið út af vegarlagningu þessari fyrr en löngu síðar, eftir að komið var í málaferli milli aðilja.

Aðalstefndi heldur því fram, að það hafi verið samkomulag milli hans og föður hans, áður en vegarstæðið var valið, að vegurinn yrði eftir árbakkanum, eins og leigusamningurinn segir og annarsstaðar ekki. Í því sambandi hefur aðalstefndi haldið fram, að vegurinn, eins og hann er, skipti landinu í tvennt og skemmi þannig ræktunarmöguleika. Hefur hann stutt þetta álit sitt með vottorði frá jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, sem gert hefur áætlun um framræslu landsins á þessu svæði.

Er lagt fram í málinu kort, þar sem ráðgerðir eru tveir skurðir, sem skera umræddan veg á tveim stöðum.

Dómurinn telur augljóst, að umræddir skurðir megi liggja eins og uppdrátturinn sýnir og ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að skurðirnir séu grafnir gegnum veginn, að því áskildu, að vegurinn sé settur í samt lag aftur, svo að það komi ekki í bága við notkun hans til umferðar.

Umræddur vegur er eingöngu gerður fyrir sumarbústað aðalstefnanda

og það er viðurkennt í málinu, að aðalstefnandi hefur að öllu leyti kostað þá vegarlagningu. Með hliðsjón af því og vísun til þess, sem að framan er rakið, verður dómurinn að fallast á, að í málinu séu framkomin nægileg sönnunargögn fyrir því, að margnefndur vegur frá þjóðveginum heim að sumarhúsinu sé lagður þar sem hann nú liggur með samþykki landeiganda og aðalstefnandi hafi heimild til að hafa hann áfram þarna á sama stað og vegurinn sé einkaeign aðalstefnanda.

Kemur þá næst til athugunar krafa aðalstefnanda um umferð og afnot eigenda og ábúenda Mógilsár af vegi þessum. Með því að þegar hefur verið dæmt um þessi kröfuatriði, ber að vísa þessum kröfulið frá dómi.

Kemur þá til álita III. kröfuliður aðalstefnanda um heimild til að girða af veginn og bifreiðastæðið. Þar sem um er að ræða slíkan einkaveg, kemur ekki til mála að taka viðbótarland og girða af samkvæmt vegalögunum, sem ekki verður talið að taki til slíkra vega. Hins vegar ber að taka kröfu aðalstefnanda þannig til greina, að honum heimilist að girða af vegarstæðið, eins og það hefur verið afmarkað. Á hinn bóginn verður ekki fallizt á, að aðaláfrýjandi eigi kröfu til sérstaks bifreiðastæðis fram yfir það land, sem leigusamningurinn tekur til. Aðalstefnanda skal skylt að hafa brýr og hlið á girðingunni á þeim stöðum, svo hægt sé að fara með ökutæki yfir veginn, eins og verið hefur.

Þá er að lokum IV. kröfuliður aðalstefnanda, að búendum jarðarinnar sé óheimilt að gera nokkuð í sambandi við veginn, sem torveldi umferð um hann eða valdi töfum eða óþægindum í sambandi við notkun vegarins, svo og að réttarkröfurnar nái til eigenda jarðarinnar Mógilsár. Þessi atriði eru ekki dómhæf, enda aðeins eðlileg afleiðing af því, sem þegar er fram tekið um veginn.

Eins og áður er rakið, hefur aðalstefndi, Jón Erlendsson, gagnstefnt í málinu og borið fram gagnkröfur í þrem liðum.

Í fyrsta lagi krefst hann þess, að aðalstefnandi fái aðeins viðurkenndan gangrétt niður á þjóðveginn eftir bökkum Hvítár og í öðru lagi, að umferðarréttur aðalstefnanda sé einungis eftir bökkum Hvítár og í þriðja lagi verði aðalstefnanda, að viðlögðum dagsektum, dæmt skylt að fjarlægja bílveginn, sem lagður er frá leigulandi hans niður á þjóðveginn.

Dómurinn getur ekki fallizt á taka neina af þessum kröfum gagnstefnanda til greina, og vísast um það til þess, sem þegar er fram tekið hér að framan um þessi atriði.

Samkvæmt úrslitum máls þessa ber að gera aðalstefnda að greiða málskostnað, sem sundurliðast þannig:

1. Málskostnaður aðalstefnanda ..... kr. 500.00
2. Ferðakostnaður dómara og dagpeningar — 600.00

Málskostnaður alls kr. 1100.00.

Því dæmist rétt vera:

Vegur sá, sem liggur frá sumarbústað aðalstefnanda, Arons Guð-

brandssonar, og niður á þjóðveginn, er hans einkaeign og skal honum heimilt að hafa veginn áfram á sama stað. Þá hefur aðalstefnandi heimild til að girða af vegarstæðið meðfram veginum, enda skulu brýr vera yfir skurðina við veginn og hlið á girðingunni, svo þar verði komizt yfir með ökutæki. Þá greiði aðalstefndi, Jón Erlendsson, málskostnað með kr. 1100.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að því er snertir málskostnað.

Þriðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 16/1953. **Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson**
(Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Bergi, Helga, Júlíusi, Siggeiri og Valdimar Lárussonum (Kristján Guðlaugsson),
Erlendi Einarssyni og Birni B. Björnssyni
(Vilhjálmur Jónsson hdl.)
og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Theódór B. Líndal)
og
gagnsakir.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttur og björgunar að strandgóssi.
Lögbannsgerð felld úr gildi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vátryggjendur farms e/s Persier framselt Ríkissjóði Íslands rétt þann, sem þeir töldu sig eiga til umrædds járns. Hefur aðild Trolle & Rothe h/f f. h. vátryggjenda farms e/s Persier að máli þessu þar með fallið niður, enda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt af hálfu þessa aðilja og engar kröfur verið gerðar þar á hendur honum.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1953. Krefjast þeir þess, *að* staðfest verði lögbannsgerð sú, sem fram fór 30. ágúst 1952, *að* þeim verði dæmdur eignarréttur, en til vara björgunarréttur að járni því, sem í málinu greinir, og *að* gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1953. Krefjast þeir þess, *að* staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð þá, er á var lögð 30. ágúst 1952, *að* þeir verði sýknaðir af kröfum aðaláfrýjenda og *að* aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1953. Krefjast þeir þess, *að* staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð þá, er á var lögð 30. ágúst 1952, *að* þeir verði sýknaðir af kröfum aðaláfrýjenda og *að* aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1953. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð, er á var lögð 30. ágúst 1952. Þá krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmdur eignarréttur að umræddu járni, en til vara, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um eignarrétt á járninu. Loks krefst hann málskostnaðar af aðaláfrýjendum in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Járn það, sem um er deilt í málinu, er leifar af strandgóssi, sem eftir urðu á strandstað, er tekizt hafði að bjarga skipinu Persier og nokkrum hluta farms þess. Vátryggjendur farmsins urðu eigendur járnsins, er þeir höfðu innt vátryggingarfé þess af höndum til eiganda farmsins, sbr. 28. gr. laga nr. 17/1914. Ekki var svo með farið af hálfu ríkissjóðs eða fjöreigenda, sem segir í 28. gr. laga nr. 42/1926, og féll eignarréttur vátryggjenda því ekki niður af þeim sökum. Er ekki

heldur í ljós leitt, að eignarréttur að járninu hafi verið genginn úr höndum vátryggjenda vegna annarra atvika, þegar dómur gekk í héraði. Var því rétt sú niðurstaða héraðsdóms að dæma vátryggjendum eignarrétt að járninu. En þar sem gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms fengið framseldan rétt vátryggjenda til járnsins, ber nú að dæma honum eignarrétt að því.

Kröfur gagnáfrýjendanna Bergs, Helga, Júlíusar, Siggeirs og Valdimars Lárussona og Erlends Einarssonar og Björns B. Björnssonar til björgunar járnsins samkvæmt samningum 20. maí 1952 og 31. júlí sama ár hafa verið samþykktar hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ber því að taka þær til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að lögbannsgerð frá 30. ágúst 1952 sé úr gildi felld.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um, að niður sé felld lögbannsgerð frá 30. ágúst 1952.

Gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur eignarrétt að járni því, sem í málinu greinir.

Gagnáfrýjendur Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson hafa björgunarrétt að áðurgreindu járni.

Aðaláfrýjendur og gagnáfrýjendur beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins um annað en málskostnað.

Vátryggjendur hrájárns þess, er í málinu greinir, gengu

svo seint inn í málið í héraði, að fallast má á úrlausn héraðsdóms um málskostnað. Þegar litið er til atvika málsins og ákvæða 28. gr. laga nr. 42/1926, verður að telja rétt vátryggjenda og nú ríkissjóðs svo skýlausan, að ekki verði hjá því komizt að dæma aðaláfrýjendur samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 til að greiða ríkissjóði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9000.00. Rétt er, að aðiljar beri að öðru leyti hver sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 25. nóv. 1952.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á svonefndum Kötlutöngum á Mýrdalssandi. Farmur skipsins var 100 bifreiðar og um 6000 smálestir af hrájárni (pig iron). Eftir beiðni eigenda og vátryggjenda skips og farms tók Skipaútgerð ríkisins að sér að reyna björgun og var björgunarsamningur gerður hinn 6. marz 1941 milli Skipaútgerðarinnar og Trolle & Rothe h/f, en það félag gætti hagsmuna eigenda og vátryggjenda skips og farms hér á landi. Hafði forstjóri Skipaútgerðar ríkisins á þessum tíma yfirstjórn íslenzku varðskipanna, og var varðskipið Ægir notað til aðstoðar við björgunina. Ýmsir erfiðleikar reyndust á björguninni, en þó tókst að ná bifreiðunum á land. Til þess að létta skipið var um 5000 smálestum af hrájárni varpað fyrir borð og var það sett í tvær hrúgur í sjóinn, en ekki er upplýst, hversu langt frá stórstraumsflóðmáli eða hvort það var utan eða innan stórstraumsfjörumáls. Er skipið hafði verið létt á þennan hátt og gert eins þétt og tök var á, tókst að ná því á flot hinn 15. maí 1941. Síðan var farið með skipið til Reykjavíkur. Samkomulag náðist ekki um björgunarlaun og var því mál höfðað til heimtu þeirra. Gekk dómur í Hæstarétti í björgunarmálinu hinn 3. marz 1943, og voru laun til bjarganda fyrir björgun skipsins og þeirra ca. 1000 smálesta hrájárns, sem voru eftir í því, ákveðin kr. 500.000.00. Í þessu sambandi voru þær ca. 1000 smálestir hrájárns, sem björguðust, metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 75.000.00 eða kr. 75.00 smálestin. Um þetta leyti þótti ekki svara kostnaði að bjarga hrájárni því, sem í sjóinn hafði verið varpað. Laun fyrir björgun bifreiðanna voru ekki ákveðin í björgunarmáli þessu, en á árinu 1949 voru bjarganda greiddar kr. 250.000.00 fyrir björgun þeirra. Á fyrstu árunum eftir strandið allt fram á árið 1944 björguðu bifreiðastjórar frá Vík í Mýrdal og nokkrir menn aðrir, þar á meðal ábúendur Kerlingardals, nokkru af hrájárni, en fjaran þar, sem skipið strandaði, nefnist Kerlingardalsfjara og fylgir jörðinni Kerlingardal. Það járn, sem bjargað var á þessum árum, var tekið í fjörunni eða úr sjó rétt utan við flæðarmál, og mun magn þess, sem bjargað var, hafa verið lítið. Andvirði þess járns, sem bjargaðist og mun hafa verið selt fyrir

um kr. 280.00 — kr. 1000.00 smálestin, komið til Reykjavíkur, var skipt milli bjargenda þess eingöngu eftir þátttöku þeirra í björgunarstarfinu. Þegar fram liðu stundir, færðist sandurinn fram á þeim slóðum, þar sem hrájárninu hafði verið varpað í sjóinn og varð það sandi orpið. Engar tilraunir voru nú gerðar til að bjarga hrájárninu um hríð, en hinn 2. júní 1951 gerist það, að aðalstefndu, Erlendur Einarsson, Bólstaðarhlíð 3, og Björn B. Björnsson, Bólstaðarhlíð 5, báðir í Reykjavík, gera samning við aðalstefnendur, Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson, eigendur og ábúendur Kerlingardals í Vestur-Skaftasýslu, þess efnis, að hinir síðarnefndu afsala til Erlendar og Björns „leyfi til þess að bjarga járni, er fleygt var úr e.s. Persier, sem strandaði á Kerlingardalsfjöru 1941". Afsal þetta skyldi gilda sem „einkaleyfi" á björgun járnsins og þeir Erlendur og Björn hafa „ráðstöfunar- og eignarrétt á því járni, sem þeir „bjarga eða sjá um björgun á." Fyrir þetta „einkaleyfi" skuldbundu „leyfishafar" sig til þess að greiða Kerlingardalsbændum kr. 7,50 fyrir hverja smálest, sem bjargast og þeir fá ráðstöfunarrétt á. Jafnframt er Kerlingardalsbændum og heimilisfólki þeirra áskilin vinna við björgun járnsins eftir því, sem til fellur. Sumarið 1951 gerðu þeir Erlendur og Björn nokkrum sinnum leit að hrájárninu, en fundu það ekki, og virðast þeir ekki hafa hafizt handa um nokkrar björgunarframkvæmdir næsta árið eftir samningsgerð þessa.

Hinn 20. maí 1952 undirritar forstjóri Skipaútgerðar ríkisins samning við aðalstefndu Berg, Helga, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussyni, er hér eftir verða nefndir Klaustursbræður, þess efnis, að Skipaútgerðin heimilar þeim að bjarga á Mýrdalssandi járni, sem á sínum tíma var varpað úr flutningaskipinu Persier. Skyldu Klaustursbræður taka að sér, ríkissjóði að kostnaðarlausu, að gera tilraunir til þess að bjarga járninu og hefja björgunaraðgerðir eigi síðar en í júnímánuði 1952. Fyrir leyfi þetta skyldu leyfishafar greiða ríkissjóði Íslands 12% af andvirði þess járns, sem bjargaðist, að frádregnum flutningskostnaði til afhendingar- eða sölustaðar innanlands. Í samningi þessum segir ennfremur, að engum öðrum en leyfishöfum sé heimilt að bjarga járni því, sem hér um ræðir, meðan samningurinn stendur. Enn segir í samningnum, að bjargað járn skuli vera eign ríkissjóðs, þar til sala fari fram eða leyfishafar hafi greitt leyfisgjaldið af því járni, sem ekki hafi tekizt að selja.

Með bréfi, dags. 15. júlí 1952, tilkynnti lögmaður aðalstefnenda aðalstefndu, Erlendi og Birni, að aðalstefnendur hefðu falið honum að afturkalla „einkaleyfisumboð" það til að bjarga og hagnýta hrájárn, sem þeim hefði verið veitt með samningnum frá 2. júní 1951. Segir í bréfinu, að þessi breytta afstaða byggist á því, að enda þótt meira en ár sé liðið, frá því að Erlendi og Birni hafi verið veitt leyfið, þá hafi enn ekki verið hafizt handa um björgun járnsins, en í það hafi verið látið skína við samningsgerðina, að hafizt yrði handa þegar í stað. Þetta hafi orðið til þess, að ríkisstjórnin hafi veitt öðrum mönn-

um leyfi til að bjarga járninu og hljóti sú ráðstöfun að valda aðalstefnendum óþægindum og kostnaði. Í annan stað segir í bréfinu, að þeir Erlendur og Björn hafi upplýst, að verð á hrájárni mundi vera um kr. 200,00 á smálest og við það hafi greiðsluskylda þeirra verið miðuð, „en þetta verð hafi reynzt algjörlega rangt". Loks segir, að þar sem allar forsendur fyrir samningnum séu þannig brostnar og einkaleyfisumboðið ótímatakmarkað, þá telji aðalstefnendur sér rétt að rifta samningnum og afturkalla umboð það, sem í honum fólst. Bréfi þessu svöruðu þeir Erlendur og Björn 17. júlí 1952. Segir í svarbréfi þeirra, að engar frambærilegar ástæður séu fyrir hendi, til þess að segja greindum samningi upp og líti þeir svo á, að samningurinn sé enn í fullu gildi og muni þeir haga sér eftir því. Loks segir í bréfinu að ástæður þær, sem aðalstefnendur hafi tilgreint fyrir uppsögn samningsins, séu ósannar.

Þessu næst gerist það, að aðalstefndu, Erlendur og Björn, og aðalstefndu, Klaustursbræður, gera með skírskotun til samninganna frá 2. júní 1951 og 20. maí 1952 samning með sér þess efnis, að þeir skuli í félagi bjarga járni því, sem um ræðir í téðum samningum, og skipta ágóða og tapi svo, að Klaustursbræður „hafi 60%, en Erlendur og Björn 40%". Skyldu Erlendur og Björn annast greiðslu til aðalstefnenda samkvæmt samningnum frá 2. júní 1951 eða samkomulagi, en gjaldið til ríkissjóðs samkvæmt samningnum frá 20. maí 1952 skyldi greiðast af sameiginlegum kostnaði. Með yfirlýsingu, dags. 10. ágúst 1952, samþykkti forstjóri Skipaútgerðarinnar samning þennan. Segir ennfremur í yfirlýsingunni, að skýra beri samninginn frá 20. maí s.l. svo, að Skipaútgerðin hafi falið Klaustursbræðrum að bjarga umræddu járni og jafnframt hafi þeir með samningnum fengið framseldan rétt íslenzka ríkisins yfir járninu. Jafnframt virðist koma fram í yfirlýsingunni, að forstjórinn byggi heimild Skipaútgerðarinnar til ráðstöfunar þessarar á upphaflega björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Að gefnu tilefni frá lögmanni Klaustursbræðra lýsir fjármálaráðherra því yfir í bréfi til hans, dags. 14. ágúst 1952, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hafi gert samninginn við Klaustursbræður með samþykki ráðuneytisins f. h. ríkissjóðs. Í þessu sambandi athugast, að samkvæmt endurriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 1952, til fjármálaráðuneytisins virðist dómsmálaráðuneytið vefengja heimild forstjóra Skipaútgerðarinnar til þess að gera samninga um björgun hrájárnsins á Mýrdalssandi, að svo miklu leyti, sem um ráðstöfun f. h. dómsmálaráðuneytisins á rétti Skipaútgerðarinnar sem björgunaraðilja hafi verið að ræða. Er þess jafnframt getið í bréfinu, að frá 8. maí s. l. hafi fallið niður fyrirsvar Skipaútgerðar ríkisins fyrir landhelgisgæzlunni og varðskipunum.

Þegar eftir samningsgerðina 20. maí 1952 hófu Klaustursbræður leit að járninu á Mýrdalssandi. Fóru þeir ásamt fleiri mönnum nokkrar ferðir á sandinn í þessu skyni síðari hluta maímánaðar og í júnímánuði 1952 og höfðu í sumum ferðunum með sér segulmagnað málm-

leitartæki. Hinn 30. júní 1952 fannst önnur járnhrúgan í eystri bakka Blautukvíslar og daginn efir fannst hin járnhrúgan í kvíslinni í suðvesturátt frá hinni. Voru staðirnir merktir þannig, að járnteinn var settur niður í járnhrúgu þá, sem í kvíslinni var, en hin hrúgan var miðuð með stikum uppi í sandi og hornmiðunum. Hófu Klaustursbræður síðan undirbúning undir björgun hrájárnsins, er fólst í útbúnaði bifreiða, vinnuvéla og byggingu skúrs, sem koma átti fyrir á sandinum, en í honum var mönnum, sem við björgunina ynnu, ætlað að búa. Virðast Klaustursbræður hafa lokið undirbúningi undir björgunina rétt fyrir mánaðamótin júlí og ágúst 1952.

Í málinu kemur fram, að haustið 1951 gerði rafvirkjameistari úr Reykjavík ásamt tveim öðrum mönnum frá Vík leit að járninu. Fundu þeir báðar járnhrúgurnar, miðuðu þær og staðsettu. Skýrðu þeir aðalstefnendum skömmu síðar frá járnfundinum.

Hinn 25. júlí 1952 sló leiðangur til björgunar járnsins á vegum aðalstefnenda upp tjöldum við Hafursey. Hafði leiðangur þessi með sér vinnuvélar og ýmis tæki til björgunarinnar og hinn 29. júlí 1952 hófst hann handa um að grafa Blautukvísl leið til sjávar vestar en hún hafði áður fallið, í því skyni að veita henni af vestari járnhrúgunni, til þess að auðveldara væri að komast að hrúgunni. Vegna þessara aðgerða aðalstefnenda kröfðust Klaustursbræður þess, að lagt yrði lögbann við framhaldi greindra aðgerða aðalstefnenda eða annarra, er þarna kynnu að vera að verki. Lögbannsbeiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti Skaftafellssýslu 4. ágúst 1952. Í þinghaldi þessu gerðust þeir Erlendur og Björn aðiljar að lögbannsbeiðninni ásamt Klaustursbræðrum og var samdægurs lagt lögbann við því, að aðalstefnendur héldu áfram björgunaraðgerðum á hrájárninu.

Með stefnu, útgefinni 4. ágúst 1952, höfðuðu Klaustursbræður og Erlendur og Björn síðan mál fyrir aukarétti Skaftafellssýslu gegn aðalstefnendum máls þessa og kröfðust þess, að lögbannsgerðin yrði staðfest og réttur þeirra til björgunar og ráðstöfunar á hrájárni því, sem fyrir borð var varpað úr e/s Persier, yrði viðurkenndur. Þá kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi Kerlingardalsbænda. Af hálfu Kerlingardalsbænda var þess krafizt í greindu máli, að lögbannið yrði fellt úr gildi og þeir sýknaðir af öðrum kröfun stefnenda og að stefnendur yrðu in solidum dæmdir til þess að greiða þeim málskostnað. Dómur gekk í málinu á aukadómþingi Skaftafellssýslu hinn 23. ágúst 1952 og varð niðurstaða hans sú, að lögbannið var fellt úr gildi og Kerlingardalsbændur sýknaðir af kröfum stefnenda, Klaustursbræðra og Erlendar og Björns. Málskostnaður var látinn falla niður.

Meðan á málarekstri þessum stóð og nokkra daga eftir að dómur hafði gengið, héldu Klaustursbræður og þeir Erlendur og Björn áfram björgunaraðgerðum og tókst að bjarga nokkru af hrájárni, svo sem síðar verður frá greint.

Hinn 30. ágúst 1952 beiddust aðalstefnendur þess, að lagt yrði, eins fljótt og unnt væri, lögbann við yfirstandandi björgunaraðgerðum hvers-

konar í eignarfjöru Kerlingardals milli Höfðafjöru og Herjólfsstaðafjöru af hálfu Klaustursbræðra og Erlendar og Björns, hvort sem þeir ynnu fyrir sjálfa sig, ríkissjóð eða aðra, björgunaraðgerðum hverra þeirra manna, sem kynnu að starfa sem umboðsmenn eða á annan hátt fyrir ofangreinda menn, svo og við yfirvofandi björgunaraðgerðum af hálfu íslenzka ríkisins, en aðalstefnendur töldu, að lögmaður Klaustursbræðra hefði tjáð þeim, að slíkar aðgerðir mundu hefjast af hálfu ríkisins, ef lögbann yrði lagt við aðgerðum þeirra, er að björguninni störfuðu. Í fógetarétti Skaftafellssýslu var samdægurs lagt lögbann við því, að Klaustursbræður, Erlendur og Björn eða aðrir fyrir þeirra hönd héldu áfram björgunaraðgerðum, svo og að ríkissjóður sem einkaréttaraðili hæfist handa um björgun járnsins. Auk þess að sótt var þing af hálfu aðalstefnenda, Klaustursbræðra, Erlendar og Björns, við lögbannsgerðina, var og sótt þing af hálfu fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f. vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms. Í þinghaldi þessu lét lögmaður Trolle & Rothe h/f bóka eftir sér, að umbjóðendur hans teldu sig hafa eignar- og umráðarétt á umdeildu járni og áskildi þeim rétt til að ganga inn í mál það, sem væntanlega yrði höfðað til staðfestingar lögbanninu, eða til að höfða sérstakt mál til staðfestingar rétti þeirra. Áður, eða hinn 18. ágúst 1952, hafði Trolle & Rothe h/f sem umboðsmaður eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms, þar á meðal járns liggjandi við strandstað skipsins, sent sýslumanninum í Skaftafellssýslu símskeyti, þar sem félagið áskildi umbjóðendum sínum allan rétt til járnfarmsins og ráðstöfunar á honum.

Þegar umrætt lögbann hafði verið á lagt, var björgun járnsins hætt og hafði þá tekizt að bjarga um 40 smálestum.

Með stefnu, útgefinni 4. september 1952, höfðuðu aðalstefnendur mál þetta á hendur Klaustursbræðrum, Erlendi og Birni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gerðu þær dómkröfur á hendur greindum aðiljum, að lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 yrði staðfest. Þá kröfðust þeir *aðallega,* að viðurkenndur yrði með dómi eignarréttur og þar með björgunarréttur þeirra að járni því, sem fleygt var úr e/s Persier árið 1941, en *til vara,* að viðurkenndur yrði með dómi björgunarréttur þeirra að járninu. Loks kröfðust aðalstefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu in solidum. Vegna framkominnar afstöðu Trolle & Rothe h/f við lögbannsgerðina stefndu aðalstefnendur jafnframt félaginu vegna eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms til þess að „gæta hagsmuna sinna í málinu", en gerðu eigi að síður þær sjálfstæðar kröfur á hendur félaginu *aðallega,* að það vegna umbjóðenda sinna yrði dæmt til að þola viðurkenningu á eignarrétti og þar með björgunarrétti aðalstefnenda að járninu, en *til vara* að þola viðurkenningu björgunarréttar þeirra. Við munnlegan flutning málsins breyttu aðalstefnendur kröfum sínum á hendur Trolle & Rothe h/f í þá átt, að þær beindust aðeins að félaginu vegna eigenda og vátryggjenda farms þess úr e/s Persier, sem mál þetta varðar.

Hinir stefndu, Klaustursbræður, Erlendur og Björn og fjármálaráð-

herra f. h. ríkissjóðs hafa hver um sig mótmælt öllum kröfum aðalstefnenda, krafizt þess, að lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 verði úr gildi felld, að þeir verði hver fyrir sig sýknaðir af öllum kröfum aðalstefnenda og að þeim hverjum fyrir sig verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi aðalstefnenda in solidum. Þá hefur stefnda Trolle & Rothe h/f krafizt sýknu vegna umbjóðenda sinna af framangreindum kröfum aðalstefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 17. okt. 1952, hefur Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda hrájárns þess, sem varpað var fyrir borð úr e/s Persier árið 1941, stefnt aðalstefnendum og meðstefndum sínum, þeim Klaustursbræðrum, Erlendi og Birni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til þess að fá viðurkenndan með dómi óskertan eignarrétt og þar með talinn björgunarrétt vátryggjenda umrædds hrájárns að því. Þá hefur Trolle & Rothe h/f krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi allra greindra aðilja in solidum. Þessa málssókn sína tilkynnti Trolle & Rothe h/f oddvitum Hvammshrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu vegna greindra hreppsfélaga, en þau hafa ekki látið sækja þing.

Aðalstefnendur, Klaustursbræður, Erlendur og Björn og fjármálaráðherra f. h. ríkissjjóðs, hafa hver fyrir sig mótmælt kröfum Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda hrájárnsins úr e/s Persier og krafizt þess, að kröfum félagsins um viðurkenningu eignar- og björgunarréttar að hrájárninu verði hrundið. Þá hafa þessir aðiljar hver fyrir sig krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi félagsins.

Loks hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 30. okt. 1952, stefnt aðalstefnendum og Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda hrájárns úr e/s Persier til viðurkenningar á eignarrétti ríkissjóðs á hrájárni því, sem varpað var úr e/s Persier við Mýrdalssand síðari hluta vetrar 1941 og nú er grafið í sand við Blautukvíslarós og í honum, svo og til viðurkenningar eignarrétti ríkissjóðs að þeim hluta járnsins, sem bjargað var s. l. sumar og er í vörzlum sýslumanns Skaftfellinga eða andvirðis þess. *Til vara* hefur fjármálaráðherra krafizt þess, að viðurkenndur verði björgunar- og ráðstöfunarréttur á járninu. Loks hefur fjármálaráðherra krafizt þess, að þeir Andrés, Daníel og Trolle & Rothe h/f verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins, en til vara, að aðalstefnendur verði in solidum dæmdir að greiða málskostnað og Trolle & Rothe h/f að hluta eftir mati dómsins.

Aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f hafa hvor um sig krafizt sýknu af framangreindum kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og málskostnaðar sér til handa úr hendi hans eftir mati dómsins.

Allir aðiljar máls þessa hafa hver fyrir sig áskilið sér rétt til bóta fyrir hvers konar tjón, er afskipti hinna aðiljanna af umræddu hrájárni kunni að baka þeim.

Nú verða rakin í stórum dráttum málsatvik þau og rök, sem aðiljarnir hver fyrir sig reisa framangreindar kröfur sínar á.

Aðalstefnendur reisa kröfur sínar um eignar- og björgunarrétt að umræddu járni á því, að fjaran, sem járninu var varpað á, og landið,

sem það nú er í, fylgi jörðinni Kerlingardal sem eign og hafi fylgt henni öldum saman, en þeir séu nú eigendur jarðarinnar. Járnið hafi legið í landi þeirra meira en 10 ár, og þar sem enginn hafi á þeim tíma gefið sig fram sem eigandi þess, séu þeir orðnir eigendur samkvæmt gildandi lagareglum um lausafjárhefð, enda hafi þeir og fyrstu árin, eftir að járninu var fleygt og meðan aðstaða var til, nýtt það sem sína eign, og síðan gert um það björgunarsamning sem sína eign og hvorugt þetta hafi sætt andmælum nokkurs aðilja fyrr en á síðastliðnu sumri. Þá telja aðalstefnendur, að jafnvel þótt eignarréttur þeirra verði ekki viðurkenndur, þá eigi þeir þó einir ótvíræðan björgunarrétt að járninu, þar sem þeir eigi land það, sem járnið liggi í, en björgunaraðgerðir og aðrar framkvæmdir á landinu séu ekki heimilar öðrum, nema með samþykki þeirra.

Aðalstefndu, Klaustursbræður og Erlendur og Björn, hafa í fyrsta lagi reist kröfur sínar á samningnum frá 20. maí 1952. Telja þeir, að upphaflegi björgunarsamningurinn frá 6. marz 1941 hafi enn verið í gildi, er fyrrnefndur samningur var gerður, en hann hafi verið staðfestur af fjármálaráðherra. Með samningsgerð þessari og samningnum þeirra á milli frá 31. júlí 1952 telja þessir aðiljar sig hafa öðlazt allan þann rétt, er Skipaútgerð ríkisins eða ríkið sjálft kann að eiga til björgunar járnsins. Báðir þessir aðiljar halda því fram, að járnið geti með engu móti talizt reki og ekki sé það heldur vogrek. Skilyrði sé heldur ekki fyrir hendi til þess að beita lagareglum þeim, sem gilda um reka og vogrek, um járnið með lögjöfnun. Líta þeir svo á, að hinir upphaflegu eigendur járnsins hafi við það, að járninu var varpað fyrir borð og hirða eigi um það síðan, fyrirgert eignarrétti sínum að því. Síðan hafi járnið legið full 11 ár umhirðulaust í sandi og sjó og af þeim tíma týnt í full sjö ár. Eðlilegast sé því að líta svo á, að hér sé um eigendalausa fjármuni að ræða og megi því hafa hliðsjón af reglunum um fundið fé við meðferð járnsins. Klaustursbræður hafi fundið járnið og þeir hafi, eins og áður segir, fengið framseldan rétt ríkisins, er þá mundi sennilegast teljast eigandi járnsins að ⅔ hlutum, með sérstökum samningi. Þessir aðiljar telja engu máli skipta í sambandi við rétt til hrájárnsins, hver sé landeigandi, en halda því þó fram, að landið þarna sé almenningur, sem ríkið eigi, en aðalstefnendur eigi aðeins rekarétt á fjörunni.

Þá hafa aðalstefndu Erlendur og Björn í öðru lagi reist kröfur sínar á samningnum frá 2. júní 1951, er þeir telja í fullu gildi, svo framarlega sem aðalstefnendum hafi verið heimill sá réttur, er aðalstefnendur hafi veitt þeim með samningnum.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur í fyrsta lagi mótmælt lögbanninu frá 30. ágúst 1952 sem ólögmætu gagnvart honum á þeim grundvelli, að af hans hálfu hafi ekkert atferli verið haft í frammi, er lögbann hafi þurft gegn. Að því er varðar aðalstefnendur, reisir hann dómkröfur sínar fyrst og fremst á því, að aðalstefnendur séu ekki eigendur landsins, sem járnið er í. Hann hefur að vísu ekki véfengt staðartakmörk

Kerlingardalsfjöru að austan og vestan, en hins vegar telur hann, að aðalstefnendur hafi ekki gert grein fyrir mörkum fjörunnar til hafs eða heiða, enda sé þess ekki að vænta, þar sem aðeins geti verið um rekaítak að ræða. Í málinu hafi ekki heldur komið fram nein heimildarbréf um eignarrétt að nokkru landi á Mýrdalssandi. Sandurinn verði að skoðast almenningur, sem sé eign ríkisins, og hafi því eignarréttarkrafa aðalstefnenda og krafa þeirra til björgunarréttar, er á því séu reistar, að þeir séu landeigendur, ekki við rök að styðjast. Þá heldur hann því fram, að aðalstefnendur hafi engin umráð haft yfir járninu, þau, er til hefðar hafi mátt leiða.

Kröfur sínar til viðurkenningar á sjálfstæðum rétti yfir járninu og mótmæli sín gegn kröfum Trolle & Rothe h/f til réttinda yfir því reisir hann hins vegar á því, að Skipaútgerðin, sem sé eign ríkissjóðs, hafi aldrei fallið frá þeim rétti til björgunar, sem hún hafi öðlazt með samningnum frá 6. marz 1941. Björgunarrétturinn á járninu sé því enn í höndum ríkisins. Við þetta bætist, að hinir upphaflegu eigendur járnsins hafi afsalað sér eignarrétti að því eða skipstjóri e/s Persier fyrir þeirra hönd, er járninu var varpað fyrir borð, til þess að bjarga skipinu. Þessi eignarréttaruppgjöf hafi og verið staðfest með algeru aðgerðarleysi í 10—11 ár og megi skoða það sjálfstætt afsal eignarréttarins. Enn telur fjármálaráðherra kröfum sínum til stuðnings, að járnið hafi verið „týnt", þannig að óvíst hafi verið um stað þess. Þó hafi vitneskja sú, sem til hafi verið um staðinn, verið hjá Skipaútgerðinni, sem vegna þessa hafi verið réttur aðili til ráðstöfunar á járninu, svo og vegna fyrrgreinds björgunarsamnings við eigendur og sem opinber aðili, sem næstur hafi staðið til þess að rækja skyldur hins opinbera í þessu sambandi og gæta opinberra hagsmuna. Réttur hinna upprunalegu eigenda til járnsins og framsals réttinda á því sé því enginn til, enda hafi og farið fram sjótjónsniðurjöfnun, þar sem járnið muni vera talið glatað og verðmæti þess jafnað niður á skip og þann farm, sem bjargað var. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að hinir upphaflegu eigendur hefðu átt réttindi yfir járninu, þegar vátryggingin var gerð upp, þá beri að telja framangreind sjónarmið varðandi tjónbætur og týnslu hafa sama gildi gagnvart nýjum eigendum. Við þetta bætist enn, að hafi járnið verið talið glatað, er tjónið var gert upp og verðmæti þess jafnað niður, þá hafi vátryggjendur járnsins ekki orðið eigendur, heldur í mesta lagi hlutdeildarmenn í því andvirði, er fást kynni, er björgunarkostnaður væri greiddur. Slíkur réttur, ef til væri, gæti aðeins verið hluti úr sameign fleiri aðilja.

Trolle & Rothe h/f reisir mótmæli sín gegn kröfum aðalstefnenda á því, að ósannað sé, að þeir séu eigendur að Kerlingardalsfjöru, en jafnvel þótt svo verði litið á, að aðalstefnendur hefðu eignarrétt á fjörunni, þá geti „fjara" í þessu sambandi ekki merkt annað en þann hluta af yfirborði jarðar, sem nær frá stórstraumsflæðarmáli til stórstraumsfjöruborðs. Járnið liggi í sandi fyrir ofan stórstraumsflæðarmál og sé því ekki nú á eign aðalstefnenda og strandstaður e/s Persier, þar sem járninu var varpað fyrir borð, hafi verið ca. 150 metra frá stórstraums-

flæðarmáli og því fyrir utan netlög fjörunnar. Telur það, að skoða beri umrætt hrájárn strandgóss, sem ekki sé að fullu bjargað, sbr. 17. gr. laga nr. 42 frá 1926. Þá segi í 7. gr. laga þessara, að vátryggjandi eða eigandi strandaðs skips eða góss hafi rétt til að taka það í sínar hendur, hvenær sem er. Enn telur félagið, að öll skilyrði bresti til þess, að aðalstefnendur hafi unnið hefð á umræddu járni, þeim hafi frá upphafi verið það ljóst, að járnið var annarra eign og aldrei hafi það getað talizt í vörzlu þeirra. Sé því ljóst, að aðalstefnendur geti hvorki átt eignar- né björgunarrétt að járninu.

Að því er varðar sjálfstæðar kröfur Trolle & Rothe h/f til járnsins og mótmæli félagsins gegn kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttinda yfir því, heldur það því fram, að vátryggjendur umræddS járns hafi greitt upprunalegum eigendum þess vátryggingarverðið og um leið öðlazt eignarrétt á járninu. Eignarrétti að járninu hafi aldrei verið fyrirgert og séu því allar bollaleggingar málsaðilja um það, að járnið sé res derelicta, út í hött. Þá telur félagið, að því sé ekki heldur til að dreifa, að fara eigi með járnið eins og fundið fé, þar sem það hafi aldrei verið tapað. Mönnum hafi, frá því járninu var varpað fyrir borð, verið nokkurn veginn kunnugt um hvar það væri og með nútímatækni hafi alltaf verið auðvelt að staðsetja járnið, hvort sem það væri úti í sjó eða orpið sandi. Ennfremur telur félagið, að björgunarsamningurinn frá 6. marz 1941 sé löngu fallinn úr gildi. Hann hafi fallið niður, er björgun e/s Persier og farms þess, er í því var, var lokið í maímánuði 1941. Þá samrýmist aðgerðarleysi Skipaútgerðarinnar allt fram á þetta ár því ekki, að umræddur samningur haldi enn gildi sínu né heldur samningur hennar við Klaustursbræður frá 20. maí 1952, þar sem ríkissjóði sé áskilinn hundraðshluti af verðmæti járns þess, sem kynni að bjargast, en réttur upphaflegra aðilja að björgunarsamningnum (eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms) fyrir borð borinn. Loks tekur félagið það fram til stuðnings málstað sínum, að umbjóðendur þess, vátryggjendur hrájárnsins, hafi um langt skeið starfrækt vátryggingar um allan heim við hin ólíkustu skilyrði og hafi því mikla þekkingu og reynslu í þessum efnum. Á þessu hvorutveggja byggi þeir þá meginreglu sína að fleygja aldrei verðmætum, sem þeir geti geymt sér að kostnaðarlausu. Umrætt hrájárn hafi ekki verið og sé ekki neinum til meins eða trafala, það liggi ekki undir neinum skemmdum og enginn kostnaðarauki sé að eiga það. Vátryggjendum hafi frá byrjun verið það ljóst, að aðstaða og tækifæri gætu boðizt til að bjarga járninu. Þess vegna hafi þeir hvorki með beinum né óbeinum aðgerðum sínum afsalað sér eða fyrirgert eignarrétti sínum að því, enda hafi þeir, svo sem fram kemur í máli þessu, strax og efni stóðu til, gert eignarrétt sinn gildandi. Verð hrájárnsins sé nú einnig það hátt, að ætla megi, að nokkur hagnaður verði af björgun þess.

Verða nú teknar til athugunar hugleiðingar aðilja, eftir því sem þurfa þykir til úrlausnar ágreiningnum.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók fasteignamatsnefndar í Vestur-Skaftafellssýslu frá 1917 segir, að fjara fylgi jörðum Kerlingardals sem eign.

Fjara þessi, Kerlingardalsfjara, er á Mýrdalssandi og liggur milli Herjólfsstaðafjöru að austan og Höfðafjöru að vestan. Við fjöru þessa strandaði e/s Persier í febrúarmánuði 1941 og þar var hrájárn það, sem um er deilt í málinu, sett í sjóinn. Það er ágreiningslaust, að fjaran færist fram og aftur með þeim hætti, að stundum gengur sandurinn fram, en á öðrum tímum gengur sjór á sandinn. Er dómendur og lögmenn aðilja gengu á vettvang hinn 13. okt. 1952, voru auðkenni á hrájárnshrúgunum tveimur, rétt við flæðarmál. Með skýrslum vitna, er leidd hafa verið í málinu, er leitt í ljós, að eigendur og ábúendur Kerlingardals hafa þann tíma, er vitnaskýrslur þessar ná til, hagnýtt sér umrædda fjöru og næsta nágrenni hennar á þann hátt, sem unnt var, með hirðingu reka af fjörunni og töku fugls og eggja í nágrenni hennar. Það er óvéfengt, að umrædd fjara hefur fylgt Kerlingardalsjörðum langt framan úr öldum, og ekkert hefur komið fram, er bendi til, að hagnýting eigenda og ábúenda Kerlingardalsjarða á fjörunni og nágrenni hennar á þeim tíma hafi verið á annan veg, en hér að framan er lýst. Af þessu leiðir þó ekki, eins og á stendur og síðar verður vikið að, að aðalstefnendur verði taldir hafa eignarrétt að hinu umdeilda járni eða björgunarrétt á því. Þá hefur afstaða aðalstefnenda til járnsins, en hún kemur fram í atvikum málsins, er lýst hefur verið hér á undan, ekki verið slík, að þeir hafi unnið eignarrétt á járninu með hefð.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 10. júní 1941, frá Skipaútgerð ríkisins til Trolle & Rothe h/f sem umboðsmanns eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms, er var aðili að björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Segir í bréfi þessu m. a., að björgunarstarfi Skipaútgerðarinnar hafi verið lokið, þegar búið var að bjarga skipinu og leggja því örugglega inn á Gufunesfjöru í grennd við Reykjavík. Frá þeim tíma að björgun skipsins og farms þess, sem í því var, lauk, verður ekki séð, að Skipaútgerðin hafi haft nokkur afskipti af hrájárninu, sem í sjóinn var varpað, eða gert ráðstafanir til björgunar þess fyrr en með samningnum við Klaustursbræður frá 20. maí 1952. Að þessu athuguðu þykja Skipaútgerð ríkisins eða fyrirsvarsmenn ríkisins, eiganda hennar, ekki geta reist réttindi yfir járninu á björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Þá verður ekki fallizt á þá staðhæfingu, sem komið hefur fram af hálfu Skipaútgerðar ríkisins í flutningi málsins, að vörpun járnsins fyrir borð og síðara aðgerðarleysi hlutaðeigenda megi skoðast þegjandi afsal á eignar- og ráðstöfunarrétti yfir járninu til bjarganda.

Á því leikur enginn vafi, að járn það, sem mál þetta varðar, er það sama og varpað var fyrir borð úr e/s Persier síðari hluta vetrar 1941. Þegar járnið var sett útbyrðis, var fullvíst um stað þess. Síðar hvarf það í sjó og enn síðar varpst það sandi. Mönnum hefur þó alltaf verið nokkurn veginn kunnugt um, hvar járnið væri niður komið og með nútímatækni hefur ekki verið neinum erfiðleikum bundið að staðsetja það nákvæmlega. Járnið hefur því í raun og veru aldrei verið týnt og verður því réttarreglum um fundið fé ekki beitt eða þær hafðar til hliðsjónar, er skorið er úr ágreiningi um réttindi yfir járninu.

Þegar umræddu járni var varpað fyrir borð, var það gert með ráðnum hug og í þeim tilgangi að létta hið strandaða skip, svo að því yrði frekar bjargað. Verður því ekki dregin sú ályktun af útvörpun eða affermingu járnsins í sjóinn, að farmeigandi hafi með þessum aðgerðum viljað gefa upp eða gefið upp eignarrétt að járninu. Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá firmanu British Iron & Steel Corporation Limited og þýðing bréfsins á íslenzku, gerð af löggiltum skjalaþýðanda. Segir í bréfi þessu, að fyrrnefnt firma hafi sjóvátryggt 6161.8304 smálestir af óunnu járni, sem fermt hafi verið í e/s Persier í Baltimore í janúar 1941 hjá firmanu Food & Supply Marine Insurance Management Committee. Ennfremur segir firmað í bréfinu, að það hafi tekið við fullri greiðslu á verðmæti 5884.6429 smálesta af óunnu járni, sem varpað hafi verið fyrir borð og/eða selt í Reykjavík, þegar e/s Persier hafi strandað við Ísland 1941 og að afgangurinn af farminum, 277.1875 smálestir, hafi verið afhentur firmanu. Með greiðslu vátryggingarverðs járns þess, sem varpað var fyrir borð, verður að telja, að vátryggjendur hafi gengið inn í rétt eigenda þess og með þeim hætti öðlazt eignarrétt að járninu. Það er nú að vísu svo, að vátryggjendur járnsins eða umboðsmaður þeirra hér á landi hafa ekkert skipt sér af járninu, fyrr en á síðastliðnu sumri, er ágreiningur var risinn milli aðilja hér á landi um réttindi yfir því, en strax og þessir aðiljar fengu vitneskju um ágreininginn skárust þeir í leikinn og báru fram kröfu um viðurkenningu eignarréttar og ráðstöfunarréttar síns á járninu. Í málinu kemur ekki fram, hvort umboðsmanni vátryggjenda hér eða vátryggjendum sjálfum hafi verið kunnugt um þá björgun og hagnýtingu járns, sem eins og áður er sagt átti sér stað á næstu árum eftir strandið. En jafnvel þótt aðiljar þessir hefðu haft vitneskju um umræddu björgun og hagnýtingu og eigi að síður látið þetta afskiptalaust, getur það afskiptaleysi vart skoðazt vitni um endanlegan vilja til uppgjafar réttinda yfir járninu, enda var það járn, sem bjargað var og hagnýtt á fyrrgreindum tíma, svo lítið að magni, að missir þess hefur skipt hverfandi máli fyrir hagsmuni vátryggjenda. Til viðhalds eignarrétti er notkun hans eða beiting á hverjum tíma ekki nauðsynleg. Má í þessu sambandi benda á, að í 14. og 15. gr. laga nr. 40/1907 um verndun fornmenja er gert ráð fyrir því, að eignarréttur geti haldizt á *fundnum forngripum*. Þá er og í 30. gr. laga nr. 42/1926 um skipströnd og vogrek gert ráð fyrir því, að eignarréttur að skipi eða skipsflaki standi ótímatakmarkað. Eignarréttur fellur ekki niður út af fyrir sig vegna notkunarleysis, heldur vegna löggernings eða þess, að annar en eigandi hefur beitt honum. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, urðu vátryggjendur eigendur hrájárns þess, er varpað var fyrir borð úr e/s Persier, er þeir greiddu vátryggingarverð þess. Það verður ekki talið, að þeir hafi með aðgerðaleysi fyrirgert eignarrétti sínum og ekki verður séð, að þeir hafi afsalað sér honum með löggerningi eða á annan hátt. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 42/1926 eiga vátryggjendur og björgunarrétt á járninu.

Umboð Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda hrájárnsins hefur ekki verið vefengt.

Ber samkvæmt framansögðu að viðurkenna eignarrétt og þar með talinn björgunarrétt Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda farms úr e/s Persier að hrájárni því, sem varpað var fyrir borð úr nefndu skipi árið 1941.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að fella ber lögbannsgerðina frá 30. ágúst 1952 úr gildi og sýkna aðalstefndu Berg, Helga, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussyni, Erlend Einarsson og Björn B. Björnsson, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda farms úr e/s Persier af kröfum aðalstefnenda í máli þessu. Þá ber og að sýkna aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda farms úr e/s Persier af kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í málinu.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í öllum þáttum málsins falli niður.

Jón Kjartansson sýslumaður hefur kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Einari Arnórssyni, fyrrum hæstaréttardómara, og Ísleifi Árnasyni, fyrrum prófessor.

Dómsorð:

Lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 er úr gildi felld.

Aðalstefndu, Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdemar Lárussynir, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátryggjenda farms úr e/s Persier, skulu vera sýknir af kröfum aðalstefnenda, Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar, í máli þessu.

Þá skulu aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f vegna vátryggjenda farms úr e/s Persier vera sýknir af kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í málinu.

Eignarréttur, þar með talinn björgunarréttur Trolle & Rothe h/f vegna vátrygggjenda farms úr e/s Persier, á hrájárni því, sem varpað var fyrir borð úr nefndu skipi árið 1941, viðurkennist.

Málskostnaður í öllum þáttum máls þessa falli niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Skaftafellssýslu 30. ágúst 1952.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda er mættur Ólafur Björnsson hdl. f. h. Ólafs Þorgrímssonar hrl. Krefst hann lögbanns við ..... björgunaraðgerðum samkvæmt réttarskjali nr. 1 .....

Af hálfu gerðarþola, Klaustursbræðra, er mættur Kristján Guðlaugsson hrl. og Vilhjálmur Jónsson hdl. fyrir Erlend Einarsson og Björn B. Björnsson.

Þá er mættur í fógetaréttinum Theódór Líndal hrl. f. h. fjármálaráðherra.

Loks er mættur Jóhann Steinason hdl. f. h. Trolle & Rothe h/f vegna farmeigenda og vátryggjenda e/s Persier. .....

Umboðsmaður gerðarbeiðenda setti tryggingu, kr. 100.000.00, sem er víxill, samþykktur af Ólafi Þorgrímssyni hrl., Reykjavík, útgefinn af Andrési Á. Pálssyni, ábektur af honum og Daníel Guðbrandssyni, bændum í Kerlingadal. Tók fógeti þá tryggingu gilda.

Umboðsmenn gerðarþola hafa mótmælt því, að gerð þessi fari fram og óskað úrskurðar um það.

Ágreiningur um rétt eða lögmæti athafna þeirra, sem lögbanns er beiðst við, verður ekki látið standa í vegi fyrir því, að lögbann fari fram. Um þann ágreining verður skorið í staðfestingarmáli. Þess verður ekki krafizt, að réttur gerðarbeiðanda sé sannaður eða jafnvel gerður sennilegur. Fyrirmælin um tryggingu af hendi gerðarbeiðanda og bótaskylda sú, er hann bakar sér, ef gerðin reynist ólögmæt, á að tryggja rétt gerðarþola, og þar sem fógeti hefur eftir atvikum talið tryggingu, kr. 100.000.00, er fram er lögð, nægja, verður lögbannið því látið fram ganga.

Fógeti lýsti þvínæst yfir, að hann legði lögbann við því, að Klausturbræður, þeir Helgi, Bergur, Valdimar, Júlíus og Siggeir Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson eða aðrir fyrir þeirra hönd haldi áfram björgunaraðgerðum á Dynskógafjöru, hvort heldur fyrir sjálfa sig, ríkissjóð eða aðra, og jafnframt því, að ríkissjóður sem einkamálaréttaraðili hefjist handa um björgun járnsins.

Þriðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 128/1952. **Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir** (Kristján Guðlaugsson)

og

Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson (Vilhjálmur Jónsson hdl.)

gegn

Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af kröfu um björgunarrétt að strandgóssi.
Lögbannsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Með stefnu 28. ágúst 1952 hafa áfrýjendur skotið til Hæstaréttar dómi aukadómþings Skaftafellssýslu, er upp var

kveðinn af Jóni Kjartanssyni sýslumanni hinn 23. ágúst 1952. Krefjast áfrýjendur þess, *að* staðfest verði lögbannsgerð sú, er fram fór 4. ágúst 1952, *að* þeim verði dæmdur réttur til björgunar á járni því, sem í málinu greinir, og *að* stefndu verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um, að niður sé felld lögbannsgerðin frá 4. ágúst 1952. Að því er tekur til kröfu áfrýjenda um, að þeim sé dæmdur réttur til björgunar járnsins, þá hefur dómur þegar verið lagður á þá kröfu í Hæstarétti í málinu nr. 16/1953, og eru því ekki efni til að dæma hana í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að niður sé felld lögbannsgerð frá 4. ágúst 1952, á að vera óraskað.

Aðiljar beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 23. ágúst 1952.

Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á svonefndum Kötlutöngum á Mýrdalssandi. Gerður var björgunarsamningur 6. marz s. á. við Skipaútgerð ríkisins. Var bjargað ur skipinu á land bifreiðum, en ca. 5000 lestum af hrájárni var varpað fyrir borð, til þess að létta skipið. Var því verki lokið 14. maí 1941. Náðist skipið út og var síðan haldið með það til Reykjavíkur. Voru bjarganda síðan ákveðin laun fyrir starf sitt, kr. 500.000,00, með dómi Hæstaréttar 3. marz 1943.

Fjaran, þar sem skipið strandaði, fylgir jörðinni Kerlingardal, og er það ágreiningslaust í máli þessu, enda segir í gerðabók fasteignamatsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu frá 1917, að fjara þessi, að því er ætla má, sé „eign Kerlingardalsjarða", enda hefur því ekki verið andmælt, að með orðum þessum sé átt við fjöruna, þar sem skipið strandaði og járninu var varpað fyrir borð. Járninu var varpað í sjóinn, en síðan hefur sandur borizt þar út í sjóinn, svo að nú er orðið þurrt land, þar sem járninu var varpað útbyrðis, en járnið hefur orpizt sandi. Er nú

talið sannreynt, hvar járnið liggi og að það sé ofan stórstraumsfjöruborðs. Ofurlitlu af járni þessu hefur verið bjargað að tilhlutun eða með leyfi Kerlingardalsbænda, sem telja sig eigendur járnsins eða forgangshafa að björgun þess, að því er virðist fyrstu 3 árin eftir strandið, og tjást þeir hafa fengið nokkuð af andvirði þess samkvæmt skilagrein bjargenda. En af hálfu bjargenda e/s Persier, Skipaútgerðar ríkisins, hafa engar tilraunir til þess að ná járninu upp verið gerðar né heldur af hinum upprunalegu farmeigendum eða vátryggjendum þau rúm 11 ár, síðan strandið varð.

Söluverð hrájárns er talið hafa verið um 200 kr. smálest, er skipsstrandið varð, en er nú talið um 2000 kr. Vegna þessarar verðhækkunar virðist sækjendum þessa máls hafa orðið það ljóst, að verða mætti stórmikill hagnaður af björgun járns þessa, ef hún tækist. Gerðist það þá fyrst, að 2. júní 1951 gera þeir sækjendur málsins, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson, þannig lagaðan samning við stefndu, eigendur og ábúendur Kerlingardals, að hinir síðarnefndu „afsala" til þeirra Erlendar „leyfi til þess að bjarga hrájárni, sem fleygt var úr e/s Persier, sem strandaði á Kerlingardalsfjöru árið 1941", enda skyldu þeir Erlendur hafa „einkaleyfi á björgun járnsins" og „ráðstöfunar- og eignarrétt á því járni, sem þeir bjarga". Fyrir þetta „einkaleyfi", svo sem það er orðað, skyldu þeir greiða Kerlingardalsmönnum kr. 7,50 pr. tonn, sem bjargast, og þeir (þ. e. þeir Erlendur) fá ráðstöfunarrétt á". Ekki virðast þeir Erlendur hafa hafizt handa um nokkrar björgunarframkvæmdir næsta árið eftir samningsgerð þessa.

En nú koma hinir sækjendur máls þessa, þeir svonefndu Klaustursbræður, til sögunnar. Hinn 20. maí þ. á. gera þeir samning við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem taldi Skipaútgerðina eiga járnið, eða að minnsta kosti forgangsrétt til að bjarga því samkvæmt björgunarsamningnum um e/s Persier, þess efnis, að Klaustursbræður tækju að sér að gera tilraunir til að bjarga járninu, ríkissjóði að kostnaðarlausu, enda skyldu þeir hefja björgunartilraunir eigi síðar en í júnímánuði s. á. Fyrir leyfið skyldu þeir greiða 12% af andvirði bjargaðs járns, að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar innanlands. Bjargað járn skyldi vera eign ríkissjóðs, þar til er sala færi fram.

Næst gerist það, að þeir Klaustursbræður og þeir Erlendur og Björn gera með sér 31. júlí þ. á., — með skírskotun til samninganna 2. júní 1951 og 20. maí 1952 —, þannig lagaðan samning, að þeir skuli í félagi bjarga ofannefndu járni og skipta ágóða og tapi í hlutfallinu 60:40. Erlendur og Björn skyldu annast greiðslu til hinna stefndu samkvæmt samningnum frá 2. júní 1951, en gjaldið til ríkissjóðs skyldi greiðast af sameiginlegum kostnaði. Samning þenna samþykkti forstjóri Skipaútgerðarinnar 10. ágúst þ. á.

Hinir stefndu Kerlingardalsbændur töldu sig hafa verið gabbaða til þess að gera samninginn 2. júní 1951, með því að þeim hafi verið sagt af þeim Erlendi og Birni, að verð á hrájárni væri þá um kr. 200,00 smálestin. Fyrir því segja þeir samningi þessum upp hinn 15. júlí þ. á. eða

hálfum mánuði áður en Klaustursbræður gera áðurnefndan samning við þá Erlend og Björn, sem mótmælt höfðu riftingu hinna stefndu 17. júlí þ. á.

Með því að hinir stefndu Kerlingardalsbændur töldu sér einum heimilt að bjarga járninu og færa sér það í nyt samkvæmt rétti sínum yfir fjörunni og með því að þeir væru ekki lengur bundnir við samninginn frá 2. júní 1951, þá hófust þeir handa um björgun járnsins fyrir mánaðamótin júlí—ágúst síðastliðinn, að því er virðist. Vegna þessara aðgerða kröfðust sækjendur þess, að lögbann yrði lagt við öllum slíkum framkvæmdum af hálfu hinna stefndu. Og var 4. ágúst síðastliðinn lögbann lagt við því, að hinir stefndu héldu áfram björgunaraðgerðum á oftnefndu járni. Hafa sækjendur svo höfðað mál þetta með stefnu 4. ágúst þ. á. og hafa krafizt þess,

að lögbannsgerðin verði staðfest,

að réttur þeirra til björgunar og ráðstöfunar járnsins verði viðurkenndur með dómi og loks,

að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hinna stefndu eftir mati dómsins. Af hálfu hinna stefndu hefur þess verið krafizt, að lögbannsgerðin verði felld niður,

að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sækjenda og

að sækjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum.

Sækjendur reisa rétt sinn fyrst og fremst á samningnum frá 20. maí 1952. Samningur þessi er reistur á þeim rökum, að Skipaútgerð ríkisins hafi átt samkvæmt samningnum um björgun e/s Persier og farms þess einkarétt til björgunar járnsins, þegar samningurinn 20. maí 1952 var gerður. Eins og áður greinir, var járninu varpað fyrir borð fyrra hluta maímánaðar 1941, og hefur síðan verið afskiptalaust af hálfu Skipaútgerðarinnar full 11 ár. Virðist Skipaútgerðin hafa með þessu langa aðgerðarleysi firrt sig forgangsrétti til björgunar og ráðstöfunar járnsins og hafi því enga framsalsheimild haft á þeim réttindum, er reist verði á björgunarsamningnum 6. marz 1941.

Þá hafa sækjendur hreyft þeirri athugasemd, að ríkissjóður væri nú eigandi járnsins, ef svo yrði litið á, að það hefði komizt úr einstaklingseign, er því var varpað útbyrðis, og að þá hefðu þeir með samningnum 20. maí 1952 fengið björgunar- og ráðstöfunarrétt á járninu á þeim grundvelli. Hins vegar telja stefndu sig þá mundu hafa orðið eigendur járnsins vegna fjörueignar sinnar. Loks er eigendum og vátryggjendum e/s Persier geymdur óskertur réttur til járnsins og ráðstöfunar á því. Hvorki hafa fyrirsvarsmenn ríkissjóðs né fyrirsvarsmenn eigenda skipsins eða vátryggjenda gerzt aðiljar máls þessa, og verður því ekki um eignarrétt eða ráðstöfunarrétt á járninu dæmt í þessu máli. Geta sækjendur því ekki reist kröfur sínar á því, að ríkissjóður sé eigandi járnsins, jafnvel þótt skilja mætti samninginn frá 20. maí 1952 og samþykki fjármálaráðherra á honum svo, að hann tæki til þessa hugsanlega réttar ríkissjóðs.

Þá reisa sækjendur rétt sinn á samningnum 2. júní 1951, sem áður

getur. Eins og áður segir, var svo samið, að stefndu, sem virðist hafa verið ókunnugt um verð á hrájárni á samningsdegi, skyldu hafa kr. 7,50 af hverri lest hrájárns, sem bjargaðist. Hvort sem þeir Erlendur og Björn hafa veitt þeim skakka vitneskju um þetta atriði eða ekki, þá virðast stefndu hafa hlotið að gera ráð fyrir, — þar eð þeir létu sér nægja einar kr. 7,50 af hverri bjargaðri smálest, — miklum mun lægra söluverði af járninu en raunverulega var. Og hafa þeir því gengist undir samninginn á svo stórvægilega röngum forsendum, að þeir geta ekki orðið við hann bundnir, með því að viðursemjendum þeirra átti að vera það ljóst, að þeir mundu ekki hafa gert samninginn með þessum hætti, ef þeir hefðu vitað hið rétta járnverð.

Samkvæmt framanskráðu brast sækjendur heimild til þess, að lögbann yrði lagt við aðgerðum af hálfu stefndu til björgunar járninu, og ber því að fella lögbannsgerðina 4. ágúst 1952 niður. Og leiðir þá einnig af því, sem greint hefur verið, að krafa sækjenda um rétt þeirra til björgunar og ráðstöfunar á járninu verður ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögbannsgerðin 4. ágúst 1952 er felld niður.

Að öðru leyti eiga hinir stefndu, Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson, að vera sýknir af kröfum sækjendanna, Bergs, Helga Júlíusar, Siggeirs og Valdimars Lárussona, Erlendar Einarssonar og Björns B. Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Skaftafellssýslu 4. ágúst 1952.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda er mættur Kristján Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík. Krefst hann lögbanns við björgunaraðgerðum samkvæmt réttarskjali nr. 1. .....

Þá er einnig mættur fyrir Erlend Einarsson og Björn Björnsson Vilhjálmur Jónsson hdl., Reykjavík, og krefst þess fyrir þeirra hönd, að gerðin verði látin fram fara og skírskotar til varakröfunnar á réttarskjali nr. 1.

Af hálfu gerðarþola er mættur Ólafur Björnsson hdl. vegna Ólafs Þorgrímssonar hrl., Reykjavík. Hann mótmælir, að gerðin fari fram.

.....

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú tryggingu, kr. 100.000,00, sem er víxill, samþykktur af Helga Lárussyni, forstjóra í Reykjavík, útgefinn af Erlendi Einarssyni framkvæmdarstjóra, Reykjavík, og ábekktur af honum og Bergi Lárussyni, Júlíusi Lárussyni og Birni B. Björnssyni, öllum í Reykjavík. Tók fógeti þá tryggingu gilda. .....

Fógeti lýsti því yfir, að hann legði lögbann við því, að Kerlingardalsbændur, þeir Andrés Pálsson og Daníel Guðbrandsson eða aðrir, sem þar kunna að vera að verki, haldi áfram björgunaraðgerðum á járni

því úr flutningaskipinu Persier, sem liggur sandorpið við sjó á Mýrdalssandi, og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að lögbann þetta mætti ekki brjóta að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1953.

Nr. 9/1952. **Einar Sigurðsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Páli Árnayni, Gísla Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur (Ragnar Jónsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Veiðiréttur. Lögbannsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. janúar 1952. Gerir hann eftirfarandi dómkröfur:

1. *Aðalkrafa,* að áfrýjanda verði dæmdur einkaréttur til veiði í Austurkotslátri í Hvítá, að lögbannsgerðin frá 5. júlí 1951 verði staðfest og stefnda Páli Árnasyni verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. *Varakrafa,* að áfrýjanda verði dæmdur veiðiréttur í Austurkotslátri í hlutfalli við eigendur Stóru-Reykja, Litlu-Reykja og Lauga eftir jarðarstærð, hver aðilja sé látinn bera sinn kostnað af málinu í héraði, en stefnda Páli dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður

Áfrýjandi, Einar Sigurðsson, greiði stefndu, Páli Árnasyni, Gísla Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 22. september 1951.

Ár 1951, laugardaginn 22. sept., var í landamerkjadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnunum Helga Ágústssyni, hreppstjóra á Selfossi, og Lýði Guðmundssyni, hreppstjóra í Litlu-Sandvík, kveðinn upp dómur í málinu nr. 10/1951: Einar Sigurðsson gegn Páli Árnasyni.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 9. júlí 1951, þingfest 13. s. m. og dómtekið 19. sept. sama ár.

Tildrög málsins eru þau, er hér greinir: Fram til ársins 1916 voru óskipt öll lönd Oddgeirshólatorfunnar í Hraungerðishreppi, þ. e. jarðanna Oddgeirshóla, Höfða, Austurkots, Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga, en framannefnt ár fóru fram landskipti milli jarðanna. Torfan átti allmikið land að Hvítá og eyjar í ánni, en við skiptin féll allt landið meðfram ánni í hlut Oddgeirshóla og Höfða í sameiningu annars vegar og í hlut Austurkots hins vegar, en eyjunum var skipt þannig, að svokallaðar Úteyjar komu í hlut Oddgeirshóla og Höfða, en svonefnd Austurkotsey, að svo miklu leyti, sem hún tilheyrði torfunni, varð óskipt sameign Austurkots, Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga eftir réttu hlutfalli við jarðarstærð. Vatns- og veiðiréttinda í Hvítá var að engu getið í skiptagerðinni. — Um nytjar jarða þessara af lax- og silungsveiði í Hvítá frá fornu fari til þessa er vitað, að Oddgeirshólar munu löngum hafa haft veiðistöður fyrir landi því, sem við landskiptin kom í hlut þeirrar jarðar. Sú veiði þykir ekki skipta máli hér og verður því ekki nánar um hana rætt. Í Austurkoti var bóndi Hróbjartur Jónsson á árunum frá 1878 til 1900 eða 1901. Mun hann öll eða flest búskaparár sín hafa stundað fiskveiði í Hvítá og haft veiðistöð í Austurkotslátri, en það er við norðvesturhorn Austurkotseyjar. Sagnir eru um, að Hróbjartur hafi tekið við veiðitækjum af bónda þeim, er bjó í Austurkoti næst á undan honum, en engar aðrar upplýsingar liggja fyrir um veiði frá þessari jörð fyrir búskapartíð hans.

Eftir Hróbjart til ársins 1909 bjuggu þrír bændur í Austurkoti. Liggja engar áreiðanlegar upplýsingar fyrir um, að þeir hafi rekið nokkra veiði í Hvítá, en árið 1909 kom Jón Brynjólfsson að jörðinni og bjó þar samfleytt til 1931. Hann hefur mætt sem vitni í máli þessu og upplýst, að hann hafi aðeins eitt sumar af sinni búskapartíð stundað veiði í Austurkotslátri og telur hann, að það hafi verið fyrir 1916.

Árið 1931 tók við jörðinni Guðmundur Sigurðsson og bjó þar til 1941. Hóf hann laxveiði í Hvítá, þegar er hann kom að jörðinni og rak hana, unz félagsveiði var upp tekin á vatnasvæðinu árið 1938. Verður að teljast upplýst með framburði tveggja vitna, sem voru heimilismenn hans á þessum tíma, að hann hafi flest eða öll árin haft net sín í Austurkotslátri auk annarra veiðistaða. Árið 1941 byrjaði búskap í Austurkoti Einar Sigurðsson, stefnandi í máli þessu.

Þegar hann bjóst til þess að hefja veiði í Austurkotslátri af nýju eftir að rýmkast hafði um veiðiréttindi manna á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga, voru þar fyrir veiðitæki, sem áttu synir Páls Árnasonar, bónda á Litlu-Reykjum, stefnda í máli þessu. Hefur þessu farið fram um nokkur undanfarin ár og stefnandi ekki getað hagnýtt sér Austurkotslátur. Kveðst hann með engu móti hafa fengið þá syni stefnda til þess að víkja með veiðitæki sín úr látrinu, sem hann telur sína einkaeign, og lét hann loks hinn 5. júlí 1951 leggja lögbann við veiði þeirra og stefnda í nefndu látri. Er mál þetta höfðað til staðfestingar lögbanninu.

Engar upplýsingar hafa fram komið um, að veiði hafi nokkru sinni verið stunduð í Hvítá frá Laugum eða Stóru-Reykjum. Sama máli gegnir um Litlu-Reyki, unz hafin var veiði sú, sem mál þetta er risið af, með þeirri undantekningu, að sumarið 1924 kom stefndi fyrir veiðitækjum í Austurkotslátri og samdi jafnframt við bóndann í Oddgeirshólum um að vitja um netin gegn hálfum afla. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að veiði þessi hafi verið rekin að fengnu leyfi Jóns Brynjólfssonar, þáverandi eiganda og ábúanda Austurkots. Stefndi neitar þessari staðhæfingu og kveðst hvorki hafa leitað leyfis né fengið það. Stefndi segir svo um þetta í aðiljaskýrslu: „Bóndi og eigandi Austurkots var viðstaddur, þegar kláfunum var komið fyrir og hafði hann ekkert við það að athuga.“ Jón Brynjólfsson hefur ritað samþykki sitt undir þessa frásögn stefnda. Í annan stað segir svo í bókuðum vitnisburði Jóns Brynjólfssonar varðandi áðurnefnd landskipti:

„. . . Veiðiréttur í Hvítá kom yfirleitt ekki til umræðu við skiptin. Vitnið kveðst búast við, að það hefði við nefnd landskipti getað fengið veiðina í Austurkotslátri í sinn hlut, en ekki án þess að láta einhverjar landsnytjar í staðinn. Vitnið tekur fram, að þetta sé aðeins sín ágizkun. . . .“. Vitnisburð Jóns Brynjólfssonar og afstöðu hans til hinnar tilfærðu frásagnar stefnda hér að framan þykir verða að virða á þá leið, að hann hafi ekki talið sig eiga einkarétt til veiði í Austurkotslátri, þegar hann var eigandi og ábúandi á árunum 1909 til 1931. Styður þetta einnig frásögn stefnda um, að hann hafi ekki talið sig þurfa leyfi til veiðinnar í Austurkotslátri sumarið 1924.

Dómkröfur stefnanda eru á þessa leið: *Að* hin álagða lögbannsgerð verði staðfest með dómi sem löglega og réttilega álögð, *að* viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda eins til veiði í Austurkotslátri og annars staðar fyrir landi Austurkots í Hvítá, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, þ. á. m. ferðakostnað, eftir mati dómsins. Til ýtrustu varúðar gerir stefnandi kröfu um, að honum verði

tildæmdur veiðiréttur í Austurkotslátri í hlutfalli við eigendur Stóru-Reykja, Litlu-Reykja og Lauga eftir jarðastærð og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. — Kröfur sínar rökstyður stefnandi með því, að það sé alkunna meðal allra þeirra, sem til þekkja, að veiði í Austurkotslátri hafi aldrei frá ómunatíð verið stunduð af öðrum en Austurkotsbændum eða öðrum í þeirra leyfi og að réttur þeirra til veiðinnar hafi aldrei verið véfengdur svo vitað sé fyrr en í máli þessu af stefnda hálfu. Í öðru lagi telur stefnandi, að samfelld notkun Austurkotsláturs frá Austurkoti á árunum 1878 til 1901 hafi út af fyrir sig verið næg til þess að afla eiganda Austurkots einkaréttar fyrir hefð til þess að nota látrið.

Eiganda Stóru-Reykja, Gísla Jónssyni hreppstjóra, og eiganda Lauga, frú Guðrúnu Bjarnadóttur, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Af hálfu stefnda og réttargæzlustefndu eru gerðar þessar dómkröfur: *Að* lögbannsgerðin verði felld úr gildi, *að* hrundið verði þeirri kröfu stefnanda, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans „til hverskonar veiða fyrir öllu landi jarðarinnar Austurkots, þ. á. m. Austurkotslátri," — að því er tekur til veiði fyrir landi hinnar óskiptu Austurkotseyjar — og þar með, *að* viðurkenndur verði réttur stefnda sem eiganda Litlu-Reykja til lax- og silungsveiða fyrir landi hins óskipta hluta Austurkotseyjar, þ. á m. úr Austurkotslátri, í réttu hlutfalli við eignarhluta Litlu-Reykja á móti eignarhlutum jarðanna Austurkots, Stóru-Reykja og Lauga, *að* stefnda Páli Árnasyni, Litlu-Reykjum, verði dæmdur fullur málskostnaður, þ. á m. ferðakostnaður, samkvæmt taxta L. M. F. Í., úr hendi stefnanda og *að* réttargæzlustefndu, Gísla Jónssyni vegna Stóru-Reykja og Guðrúnu Bjarnadóttur vegna Lauga, verði dæmdar ómaksbætur að mati dómsins.

Stefndi heldur því fram, að áður en framangreind landskipti Oddgeirshólatorfunnar fóru fram, hafi vatns- og veiðiréttindi torfunnar í Hvítá verið óskipt sameign á sama hátt og landið sjálft, en við skiptin hafi réttindi þessi af sjálfu sér fylgt löndum þeim, sem lágu að ánni, þ. e. að Oddgeirshólar hafi eignazt veiðirétt allan fyrir sínu landi, Austurkot hafi hlotið veiðiréttinn fyrir úrskiptu landi þeirrar jarðar sunnan Hvítár, en veiðiréttur fyrir Austurkotsey hafi fylgt eynni og þar með orðið eign Austurkots, Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga í sama hlutfalli og eyjan sjálf.

Því er sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda, að eigandi Austurkots hafi að lögum getað öðlazt fyrir hefð einkarétt til veiði í Austurkotslátri. Telur hann, að réttarreglum um hefð verði ekki beitt um þetta efni, þar sem um sameign hafi verið að ræða og notandi veiðiréttarins hafi raunar aldrei farið út fyrir rétt sinn sem meðeiganda. Skírskotar stefndi til þágildandi 56. kap. Llb. Jónsbókar um notkun óskipts veiðiréttar í ám, en þar segir svo: „Hvarvetna þar sem menn eiga fiskiá saman, þá skal hver þeirra veiða, sem vill, á meðan ánni er óskipt,...."

Samkvæmt efnislega samhljóða ákvæðum í upphafi 56. kap. Llb. Jónsbókar, XIII. kafla vatnalaga og nú í II. kafla laga um lax- og

silungsveiði nr. 112/1941 hefur landeigandi einn átt veiði í vötnum fyrir landi sínu, nema veiðiréttur hafi löglega verið frá landinu skilinn, en þar sem landareign eða veiðiréttur hefur verið í óskiptri sameign, hefur sameigendum öllum verið veiði jafnheimil, á meðan veiðirétturinn var óskiptur. Í máli þessu hafa engin gögn fram komið fyrir því, að í eldri eða yngri heimildarbréfum fyrir einstökum jörðum Oddgeirshólatorfunnar eða öðrum skjölum varðandi torfuna finnist upplýsingar um, að veiðiréttur í Hvítá hafi að einhverju eða öllu leyti verið séreign tiltekinna jarða, en ekki óskipt sameign, eins og önnur gögn og gæði torfunnar.Eigendur Austurkots, Litlu-Reykja og Stóru-Reykja gáfu árið 1918 sameiginlega út afsal fyrir vatnsréttindum fyrir landi Austurkots og Austurkotseyjar og verður ekki séð, að eigandi Austurkots hafi talið til neinnar sérstöðu um vatnsréttindin. Af vitnisburði hans í máli þessu verður heldur ekki annað ráðið, en að hann hafi á búskaparárum sínum í Austurkoti 1909—1931 talið veiðiréttinn í Austurkotslátri sameign. Aðrir vitnisburðir, sem fram hafa komið, og lúta að því, að veiðiréttur í Austurkotslátri hafi í almenningsvitund verið talin einkaeign Austurkots, virðast einkum styðjast við það, að veiðiréttur Austurkots hafi ekki verið véfengdur og að engin tilraun hafi verið gerð af öðrum til veiða í látrinu. Þykja vitnisburðir þessir því ekki þannig vaxnir, að við þá verði stuðzt með nokkurri vissu. Engar líkur hafa verið að því leiddar, að eigendur Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga hafi nokkru sinni beinlínis viðurkennt einkarétt Austurkots til veiða fyrir óskiptu landi þessara jarða og ekki verður á það fallizt, að slík viðurkenning hafi óbeinlínis falizt í því, að veiði var ekki stunduð frá þessum bæjum. Samkvæmt framanrituðu þykir verða að líta svo á, að vatns- og veiðiréttindi í Hvítá hafi í öndverðu verið óskipt sameign ásamt landi Oddgeirshólatorfunnar, en eftir er þá að athuga þá málsástæðu stefnanda, að veiðiréttur í Austurkotslátri hafi lagzt að öllu undir Austurkotið fyrir hefð á árunum 1878—1901. Til þess að um hefð geti verið að ræða, virðist eignarhald eða notkun hefðanda þurfa að fara í bág við rétt hefðarþola, en þessu er hér ekki til að dreifa. Austurkotsbóndi mátti veiða sem hann vildi í Austurkotslátri, á meðan ekki var gert samkomulag um aðra skipun á veiðinni og sameigendur hans kröfðust ekki, að henni væri skipt.

Við merkjagöngu þótti dómendum auðsætt, að Austurkotslátur tilheyrði Austurkotsey, en ekki hinu úrskipta Austurkotslandi. Kemur þetta einnig glöggt fram á uppdrættinum á dómsskjali nr. 19. Enginn ágreiningur er um það, að allur veiðiréttur fyrir landi Austurkots sunnan Hvítár tilheyri þeirri jörð. Um merki á milli Austurkotseyjar og lands hefur heldur enginn ágreiningur fram komið.

Samkvæmt framanrituðu þykir dóminum verða að líta svo á, að veiðiréttur fyrir Austurkotseyju — og þar með í Austurkotslátri — tilheyri eigendum eyjarinnar í sama hlutfalli og eyjan sjálf og fella beri úr gildi lögbannsgerð stefnanda frá 5. júlí 1951 gegn veiði stefnda í Austurkotslátri.

Eftir atvikum þykir hæfilegt, að stefnandi greiði réttargæzlustefndu í ómaksbætur 200 kr. til hvors og stefnda 500 kr. upp í málskostnað.

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Árnessýslu hinn 5. júlí 1951 samkvæmt kröfu stefnanda, Einars Sigurðssonar, lagt við veiði af hálfu stefnda, Páls Árnasonar, í Austurkotslátri er úr gildi fellt.

Eigendur hins óskipta hluta Austurkotseyjar eiga alla lax- og silungsveiði í Hvítá fyrir þeim hluta eyjarinnar — þar á meðal í Austurkotslátri — í sama hlutfalli og sjálft land eyjarinnar. Eigendur Litlu-Reykja, Stóru-Reykja og Lauga eiga ekki veiðirétt fyrir landi Austurkots sunnan Hvítár.

Stefnandi greiði réttargæzlustefndu, Gísla Jónssyni og Guðrúnu Bjarnadóttur, í ómaksbætur, 200 kr. til hvors, og stefnda, Páli Árnasyni, 500 kr. upp í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1953.

Nr. 49/1953. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Birgi Sigurbjartssyni (Gunnar E. Benediktsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Líkamsárás. Ölvun við akstur o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Ákærða verður ekki dæmd refsing samkvæmt 231. gr. laga nr. 19/1940, þegar af þeirri ástæðu, að krafa hefur ekki komið fram um ákæru eftir þeirri lagagrein, sbr. a-lið 2. töluliðs 242. gr. laga nr. 19/1940. Þá þykja eigi efni til að refsa ákærða fyrir brot gegn 17. og 18. gr. laga nr. 33/1935, 12. gr. reglugerðar nr. 126/1945 né 1., 3., 7. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Atferli ákærða varðar við önnur ákvæði laga, sem héraðsdómari hefur fært það til, svo og við 2. mgr. 26. gr., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Sigurbjartsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Gunnars E. Benediktssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. janúar 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 13. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4465/1952: Ákæruvaldið gegn Birgi Sigurbjartssyni, sem tekið var til dóms 18. f. m., en framhaldsrannsókn fór fram í málinu 6. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 31. október f. á., er ákærði, Birgir Sigurgjartsson vélvirki, Garðastræti 40, hér í bæ, ákærður fyrir innbrotsþjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19, 12. febrúar 1940, 244. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði, með því að brjótast inn í verzlunina „Goðaborg", Freyjugötu 1, hér í bæ, aðfaranótt 2. febrúar og stela þaðan belgiskum riffli nr. 12377.

Þá er ákærði með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 31. júlí f. á., ákærður fyrir líkamsárás, bílþjófnað, ölvun við akstur, óspektir o. fl. samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19 1940, 218. gr., 231. gr., 259. gr. 1. mgr. og 259. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1. mgr., bifreiðalögum nr. 23 1941, 23. gr. 1. mgr., 26. gr. 2. mgr., 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951, umferðalögum nr. 24 1941, 2. gr., 4. gr. 2. mgr. og 3. mgr., sbr. 14. gr., áfengislögum nr. 33 1935, 17. gr. 1. mgr., 18. gr. og 21. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr., 38. gr. og 39. gr., reglugerð nr. 126 7. ágúst 1945, 12., sbr. 18. gr. og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930, 1. gr., 3. gr., 7. gr. 46. gr., sbr. 96. gr. Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði,

með því að fara á dansleik í Sjálfstæðishúsinu þriðjudagskvöld 13. maí s. l. með um ½ flösku af áfengi, er þeir áttu í félagi hann og Einar Sigurbjartur Jónsson, og neyta þess þar, síðan að loknum dansleik kl.

rúmlega 01.00 að vera áberandi ölvaður og með óspektir í Bankastræti, er hann lenti í sviptingum við mann, er hann kannaðist við, Birgi að nafni, fara svo að sænska frystihúsinu og í heimildarleysi inn í vélasal hússins og ráðast þar á Þórarinn Breiðfjörð Pétursson vélgæzlumann og slá hann 2 högg í höfuðið með rörbút með þeim afleiðingum, að Þórarinn höfuðkúpubrotnaði og fékk 4 skurði á höfuðið, fara síðan út úr húsinu og lenda í áflogum rétt á eftir nálægt húsi Áfengisverzlunar ríkisins, Nýborg við Sölvhólsgötu, fara síðan inn í Landssímaportið við sömu götu og gera tilraun til að stela þaðan bílnum R 3822, en er það ekki tókst, að stela þá bílnum R 3869, er þar var einnig, og aka honum ölvaður allt of hratt og ógætilega út úr bænum og upp að Þyrli á Hvalfjarðarströnd og aka þar út af veginum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna, sviptingar ökuleyfis samkvæmt 21. gr. 1. mgr. laga nr. 33, 1935, 39. gr. laga nr. 23, 1941 og 68. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. apríl 1931 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum.

1947, 3/11. Reykjavík. Sátt 50 kr. sekt fyrir rangstefnuakstur.
1951, 17/9. —— — 75 — — — brot á 18. gr. áfengislaga
1952, 19/1. —— — 100 — — — brot á 18. gr. áfengislaga

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem upplýst er í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt laugardagsins 2. febrúar f. á. vaknaði vitnið Elín Elísabet Júlíusdóttir, Freyjugötu 1, hér í bæ, við brothljóð, þar sem það svaf í herbergi sínu á þriðju hæð í greindu húsi. Vitnið fór út á svalir á hæðinni til að athuga, hvað væri á seiði. Sá vitnið þá mann bak við húsið og hafði hann farið með hendina inn um brotinn glugga í verzluninni „Goðaborg" í húsinu. Vitnið kallaði til mannsins, hvað hann væri að gera þarna. Maðurinn gerði þá hreyfingu, sem líktist því að hann miðaði byssu á vitnið, en byssu sá vitnið ekki. Beygði vitnið sig þá niður á svölunum og fór til Nils Peter Carlo Jörgensen kaupmanns, eiganda fyrrgreindrar verzlunar, en hann bjó í húsinu, vakti hann og hringdi á lögregluna. Á meðan heyrði vitnið annað brothljóð.

Klukkan var 4 um nóttina, þegar hringt var til lögreglunnar, og komu lögreglumenn rétt á eftir á vettvang. Við athugun kom í ljós, að rúður voru brotnar í aðaldyrum og bakglugga verzlunarinnar „Goðaborgar". Útvarpstæki hafði fallið þar af hillu og í gólfið. Úr verzluninni var horfinn belgiskur riffill nr. 12377, en skilinn eftir annar riffill og var hann hlaðinn.

Vitnið Gunnar Helgi Einarsson verkamaður, Freyjugötu 25 C, hér í bæ, hefur borið það, að á fjórða tímanum umrædda nótt hafi ákærði

vakið það á heimili þess. Ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis og var hann með hlaðinn riffil ásamt „magasíni". Erindi ákærða var að spyrja eftir Jörgensen, eiganda „Goðaborgar", en hann hafði búið um skeið á Freyjugötu 25 C. Vitnið sagði ákærða, að Jörgensen væri þar ekki lengur. Bað ákærði vitnið þá um að hjálpa sér um lykil að verzluninni „Goðaborg" og kvaðst hann þurfa að halda á 17 skota riffli og fleiri skotum. Skildist vitninu á ákærða, að hann vildi fá þennan riffil hjá Jörgensen eða komast ella inn í „Goðaborg", til að ná á þann hátt í riffilinn. Ákærði fór svo von bráðar burt frá vitninu og minnir það, að klukkuna hafi þá vantað 10 mínútur í fjögur.

Ákærði hefur borið það, að þessa nótt hafi hann verið á dansleik í Breiðfirðingabúð og neytt þar mikils áfengis. Að dansleiknum loknum varð hann viðskila við kunningja sinn, sem hafði verið með. Ákærði var svo ölvaður, að hann hætti að muna, hvað gerðist. Seinast mundi hann eftir sér, þegar hann var einn síns liðs á leið heim til sín. Næst mundi hann eftir sér, þegar hann var staddur inni í Sogamýri og var þá gangandi með ókunnan riffil í hendinni. Fleygði hann rifflinum út fyrir veginn og gekk niður í miðbæ og var þá komin morgunn.

Ákærði hefur ekki rengt framburð vitnanna Elínar Elísabetar Júlíusdóttur og Gunnars Helga Einarssonar og að hann hafi farið umrædda nótt inn í verzlunina „Goðaborg" og slegið þar eign sinni á riffil. Kveður hann að það geti verið rétt, en að hann muni þá ekki eftir því sakir ölvunar sinnar. Þá hefur hann viðurkennt að hafa átt riffilinn, sem skilinn var eftir í „Goðaborg" umrædda nótt, og saknaði hann riffilsins úr herbergi sínu næsta dag. Ennfremur kveðst ákærði hafa oft komið á Freyjugötu 25 C, þegar Jörgensen, eigandi „Goðaborgar", átti þar heima og vann ákærði um nokkurn tíma árið 1951 í verzluninni.

Samkvæmt framburðum fyrrtaldra vitna svo og framburði ákærða sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, verður að telja að næg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði hafi slegið eign sinni á hinn belgíska riffil í verzluninni „Goðaborg" umrædda nótt. Hefur ákærði með því gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Um kvöldið þriðjudaginn 13. maí f. á. hitti ákærði kunningja sinn, að nafni Einar Sigurbjart Jónsson, hér í bænum. Einar Sigurbjartur átti eina „gin"-flösku og drukku þeir úr hálfri flöskunni, en síðan fóru þeir ásamt manni einum og unnustu hans kl. tæplega 20.30 á skemmtun í Sjálfstæðishúsinu. Fann ákærði þá til áfengisáhrifa. Einar Sigurbjartur kveður, að ákærði hafi haldið á „gin"-flöskunni inn í húsið, en ákærði man ekki fyrir víst, hvor þeirra gerði það, en minnir frekar að það hafi verið Einar Sigurbjartur. Drukku þeir tveir síðan áfengi það, sem var í flöskunni, inni á skemmtuninni, og varð ákærði ölvaður. Hann drakk enn til viðbótar tvo einfalda ákavítis-„sjússa", líklega laust fyrir miðnætti.

Ákærði var orðinn viðskila við félaga sína, þegar skemmtunin var útl. Fór hann þaðan einn og var ekki ákveðinn, hvert halda skyldi. Hann var ennþá allmikið ölvaður. Hann gekk fyrst upp í Bankastræti og hitti þar einhvern mann og lenti í einhverjum sviptingum milli þeirra. Hann gekk þvínæst niður Bankastræti, norður Lækjartorg og norður Kalkofnsveg. Hann gekk fram hjá sænska frystihúsinu og sá að á því húsi voru opnar dyr út í port þess við Geirsgötu. Hann fór inn í portið og inn um dyrnar og var þá kominn inn í stóran vélasal. Ljós voru kveikt í salnum og hafði hann séð að svo var, áður en hann fór þangað inn. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvers vegna hann fór inn í húsið, en hefur staðfastlega neitað því, að það hafi verið í þeim tilgangi að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna. Hefur hann skýrt frá því, að hann hafi ekki viljað koma heim til sín eins ölvaður og hann var og viljað láta „renna af sér", áður en hann færi heim. Ákærði fór nú upp á loft í vélasalnum. Gekk hann upp marga stiga og voru pallar á milli þeirra. Á pöllunum voru rörbútar og annað drasl. Kveður ákærði, að það geti verið rétt, að hann hafi rekið fótinn í einhver rör og þau fallið þá niður á gólf.

Þórarinn Breiðfjörð Pétursson vélgæzlumaður, Grettisgötu 40 B, hér í bæ, var á vakt í frystihúsinu þessa nótt. Kl. 2 um nóttina hafði hann farið niður í dælukjallara til að líta eftir dælunum og skilið þá eftir opnar dyrnar úr vélasalnum út í portið. Hann fór því næst inn í herbergi í vélasalnum og fékk sér mjólk að drekka. Hann hafði verið þar litla stund, þegar hann sá járn detta tvisvar sinnum með stuttu millibili í vélasalnum og heyrðist honum hljóðið koma úr salnum að ofan í seinna skiptið. Gekk hann þá upp stiga í vélasalnum og upp á pall og sá þá mann, sem reyndist vera ákærði, á næsta palli þar fyrir ofan. Þórarinn Breiðfjörð sagði þá upphátt: „Hvað ert þú að gera þarna?" Ákærði svaraði engu og gekk þá niður stiga og niður á annan pall. Allt í einu sá hann, hvar Þórarinn Breiðfjörð kom upp stigann, sem lá upp á þann pall, sem hann stóð á. Kveðst þá ákærði hafa orðið skelkaður og greip sitt með hvorri hendi tvö járnstykki eða járnrör, sem þarna voru á pallinum. Þegar svo Þórarinn Breiðfjörð var að komast upp á pallinn, sló ákærði hann ofan á höfuðið með járnstykkinu, sem hann hafði í hægri hendi. Hann getur ekki sagt um, hvernig hann hélt þá á járnstykkinu. Hann gerði sér heldur ekki grein fyrir því, hvaða afleiðingar gætu hlotizt af verknaði hans. Hann kveður að ásetningur sinn að hitta Þórarinn Breiðfjörð í höfuðið með járnrörinu hafi orðið til, þegar hann hélt, að hann (Þ. B.) myndi grípa í hann, en ákærði stóð framarlega á pallbrúninni og var hræddur um, að hann gæti dottið fram af pallinum, ef í hann yrði gripið. Þórarinn Breiðfjörð hefur borið, að ákærði hafi slegið hann alveg viðstöðulaust með báðum járnrörunum, sitt höggið með hvorri hendi. Ákærði hefur ekki véfengt þetta, en man þó ekki sérstaklega eftir vinstrihandar höggi. Þórarinn Breiðfjörð fékk svima, en missti ekki meðvitund og komst upp á pallinn. Rann þá eins og mók á hann, en síðan náði hann sambandi við mann, sem var við

ísframleiðslu í húsinu, og tilkynnti atburðinn símleiðis á lögreglustöðina.

Ákærði hélt, að Þórarinn Breiðfjörð hefði fallið við, þegar hann fékk höggið og kastaði járnrörinu frá sér. Síðan flýtti hann sér að komast út úr húsinu og braut glugga og komst út um hann út í Ingólfsstræti. Hann fylgdist ekkert með Þórarni Breiðfjörð, hvort hann lá eða hafði staðið upp, hvort hann var mikið særður eða ekki, en ekkert hljóð heyrðist frá honum.

Ákærði fór svo inn í port eitt hjá Áfengisverzlun ríkisins í Nýborg og lenti þar í sviptingum við einhvern mann, sem þar var, og fór ákærði þá úr jakkanum. Því næst fór hann upp á Hverfisgötu, en þaðan aftur inn í portið til að sækja jakka sinn. Þaðan hélt hann inn í port Landssímans við hliðina á. Þar voru bifreiðar. Hann gekk að einni bifreiðinni, R 3822, sem var ólæst, og reyndi að setja vél hennar í gang. Sleit hann rafmagnsþræði frá kveikjulási bifreiðarinnar og reyndi að tengja þræðina saman og setja þannig vél bifreiðarinnar í gang, en tókst það ekki. Gekk hann þá að sendiferðabifreiðinni R 3869, sem þarna var einnig í portinu. Bifreiðin var ólæst og kveikjuláslykillinn í kveikjulásnum. Ákærði setti vél bifreiðarinnar í gang og ók henni af stað áleiðis upp í Hvalfjörð. Fann hann til áfengisáhrifa við aksturinn. Bifreiðinni ók hann nokkuð greitt, þó ekki yfir 50 km, miðað við klukkustund, að því er hann hefur haldið. Á leiðinni losnaði vélarhlíf bifreiðarinnar og fór af henni, en ákærði skeytti ekki um það. Hann nam staðar hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd, sneri bifreiðinni þar við og hélt áleiðis til bæjarins. Skammt frá Þyrli fór bifreiðin út af veginum. Atvikaðist það þannig, að það drapst á vél bifreiðarinnar ofarlega í brekku einni, en í sama mund blindaðist ákærði af morgunsól, sem skein beint í andlit hans. Rann bifreiðin svolitið aftur á bak og fór annað afturhjól hennar út af veginum. Stöðvaðist hún á vegarkantinum og þorði ákærði ekki að hreyfa bifreiðina af ótta við, að hún færi þá á hliðina. Hann fékk síðan að sitja á bifreið, sem bar að skömmu síðar, til bæjarins og kom þangað um kl. 10 um morguninn. Hann var þá jakkalaus, því að hann hafði skilið jakka sinn eftir í bifreið í porti Landssímans. Fór ákærði rakleitt á fund rannsóknarlögreglunnar til að vitja um jakkann, en var þá strax handtekinn. Játaði hann þá strax brot sitt.

Þórarinn Breiðfjörð fór á þriðju klukkustund greinda nótt heim til Ole Andreason, sem vann þá við vélgæzlustörf í sænska frystihúsinu, og bað hann um að gegna starfi fyrir sig. Ole varð við því og þegar hann kom inn í vélasal frystihússins, sá hann hvar járnstykki var þar í gluggakistu, en 2 rúður í glugganum voru brotnar. Járnstykkið átti alls ekki að vera þarna, en hins vegar voru mörg slík járnstykki á palli í vélasalnum. Andreason afhenti lögreglunni járnstykkið.

Þórarni Breiðfjörð og ákærða hefur verið sýnt járnstykki þetta. Kveður Þórarinn Breiðfjörð, að það sé alveg eins og járnstykki eða járnbútar þeir, sem ákærði sló hann með. Slík járnstykki hafi verið geymd nokkru ofar í vélasalnum en þar sem hann var sleginn.

Ákærði hefur ekki rengt, að þetta sé járnstykki eða járnrör það, sem hann sló Þórarinn Breiðfjörð með í höfuðið.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar hefur athugað umrætt járnstykki. Það er „T"-lagað og samanstendur af tveimur misvíðum rörum. Annað rörið er 10 cm að vídd, 13 cm að lengd, 7 mm að þykkt. Hitt rörið kemur þvert út úr miðju hins fyrrnefnda og er 6,6 cm að vídd, 2,6 cm að lengd og 4 mm að þykkt. Járnstykkið er 1800 gr að þyngd og talsvert mikið ryðbrunnið.

Þórarinn Breiðfjörð kom á Landsspítalann laust fyrir kl. 3,50 um nóttina vegna meiðsla, sem hann hafði hlotið við árásina. Grímur Jónsson, cand. med. á Landsspítalanum, hefur lýst meiðslum Þórarins Breiðfjörðs, eins og þau voru þá, í vottorði, dags. 27. maí 1952, á þessa leið:

„Sjúkl. var með rænu, en talsv. enforiskur. Á höfði voru 4 skurðir. Einn framan til á enni og þrír í hvirflinum. Í botni eins þeirra var sprunga í beinið og í henni hártoppur, sem allerfitt var að losa. Hin sárin voru grynnri, en allmikið blæddi úr þeim.

Diagnosis spítalans, fract. cranii compl."

Grímur Jónsson segir í öðru vottorði, dags. 9. júní 1952, um Þórarinn Breiðfjörð á þessa leið:

„Lá á IV. d. Lspt. frá 14/5—21/5 1952 vegna meiðsla á höfði og kúpubrots; kom á deildina kl. 3/50 um nótt. Var með fjóra skurði á höfði. Sá lengsti á enni (gagnauga) ca. 4 cm og þrjá í hársverðinum nálægt hvirfli, ca. 3 cm hver. Í botni eins skurðarins var sprunga í beinið og hártoppur klemmdur fastur niður í.

Diagn. fract. cranii."

Þá hefur Úlfur Ragnarsson, cand. med. á Landsspítalanum, athugað Þórarinn Breiðfjörð og segir í vottorði sínu, dags. 26. júní 1952, á þessa leið:

„Ég hef í dag athugað Þórarinn Pétursson, Grettisgötu 40 B, sem varð fyrir árás 14/5 1952. (Grímur Jónsson, sem skoðaði hann þá, er fjarv. um stundarsakir vegna sumarleyfis). Sárin eru vel gróin og ekkert sérstakt athugavert objectivt. Hins vegar segist hann fá höfuðverk, sem hann hafði ekki áður en slysið vildi til. Slíkt er algeng afleiðing, sem ekki verður sagt um, hvenær hverfur."

Dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir hefur rannsakað geðheilbrigði og sakhæfi ákærða og í áliti sínu, dags. 12. júlí 1952, kemst hann að þessari niðurstöðu:

„Hann (þ. e. ákærði) er hvorki fáviti, geðveill né geðveikur. Hann hefur verið ölvaður, er hann framdi afbrot sín, og dómgreind hans og vitund sljófguð fyrir þá sök."

Ákærði hefur bifreiðastjóraréttindi.

Bifreiðarnar R 3822 og R 3869 eru í eign Landssíma Íslands. Hefur þess verið krafizt af hálfu hans, að ákærði sæti refsingu fyrir atferli sitt.

III.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem greint er frá í I hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, en í ákæruskjali, dags. 31. október f. á., er ekki minnzt á áfengislög nr. 23 9. janúar 1935 og kemur því ekki til álita, hvort ákærði hefur brotið þau lög.

Þá hefur ákærði með atferli sínu, sem lýst er í II hér að framan, brotið gegn 218. gr., 231. gr., 1. mgr. og 259. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, 23. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 29. janúar 1951, 2. gr. og 4. gr. 2. mgr. og 3. mgr., sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941, 17. gr. 1. mgr., 18. gr. og 21. gr. 1. mgr., sbr. 37. gr. 1. mgr., 38. gr. og 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. gr. og 7. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Hins vegar þykja ekki nægar sannanir vera fram komnar í málinu fyrir því, að ákærði hafi flutt áfengi inn á veitingastað, gerzt sekur um óspektir á almannafæri og ekið bifreið með refsiverðum hraða og verður hann því ekki talinn hafa brotið 12. gr., sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 126 7. ágúst 1945, 26. gr. 2. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 1. gr. og 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. hegningarlaganna og með sérstöku tilliti til hinnar hættulegu aðferðar ákærða við líkamsárásina á Þórarinn Breiðfjörð hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 4. febrúar til 12. febrúar 1952 og frá 14. maí til 15. júlí 1952. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist hans að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 39. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna, 21. gr. 1. mgr. áfengislaganna og 68. gr. 1. mgr. hegningarlaganna að svipta ákærða bifreiðastjóraréttindum ævilangt.

Þessar bótakröfur hafa verið gerðar í málinu á hendur ákærða:

Nils Peter Carlo Jörgensen hefur krafizt þess, að hann greiði honum kr. 500.00 í bætur vegna riffilsins, sem hann tók, sbr. I hér að framan.

Þórarinn Breiðfjörð Pétursson hefur krafizt þess, að hann greiði honum kr. 5000.00 í miskabætur vegna árásarinnar, sbr. II hér að framan.

Af hálfu Landssíma Íslands hefur þess verið krafizt, að ákærði greiddi honum kr. 1087.97 vegna töku hans og skemmda á bifreiðinni R 3869 og kr. 212.83 vegna skemmda á bifreiðinni R 3822 eða samtals kr. 1300.80.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þessar og verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í málinu, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs

verjanda síns í málinu, Gunnars E. Benediktssonar hrl., kr. 900.00 til hvors.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Sigurbjartsson, sæti fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 4. febrúar 1952 til 12. febrúar 1952 og frá 14. maí 1952 til 15. júlí 1952 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði Nils Peter Carlo Jörgensen kr. 500.00, Þórarni Breiðfjörð Péturssyni kr. 5000.00 og Landssíma Íslands kr. 1300.80.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í málinu, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs verjanda ákærða í málinu, Gunnars E. Benediktssonar hrl., kr. 900.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr .125/1952. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Albert Stanley Victor Jones (Lárus Fjeldsted).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms framkvæmt athugun á staðarákvörðunum yfirmanna varðskipsins og samkvæmt mælingum þeirra markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út við kjölfar togarans, svo og stað togarans, þar sem hann lagðist við akkeri. Eru niðurstöður skólastjórans þær, að staður duflsins sé um 1.1 sm og staður togarans um 0.2 sm. innan landhelgis-

línu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms hefur ákærði brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, sbr. nú 1. gr. laga nr. 82/1952, er kom í stað 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 44/1952. Með þessum athugasemdum og með hliðsjón af gullgengi krónunnar, sem eigi hefur breytzt eftir uppsögn héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Albert Stanley Victor Jones, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. júlí 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 23. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara og meðdómendunum Hafsteini Bergþórssyni útgerðarmanni og Pétri Björnssyni skipstjóra kveðinn upp dómur í málinu nr. 2121/1952: Ákæruvaldið gegn Albert Stanley Victor Jones, sem tekið var til dóms daginn áður.

Samkvæmt ákæruskjalinu, dagsettu í gær, er Albert Stanley Victor Jones, 32 Park Street, Grimsby á Englandi, skipstjóri á togaranum York City GY 193, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 44 30. apríl 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara miðvikudaginn 16. júlí 1952 um kl. 15 út af Blakksnesi við Patreksfjörð innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá

19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Ákærist nefndur skipstjóri til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 5 29. janúar 1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Eastbourne á Englandi 15. febrúar 1900.

Hinn 15. apríl 1937 sætti hann áminningu fyrir brot gegn 2. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lögum nr. 36 1926.

Hinn 20. janúar 1951 var hann dæmdur í 74000 króna sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi og afli og veiðarfæri togarans York City, GY 193, gerð upptæk. Dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 1. október 1951.

Áður en raktir verða málavextir um þau atvik, sem ákæran fjallar um, þykir rétt að víkja nokkuð að aðdraganda þeirra atvika.

Árdegis hinn 16. þ. m. var varðskipið Ægir statt úti af Patreksfirði á eftirlitsferð og einnig var þar staddur brezki togarinn York City, GY 193. Skipherra varðskipsins skýrir svo frá, að um hádegisbilið — kl. 11,20 sýnir loftskeytadagbók varðskipsins — hafi togarinn kallað upp talstöð varðskipsins og er upplýst, að ákærði vildi fá að tala við skipherrann eða I. stýrimann. Hvorugur þeirra var viðlátinn, svo að ekkert varð úr samtali. Varðskipið sigldi síðan að togaranum, sem var um hálfa sjómílu utan hinna nýju fiskveiðitakmarka, og töluðust skipherra og ákærði við með því að kallast á milli skipanna. Í þessu samtali var ákveðið, að ákærði kæmi yfir í varðskipið og komu þeir þangað skömmu síðar ákærði og loftskeytamaður togarans. Virtist skipherra ákærði lítið erindi eiga við sig og segir lítið mark hafa verið á honum takandi, því að hann hafi verið áberandi undir áhrifum áfengis. Loftskeytamaður togarans fór með loftskeytamanni varðskipsins að ratsjá varðskipsins og ætlaði sá síðarnefndi að sýna hinum fyrrnefnda hana, en þegar kveikt var á henni, var hún óvirk. Ber varðskipsmönnum, sem um þetta atriði hafa borið vitni, saman um, að þetta hafi stafað af því, að raföryggi ratsjárinnar í vélarrúmi hafi losnað í bili. Voru þau strax fest og komst ratsjáin við það í lag og er það einróma vitnisburður varðskipsmanna, að ratsjáin hafi verið í fullkomnu lagi allan þennan dag fyrir og eftir þetta atvik. Loftskeytamaður togarans var farinn frá ratsjánni, þegar hún komst í lag.

Ákærði skýrir svo frá, að um kl. 9 um morguninn hafi togarinn verið um 6 sjómílur og varðskipið um 2 sjómílur norðvestur af Blakksnesi. Virtist ákærða varðskipið þá vera að gefa sér ljósmerki, sem hefur verið misskilningur, og lét hann þá kalla upp varðskipið í talstöð togarans með þeim árangri, sem áður segir, og sýnir talstöðvardagbók togarans, að þetta gerðist kl. 11,20. Loftskeytamaður togarans fór í þessu samtali fram á að fá viðtal við varðskipið á hádegi, en ekkert varð úr því samtali, enda fór varðskipið til togarans um hádegið eftir sögn varðskipsmanna og komu ákærði og loftskeytamaðurinn þá um borð í það, eins og áður segir.

Ákærði segir klukkuna hafa verið 14.00, þegar varðskipið kom að togaranum og hafi þá verið sent eftir sér og hann og loftskeytamaðurinn farið með varðskipsmönnum yfir í varðskipið og hafi ákærði þar talað við skipherra. Voru síðan ákærði og loftskeytamaður togarans fluttir aftur yfir í togarann. Verður eigi annað séð en tímamark þessa atburðar, þar sem ákærði skýrir frá, kl. 14.00, sé á misskilningi byggt, enda hefur komið í ljós í rannsókninni, að ákærði er óviss um tímamörk. Þegar ákærði var kominn yfir í togarann, sigldi varðskipið til lands og inn með suðurströnd Patreksfjarðar allt á móts við Ólafsvita og lét reka þar nálægt landi. Í þann mund, er varðskipið hélt af stað til lands, kastaði togarinn stjórnborðsvörpunni og fór að toga. Hann hafði lagt tveimur duflum þarna utan fiskveiðimarkanna og togaði hann nú, að sögn ákærða, fyrst í norðvestlæga stefnu, en beygði síðan upp að öðru duflinu, en þaðan í suðlæga stefnu að stað, merktum 4 á korti ákærða. Á þeim stað kveðst hann hafa gert staðarákvörðun með ratsjá togarans og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann væri 4¾ sjómílu frá Blakksnesi. Frá þessum stað kveðst ákærði hafa ætlað að toga að syðra dufli sínu, merktu 3 á korti hans, en þangað komst hann ekki, því að áður hafði varðskipið tekið í taumana.

Er þá komið að kæru skipherrans á Ægi á hendur ákærða. Hún er dagsett 17. þ. m. og er á þann veg, sem nú verður rakið:

Miðvikudaginn 16. júlí kl. 14.22 var varðskipið statt út af Ólafsvita á Patreksfirði og lét reka. Sást þá til togara rétt laust við Blakksnes (Straumnes) og lék grunur á, að hann væri að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Var þá sett á ferð og haldið út með nesinu.

Kl. 14.45 er staður skipsins: Bjargtanga ≠ Blakksnes, fjarlægð frá Blakksnesi eftir ratsjá 0.6 sjómílur. Samtímis miðaðist togarinn í réttvísandi 304°, fjarlægð 3.5 sjóm. eftir ratsjá. Miðun til togarans tekin eftir segulkompás skipsins. Togarinn hélt þá í SSV-læga stefnu, misvísandi.

Kl. 14.50 Sett upp stöðvunarflagg.
„ 14.55 Skotið lausu skoti.
„ 14.56 Skotið lausu skoti. Togarinn beygir út um og stýrir í NV-læga stefnu, misvísandi.
„ 14.58 Skotið skörpu skoti.
„ 14.59 Togarinn flautar, en stöðvar ekki.
„ 15.00 Skotið skörpu skoti.
„ 15.02 „ „ „
„ 15.03 Látið út dufl við kjölvatn togarans.
„ 15.04 Gefið stöðvunarmerki með flautu varðskipsins. Togarinn kallar á varðskipið í talstöð og er svarað, en hann stöðvar ekki.
„ 15.05 Skotið skörpu skoti.
„ 15.05 Kallað í hátalara varðskipsins til togarans og honum skipað að nema staðar. Togarinn var að toga með stjórnborðsvörpu.

Frá kl. 15.03 og til kl. 15.14 hafði togarinn beygt heilan hring til bakborða og stýrði mjög breytilegar stefnur.

Kl. 15.14 Skotið skörpu skoti að togaranum, en hann stöðvar ekki, heldur snýr suður um til bakborða.

„ 15.39 Togarinn hefur nú stöðvað og lagst fyrir akkeri. Vörpuna dregur hann ekki inn og liggur því einnig fyrir henni á stefnu 283° réttvísandi. Straum setur norður og liggur togarinn flatur fyrir honum.

„ 15.05 Kallað í hátalara varðskipsins til togarans og honum skipað

Kópanesendi

> 73° 50′

Blakksnes, varða

> 64° 54′

Bjargtangar, viti

Dýpi 32 metrar. Staður þessi er 0.2 sjómílur fyrir innan nýju fiskveiðitakmörkin.

Við duflið, sem sett var út kl. 15.03 við kjölvatn togarans, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Kópanesendi

> 75° 17′

Blakksnes, varða

> 73° 08′

Bjargtangar, viti

Dýpi 34 metrar. Staður þessi er 1.1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna.

Skipstjóri togarans óskaði eftir því, að beðið væri eftir því að enska eftirlitsskipið kæmi á vettvang og var það samþykkt.

Kl. 18.06 kom enska eftirlitsskipið Mariner á staðinn. Komu yfirmenn frá því um borð í varðskipið og litu á staðarákvarðanir þess. Foringi enska eftirlitsskipsins óskaði þess, að ef togarinn yrði tekinn til hafnar, þá yrði farið með hann til Reykjavíkur. Skipstjóri togarans neitaði fyrst algerlega að fylgjast með varðskipinu til hafnar og taldi sig ekki hafa verið að fiska í íslenzkri landhelgi, en eftir að enski foringinn hafði bent honum á, að réttast væri að fara eftir fyrirmælum íslenzka varðskipsforingjans, samþykkti hann það.

Kl. 20.27 var dufl varðskipsins tekið um borð. Síðan var siglt að duflum togarans, en hann hafði tvö úti og tók hann þau upp. Voru þau bæði fyrir utan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 22.39 var lagt af stað til Reykjavíkur og komið þangað kl. 10.30 hinn 17. þ. m. Þriðji stýrimaður og einn háseti voru á verði í togaranum til Reykjavíkur. Mælingar voru gerðar af I. og III. stýrimanni varðskipsins.

Veður: Logn, sjór NA-1, léttskýjað, loftvog 753.

Við tökuna óskaði ákærði ekki eftir að gera staðarmælingar með tækjum varðskipsins, heldur óskaði þess, að H.M.S. Mariner, brezka eftirlitsskipið, sem var um þessar mundir úti af Önundarfirði, kæmi á vettvang. Skipherra heldur því fram, að togarinn hafi togað nær landi en staður duflsins sýnir, því að hann hafi verið að toga frá landi í norðvestlæga stefnu, þegar duflið var sett út og kjölvatn hans sézt

landmegin við duflið. Á þessum tíma var logn og sléttur sjór og sást kjölvatnið því greinilega. Duflið var sett út laust aftan við vörpu togarans.

Allir þrír stýrimenn varðskipsins hafa staðfest skýrslu skipherrans og sérstaklega hafa I. og III. stýrimaður staðfest hornamælingarnar, sem þeir framkvæmdu báðir, tóku báðir öll hornin. Allir sáu þeir ákærða og segja hann hafa verið áberandi drukkinn.

I. stýrimaður, Þorvaldur Valdimar Jacobsen, skýrir svo frá, að þegar varðskipið var að leggja af stað út að togaranum, hafi hann séð togarann á ferð með stefnu til lands sunnan Blakksness. Hafi varðskipið siglt beint í veg fyrir togarann og hafi hann ekki beygt frá landi fyrr en við annað skotið. Þá hafi hann beygt á stjórnborða og togað síðan frá landi, skrykkjótt og með breytilegum stefnum. Þetta vitni vann við að setja út duflið og skýrir svo frá, að það hafi verið sett við kjölfar togarans, sem hafi sézt mjög greinilega, og hafi bilið milli skipanna þá verið mjög lítið, á að gizka 150—170 faðmar, og var duflið vel frítt við vörpu togarans. Vitnið fullyrðir, að áður en togarinn beygði frá landi hafi hann verið kominn nær landi en staður duflsis er, því að varðskipið hafi veitt honum eftirför frá landi í sjö mínútur áður en duflið var sett út og þegar það var sett út, hafi skrúfuvatn togarans náð langt aftur fyrir varðskipið. Þegar togarinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum, sigldi varðskipið fram með honum á bakborða og var þá bæði flautað á hann og skotið aðvörunarskotum, en engu þessu var sinnt. Síðan snarbeygði togarinn á bakborða og fór þannig í heilan hring, en hélt síðan áfram í norðvestlæga stefnu, en mjög slögótt, unz hann beygði aftur á bakborða og fór í hálfhring, þar til hann sneri aftur frá landi, hægði á sér, nam staðar og lagðist fyrir bakborðsakkeri og lá í 283° réttvísandi. Meðan togarinn fór hringinn og beygði síðan hálfhringinn, beið varðskipið í námunda við hann og var þess beðið, að togarin næmi staðar.

III. stýrimaður, Atli Helgason, vann að því, meðan varðskipið veitti togaranum eftirför, að rita það, sem rita þurfti í sambandi við töku hans. Hann fylgdist því ekki svo vel með eftirförinni af eigin sjón, að hann geti lýst henni með neinni nákvæmni. Hins vegar vann hann að hornamælingunum með I. stýrimanni, svo sem fyrr segir, og hefur staðfest þær mælingar, sem fram koma í skýrslu skipherra.

II. stýrimaður, Lárus Sigurvin Þorsteinsson, kom á stjórnpall varðskipsins, þegar það var á fullri ferð út Patreksfjörð og sá þá togarann framundan, toga upp að landi. Vitnið og III. stýrimaður mældu þá stað togarans í ratsjá varðskipsins og komust að raun um, að hann væri hálfa sjómílu innan fiskveiðitakmarkana. Vitninu virtist togarinn halda sömu stefnu, suðlægri, þar til Blakksnes og Látrabjarg bar saman frá varðskipinu séð, en þá virtist hann sveigja meira í suðvestlæga stefnu. Varðskipið nálgaðist nú togarann og var dregið upp stöðvunarflagg, en því var ekki sinnt. Síðan var skotið aðvörunarskotum og beygði þá togarinn frá landi í norðvestlæga stefnu. Eigi man vitnið, hve mörgum skotum hafði verið skotið, þegar togarinn breytti um stefnu, en hann áætlaði lauslega eftir ratsjánni, að fjarlægðin milli skipanna væri um 3000

metrar, þegar fyrsta kúluskotinu var skotið og sagði þetta skyttunni, sem hefur staðfest það. Vitnið sá þegar duflið var sett í kjölfar togarans ca. 100 föðmum aftan við hann og var hann þá á leið frá landi og fullyrðir vitnið, að hann hafi verið kominn nær landi en á þann stað, sem duflið var sett á. Við eftirförina var ratsjá varðskipsins alltaf í gangi og fylgdist vitnið með henni. Þegar varðskipið kom að togaranum, beygði hann á bakborða í heilan hring og hélt svo áfram frá landi, sennilega yfirleitt í vesturátt, en þó með mjög breytilegri stefnu. Varðskipið hafði hægt ferðina, þegar komið var að togaranum, því að búizt var við, að hann næmi staðar, en svo reyndist ekki og þegar togarinn hélt áfram frá landi, eftir að hafa siglt í hring, var hert á ferð varðskipsins á eftir honum, skotið og flautað og nam togarinn þá staðar upp úr því.

Vitnið og Björgvin Kristinn Hannesson háseti á varðskipinu voru nú settir yfir í togarann og voru þeir þar fram að því, er lagt var af stað til hafnar. Hafa þeir báðir borið, að ákærði hafi þá verið áberandi ölvaður og á tímabili með ofstopa og hótanir, sem hann gerði þó ekki alvöru úr.

Jón Kristinsson, skytta varðskipsins, sá þegar duflið var sett út og segir það hafa verið látið í kjölfar togarans og hafi bilið milli skipanna þá verið lítið.

Öll þau vitni, sem nú hafa verið greind, hafa staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði heldur því fram, að framangreindar skýrslur séu að ýmsu leyti rangar, mótmælir því, að hann hafi verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna og heldur því fram, að hann hafi verið 4¾ sjómílu frá landi, þegar hann var næst landi, en mælingarnar gerði hann með ratsjá og áttavita, að nokkru leyti með aðstoð loftskeytamanns togarans. Hann kveðst hafa verið á botnvörpuveiðum, þegar hann var tekinn og er enginn ágreiningur um það. Hann kveðst ekkert stöðvunarflagg hafa séð á varðskipinu, ekki hafa stýrt í norðvestlæga stefnu, eins og greinir í skýrslu skipherrans við kl. 14.56, ekki hafa séð duflið sett út frá varðskipinu, ekki hafa heyrt varðskipið gefa stöðvunarmerki með eimpípunni né hafa heyrt kallað í hátalara varðskipsins, að togarinn skyldi nema staðar. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi varpað akkeri togarans við þriðja byssuskotið, en einnig hefur hann haldið fram, að hann hafi heyrt fimm byssuskot, öll áður en hann varpaði akkerinu og að hann hafi ekkert skot heyrt eftir það. Síðar taldi hann sig hafa heyrt sjö skot. Hann athugaði ekki klukkuna, þegar skotið var og hefur eigi vefengt tímamörkin, sem greind eru í skýrslu skipherrans á varðskipinu. Ákærði heldur því fram, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir, að skot varðskipsins vörðuðu sig eða togarann, fyrr en hann sá kúlu falla í sjóinn mjög nálægt bóg togarans. Þegar hann sá það, segist hann hafa stöðvað vél togarans og snúið stýri hart á stjórnborða. Fór hann þá í talstöðina og kallaði til varðskipsins og bað um að hætt yrði að skjóta, svo að ekki hlytist tjón af. Þetta móttók loftskeytamaður varðskipsins kl. 15.04 og segist ákærði ekkert svar hafa fengið og eftir þetta

hafi varðskipið skotið fjórum skotum. Hann áætlar bilið milli skipanna hafa verið 2—2½ sjómílu, þegar varðskipið byrjaði að skjóta. Þegar ákærði fékk ekki svar frá varðskipinu við tilmælum sínum um að hætta að skjóta, kallaði hann upp brezka eftirlitsskipið H.M.S. Mariner og bað það að koma á vettvang. Ákærði skýrir frá því, að þegar hann hafði stöðvað skipið og varðskipsmenn voru komnir um borð í það, hafi orðið talsverðar erjur milli sín og fyrirliða þeirra. Ákærði neitaði tilmælum fyrirliðans um að draga inn vörpuna, sem var úti, og kveðst hafa neitað þessu á þeim grundvelli, að engar mælingar hefðu verið gerðar, sem sýndu, að hann væri að ólöglegum veiðum. Fyrirliði varðskipsmanna, II. stýrimaður, bannaði ákærða á þessu stigi að fara inn í talstöðvarklefa togarans og urðu ýfingar með þeim út af því, sem lauk þannig, að skipherra varðskipsins leyfði ákærða að nota talstöðina. Setti ákærði sig þá í samband við H.M.S. Mariner og fékk þaðan þær ráðleggingar að bíða þar sem hann væri, þar til eftirlitsskipið kæmi á vettvang.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi varpað akkeri um kl. 15.30 og að frá því hann heyrði fyrsta skotið og þar til hann nam staðar hafi hann togað í stefnu SV—SVaV og hann neitar því, sem í skýrslu skipherrans segir um ferðir togarans kl. 15.03—15.14. Eigi mældi hann stað duflsins, sem varðskipið setti út. Þegar leggja skyldi af stað til hafnar, tregðaðist ákærði við fyrirmælum skipherrans um það, en fór þó að ráðleggingum foringjans á brezka eftirlitsskipinu um að fylgja varðskipinu til hafnar.

Ákærði hefur mótmælt því að hafa verið undir áfengisáhrifum, þegar þetta gerðist og í því sambandi getið þess, að hann hafi bilaðan hægri fót síðan í stríðinu og þess vegna sé ekki óeðlilegt, þótt sér hafi verið erfitt um gang, en það var eitt þeirra ölvunareinkenna, sem varðskipsmenn sáu á honum. Þeir menn af togaranum, sem vitni hafa borið, eru sammála um, að ákærði hafi ekki verið undir áfengisáhrifum og á sama máli er foringinn á H.M.S. Mariner, en þegar hann kom á vettvang, segir hann ákærða hafa verið æstan í skapi og ef til vill reiðan.

Loftskeytamaður togarans, Albert John Fox, hefur skýrt frá því, að hann hafi aðstoðað ákærða við staðarmælingar, með því að mæla fjarlægðir með ratsjá togarans og láta ákærða vita um þær. Með þessum mælingum fann hann skemmstu vegalengd milli togarans og lands 4⅘ sjómílu. Telur hann mælingar þessar eins nákvæmar og unnt sé að gera á ratsjá togarans, en hún hafi verið í góðu lagi. Hann heldur því fram, að togarinn hafi numið staðar eftir að 3—4 skotum hafi verið skotið og frá því fyrsta skoti var skotið og þar til togarinn nam staðar segir hann togarann hafa haldið í stefnuna SVaS. Þetta kveðst hann hafa séð í áttavita togarans, enda hafa verið á stjórnpalli allan þennan tíma.

Bátsmaður togarans, Ernest Bore, var á verði, þegar umræddir atburðir gerðust, en getur ekki borið um vegalengdir eða stefnur á þeim tíma, sem máli skiptir. Hann var við vinduna, þegar togvírarnir voru gefnir út næst fyrir tökuna og gaf út 100 faðma aftur að blökk og var því ekki breytt fram að töku togarans. Hann skýrir frá því, að þegar

fyrsta kúluskotinu var skotið, hafi ákærði skipað svo fyrir, að menn skyldu vera reiðubúnir að varpa akkeri, en ekki getur hann um það borið, hvað klukkan var, þegar akkerinu var varpað.

Stýrimaður togarans, Alfred Stanley Jones, sonur ákærða, var neðanþilja frá kl. 12.30, þar til togarinn var lagstur við akkeri og þegar hann kom upp eftir það, gerði hann engar staðarmælingar.

I. vélstjóri togarans, Reginald Robert Bishop, hefur skýrt frá því, að akkeri togarans hafi verið varpað kl. 15.17.

Foringinn á brezka eftirlitsskipnu H.M.S. Mariner, William Woodhouse Haynes, hefur sem vitni skýrt frá málavöxtum, eins og nú verður rakið í höfuðdráttum:

Laust eftir kl. 15.00, þegar skip hans var statt úti af Önundarfirði, var honum tilkynnt, að ákærði vildi tala við hann í talstöð og átti hann þá tal við ákærða. Ákærði tjáði honum, að varðskipið Ægir hefði komið að sér og skotið að sér kúluskotum, en sér væri ekki fyllilega ljóst, hvers vegna ætti að taka sig fastan, því að hann héldi sig vera 6—7 sjómílur úti af Blakksnesi. Samtalið fór fram kl. 15.14 eftir klukku vitnisins, sem síðar reyndist vera sjö mínútum á eftir klukkunni í skipherraklefanum á varðskipinu, og tjáði vitnið ákærða, að hann skyldi hlýðnast varðskipinu og varpa akkeri þegar í stað. Jafnframt bað vitnið ákærða að ganga úr skugga um, hvar hann væri staddur. Vitninu var ekki strax ljóst, hvar togarinn var, því að Blakksnes var eigi merkt á sjókort eftirlitsskipsins, en brátt varð vitnið þess þó áskynja, hvar togarinn var eða um 30 sjómílum sunnar en eftirlitsskipið. Vitnið lét ákærða vita, að eftirlitsskipið kæmi til hans og jafnframt skýrði ákærði svo frá, að þegar hann varpaði akkeri, hefði staður togarans verið 4½ sjómílu undan landi. Kl. 15.15 tilkynnti ákærði vitninu, að hann hefði varpað akkeri, en samtöl þessi fóru fram öðru hverju á tímabilinu 15.10—15.20 eftir klukku vitnisins. Vitnið náði nú talstöðvarsambandi við varðskipið og átti tal við skipherrann, tjáði honum að eftirlitsskipið væri á leiðinni á vettvang og bað um upplýsingar um málavexti. Jafnframt mæltist hann til þess, að varðskipið biði með togarann á vettvangi eftir komu eftirlitsskipsins og samþykkti skipherrann það. Skipherra tjáði vitninu, að hann hefði sett út dufl og væri það sjómílu innan landhelgi og spurningu vitnisins um, í hvaða stefnu togarinn hefði togað, svaraði hann á þá leið, að hann hefði togað frá landi. Vitnið bar fram þá spurningu, hve nærri landi togarinn hefði verið og fékk það svar, að hann hefði verið hálfri sjómílu nær landi en sá staður væri, sem duflið hefði verið sett á. Ennfremur skýrði skipherra frá því, að sjö mínútur hefðu liðið frá því togarinn breytti stefnu og hélt frá landi og þar til duflið var sett úr.

Vitnið sigldi nú á vettvang og þegar þangað kom, fór hann fyrst að dufli varðskipsins, stöðvaði skip sitt þétt við það og mældi stað þess með sextant og reyndist staðurinn vera nákvæmlega eina sjómílu innan hinna nýju fiskveiðitakmarka, miðað við sjókort eftirlitsskipsins (Admiralty Chart). Síðan varpaði eftirlitsskipið akkerum kl. 18.08 200 yards

sunnan við togarann, sem miðaðist 325°. Stefna togarans var 280°, þar sem hann lá fyrir akkeri með stjórnborðsvörpu úti og hélt straumurinn honum þannig, að dragstrengirnir lágu undir skipið. Vitnið fór nú yfir í togarann með siglingafræðing sínum og gerðu þeir af stjórnpalli hans sextantmælingar miðað við ströndina, til að finna stað togarans. Mældist þeim staður hans svo að segja alveg á nýju fiskveiðitakmörkunum, en þó aðeins utan við þau. Í þessu sambandi bendir vitnið á, að togarann hljóti að hafa borið lítið eitt að landi frá því hann varpaði akkeri eða sem svaraði hallanum á akkerisfesti hans. Sé þar ekki nema um nokkra yards að ræða. Við útsetningu í sjókorti lenti staður togarans á markalínunni. Vitnið kveðst ekki geta sagt með fullri nákvæmni, hve langt utan takmarkana togarinn var, það hafi allt eins getað verið 100 yards eins og 50 yards. Vitnið athugaði ratsjá togarans oð sýndi hún fjarlægðina 4¼ sjómílu frá Blakksnesi. Vitnið spurði ákærða um málavexti og skýrði hann frá þeim á sama hátt og rakið var hér að framan. Frá togaranum fór vitnið yfir í varðskipið og ræddi við skipherrann um málavexti og báru þeir saman sjókort sín og mælingar og var togarinn eftir mælingu skipherrans viðlíka langt innan landhelgislínunnar og vitninu hafði mælzt hann utan hennar. Vitnið athugaði lokamælingu varðskipsins á stað duflsins og taldi hana rétta. Á þessum tíma áleit vitnið, að sjókort sín (Admiralty Chart) og sjókort varðskipsins (danskt) væri sömu gerðar og á þeim grundvelli kveðst hann hafa samþykkt mælingu varðskipsins á duflinu, en þegar hann varð þess vísari undir rannsókn málsis, að kortunum bæri ekki fyllilega saman, taldi hann grundvöllinn fallinn undir því samþykki sínu.

Undir rannsókn málsins var lögð fram véladagbók varðskipsins og hefur dómurinn kynnt sér af henni ganghraða skipsins á þeim tíma, sem máli skiptir, og hvenær vélin var stöðvuð.

Hafa nú málavextir verið raktir, svo sem ástæða hefur þótt til.

Um staðarmælingar ákærða og útsetningu hans á þeim í sjókort togarans er það að segja, að útsetningin er ekki í fullu samræmi við mælingarnar. Þannig kveðst ákærði hafa mælt stað togarans 4,8 sjómílur frá landi, þegar hann var lagstur við akkeri, en í útsetningu hans er staðurinn sem næst 4.2 sjómílur frá landi. Um mælingar sínar var ákærði að mestu einn og gerði ekki sextantmælingar. Lítur dómurinn svo á, að á mælingum hans sé ekki byggjandi gegn hornamælingum varðskipsmanna, auk þess sem þær eru einnig í ósamræmi við mælingu foringja brezka eftirlitsskipsins á lokastað togarans. Þá er þess að gæta, að ákærði hefur með megnri óhlýðni sinni við stöðvunarmerki varðskipsins gert ærið til að torvelda sönnun fyrir því, hvar togarinn var, þegar eftirförin hófst.

Sú lauslega áætlun II. stýrimanns varðskipsins, að 3000 metra vegalengd hafi verið milli varðskipsins og togarans, þegar fyrsta kúluskotinu var hleypt af, verður að áliti dómsins að teljast óáreiðanleg, þar sem þessi áætlaða vegalengd kemur í bága við siglingu varðskipsins frá kl. 14.45. Hlýtur önnurhvor ratsjármælingin, sú, sem gerð var kl. 14.45, eða

þessi mæling stýrimannsins, að vera röng, en dómurinn hlýtur að telja fyrri mælinguna miklum mun áreiðanlegri en hina síðari, þar sem hún var gerð eftir skipun skipherra og undir umsjá hans og rituð samstundis, heldur en hin síðari lauslega mæling stýrimannsins, sem hann breytti í flýti úr mílum í metra.

Með eiðfestum skýrslum varðskipsmanna um eftirförina og staðsetningu duflsins í kjölfar togarans lítur dómurinn svo á, að sannað sé að duflið hafi verið sett á stað, sem togarinn hafi verið á eða alveg við á veiðum. Það er alkunna, að kjölfar skipa sést greinilega nokkra stund í þeim veðurskilyrðum, sem þarna voru, og þar sem varðskipsmennirnir sáu kjölfar togarans talsvert nær landi en þar sem duflið var sett, verður talið, að togarinn hafi að minnsta kosti verið jafnnærri landi og duflið. Ennfremur er það álit dómsins, að afstaða skipanna og hraði fram að lagningu duflsins brjóti ekki í bága við, að duflið hafi verið sett í kjölfar togarans skammt aftan við hann, eins og varðskipsmenn hafa skýrt frá. Hitt þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að togarinn hafi verið nær landi, enda engin mæld vegalengd að halda sér að í því tilliti.

Hornamælingar varðskipsins sýndu stað duflsins 1.1 sjómílu innan hinna nýju fiskveiðitakmarka, en hornamælingar H.M.S. Mariner sýndu stað duflsins 1.0 sjómílu innan sömu takmarka. Þar sem horn þau, sem varðskipið mældi, eru stærri en þau, sem brezka eftirlitsskipið mældi, og staðirnir, sem mælingarnar eru miðaðar við, eru greinilegri á sjókortinu hjá varðskipinu en eftirlitsskipinu, þykir verða að leggja mælingar varðskipsins til grundvallar dómi í máli þessu. Af sömu ástæðu verða mælingar varðskipsins á stað togarans, eftir að hann var lagstur við akkeri, lagðar til grundvallar dómi í máli þessu.

Sjókort varðskipsins og brezka eftirlitsskipsins voru ekki nákvæmlega eins og kann það að valda einhverju örlitlu ósamræmi í mælingum og útsetningum, en eins og þetta mál liggur fyrir, fær sá munur engan veginn skipt máli.

Samkvæmt framansögðu er því sannað, að ákærði hefur í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum innan hinna nýju fiskveiðitakmarka og hefur hann því gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, sem í ákæruskjali eru greind. Með því að ekki verður talið sannað, að ákærði hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum ekki dæmd fangelsisrefsing fyrir það eftir 5. gr. laga nr. 5 1920.

Eftir öllum atvikum, þ. á m. því, að um ítrekað brot ákærða er að ræða, þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin 90000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans York City, GY 193, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Albert Stanley Victor Jones, greiði 90000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi 9 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans York City, GY 193, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsted, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr. 29/1953. **Pétur Njarðvík**
gegn
Arnoddi Gunnlaugssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Njarðvík, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr. 33/1953. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
P. Stefánsson h/f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. maí 1953.

Nr. 34/1953. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 125.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1953.

Nr. 18/1952. **Lúðvík Eggertsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Steini Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Framsal dómsskuldar og aðfararveðs.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að stefndi hafi glatað rétti gagnvart áfrýjanda, með því að verða við tilmælum Brands Brynjólfssonar um frestun uppboðs fram til 10. september 1951.

Það er fram komið í málinu, að Brandur Brynjólfsson greiddi dómhafa kr. 3200.00 af skuldinni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1950, en stefndi greiddi kr. 26492.88. Telja verður, að stefndi hafi fengið framsal á þeim hluta dómskuldarinnar, sem hann greiddi, svo og aðfararveði samkvæmt fjárnámsgerð 17. janúar 1951, þinglesinni 19. s. m. Framsal þetta fór fram án atbeina áfrýjanda og á hann því ekki að bera neinn aukinn kostnað af þeim sökum. Á stefndi því ekki rétt til innheimtulauna né greiðslu aukins uppboðskostnaðar úr hendi áfrýjanda. Svo á stefndi og aðeins rétt til 6% ársvaxta af kr. 25000.00 frá 17. maí 1951 til greiðsludags.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja á að bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 1. febrúar 1952.

Þann 20. sept. 1951 sendi uppboðsbeiðandi, Steinn Jónsson hdl., uppboðshaldaranum í Reykjavík bréf ásamt eftirriti af fjárnámsgerð, sem fram hafði farið þann 17. janúar 1951 í fasteignunum nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, hér í bænum, eign Lúðvíks Eggertssonar, og krafðist þess, að eignir þessar yrðu seldar á nauðungaruppboði til fullnægju skuldar að fjárhæð kr. 29 692.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. maí 1951 til greiðsludags og innheimtulaunum svo og öllum kostnaði við uppboðið. Í ábyrgðarbréfi, dags. 24. sept. síðastliðinn, tilkynnti uppboðshaldari eiganda eignanna, Lúðvík Eggertssyni, um sölubeiðni þessa og var uppboðsauglýsingin því næst send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 8. október f. á. Þann 28. nóvember 1951 var nauðungaruppboð á eignum þessum því næst tekið fyrir á eignunum sjálfum og mætti þar þá eigandi þeirra. Mótmælti hann þegar, að uppboðið færi fram og var ágreiningur þessi tekinn undir úrskurð þann 23. f. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málflutningslauna.

Eins og áður segir, fór fjárnám fram á eignunum nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, hér í bænum, þann 17. jan. 1951 og skráð sem aðfararverð á eignunum 19. sama mánaðar. Var fjárnám þetta framkvæmt samkvæmt kröfu Magnúsar Thorlacius hrl. f. h. Sigurðar nokkurs Sigurðssonar til tryggingar skuld samkvæmt dómi, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 14. okt. 1950 í málinu Sigurður Sigurðsson gegn Brandi Brynjólfssyni og Lúðvík Eggertssyni, en í þeim dómi voru þeir dæmdir in solidum til að greiða Sigurði Sigurðssyni kr. 25 000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. sept. 1950 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 82.35 í afsagnarkostnað og stimpilkostnað og kr. 1850.00 í málskostnað. Með beiðni, dags. 14. marz 1951, krafðist Magnús Thorlacius hrl. því næst þess, að fram færi nauðungaruppboð á fasteignum þessum til fullnægju þessum kröfum auk viðbótarkostnaðar við málsskot m. m., en 15. maí 1951, sama daginn og nauðungaruppboð þetta skyldi tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur, afturkallaði hann uppboðið, en 2 dögum síðar eða 17. maí 1951 er svohljóðandi áritun gerð á fjárnámsgerðina:

„Veðskuld samkvæmt framanritaðri fjárnámsgerð er í dag að fullu greidd með kr. 29 692.88 og framselst hér með handhafa."

Áritun þessi er undirrituð af Oddgeiri Magnússyni hdl. f. h. Magnúsar Thorlacius hrl., en Oddgeir er fulltrúi hans. Þann 21. maí sama ár áritar uppboðsbeiðandi, Steinn Jónsson, fjárnámsgerð þessa svofelldri yfirlýsingu:

„Handhafi skuldbindur sig til að krefja ekki um ofangreinda veðskuld fyrr en 10. september 1951."

Í máli þessu hefur uppboðsbeiðandi talið rétt sinn til að leita fullnægju í eignum þessum ótvíræðan. Með áritun á fjárnámsgerðina hafi hann fengið dómskuldina ásamt fjárnámsgerðinni framselda frá upphaflegum skuldareiganda. Að vísu hafi samskuldari Lúðvíks, Brandur Brynjólfsson hdl., verið milligöngumaður um þetta og hafi hann gert þetta vegna tilmæla hans, en fjarri sé því, að hann hafi lánað Brandi þessa fjárhæð, enda hafi hann fengið fjárnámsgerð þessa í hendur beint frá fyrri skuldareiganda og með framsali hans og hafi hann verið í þeirri trú, að Brandur kæmi þar einnig fram sem umboðsmaður samskuldara síns. Yfirlýsinguna um 4 mánaða frestinn kveðst hann hafa ritað á fjárnámsgerðina samkvæmt beiðni Brands, enda hafi átt á því tímabili að greiða fjárnámskröfuna að fullu.

Uppboðsþoli hefur aftur á móti haldið því fram, að fjárnámsgerð sú, sem liggur til grundvallar nauðungaruppboði þessu, hafi fallið úr gildi um leið og greiðsla fór fram á skuldinni til Magnúsar Thorlacius hrl. Hafi uppboðsbeiðandi veitt Brandi Brynjólfssyni hdl., samskuldara eiganda eignanna, lán það, sem þurfti til fullnægju þeirrar greiðslu. Hafi Brandur með greiðslu dómskuldarinnar orðið eigandi að dómkröfunni og fjárnámið þar með fallið úr gildi og telur hann það engu máli skipta, þótt skráning aðfararveðsins hafi ekki verið afmáð. Þá heldur uppboðsþoli því fram, að þótt uppboðsbeiðandi hefði leyst til sín dómskuldina,

þá væri fjárnámið allt að einu fallið niður, þar sem samið hefði verið um greiðslufrest á fjárnámskröfunni án atbeina uppboðsþola og án þess að leita samþykkis hans.

Það er óumdeilt í máli þessu, að uppboðsbeiðandi hefur lagt fram meiri hluta þess fjár, sem þurfti til þess að losa fasteignir uppboðsþola undan nauðungarsölu dag þann, er uppboðið skyldi fara fram, 15. maí 1951. Hins vegar er það ósannað, að uppboðsbeiðandi hafi veitt Brandi Brynjólfssyni persónulega þetta lán, enda verður að telja sannað með fyrrgreindri yfirlýsingu á fjárnámsgerðinni, sem virðist eftir orðum sínum taka bæði til dómskuldarinnar og fjárnámsgerðarinnar, að hér hafi verið um beint framsal að ræða frá fyrri skuldareiganda til uppboðsbeiðanda. Að vísu virðist ekki hafa verið leitað samþykkis uppboðsþola fyrir frestun á greiðslu skuldarinnar, en telja verður, að uppboðsbeiðandi hafi mátt treysta því, að Brandur Brynjólfsson, sem er starfandi lögfræðingur, hefði umboð hans til þessara aðgerða, þar sem líka þar við bætist, að uppboðsbeiðandi gat vænzt þess, að án slíkra aðgerða myndu eignir uppboðsþola verða seldar nauðungarsölu þá þegar og væri því þessi frestur eigi síður honum í hag.

Að þessu athuguðu þykir verða að leyfa framgang hins umbeðna nauðungaruppboðs.

Rétt þykir, að málflutningslaun til aðilja falli niður í máli þessu.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna nauðungaruppboð skal fara fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Málflutningslaun til aðilja falli niður.

Miðvikudaginn 3. júní 1953.

Nr. 40/1949. **Kirkjumálaráðherra vegna jarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Egilssyni, eiganda Selalækjar
(Magnús Thorlacius).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, próf. Ármann Snævarr og próf. Ólafur Jóhannesson.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1949. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómnum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Deilt er í máli þessu um landamerki milli Oddajarða og Selalækjar frá vörðu á Smalaskálaholti og út að Ytri-Rangá, en fyrirsvarsmaður Oddajarða og eigandi Selalækjar urðu á dómþingi 28. ágúst 1948 ásáttir um, að tiltekin varða á nefndu holti, sem mörkuð er á uppdrætti, skuli teljast markadepill á holtinu. Verður við það að miða, enda staðfest eftir á af kirkjumálaráðuneytinu. Áfrýjandi telur að draga eigi landamerkjalínuna frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhendingu á Bjólubæ, en stefndi staðhæfir, að hún liggi um tvær vörður, sem eru sunnar á bakka Ytri-Rangár.

Um landamerkin á þrætusvæðinu liggja fyrir tvær landamerkjaskrár. Önnur landamerkjaskráin er fyrir Selalæk. Hana hafa undirritað hinn 19. maí 1890 m. a. Brynjólfur Stefánsson, þá fyrirsvarsmaður Selalækjar, og séra Skúli

Skúlason, fyrrum prestur í Odda. Um mörkin á þrætusvæðinu segir þar: „og frá nefndri vörðu," þ. e. á Smalaskálaholti, „beina stefnu í tvær vörður við Ytri-Rangá móts við Bjólu." Segir stefndi þetta vera vörðurnar, sem hann hefur lagt girðingu um frá vörðunni á Smalaskálaholti, og bendir þessu til staðfestingar á vottorð Jóns Eiríkssonar, Bjóluhjáleigu, frá 7. apríl 1908, þar sem hann kveður landamerkin milli Oddajarða og Selalækjar við Ytri-Rangá hafa verið talin liggja um tvær smávörður, er sjáist móts við Bjólu. Hin landamerkjaskráin, er athuga þarf, er fyrir Oddajarðir. Hana undirrituðu 22. maí 1890 m. a. Skúli Skúlason prestur og Brynjólfur Stefánsson. Um landamerkin á þrætusvæðinu segir þar: „Frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja svo mörkin út yfir Oddaflóð sjónhendingu í Bjólubæ." Reisir áfrýjandi kröfur sínar á þessari merkjalýsingu, sem hann kveður Oddapresta hafa haldið fast við. Bendir hann og á, að landamerkjabréfið fyrir Odda sé síðar undirritað en Selalækjarbréfið og eigi Oddabréfið því að geyma betri rétt. Því hefur verið haldið fram af hendi stefnda, að nefnt ákvæði landamerkjaskrárinnar fyrir Oddajarðir verði ekki lagt til grundvallar í málinu, þar sem það verði ekki samþýtt öðru ákvæði í sömu landamerkjaskrá, þar sem segir: „að sunnan (ræður) Þverá, að vestan Ytri-Rangá allt þangað til á móts við Bjólu." En ekki verði talið, að sjónhendingarlínan frá vörðunni á Smalaskálaholti og í Bjólubæ liggi yfir bakka Ytri-Rangár „á móts við Bjólu", heldur sé sú lína ofar. Merking orðalagsins „á móts við Bjólu" er teygjanleg. Samkvæmt vottorði Brynjólfs Stefánssonar fóru þeir, sem sömdu landamerkjabréfið 22. maí 1890, á Smalaskálaholt. Þeim gat ekki dulizt, hvernig sjónhendingarlínan úr vörðunni þar lá í Bjólubæ. Hljóta þeir því samkvæmt sjálfs sín orðum í landamerkjaskránni að hafa talið sjónhendingarlínuna skera árbakkann „á móts við Bjólu." Landamerkjaskráin fyrir Odda er gerð síðar en landamerkjabréfið fyrir Selalæk. Ákvæði Oddabréfsins um, að landamerkin liggi frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhendingu í Bjólubæ, eru ótvíræð og koma auk þess alveg heim við gömul gögn um landamerki á þrætusvæðinu, svo sem áreiðargerð milli Odda og Selalækjar frá 1570, lögfestu

frá 28. ágúst 1681 í Odda, lögfestu Vigfúsar Guðmundssonar á Selalæk frá 13. ágúst 1682, lögfestu 19. janúar 1701 svo og útskrift úr þingbók Rangárvallasýslu af áreiðargerð, er framkvæmd var 1839. Mátti Oddaprestur og eigi gefa upp rétt Oddajarða samkvæmt hinum gömlu gögnum. Samkvæmt öllu því, er nú var rakið, verður landamerkjaskráin fyrir Oddajarðir frá 22. maí 1890 að ganga fyrir landamerkjaskránni fyrir Selalæk frá 19. maí 1890, að því leyti sem skrám þessum kann að bera á milli.

Fyrirsvarsmaður stefnda hreyfði því í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti, að eigendur Selalækjar hafi unnið hefð á þrætulandinu. Í yfirlýsingu frá 25. apríl 1908 telur Brynjólfur Stefánsson undirritun sína undir Oddabréfið reista á misskilningi og kveðst hann hafa látið slá að vörðum þeim, er getur í landamerkjaskrá Selalækjar. Til þessarar notkunar bendir og vætti tveggja sonarbarna Brynjólfs, er dvöldust á Selalæk milli tíu og tuttugu ár í æsku fyrir og eftir síðustu aldamót. En notkun Brynjólfs gat ekki leitt til hefðar, þar sem hún fór í bága við ótvíræð ákvæði landamerkjabréfs Oddajarða, sem hann hafði undirritað. Sigurður Guðmundsson, fyrrum eigandi Selalækjar, lét hinn 25. apríl 1908 þinglýsa yfirlýsingu um, að hann teldi sig eiga landið að vörðum sunnan nefndrar sjónhendingarlínu og kvaðst mundi nytja það. En sóknarpresturinn í Odda lét þegar þinglýsa mótmælum gegn því. Séra Erlendur Þórðarson, er prestur var í Odda árin frá 1918 til 1945, lýsir því, að þess hafi ekki orðið vart, að ábúendur Selalækjar hafi í hans prestsskapartíð slegið leyfislaust suður fyrir sjónhendingarlínuna. Verður ekki talið sannað með þeim gögnum, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, að eigendur Selalækjar hafi haft svo langvinnt einkahald á þrætusvæðinu, að til eignarhefðar hafi leitt þeim til handa.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, og samkvæmt 15. gr. laga nr. 41 frá 1919, sbr. lög nr. 40 frá 1927, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað til dómsálagningar

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu 3. nóvember 1948.

Mál þetta er höfðað 31. maí 1948 af sr. Arngrími Jónssyni sóknarpresti, Odda, Rangárvöllum, sem fyrirsvarsmanni kirkjujarðanna Odda, Langekru, Kraga, Vindáss og Sólvalla, allra í Rangárvallahreppi, gegn Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar í sama hreppi. Af 4 mönnum, útnefndum í landamerkjadóm, ruddu aðiljar sínum manni hvor, og eftir urðu og tóku setu í dóminum ásamt dómsformanni, Birni Björnssyni sýslumanni, þeir Ágúst Andrésson, bóndi í Hemlu, og Páll Björgvinsson, bóndi á Efra-Hvoli.

Málið var dómtekið 13. okt. s.l. Undir rekstri málsins urðu sættir með aðiljum um nokkurn hluta hins upphaflega landamerkjaágreinings, þannig að eftir var einungis ágreiningur um síðasta (vestasta) hluta landamerkjalínunnar milli Oddajarða og Selalækjar. En um þessa línu er krafa sóknaraðilja á þessa leið: Hún verði ákveðin frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhending í Bjólubæ. Enn fremur krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til að færa markagirðingu þá, sem hann nú hefur sett upp, þangað sem sjónhendingarlínan segir til um. Krafa varnaraðilja er sú, að frá vörðunni á Smalaskálaholti ráði bein lína í tvær vörður á eystri bakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar úr hendi hins, sóknaraðili að skaðlausu, en varnaraðili samkvæmt mati dómsins. Sátta hefur verið leitað um ágreining þenna, en árangurslaust. Í maí 1947 hafði varnaraðili ákveðið að girða á landamörkum milli Oddajarða og Selalækjar frá vörðunni á Smalaskálaholti í tvær vörður á eystri bakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Í þessu skyni og til undirbúnings frekari framkvæmda kvaddi varnaraðili hreppstjóra Rangárvallahrepps og fyrirsvarsmenn Oddajarða til sín til nánari ákvörðunar og samþykkis um legu girðingarinnar. Fyrirsvarsmaður Oddajarða taldi þá þessi mörk ekki vera hin réttu, aðallega vegna þess að markið á Smalaskála (varðan) væri ekki rétt mark. Kvaðst fyrirsvarsmaðurinn mundu athuga málið nánar. En ekkert var aðhafzt þetta ár. Næsta ár í maí girti varnaraðili á þeim mörkum, sem hann upphaflega hafði ætlað sér og taldi rétt mörk, frá vörðunni á Smalaskálaholti í tvær vörður á Rangárbakka. Ekki kveður varnaraðili, að þessari girðingarframkvæmd hafi verið þá sérstaklega mótmælt. Þannig stóð málið, þegar það var tekið til dómsmeðferðar.

Upphaflega deildu aðiljar um vörðuna á Smalaskálaholti, en eins og

áður er drepið á, varð m. a. sátt með þeim um, að varðan, sem nú er þar, skyldi rétt mark telja þar efra. Er því einungis ágreiningur um það, hvar markalínan frá vörðunni skuli skera Ytri-Rangá að austanverðu. — Lögð hafa verið fram landamerkjabréf Oddajarða (rskj. nr. 1) og Selalækjar (rskj. nr. 3). Skjöl þessi eru bæði undirrituð og þinglesin sama ár, 1890. Sami maður hefur undirritað bréfin fyrir Oddajarðir, og eins hefur sami maður undirritað þau af hálfu Selalækjar.

Í landamerkjabréfi Oddajarða segir m. a. svo: „Frá þessari vörðu á Smalaskálaholti liggja mörkin svo út yfir Oddaflóð sjónhending í Bjólubæ.“ Í upphafi þessa bréfs er komizt þannig að orði, þegar rætt er um mörkin út við Ytri-Rangá: „Að sunnan (ræður) Þverá, að vestan Ytri-Rangá, allt þangað til móts við Bjólubæ.“ Selalækjarbréfið segir: „Frá nefndri vörðu (á Smalaskálaholti) beina stefnu í tvær vörður við Ytri-Rangá móts við Bjólu.“ Við þinglestur bréfanna 30. maí 1890 var engin athugasemd við þau gerð.

Að því er snertir vörður þær tvær, sem getur í Selalækjarbréfinu, voru þinglesnar á manntalsþingi 22. maí 1908 yfirlýsingar af hálfu tveggja ábúenda Selalækjar og svo 3ja manns. Á þinginu mótmælti fyrirsvarsmaður Oddans yfirlýsingum þessum „að svo stöddu“. Við þetta hefur svo búið verið þar til nú. Á austanverðum Ytri-Rangárbökkum á hinu umþráttaða svæði eru staðhættir þessir í höfuðatriðum: Þegar komið er á móts við Bjólubæ, sem spölkorn upp af ánni vestan megin, eru tvær þústir austan á bakkanum, hvor upp af annari. Þessar þústir eru nokkuð stærri en þúfur í umhverfinu og líklegt, að þær hafi á sínum tíma verið hlaðnar upp eða að þeim dyttað. Hins vegar verður að telja þær fremur lítils háttar, ef landamerkjavörður væru. Við vörður (þústir) þessar er girðing sú, sem varnaraðili setti upp á s.l. vori, og þaðan liggur hún austur á bóginn yfir Oddaflóð upp að vörðunni á Smalaskálaholti. Sé gengið norður bakkana frá þessum þústum og staðnæmzt, þar (á þeim punkti) sem sjónhendingarlína frá Smalaskálaholti beint í Bjólubæ liggur, þá er alls ekki verið á móts við Bjólubæ, heldur talsvert norðar, og væri þá helzt að miða við Steinstóft eða e. t. v. réttara á milli Steinstóftar og Hrafnatófta.

Fráleitt væri með öllu að telja sig vera þar á móts við Bjólubæ. Eftir nánari eftirgrennslan er um engar aðrar þústir eða vörður sérstakar að ræða, sem hugsanlegt væri að geta talið til markavarða.

Í máli þessu hafa verið leidd nokkur vitni, sem gengið hafa á bakkana. Hefur framburður þeirra reynzt óákveðinn og hikandi og alls ekki þannig, að leitt gæti til nokkurrar niðurstöðu um mörkin. Er enda nokkur von þessa, þar eð langur tími er liðinn, frá því þau dvöldust á þessum slóðum, og eigi vitað, að þá væru uppi sérstakar markadeilur né ástæður til glöggvunar á merkjunum. Þá hafa nokkur vottorð verið lögð fram, án þess að þau hafi verið staðfest fyrir dómi. Við athugun á þeim kemur hið sama fram og við framburð vitnanna, að um merkin hefur alls eigi verið hirt né tilraun gerð að ganga skilmerkilega

og endanlega frá þeim. Þess má geta, að tvö þessara vottorða eru undirrituð af manni, sem búsettur var í Odda á 3ja tug ára. En ekki getur hann sagt til haldinna marka á þessum slóðum og tekur sérstaklega fram, að vart hafi verið ástæða til að fylgjast með mörkum á „flóðunum" og rekur að því orsakir. Sóknaraðili hefur lagt nokkra áherzlu á að fá úr því skorið um merkin með því, að reynt yrði að kveða á um endamörk svokallaðs Helluvaðsstykkis, sem er slægjuland frá Oddajörðum og talið liggja að Selalækjarlandi. En slægjustykki þetta hefur eigi reynzt unnt að afmarka, og eru suðurmörk þess eigi síður óglögg.

Eins og málið liggur fyrir, verður að áliti dómsins einvörðungu leyst úr ágreiningnum með því að skýra landamerkjabréfin sjálf, svo sem kostur er á.

Fyrst er að geta þess, að bæði bréfin eru undirrituð og þinglesin ágreiningslaust. Í upphafsmálsgrein Oddabréfs er hornmarkið við Ytri-Rangá staðsett þannig: „Á móts við Bjólubæ." Þessi staðarákvörðun Oddabréfs kemur heim við Selalækjarbréfið, sem táknar þenna stað með orðunum: „móts við Bjólu". Verður því eigi annað betur séð en að bréfin séu samhljóða um það, að hornmarkið skuli vera gegnt Bjólu. En þegar Oddabréfið í lokin kemur aftur að þessu hornmarki, sem það fyrr hafði afmarkað, eins og áður segir, kveður það svo á, að merkin liggi frá vörðunni á Smalaskálaholti sjónhending í Bjólubæ, en minnist ekki á hornmarkið móts við Bjólubæ né á vörðurnar tvær, sem Selalækjarbréfið getur um. Og þegar nánar er aðgætt, er hornmarkið alls ekki á móts við Bjólu, ef sjónhendingarlínan ræður, heldur mun norðar, og er þessa munar áður getið. Þetta ósamræmi innan Oddabréfsins um hornmarkið verður ekki skýrt með öðru móti en því, að sjónhendingarlínunni hafi verið ætlað að ná hinu fyrr staðsetta hornmarki og þá að sjálfsögðu vörðunum tveimur móts við Bjólu. Að öðrum kosti væri með öllu óskiljanleg undirskrift fyrirsvarsmanns Oddajarða undir Selalækjarbréfinu með sérstöku tilliti í fyrsta lagi til afskiptaleysis fyrirsvarsmannsins, eftir að hann hafði gert athugasemdina við þinglestrarskjalið á rskj. nr. 4, og í öðru lagi til orðalagsins í Oddabréfinu „á móts við Bjólubæ." Auk þessa skal tekið fram: Sé staðið hjá vörðunni á Smalaskálaholti, mætti jafnvel ætla, að sjónhendingarlína þaðan í Bjólubæ næði hornmarkinu á móts við Bjólu. Línan er það löng yfir Oddaflóð, en fjarlægðin milli hinna tveggja hornmarka að tiltölu lítil. Svo kemur og það til, að vörðurnar munu lítt eða alls ekki hafa sézt af Smalaskálaholti.

Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komizt að ákveða hornmarkið við Ytri-Rangá á móts við Bjólu. Hitt er svo eftir að ákveða nánar, hvar á móts við Bjólu það skuli vera. Orðalagið á móts við Bjólu er að sjálfsögðu nokkuð *teygjanlegt* og vart með því unnt að ná hinni fyllstu staðarákvörðun, ef eigi kemur annað til. Hefur vörðunum væntanlega verið ætlað að skera nánar úr um staðinn. Þústir þær, sem fyrr eru

nefndar, eru ekki svo að fullu sé sannað vörður þær, sem Selalækjarbréfið getur um. Hins vegar verða þær réttilega taldar vera á móts við Bjólu og ekki hefur tekizt að færa fram neinar líkur fyrir öðrum kennileitum líklegri sem markavörðum. Verður því eftir atvikum að álíta, að alls eigi geti neinu verulegu skeikað frá hornmarki því, sem bréfin eru samhljóða um að sé á móts við Bjólu, þótt við þessar þústir verði miðuð landamerkjalínan frá vörðunni á Smalaskálaholti.

Þegar alls þessa er gætt, þykir verða að ákveða hina umþráttuðu markalínu þannig:

Merkjum ráði lína, dregin frá vörðunni á Smalaskálaholti í efri þústina á Ytri-Rangárbökkum móts við Bjólu, úr þeirri þúst um hina neðri út í Rangá. Þá þykir rétt að skylda aðilja sameiginlega til að hlaða upp sem landamerkjavörður umræddar tvær þústir, og skulu þeir hafa gert það fyrir árslok 1949.

Málskostnaður ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður dómenda	kr.	200.00
2. Þóknun til dómenda kr. 280.00 til hvors	—	840.00
3. Uppdráttargerð	—	150.00
4. Vitnakostnaður	—	50.00
Samtals kr.		1240.00,

og virðist eftir atvikum rétt, m. a. þegar tekið er til greina, hversu mjög hefur gætt óvissu um merkin á hinu umþráttaða svæði, að dæma aðilja til að greiða þenna kostnað að hálfu hvorn. — Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hin umþráttuðu landamerki milli Oddajarða og Selalækjar ákveðast þessi:

Frá vörðunni á Smalaskálaholti í eystri þústina í austurbakka Ytri-Rangár móts við Bjólu. Frá þessari þúst um hina vestri þúst út í Ytri-Rangá. Innan ársloka 1949 skulu aðiljar sameiginlega hlaða upp þústirnar sem landamerkjavörður.

Sóknaraðili, sr. Arngrímur Jónsson í Odda f. h. Oddajarða, og varnaraðili, Jón Egilsson á Selalæk, greiði að hálfu hvor kostnað við merkjadóminn, að upphæð kr. 1240.00. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Föstudaginn 5. júní 1953.

Nr. 32/1953. **Frímúrarareglan á Íslandi** (Magnús Thorlacius)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fasteignagjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. marz 1953. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Frímúrarareglan á Íslandi, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er ósamþykkur því, að undanþága frá greiðslu fasteignagjalds af samkomuhúsum skv. 4. gr. laga nr. 67/1945 eigi að vera háð því skilyrði, að almenningur yfirleitt hafi aðgang að samkomum þeim, sem þar eru haldnar. Hins vegar

get ég fallist á, að áfrýjanda beri að greiða fasteignagjald af umræddu húsi, þar sem ekki er í ljós leitt, að starfsemi hans og þá sérstaklega notkun greinds húss, sé aðallega rekin til almenningsheilla. Loks tel ég rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. janúar 1953.

Gerðarþola, Frímúrarareglunni á Íslandi, var gert að greiða af húseign sinni, nr. 4 við Borgartún, hér í bæ, húsaskatt til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1952 að upphæð kr. 2 534.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt skatt þennan, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Kveður nefndur umboðsmaður gerðarþola að húseign sú, er skattur sá, er hér ræðir um, hefur verið lagður á, sé aðeins notuð fyrir samkomur frímúrara og til íbúðar fyrir húsvörð, sem enga leigu greiði. Gerðarþoli hafi því engar tekjur af téðri húseign. Sé því fasteign þessi undanþegin gjaldi því, sem hér ræðir um, samkvæmt 4. gr. laga nr. 67/1945, „samkomuhús ...., sem ekki eru leigð út til skemmtana". Hafi því eigi verið heimilt að leggja umræddan skatt á gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt þessu sjónarmiði umboðsmanns gerðarþola og ítrekað þær kröfur, að lögtaksgerðin verði látin ganga fram. Heldur hann því fram, að undantekningarákvæði 4. gr. laga nr. 67 1945 taki einungis til samkomuhúsa, sem reist séu og rekin til „almenningsheilla", samkomuhúsa, þar sem allur almenningur hafi aðgang að samkomum. Þetta megi og telja ljóst af rökum þeim, sem á Alþingi hafi verið færð fyrir því, að undantekningarákvæðið skyldi sett, sbr. Alþt. 1937 (síðara þing) B, bls. 698—699.

Hafa aðiljar lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Skattur sá, er hér ræðir um, er lagður á samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, en í upphafi 1. gr. þeirra laga segir svo: „Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlegan fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur ....". Er með þessu orðuð sú meginregla, sem umrædd lög eru byggð á. En í 4. gr. nefndra laga eru taldar upp undantekningar frá þessari meginreglu og skulu eftir þessari lagagrein vera undanþegnar skatti: fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð, kirkjur, „samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana", skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elli-

heimili, þinghús o. s. frv. Rétturinn lítur svo á, að þar sem í nefndri grein er talað um „samkomuhús .... sem ekki eru leigð út til skemmtana", sé eingöngu átt við samkomuhús, sem reist séu og rekin til almenningsþarfa, og þar sem almenningur yfirleitt hefur aðgang að samkomum. Telur rétturinn, að þessi skilningur á nefndu atriði í umræddri lagagrein eigi ríka stoð í upptalningu þeirra fasteigna í greininni, sem njóta þessa undantekningarákvæðis, en þar eru eingöngu fasteignir opinberra aðilja eða fasteignir eingöngu til almenningsheilla, svo sem kirkjur, skólahús, íþróttahús, barnaheimili, elliheimili eða sjúkrahús o. s. frv. Sé þessi skilningur réttur, sem telja má vafalaust, er augljóst, að fasteign gerðarþola getur ekki fallið undir umrædda lagagrein og því ekki notið undantekningarákvæðis hennar, enda ber og að skýra slík undantekningarákvæði þröngt. Fasteign þessi er eign frímúrararegluunnar á Íslandi, en hún er, sem kunnugt er, félagsskapur ákveðins hóps manna og að henni takmarkaður aðgangur og hafa ekki aðrir aðgang að samkomum, sem þar eru haldnar, en félagsmenn einir. Lög þau, sem hér ræðir um, eru að stofni til gömul og hafa ýmsar breytingar verið á þeim gerðar, meðal annars 1937. Kemur ljóslega fram af þeim rökum, sem þá voru færð fyrir því, að undantekningarákvæði 4. gr. skyldi sett, að löggjafinn hefur eingöngu haft í huga fasteignir, er reknar eru til almenningsheilla eða almenningsþarfa, sbr. Alþt. 1937, (síðara þing) B, bls. 698—699. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að undantekningarákvæði 4. gr. nefndra laga taki eigi til fasteignar gerðarþola, þeirrar, er hér ræðir um, og að hinn umræddi húsaskattur hafi því réttilega verið lagður á gerðarþola. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af því leiðir, að málskostnaðarkrafa gerðarþola verður eigi tekin til greina:

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gerðarþola er eigi tekin til greina.

Föstudaginn 5. júní 1953.

Nr. 100/1952. **Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Agli Ragnars f. h. ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar E. Ragnars (Lárus Jóhannesson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skipsleiga. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1952. Krefjast þeir aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara að dæmd bótafjárhæð verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjendum in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki tekin til greina sú málsástæða áfrýjenda, að stefnda hafi brostið aðild til höfðunar máls þessa.

Sjóslysið, er v/s Ragnar, S.I. 91, fórst hinn 30. júlí 1947, var með þeim hætti, að það leysti áfrýjendur ekki undan skyldum þeim, er þeir höfðu tekið á sig með skipsleigusamningnum, um að greiða stefnda andvirði síldarnóta þeirra, sem í málinu greinir, þar sem ekki var unnt að skila nótunum sjálfum, svo og um að greiða stefnda eftirstöðvar leigugjaldsins. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um nefndar fjárgreiðslur ásamt vöxtum, eins og þar segir.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda samtals kr. 7000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson, greiði in solidum stefnda, Agli Ragnars f. h. Guðrúnar E. Ragnars, kr. 100.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 15. ágúst 1947 og af kr. 50.000.00 frá 15. september 1947, hvorttveggja til greiðsludags, og kr. 7000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 2. maí 1952.

Mál þetta, sem teikð var til dóms þann 25. þ. m., hefur stefnandi, Egill Ragnars síldarkaupmaður, Þórshöfn, f. h. ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar E. Ragnars, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar samkvæmt heimild í leigusamningi með stefnu útgefinni 14. júlí f. á. á hendur þeim Gunnlaugi Guðjónssyni framkvæmdastjóra, Aðalgötu 6, Siglufirði og Barða Barðasyni skipstjóra, Lækjargötu 11, Siglufirði og gerir þær kröfur, að stefndu verði annar fyrir báða og báðir fyrir annan dæmdir til að greiða skaðabætur að upphæð kr. 120 000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 70 000.00 frá 30. júlí 1947 og af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947, hvorttveggja til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu. Síðar var mál þetta flutt fyrir sjó- og verzlunardóm Akureyrar og hefur verið rekið fyrir þeim dómi.

Af hendi stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum, að í júnímánuði 1947 hafi Útvegsbankinn á Akureyri í umboði stefnanda leigt stefndu skip stefnanda, v/s Ragnar, SI 91, til síldveiða þá um sumarið ásamt tilheyrandi síldveiðarfærum, þar á meðal tveim síldarnótum, djúpnót og grunnnót. Hinn 30. júlí um sumarið sökk skipið vegna ofhleðslu og mistaka skipstjórnarmanna. Báðar síldarnæturnar, sem voru óvátryggðar, fórust með skipinu. Stefnandi telur stefndu bera bótaábyrgð á tjóni því, er hann hefur orðið fyrir við missi nótanna, en þær telur hann hafa verið 70 þúsund króna virði Auk þess telur stefnandi sig eiga rétt til að fá greidda fulla leigu samkvæmt leigusamningnum, þótt skipið færist, sökum þess að það skeði fyrir handvömm skipstjórnarmanna. Ógreidd leiga nemur kr. 50 000.00. Með dómi Siglingadóms 31. maí 1949 var skipstjóri sá, er stjórnaði skipinu, er það sökk, dæmdur til refsingar fyrir að hafa með gáleysi valdið því, að skipið fórst eða a. m. k. hafi gáleysi hans átt sinn hlut að því, að svo fór. Stefndu réðu skipstjóra og skipshöfn á skipið.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins. Með auglýsingu, dags. 31. des. 1947, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, var tilkynnt, að vátryggingafé og útgerð v/s

Ragnars SI 91, talin eign Guðrúnar Ragnars, væri tekið til opinberra skipta. Skipaður fjárgæzlumaður hennar við skipti þessi lýsti yfir því, að hann gæti ekki fallizt á, að Guðrún Ragnars, sem var ósjálfráða barn, gæti borið persónulega ábyrgð á skuldum og stefndu telja, að búinu hafi verið skipt sem skuldafrágöngubúi. Af þessum sökum telja stefndu, að kröfur á hendur þeim vegna útgerðar þeirra á skipinu verði eingöngu hafðar uppi í nafni skuldafrágöngubúsins og með hagsmuni skuldheimtumanna þess fyrir augum.

Stefnandi vefengir, að um skuldafrágöngubúskipti í merkingu skiptalaganna hafi verið hér að ræða. Á dómþingi skiptaréttar Reykjavíkur þann 24. júní 1948 tekur skiptaráðandi fram, að með bú þetta hafi eigi verið farið sem þrotabú, enda hafi engin krafa um það verið gerð og ekki liggi fyrir sannanir um það, hvort skuldir útgerðarinnar verði réttilega taldar skuldir Guðrúnar Ragnars eða ekki. Þá gat skiptaráðandi þess á sama dómþingi, að komið hefði til tals að höfða mál á hendur stefndu út af veiðarfærum tilgreindum í leigusamningi um v/s Ragnar og lýsti því yfir af hálfu búsins, að ekkert væri við málssókn þessa að athuga og heimilaðist hún, þó án nokkurs kostnaðar fyrir búið.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að um gjaldþrotaskipti hefur ekki verið að ræða og verður sýknukrafa, byggð á aðildarskorti, því ekki tekin til greina.

Samkvæmt leigusamningi um skipið milli aðilja máls þessa var það leigt ásamt síldveiðarfærum og leiguupphæð ákveðin í einu lagi fyrir hvort tveggja kr. 110 000.00. Leigusalar skyldu annast sjóvátryggingu skipsins. Telja stefndu, að þannig hafi stefnandi tekið á sig áhættuna af öllu sjótjóni, sem hið leigða yrði fyrir á leigutímanum, og fengið tjón sitt að fullu bætt með vátryggingarfé skipsins, en skipið sjálft var vátryggt fyrir kr. 400 000.00 og auk þess tryggt húftryggingu fyrir kr. 100 000.00. Samkvæmt vátryggingarskírteinunum, sem lögð eru fram í málinu, hefur einungis skipið verið vátryggt, en veiðarfærin ekki. Stefnandi hefur því ekki fengið veiðarfæratjón bætt af vátryggingarfénu. Ekki verður heldur af leigusamningnum ráðið, að stefndu séu lausir við hvers konar ábyrgð á sjótjóni, að því er veiðarfærin snertir. Hins vegar er í þeim samningi tekið fram um veiðarfærin, að þeim skuli skilað í sama ástandi og við upphaf leigutímans, að undanskildu eðlilegu sliti.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að ábyrgð þeirra á tjóni af völdum gáleysis skipstjóra takmarkist af ákvæðum 13. gr. siglingalaganna, sem kveður svo á, að útgerðarmaður ábyrgist slíkt tjón einungis með skipi og farmgjaldi. Ábyrgðarregla þessi getur ekki átt við í lögskiptum aðilja máls þessa, þar sem slíkt mundi leiða til þess, að útgerðarmenn yrðu ábyrgðarlausir gagnvart leigusala á hvers konar tjóni af völdum ásetnings- eða gáleysisverka skipstjóra eða manna, er í þágu skipsins vinna. Þannig verður lagagrein þessi ekki skilin. Hins vegar kemur hér til greina sú almenna regla kröfuréttarins, að maður ber ábyrgð á tjóni, er orsakast af völdum ásetnings- og gáleysisverka starfsmanna hans. Samkvæmt þessu og þar sem staðfest er með dómi Sigl-

ingadóms, að skipið hafi farizt að meira eða minna leyti fyrir handvömm skipstjórans, ber hinum stefndu að bæta stefnanda tjón, er hann varð fyrir við missi umræddra síldarnóta.

Stefndu hafa krafizt þess til vara, að bætur vegna nótatjónsins verði stórlega lækkaðar frá því, sem krafizt er í stefnu, og tjóninu verði skipt, miðað við sök hvors um sig á því, skipstjórans og ráðamanns skipsins, stefnandans Egils Ragnars. Halda stefndu því fram, að meginorsök til þess að skipið fórst, hafi verið stórkostlegir gallar á því, er gerðu það að verkum, að það fór illa í sjó. Um þetta hafi stefnanda Agli Ragnars hlotið að vera kunnugt og honum hafi borið skylda til að aðvara stefndu um galla skipsins. Þar sem hann lét þetta undir höfuð leggjast, sé hann meðvaldur að því, að skipið fórst.

Skipið var upphaflega byggt sem gufuskip og hét áður Sæfari. Árið 1945 var því breytt í mótorskip. Breytingin var gerð með samþykki skipaskoðunarstjóra og undir eftirliti skipaskoðunarmanns. Það var gert út til síldveiða eftir breytinguna sumrin 1945 og 1946 og hafði löggilt haffærisskírteini, er það fórst. Stefnandi Egill Ragnars mótmælir því eindregið, að um hafi verið að ræða slæmt sjóhæfi eða galla á skipinu og ekki verður af gögnum málsins ráðið, að áliti hinna sérfróðu manna í dóminum, að um galla á skipinu hafi verið að ræða. Hins vegar hafði skipstjórinn talsverða reynslu af skipinu og mátti því bezt vita, hvað mátti bjóða því. Þykir því krafa um lækkun bóta, vegna þess að stefnandi Egill Ragnars hafi verið meðvaldur að tjóninu, ekki á rökum byggð.

Nætur þær, sem fórust með skipinu, voru grunnnót og djúpnót. Stefnandi kveður djúpnótina hafa verið góða og tveggja ára gamla. Grunnnótin var gerð upp úr eldri djúpnót og vel nothæf að sögn stefnanda. Vitnið Einar Malmquist Einarsson, framkvæmdastjóri nótastöðvar Óla Konráðssonar, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að næturnar hafi báðar verið til geymslu og viðgerðar í nótastöðinni veturinn 1946—1947. Viðgerðar- og litunarkostnaður nótanna nam kr. 15 600.00. Segir hann, að báðar hafi verið notaðar, en í mjög sæmilegu ástandi og djúpnótin muni hafa verið nýleg. Áætlar hann verð nótanna að viðgerð lokinni samanlagt kr. 60—70 þús., en verð á nótum kveður hann hafa verið tiltölulega hátt þá um vorið, vegna skorts á nýju nótaefni. Hann kvaðst vita til, að notuð nót óviðgerð var seld í ársbyrjun 1947 á kr. 32 500.00.

Skipstjórinn á v/s Ragnari sumarið 1947, Kristinn Stefánsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að grunnnótin hafi verið það léleg, að hann taldi hana ónothæfa sem veiðarfæri, hins vegar var aðalnótin sæmileg, en veikbyggð, svo að gæta varð varúðar við notkun hennar. Fyrsta daginn, sem hún var notuð, rifnaði hún svo að gera varð við hana. Thorberg nokkur Einarsson gerði við nótina. Hefur hann komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hún hafi verið veik, einkum um miðjuna. Hann hefur og skýrt svo frá, að verð nýrra nóta á þessum tíma hafi verið 38—42 þús. krónur.

Skipstjóri á v/s Ragnari sumarið 1946, Jóhannes Halldórsson, hefur einnig komið fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að djúpnótin hafi verið

vel löguð til veiða og styrkleiki hennar eins og frekast varð ætlast til eftir aldri og notkun. Nótin var 210 faðma löng og 35 faðma djúp í poka. Grunnnótina taldi hann sæmilega að styrkleika og eftir viðgerð, er hann lét gera á henni, hafi hún verið góð. Nót þessi var 126 faðma lög og 24 faðma djúp í poka. Vitnið notaði báðar næturnar. Upplýst var við munnlegan flutning málsins, að skipið hefði verið búið að fiska hátt á 3. þús. mál, er það fórst, auk þeirra 780 mála, er talið er að í því hafi verið, þegar það fórst. Má af þessu nokkuð ráða um nothæfi aðalnótarinnar.

Með tilliti til þeirra gagna, er nú hafa verið rakin, og með hliðsjón af eðlilegu sliti eina síldarvertíð telur dómurinn hæfilegt að meta tjón stefnanda við missi nótanna kr. 50 000.00 og ber stefndu að bæta tjón þetta.

Að því er snertir kröfu stefnanda um vangreidda leigu segir svo orðrétt í skipsleigusamningnum: „Ef skipið ferst eða strandar á leigutímanum eða verður að hætta sökum bilunar af óviðráðanlegum ástæðum, lækkar leigan hlutfallslega, miðað við þriggja mánaða leigutíma.“ Að áliti dómsins á fyrirvarinn af óviðráðanlegum ástæðum ekki aðeins við, ef skipið verður að hætta sökum bilunar, heldur einnig ef það ferst eða strandar á leigutímanum, enda var rík ástæða til að kveða skýrar á um þetta, ef skilja átti það á annan veg. Þar sem hér var ekki um það að ræða, að skipið færist af óviðráðanlegum ástæðum, heldur er það staðfest með dómi, er ekki hefur verið hnekkt, að skipstjórinn hafi átt meiri eða minni sök á að svo fór, leiðir það af þessu samningsákvæði, að stefnandi á rétt á leigu allt samningstímabilið. Ber því einnig að taka til greina kröfu hans um greiðslu á kr. 50 000.00 fyrir vangreidda leigu.

Niðurstaða máls þessa verður þannig sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 100 000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947, er leigan féll í gjalddaga, og 6% ársvöxtum af kr. 50 000.00 frá lokum síldarvertíðar, 15. sept. 1947, hvort tveggja til greiðsludags. Þá þykir og verða að dæma stefndu til að greiða kr. 5000.00 upp í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti, Benedikt Steingrímsson, fyrrverandi hafnarvörður, og Gísli Eyland skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndu, Barði Barðason og Gunnlaugur Guðjónsson, greiði in solidum stefnanda, Agli Ragnars f. h. Guðrúnar E. Ragnars, kr. 100 000.00 auk 6% ársvaxta af kr. 50 000.00 frá 15. ágúst 1947 og 6% ársvaxta af kr. 50 000.00 frá 15. sept. 1947, hvort tveggja til greiðsludags, og kr. 5000.00 upp í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. júní 1953.

Nr. 185/1951. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason)
gegn
Skipanaust h/f (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna vanefnda á samningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1951, gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara að dæmd fjárhæð verði lækkuð niður í kr. 22000.00. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 22000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1948 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins.

Samkvæmt samningi aðilja, dags. 11. apríl 1945, sem lagður var fram í héraði, var kaupverð umræddra vöruskemma kr. 22000.00, en ekki kr. 24000.00, eins og segir í héraðsdómi, og voru kr. 10000.00 greiddar samdægurs, en eftirstöðvarnar síðar. Eru umboðsmenn aðilja hér fyrir dómi sammála um þetta og hafa lagt fram frekari gögn því til stuðnings.

Fallast má á röksemdir héraðsdóms fyrir því, að eigi sé sannað, að fyrirsvarsmaður stefnda hafi samþykkt að taka við umræddum skálum við Lambhaga í stað skála þeirra við Rjúpnahæð, er um hafði verið samið. Þá verður eigi heldur tekin til greina sú málsástæða áfrýjanda, að krafa stefnda sé fyrnd, þegar af þeirri ástæðu að hér er raunverulega ekki um endurgreiðslukröfu að ræða, heldur skaðabætur fyrir vanefndir á samkomulagi aðilja. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 22000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1948 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en

ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Skipanaust h/f, kr. 22000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1948 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. október 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Skipanaust h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. des. 1949, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu fjárhæðarinnar kr. 24 000.00 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 11. apríl 1945 keypti stefnandi af Sölunefnd setuliðseigna tvær vöruskemmusamstæður (4 skemmur). Skemmur þessar voru í svonefndum Camp Hunt Delaware við Rjúpnahæð. Mun stefnandi hafa ætlað að flytja brott skemmur þessar og endurreisa þær á athafnasvæði sínu við Elliðaárvog. Aðiljar eru sammála um, að kaupverð skemmanna hafi verið kr. 24 000.00 og hafi stefnandi greitt það þegar í stað. Alllöngu síðar varð það að samkomulagi með forráðamönnum stefnanda og sölunefndarinnar, að kaup þessi gengju til baka, þar sem forráðamenn póst- og símamála munu hafa lagt kapp á að fá skemmur þessar. Ekki er ljóst, hvenær samkomulag þetta varð, en póst- og símamálastjórnin greiddi skemmurnar þann 13. nóv. 1946 og kveðst munu hafa tekið við þeim einni til tveim vikum áður. Í stað þessara skemma skyldi stefnandi fá aðrar skemmur af sömu stærð og gæðum og á ekki óhentugri stað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að það hafi aldrei fengið skemmur hjá Sölunefndinni í stað skemma þeirra, er það hafði gefið eftir. Þar sem það hafi heldur ekki fengið endurgreitt kaupverðið, kr. 24 000.00, beri stefndu, sem beri ábyrgð á fjárreiðum Sölunefndar setuliðseigna, að greiða það fé. Hefur stefnandi í því sambandi sérstaklega mótmælt því, að hafa tekið við skemmum á Lambhagahæð í stað skemmanna í Camp Hunt Delaware.

Sýknukröfur sínar í máli þessu byggir stefndi aðallega á því, að stefnandi hafi tekið skemmur á Lambhagahæð sem fullnaðargreiðslu í skipt-

um þessum og geti því ekki gert frekari kröfur í því sambandi. Til vara hefur stefndi byggt kröfur sínar á því, að þótt svo yrði litið á, að stefnandi hefði ekki tekið við skemmunum á Lambhagahæð, þá séu kröfur þess vegna skipta þessara fyrndar.

Núverandi framkvæmdastjóri stefnanda, sem var starfsmaður hjá félaginu, þegar skipti þessi áttu sér stað, hefur skýrt svo frá, að forráðamenn stefnanda muni hafa samþykkt að sleppa skemmunum við Rjúpnahæð síðari hluta sumars 1946. Ekki hafi þá neitt verið ákveðið um, hvaða skemmur stefnandi skyldi fá í staðinn. Hafi orðið um það nokkrar umræður. Þannig hafi stefnandi seinni hluta ársins 1946 og á árinu 1947 viljað fá skemmur við Rauðavatn, en það hafi Sölunefndin ekki viljað samþykkja. Kveðst framkvæmdastjórinn hafa sjálfur tekið þátt í þeim samningum. Í október eða nóvembermánuði 1948 kveðst hann hafa átt tal við Þorleif Helga Eyjólfsson, framkvæmdastjóra Sölunefndarinnar, um þessi mál. Hafi Þorleifur Helgi þá boðið fram skemmur á Lambhagahæð sem fullnægju á þessum skiptum af Sölunefndarinnar hálfu, en ekki nefnt, að stefnandi ætti þá skemmur þessar. Kveðst framkvæmdastjórinn hafa farið og skoðað skemmur þessar sama dag. Hafi hann fundið þar tvær skemmur (eina samstæðu), fullar af dóti. Strax næsta dag hafi hann tilkynnt skrifstofu Sölunefndarinnar, að stefnandi tæki ekki við skemmum þessum. Er hann hafi ekkert heyrt frá Sölunefndinni þar á eftir, hafi hann ritað nefndinni bréf þann 15. des. 1948 og skýrt þar frá þessu og krafizt endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 24 000.00. Bréfi þessu hafi ekki verið svarað og hafi hann þá afhent lögmanni einum kröfu þessa til innheimtu. Þann 13. janúar 1949 ritaði lögmaður stefnanda sölunefndinni bréf, rakti hann atvik eftir sjónarmiði stefnanda og krafðist endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 24 000.00. Bréfi þessu svaraði Sala setuliðseigna ríkisins, en sú stofnun virðist þá hafa tekið við störfum Sölunefndar setuliðseigna, með bréfi dags. 17. s. m. Mótmælti stofnun þessi öllum kröfum stefnanda og taldi, að stefnandi hefði samþykkt að taka skemmurnar á Lambhagahæð sem fullnaðargreiðslu í skiptum þessum. Hefði samkomulag um þetta verið gert við fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnanda, Pál Einarsson.

Af hálfu Sölunefndar setuliðseigna hafði Þorleifur Helgi Eyjólfsson með skipti þessi að gera. Hefur hann skýrt svo frá, að innan árs frá því að salan á skemmunum við Rjúpnahæð átti sér stað, hafi orðið að samkomulagi milli hans og þáverandi framkvæmdastjóra stefnanda, Páls Einarssonar, að stefnandi tæki 4 skemmur á Lambhagahæð sem fullnaðargreiðslu í þessum skiptum. Sölunefndin hafi þó notað tvær af þessum skemmum áfram sem söluskála. Á árinu 1947 hafi stefnandi keypt mikið af járnbogum af Sölunefndinni og hafi bogar þessir einmitt verið geymdir í skemmunum á Lambhagahæð. Hafi Péll Einarsson komið fram fyrir hönd stefnanda við þau kaup og kveðst Þorleifur Helgi þá hafa sagt við hann, að bogarnir væru geymdir í þeirra eigin skemmum og hafi Páll játað því. Síðan þetta var, hafi sölunefndin ekki notað skemmurnar og talið sér þær óviðkomandi. Á árinu 1948 hafi núverandi fram-

kvæmdastjóri stefnanda rætt við hann um þessi skemmumál og hafi hann þá vísað framkvæmdastjóranum á skemmurnar á Lambhagahæð, sem stefnandi ætti. Þá hefur Þorleifur Helgi talið, að er stefnandi hóf kröfu sína um endurgreiðslu kaupverðs skemmanna, hafi hann átt símtal við Pál Einarsson, er hafi staðfest skýrslu hans um fyrrgreint samkomulag.

Nefndur Páll Einarsson, sem var framkvæmdastjóri stefnanda á árunum 1945 og 1946, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að er samkomulag varð um, að stefnandi afsalaði sér skemmunum á Rjúpnahæð, hafi ekki verið rætt um neinar ákveðnar skemmur, er stefnandi ætti að fá í staðinn. Rætt hafi verið um ýmsar skemmur, þar á meðal skemmurnar á Lambhagahæð. Hins vegar hefur maður þessi ekki treyst sér til að segja um það nú, hvort hann hafi samþykkt að taka við skemmunum á Lambhagahæð sem greiðslu, þar sem svo langur tími sé nú liðinn síðan þetta var. Þá hefur Páll viðurkennt að hafa átt í samningum við Þorleif Helga fyrir hönd Sölunefndarinnar um kaup á járnbogum, er hafi verið geymdir í skemmu á Lambhagahæð. Hins vegar kveðst hann ekki minnast samtals þess við Þorleif Helga, sem að framan er getið. Að því er varðar símtal það, er Þorleifur Helgi kveðst hafa við hann átt og fyrr er getið, þá kveðst Páll hafa sagt, að hann myndi ekki eftir þessu, en treysti sér ekki til að mótmæla því þá að hafa samþykkt að taka við skemmunum á Lambhagahæð, en lofað að reyna að rifja þetta upp fyrir sér. Það hafi honum hins vegar ekki tekizt.

Ekkert virðist hafa verið skráð í bækur Sölunefndar setuliðseigna um skipti þessi og ekki er örugglega ljóst, hvort Sölunefndin hefur átt skemmur á Lambhagahæð, er væru sambærilegar við skemmurnar við Rjúpnahæð, en því er mótmælt af stefnanda. Þá virðist heldur ekki hafa verið neitt um þetta skráð í bækur stefnanda.

Af gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, er ljóst, að stefnandi hefur afsalað sér í hendur Sölunefndarinnar skemmunum við Rjúpnahæð, sem það hafði greitt, án þess að þá þegar væri ákveðið, hvaða skemmur stefnandi fengi í staðinn. Eins og að framan er rakið, var enginn afhendingartími ákveðinn og ekki fór fram nein úttekt á skemmum þeim, sem stefndi telur, að stefnandi hafi tekið við á Lambhagahæð. Þá er og ljóst, að Sölunefndin hafði umráð þeirra skemma, a. m. k. fram á árið 1947, en forsvarsmaður nefndarinnar telur, að stefnandi hafi tekið við skemmunum á árinu 1946. Eins og skiptum þessum var háttað, verður að telja það hvíla á stefnda, sem ábyrgð ber á fjárreiðum Sölunefndar setuliðseigna, að sanna, að stefnandi hafi fengið aðrar skemmur, er það hafi samþykkt sem fullnaðargreiðslu í skiptum þessum. Þegar virtar eru skýrslur þær, sem að framan eru raktar, og eru einu gögnin, sem fram hafa komið um þetta, þá verður ekki talið, að stefndi hafi fært þær sönnur að fullyrðingum sínum um þetta efni, að þær verði lagðar til grundvallar í mál þessu. Verður því sýknukrafa stefnda ekki á því reist, að stefnandi hafi þegar fengið verðmæti fyrir greiðslu þá, er það upphaflega innti af hendi.

Að því er varðar fyrningarástæðu stefnda, þá verður ekki annað séð en kaupin á skemmunum við Lambhagahæð hafi gengið til baka á árinu 1946, en fyrr stofnaðist ekki krafa þessi á hendur Sölunefnd setuliðseigna eða stefnda. Var því fyrningartími kröfu þessarar ekki liðinn, er mál þetta var höfðað. Þá verður heldur ekki talið, að stefnandi hafi með athafnaleysi sínu glatað rétti til að endurheimta fé þetta.

Með vísan til þessa verður að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða kaupverð skemmanna, kr. 24 000.00, með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá 15. des. 1948, en þá hófst stefnandi fyrst sannanlega handa um heimtu fjár þessa.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Skipanaust h.f., kr. 24 000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1948 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. júní 1953.

Nr. 50/1953. **Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Jóni Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen (Theódór B. Líndal).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Eignarréttur að bifreið. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa með stefnu 10. apríl 1953 skotið til Hæstaréttar dómum, er upp voru kveðnir á bæjarþingi Reykjavíkur 11. júlí 1952 og 12. marz 1953. Þeir gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu.

Varakrafa: Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefndu, ef Gunnar Vilhjálmsson vinnur eið að þeim framburði sínum á bæjarþingi Reykjavíkur 26. október 1951, að hann hafi greitt Baldvini heitnum Halldórssyni kr. 5000.00 fyrir innflutningsleyfi það, sem í málinu greinir.

Þrautavarakrafa: Að dæmdar fébætur verði lækkaðar eftir mati Hæstaréttar, áfrýjendum verði dæmdir 6% ársvextir af verði umræddrar bifreiðar frá 14. nóvember 1949 og dagsektir niður felldar.

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hinna áfrýjuðu dóma og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma ber að staðfesta þá.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinir áfrýjuðu dómar eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjendur, Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir, greiði in solidum stefndu, Jóni Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hafa Jón Haukur Baldvinsson, Hafsteinn Baldvinsson, Halldór Baldvinsson og Ásta B. Thorarensen, börn Baldvins Halldórssonar skipstjóra í Hafnarfirði og konu hans, Helgu Jónsdóttur, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. apríl f. á., gegn Agli Vilhjálmssyni forstjóra, Matthíasi Guðmundssyni og konu hans, Ingunni Egilsdóttur, öllum til heimilis að Laufásvegi 26, hér í bænum, og til vara gegn Agli Vilhjálmssyni f. h. Egils Vilhjálmssonar h/f., hér í bæ.

Eftir því, sem fram hefur komið í málinu, eru málavextir þessir:

Á árinu 1949, sennilega í september, fékk faðir stefnenda leyfi yfir-

valda til innflutnings á fólksbifreið frá Englandi. Ætla má, að hann hafi ekki fengið leyfið sjálfur í hendur, heldur aðeins tilkynningu þess efnis, að leyfið væri veitt, þar eð stefndi Egill greiddi leyfisgjaldið kr. 100.00 svo og gjald af leyfinu til dýrtíðarsjóðs, kr. 5000.00, og fékk innflutningsleyfið afhent. Var það auðkennt B nr. 15075. Pantaði Egill síðan frá Englandi bifreið af Morrisgerð út á leyfið og kom hún hingað til Reykjavíkur með v/s Lagarfossi 12. nóv. 1949 ásamt annarri bifreið af sömu gerð. Bifreiðar þessar voru tollafgreiddar 14. s. m. Samkvæmt tollreikningnum hefur kostnaður við tollafgreiðslu hvorrar bifreiðar numið kr. 4554.02 og kaupverð hvorrar að meðtöldu flutningsgjaldi og vátryggingu ísl. kr. 7376.56, miðað við gengi sterlingspunds á kr. 26.22. Greiddi stefndi Egill toll og önnur slík gjöld af bifreiðinni, en ekki kemur fram, hver hefur greitt kaupverð hennar erlendis og kostnað í erlendri mynt við flutninginn hingað til lands. Eftir að bifreiðin hafði verið tollafgreidd, mun hún hafa verið í vörslum stefnda Egils eða fyrirtækis hans, varastefnda.

Hinn 10. apríl 1950 andaðist faðir stefnenda. Hafði þá móðir þeirra lagzt banaleguna, en gat þó enn fylgt föður hvoru. Hún andaðist 22. maí 1950, án þess að hafa fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann sinn.

Stefndi Egill hringdi hinn 18. apríl 1950 til móður stefnenda og spurðist fyrir um það, hvort hún væri svo frísk, að hún gæti veitt honum viðtal. Er hún svaraði því játandi, fór hann á fund hennar í Hafnarfirði og áttu þau þar viðræðu um bifreiðina. Undirritaði móðir stefnenda í þeim samræðum eftirfarandi yfirlýsingu, er stefndi kom með sér, tilbúna til undirskriftar:

„Þar sem mér undirritaðri var kunnugt um, að maður minn, Baldvin Halldórsson, hafði látið þau Ingunni Egilsdóttur og Matthías Guðmundsson, Laufásvegi 26, fá leyfi fyrir fólksbifreið, nr. B 15075 frá Englandi, þá samþykki ég fyrir mitt leyti afsal á áðurnefndu leyfi til Ingunnar Egilsdóttur og Matthíasar Guðmundssonar, Laufásvegi 26, Reykjavík."

Einn stefnenda, Hafsteinn, var viðstaddur umgetnar samræður. Ráðlagði hann móður sinni að undirrita yfirlýsinguna, en hann kveður sér ekki hafa verið kunnugt um efni hennar, fyrr en til máls þessa kom. Gefur hann þá skýringu á þessari ráðleggingu sinni, að hann hafi ekki viljað að móðir sín kæmist í geðshræringu, en læknar hennar hafi sérstaklega varað við því.

Samdægurs og yfirlýsingin var undirrituð fór stefndi Egill með hana á skrifstofu lögreglustjóra í Reykjavík og fékk bifreið þá, sem innflutningsleyfið B-15075 hljóðaði á, skrásetta á nafn stefndu, dóttur sinnar Ingunnar og manns hennar, stefnda Matthíasar. Hlaut bifreiðin skrásetningarnúmerið R 2884.

Stefnendur hafa gert þessar dómkröfur í málinu:

Að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að bifreiðinni R 2884.

Að stefndu Ingunn Egilsdóttir og Matthías Guðmundsson verði dæmd til þess, að viðlögðum 200 króna dagsektum, að afhenda þeim fyrr-

greinda bifreið, *aðallega* án endurgjalds, en *til vara* gegn því að þeir greiði stefndu þann kostnað, er dómarinn teldi sannað, að hin stefndu hafi innt af hendi til þess að fá bifreiðina í hendur vegna innflutnings hennar og til *þrautavara* gegn því, að þeir greiði kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt innkaupareikningi í íslenzkri mynt auk kostnaðar þess, er í varakröfunni greinir.

Að öll hin stefndu verði dæmd skaðabótaskyld in solidum vegna verðrýrnunar á bifreiðinni og loks að þau verði dæmd in solidum til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að er faðir þeirra hafði fengið samþykkt sér til handa innflutningsleyfi fyrir fólksbifreið frá Englandi, hafi hann snúið sér til stefnda Egils og beðið hann að útvega bifreiðina, þar sem hann sjálfur eða fyrirtæki hans, varastefndi, sé umboðsmaður ýmissa þekktra bifreiðaframleiðenda og annist innflutning og sölu bifreiða. Hafi stefndi Egill fengið innflutningsleyfið í hendur í þessu skyni, og þar sem leyfið hafi ekki verið framselt eða bifreiðinni, sem inn á það var flutt, ráðstafað löglega til annarra, hafi þeir (stefnendur) orðið eigendur bifreiðarinnar sem einkaerfingjar foreldra sinna að þeim látnum. Eigi þeir því rétt á að fá eignarrétt sinn viðurkenndan og bifreiðina afhenta. Þeir gera þá grein fyrir drætti þeim, er á því varð, að faðir þeirra krefðist bifreiðarinnar, eftir að hún kom til landsins, að hann hafi ekki viljað taka hana í notkun að vetrarlagi og bifreiðageymsla, er hann átti, hafi verið full af ýmsu dóti.

Að því er varðar kröfur stefnenda um endurgjald af þeirra hálfu fyrir bifreiðina, telja þeir sig hafa allgóða ástæðu til að ætla, að faðir þeirra hafi greitt a. m. k. eitthvað af andvirði hennar.

Loks telja stefnendur augljóst, að bifreiðin hafi rýrnað í verði, þar sem hún muni hafa verið í stöðugri notkun síðan hún var skrásett. Á þeirri verðrýrnun beri öll hin stefndu solidariska ábyrgð, þar sem þau hafi í sameiningu staðið að ráðstöfun bifreiðarinnar.

Stefndu hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefnenda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar úr hendi stefnenda eftir mati dómarans.

Reisa stefndu sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að stefndi Egill hafi keypt innflutningsleyfið af föður stefnenda með milligöngu bróður síns, Gunnars Vilhjálmssonar, sem einnig er meðstjórandi varastefnda, og greitt fyrir það kr. 5000.00. Hafi stefndi Egill því verið réttur heimildarmaður að bifreið þeirri, er inn á leyfið hafi verið flutt.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að móðir stefnenda hafi með áðurgreindri yfirlýsingu sinni samþykkt framsal leyfisins til stefndu Ingunnar og Matthíasar.

Áðurnefndur Gunnar hefur komið fyrir dóm. Segist honum svo frá, að hann hafi verið kunnugur föður stefnenda, er hafi skýrt sér frá, að hann hafi fengið innflutningsleyfi fyrir bifreið frá Eglandi og beðið sig að selja leyfið og talað um að fá kr. 7000.00 fyrir það. Þetta hafi verið í ágúst eða september 1949. Hann hafi síðan boðið einhverjum leyfið, en

menn hafi ekki viljað kaupa það, talið það of dýrt. Minnist Gunnar þess ekki, að hann hafi getið þess við menn þessa, hver ætti leyfið. Í október 1949 hafi hann átt tal um þetta við stefnda Egil, er hafi viljað kaupa leyfið, fengi hann það fyrir kr. 5000.00. Hann hafi þá hringt til föður stefnenda og skýrt honum frá þessu. Hafi faðir stefnenda svarað því til, að þetta væri allt í lagi og skyldu þeir hafa þetta þannig. Kveðst Gunnar síðan hafa fengið kr. 5000.00 hjá stefnda Agli og greitt föður stefnenda féð suður í Hafnarfirði, en fengið hjá honum í staðinn tilkynningu um leyfisveitinguna. Að þessum skiptum loknum hafi hann haldið aftur til Reykjavíkur, tekið leyfið hjá Viðskiptanefnd og síðan afhent það stefnda Agli, er áður hafi verið búinn að fá honum fé til að greiða leyfisgjaldið. Er skýrsla stefnda Egils fyrir dómi varðandi leyfiskaupin í samræmi við framangreindan framburð. Hafa stefnendur mótmælt báðum framburðunum sem röngum og framburði Gunnars sérstaklega sem vilhöllum og óstaðfestum.

Tveir stefnenda, Jón Haukur og Hafsteinn, hafa komið fyrir dóm. Hefur Jón Haukur borið það, að hann hafi aldrei heyrt annað en að faðir hans ætlaði að fá bifreiðina og aldrei hafi hann heyrt föður sinn tala um að selja leyfið. Hafsteinn hefur að því er þetta atriði varðar borið það, að hann hafi aldrei heyrt föður sinn tala um, að hann hefði selt eða ætlað að selja innflutningsleyfið. Þessum framburðum hafa stefndu mótmælt sem röngum.

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu þá varakröfu, að þau verði sýknuð, ef áðurnefndur Gunnar Vilhjálmsson vinnur eið að þeim framburði sínum, að hann hafi greitt föður stefnenda kr. 5000.00 fyrir innflutningsleyfi það, sem í málinu greinir.

Það er ekki sannað gegn mótmælum stefnenda, að faðir þeirra hafi selt stefnda Agli umrætt innflutningsleyfi og ekki kemur til greina, eins og á stendur, að láta úrslit málsins velta á eiði Gunnars Vilhjálmssonar um þetta atriði. Innflutningsleyfið var af leyfisgjafa (yfirvaldi) bundið við nafn föður stefnenda, og öllum öðrum óheimilt að nota það, nema með samþykki leyfisgjafans. Þá var sala á leyfinu bönnuð. Voru skilmálar þessir prentaðir á leyfið. Sala á leyfinu, jafnvel þó að fram hefði farið, hefði því brotið í bág við ákvarðanir yfirvalds þess, sem leyfið veitti, og því verið ógild. Geta stefndu ekki byggt rétt til bifreiðarinnar á slíkri sölu, og hefur því fyrri sýknuástæða þeirra ekki við rök að styðjast.

Áður hefur komið fram, að móðir stefnenda hafði ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi, er hún undirritaði fyrrgreinda yfirlýsingu frá 18. apríl 1950 og ekkert stefnenda (samerfingjar hennar að búi eiginmannsins) samþykkti yfirlýsinguna eða hefur síðar samþykkt afhendingu bifreiðarinnar til annarra. Er ljóst að síðari sýknuástæða stefndu hefur heldur ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnendur sem einkaerfingjar foreldra sinna eigi rétt til hlutar þess, bifreiðarinnar R 2884, sem flutt var til landsins á innflutningsleyfið B nr. 15075. Ber því að

viðurkenna eignarrétt stefnenda að nefndri bifreið og dæma stefndu Ingunni og Matthías til að afhenda stefnendum hana, að viðlögðum dagsektum til stefnenda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Að því er varðar endurgjald af hálfu stefnenda fyrir bifreiðina, verður ekki séð, að faðir stefnenda hafi greitt neitt upp í hana né heldur að nokkuð hafi verið greitt af andvirði hennar úr búi hans eða af hálfu stefnenda. Ber stefnendum því að greiða stefndu andvirði bifreiðarinnar að fullu gegn afhendingu hennar. Eftir gögum þeim, sem fyrir liggja, hefur kostnaðarverð bifreiðarinnar kominnar hingað og tollafgreiddrar numið kr. 17030.58 (kr. 100.00 + kr. 5000.00 + kr. 4554.02 + kr. 7376.56). Sennilegt er, að nokkur verðrýrnun hafi orðið á bifreiðinni vegna notkunar hennar frá þeim tíma, er hún var skráð. Má fallast á það hjá stefnendum, að athuguðum framangreindum málavöxtum, að hin stefndu Egill, Ingunn og Matthías beri gagnvart stefnendum solidariska ábyrgð á verðrýrnuninni, og verður því krafa stefnenda varðandi skaðabótaskyldu þeirra tekin til greina.

Stefndi Egill virðist í viðskiptum þeim, er í máli þessu greinir, hafa komið fram persónulega, en ekki vegna fyrirtækis síns, varastefnda. Ber því að sýkna varastefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Hins vegar ber að dæma aðalstefnda in solidum til að greiða stefnendum málskostnað. Ákveðst hann kr. 2000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómurinn hefur eigi orðið kveðinn upp fyrr vegna sérstakra anna undanfarið í sambandi við það, að þingleyfi hófst 1. þ. m.

Dómsorð:

Eignarréttur stefnenda Jóns Hauks Baldvinssonar, Hafsteins Baldvinssonar, Halldórs Baldvinssonar og Ástu B. Thorarensen að bifreiðinni R 2884 viðurkennist.

Stefndu, Ingunni Egilsdóttur og Matthíasi Guðmundssyni, er skylt að afhenda stefnendum nefnda bifreið, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnenda, gegn greiðslu á kr. 17030.58.

Stefndu Egill Vilhjálmsson, Ingunn og Matthías eru skaðabótaskyld in solidum gagnvart stefnendum vegna verðrýrnunar á bifreiðinni.

Þá greiði stefndu Egill, Ingunn og Matthías in solidum stefnendum kr. 2000.00 í málskostnað.

Varastefndi, Egill Vilhjálmsson h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnenda í máli þessu, og falli málskostnaður niður, að því er hann varðar.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hafa Jón Haukur Baldvinsson, Hafsteinn Baldvinsson, Halldór Baldvinsson og Ásta B. Thorarensen, börn Baldvins Halldórssonar, skipstjóra í Hafnarfirði, og konu hans, Helgu Jónsdóttur, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. apríl f. á., gegn Agli Vilhjálmssyni forstjóra, Matthíasi Guðmundssyni og konu hans, Ingunni Egilsdóttur, öllum til heimilis að Laufásvegi 26, hér í bæ, og til vara gegn Agli Vilhjálmssyni h/f, hér í bænum.

Flutningi málsins hefur verið skipt og gekk dómur í fyrra þætti þess í bæjarþingi Reykjavíkur 11. júlí s. l. Með þeim dómi var eignarréttur stefnenda að bifreiðinni R 2884 viðurkenndur og stefndu Matthíasi og Ingunni dæmt skylt að afhenda stefnendum hana, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnenda, gegn greiðslu á kr. 17030.58. Þá voru stefndu Egill, Matthías og Ingunn dæmd skaðabótaskyld in solidum gagnvart stefnendum vegna verðrýrnunar á bifreiðinni.

Í þessum þætti málsins hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu Egill, Matthías og Ingunn verði dæmd til þess in solidum að greiða þeim kr. 15000.00, er komi til skuldajafnaðar við kröfu þá, kr. 17030.58, er um ræðir í dómi bæjarþingsins frá 11. júlí 1952. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar kr. 500.00, úr hendi stefndu in solidum og eftir mati dómarans. Jafnframt hafa stefnendur áskilið sér rétt til bóta úr hendi stefndu fyrir:

1. Verðrýrnun á hinni umdeildu bifreið frá 23. október 1952 til þess er bifreiðin verður afhent.

2. Bætur fyrir afnotamissi af bifreiðinni frá 18. apríl 1950 til þess er hún verður afhent.

Stefndu hafa krafizt þess, að ef þau yrðu endanleg úrslit máls þessa, að þau yrðu dæmd til þess að skila umræddri bifreið, þá verði þeim aðeins gert að greiða í skaðabætur til stefnenda 30% af kr. 17030.58, að frádregnum 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 14. nóvember 1949. Til vara hafa stefndu krafizt þess, að verðrýrnun bifreiðarinnar verði miðuð við opinbert sölumat á henni, kr. 20 000.00. Þá hafa þau mótmælt málskostnaðarkröfu stefnenda og krafizt málskostnaðar úr hendi þeirra. Loks áskilja stefndu sér rétt til bóta úr hendi stefnenda.

Stefnendur hafa mótmælt framangreindum kröfum stefndu.

Bifreið sú, sem um ræðir í máli þessu, var flutt hingað til lands með v/s Lagarfossi 12. nóv. 1949. Hún var tollafgreidd 14. s. m. og síðan skráð á nafn stefndu, Matthíasar og Ingunnar, hinn 18. apríl 1950. Hefur bifreiðin verið í vörzlum þeirra síðan og hafa þau haft afnot hennar.

Hinn 13. okt. s. l. fékk lögmaður stefnenda tvo hæfa og óvilhalla menn dómkvadda í bæjarþingi Reykjavíkur til þess að skoða bifreiðina „og meta hverju nemur verðrýrnun hennar, frá því hún var skrásett ný 18. apríl 1950, til þess er mat fer fram, miðað við nýjan bíl, smíðaðan 1949.". Eftir að hafa skoðað bifreiðina og kynnt sér ástand hennar og notkun mátu matsmennirnir verðrýrnun hennar á tímabilinu frá 18. apríl 1950 til 23. okt. s. l., en þá fór matið fram, 30% miðað við nýja bifreið

1949. Þá segja matsmennirnir í matsgerðinni, að gangverð á þessari tegund bifreiða muni árið 1950 hafa verið kr. 45000.00, og telja þeir, eftir að hafa kynnt sér verð á sams konar bifreiðum á þeim tíma, er matið fór fram, að verð bifreiðarinnar hafi þá ekki verið meira en kr. 30 000.00.

Reisa stefnendur fjárhæð kröfu sinnar í þessum þætti málsins á umræddu mati.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið keypt til eigin afnota, en ekki til sölu á svörtum markaði. Beri því að leggja til grundvallar útreikningi á verðrýrnun bifreiðarinnar kaupverð hennar kr. 17030.58, en ekki verð hennar í svartamarkaðsbraski. Þá kveðast stefndu hafa orðið að leggja fram kaupverð bifreiðarinnar, til þess að hún fengist flutt inn, og eigi þau því venjulega vaxtakröfu af kaupverðinu. Loks telja stefndu, að verðrýrnun bifreiðarinnar liggi eingöngu í þeim afnotum, er þau hafi haft af henni, og komi því sérstakar bætur fyrir afnotamissi ekki til greina.

Telja verður eðlilegast að leggja til grundvallar verðrýrnun umræddrar bifreiðar mismuninn á raunverulegu verðmæti hennar, er hún var ný afhent stefndu Matthíasi og Ingunni, og verðmæti hennar, er stefnendur fá bifreiðina afhenta.

Svo sem áður segir, telja matsmenirnir gangverð sams konar bifreiða á innlendum markaði á árinu 1950 kr. 45 000.00 og að ekki muni fást meira verð fyrir bifreiðina á matsdegi en kr. 30 000.00. Matinu hefur ekki verið andmælt sem óstaðföstu né það sætt rökstuddum andmælum, og þykir verða að leggja það til grundvallar um verðrýrnun bifreiðarinnar á þeim tíma, er matið tekur til, og nemur verðrýrnunin þá kr. 15000.00. Samkvæmt því, er nú var sagt, verða mótmæli og kröfur stefndu ekki teknar til greina, heldur ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum hina umkröfðu fjárhæð og eiga þeir rétt á að skuldajafna henni við þær kr. 17030.58, er um getur í fyrrgreindum bæjarþingsdómi. Þá ber og að dæma stefndu in solidum til þess að greiða stefnendum málskostnað í þessum þætti málsins. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Egill Vilhjálmsson, Matthías Guðmundsson og Ingunn Egilsdóttir greiði in solidum stefnendum Jón Hauki Baldvinssyni, Hafsteini Baldvinssyni, Halldóri Baldvinssyni og Ástu B. Thorarensen kr. 15000.00, og eiga stefnendur rétt á að skuldajafna fjárhæð þessari við fjárhæð þá, kr. 17030.58, sem um getur í dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu, uppkveðnum 11. júlí 1952. Þá greiði stefndu in solidum stefnendum kr. 2000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. júní 1953.

Nr. 56/1951. **Skarphéðinn Kristbergsson**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Vilberg Guðmundssyni (Jón N. Sigurðsson)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna galla á múrhúðun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1951 samkvæmt áfrýjunarleyfi s. d. og fjárnámsgerð með stefnu 10. júlí 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi leyfi 26. júní s. á. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, fjárnámsgerðin úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann. Þá ber og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Kristbergsson, greiði stefnda, Vilberg Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1950.

Mál þetta, er dómtekið var í dag, hefur Vilberg Guðmundsson rafvirkjameistari, Sörlaskjóli 22, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1948, gegn Skarphéðni Kristbergssyni múrarameistara, Sólvallagötu 54, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að

fjárhæð kr. 7 550.00 með 5% ársvöxtum frá 22. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að sér verði einungis gert að greiða kr. 3 008.30 auk vaxta, en málskostnaður látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að stefndi hafi unnið að því haustið 1946 og vorið 1947 að setja steiningu og skel utan á hús hans nr. 22 við Sörlaskjól. Verk þetta hafi hins vegar ekki komið að notum, þar eð steiningin hafi losnað frá undir múrhúðuninni og dottið af. Einnig hafi skelin víða verið laus í steiningunni. Bar stefnandi verk þetta undir álit „Matsnefndar fyrir múrvinnu", og segir svo þar: „Utanhúðun hússins var að áliti nefndarinnar þannig úr garði gerð, að höggva þurfti af yzta lag útihúðunar (steiningar) og að steina þurfti það að nýju og allt á kostnað þess múrara, er verkið framkvæmdi."

Hinn 29. september 1948 voru dómkvaddir tveir matsmenn, er segja skyldu hverju sætti framangreindir gallar á steiningunni og hvað kosta myndi að húða húsið að nýju. Matsmenn þessir töldu, að steinlímið væri hvorki nægilega hart til þess að festast við undirhúðunina né til þess að halda skelinni fastri. Þá töldu þeir kostnað við að húða húsið að nýju mundu nema kr. 7 550.00, og hefur stefnandi uppi þá kröfu í máli þessu, að stefndi greiði þenna kostnað.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann hafi hvorki haft umsjón með verkinu né borið ábyrgð á því, enda sé slíkt þess múrarameistara, er áriti teikningu að húsinu. Stefnandi hafi að vísu óskað þess, að hann tæki að sér að ljúka múrvinnu við húsið, en stefndi kvaðst hafa synjað því. Þó hafi hann að þrábeiðni stefnanda hjálpað honum að nokkru leyti við húðun hússins, enda hafi múrhúðun verið lokið. Stefndi segir, að stefnandi hafi útvegað allt efni til verksins og búið til lögunina í húðun hússins. Þá hafi einn múrari unnið við húðunina á vegum stefnanda og 2—3 „handlangarar". Sjálfur kveðst stefndi einungis hafa haft einn „handlangara" og tvo múrara um tíma við húðunina, auk þess sem hann hafi lánað stefnanda einn mann vorið 1947 til þess að ljúka því, sem eftir var þá af verkinu. Þá telur stefndi, að orsök þess að steiningin hafi losnað, sé sú, að ekki hafi verið rétt að farið við undirmúrhúðunina og hafi meðal annars ekki verið „rappað" undir, sem kallað er. Lét stefndi rannsaka sementsmagn undirmúrhúðunarinnar í Atvinnudeild Háskólans og reyndist það óvenju mikið eða 42%. Telur stefndi því, að hann sé ekki bótaskyldur vegna starfa síns við húðunina.

Yrði þó hins vegar talið, að hann ætti sök á göllum húðunarinnar, telur hann að honum beri ekki að bæta nema með því fé, er hann hafi fengið fyrir vinnu sína, og er varakrafa hans við það miðuð.

Stefndi hefur borið fyrir dómi, að hann viti ekki til, að múrari sá, er áritaði teikningu að húsinu, hafi nokkurt eftirlit haft með húðun þess, enda kveðst stefndi hvorki hafa ráðfært sig við hann né orðið þess var, að hann kæmi í húsið, meðan unnið var að húðuninni. Verður því ekki talið, að stefndi, sem sjálfur er múrarameistari, geti borið fyrir

sig, að hann hafi unnið á ábyrgð þessa manns og fær það því ekki stutt sýknukröfu hans. Þá hefur stefndi viðurkennt, að hann hafi haft eftirlit með mönnum þeim, er hann lagði til verksins, og gætt þess, að húðin og skelin væri réttilega sett á hjá þeim. Ekki verður heldur annað ráðið af framburði manna þeirra, er unnu að húðun hússins, en að stefndi hafi sagt til um, hvernig blanda skyldi lögun þá, er húðað var með. Loks hefur verið lagt fram vottorð frá múrarameistara þeim, er húðaði húsið að nýju, þess efnis, að undirhúðunin hafi virzt í alla staði vel unnin og föst á húsinu, enda steinað á hana að nýju. Vottorð þetta hefur ekki verið véfengt. Þegar þessa er gætt, er ósannað að ranglega hafi verið farið að við undirmúrhúðunina. Verður því að telja, þegar litið er til mata þeirra, sem fram hafa farið á málinu, að stefndi eigi sök á göllum þeim, er fram hafa komið á húðun hússins. Beri honum því að bæta kostnað við steiningu hússins að nýju. Þar eð fjárhæð matsins hefur ekki sætt sérstökum andmælum, verður hún lögð til grundvallar. Úrslit málsins verða þá þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 7 550.00 með vöxtum, svo sem krafizt er, svo og málskostnað og þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1 500.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari, Árni Snævarr verkfræðingur og Jón Bergsteinsson múrarameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Skarphéðinn Kristbergsson, greiði stefnanda, Vilberg Guðmundssyni, kr. 7 550.00 með 5% ársvöxtum frá 22. október 1948 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 19. september 1950.

.....

Af hálfu gerðarþola mætir systir hans, Elín Kristbergsdóttir.

Fógeti lýsti fjárnámi í neðstu hæð húseignarinnar nr. 54 við Sólvallagötu ásamt meðfylgjandi lóðaréttindum til tryggingar fjárnámskröfunum, en veðbókarvottorðið tjáir gerðarþola eiga íbúð þessa.

Brýndi fógeti þýðingu fjárnámsins fyrir mættri og fól henni að láta gerðarþola sem fyrst vita um fjárnámið. .....

Föstudaginn 12. júní 1953.

Nr. 162/1952. **Guðmundur Egilsson**
gegn
Giuseppe Ferrua Luissiano

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1952 til þingfestingar í desembermánuði s. á. Er málið hafði verið þingfest, var því frestað til marzmánaðar þ. á. og síðan til maímánaðar s. l. Áfrýjandi hefur nú beðið um frest í málinu. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Þar sem áfrýjandi hefur enga grein gert fyrir frestbeiðni sinni, verður henni ekki sinnt. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi. Á því hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Mánudaginn 15. júní 1953.

Nr. 154/1952. **Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps**
(Ragnar Jónsson)
gegn
Guðmundi Jörundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn í málinu hér fyrir dómi, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er, og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, greiði stefnda, Guðmundi Jörundssyni, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu 1. ágúst 1952.

Með bréfi, dagsettu 8. janúar 1952, krafðist Björn Halldórsson hdl. f. h. gerðarbeiðanda, hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu, að lögtak yrði gert hjá gerðarþola, Guðmundi Jörundssyni útgerðarmanni, Akureyri, fyrir útsvari, álögðu 1951 í Glæsibæjarhreppi, að

upphæð kr. 12 000.00 og málflutningslaunum kr. 1500.00 ásamt dráttarvöxtum af útsvarinu og öllum kostnaði við lögtakið, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola kr. 1500.00 í málskostnað eða aðra lægri upphæð eftir mati fógeta.

Lögtaksúrskurður á gjald þetta er dagsettur 28. nóvember 1951. Málið hefur verið sótt og varið hér í réttinum og var tekið til úrskurðar 31. f. m.

Málavextir eru þessir: Við almenna álagningu útsvara í Glæsibæjarhreppi árið 1951 var lagt 4 þúsund króna útsvar á gerðarþola. Útsvarsálagningu þessa kærði gerðarþoli til hreppsnefndar og krafðist þess, að útsvarið yrði alveg niður fellt. Hreppsnefndin felldi að taka kæruna til greina, en hallaðist að því að hækka ætti útsvarið eftir upplýsingum, sem hún hafði fengið.

Var ákvörðun þessi tilkynnt gerðarþola og var hann boðaður á fund með nefndinni. Á þeim fundi mætti umboðsmaður gerðarþola og mótmælti útsvarsálagningunni, með því að hann teldi gerðarbeiðanda ekki hafa rétt til að leggja útsvar á gerðarþola. Eftir að umboðsmaður gerðarþola var vikinn af fundi, ákvað hreppsnefndin, að útsvar gerðarþola skyldi vera kr. 12 000.00 eða sem næst 0,4% af áætluðum brúttótekjum af rekstri hans í Krossanesi.

Tilefni útsvarsálagningarinnar er sem hér segir: Samkvæmt dskj. nr. 10 gerði síldarverksmiðjan í Krossanesi sem leigusali og gerðarþoli og Útgerðarfélag Akureyringa sem leigutakar með sér samning um, að leigutakar tækju á leigu síldarverksmiðju leigusala í Krossanesi frá 17. apríl 1950 og fram til síldarvertíðar það ár. Eftir samningum skyldu leigutakar bera allan kostnað við rekstur verksmiðjunnar á leigutímanum, þar á meðal greiða laun allra starfsmannanna að undanskildum launum olíuafhendingarmanns. Endurgjald, er leigutakar áttu að greiða, skyldi vera sem hér segir: Fyrir slit á verksmiðjunni, vélum hennar og áhöldum, skyldi greiða kr. 20.00 á smálest hráefnis, sem unnið er úr, og enn fremur segir þar: „Af þeim hluta af andvirði framleiðsluvaranna, miðað við söluverð þeirra, sem fram kemur, er vinnslukostnaður og kr. 300.00 pr. hverja smálest hráefnis, sem unnið er úr, hafa verið dregnar frá andvirðinu, greiða leigutakar 10% til leigusala." Ennfremur áttu leigutakar að greiða iðgjald vegna vátryggingar verkað fiskvinnslunni verði ekki lokið eða henni verði með samkomulagi haldið áfram, eftir að síld fer að berast til verksmiðjunnar, skuli síldarskip ganga fyrir um afgreiðslu. Eru þetta helztu atriði samningsins, sem hér virðast skipta máli.

Samkvæmt þessum samningi lét gerðarþoli ásamt Útgerðarfélagi Akureyringa bræða fisk í síldarverksmiðjunni í Krossanesi frá 27. apríl og fram til tryggingartíma verksmiðjunnar 8. júlí. Um tryggingartímann, sem var 2 mánuðir, eða til 8. september, tók verksmiðjan afla skipanna, sem lagt höfðu upp í verksmiðjuna til vinnslu, en að tryggingartímanum loknum var verksmiðjan aftur rekin samkvæmt samningum

til 25. nóvember eða alls 150 daga. Aðiljar eru sammála um, að gerðarþoli hafi ekki haft félagsskap við Útgerðarfélag Akureyringa í sambandi við þennan rekstur annan en þann, að þeir hafi staðið saman um leigu á verksmiðjunni til að vinna úr karfaafla skipa sinna, en að öðru leyti hafi þeir verið óháðir hvor öðrum svo sem um afurðasölu, framkvæmdarstjórn o. s. frv. Á báðum leigutímabilunum lét gerðarþoli vinna úr samtals 3 361 313 smálestum af hráefni.

Geymslu afurðanna var þannig komið fyrir, að mjölið var sumpart haft í húsum verksmiðjunnar á staðnum og sumpart flutt í geymslu á Akureyri og að mestu leyti afskipað í höfn hér. Lýsið var sett á tunnur, sem geymdar voru á verksmiðjulóðinni, þar til það var flutt í skip, sem aðallega virðist hafa verið í Akureyrarhöfn. Aðeins lítill hluti lýsisins var fluttur í skip við bryggju í Krossanesi. Afskipun mjölsins fór fram frá 28. ágúst 1950 og þar til í janúar 1951, og afskipun lýsisins fór fram 28. júlí 1950 til 22. desember sama ár, sbr. dskj. nr. 20.

Gerðarbeiðandi byggir útsvarsálagninguna á 8. gr. útsvarslaganna nr. 66 1945, sbr. breyting á þeim lögum nr. 59 1947. Hann telur, að samkvæmt samningnum á dskj. 10 sé ekki um að villast, að gerðarþoli hafi rekið verksmiðjuna, þar á meðal mannað hana og selt þaðan afurðirnar. Hann hefur mótmælt þeirri staðhæfingu gerðarþola, að atvinnurekstrinn hafi aðeins farið fram á tveimur afmörkuðum tímabilum á árinu 1950, það er þegar verksmiðjan var rekin á kostnað leigutaka, heldur hafi hann staðið yfir allan tímann frá apríl 1950 og fram yfir nýjár 1951, enda hafi gerðarþoli haft allan þann tíma afurðir geymdar á staðnum og afgreitt vörur þaðan og launaðir starfsmenn gerðarþola hafi jafnan verið á staðnum. Telur gerðarbeiðandi samkvæmt þessu, að rekstur gerðarþola í Krossanesi hafi verið heimilisföst atvinnustofnun í merkingu a-liðs 8. gr. útsvarslaganna. Jafnframt hefur gerðarbeiðandi vitnað til breytinga á nefndri lagagrein með lögum nr. 59 1947, þar sem ekki er tekið fram, að atvinnureksturinn þurfi að vera heimilisfastur. Gerðarbeiðandi hefur einnig stutt kröfu sína með því, að atvinnurekstur þessi hafi verið mjög umfangsmikill og ábatasamur og að gerðarþoli hafi haft megin gróðann af honum, en ekki verksmiðjan, svo að gerðarbeiðandi næði ekki útsvari af þessari starfsemi nema að litlu leyti, nema með útsvarsálagningu á gerðarþola.

Gerðarbeiðandi hefur einnig stutt kröfu sína um gerðina við b-lið 8. gr. útsvarslaganna, þar sem hér hafi einnig verið um afnot af landi að ræða, þar eð lýsið hafi verið geymt á tunnum, sem dreift hafi verið um verksmiðjulóðina.

Skiptikröfu þá, sem gerðarbeiðandi hefur gert í útsvari gerðarþola hjá Akureyrarbæ, kveðst hann hafa gert til að geyma sér allan rétt í því efni, þar sem gerðarþoli hafi á þeim tíma þráast við að gefa þær upplýsingar um rekstur sinn í Krossanesi, sem honum var nauðsynlegt að fá, til að geta lagt á hann útsvar sjálfstætt og hvíli sú krafa, meðan máli þessu sé ólokið.

Gerðarþoli hefur aðallega byggt kröfu sína um að gerðinni verði

synjað á því, að hann hafi ekki rekið heimilisfasta atvinnustofnun í Glæsibæjarhreppi árið 1950. Hefur hann aðallega stutt það þeim rökum, að samningurinn um leigu verksmiðjunnar hafi verið gerður til skamms tíma og að karfabræðslan hafi farið fram á tveimur afmörkuðum tímabilum 27. apríl til 8. júlí og 8. september til 25. nóvember. Til þess að atvinnustofnun geti talizt heimilisföst, telur hann að stofnunin þurfi að hafa föstu starfsliði á að skipa og fyrirsvarsmann á staðnum, sem geti skuldbundið eigendur. Hann hefur og haldið því fram, að rekstur þessi hafi aðeins verið stundarfyrirbæri, enda hafi veiðarnar getað hætt fyrirvaralaust, hvenær sem var. Varðandi síðara leigutímabilið hefur hann haldið því fram, að þá hafi ekki verið samið um leiguna, enda hafi veiðarnar fyrir verksmiðjuna þá verið algert bráðabirgðaástand vegna verkfalls þess, sem þá stóð yfir í togarflotanum annars staðar á landinu, og hafi gerðarþoli ekki haft kaup- og kjarasamninga til annarra veiða en þessara. Einnig hefur hann bent á, að útgerð skipanna, sem lögðu til hráefnið í Krossanesi, hafi að öllu leyti farið fram frá Akureyri og að gerðarþoli hafi annazt þaðan sölu og afhendingu framleiðsluvaranna og megin hluti afurðanna hafi verið fluttur í skip á Akureyri, afurðasalan hafi að mestu farið fram eftir hendinni og hafi henni að mestu verið lokið um áramót. Loks hefur gerðarþoli skírskotað til 9. gr. útsvarslaganna, 1 c-lið, þar sem talað er um síldarbræðslur í sambandi við skipti á útsvörum og telur, að starfsemi gerðarþola í Krossanesi hafi verið alveg hliðstæð því.

Gerðarþoli hefur einnig mótmælt því, að gerðin færi fram samkvæmt b-lið 8. gr. útsvarslaganna, þar sem hér hafi ekki verið um að ræða ræða sérstök lóðarafnot og hefur í því sambandi vitnað til 9. gr. c-liðs útsvarslaganna um síldarsöltun, en hér hafi verið um alveg sams konar lóðarafnot að ræða og almennt sé um slíkar stöðvar.

Til vara hefur gerðarþoli mótmælt framgangi gerðarinnar með þeim rökum, að gerðarbeiðandi hafi gert skiptikröfu í útsvari gerðarþola hjá Akureyrarbæ og hafi heimilissveitin því mátt reikna með, að hún mætti leggja á allar tekjur og eignir gerðarþola. Verði gerð þessi heimiluð, leiði það því til tvísköttunar á gerðarþola.

Upplýst er í málinu, að lagt var á allar tekjur og eignir gerðarþola á Akureyri 1951.

Samkvæmt dskj. nr. 20 hafði gerðarþoli enga fastráðna starfsmenn í Krossanesi á vinnslutímanum, en greiddi hins vegar laun þeirra, sem unnu í verksmiðjunni, að sínum hluta á hinum tveimur framangreindu leigutímabilum. Upplýst má telja, að yfirstjórn þessa reksturs hafi verið á Akureyri, þar sem gerðarþoli á heima og að sölu afurðanna hafi verið stjórnað þaðan, enda verður ekki séð, að gerðarþoli hafi haft neina skrifstofu eða stjórnarrekstur í Krossanesi í sambandi við starfsemina þar. Þá verður að fallast á það með gerðarþola, að reksturinn í Krossanesi í þessu formi hafi verið allmjög tímabundinn og haft nokkur einkenni bráðabirgðaástands, enda verður ekki talið, að hann hafi staðið lengur en 8—9 mánuði eða frá aprílokum 1950, þar til í janúar 1951.

Að vísu hóst reksturinn aftur í maímánuði 1951 með álíka fyrirkomulagi, en það var samkvæmt alveg nýjum samningi og nokkuð breyttum frá árinu áður. Þegar á þetta er litið, telur rétturinn, að gerðarþoli hafi ekki rekið heimilisfasta atvinnustofnun í Glæsibæjarhreppi árið 1950. Ekki verður svo á litið, að lög nr. 59 1947 hafi neitt haggað við ákvæði a-liðs 8. gr. útsvarslaganna, heldur beri að skilja þau með hliðsjón af orðalagi a-liðsins.

Eftir þessari niðurstöðu verður gerðin ekki heimiluð eftir a-lið 8. gr. útsvarslaganna.

Ekki verður talið, að gerðarþoli hafi haft jarðarafnot slík í Krossanesi, er b-liður 8. gr. útsvarslaganna nær til, og verður gerðin því ekki heldur heimiluð eftir þeim lið. Niðurstaðan verður samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, sú, að útsvarið sé ekki réttilega á lagt og verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 1000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á ekki að ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. júní 1953.

Nr. 161/1952. **Kirkjusandur h/f** (Ólafur Þorgrímsson)

gegn

Þórunni Kristínu Pálmadóttur

(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. sm. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara lækkunar fjárhæðar þeirrar, sem dæmd var í héraði. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Tryggingaryfirlæknir hefur hinn 16. þ. m. vottað, að samkvæmt rannsókn á heilsu stefnda, er framkvæmd var þann dag, verði að telja örorku stefnda óbreytta frá því, sem hún var áætluð af Jóhanni prófessor Sæmundssyni hinn 19. júní 1950. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnda, Þórunni Kristínu Pálmadóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur Þórunn Kristín Pálmadóttir, Laugarnesbragga 39 B, hér í bæ, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. júní 1950, gegn Kirkjusandi h. f., hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 147 500.00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru, 23. júní 1950, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnandi, en til vara, að þær verði lækkaðar eftir mati dómarans. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Veturinn 1948 til 1949 var stefnandi starfsstúlka í hraðfrystihúsi stefnda á Kirkjusandi. Hinn 19. marz 1949 kl. rúmlega 18.00 vann hún að því að taka á móti fiskpökkum. Húsrými það, sem móttakan fór fram í, er gangur, sem liggur þvert í gegnum frystihúsið, og voru stefnandi og önnur starfsstúlka í frystihúsinu einar staddar í ganginum, er slys það gerðist, sem síðar verður sagt frá. Staðhættir á vinnustaðnum eru þeir, að op er á skilvegg milli gangsins, þar sem móttakan fer fram í, og sals þess, þar sem fiskurinn er pakkaður. Færiband flytur fiskpakkana að opi þessu, og frá enda þess liggur blikkrenna, skáhallt niður á við gegnum opið, að vinnuborði, sem stendur við skilvegginn undir opinu. Yfir endanum á færibandinu, nálægt veggnum, er láréttur sléttur 1″ ás, ca. 7 sm neðan við efri brún opsins, en ca. 16 sm lóðrétt

upp frá rennunni. Ás þessi snýst þannig, að hann hreyfist að neðan að þeim, sem tekur á móti fiskpökkunum, og er hann óvarinn. Lárétt vegalengd frá miðju ássins og að fremri brún blikkrennunnar er um 33 sm, en fjarlægð frá miðju hans að fremri brún opsins, gangmegin, 23 sm. Breidd vinnuborðsins frá vegg er 56 sm og hæð þess frá grind á gólfi, er sá stendur á, sem tekur á móti fiskpökkunum, er 75 sm. Móttöku fiskpakkanna er að jafnaði svo háttað, að starfsmaður sá, er veitir þeim viðtöku, tekur þá í blikkrennunni og setur þá á frystipönnur, sem eru til hliðar á vinnuborðinu. Á meðan skipt er um frystipönnur, þarf stundum að stöðva pakkana í rennunni, til þess að hindra að þeir falli niður á borðið. Sama er og, þegar mikið berst að, og er þá hugsanlegt, að halda þurfi við þá ofarlega í rennunni. Eitt vitni hefur borið það, að þegar mikið berist að, geti verið nauðsynlegt að styðja pakkana á færibandinu, og þurfi þá að stinga hendinni upp í gegnum opið, en ekki bar stefnandi nauðsyn til þess í umrætt skipti. Í málinu kemur fram, að stundum notuðu starfsstúlkur stefnda, þá er þær unnu við móttöku fiskpakkanna og flutning frystipanna í frystiklefa, sjóvetlinga, er þær fengu að láni hjá starfsmönnum frystihússins. Rétt áður en síðargreint slys varð, hafði stefnandi fengið lánaða stóra sjóvetlinga hjá einum starfsmanni frystihússins. Voru þeir með böndum í fitjunum, svo sem oft er um slíka vetlinga, til að binda þá saman með. Setti stefnandi vetlingana á sig og notaði þá við móttöku fiskpakkanna. Hin stúlkan, sem með henni var í ganginum, setti frystipönnurnar á kerrur, og er nægilegt var komið á þær, var þeim síðan ekið brott að frystiklefunum. Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt skipti hafi fiskpakkar borizt ört að, og hafi því verið nauðsynlegt að taka þá efst í rennunni, strax eftir að þeir féllu af færibandinu. Er hún hafi verið að taka einn pakkann, hafi bandið í hægri handar vetlingnum slegizt utan um fyrrnefndan ás og festzt á honum. Hafi þetta gerzt með svo skjótum hætti, að hún hafi ekki haft neitt svigrúm til að ná vetlingnum af sér og hönd hennar og handleggur því vafizt upp á ásinn, en við það hafi framhandleggurinn margbrotnað og hendin öll laskazt. Stefnandi er að vísu ein til frásagnar um það, að slysið hafi borið að með þessum hætti, þar eð stúlka sú, er með henni var í ganginum, sneri baki að henni, er það varð, en þar sem skýrsla stefnandi um atburðinn kemur heim við staðhætti og er sennileg, þykir verða að leggja hana til grundvallar um það, hvernig slysið hafi borið að höndum. Er stefnandi hafði festzt á ásnum, rak hún upp óp, og er samstarfsstúlka hennar sá, hvernig komið var, hljóp hún inn í næsta sal og rauf rafmagnsstrauminn til vélar þeirrar, er ásnum sneri. Starfsmenn stefnda í frystihúsinu komu stefnandi þegar til hjálpar og losuðu handlegg hennar af ásnum og var hún síðan flutt í Landsspítalann, og þar gert að meiðslum hennar. Í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar, dagsettu 14. október 1949, en hann skoðaði stefnandi, segir meðal annars svo: „Aftan á miðjum framhandlegg var sár, sem gekk skáhallt niður á við medialt og virtist vanta húðstykki medialt. Distali hluti handleggsins „dinglaði" laus, hékk fastur aðeins á

vöðvunum og öðrum mjúkum vefjum volart á handleggnum. Dorsalt höfðu vöðvarnir kramizt sundur og sinarnar höfðu dregizt út úr vöðvunum, svo ekki fannst einn einasti nýtilegur vöðvi dorsalt. Bæði úlna og radius voru brotin og stungust beinendarnir út úr sárinu. Brot þessi voru um miðjan framhandlegginn. Auk þess var radius brotinn á typiskum stað við úlnliðinn og þar mikil dislocation, enda var ligamentum triangulare og neðri úlnaendinn farinn úr liði. Taugar virtust ekki alvarlega skaddaðar. Strax eftir komuna í spítalann var gert að sárunum. Gerð var osteosynthesis á úlna og radiusbrotinu, þar eð óhugsandi var að fá brotendana til þess að liggja saman á annan hátt. Distala radiusbrotinu var reynt að reponera óblóðugt. Reynt var að rekonstruera vöðvana, en sýnilegt var, að það myndi ekki koma að miklu gagni. Eftir að sárinu hafði verið lokað, voru settar gipsumbúðir á handlegginn. Sj. var höfð á spítalanum þar til 8. apríl 1949, en þá útskrifuð með gipsumbúðir. Eftir það hefur hún komið reglulega á spítalann til eftirlits og til skipta á umbúðum. Proximala radiusbrotið og úlnabrotið er enn ekki gróið og vafasamt, hvort þau gera það án frekari aðgerða (spengingar) og er hún því látin nota gipsumbúðir. Fullkomin insuficier er á öllum fingur- og handar-extensorum og hendin er því, eins og er, algjörlega ónothæf. Engar líkur eru til þess að bæta hendina, og takist ekki að fá framhandleggsbeinin til þess að gróa, verður hún, hvað vinnu snertir, engu betur stödd en þótt amputation hefði verið gerð á framhandleggnum."

Samkvæmt vottorði Jóhanns Sæmundssonar tryggingaryfirlæknis, dagsettu 22. júní 1950, skoðaði hann stefnandi 19. s. m. Segir meðal annars í vottorðinu: — „Þann 16. maí 1950 er tekin röntgenmynd af brotstaðnum og sýnir hún, að brotið á ölninni (ulna) er enn ógróið, en spengt með vír, að brotið (hið efra) á geislabeini er gróið í skaplegum stellingum, en neðra brotið á geislabeini er illa eða ekki gróið, en þó í góðum stellingum. Við skoðun nú kemur í ljós, að áberandi, bláleitt, djúpt barnslófa stórt ör er á h. framhandlegg handarbaksmegin og er það á gómstóru svæði vaxið við bein, húðin yfir örinu þunn og skænisleg. Allmikil hliðarsveigja er þarna á handleggnum og vöðvar að kalla eyðilagðir. Mikil deviation er á húðinni um úlnlið í áttina til úlna, ca. 180°. Heita má, að stúlkan sé alveg afllaus í úlnlið og öllum fingurliðum við fettingu og réttingu, en hún getur beygt, abducerað og adducerað þumal um fremri liðinn. Hún getur kreppt fremstu tvo liði hinna fingranna því nær eðlilega, en með fremur litlu afli, en ekki beygt nema um 15—20° í efstu fingurliðum. Mesta breyting í úlnlið fram og aftur ca. aðeins 5—10°. Pronation og supination er alls engin, en framhandleggurinn er í meðalstöðu hvað þetta snertir. Ég tel ekki líkur til að slösuðu batni verulega úr þessu og áætla örorku hennar um 45% framvegis."

Loks segir í vottorði læknis, er skoðaði stefnandi 4. f. m., að ástand handarinnar og handleggsins sé í öllum aðalatriðum hið sama og segir í vottorði tryggingaryfirlæknisins og telur læknirinn ekki forsendur fyrir því, að örorkumati hans verði haggað.

Eftir að slysið varð, var sett fjöl skáhallt í opið framan við ásinn til öryggis. Síðan var hún tekin burtu og sett blikkhlíf nær ásnum, framan og neðan við hann. Er lögmenn aðilja fóru á slysstaðinn 1. f. m. og síðan aftur ásamt dómaranum 23. f. m., til þess að athuga staðhætti, var blikkhlífin ekki lengur til hlífðar ásnum og var hann óvarinn, svo sem hann hafði verið, er slysið gerðist.

Stefnandi heldur því fram og reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stefndi beri eftir almennum reglum ábyrgð á öllu því tjóni, er hún hafi orðið fyrir vegna slyssins. Með því að hafa fyrrgreindan ás óvarinn hafi stefndi ekki fylgt fyrirmælum laga um öryggi á vinnustað. Vísar stefnandi í þessu sambandi sérstaklega til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 um eftirlit með vélum og verksmiðjum og 1. mgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, er sett hafa verið samkvæmt heimild í 22. gr. laganna. Þá bendir hún og á ákvæði laga nr. 23/1952, en í þeim lögum hafi verið gerðar strangari kröfur um öryggi á vinnustöðvum heldur en í hinum eldri ákvæðum. Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessari vanrækslu sinni bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart henni, enda megi og rekja slysið til þess, að lögboðins öryggisútbúnaðar hafi ekki verið gætt. Vísar stefnandi í þessu sambandi til undirmatsgerðar, dags. 20. des. 1950.

Í öðru lagi telur stefnandi, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu og afleiðingum þess eftir reglunum um ábyrgð manna á starfsmönnum þeirra. Heldur stefnandi því fram, að verkstjóra stefnda hafi borið að vara hana og aðra þá, er önnuðust móttöku fiskpakkanna, við hættu þeirri, er af ásnum gæti stafað, og sérstaklega því að koma í námunda við hann með sjóvetlinga á höndunum eða jafnvel banna notkun slíkra vetlinga. Verkstjórinn hafi hins vegar ekki varað við neinni hættu af ásnum og látið óátalið, að sjóvetlingar væru notaðir við móttöku fiskpakkanna. Í þessu sambandi bendir stefnandi og á, að það hafi verið óforsvaranleg ráðstöfun hjá verkstjóranum að láta hana, er hafi verið aðeins 16 ára, er slysið varð, vinna þetta hættulega starf.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að hér hafi verið um hættulegan atvinnurekstur að ræða og beri stefndi ábyrgð á slysinu eftir reglunum um ábyrgð á slíkum atvinnurekstri.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að hann eða starfsmenn hans hafi enga sök átt á slysinu. Telur hann, að það hafi orðið vegna stórkostlegs gáleysis af hálfu stefnandi sjálfrar. Bendir stefndi á þessu til stuðnings, að af hálfu véla- og verksmiðjueftirlits ríkisins hafi ekki verið krafizt frekari öryggisútbúnaðar en fyrir hendi var, þegar slysið varð, og vísar í þessu efni til bréfs forstöðumanns þess, dagsetts 1. júní 1950. Þá vísar stefndi og, máli sínu til stuðnings, til yfirmatsgerðar, dagsettrar 25. apríl 1951, en samkvæmt niðurstöðu hennar telja yfirskoðunarmennirnir, að útbúnaðurinn fullnægi að þeirra áliti þeim kröfum, sem gerðar séu um öryggi á vinnustað.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 24/1928 segir meðal annars svo: „Girðingar og hlífar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla hreyfihluta véla, er mönnum stafar hætta af að nálgast ...“ Þá segir svo í 2. mgr. 12. gr.

sömu laga: „Nú eru fleiri vélar knúnar orku frá einni aflstöð, og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vél um sig, þótt aflstöðin vinni.“ Enn segir í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar nr. 10/1929, er sett var samkvæmt heimild í 22. gr. nefndra laga, að hreyfihlutar gangútbúnaðar, svo sem ásar, gangreimar og ganghjól, skulu vera tryggilega afgirt eða á annan hátt svo um þá búið, að mönnum, sem hafast við, þar sem slíkur búnaður er, stafi ekki hætta af. Loks segir svo í 1. mgr. 38. gr. greindrar reglugerðar: „Laus tengsl eða laus og föst ganghjól skulu vera á gangbúnaði, þannig að stöðva megi frá vinnustofu, þó að aflvélin gangi. Ef þessu verður ekki við komið, skal mega gefa merki frá vinnustofunni um að stöðva vélina. Þar sem rafhreyfill er notaður, skal vera hægt að rjúfa strauminn á stað, sem er greiður aðgöngu innan vinnustofunnar.“

Það verður ekki talið, að af hálfu véla- og verksmiðjueftirlitsins sé heimilt að slaka á þeim kröfum, sem gerðar eru í greindum ákvæðum um öryggisútbúnað. Svo sem áður er sagt, var fyrrgreindur ás óvarinn. Var það gagnstætt tilvitnuðum fyrirmælum 11. gr. laga nr. 24/1928 og 37. gr. reglugerðar 10/1929 og verður að telja, að stefndi beri ábyrgð á því, að fyrirskipaðs öryggisútbúnaðar var ekki gætt. Meginorsök slyssins verður rakin til umrædds vanbúnaðar, og er stefndi því fébótaskyldur gagnvart stefnandi.

Það verður að teljast hafa verið óvarlegt að nota stóra sjóvetlinga við starf það, sem stefnandi vann að, er hún varð fyrir slysinu, en í málinu er það upp komið, að algengt var að starfsstúlkur frystihússins, er þar gegndu þessu sama starfi, notuðu slíka vetlinga, er þær ýmist fengu lánaða hjá starfsmönnum frystihússins eða tóku til notkunar með þegjandi samþykki þeirra. Verkstjórum stefnda var kunnugt um, að stúlkurnar notuðu slíka vetlinga við starf þetta. Þeir vöruðu þó ekki stúlkurnar við því, og hefði verkstjórunum þó átt að vera ljóst, að hætta gat af notkun slíkra vetlinga stafað. Að þessu athuguðu þykir stefnandi, sem aðeins var 16 ára að aldri, er slysið varð, ekki verða gefið það að sök, að hún notaði sjóvetlinga við starfið í umrætt skipti. Er stefnda því skylt að bæta henni allt það tjón, er hún varð fyrir vegna umrædds slyss.

Það athugast, að eigi var unnt að rjúfa rafstraum til aflvélar þeirrar, er knúði fyrrnefndan ás, í húsrými því, er stefnandi starfaði í, er hönd hennar festist á ásnum. Var með því brotið gegn tilvitnuðum fyrirmælum 38. gr. reglugerðar nr. 10/1929. Ætla má, að þessi vanbúnaður hafi valdið því, að meiðsli stefnandi hafi orðið meiri en ella.

Kröfur sínar í stefnu hefur stefnandi sundurliðað svo:

1. Örorkubætur	kr.	120 000.00
2. Bætur fyrir sársauka, lýti og óþægindi	”	20 000.00
3. Sjúkrahjálp	”	7 500.00
Samtals	kr.	147 500.00

Í greinargerð féll stefnandi frá 3. lið kröfunnar, þar eð Tryggingarstofnun ríkisins hefði greitt hann að fullu.

Samkvæmt bréfi Tryggingarstofnuninnar, dagsettu 29. júní 1950, hefur

hún greitt stefnandi dagpeninga og örorkubætur samtals kr. 39 226.42.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína undir 1. lið um þá upphæð eða niður í kr. 80 773.58, en hélt fast við 2. lið kröfunnar svo og við kröfu sína um vexti og málskostnað.

Stefndi hefur mótmælt 1. og 2. lið stefnukröfunnar sem of háum, og verða þeir nú teknir til athugunar hvor um sig.

Um 1. Tryggingarfræðingur hefur verið fenginn til að reikna út fjárhagstjón stefnandi. Samkvæmt bréfi hans, dagsettu 28. júní 1950, er útreikningur hans miðaður við tímakaup hjá Verkakvennafélaginu Framsókn, en eftir taxta þess félags vann stefnandi, þegar hún slasaðist. Við útreikninginn tók tryggingarfræðigurin tillit til hækkuar á kaupi, er varð í júlíbyrjun 1949, og miðaði við 45% örorku stefnandi í samræmi við áður rakin læknisvottorð. Reiknaðist tryggingarfræðingnum verðmæti starfsorkumissis stefnandi kr. 135 869.00. Frá þessari upphæð dregur hann 10—20%, sem hann áætlar vegna atvinnuleysis, og kemur þá út tjón vegna örorkunnar kr. 108 695.00 til kr. 122 282.00. Miðaði stefnandi kröfu sína í stefnu um bætur fyrir örorku við þennan útreikning. Síðan málið var höfðað hefur kaupgjald hækkað samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Var því tryggingarfræðingurinn fenginn til að reikna út að nýju fjárhagstjón stefnandi. Samkvæmt bréfi hans, dagsettu 4. f. m., reiknar hann tjón stefnandi vegna örorkunnar kr. 156 771.00 til kr. 176 368.00. Er útreikingur þessi gerður á hinum sömu forsendum og hinn fyrri að öðru leyti en því, að tekið er tillit til hækkunar kaupgjalds. Við útreikninginn á tjóni stefnandi hefur tryggingarfræðingurinn miðað við, að hún hafi verið 45% öryrki frá slyssdegi, en í málinu kemur fram, að stefnandi hefur verið algerlega óvinnufær um eins árs skeið eftir slysið. Að því athuguðu, sem að framan er rakið, þykir kröfu stefnandi um bætur fyrir örorku í hóf stillt, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 2. Þegar athugað er, með hverjum hætti umrætt slys varð, þykir sýnt, að það hafi í upphafi valdið stefnandi verulegum þjáningum. Þá hafa síðari læknisaðgerðir, sbr. fyrrgreind læknisvottorð, bakað stefnandi sársauka og óþægindi. Loks er það ljóst af ljósmyndum, er fram hafa verið lagðar í málinu, að hægri hendi og framhandleggur stefnandi ber veruleg og varanleg lýti vegna meiðslanna. Þegar þessi atriði eru virt, þykja bætur til stefnandi samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15 000.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandi kr. 95 773,58 (kr. 80 733.58 + kr. 15 000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 7 000.00, og er þar með talinn matskostnaður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kirkjusandur h.f., greiði stefnandi, Þórunni Kristínu Pálmadóttur, kr. 95 773.58 með 6% ársvöxtum frá 23. júní 1950 til greiðsludags og kr. 7 000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 149/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason)

gegn

Erlendi Ó. Péturssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögn héraðsdóms hefur nýtt fasteignamat verið framkvæmt á húsi stefnda nr. 23 við Tryggvagötu í Reykjavík til leiðréttingar fasteignamati frá 1942, sbr. 18. gr. laga nr. 70/1945. Samkvæmt þeirri virðingu er fasteignamatsverð húseignarinnar, miðað við 31. desember 1949, talið kr. 38000.00. Þetta leiðrétta fasteignamat ber að leggja til grundvallar í málinu. Af því leiðir, að eign stefnda 31. desember 1949, reiknuð samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22/1950, nam ekki kr. 300.000.00. Verður héraðsdómurinn því staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum á áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Erlendi Ó. Péturssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. sept. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 19 þ. m., hefur Erlendur Ó. Pétursson forstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að felldur yrði niður stóreignaskattur sá, að fjárhæð kr. 12 141.00, sem honum hefur verið gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur ennfremur áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á skatti þessum af öðrum ástæðum, ef það skyldi teljast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólunum, varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattur þessi var lagður á skattþegna miðað við eignir þeirra 31. des. 1949.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi, að eign stefnanda við ákvörðun stóreignaskatts næmi kr. 422 250.00 og honum bæri samkvæmt því að greiða kr. 12 225.00 í stóreignaskatt. Meðal eigna stefnanda var húseignin nr. 23 við Tryggvagötu, hér í bænum, sem talin var kr. 68 800.00 að fasteignamatsverði, en var í þessu sambandi reiknuð honum til eignar á sexföldu fasteignamatsverði eða kr. 412 800.00. Stefnandi virðist hafa kært skattaálagningu þessa til skattstjórans í Reykjavík, en án þess að breyting fengist á gerð. Þá virðist hann hafa kært til ríkisskattanefndar, sem lækkaði eign hans í þessu sambandi um kr. 831.00 eða í kr. 421 419.00 og ákvað stóreignaskatt hans kr. 12 141.00. Breyting þessi snerti ekki verðmætisákvörðun skattyfirvaldanna á húseigninni nr. 23 við Tryggvagötu.

Húsið nr. 23 við Tryggvagötu er gamalt timburhús og stendur á lóð, sem er eign Reykjavíkurhafnar. Með samningi, dags. 26. sept. 1932, seldi

hafnarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurhafnar Jes Ziemsen lóð þessa á leigu. Leigutíminn var ákveðinn 10 ár frá 1. október 1932 að telja. Í samningi þessum er svo ákveðið, að þegar leigutíminn sé liðinn, skuli taka burt öll mannvirki af lóðinni, leigusala að kostnaðarlausu. Þann 15. apríl 1938 keypti stefnandi húseign þessa fyrir kr. 30 000.00 og tók þá um leið við öllum réttindum og skyldum samkvæmt fyrrgreindum lóðarleigusamningi. Þann 28. október 1942 var lóðarleigusamningur þessi framlengdur óbreyttur um fimm ára skeið eða til 30. september 1947. Þann 4. nóvember 1947 framlengdi leigusali enn samning þennan, en nú um óákveðinn tíma og með því skilyrði, að leigumálinn væri uppsegjanlegur af hálfu leigusala með sex mánaða fresti.

Þann 18. marz s. l. fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta til fjár húseignina nr. 23 við Tryggvagötu, miðað við verðmæti hennar þann 31. des. 1949. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dags. er 17. júlí s. l., telja þeir, að verðmæti hússins þann 31. des. 1949 hafi verið kr. 257 000.00 og er þá tekið tillit til gerðar þess, ástands og þess, hve lóðaréttindi eru ótrygg.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að við ákvörðun stóreignaskattsins beri að telja verðmæti húseignar þessarar kr. 257 000.00 í stað kr. 412 800.00, sem skattyfirvöldin hafa gert. Samkvæmt því lækki hrein eign hans um kr. 155 800.00 frá því, sem skattyfirvöldin hafi talið, eða í kr. 265 619.00. Af þeirri eign beri hins vegar ekki að reikna stóreignaskatt samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950.

Telur stefnandi, að enda þótt svo sé ákveðið í 1. tl. 2. mgr. laga nr. 22 frá 1950, að við ákvörðun stóreignaskattsins skuli fasteignir metnar þannig til verðs, að fasteignamatsverð sé lagt til grundvallar og það síðan margfaldað með ákveðinni tölu, sex að því er Reykjavík varðar, þá sé þar einungis um starfsreglu að ræða. Reynt sé að finna þannig verðmæti fasteigna, sem liggi sem næst raunverulegu söluverðmæti eignanna, en vitað sé, að fasteignamatsverð sé langt fyrir neðan venjulegt söluverð. Þessi regla hafi verið sett aðeins til hagræðis, þar sem annars hafi orðið að láta meta sérstaklega verðmæti hverrar eignar, en slíkt myndi hafa orðið óhæfilega dýrt og tafsamt. Sannist hins vegar, að raunverulegt söluverðmæti fasteignar hafi verið lægra en verðmæti reiknað samkvæmt reglum 1. tl. 2. mgr. 12. gr., þá beri tvímælalaust að leggja það til grundvallar. Við ákvörðun skatts verði aldrei hægt að miða við hærra verðgildi eignar en sé raunverulegt verðgildi hennar. Ef reiknað sé með hærra verði, þá sé ekki um skattálagningu að ræða, heldur eignarnám. Með mati hinna dómkvöddu manna frá 17. júlí 1952 hafi sannazt, að verðmæti hússins nr. 23 við Tryggvagötu hafi verið miklu lægra þann 31. des. 1949 heldur en sexfalt fasteignamatsverð. Við álagningu stóreignaskattsins beri að leggja hið raunverulega verðmæti til grundvallar, en það sé verðmæti það, er hinir dómkvöddu menn hafi metið húseignina.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að í 1. tl. 2. mgr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýrt fram tekið, að við álagningu stóreignaskattsins skuli telja

fasteignir til eignar á fasteignamatsverði, margfölduðu með ákveðinni tölu, misjafnt eftir staðsetningu fasteignanna. Í lögum nr. 22 frá 1950 eða síðari breytingum á þeim lögum sé engin heimild, er leyfi að hverfa frá þessari reglu, og við annað verði því ekki miðað við álagningu stóreignaskattsins. Þegar fasteignamatið var framkvæmt, hafi án efa verið tekið tillit til hinna óvissu lóðaréttinda hússins og það orðið lægra af þeim sökum. Þess beri enn fremur að gæta, að hafi stefnandi talið, að verðmæti hússins hafi rýrnað verulega á árinu 1947, er upphaflegi lóðarleigumálinn féll úr gildi, þá hafi hann átt þess kost að fá nýtt fasteignamat samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 70 frá 1945 um fasteignamat. Þetta hafi hann ekki gert og því auðsýnilega sætt sig við hið fyrra fasteignamat. Mat hinna dómkvöddu manna skipti engu máli í þessu sambandi, þar sem skýlaus lagaákvæði séu til, sem segi, hvernig skuli reikna verðmæti fasteigna við ákvörðun stóreignaskattsins.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er að finna reglur þær, sem beita skal við ákvörðun eigna skattþegna, þegar stóreignaskatturinn er reiknaður. Í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. segir, að fasteignir skuli metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6, að því er Reykjavík varðar. Frá þessari reglu eru engar undantekningar gerðar og í lögunum eru ekki neinar reglur um, hvernig fara skuli, ef fasteignamat hafi ekki verið framkvæmt eða fasteignamatsverð umreiknað samkvæmt ákvæðum laganna er hærra en markaðsverð fasteignarinnar.

Fasteignamat það, sem í gildi var 31. des. 1949, var framkvæmt samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 frá 1938 um fasteignamat. Í 2. gr. laga þeirra segir, að fasteignir skuli metnar sanngjörnu söluverði. Fasteignamat þetta virðist hafa tekið gildi á árinu 1942. Síðan hafa orðið hinar miklu breytingar á verðgildi peninga og vitað er, að fasteignamatsverð er yfirleitt miklu lægra en sanngjarnt söluverð fasteigna. Með hliðsjón af þessu munu hafa verið settar margfeldireglur þær, sem eru í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Þegar þessa er gætt og virtar eru reglur 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, er ljóst, að tilgangur þeirra er sá, að við ákvörðun stóreignaskattsins verði fasteignir skattþegna taldar á sanngjörnu markaðsverði. Í samræmi við þetta er í 2. tl. 2. mgr. 12. gr. ákveðið um skip, að verðmæti þess skuli teljast jafnt vátryggingarverði, nema sannist með mati, að eðlilegt söluverð sé annað. Sama sjónarmið kemur fram í reglum þeim, sem fjármálaráðherra setti þann 20. sept. 1950, um verðlagningu lausafjár. Það verður að telja almenna reglu íslenzks réttar, að eignir beri eigi að telja á hærra verði en ætla megi að sé almennt söluverð þeirra, þegar þær eru notaðar sem skattstofn. Þegar þessa er gætt, er ljóst, að verðmætisákvörðunarregla sú, sem fram kemur í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, er meðalhófsregla, sem sett er í hagkvæmisskyni til þess að auðvelda framkvæmd verðmætisákvarðananna. Það er ljóst, að reglan í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. er ekki algild eftir orðum sínum, af því að þar er hvergi getið, hvernig fara skuli með fasteignir, sem ekki höfðu verið metnar fasteignamati þann 31. des. 1949.

Þegar allt þetta er virt, þykir verða að skýra svo ákvæði 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að reglum þeim, sem þar getur, skuli beitt við ákvörðun verðmætis fasteigna, nema það sannist, að eðlilegt söluverð sé lægra.

Svo sem að framan getur, telst verðmæti húseignarinnar nr. 23 við Tryggvagötu kr. 412 800.00, ef farið er eftir reglum þeim um verðmætisákvörðun, sem greinir í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Hinir dómkvöddu menn töldu hins vegar, að verðmæti húseignarinnar þann 31. des. 1949 hefði verið kr. 257 000.00. Mati þessu hefur ekki verið skotið til yfirmats og það hefur út af fyrir sig engum rökstuddum andmælum sætt. Verður það því lagt til grundvallar í máli þessu. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem að framan getur, þá verður að telja, að við ákvörðun hreinnar eignar stefnanda í sambandi við álagningu stóreignaskatts sé rétt að telja húseignina nr. 23 við Tryggvagötu honum til eignar á kr. 257 000.00. Hrein heildareign stefnanda í þessu sambandi nam því aðeins kr. 265 619.00, en af þeirri eign ber honum samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 ekki að greiða stóreignaskatt.

Verða því kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dags. 16. júlí s. l., en með úrskurði uppkveðnum 1. júlí s. l. hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stefnanda, Erlendi Ó. Péturssyni, er óskylt að greiða stóreignaskatt samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 3/1952. **Oddur Helgason og Stefán Franklín**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Guttormi Erlendssyni f. h. Allan Erlandssons
(sjálfur).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af kröfu um greiðslu útgerðarhalla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1952. Krefjast þeir sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar 1952. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum 7/10 hluta þess halla, sem varð á rekstri b/v Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. des. 1949 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

H/f Engey keypti b/v Drangey á árinu 1945. Aðaláfrýjendur áttu allan þorra hlutabréfa í h/f Engey, þ. e. Stefán Franklín 60%, en Oddur Helgason 30%. H/f Engey vegnaði ekki vel, og tóku aðaláfrýjendur að leita leiða til sölu b/v Drangeyjar. Á árinu 1947 voru ráðagerðir uppi um stofnun félagsskapar í Danmörku, sem danskir og íslenzkir menn stæðu að, og ætlað var að kaupa togarann, en dönsk yfirvöld synjuðu á öndverðu ári 1948 innflutnings á honum. Er hér var komið, sneru aðaláfrýjendur sér til gagnáfrýjenda. Með símskeyti 13. febrúar 1948 tjáðu þeir gagnáfrýjanda, að þeir hefðu áhuga á því, að stofnaður yrði félagsskapur í Gautaborg, er aðaláfrýjendur ætluðu sér hlutdeild í, og kaupa skyldi b/v Drangey fyrir s. kr. 800 000.00 og gera hana út, en andvirði togarans skyldi greitt smám saman með 15% af óskírum (brúttó) afla hans. Gagnáfrýjandi leitaði vitneskju um togarann o. fl. og hófst síðan handa um að fá

hann fluttan til Svíþjóðar. Var A/B Atlantprodukter, sem gagnáfrýjandi var forstjóri fyrir, veitt innflutningsleyfi fyrir togaranum hinn 10. marz 1948. Jafnframt sömdu aðiljar um félagsskap, er kaupa skyldi og gera togarann út. Varð það að samkomulagi, að gagnáfrýjandi gekkst fyrir stofnun hlutafélags í Gautaborg í nefndu skyni, og hinn 8. apríl 1948 undirrituðu Stefán Franklín f. h. Engeyjar og gagnáfrýjandi f. h. hlutafélags í stofnun kaupsamning um b/v Drangey. Var kaupverðið s. kr. 800 000.00 og átti að greiðast með 15% af óskírum (brúttó) sölum togarans. Eignarréttur að togaranum átti að flytjast til kaupanda, er kaupverðið væri að fullu greitt eða skuldabréf með veði í togaranum gefið út fyrir því. Hinn 4. maí 1948 var stofnfundur haldinn í hinu nýja hlutafélagi, sem hlaut nafnið Fiskeriaktiebolaget Grimsö. Stofnendur voru þrír, sbr. 4. gr. hinna sænsku laga um hlutafélög frá 14. september 1944, þ. e. gagnáfrýjandi, sem talinn var eigandi níutíu og fimm hlutabréfa, kona hans, Sigríður Erlandsson, sem skráð var eigandi þriggja hlutabréfa, og lögfræðingur gagnáfrýjanda, er tjáðist eiga tvö hlutabréf. Gagnáfrýjandi var kjörinn stjórnandi hlutafélagsins, en kona hans varastjórnandi. Á stofnfundinum sat aðaláfrýjandi Stefán Franklín og Egill Ragnars, er aðaláfrýjendur höfðu sér til ráðuneytis. Hæð hlutafjárins var ákveðin kr. 10 000.00. Hinn 18. maí skrásetti Kungl. Patent- och registreringsverket Fiskeri A/B Grimsö með heimilisfangi í Gautaborg og stjórn, svo sem áður sagði. Fiskeri A/B Grimsö var stofnað af þremur fullábyrgum stofnendum. Eftir gögnum málsins fullnægði stofnun hlutafélagsins skilyrðum sænskra laga. Sú fullyrðing fær ekki staðizt, að hlutafélagið hafi verið markleysa, sökum þess að einn hluthafa hafi einungis verið sýndarhluthafi, þar sem hann tók á sig fullkomna ábyrgð stofnanda, sbr. 42., 44., 207. og 213. gr. hinna sænsku laga um hlutafélög.

Er Fiskeri A/B Grimsö var fullstofnað og skrásett, gaf það út tvö veðskuldabréf, hvort að fjárhæð s. kr. 400 000.00, fyrir kaupverði togarans, sem greiðast skyldi svo sem um hafði verið samið. Landsbanki Íslands féllst á að leysa veðbönd af togaranum fyrir skuldum h/f Engeyjar til bankans,

að fjárhæð kr. 650 000.00, sem aðaláfrýjendur ábyrgðust persónulega. Fékk bankinn í staðinn handveð í veðskuldabréfum Fiskeri A/B Grimsö. Var togarinn með því orðinn eign hlutafélagsins og hlaut nafnið Grimsö. Samkvæmt 1. gr. sænsku siglingalaganna telst skip sænskt og siglir réttilega undir sænskum fána, er það er eign hlutafélags, enda hafi stjórn félagsins aðsetur í Svíþjóð og sé skipuð hluthafa eða hluthöfum, sem hafa sænskan ríkisborgararétt. Samkvæmt þessu varð b/v Grimsö sænskt skip.

Það var samkomulag aðilja máls þessa, er Fiskeri A/B Grimsö var stofnað, að gagnáfrýjandi skyldi eiga 30% hlutabréfa í félaginu, en framselja aðaláfrýjendum 70% hlutabréfanna til eignar. Héldu aðaláfrýjendur að þetta samkomulag væri gilt og lögðu svo fyrir, að hluti fjár, sem þeir lögðu fram til útbúnaðar togarans á veiðar, skyldi renna til greiðslu á hlutabréfum þeirra. En samkvæmt 3. gr. sænskra laga frá 22. júní 1939 er óheimilt að framselja útlendingum án leyfis konungs hlutabréf í sænsku hlutafélagi, sem stofnað hefur verið til útgerðar skips. Er slíkt framsal hlutabréfa ógilt og varðar refsingu og fjárupptöku. Var því samkomulag aðilja reist á röngum forsendum.

Sænsk áhöfn tók við b/v Grimsö og var farið til fiskjar á Íslandsmið. Áður en skipið lagði út, bjuggu aðaláfrýjendur það og lögðu því veiðarfæri o. fl. til bráðabirgða. Samkvæmt bréfi þeirra frá 29. júlí 1948 höfðu þeir þá greitt vegna togarans nálægt kr. 150 000.00, og voru þeir taldir lánardrottnar að fjárhæð þessari í bókum Fiskeri A/B Grimsö. Vildu þeir nota nokkurn hluta hennar til greiðslu á hlutbréfum þeim, er þeir héldu sig eiga tilkall til, en þau fengu þeir ekki. Kvað gagnáfrýjandi ekki gengið frá þeim til fulls.

Útgerð b/v Grimsö gekk illa. Aðaláfrýjendur höfðu lagt nokkurt fé í hana til bráðabirgða, svo sem áður sagði. En aðallega var hún rekin fyrir fé, sem gagnáfrýjandi lét fyrirtækið A/B Atlantprodukter leggja fram. Var það skráð lánardrottinn að því fé í reikningum Fiskeri A/B Grimsö. Aðiljar vonuðu, að úr myndi rætast, en þeim varð ekki að von sinni. Tapið jókst, unz útgerðinni var hætt á öndverðu ári 1949. Í júní það ár fóru aðaláfrýjendur til Gautaborgar til

ráðagerða með gagnáfrýjanda. Lagði hann þá fyrir þá reikning, er sýndi um 440 þúsund sænskra króna halla á útgerðinni. Undirrituðu þá gagnáfrýjandi og aðaláfrýjendur fundargerð, þar sem ákveðið var, að aðaláfrýjandi Oddur skyldi rannsaka möguleika á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í íslenzkum banka á reikning A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö í því skyni að lækka tap þess félags. Fé þetta skyldu þeir leggja fram Oddur Helgason og Stefán Franklín sem fulltrúi fyrir Engey h/f, en meðan á þessu stæði, skyldi gagnáfrýjandi reyna að verjast lánardrottnum. Orðalag þessarar fundargerðar er ekki skýrt. Gagnáfrýjandi og sænskt vitni, er viðstatt var, telja, að aðaláfrýjendur hafi skuldbundið sig til að útvega fé, en aðaláfrýjendur tjázt hafa einungis tekizt á hendur að reyna að útvega A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö lán á Íslandi, sem gagnáfrýjandi gæti sett sem tryggingu fyrir lántöku í Svíþjóð. Aðaláfrýjendum tókst ekki að útvega fé. Í júlí 1949 var gagnáfrýjandi staddur hér á landi. Hinn 16. þ. m. samdist svo með aðiljum, að aðaláfrýjendur felldu niður kröfur sínar á hendur Fiskeri A/B Grimsö, að fjárhæð hér um bil s. kr. 110 500.00, svo og kröfur Engeyjar h/f um það bil s. kr. 35 132.02. Loks tókust aðaláfrýjendur á hendur að greiða skuld Fiskeri A/B Grimsö við íslenzkan aðilja, s. kr. 15 422.86. Í september s. á. kom gagnáfrýjandi enn til landsins ásamt lögfræðingi sínum. Sömdu aðiljar þá enn um skuldaskiptin og urðu ásáttir um að fella úr gildi kaup Fiskeri A/B Grimsö á togaranum. Var Engey h/f í því skyni gert gjaldþrota, og keyptu aðaláfrýjendur á opinberu uppboði veðskuldarbréf þau, sem Fiskeri A/B Grimsö hafði gefið út. Aðaláfrýjandi Oddur fékk handveði Landsbankans í veðskuldarbréfunum létt af, en setti bankanum í staðinn að handveði ýmis verðbréf, að nafnverði um kr. 700 000.00 og gaf út veðbréf til bankans að fjárhæð kr. 360 000.00 með 4. veðrétti í 60% húseignarinnar nr. 4 við Borgartún í Reykjavík. Afhentu aðaláfrýjendur síðan Fiskeri A/B Grimsö nefnd veðskuldabréf og fengu afsal fyrir togaranum hinn 15. okt. 1949. Ekki minntist gagnáfrýjandi á það, er samningar þessir voru gerðir, að hann myndi krefja aðal-

áfrýjendur frekari ábyrgðar á skuldbindingum Fiskeri A/B Grimsö.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjendur um greiðslu á 70% af því fé, sem hann eða A/B Atlantprodukter lögðu fram til útgerðar b/v Grimsö. Telur gagnáfrýjandi, að um félagsútgerð hafi verið að tefla, en Fiskeri A/B Grimsö hafi einungis verið sýndarfélag. Samkvæmt gögnum málsins var hlutafélag þetta, svo sem áður segir, stofnað að sænskum lögum. Hinsvegar var samkomulag aðilja um, að aðaláfrýjendur eða Íslendingar fengju 70% hlutabréfanna, ógilt að lögum Svía. Aðaláfrýjendur yrðu því aðeins taldir persónulega ábyrgir fyrir skuldum Fiskeri A/B Grimsö, að þeir hafi tekið á sig slíka ábyrgð, svo að gilt sé að lögum, enda verður persónuleg ábyrgð aðaláfrýjanda á skuldum hlutafélagsins alls ekki reist á því, að þeir máttu sjá við stofnun þess, að það brysti rekstrarfé. Eigi þykir verða lagður sá skilningur í hina óskýru fundarbókun, sem aðaláfrýjendur undirrituðu í Gautaborg hinn 14. júní 1949 um tilraunir til fjáröflunar á Íslandi, að aðaláfrýjendur vildu með henni taka á sig persónulega ábyrgð á skuldum Fiskeri A/B Grimsö. Það er hvorttveggja, að fundarbókunin er óglögg, þar sem rætt er um „möguleika á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í íslenzkum banka," og að hún er óákveðin að öðru leyti. En víst er, að aðaláfrýjendur voru, er fundargerðin var undirrituð, haldnir þeirri villu, að þeir hefðu verið og væru hlutdeildarmenn í Fiskeri A/B Grimsö. Þá verður ekki séð, að miðað hafi verið við persónulega ábyrgð aðaláfrýjenda á skuldum hlutafélagsins, er þeir samþykktu að gefa eftir kröfur sínar á hendur því hinn 16. júlí 1949, né heldur er þeir í september s. á. sömdu við gagnáfrýjanda um að láta togarakaupin ganga úr gildi og aðaláfrýjandi Oddur Helgason tók á sig í því sambandi skuldbindingar við Landsbankann. Var og áskilnaður af hendi gagnáfrýjanda nauðsynlegur, er aðiljar sömdu í september 1949, ef gagnáfrýjandi ætlaði að gera aðaláfrýjendur persónulega ábyrga á skuldum Fiskeri A/B Grimsö. Hæstaréttarlögmaður sá, sem var aðaláfrýjendum til ráðuneytis við samningsgerðina í sept. 1949, hefur og lýst því, að aðgerðir sínar og ráðleggingar hafi

verið við það miðaðar, að um fullnaðarskil aðilja væri að tefla.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, eru ekki efni til að taka kröfu gagnáfrýjanda í málinu til greina og ber því að sýkna aðaláfrýjendur.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Oddur Helgason og Stefán Franklín, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Allan Erlandssons, í máli þessu.

Aðiljar beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Þrátt fyrir það, þótt Fiskeri A/B Grimsö í Gautaborg væri löglega stofnað að sænskum lögum og b/v Grimsö a. m. k. formlega eign þess félags, tel ég ljóst af gögnum málsins, að aðaláfrýjendur og gagnáfrýjandi hafi gert skip þetta út í félagi á því tímabili, sem hér skiptir máli, enda þótt rekstrurinn væri skráður á nafn hlutafélagsins. Þessu til stuðnings vísa ég til greinargerðar héraðsdóms um aðdraganda að stofnun Fiskeri A/B Grimsö og um afskipti aðilja af útgerð botnvörpungsins, svo og til raka héraðsdóms um þetta atriði, annarra en þeirra, að hlutafélagið hafi verið ólöglegt. Vil ég sérstaklega leggja áherzlu á, að Fiskeri A/B Grimsö var þess gersamlega vanmegnugt að reka slíka útgerð, sem ráðin var, sakir skorts á fjármagni, en lánstraust jafn févana hlutafélags til að reka áhættusama atvinnu hlaut að vera mjög takmarkað.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu og rakið er í héraðsdómi um fyrirhugaða hlutdeild aðilja í útgerð b/v Grimsö, tel ég, að aðaláfrýjendur hafi borið áhættu af rekstri félagsútgerðarinnar að 7/10 hlutum, en gagnáfrýjandi að 3/10 hlutum, enda komu engir aðrir en aðaláfrýjendur fram gagnvart gagnáfrýjanda sem þátttakendur í útgerðinni.

Þegar stórfellt tap var orðið á rekstri b/v Grimsö, tóku aðiljar að ráðgast um, hvernig úr því skyldi bæta, og er það rakið bæði í héraðsdómi og dómi Hæstaréttar. Með yfirlýsingu dags. 16. júlí 1949 féllu aðaláfrýjendur frá kröfum, er þeir töldu sig eiga á hendur Fiskeri A/B Grimsö, og leystu það undan öðrum kröfum hérlendra lánardrottna, en að vætti hæstaréttarlögmanns þess, sem aðstoðaði gagnáfrýjanda í samningaumleitunum aðilja, gerði gagnáfrýjandi þá áskilnað um frekari kröfur á hendur aðaláfrýjendum. Hinn 8. september s. á. gerði aðiljar enn með sér samning, og var höfuðefni hans, að aðaláfrýjendur skyldu reyna að ná eignarhaldi á veðskuldarbréfum h/f Engeyjar í b/v Grimsö og leysa þau úr veðböndum við Landsbanka Íslands, sem hafði þau að handveði. Skyldu þeir síðan afhenda þau kvittuð til aflýsingar til Fiskeri A/B Grimsö gegn afhendingu botnvörpungsins á þann hátt, sem nánar var tilgreint. Heppnaðist aðaláfrýjendum þetta, og setti aðaláfrýjandi Oddur Helgason Landsbanka Íslands ýmsar eignir sínar að veði til þess að fá veðskuldabréfin leyst úr handveði. Gagnáfrýjandi, sem lagði mjög ríka áherzlu á að fá aðaláfrýjendur til að gera samning þenna, þar sem hann að sænskum lögum bar ábyrgð á skuldum Fiskeri A/B Grimsö, gerði engan áskilnað um frekari kröfur á hendur þeim, ef þetta næði fram að ganga. Er ég sammála meiri hluta dómenda um, að hann hafi með þessum áskilnaðarskorti firrt sig rétti til að koma fram með kröfur þær á hendur aðaláfrýjendum, sem hann hafur uppi í máli þessu. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að hver aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu verður dómsorð mitt samhljóða dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. jan. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Allan Erlandsson, framkvæmdastjóri í Gautaborg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dagsettri 6 marz f. á., gegn Oddi Helgasyni framkvæmdastjóra, Þingholtsstræti 34, og Stefáni Franklín framkvæmdastjóra, Reykjahlíð 12, báðum hér í bænum, *aðallega* til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð sænskar

kr. 344.357.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. *Til vara* hefur stefnandi krafizt jafngildis fjárhæðarinnar í íslenzkum krónum, auk vaxta og málskostnaðar, eins og fyrr greinir. Hefur hann áskilið sér rétt til að tiltaka þá fjárhæð síðar í málinu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Að ósk lögmanna málsaðilja og með samþykki dómsins var sakarefninu skipt, og er málið að þessu sinni aðeins flutt um greiðsluskyldu stefndu gagnvart stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær dómkröfur í þessum þætti málsins, að stefndu yrði dæmt skylt að greiða honum 7/10 hluta af þeim halla, sem varð af rekstri b/v Grimsö á tímabilinu frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1949 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Stefndu kröfðust sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1945 keypti Fiskveiðahlutafélagið Engey togarann Drangey af samnefndu hlutafélagi, en það hlutafélag hafði hins vegar keypt togarann af Kveldúlfi h.f. fyrir kr. 700.000.00 árið áður. Stefndu í máli þessu voru hluthafar bæði í Drangey h.f. og Engey h.f. Áttu þeir allan þorra hlutabréfanna í Engey h.f., þannig að stefndi Stefán átti 60% hlutafjárins, en stefndi Oddur 30%.

Engey h. f. kostaði allmiklu fé til viðhalds b/v Drangeyjar og var framkvæmd „klössun" á togaranum á árunum 1945—1946. Er því ómótmælt haldið fram af stefndu, að kostnaður við „klössun" þessa hafi numið nálægt einni milljón króna. Hins vegar varð mikið tap á rekstri b/v Drangeyjar, er frá leið, og skuldir Engeyjar h.f. fóru vaxandi.

Þegar hagur Engeyjar h.f. þrengdist, tóku stefndu að íhuga möguleika á sölu b/v Drangeyjar. Telja þeir, að borizt hafi kauptilboð í togarann frá Færeyjum fyrir 700 þúsund danskar krónur, en því tilboði hafi verið hafnað, þar sem Landsbanki Íslands hafi talið verðið of lágt og ekki samþykkt söluna. Síðari hluta árs 1947 fengu stefndu Egil nokkurn Ragnars til að kynna sér möguleika á sölu eða yfirfærslu togarans til Danmerkur. Þessar tilraunir stefndu og Egils Ragnars komust á þann rekspöl, að hafinn var undirbúningur að stofnun félags í Danmörku, til að kaupa togarann og gera hann út. Skyldu þátttakendur í þeim félagsskap vera bæði danskir og íslenzkir og meðal þeirra stefndu í máli þessu, en ekki er fyllilega upplýst um væntanleg eignarhlutföll milil einstakra þátttakenra. Þann 29. október 1947 gerði Geir Borg f. h. hins fyrirhugaða félags, sem nefnt var „Nord Atlantic Fiskeri Selskab", Engey h.f. kauptilboð í b/v Drangey fyrir eina milljón danskra króna. Var þá miðað við, að togaranum fylgdu öll veiðarfæri hans, áhöld, varahlutir og kol í öllum kolabúrum. Þessar fyrirætlanir komu þó aldrei til framkvæmda, þar sem dönsk yfirvöld synjuðu um innflutningsleyfi fyrir togaranum snemma árs 1948.

Stefndu sneru sér nú til stefnanda, en hann var þeim áður kunnur. Í símskeyti til hans 13. febr. 1948 kváðust þeir hafa áhuga á að yfirfæra

togara sinn Drangey tily Gautaborgar. Verðið yrði að vera s. kr. 800.000.00 og greiðast með 15% af brúttótekjum, en skipið ætti að stunda saltfiskveiðar allt árið. Kváðust stefndu hafa áhuga á þátttöku í væntanlegu félagi og báðu stefnanda að hafa samband við Egil Ragnars í Esbjerg, ef stefnandi hefði áhuga á þessu. Ennfremur kveður stefnandi stefnda Stefán einnig hafa símað til sín um þetta leyti og beðið sig að vera stefndu hjálplegan við að koma b/v Drangey undir sænskan fána. Kveðst stefnandi hafa tekið þeim tilmælum vel, vegna kunningsskapar síns við stefnda Stefán.

Þegar stefnandi hafði fengið upplýsingar um togarann frá Agli Ragnars, leitaði hann leyfis sænskra yfirvalda til að fá togarann fluttan inn til Svíþjóðar. Var A/B Atlantprodukter í Gautaborg, en stefnandi er forstjóri þess, veitt innflutningsleyfi fyrir togaranum 10. marz. Tilkynnti stefnandi stefndu um leyfisveitinguna með bréfi þegar næsta dag. Jafnframt spurðist hann fyrir um það hjá þeim, hvort ganga ætti að þeim skilyrðum, sem hin sænsku gjaldeyrisyfirvöld settu fyrir henni.

Í byrjun apríl fór stefndi Stefán ásamt Agli Ragnars til Gautaborgar til nánari samninga við stefnanda um þessi mál og viðræðna um félagsstofnun til að kaupa og gera b/v Drangey út. Stefnanda var boðið að eiga 10—30% í væntanlegu félagi og kaus hann að eiga 30%. Hins vegar var um það talað, að 70% yrðu í eigu íslenzkra aðilja, og telur stefnandi, að ekki hafa verið á aðra minnzt í því sambandi en stefndu eina. Kveða stefndu það hafa orðið að samkomulagi með stefnanda og stefnda Stefáni, að íslenzkum aðiljum yrði seld allt að 70% í hlutafélagi, sem stofnað yrði um reksturinn. Hafi verið gengið út frá, að stefndu keyptu 5—7½% af hlutabréfunum hvor, en Egill Ragnars og Geir Borg hitt. Þann 8. apríl undirrituðu síðan stefndi Stefán f. h. Engeyjar h.f. og stefnandi f. h. hlutafélags, sem væri verið að stofna, kaupsamning um b/v Drangey. Kaupverðið var s. kr. 800.000.00 og átti að greiðast með 15% af brúttóaflasölum togarans. Skyldi seljanda heimilt að kynna sér bækur og skjöl útgerðarinnar til þess að fylgjast með, að staðið væri í skilum með afborganir. Eignarréttur að togaranum átti að yfirfærast til kaupanda, þegar kaupverðið væri að fullu greitt eða skuldabréf með veði í togaranum gefin út fyrir því.

Þann 4. maí var stofnfundur haldinn í hinu fyrirhugaða hlutafélagi. Nefndist það Fiskeriaktiebolaget Grimsö og var síðar skrásett með því nafni. Samkvæmt stofnfundargerðinni voru stofnendur og hluthafar þrír: Stefnandi, kona hans, Sigríður Erlandsson, og lögfræðingur hans, Nils Jacobson. Stefnandi var talinn eigandi 95 hlutabréfa af 100, kona hans eigandi að 3 hlutabréfum og Nils Jacobsen 2. Um upphæð hlutafjár er ekkert greint í stofnfundargerðinni. Ráðagerðir höfðu verið um það með aðiljum, að hlutaféð yrði 10—30 þús. sænskar krónur og endanlega var ákveðið, að það yrði s. kr. 10.000.00. Á stofnfundinum sátu þeir báðir, stefndi Stefán og Egill Ragnars, en að félagsstofnuninni lokinni hraðaði stefndi Stefán sér aftur til Íslands, en Egill Ragnars varð eftir í Gautaborg.

Stefnandi framseldi Fiskeri A/B Grimsö réttindin samkvæmt samningnum við Engey h.f. Þá gaf hann og út f. h. félagsins tvö veðskuldabréf með 1. og 2. veðrétti í togaranum, hvort að fjárhæð s. kr. 400.000.00, fyrir kaupverði hans og voru afborgunarskilmálar samkvæmt kaupsamningnum, þ. e. a. s. greiða átti 15% af brúttóafla í afborganir samtals af báðum bréfunum. Þegar stefnandi gaf út skuldabréfin, strikaði hann yfir vaxtaákvæði þeirra og færði þau rök fyrir því, að verð togarans hefði verið ákveðið hærra en eðlilegt var, þrátt fyrir mótmæli sín, enda teldi hann, að þetta skipti stefndu engu máli. Sendi stefnandi síðan Engey h.f. veðskuldabréfin með bréfi, dags. 12. maí. Í bréfinu undanþiggur stefnandi kaupanda ábyrgð á greiðslu veðskuldabréfanna um fram það, sem vátryggingarfjárhæð togarans hrykki til, ef hann færizt. Hreyfðu stefndu engum athugasemdum, þó að stefnandi hefði fellt niður vaxtaákvæði skuldabréfanna.

Engey h.f. hafði veðsett Landsbanka Íslands b/v Drangey fyrir skuldum sínum við bankann. Námu þær veðskuldir kr. 650.000.00, og ábyrgðust stefndu þær jafnframt persónulega. Landsbankinn féllst á að leysa togarann úr veðböndum gegn handveði í veðskuldabréfum Fiskeri A/B Grimsö. Gátu stefndu þannig afhent togarann kvaðalausan, og fékk hann nú nafnið Grimsö.

Stefnandi og stefndi Stefán höfðu samið svo um, að stefndu skyldu leggja fram fé til bráðabirgða til að búa b/v Grimsö að öllu leyti í fyrstu veiðiförina, en stefnandi sendi hingað sænska áhöfn til að taka við togaranum. Togarinn virðist a. m. k. aðallega hafa stundað veiðar á Íslandsmiðum og kom oft hingað til hafnar. Önnuðust stefndu þá margvíslegar greiðslur fyrir hann, eftir því sem geta þeirra leyfði og lögðu þannig smám saman út mikið fé fyrir útgerðina, vegna kaupa á rekstursvörum fyrir togarann, vegna launagreiðslna til skipverja o. s. frv. Nokkuð fengu stefndu hins vegar endurgreitt þannig, að til þeirra rann andvirði lýsis, sem skipað var upp úr togaranum hér. Þá höfðu þeir og íhlutun um rekstur togarans, m. a. um það að ráðnir væru nokkrir nýir menn á togarann í stað þeirra, sem stefnandi hafði ráðið, en sumir þeirra höfðu reynzt óhæfir að dómi stefndu.

Með bréfi, dags. 29. júlí 1948, sendu stefndu Fiskeri A/B Grimsö ýmsa reikninga, sem þeir höfðu þá þegar greitt fyrir togarann. Námu þeir samtals sem næst kr. 150.000.00. Óskuðu stefndu, að af þessari upphæð yrði kr. 38.364.21 færðar þeim til tekna sem innborgað hlutafé, að fjárhæð s. kr. 21.000.00. Álitu stefndu þessa greiðslu 70% hlutafjárins, því að þeir virðast hafa gert ráð fyrir, að það væri alls s. kr. 30.000.00. Um sumarið eða haustið 1948 var stefndi Stefán staddur í Gautaborg, og kveður stefnandi hann hafa komið þangað að sinni beiðni. Í þetta skipti spurði stefndi Stefán stefnanda eftir hlutabréfum stefndu. Kvað stefnandi ekki frá þeim gengið til fulls og telur að eftir hafi verið að stimpla þau. Varð því eigi úr, að stefndu fengju hlutabréf sín afhent að þessu sinni. Eftir þetta kom aldrei til þess, að stefndu æsktu afhendingar hlutabréfanna, og voru þau aldrei afhent.

Til þess kom ekki, að Engey h.f. réði nokkurn trúnaðarmann til að fylgjast með rekstri Fiskeri A/B Grimsö til eftirlits með því, að staðið væri í skilum með greiðslu afborgana af skuldabréfunum. Hins vegar var svo ákveðið á fundi málsaðilja, sem haldinn var 9. júní 1948, en stefnandi var þá staddur hér á landi, að Egill Ragnars skyldi vera aðstoðarframkvæmdastjóri Fiskeri A/B Grimsö við hlið stefnanda. Í bréfi, sem stefndu rituðu stefnanda daginn eftir til staðfestingar þessari ráðningu, segir, að ákvörðunin hafi verið tekin af hluthafafundi í A/B Grimsö. Er bréfið undirritað af stefndu og ennfremur af stefnda Oddi f. h. Geirs Borg.

Mikill halli varð á rekstri Fiskeri A/B Grimsö. Sjálft skorti félagið rekstursfé frá upphafi, en stefnandi lét fyrirtæki sitt A/B Atlantprodukter leggja fram mikið fjármagn til að mæta tapinu, auk þess sem stefndu önnuðust margvíslegar greiðslur fyrir togarann hér á landi, eins og fyrr segir. Síðla árs 1948 kom stefndi Oddur til Gautaborgar. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð honum, að hann hefði þegar lagt fram s. kr. 150.000.00 til útgerðarinnar og hefði hann áhyggjur af því, hvernig það færi. Stefndi Oddur hafi hins vegar kennt óhagstæðu veðurfari um erfiðleika útgerðarinnar og fullvissað stefnanda um, að hann fengi fé sitt aftur í einni eða tveimur veiðiferðum, er veður batnaði. Kveðst stefnandi því hafa búið skipið enn á veiðar í þeirri von, að úr rættist. Hafi sú von og styrkst við það, að stefndu höfðu ráðið íslenzkan fiskiskipstjóra á togarann. Ekki tókst hins vegar að rétta hag útgerðarinnar, og jókst tapið af rekstrinum stöðugt, unz að því kom fyrri hluta árs 1949, að útgerð b/v Grimsö var hætt.

Með ítrekuðum símskeytum síðari hluta maímánaðar 1949 lagði stefnandi mjög hart að stefndu að koma til Gautaborgar til viðræðna við sig. Fóru stefndu til Gautaborgar fyrri hluta júní. Stefndu kveðast hafa farið för þessa að ósk Landsbankans til að innheimta gjaldkræfar afborganir af skuldabréfunum, en ekkert er komið fram um það í málinu að öðru leyti. Áttu nú málsaðiljar fund um tapið af útgerð b/v Grimsö og hverjar leiðir væru til úrbóta. Fundi þessa sátu ennfremur Egill Ragnars og Åke nokkur Lundberg, sem gert hafði um þetta leyti bráðabirgðareikningsyfirlit fyrir stefnanda um fjárhag Fiskeri A/B Grimsö. Yfirlit þessi, sem sýndu um það bil 440 þúsund sænskra króna halla á útgerðinni, lagði stefnandi fyrir stefndu. Í þessu sambandi var um það rætt, að stefndu öfluðu fjár á Íslandi til að rétta hag útgerðarinnar, og var talað um fjárhæð, sem næmi ísl. kr. 800.000.00 eða s. kr. 400.000.00. Árangur viðræðnanna varð sá, að því er segir í fundargerð, dags. 14. júní 1949, sem lögð hefur verið fram í málinu, undirrituð af stefnanda og stefnda Stefáni, *að* ákveðið var að reyna að selja b/v Grimsö á leigu. Ennfremur, *að* stefndi Oddur skyldi rannsaka, hverir möguleikar væru á því að koma fyrir reiðufé eða verðbréfum í íslenzkan banka á reikning A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö í því skyni að lækka tap félagsins. Fé þetta skyldu þeir leggja fram, stefndi Oddur og stefndi Stefán sem fulltrúi fyrir Engey h.f. Loks *að* á meðan stefndi Oddur gerði athuganir sínar, skyldi stefnandi reyna að tefja fyrir hinum ýmsu lánardrottnum

félagsins, með öðrum orðum „verjast". Kveður stefnandi stefndu hafa lofað að útvega fé innan ákveðins tíma, og í svipaða átt hnígur vætti Åke Lundbergs, sem kveður stefndu hafa lofað svari innan átta daga og skuldbundið sig til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að útvega fé. Þó hafi þeir gert fyrirvara með tilliti til þess möguleika, að þeir gætu ekki sett bankanum nægar tryggingar undir eins. Stefndu hafa hins vegar haldið því fram, að þeir hafi skilið umræðurnar og fundargerðina þannig, að þeir reyndu að útvega A/B Atlantprodukter eða Fiskeri A/B Grimsö lán á Íslandi, sem stefnandi gæti sett sem tryggingu við lántöku í Svíþjóð. Engin sérstök fjárhæð hafi verið nefnd í því sambandi og stefndu verið trúlitlir á, að þeim tækist lánsfjáröflunin. Áður en stefndu fóru frá Gautaborg, fóru þeir ásamt Agli Ragnars, að því er hann hefur skýrt frá fyrir dómi, í Skandinaviska Banken þar í borg til að leita fyrir sér um frest á greiðslu gjaldkræfra afborgana af veðskuldabréfunum í b/v Grimsö, en banki þessi hafði þau til innheimtu fyrir Landsbankann.

Nokkru eftir brottför stefndu kveður stefnandi Egil Ragnars hafa tjáð sér, að stefndi Oddur hefði spurzt fyrir um það í símtali, hvort eigi væri nægilegt, að stefndu útveguðu 70% þeirrar fjárhæðar, sem við hefði verið miðað í viðræðum málsaðilja. Þessari málaleitan kveðst stefnandi þó hafa synjað algerlega. Stefndi Oddur hefur hins vegar eindregið neitað, að hann hafi átt slíkt símtal við Egil Ragnars. Og í vætti sínu hér fyrir dómi kannaðist Egill Ragnars ekki við, að stefndu hefðu mælzt til þess við sig, að fjárhæð sú, sem um var rætt á fundinum í Gautaborg, yrði lækkuð. Kvaðst hann heldur af sjálfsdáðum hafa innt stefnanda að því, hvort eigi nægði, að stefndu útveguðu eitthvað minni fjárhæð en ísl. kr. 800.000.00. Við því hefði stefnandi engin svör viljað gefa.

Stefndu tókst ekki hin fyrirhugaða fjárútvegun, og skömmu síðar kom stefnandi hingað til lands. Áttu aðiljar enn fund um málefni Fiskeri A/B Grimsö. Samdist svo með þeim þann 16. júlí, að stefndu persónulega og Engey h.f. féllu frá öllum fjárkröfum, sem þau ættu á hendur Fiskeri A/B Grimsö, að undanskildum kröfum Engeyjar h.f. samkvæmt veðskuldabréfunum. Voru eftirgefnar kröfur Engeyjar h.f. taldar vera að fjárhæð s. kr. 35.132.02. Og samkvæmt yfirliti því um skuldir Fiskeri A/B Grimsö, sem við var miðað, námu hinar eftirgefnu kröfur stefndu um það bil s. kr. 110.500.00. Loks tóku stefndu að sér með samningi þessum að greiða skuld Fiskeri A/B Grimsö við Geir Borg. Var sú skuld talin s. kr. 15.422.82.

Stefnanda var nú orðið það mikið áhugamál að fá veðskuldabréfin afhent, gegn því að skila b/v Grimsö, en af veðskuldabréfunum höfðu ekki verið greiddar nema s. kr. 15.133.00. Fór hann því aftur til Íslands um mánaðarmótin ágúst—september ásamt Nils Jacobsen, lögfræðingi sínum, til að semja um þau mál við stefndu. Í þeim viðræðum héldu stefnandi og lögfræðingur hans sig eingöngu að því, að fá stefndu til að afhenda veðskuldabréfin, gegn því að togaranum væri skilað, en viku ekki að því að krefja stefndu um frekari þátttöku í tapi Fiskeri A/B Grimsö, enda álitu þeir slíkar kröfur geta torveldað, að stefndu fengjust til að

afhenda skuldabréfin. Eigi var unnt að láta kaupin um togarann ganga til baka, nema með því að láta taka Engey h.f. til gjaldþrotaskipta. Var það gert, og samdist nú svo með aðiljum 8. september, að á opinberu uppboði, sem fram átti að fara á veðskuldabréfunum, skyldu stefndu reyna að kaupa þau, enda yrði verð þeirra ekki óeðlilega hátt að dómi stefndu. Skuldbundu stefndu sig til þess að afhenda Fiskeri A/B Grimsö skuldabréfin kvittuð, ef stefndu yrðu eigendur þeirra. Gegn þessu skyldi Fiskeri A/B Grimsö afhenda þeim b/v Grimsö ásamt fylgifé, veiðarfærum, vistum og kolum, sem væru í skipinu. Áttu stefndu að greiða allan kostnað vegna togarans frá 15. okt. 1949, enda yrði ekkert til fyrirstöðu af hálfu Fiskeri A/B Grimsö, að kaupin gengju til baka fyrir þann tíma.

Þar sem margnefnd veðskuldabréf höfðu verið sett Landsbankanum að handveði til tryggingar skuldum Engeyjar h.f., sem stefndu ábyrgðust jafnframt persónulega, þurfti að fá þau leyst úr veðböndum. Til þess að það yrði gert, setti stefndi Oddur Landsbankanum að handveði ýmis verðbréf, að nafnverði um kr. 700.000.00, og gaf út veðbréf, að fjárhæð kr. 360.000.00, með 4. veðrétti í 60% húseignarinnar Borgartúni 4.

Stefndu keyptu skuldabréfin á uppboðinu og afhentu Fiskeri A/B Grimsö þau kvittuð, eins og um var samið, og fengu togarann í staðinn. Sú afhending fór fram í formi kaupgernings um togarann, dags. 15. okt. 1949. Fór í því sambandi fram mat á honum í Svíþjóð, og var verðmæti hans metið s. kr. 120.000.00 og söluverð talið það. Eftir það fluttu stefndu togarann til Danmerkur og mun hann hafa legið þar síðan.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að svo hafi verið um samið með málsaðiljum, að þeir hefðu félagsútgerð um b/v Grimsö, þannig að stefnandi tæki þátt í útgerðinni að 30%, en stefndu að 70%, og að tap og ágóði skyldi skiptast milli málsaðilja í þeim hlutföllum. Hins vegar hefði togarinn eigi fengizt skráður í Svíþjóð, ef félagsútgerð aðilja hefði verið talin gera hann út, því að sænsk lög áskilji, að ⅔ hlutar eigenda í félagsútgerð séu Svíar.Hafi það því aðeins verið af formlegum ástæðum að horfið hafi verið að því að stofna sérstakt hlutafélag og láta það kaupa togarann og gera hann út. En þar sem í slíkum hlutafélögum verði félagsstjórnin að vera búsett í Svíþjóð og hluthafar sænskir og búsettir þar, hafi hvorugur stefndu verið formlegir hluthafar, enda þótt þeir ættu og greiddu 70% hlutafjárins. Hefur Nils Jacobsen lögfræðingur borið fyrir dómi, að það hafi verið að hans ráðum, að aðiljar hefðu þetta form á útgerðinni.

Stefnandi heldur því fram, að tilætlun stefndu hafi því verið sú, að koma b/v Drangey undir sænskan fána, en ekki selja togarann. Vegna kunningsskapar síns við stefnda Stefán hafi stefnandi fallizt á að vera stefndu hjálplegur við þetta. Og þar sem stefndu hafi ætlað að búa togarann að öllu leyti í fyrstu veiðiförina, hafi hann tekið tilboði þeirra um 30% hlutdeild í útgerðinni. Hins vegar hafi stefndu ráðið öllu um „yfirfærslu" togarans, þar á meðal kaupverðinu, sem hafi verið miklu hærra en eðlilegt var, enda þótt stefnandi hafi fallizt á það, þar sem það hafi skipt litlu máli vegna eðlis viðskiptanna. Stefndu hafi og verið það fylli-

lega ljóst, að um félagsútgerð málsaðilja væri að ræða, þar sem þeir hafi tekið þátt í stofnun ólöglegs hlutafélags í því skyni að fara í kring um sænsk lög. Hafi það og verið ætlun málsaðilja að gera skriflegan baksamning um viðskipti sín í bæði skiptin, er stefndi Stefán var í Gautaborg árið 1948, en það hafi aðeins farizt fyrir. Þá sýni hið lága hlutafé A/B Grimsö, að hlutafélaginu hafi ekki verið ætlað að gera togarann raunverulega út. Og til félagsútgerðar bendi fjárframlög stefndu til útgerðarinnar, bæði í upphafi og síðar, svo og íhlutun þeirra um reksturinn. Þá sé það viðurkennt af stefndu, að þeir hafi átt að eiga 70% af hlutafé í Fiskeri A/B Grimsö, enda neitar stefnandi, að talað hafi verið um hlutafjáreign þeirra Geirs Borg og Egils Ragnars fyrr en á fundinum 9. júní 1948. Ennfremur sýni samningurinn frá 14. júní 1949, að stefndu hafi talið sér skylt að greiða halla af útgerðinni og ekki litið svo á, að um takmarkaða ábyrgð væri að ræða, og mótmælir stefnandi að rétt sé sú staðhæfing stefndu, að þeir hafi misskilið þann samning.

Í öðru lagi reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að verði ekki talið sannað, að aðiljar hafi samið um að gera b/v Grimsö út fyrir sameiginlegan reikning, þar sem tap og hagnaður skiptist í áður nefndum hlutföllum, beri stefndu þó persónulega ábyrgð á tapi Fiskeri A/B Grimsö, þar sem hlutafélagið sé ólöglega stofnað. Sumir stofnendanna séu aðeins sýndarhluthafar. Þetta hafi stefndu verið ljóst, enda hafi það verið gert til að koma við þátttöku þeirra í útgerðinni.

Í þriðja lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, að verði ekki talið, að samningur málsaðilja frá 14. júní 1949 og önnur gögn málsins séu full sönnun þess, að um félagsútgerð aðilja hafi verið að ræða, hafi samningur þessi þó að geyma greiðsluloforð stefndu gagnvart stefnanda.

Stefndu hafa eindregið mótmælt, að félagsútgerð hafi verið með aðiljum um rekstur b/v Grimsö. Telja þeir, að hrein sala hafi farið fram á togaranum vorið 1948 og hvorki þá né síðar hafi verið minnzt á félagsútgerð um togarann. Söluverð togarans hafi eigi verið hærra en eðlilegt var, þegar tekið sé tillit til nýlegrar viðgerðar á honum og ennfremur þess, að gjaldfrestur var veittur á öllu kaupverðinu og vextir eigi greiddir. Rekstur hans hafi eingöngu verið á ábyrgð Fiskeri A/B Grimsö og stefndu með öllu óviðkomandi. Að vísu hafi íslenzkir aðiljar átt rétt á að kaupa 70% hlutabréfanna í Fiskeri A/B Grimsö, þar af stefndu sjálfir 5—7½% hvor. Hafi sú þátttaka verið fyrirhuguð til þess eins, að stefndu gætu fremur fylgzt með rekstrinum. Hins vegar hafi aldrei til þess komið, að stefndu eða aðrir íslenzkir aðiljar yrðu hluthafar, enda hafi stjórn A/B Grimsö ekki fengizt til að afhenda þeim hlutabréf í félaginu. Hafa stefndu í því sambandi haldið fram, að í bækur Fiskeri A/B Grimsö hafi ekki verið færð nein hlutafjárgreiðsla frá þeim. Þá hafa stefndu og haldið því fram, að afskipti þeirra af útgerð b/v Grimsö hafi stafað af því, að þeir hafi átt hagsmuna að gæta af því, að rekstur togarans gengi sem bezt, þar sem hlutafélag þeirra, Engey h.f., hafi verið aðalkröfuhafi Fiskeri A/B Grimsö. Eigi að síður hafi það verið stefnandi, sem ráðið hafi rekstrinum, og oft og einatt haft ráðleggingar stefndu að engu, félaginu til tjóns. Og

Agli Ragnars, sem ráðinn var aðstoðarframkvæmdastjóri fyrir atbeina stefndu, hafi stefnandi haldið utan við reksturinn eftir föngum. Þá telja stefndu, að stefnandi hafi engar kröfur gert um það, að þeir tækju persónulega þátt í tapi Fiskeri A/B Grimsö, fyrr en stefna var gefin út í málinu. Hafa stefndu í því sambandi sérstaklega andmælt, að stefnandi hafi gert slíkar kröfur í samningsviðræðum sínum við stefndu í júní og júlí 1949. Sýni þetta, að stefnandi hafi eigi talið, að félagsútgerð væri með aðiljum né að stefndu ábyrgðust skuldir Fiskeri A/B Grimsö persónulega.

Loks hafa stefndu haldið því fram, að hafi verið um félagsútgerð að ræða, hafi það verið Engey h.f., en ekki stefndu persónulega, sem tóku þátt í henni með stefnanda. Ennfremur var því hreyft af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, að þótt þeir yrðu taldir þátttakendur í félagsútgerð um b/v Grimsö, hefðu þeir þegar greitt sinn hluta af tapinu.

Ekki þykir unnt að skilja símskeyti stefndu til stefnanda 13. febr. 1948 öðruvísi en sem tilboð um þátttöku í útgerð b/v Drangeyjar frá Gautaborg. Til þessa bendir bæði orðalag símskeytisins, fyrirmæli stefnda um það, hverjar veiðar togarinn ætti að stunda og hið fyrirhugaða fyrirkomulag á greiðslu andvirðis togarans. Það virðist og hafa verið skilningur stefnanda, að tilboð stefndu væri þessa eðlis, enda leitaði hann fyrirmæla þeirra um það, hvort ganga ætti að þeir skilyrðum, sem sett voru fyrir innflutningi togarans. Og samkvæmt vætti Nils Jacobson var þetta skoðun stefnanda á eðli viðskiptanna. Kaupverði togarans réðu stefndu, enda þótt stefnandi teldi það of hátt, og af þeim ástæðum tók hann sér sjálfur vald til að strika út vaxtaákvæði þau, sem upphaflega voru sett í veðskuldabréfin. Auk þess gerði stefnandi, eins og áður segir, fyrirvara í bréfi um greiðslu veðskuldanna, ef togarinn færizt. Það er viðurkennt af stefndu, eins og fyrr segir, að á fundum stefnanda og stefnda Stefáns í Gautaborg vorið 1948 var gert ráð fyrir því, að íslenzkir aðiljar ættu 70% hlutafjár í Fiskeri A/B Grimsö. Hins vegar er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þá hafi verið talað um þátttöku annarra Íslendinga en stefndu einna. Og ljóst er, að á fundi málsaðilja í Reykjavík 9. júní s. á. töldu stefndu sig sjálfa þá þegar hluthafa í Fiskeri A/B Grimsö, enda þótt engar breytingar hefðu þá orðið um hina formlegu hlutafjáreign síðan á stofnfundi. Eins og áður getur, sendu stefndu ennfremur með bréfi sínu 29. júlí 1948 greiðslu á 70% af því, sem þeir töldu hlutafé Fiskeri A/B Grimsö. Stefndu tókust á hendur í upphafi að leggja fram til bráðabirgða fjármagn til að búa b/v Grimsö í fyrstu veiðiferð og síðar inntu þeir einnig venjulegar greiðslur af hendi fyrir útgerðina og höfðu afskipti af rekstri togarans. Á fundi málsaðilja í Gautaborg í júní 1949 tókust stefndi Stefán f. h. Engeyjar h.f. og stefndi Oddur á hendur að leggja fram fé til greiðslu á tapi Fiskeri A/B Grimsö, enda er ósannað gegn andmælum stefnanda, að þeir hafi misskilið þann samning. Samtímis unnu þeir að því að fá gjaldfrest á greiðslum afborgana af margnefndum veðskuldabréfum. Síðar gáfu stefndu eftir allar kröfur sínar á Fiskeri A/B Grimsö

og samþykktu að láta kaupin um togarann ganga til baka, þó þá virðist hafa verið orðið augljóst, að skipið var mun minna virði en upphæð veðskuldanna á því nam. Verður, þegar allar þessar aðgerðir stefndu eru virtar, að telja sannað, að stofnaður hafi verið með málsaðiljum félagsskapur um kaup b/v Drangeyjar, yfirfærslu togarans til Svíþjóðar og útgerð hans.

Samkvæmt sænskum lögum verður hlutafélag ekki stofnað löglega með færri en 3 stofnendum. Við stofnun Fiskeri A/B Grimsö voru stofnendur 3. Hins vegar hefur einn þeirra viðurkennt að hafa verið sýndarfélagi, og samkvæmt vætti Egils Ragnars var sérstaklega um það talað á stofnfundinum. Þegar þess er einnig gætt, að hlutafjárupphæð Fiskeri A/B Grimsö virðist ósamrímanleg tilgangi félagsins og ennfremur haft í huga það, sem rakið hefur verið um afskipti og aðra þátttöku stefndu í fyrirtækinu, verður að telja sannað, að um sýndarfélag hafi verið að ræða. Samkvæmt því hafa stefndu ekki sannað, að ábyrgð þeirra á tapi félagsins hafi verið takmörkuð á löglegan hátt. Það er ekki sannað, að Geir Borg eða Egill Ragnars hafi orðið raunverulegir þátttakendur í útgerð b/v Grimsö, enda hefur hvorugur aðilja haldið því fram. Það er ekki heldur sannað, að stefndu einir hafi verið þátttakendur í útgerðinni að 70 hundraðshlutum. Þar sem því er ósannað, hvernig eignarhlutföllum milli málsaðilja hafi verið háttað, verður að telja, að þeir ábyrgist skuldir félagsskaparins að ⅓ hluta hver.

Stefndu hafa haldið því fram til vara, að með samningnum 8. september 1949 hafi farið fram fullnaðaruppgjör milli málsaðilja varðandi sölu og rekstur b/v Grimsö. Í samningnum er slíkt þó ekki orðað sem skilyrði af hálfu stefndu. Að vísu lét stefnandi og lögfræðingur hans þess ógetið við stefndu við samningsgerð þessa, að ætlunin væri að gera frekari kröfur á hendur þeim í sambandi við rekstur b/v Grimsö, en eigi verður heldur talið, að þeir hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að viðskiptum málsaðilja væri lokið með samningi þessum.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit þessa þáttar málsins þau, að hvor hinna stefndu ber gagnvart stefnanda ábyrgð á ⅓ hluta á þeirri fjárhæð, er stefnandi kann að hafa greitt af halla útgerðar b/v Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. okt. 1949. Ákvörðun um vexti verður tekin, þegar dæmt verður um fjárhæð stefnukröfunnar.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Þar sem mál þetta er mjög viðamikið svo og vegna jólahelginnar, hefur uppsaga dómsins dregizt nokkuð um venju fram.

Dóm þennan kvað upp Einar Arnalds borgardómari ásamt samdómsmönnunum Sveinbirni Jónssyni hrl. og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Oddur Helgason og Stefán Franklín, bera gagnvart stefnanda, Allan Erlandsson, ábyrgð að ⅓ hluta hvor á þeirri fjár-

hæð, er stefnandi kann að hafa greitt af halla útgerðar togarans Grimsö frá 8. apríl 1948 til 15. október 1949.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 167/1952. **Jóhann M. Kristjánsson**
gegn
Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhann M. Kristjánsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1953.

Nr. 38/1953. **Umráðamaður Strandakirkju, Páll Hallgrímsson sýslumaður,**
gegn
Kjartani Sveinssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, umráðamaður Strandakirkju, Páll Hallgrímsson sýslumaður, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 148/1952 **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólafsson)
gegn
Slippfélaginu í Reykjavík h/f
(Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1952, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í héraði og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess aðallega, að verðmæti þeirra 3450 fermetra af lóð hans við Mýrargötu í Reykjavík, sem í málinu greinir, verði talið kr. 621 000.00 við ákvörðun stóreignaskatts, en til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Hvor krafan sem tekin verður til greina, krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur nýtt fasteignamat verið framkvæmt á lóð stefnda við Mýrargötu í Reykjavík, en í ljós er leitt, að við fasteignamatið frá 1942 hafði ekki verið tekið tillit til þess, að hafnarsjóður Reykjavíkur hafði kauprétt á 3450 fermetrum af lóðinni fyrir kr. 30.00 hámarksverð hvern fermetra. Getur kaupréttur þessi komið til framkvæmda þegar eftir árslok 1963 samkvæmt núgildandi samningi stefnda við hafnarsjóð Reykjavíkur.

Samkvæmt hinu nýja fasteignamati er hver fermetri í þeim hluta lóðarinnar, sem umrædd kvöð hvílir á, metin á kr. 30.00 og þessi hluti því alls á kr. 103.500.00. Samkvæmt því mundi verðmæti hans til stóreignaskatts nema kr.

621 000.00. Er aðalkrafa stefnda við þetta miðuð. Í hinu nýja fasteignamati lýsa matsmennirnir yfir því, að þeir hafi ekki tekið tillit til framangreindrar kvaðar. Er matið því byggt á röngum grundvelli og má telja, að það sé of hátt, þar sem slík kvöð hlýtur að horfa til lækkunar á sanngjörnu söluverði.

Í héraði gerði stefndi þá kröfu, að umræddur lóðarhluti yrði talinn til stóreignaskatts á kr. 759 000.00. Við þetta er hann bundinn, og er því ekki ástæða til að láta enn fara fram nýtt fasteignamat, þar sem ljóst má telja, að það mundi verða lægra. Af sömu ástæðu verður aðalkrafa stefnda ekki tekin til greina. Verður því, eins og kröfugerð stefnda í héraði var háttað, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 2500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Slippfélaginu í Reykjavík h/f, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. sept. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur stjórn Slippfélagsins í Reykjavík h.f. f. h. félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að við ákvörðun eigna félagsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 verði lóð þess við Mýrargötu, að stærð 3450 fermetrar, talin því til eignar á kr. 759.000.00. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur ennfremur áskilið sér rétt til að krefjast síðar af öðrum ástæðum niðurfellingar eða lækkunar á stóreignaskatti þeim, sem félaginu hefur verið gert að greiða, ef það skyldi teljast rétt með hliðsjón af úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólunum varðandi stóreignaskattinn.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950 um breytingar á þeim lögum var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Skattur þessi var lagður á skatt-

þegna miðað við eignir þeirra þann 31. des. 1949. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22. frá 1950 skyldu félög ekki greiða skatt þennan, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skyldi skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra og teljast þar með öðrum eignum þeirra við skattálagninguna. Í 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 er hins vegar sagt, að samvinnu- og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skattinum, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár og stofnfjáreign. Þá eru í 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b- og c- lið 3. gr. laga nr. 117 frá 1950 nánari reglur um það, hvernig reikna skuli skatthluta þann, er félögunum beri að greiða. Í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er ákveðið, að við verðmætisákvörðun fasteigna skuli leggja til grundvallar fasteignamatsverð margfaldað með ákveðinni tölu, misjafnri eftir staðsetningu fasteignanna.

Í sambandi við ákvörðun stóreignaskattsins taldi skattstjórinn í Reykjavík, að hrein heildareign Slippfélagsins í Reykjavík h.f., að meðtöldu hlutafé, næmi kr. 5.201.948.00 og var þar með talin lóð félagsins við Mýrargötu. Hver fermeter lóðar þessarar var kr. 60.00 að fasteignamatsverði, en var talin félaginu til eignar á sexföldu því verði eða kr. 360.00. Stefnandi kærði eignaákvörðun þessa fyrst til skattstjórans í Reykjavík og síðan til ríkisskattanefndar. Var eignarákvörðun nokkuð breytt og var heildareign félagsins talin kr. 4.651.916.00, að meðtöldu hlutafé. Verðmætisákvörðun lóðarinnar við Mýrargötu var ekki breytt.

Slippfélagið í Reykjavík h.f. hefur um alllangt skeið átt stóra lóð við Mýrargötu hér í bæ. Eigi er öruggt um stærð hennar, en stefnandi hefur talið, að hún myndi vera um 4977 fermetrar að flatarmáli. Á lóð þessari er aðalathafnasvæði félagsins og fram af henni eru dráttarbrautir þess. Með samningi, dags. 13. júlí 1945, milli stefnanda og hafnarstjórans í Reykjavík f. h. hafnarstjórnar Reykjavíkur fékk hafnarstjórnin kauparétt á 3450 fermetrum af lóð þessari eftir árslok 1968 eða fyrr, ef hætt yrði að nota lóðina sem skipauppsátur fyrir þann tíma. Samkvæmt samningnum má ákveða kaupverðið með mati dómkvaddra manna, en þó skyldi það eigi vera hærra en kr. 30.00 fyrir hvern fermetra. Á hinn bóginn heimilaði hafnarstjórnin félaginu að láta gera framundan lóðinni eina eða fleiri dráttarbrautir svo og önnur mannvirki, sem nauðsynleg væru vegna dráttarbrautanna og í sambandi við þær, enda samþykkti hafnarstjórnin gerð þeirra. Eftir samningnum var félaginu heimilt að starfrækja dráttarbrautirnar til ársloka 1968, þó með þeim takmörkunum, að hvenær sem er eftir árslok 1958 geti hafnarstjórnin sagt upp samningnum með 5 ára fyrirvara. Ef félagið af þessum sökum yrði að hætta starfrækslu dráttarbrautanna, skyldi hafnarsjóður greiða bætur eftir mati dómkvaddra manna fyrir þau mannvirki viðvíkjandi dráttarbrautunum, sem eigi yrðu flutt á brott. Þann 21 apríl s. l. fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta til fjár verðmæti fyrrgreindra 3450 fermetra lóðar, miðað við 31. des. 1949. Hinir dómkvöddu menn töldu,

að hæfilegt verð hvers fermetra lóðarinnar væri kr. 220.00 eða alls kr. 759000.00 fyrir þann hluta lóðarinnar, er hér skiptir máli.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að enda þótt svo sé ákveðið í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að við álagningu stóreignaskattsins skuli fasteignir verðmetnar þannig, að fasteignamatsverð sé lagt til grundvallar og það síðan margfaldað með ákveðinni tölu, sex að því er Reykjavík varðar, þá geti sú regla ekki gilt, þegar sannað sé, að fasteign hafi þann 31. des. 1949 haft minna verðgildi en sexfalt fasteignamatsverð. Regla sú um verðmæti fasteigna, sem fram kom í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, hafi verið sett til hagræðis, svo að komast mætti sem næst raunverulegu verðmæti fasteigna, án þess að þurfa að láta meta hverja fasteign sérstaklega, en vitað sé, að fasteignamatsverð sé langt fyrir neðan raunverulegt verð. Sannist hins vegar, að raunverulegt verðmæti fasteigna sé lægra en verð hennar, reiknað samkvæmt reglu 1. tl. 2. mgr. 12. gr., beri tvímælalaust að leggja hið raunverulega verðmæti til grundvallar. Við ákvörðun skatta sé ekki hægt að miða við hærra verðmæti eignar en raunverulegt verðmæti hennar. Með mati hinna dómkvöddu manna hafi sannast, að verðmæti fyrrgreinds lóðarhluta hafi þann 31. des. 1949 verið lægra heldur en sexfalt fasteignamatsverð hans. Beri því að leggja matsverðið til grundvallar í þessu sambandi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skýrt fram tekið, að við álagningu stóreignaskattsins skuli telja fasteignir til eignar á fasteignamatsverði, margfölduðu með ákveðinni tölu, misjafnri eftir staðsetningu fasteignanna. Hvergi sé að finna heimild, er leyfi að breyta frá þessari reglu, og við annað verðmætismat verði ekki miðað við álagningu stóreignaskattsins. Þá hefur stefndi bent á, að lóð stefnanda við Mýrargötu, sem hann telur að sé alls að stærð 4454 fermetrar, hafi verið endurmetin á árinu 1944 og þá á kr. 60.00 hver fermetri, en það sé sama fjárhæð og lóðin hafi verið metin á samkvæmt fasteignamatinu frá 1942. Telja verði, að við fasteignamatið hafi verið tekið tillit til kvaðarinnar, sem á lóðinni hvíli. Hafi orðið veruleg breyting á verðmæti lóðarinnar með samningi stefnanda og hafnarstjórnar Reykjavíkur frá 13. júlí 1945 hafi stefnanda staðið sú leið opin samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga um fasteignamat nr. 70 frá 1945 að fá hana metna á ný. Þetta hafi stefnandi þó ekki gert og þannig sætt sig við fasteignamatið. Mat hinna dómkvöddu manna skipti engu máli í þessu sambandi, þar sem skýlaus lagaákvæði segi til um, hvernig ákveða skuli verðmæti fasteigna við ákvörðun stóreignaskattsins.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 eru settar reglur um það, hvernig reikna skuli eign skattþegna við ákvörðun stóreignaskattsins. Í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. segir, að fasteignir skuli metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6, að því er Reykjavík varðar. Frá þessari reglu eru engar undantekningar gerðar í lögunum og ekki eru þar neinar reglur um hvernig fara skuli, ef fasteignamat hafi ekki verið framkvæmt eða fasteignamatsverð umreiknað samkvæmt ákvæðum lag-

anna er hærra en markaðsverð fasteignar. Fasteignamatsverð það, sem var á lóðum stefnanda, sem hér skipta máli, var ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 frá 1938 um fasteignamat. Í 2. gr. þeirra laga segir, að fasteignir skuli metnar sanngjörnu söluverði. Síðan fasteignamat þetta var framkvæmt, hafa, svo sem alkunna er, orðið miklar breytingar á verðgildi peninga og fasteignamatsverð eigna er miklu lægra en markaðsverð þeirra. Með hliðsjón af þessu munu hafa verið settar margfeldireglur þær, sem eru í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950. Í 2. tl. 2. mgr. 12. gr. er svo ákveðið um skip, að verðmæti þeirra skuli teljast jafnt vátryggingarverði, nema sannist með mati, að eðlilegt söluverð sé annað. Sama sjónarmið kemur fram í reglum þeim, sem fjármálaráðherra setti þann 20. sept. 1950 um verðlagningu lausafjár. Þegar þetta allt er virt, er ljóst, að tilgangur reglna 1. tl. 2. mgr. 12. gr. er sá, að við ákvörðun stóreignaskattsins verði fasteignir skattþegna taldar á sem næst sanngjörnu markaðsverði. Það verður að telja almenna reglu íslenzks réttar, að eignir beri eigi að telja á hærra verði, en ætla má að sé almennt söluverð þeirra, þegar þær eru notaðar sem skattstofn. Samkvæmt því verður að telja, að regla sú um verðmætisákvörðun, sem fram kemur í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sé meðalhófsregla, sem sett er í hagkvæmisskyni til þess að auðvelda framkvæmd verðmætisákvarðananna.

Með vísan til alls þessa verður að skýra svo ákvæði 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að reglum þeim, sem þar getur, skuli beitt við ákvörðun verðmætis fasteigna, nema það sannist, að eðlilegt söluverð sé lægra.

Svo sem að framan getur, er lóðarspilda sú, sem mál þetta snýst um, 3450 fermetrar að flatarmáli, en hver fermetri er kr. 60.00 að fasteignamatsverði. Samkvæmt reglum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 var lóðarspildan því talin félaginu til eignar á kr. 1 242 000.00, er reiknuð var út heildareign félagsins samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 12. gr. Hinir dómkvöddu menn töldu hins vegar, að verðmæti lóðarspildunnar þann 31. des. 1949 hefði verið kr. 220.00 hver fermetri eða kr. 759 000.00 öll spildan. Mati þessu hefur ekki verið skotið til yfirmats og það hefur engum rökstuddum andmælum sætt. Verður það því lagt til grundvallar í máli þessu. Ekki þykir ástæða til í þessu sambandi að láta stefnanda bera halla af því, þótt eigi væri óskað nýs fasteignamats, er samningurinn frá 13. júlí 1945 var gerður. Samkvæmt þessu og með vísan til alls þess, sem að framan getur, verður að telja, að við ákvörðun eigna félagsins í sambandi við ákvörðun stóreignaskatts beri að telja því fyrrgreinda lóðarspildu til eignar á matsverðinu, kr. 759 000.00.

Verða því kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra þann 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Við ákvörðun eigna Slippfélagsins í Reykjavík h.f. samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 skal lóðarspilda félagsins við Mýrargötu, 3450 fermetrar að flatarmáli, teljast því til eignar á kr. 759 000.00.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 135/1952. **Jónas Hvannberg** (Theódór B. Líndal)
gegn
Skapta Davíðssyni (Magnús Thorlacius)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Sýkna af kröfu um, að gert yrði hlið á girðingu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1952. Krefst hann *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til lögmætrar meðferðar og dómsálagningar, en *til vara*, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september 1952, áfrýjað málinu með stefnu 26. s. m. Hefur hann gert eftirgreindar kröfur:

1. Að aðaláfrýjanda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til gagnáfrýjanda dæmt að veita afrennsli vestan við fjós Úteyjar I norður í hveralæk á túninu.

2. Að aðaláfrýjanda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum til gagnáfrýjanda dæmt að setja hlið á girðingu frá einkavegi sínum að vestan niður að svonefndum Kvíslum.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda

málskostnað í héraði, þar á meðal kr. 1400.00 til dómenda þar, svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi telur úrlausn sakaratriða í héraðsdómi vera svo óákveðna, að ómerkja beri dóminn í heild og vísa málinu heim í hérað til löglegrar dómsálagningar. Ekki þykir næg ástæða til að taka kröfu þessa til greina, og koma því kröfur gagnáfrýjanda í málinu til athugunar.

1. Hinn 14. júlí 1947 gerðu úttektarmenn Laugardalshrepps landskipti samkvæmt lögum nr. 46/1941 á sameignarlandi jarðanna Úteyjar I og Úteyjar II. Landskiptagerðinni var af hálfu beggja eigenda skotið til yfirmats samkvæmt 6. gr. nefndra laga, og fóru yfirlandskipti fram dagana 8. og 9. júlí 1948. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu hér fyrir dómi, hafði aðaláfrýjandi, alllöngu áður en landskiptin voru gerð, látið leggja torfgarð þann frá fjósi sínu vestur að Austureyjarvegi, sem breytt hefur vatnsrennsli á þessu svæði. Í máli þessu telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda skylt að breyta farvegi vatnsrásarinnar til hins fyrra horfs, en aðaláfrýjandi kveður vatnsrennslið mundu valda minnstum baga, ef gert væri ræsi fyrir það gegnum enda Austureyjarvegar og vatnið síðan látið renna niður með einkavegi hans, unz það kemst í ræsi gegnum þann veg lítið eitt neðar og þaðan í hveralækinn. Er hér um ágreining að tefla, sem skera ber úr með mati samkvæmt 78. og 80. gr., sbr. 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Að svo vöxnu máli ber að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð í héraði, að því er varðar þá kröfu gagnáfrýjanda, sem rædd hefur verið í þessum tölulið, og vísa kröfunni frá héraðsdómi.

2. Krafa gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði dæmt skylt að setja hlið á girðingu frá einkavegi sínum að Kvíslum, er á því reist, að gagnáfrýjandi eigi umferðarrétt um land það sunnan einkavegarins, sem kom í hlut aðaláfrýjanda við fyrrgreind landskipti. Þegar landskipti voru gerð, var gagnáfrýjanda ekki mæltur neinn réttur til umferðar um þetta land aðaláfrýjanda, enda verður ekki séð, að hann hafi gert kröfu til þess eða áskilnað um það. Ber því þegar af þessari ástæðu að sýkna aðaláfrýjanda af umræddri dómkröfu gagnáfrýjanda.

3. Eftir úrslitum máls þessa þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00. Ákvörðun héraðsdóms um greiðslu á þóknun til dómenda og kostnaði þeirra hefur ekki verið áfrýjað, og verður henni því ekki raskað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er tekur til þeirrar dómkröfu gagnáfrýjanda, Skapta Davíðssonar, að aðaláfrýjanda, Jónasi Hvannberg, sé gert skylt að breyta vatnsfarvegi, svo sem greinir í 1. tölulið hér að framan, og vísast þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi á að vera sýkn af þeirri dómkröfu gagnáfrýjanda, að honum sé gert skylt að setja hlið á girðingu, svo sem greinir í 2. tölulið hér að framan.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur vettvangsdóms Árnessýslu 9. júní 1952.

Ár 1952, mánudaginn 9. júní, var í vettvangsdómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnunum Páli Diðrikssyni, bónda á Búrfelli, og Skúla Gunnlaugssyni, bónda í Bræðratungu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1952: Skapti Davíðsson gegn Jónasi Hvannberg, en málið hafði verið þingfest hinn 26. apríl og dómtekið 6. júní sama ár.

Stefnandi, Skapti Davíðsson, er eigandi og ábúandi jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi. Gerir hann þær dómkröfur í máli þessu, að stefndi, Jónas Hvannberg, eigandi Úteyjar I, verði, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda, dæmdur til að veita afrennsli vestan við fjós Úteyjar I norður í hveralæk á túninu og að setja hlið á girðingu yfir hreppsvegi frá Útey II í austur og vestur. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

I.

Austur frá Úteyjarbæjum liggur sýsluvegur að Austurey. Vegur þessi skilur lönd málsaðilja á því svæði, sem hér skiptir máli. Útey I á land norðan vegarins, en Útey II sunnan hans. Skammt norðan vegarins stendur fjós Úteyjar I. Frá fjósinu hefur verið hlaðinn garður suður undir sýsluveginn, að því er virðist til þess að bægja vatnsrennsli frá fjóshlaðinu, sem er vestan við garðinn. Ekki virðist þó geta verið þarna um að ræða vatnsrennsli nema í stórrigningum eða leysingum. Verulegum hluta af austurtúni Úteyjar I hallar heim að fjósbyggingunni og framannefndum garði og fær leysinga- og rigningarvatn af þessu svæði ekki annarsstaðar framrás en við syðri enda garðsins, við sýsluveginn. Mundi vatnið síðan renna vestur með sýsluveginum norðanverðum, yfir land Úteyjar I, beint í áðurnefndan hveralæk, ef vestanvert við garðendann væri ekki til fyrirstöðu heimreið Úteyjar I. Möl hefur verið borin í heimreiðina þannig, að hún hefur orðið hærri en sýsluvegurinn. Hefur vatn því runnið þarna yfir sýsluveginn, brotið í hann skarð og grafið sér farveg í nýrækt stefnanda sunnan vegarins. Við skoðun vettvangs virtist dómendum einsætt, að leysinga- og rigningavatn af túni Úteyjar I mundi ekki leita yfir sýsluveginn á umræddu svæði, ef garðurinn og síðan heimreiðin væri ekki framrás þess til fyrirstöðu. Dómurinn fellst því á kröfu stefnanda um, að stefnda sé skylt að gera ráðstafanir til þess að vatn af umræddu landi hans fái framrás norðan sýsluvegarins, en ekki suður yfir hann.

II.

Frá fornu fari hefur leið legið frá Útey um svokallað Mynnisvað nálægt upptökum Hólaár og ósum Skillandsár til bæja í ofanverðum Laugardal. Leiðin að vaðinu liggur öll um land Úteyjar I. Girðing forn liggur frá túni Úteyjar I norður í Laugarvatn, en vestan við Mynnisvað. Er ekkert hlið á þessari girðingu og hefur hún staðað, eftir því sem næst verður komizt, í 3—4 áratugi. Í annan stað hefur nýlega verið girt úr austurhorni túngirðingar Úteyjar I norður í Tólfhundraðatjörn við Hólaá, austan við Mynnisvað. Er þar með lokað leiðum að Mynnisvaði.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að setja hlið á aðra hvora girðinguna, sem lokar leið hans að Mynnisvaði, en leggur á vald dómsins að ákveða, hvar það skuli sett. Þá óskar hann fremur eftir hliði á hina fornu girðingu nálægt bökkum Laugarvatns. Við munnlegan flutning málsins var því yfirlýst af hálfu stefnda, að hann mundi án óþarfs dráttar láta setja hlið á hina nýju girðingu við austurhorn túngirðingar Úteyjar I og mundi stefnanda þar með opnast leið af sýsluveginum norður að Mynnisvaði.

Dómurinn telur tvímælalausan rétt stefnanda til þess að fara um Mynnisvað norður í Laugardal, en í því efni er honum meinalaust að fara sýsluveginn austur fyrir tún stefnda og um áðurnefnt væntanlegt hlið á hinni nýju girðingu stefnda. Með tilliti til yfirlýsingar stefnda um, að sett verði hlið á girðingu þessa án óþarfs dráttar, telur dómurinn ekki ástæðu til að fjalla nánar um þennan lið málsins.

III.

Fyrir allmörgum árum lagði stefndi í máli þessu veg frá Útey vestur á þjóðveg, og er vegurinn einkaeign hans. Síðan fóru fram landskipti á milli Úteyjar I og Úteyjar II, og hlaut Útey I land meðfram veginum sunnanverðum, en Útey II landið norðan vegar. Stefndi hefur sett girðingu á landi sínu meðfram einkaveginum vestur að þjóðvegi og síðan meðfram þjóðveginum suður að svonefndum Kvíslum, sem er vatnsfall, ófært yfirferðar á þeim slóðum öllum venjulegum flutningatækjum. Á greindum girðingum stefnda eru engin hlið. Stefnandi krefst þess í málinu, að stefnda verði gert að setja hlið á girðinguna, sem liggur frá enda einkavegarins, meðfram þjóðvegi að Kvíslum. Hann heldur því fram, að þrautaleiðin frá Útey á þjóðveginn með þungavöru hafi jafnan legið suður frá Úteyjarbæjunum og síðan um núverandi land Úteyjar I sunnan einkavegarins vestur á þjóðveginn norðan Kvísla, er þær höfðu verið brúaðar. Telur stefnandi leið þessa hafa verið hreppsveg frá fornu fari.

Stefndi mótmælir því, að hér sé um hreppsveg að ræða. Hann neitar því, að þessi leið frá Útey hafi frá fornu fari verið farin fremur en ýmsar aðrar, svo sem suður fyrir Djúp eða vestur yfir núverandi land Úteyjar II, meðfram Laugarvatni, nema síður væri. Telur hann stefnanda ónauðsynlegt með öllu að fara yfir land Úteyjar I vestur á þjóðveginn, þar sem land Úteyjar II, norðan einkavegarins, sé ekki ógreiðara yfirferðar og auk þess sé sú leið styttri.

Dómurinn getur ekki fallizt á, að rök hafi verið leidd að því, að hér eða annars staðar í Úteyjarlandi sé um hreppsvegi að ræða í venjulegum skilningi. Ekki virðast heldur flutningar um þessa leið hafa tíðkazt fyrr en þjóðvegurinn hafði verið lagður norður yfir Kvíslar og þær brúaðar. Hins vegar virðist dómendum við vettvangsgöngu, að leið þessi væri aðgengilegri yfirferðar en mýrin norðan einkavegarins, þar sem stefnandi hefur þó gert nokkrar tilraunir til vegabóta, með því að brúa keldur í mýrinni. Keldur þessar eru rótlitlar og þola enga verulega umferð. Þegar þær eru brúaðar, veðst mýrin fljótt sundur við endana á brúnum, og er því að þeim skömm samgöngubót. Hins vegar virðist mýrin í landi Úteyjar I, sunnan einkavegarins, vera öllu seigari og laus við keldur. Framburður vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu, hníga einnig í þá átt, að leiðin til þjóðvegarins, eftir að hann komst norður fyrir Kvíslar hafi jafnan þótt greiðfærari um land Úteyjar I en um land Úteyjar II.

Dómurinn telur því upplýst, að leiðin frá þjóðvegi að Útey sé einna greiðfærust og verði sízt ófær með öllu, sunnan einkavegarins í núverandi landi Úteyjar I. Verður því að telja stefnanda, sakir brýnnar nauðsynjar, heimilt að fara leið þessa, unz hann á annarra ekki síðri kosta völ og stefnda skylt að búa þannig um girðingu sína við þjóðveginn, að unnt sé án óeðlilegrar hindrunar að komast gegnum hana.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður fallizt á kröfu stefnanda um, að stefndi verði,

1) að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar 50 kr.,

dæmdur til þess að rjúfa hindrun fyrir framrennsli rigninga- og leysingavatns meðfram norðanverðum sýsluvegi, er skilur lönd aðiljanna, og

2) dæmdur til þess að setja hlið á girðingu sína meðfram þjóðvegi. — Þar sem ekki þykir hætt við, að vatnsrennsli af landi stefnda geti orðið stefnanda að meini fyrr en eftir lok septembermáaðar, skulu dagsektir, sem renni til stefnanda, ekki reiknast fyrr en frá og með 1. okt. n. k.

Eftir þessari málsniðurstöðu þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Jónasi Hvannberg, eiganda Úteyjar I, er skylt, að viðlögðum 50 kr. dagsektum, er renni til stefnanda, Skapta Davíðssonar, og reiknist frá 1. okt. 1952, að gera vatnsrás gegnum heimreið sína nægilega til þess að rigningar- og leysingarvatn af túni hans leiti ekki yfir sýsluveginn á land stefnanda. Stefnda er og skylt að búa svo um girðingu sína meðfram þjóðvegi, að stefnandi geti þar óhindrað neytt umferðarréttar síns.

Stefndi greiði stefnanda 2000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Kærumálið nr. 9/1953.

Magnús Thorlacius

gegn

Bengtu Andersen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. júní þ. á., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, uppkveðnum 27. maí þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, aðallega að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands, en til vara, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og þóknun honum til handa,

sú er í málinu greinir, ákveðin kr. 10 000.00. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hafði uppi þær málsástæður fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, að varnaraðili hafi með því að kvitta fyrir inneign sinni hjá honum svo og með aðgerðarleysi um langan tíma, firrt sig rétti til að krefjast lækkunar á þóknun þeirri, sem sóknaraðili hefur reiknað sér fyrir flutning málsins Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni. Stjórn Lögmannafélagsins brast vald til að kveða upp úrskurð um þessar málsástæður. En ekki verður í dómi kveðið á um þóknun til handa sóknaraðilja fyrir flutning nefnds máls, án þess að taka til athugunar og meta framangreindar málsástæður. Af þessu leiðir, að úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands verður einungis skoðuð sem álitsgerð, en ekki úrskurður samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, er kærður verði til Hæstaréttar. Ber samkvæmt þessu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Framangreindu kærumáli vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, greiði varnaraðilja, Bengtu Andersen, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. maí 1953.

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 24. apríl s. l., hefur Franz A. Andersen, löggiltur endurskoðandi hér í bæ, f. h. systur sinnar, Bengtu Andersen, borið undir félagsstjórnina með bréfi, dags. 18. marz s. l. Gerir sóknaraðili þær kröfur, að félagsstjórnin úrskurði, hver þóknun sé hæfileg til handa varnaraðilja, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, fyrir flutning málsins: Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni í héraði og Hæstarétti.

Varnaraðili hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá „dómi", en til vara, að þóknun hans verði ákveðin kr. 10 000.00.

Rétt þykir að taka frávísunarkröfu varnaraðilja fyrst til athugunar. Rökstyður hann kröfuna með því, að sóknaraðili hafi samþykkt að greiða kr. 10 000.00 í þóknun fyrir flutning umræddds máls, með því að kvitta fyrir inneign sína hjá honum samkvæmt reikningi á málsskjali nr. 5, án nokkurrar athugasemdar. Séu því engin skilyrði til lækkunar á málflutningsþóknuninni eða endurgreiðslu hennar að nokkru eða öllu og úrskurðarvald stjórnarinnar nái ekki til þess að fjalla um endurgreiðslukröfu.

Félagsstórnin telur, að úrskurðarvald sitt nái aðeins til þess að ákveða fjárhæð ómaks- eða málflutningslauna í samræmi við lágmarksgjaldskrá félagsins, en ekki til þess að úrskurða, hvort aðili hafi með athöfn eða athafnaleysi samþykkt tiltekna þóknun og hvort hann hafi með því firrt sig rétti til lækkunar á málflutningsþóknun eða endurgreiðslu hennar.

Sóknaraðili hefur lagt málið þannig fyrir stjórnina, að hann óskar eftir úrskurði um hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem um ræðir í málinu. Þykir ekki verða hjá því komizt að kveða upp úrskurð um það atriði, enda telur félagsstjórnin, að það heyri undir hina almennu dómstóla að kveða á um það, hvort sóknaraðili hafi samþykkt reikning varnaraðilja og firrt sig rétti til endurkröfu. Frávísunarkrafa varnaraðilja verður því ekki tekin til greina.

Mál það, sem ágreiningur þessi er risinn af, höfðaði varnaraðili fyrir sóknaraðilja með stefnu útgefinni þann 28. jan. 1949 og voru gerðar þær kröfur á hendur stefnda, Brynjólfi Magnússyni, að hann yrði dæmdur til þess að greiða sóknaraðilja kr. 68 200.00 í bætur vegna bifreiðarslyss, er maður stefnanda hafði orðið fyrir og beðið bana af, ásamt 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Þá var og krafizt viðurkenningar á lögveðrétti í bifreið stefnda R 5617.

Mál þetta var dæmt í héraði þann 15. marz 1950 og urðu úrslit þau, að stefndi, Brynjólfur Magnússon, var dæmdur til að greiða sóknaraðilja kr. 18 000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 2 100.00 í málskostnað. Þá var og viðurkenndur lögveðréttur í bifreið stefnda, R 5617, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Var niðurstaða dómsins m. a. byggð á því, að eiginmaður stefnanda hefði verið meðvaldur að slysinu og stefnda því einungis gert að bera helming fébótaábyrgðar á tjóninu.

Dómi þessum skaut sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. apríl 1950. Var dómur kveðinn upp í Hæstarétti í desember 1950 með þeim úrslitum, að Brynjólfur Magnússon var talinn bera einn ábyrgð á dauðaslysinu og honum gert að greiða sóknaraðilja kr. 40 000.00 í bætur með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og Hæstarétti.

Fyrir flutning máls þessa reiknaði varnaraðili sér kr. 10 000.00, auk útlagðs kostnaðar, er nam kr. 2 770.20.

Telur sóknaraðili þessa þóknun of háa. Heldur hann því fram, að hann hafi samið um lægri þóknun við varnaraðilja, þ. e. a. s. að þóknun skyldi miðast við þá upphæð, sem endanlega yrði dæmd. Þá heldur hann því fram, að þóknunin sé allmikið yfir venjulegan taxta lögmanna. Loks hefur sóknaraðili krafizt fylgiskjala og sundurliðunar á útlögðum kostnaði varnaraðilja af málinu.

Félagsstjórnin lítur svo á, að ósannað sé gegn eindregnum mótmælum varnaraðilja, að samið hafi verið fyrirfram um þóknun hans fyrir flutning málsins. Verður því að miða þóknunina við gjaldskrá þá, sem í gildi var, er málið var flutt, en hún er frá 15. des. 1944. Nú er það sýnt, að stefnukrafan í málinu var áætluð og ber því samkvæmt 4. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar að miða málflutningslaunin við það, sem sannlegt má telja.

Miðað við verk það, sem varnaraðili lét í té við undirbúning og flutning málsins, hagsmuni þá, er í húfi voru, og endanleg úrslit málsins þykir félagsstjórninni þóknun til handa varnaraðilja fyrir flutning málsins í héraði og fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 8 000.00.

Að því er varðar þá kröfu sóknaraðilja, að varnaraðilja sé gert að sýna sundurliðun og fylgiskjöl fyrir hinum útlagða kostnaði, athugast, að félagsstjórnin telur sig bresta vald til þess að *skylda* varnaraðilja til slíks, enda hefur hann ekki góðfúslega viljað láta stjórninni þessi gögn í té.

Ályktarorð:

Þóknun varnaraðilja, Magnúsar Thorlacius hrl., fyrir flutning málsins: Bengta Andersen gegn Brynjólfi Magnússyni í héraði og Hæstarétti ákveðst kr. 8 000.00

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 74/1953. **Guðlaugur Einarsson** (sjálfur)
gegn
Guðmundi H. Þórðarsyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1953. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur 3. marz 1953 í

bifreiðinni R 452, verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi, sem hafði áfrýjað framangreindri fjárnámsgerð með stefnu 27. apríl 1953 til þingfestingar í septembermánuði næstkomandi, hefur eigi sótt þing í máli þessu og er honum þó löglega stefnt.

Með því að engir þeir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, er standi í vegi fyrir staðfestingu hennar, ber að taka nefnda kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Stefndi, Guðmundur H. Þórðarson, greiði áfrýjanda, Guðlaugi Einarssyni, kr. 700.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 9. desember 1952.

..... setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu borgarfógeta í Tjarnargötu 4. .....

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst fjárnáms til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 6 900.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1952 til greiðsludags, kr. 775.00 í málskostnað, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á sína ábyrgð.

Guðmundur H. Þórðarson er mættur í réttinum. Skýrir hann svo frá, að Sælgætisgerðin Caro sé óskráð og hann einkaeigandi hennar og sé hann því persónulega gerðarþoli. Hann kveðst ei greiða skuldina, en vísar á til fjárnáms bifreiðina R 2079, sem hann telur, að hvíli á skuld að fjárhæð ca. kr. 12 000.00.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir mættum gerðarþola.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 3. marz 1953.

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur og krefst þess, að tekið verði upp og haldið áfram fjárnámi, er fram fór 9. desember s. l. í bifreiðinni R 2079.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum. .....

Þegar hér var komið varð að samkomulagi, að fjárnám í ofangreindri bifreið félli niður, en gerðarþoli vísaði á bifreiðina R 452 til fjárnáms.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri bifreið til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 73/1953. **Guðjón Steingrímsson** (sjálfur)
gegn
Guðmundi H. Þórðaryni (enginn)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Staðfesting fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1953. Krefst hann þess, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur 20. og 21. apríl 1953 í bifreiðinni R 452, verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi, sem hafði áfrýjað framangreindri fjárnámsgerð með stefnu 27. apríl 1953 til þingfestingar í septembermánuði næstkomandi, hefur eigi sótt þing í máli þessu og er honum þó löglega stefnt.

Með því að engir þeir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, er standi í vegi fyrir staðfestingu hennar, ber að taka nefnda kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða honum kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Stefndi, Guðmundur H. Þórðarson, greiði áfrýjanda, Guðjóni Steingrímssyni, kr. 700.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 20. apríl 1953.

..... setti fulltrúi borgarfógeta, Þórhallur Pálsson, fógetarétt Reykjavíkur í skrifstofu borgarfógeta í Tjarnargötu 4.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Einar Gunnar Einarsson cand. jur. vegna Guðlaugs Einarssonar hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 10 166.00 með 6% ársvöxtum af kr. 4 586.00 frá 30. des. 1952 til greiðsludags og sömu vaxta af kr. 5 580.00 frá 30. jan. 1953 til greiðsludags, kr. 74.50 í afsagnarkostnað, ½% fjárhæðarinnar í þóknun,

kr. 1 500.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur mættur og kveðst ei greiða skuldina, en vísar á bifreiðina R 452 til fjárnáms. — Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri bifreið til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Þinghald í fógetarétti Reykjavíkur 21. apríl 1953.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Einar Gunnar Einarsson cand. jur. vegna Guðlaugs Einarssonar hdl. og krefst þess, að fjárnámið verði tekið upp aftur til að svipta gerðarþola vörzlu bifreiðarinnar R 452 og fá sér hana í hendur á sína ábyrgð.

Mættur er í réttinum Páll Vídalín Magnússon, sem hefur ekið nefndri bifreið, og skipaði fógeti hann til að gæta hagsmuna gerðarþola við gerðina.

Fógeti lýsti því yfir, að hann svipti gerðarþola umráðum yfir ofangreindri bifreið.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda kvaðst mundu flytja hana í geymslu í bifreiðaverkstæði Hrafns Jónssonar, hér í bænum.

Fógeti bryndi fyrir mættum Páli að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Þriðjudaginn 23. júní 1953.

Nr. 37/1951. **Pétur Magnússon vegna jarðarinnar Vallaness**
gegn
Haraldi Guðnasyni.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi í gær var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, að mál þetta yrði hafið.

Stefndi, sem sótti þing, krafðist ómaksbóta.

Samkvæmt þessu verður málið hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr ríkissjóði, kr. 500.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Ómaksbætur stefnda, Haralds Guðnasonar, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Laugardaginn 27. júní 1953.

Nr. 93/1953. **Einar Bragi Sigurðsson** (Theódór B. Líndal)
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. þ. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 28. júní 1953. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi dvaldizt í Svíþjóð frá því fyrra hluta árs 1950 og til þess er hann kom aftur hingað til lands í apríl 1953. Eftir gögnum málsins stundaði hann eingöngu nám í Svíþjóð með styrk frá Menntamálaráði, en samkvæmt umsóknum um styrk til Menntamálaráðs, sem lagðar hafa verið fram í Hæstarétti, taldi hann lögheimili sitt á þessum árum í Vestmannaeyjum, þar sem hann átti lögheimili samkvæmt manntali, áður en hann fór til Svíþjóðar. Dvöl áfrýjanda í Svíþjóð var samkvæmt framansögðu ekki þannig háttað, að hún sliti heimilisfesti hans hér á landi, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Og þar sem áfrýjandi átti lögheimili í Vestmannaeyjum, er hann sigldi til náms, og hefur talið þar lögheimili sitt síðar, eins og áður segir, þá þykir bera að taka kröfu hans til greina.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Einars Braga Sigurðssonar, á kjörskrá þá, er gildir við alþingiskosningar 28. júní 1953.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyjakaupstaðar 22. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. kosningalaga nr. 80 frá 7. september 1942 af Einari Braga Sigurðssyni með kæru, dags. 12. júní s. l., sem barst í hendur dómarans hinn 15. júní s. l., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar og gerir sækjandi þær réttarkröfur, að synjun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar um að skrá nafn sækjanda á kjörskrá hér í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar hinn 28. júní n. k. verði með dómi hnekkt og honum dæmdur réttur til að láta skrá nafn sitt á kjörskrá og kjósa hér í Vestmannaeyjum við nefndar kosningar.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þess krafizt, að nafn sækjanda væri ekki tekið á kjörskrá í Vestmannaeyjum, nema dómurinn teldi sækjanda eiga rétt á því með vísan til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja í málinu..

Lögðu aðiljar málið síðan í dóm með skírskotun til framlagðra gagna og bókunar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sækjandi, Einar Bragi Sigurðsson, hefur frá því í janúarmánuði 1950 dvalizt í Svíþjóð með fjölskyldu sinni, þar sem hann hefur samkvæmt framlögðum vottorðum verið við Háskóla í Stokkhólmi allt til 30. janúar 1953. Áður en sækjandi fór utan, átti hann lögheimili að Fífilgötu 2, hér í bænum. Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Vestmannaeyjum kemur sækjandi, sem fæddur er 7. apríl 1921, síðast fram á manntali hér 1. nóvember 1949, en flytur burt héðan á árinu 1950. Samkvæmt vottorði bæjarsjóðs Vestmannaeyja hefur verið lagt útsvar á sækjanda hér árið 1950 og það greitt að hluta, en síðar hefur ekki verið lagt á hann útsvar hér.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Vestmannaeyjum hefur sækjandi talið fram hér árið 1950, miðað við tekjur 1949, en árið 1951 telur hann ekki fram og er þá tekinn á skattleysingjaskrá. Hins vegar er hann ekki á skattskrá árið 1952 eða 1953.

Sækjandi telur, að hann hafi átt lögheimili hér í bæ að Fífilgötu 2, áður en hann fór utan, og þar sem hann hafi hvergi skráð sig á manntal annarsstaðar, meðan hann dvaldi erlendis, eigi hann hér lögheimili enn, en sér hafi af vangá láðst að biðja einhvern að skrá sig og heimilisfólk sitt á manntal hér, meðan hann var í burtu.

Sótti hann því um, að nafn hans væri skráð á kjörskrá hér, en bæjarstjórn synjaði á fundi sínum 8. júní s. l. og kærir sækjandi nú þá synjun.

Þá er það og upplýst, að sækjandi hefur sent manntalsskrifstofunni hér beiðni um, að hann verði skráður hér á manntal, en verjandi hefur bent á, að sú tilkynning um aðseturskipti hafi ekki verið formleg og að ekkert bendi til þess, að sækjandi eigi hér raunverulegt heimili og ennfremur liggi ekki fyrir samþykki neins húsráðanda hér um, að sækjandi eigi hér lögheimili eða hafi átt, meðan hann dvaldist erlendis.

Með hliðsjón af því, er nú hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að sækjandi hafi, eftir að hann fór héðan á árinu 1950, ekki sýnt vilja á því að halda áfram búsetu sinni hér í Vestmannaeyjum og hafi það því verið eðlilegt, að hann félli út af manntali hér það ár og búseta hans hér þá rofnað. Með því að sækjandi hefur samkvæmt framansögðu verið búsettur í Svíþjóð frá því í janúarmánuði 1950, telur dómurinn, að hann fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 1. gr. laga nr. 80 frá 7. september 1942 og eigi hann því ekki rétt á að nafn hans verði skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningar þær, er fram fara 28. júní n. k.

Dómsorð:

Nafn sækjanda, Einars Braga Sigurðssonar, skal ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 1953.

Laugardaginn 27. júní 1953.

Nr. 94/1953. **Kristín Jónsdóttir** (Theódór B. Lindal)
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. þ. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 28. júní 1953. Svo krefst hann

og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi er eiginkona Einars Braga Sigurðssonar, áfrýjanda málsins nr. 93/1953, og hafa þau, samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi, jafnan dvalizt samvistum hér á landi og í Svíþjóð, eftir að þau gengu í hjónaband. Samkvæmt þessu þykir áfrýjandi hafa rétt til að fá sig skráða á kjörskrá í Vestmannaeyjum, eins og eiginmaður hennar, sbr. dóm í áðurgreindu máli hans nr. 93/1953. Ber því að taka nefnda kröfu hennar til greina.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Kristínar Jónsdóttur, á kjörskrá þá, er gildir við alþingiskosningar 28. júní 1953.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyjakaupstaðar 22. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 80 frá 1942 af Einari Braga Sigurðssyni f. h. eiginkonu sinnar, Kristínar Jónsdóttur, með kæru, dags. 12. júní s. l., er barst í hendur dómaranum 15. júní s. l., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja, og gerir þær réttarkröfur, að nafn Kristínar Jónsdóttur, sem fædd er 19. janúar 1920, verði að undangengnum dómi skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar þær, er í hönd fara, en bæjarstjórn Vestmannaeyja synjaði beiðni þar um á fundi sínum 8. júní s. l.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þess krafizt, að nafn sækjanda yrði ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum, nema dómurinn teldi sækjanda eiga rétt á því með vísan til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja í málinu.

Lögðu aðiljar síðan málið í dóm með skírskotun til þeirra gagna og bókunar, er fyrir liggur í málinu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Eiginmaður Kristínar Jónsdóttur, Einar Bragi Sigurðsson, sækjandi í

máli þessu, hefur frá því í janúarmánuði 1950 dvalizt í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni, þar á meðal eiginkonu, og stundaði hann þar nám til 30. janúar s. l. samkvæmt framlögðum vottorðum. Áður en þau hjónin fóru utan, áttu þau lögheimili að Fífilgötu 2, hér í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Vestmannaeyjum voru hjónin skráð hér á manntal síðast 1. nóvember 1949, en flytja burtu á árinu 1950 og falla þá út af manntalsskrám. Samkvæmt vottorði bæjarsjóðs Vestmannaeyja hefur verið lagt útsvar hér á eiginmann sækjanda árið 1950, en síðan ekki.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Vestmannaeyjum hefur eiginmaður sækjanda talið fram hér í Vestmannaeyjum 1950, miðað við tekjur 1949, en árið 1951 telur hann ekki fram og er þá tekinn á skattleysingjaskrá. Hins vegar er hann ekki á skattskrá 1952 eða 1953.

Eiginmaður sækjandi telur sig og fjölskyldu sína hafa átt lögheimili hér áður en hann fór utan og þar sem þau hafi ekki verið skráð á manntal annarsstaðar, meðan þau dvöldu erlendis, eigi þau lögheimili hér enn, en af vangá hafi láðst að biðja einhvern að skrá þau á manntal hér áfram, meðan þau voru í burtu.

Sótti því eiginmaður sækjanda um, að nöfn þeirra yrðu skráð á kjörskrá hér, en bæjarstjórn synjaði á fundi sínum 8. júní s. l., og er sú synjun nú kærð. Það er upplýst, að eiginmaður sækjanda hefur nú sent manntalsskrifstofunni beiðni um að hann og fjölskylda hans væru skráð á manntal hér í Vestmannaeyjum, en verjandi hefur bent á, að sú beiðni hafi ekki fullnægt formkröfum tilkynninga um aðseturskipti og ekkert bendi til þess, að hann eða fjölskylda hans eigi hér raunverulegt heimili og enda ekkert þeirra í bænum nú og ennfremur liggi ekki fyrir samþykki neins húsráðanda hér um, að sækjandi eigi hér lögheimili eða hafi átt, meðan hann dvaldist erlendis.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að sækjandi, sem flutti til Svíþjóðar með manni sínum snemma árs 1950, hafi ekki sýnt vilja á að halda áfram búsetu sinni hér í bænum, og telja sér hér áfram lögheimili og hafi því verið eðlilegt, að nafn hennar félli af manntali hér það ár og búseta hér því rofnað. Með því að sækjandi hefur samkvæmt framansögðu verið búsett í Svíþjóð frá því í janúarmánuði 1950, telur dómurinn, að hún fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 1. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis og eigi hún því ekki rétt á að nafn hennar sé skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar þær, er fram fara hinn 28. júní n. k.

Dómsorð:

Nafn sækjanda, Kristínar Jónsdóttur, skal ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar 1953.

Miðvikudaginn 1. júlí 1953.

Kærumálið nr. 10/1953.

Ákæruvaldið

gegn

Helga Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kveðið á um framkvæmd rannsóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði, Helgi Benediktsson, hefur með kæru 24. júní 1953 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 9. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951.

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. janúar 1953, var kveðið á, að skipaðir skyldu sérfróðir menn til að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumanna þeirra, sem rannsökuðu verðlag hjá ákærða, Helga Benediktssyni. Héraðsdómara bar að skipa yfirskoðunarmennina, gangast fyrir, að þeir gætu rækt starfa sinn og fengju þau gögn í hendur, sem þeim voru nauðsynleg til framkvæmdar honum. Héraðsdómari átti því að sjá um, að frumgögn þau, sem eru í vörzlu ákærða, Helga Benediktssonar, yrðu fram lögð í dómi og staðfest eftirrit tekin af þeim, eftir því sem efni voru til. Héraðsdómari hefur að vísu skipað yfirskoðunarmenn, en þeir telja sig ekki hafa getað framkvæmt yfirskoðunina til hlítar, vegna þess að þeir hafi ekki haft nægan aðgang að sakargögnum, sem séu í vörzlum ákærða Helga. Ber héraðsdómara því að afla nauðsynlegra sakargagna með úrskurði og aðstoð lögreglu, ef því er að skipta, og leggja þau fram í dómi í frumriti eða staðfestu eftirriti, veita yfirskoðunarmönnum færi á því að kanna þau og sjá um, að þeir vinni verk sitt til hlítar, áður en dómur gengur. Þegar yfirskoðun hefur fram farið, skal héraðsdómari veita ákærða tækifæri til að kynna sér yfirskoðunina og láta yfirskoðunarmenn staðfesta hana.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber héraðsdómara að hlutast til um framangreinda rannsókn og yfirskoðun.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 23. júní, klukkan 13.30, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var í húsinu nr. 10 við Hafnarstræti í Reykjavík, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Helga Benediktssyni, sem tekið var til úrskurðar 16. þ. m. — Úrskurðurinn er kveðinn upp af formanni sakadómsins, Gunnari A. Pálssyni, dómara samkvæmt umboðsskrám.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Helga Benediktssyni, kaupmanni í Vestmannaeyjum, samkvæmt ákæruskjali útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 16. apríl 1952. Ákæruatriðin eru 26 að tölu og í inu 20. þeirra er ákærði sakaður um, „að hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1947 til 1. júlí 1950 selt of háu verði varning þann, er greindur er á dómsskjali nr. 300, skýrslu starfsmanna verðgæzlustjóra, sbr. bréf hans 14. júlí og 17. ágúst 1951, dómskjöl nr. 299 og 303". — Er þess m. a. krafizt af hálfu ákæruvaldsins, að ákærða verði refsað fyrir þetta og að ólögmætur hagnaður hans verði gerður upptækur.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að rekja efni og gang máls þessa í þessum úrskurði, enda hvorttveggja ítarlega rakið í sérstökum úrskurði þessa dóms, uppkveðnum 17. nóvember 1952, samkvæmt ákvæðum 124. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála, er sérstaklega var kærður og Hæstiréttur kvað upp dóm um 23. janúar 1953. Vísast til þessara dómsúrlausna um fyllri skýringu málavaxta, en þær eru prentaðar í dómasafni Hæstaréttar XXIV. bindi, bls. 43—63.

Meðal atriða þeirra, er fyrrgreindur úrskurður þessa dóms 17. nóvember 1952 tók til úrlausnar samkvæmt kröfu verjanda ákærða, var, hvort ómerkja skyldi verðlagsbrotarannsókn þá, er farið hafði fram, eða sakadómurinn ákveða nýja og fyllri verðlagsbrotarannsókn. Taldi sakadómurinn ekki ástæðu til fyllri rannsóknar á verðlagi hjá ákærða en þegar hafði fram farið og synjaði því kröfu ákærða af þessu efni.

Vegna ummæla nokkurra, sem annar verðgæzlumannanna, er framkvæmdi verðlagsbrotarannsóknina hjá ákærða, viðhafði um ákærða, áður en þeir verðgæzlunmennirnir gengu endanlega frá skýrslu sinni, þótti Hæstarétti varhugavert að leggja skýrslu þeirra á dskj. nr. 300 til grundvallar dómi í málinu. Ákvað hann því að skipa skyldi sérfróða menn til að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumannanna, áður en dómur gengi og jafnframt að veita skyldi verjanda ákærða kost þess að gæta réttar ákærða við þá yfirskoðun.

Við þessum fyrirmælum varð sakadómurinn, enda þótt mjög erfitt reyndist að útvega sérfróða menn til starfans, þar eð ekki þótti rétt

að fela hann neinum samstarfsmönnum verðgæzlumannanna, enda þeir flestir verið að einhverju leyti við verðlagsbrotaskýrsluna á dskj. nr. 300 riðnir, sbr. það, er síðar greinir. Loks tókst þó formanni sakadómsins að afla hlutgengra manna til að framkvæma yfirskoðunina og 7. febrúar 1953 dómkvaddi hann í samráði við meðdómendur sína þá Hermann Jónsson, skrifstofustjóra verðlagsskrifstofu Fjárhagsráðs, og Sigurð Schram, fulltrúa í sömu stofnun, til þess verks. Lagði hann jafnframt fyrir yfirskoðunarmennina að veita verjanda ákærða kost á að gæta réttar ákærða við yfirskoðunina. Þá veitti hann og yfirskoðunarmönnunum aðgang að öllum gögnum málsins, er þeir teldu sig þurfa að nota í starfa sínum, og ákvað ennfremur, að þeir skyldu eiga aðgang að þeim gögnum í vörzlum ákærða, er þeir teldu nauðsynlegt að athuga. Loks var tekið fram í dómkvaðningunni, að yfirskoðunarmennirnir skyldu ljúka verði sínu svo fljótt, sem framast reyndist unnt og eigi síðar en 7. marz 1953.

Ekki tókst yfirskoðunarmönnunum að ljúka verki sínu á inum tiltekna tíma og enda þótt formaður sakadómsins hvetti þá skriflega og mjög oft munnlega til að ljúka verkinu sem allra fyrst, drógst það mjög á langinn og loks hættu yfirskoðunarmennirnir við yfirskoðunina 6. þ. m. Telja þeir hátterni og hegðun ákærða gagnvart sér hafa verið á þann veg, að verkið hafi aðallega af þeirri ástæðu dregizt mjög á langinn og loks reynzt óframkvæmanlegt að ljúka því. Hafa yfirskoðunarmennirnir ritað ítarlega skýrslu um störf sín og atferli ákærða og hefur hún verið lögð fram í málinu. Þykir rétt að rekja aðalefni hennar stuttlega hér.

Samkvæmt skýrslunni unnu yfirskoðunarmennirnir fyrst að yfirskoðuninni hér í Reykjavík, eins og hægt var. Síðan fóru þeir til Vestmannaeyja 5. marz 1953 og hugðust vinna þann hluta verksins, er þeir þurftu að vinna þar og nota bókhaldsgögn ákærða við. Varð mjög stutt í dvöl yfirskoðunarmannanna í Eyjum þetta skipti og reyndist þeim ókleift að vinna verk sitt við þá aðstöðu, er ákærði vildi veita þeim, enda skarst svo mjög í odda, að ákærði hótaði yfirskoðunarmönnunum að láta taka af þeim með fógetavaldi gögn, er hann þó hafði lánað þeim um stund. Var ljóst, að ákærði vildi torvelda rannsóknina og draga á langinn með öllu hugsanlegu móti. Jafnframt viðhafði hann ýmis nánar tilgreind storkunaryrði, brigzl, slúðursögur og áburð um glæpi um og við yfirskoðunarmennina. Þegar yfirskoðunarmönnunum þótti sýnt, að ókleift væri að framkvæma yfirskoðunina, fóru þeir heim við svo búið, en að nokkru leyti höfðu þeir þó getað borið dskj. nr. 300 saman við bókhaldsgögn ákærða og þá aðallega, að því er tók til ársins 1948.

Hvorki þótti formanni sakadómsins rétt að yfirskoðunarmennirnir gæfust að svo stöddu upp við starfa sinn né heldur vildu þeir gera það, fyrr en allar leiðir væru fullreyndar til að ljúka verkinu, svo sem til var ætlazt. Hófu þeir nú viðræður við verjanda ákærða og fóru fram á, að hann fengi bókhaldsgögnin hingað til Reykjavíkur eða færi með þeim til Eyja og sæi um, að þeir fengju viðunandi starfskilyrði. Hvorugu

kom þó verjandi í kring, en taldi að lokum, að ákærði myndi lána yfirskoðunarmönnunum nauðsynleg gögn, er þeir kæmu aftur til Eyja. Fóru ýmis bréf milli yfirskoðuarmannanna og verjanda af þessu efni og fylgja þau skýrslu yfirskoðunarmannanna. Í einu þessara bréfa skýrði verjandi frá því, að ákærði færi ekki frekar að hans ráðum eða bendingum, en honum gott þætti. — Tók þetta allt alllangan tíma.

Inn 5. þ. m. fóru yfirskoðunarmennirnir loks aftur til Eyja og höfðu nú með sér Björn Jakobsson, er var annar þeirra verðgæzlumanna, er framkvæmdu verðlagsbrotarannsóknina hjá ákærða og gerðu skýrsluna á dskj. nr. 300. Töldu yfirskoðunarmennirnir bæði heppilegt og rétt að hafa Björn með sér, bæði til flýtisauka og til að geta spurt hann á staðnum um þau atriði, er kynnu að finnast þess eðlis, að rétt væri að láta hann tjá sig um þau. Fór þessi för svo mjög á sama hátt og in fyrri, að ekki er ástæða til að lýsa henni sérstaklega. Yfirskoðunarmennirnir fengu hvorki nauðsynleg starfskilyrði né starfsfrið, lágu undir sama orðbragði af hálfu ákærða og fyrr, en auk þess lýsti ákærði nú yfir, að hann teldi störf þeirra vera einn lið í ofsóknarkeðju á hendur sér. Segja yfirskoðunarmennirnir berum orðum í skýrslu sinni, að þeim hafi verið gert ókleift að vinna þann hluta af störfum sínum, sem óhjákvæmilegt hafi verið að vinna í Eyjum, á þann hátt, er til hafi verið ætlazt, og að þeir sjái sér það ekki fært að óbreyttum kringumstæðum. — Loks kemur fram í skýrslunni, að ákærði hafi verið tilleiðanlegur til að leyfa yfirskoðunarmönnunum að starfa í skrifstofu sinni á venjulegum skrifstofutíma, en þar höfðu þeir ekki starfsfrið fyrir áreitni hans, sem lýst hefur verið, og töldu sig alls ekki geta starfað þar að honum viðstöddum, auk þess sem þeir fengu ekki að koma þangað með Björn Jakobsson, er þeir af áðurgreindum ástæðum töldu rétt að hafa með sér. Hefur skýrsla yfirskoðunarmannanna þá verið rakin, eins og hér þykir þurfa, en síðar í úrskurðinum verður hún rædd að því leyti, sem hún snýst um yfirskoðunarefnið.

Inn 12. þ. m. voru yfirskoðunarmennirnir látnir staðfesta skýrslu sína fyrir dómi að verjanda viðstöddum. Að því loknu gerði verjandi þær kröfur, er getur hér rétt á eftir, og fékk jafnframt frest til greinargerðar um þær til 16. þ. m. Þann dag voru af hálfu verjanda lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. greinargerð um greindar kröfur hans og aðrar nýjar kröfur, er hann gerði í greinargerðinni. Að því loknu var málið samstundis tekið til úrskurðar um inar framkomnu kröfur verjanda, en þær voru þessar:

1) að lagt verði fyrir yfirskoðunarmennina að halda áfram starfa sínum og ljúka honum,
2) að verði fyrsta kröfulið ekki sinnt, þá verði aðrir menn skipaðir til að framkvæma yfirskoðunina,
3) að teknar verði skýrslur af starfsfólki ákærða og honum sjálfum um sannleiksgildi fyrrgreindrar skýrslu yfirskoðunarmannanna og
4) að verjanda verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, að því er varðar þenna þátt málsins.

Áður en þessum kröfum verjanda verða gerð skil, þykir rétt að rekja í stórum dráttum verðlagsbrotarannsókn þá, er þegar hefur farið fram hjá ákærða.

Er þá fyrst að geta þess, að fyrrverandi trúnaðarmaður verðlagsstjóra og síðar verðgæzlustjóra í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, hefur gefið rækilegar skriflegar skýrslur um afskipti sín af verðlagsmálum ákærða það tímabil, er máli skiptir, og hefur hann staðfest þær fyrir dómi. Svo hefur hann og verið spurður nákvæmlega fyrir dómi um öll þau atriði, er hann var talinn geta veitt nokkra vitneskju um.

Þá hafa margir kaupendur ýmissa þeirra vara, er verðlagsbrotakæran fjallar um, verið leiddir fyrir dóm sem vitni um ýmis atriði kærunnar.

Fjórir verzlunar- eða útibússtjórar ákærða hafa verið leiddir fyrir dóm sem vitni og þeir hver um sig verið spurðir rækilega um verð þeirra vörutegunda, er seldar voru í útibúum þeirra vissan hluta þess tímabils, er verðlagsbrotakæran tekur til.

Þeir iðnaðarmenn, er veitt gátu vitneskju um þau atriði, er máli skipti um útsöluverð stóla þeirra, er í verðlagsbrotakærunni greinir, hafa verið krafðir vættis um þau efni svo og seljandi nokkurs hluta umræddra stóla.

Hefur dómurinn þannig fyrir sitt leyti gert allt, er í hans valdi stóð, til að afla sem áreiðanlegastrar og gleggstrar vitneskju um ætluð verðlagsbrot ákærða og er verðlagsbrotakæran á dskj. nr. 300 í samræmi við þá vitneskju, er þannig hefur tekizt að afla, enda öðrum þræði á henni byggð.

Verðgæzlumennirnir Björn Jakobsson og Þorvaldur Ari Arason höfðu góða aðstöðu til að vinna verk sitt, þar eð þeir höfðu óhindraðan aðgang að öllum bókhaldsgögnum ákærða, er máli skiptu. Þá höfðu þeir og mjög góða aðstöðu, er þeir gengu endanlega frá skýrslu sinni, þar eð þeir gerðu það í skrifstofu verðgæzlustjóra hér í bænum og höfðu þannig aðgang að öllum nauðsynlegum hjálpargögnum og hvers konar leiðbeiningum, er þeir töldu sig þurfa á að halda. Skýrslu sína hafa þeir Þorvaldur og Björn staðfest fyrir dómi og þá jafnframt gert við hana nokkrar athugasemdir og veitt ýmsa mikilvæga vitneskju til skýringa á henni samkvæmt spurningum dómenda.

Formaður sakadómsins hlutaðist á sínum tíma til um, að verðgæzlustjóraembættið annaðist yfirskoðun verðlagsbrotakærunnar á dskj. 300.

Lét verðgæzlustjóri bæði endurskoða og endurreikna alla kæruna og fylgiskjöl hennar og hafði fulltrúi hans, Jón P. Emils lögfræðingur, umsjón með því verki. Leiddi þessi yfirskoðun til nokkurra athugasemda og leiðréttinga við kæruna og liggja þær fyrir í máli þessu. Þessar leiðréttingar viðurkenndu verðgæzlumennirnir, Björn og Þorvaldur, að væru réttmætar. Báðir hafa þeir verðgæzlustjóri og Jón P. Emils verið leiddir vitni í máli þessu og tjáð sig samþykka dskj. nr. 300 með þeim athugasemdum, er þegar liggja fyrir í málinu. Töldu báðir dskj. nr. 300 unnið eftir réttum reglum og í samræmi við starfsaðferðir verðgæzlunnar.

Athuganir verðgæzlumannanna í Vestmannaeyjum, t. d. um útsöluverð og selt magn einstakra vara, voru lagðar til grundvallar við greinda yfirskoðun verðgæzlunnar, enda sá háttur ætíð viðhafður, þar eð annað er talið bæði ástæðulaust og óframkvæmanlegt.

Vegna þess að yfirskoðun verðgæzlunnar hafði ekki tekið til útsöluverðs ákærða á vörum greindum í verðlagsbrotakærunni á dskj. 300, töldu dómendur í máli þessu rétt að kanna vinnubrögð verðgæzlumannanna að því leyti. Gerðu þeir því dreifikönnun á töldu útsöluverði verðlagsbrotakærunnar og studdust þá við bókhaldsgögn ákærða. Komust dómendur að þeirri niðurstöðu við dreifikönnun þessa, að útsöluverð þeirra vara, er þeir athuguðu, væri rétt tilgreint í verðlagsbrotakærunni. Var dreifikönnun þessi framkvæmd í þeim tilgangi að ganga úr skugga um, hvort verðlagsbrotakæran væri rétt og samvizkusamlega gerð og töldu dómendur könnunina sýna, að svo væri. Könnun þessi var gerð í júnímánuði 1952 og er hennar getið í þinghaldi 16. dag þess mánaðar.

Í fyrrgreindri skýrslu yfirskoðunarmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram segir, að þeir hafi ekkert fundið athugavert við verðlagsbrotakæruna, að því leyti sem þeir hafi getað athugað hana hér í Reykjavík umfram þær leiðréttingar, sem á henni hafa verið gerðar við fyrrgreinda yfirskoðun verðgæzlustjóraembættisins. Útsöluverð það, er í verðlagsbrotakærunni greinir, gátu yfirskoðunarmennirnir ekki athugað, nema að mjög litlu leyti af ástæðum þeim, er þegar hafa verið raktar, en láta þess þó getið í skýrslu sinni, að þeim virðist kæran vera unnin á eðlilegan hátt og að þeir hafi ekki í rannsókn sinni orðið neins varir, er benti til þess, að hún hafi verið unnin frá hlutdrægu sjónarmiði. Við staðfestingu skýrslu sinnar fyrir dómi endurtóku yfirskoðunarmennirnir, að þeir hafi einskis orðið varir, er benti til hlutdrægnislegra vinnubragða verðgæzlumannanna, né heldur neins, er gerði skýrslu þeirra tortryggilega.

Að því er ákærða sjálfan varðar, þá hefur hann sagt það eitt um verðlagsbrotakæruna, að hún sé samanspunnin lygi og rangfærzlur. Um einstaka liði skýrslunnar hefur hann alls ekki fengizt til að tjá sig.

Með því sem nú hefur verið rakið, þykir í ljós leitt, að ekki sé ástæða til að ætla skýrslu verðgæzlumannanna Björns Jakobssonar og Þorvaldar Ara Arasonar hlutdræga né heldur mótaða af neinum óvildarhug í garð ákærða. Þykir allt, sem fram hefur komið um skýrsluna, einmitt benda til ins gagnstæða eða þess, að hún sé vel og samvizkusamlega unnin og af fyllsta hlutleysi.

Þar eð það þykir í ljós leitt um skýrslu verðgæzlumannanna, er nú var greint, og þar eð engin ástæða er til að efast um sannleiksgildi innar staðfestu skýrslu yfirskoðunarmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram um, að ákærði hafi gert þeim ókleift að framkvæma yfirskoðunina fremur en lýst hefur verið og jafnvel talið yfirskoðunina ofsókn á hendur sér, þá þykir ekki ástæða til að knýja fram frekari yfirskoðun en orðið er, áður en efnisdómur gengur í málinu, enda fyrir-

sjáanlegt af því, sem lýst hefur verið og fyrri reynslu sakadómsins af ákærða, að slíkt yrði ekki gert nema með valdbeitingu, sem ástæðulaust er að grípa til af þessu efni, þegar allt það er haft í huga, sem sagt hefur verið um verðlagsrannsóknina hjá ákærða og afstöðu hans sjálfs til verðlagsbrotakærunnar. Verður og að telja, að þegar sé leitt í ljós, með því sem rakið hefur verið, það, sem Hæstiréttur taldi rétt að fyrir lægi um verðlagsbrotakæruna, áður en efnisdómur gengi í málinu, þ. e. að hún sé eðlilega unnin og án hlutdrægni, sprottinnar af hugsanlegum óvildarhug annars verðgæzlumannsins í garð ákærða.

Af því sem nú hefur verið rakið, leiðir, að hvorki verður sinnt kröfu verjanda ákærða undir 1) né 2).

Þá þykir og með öllu ástæðulaust að verða við kröfu hans undir 3), enda eru engir þeir annmarkar á inni staðfestu skýrslu yfirskoðunarmannanna, að hana beri ekki að taka trúanlega án frekari rannsóknar.

Málskostnaðarkröfu verjanda undir 4) verður ekki sinnt á þessu stigi málsins, enda ekki úr því skorið fyrr en í væntanlegum efnisdómi, á hvern málskostnaður verður lagður.

Samkvæmt framansögðu verður látið sitja við þá yfirskoðun verðlagsbrotakærunnar, sem þegar hefur farið fram, starfsfólk ákærða og hann sjálfur ekki leitt fyrir dóm til spurninga um sannleiksgildi skýrslu yfirskoðunarmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram og verjanda ekki úrskurðuð málflutningslaun að sinni.

Formaður sakadómsins getur þess, að enda þótt hann kveði einn upp úrskurð þenna, þá hafi hann haft samráð við meðdómendur sína um samningu hans og þeir verið úrskurðinum samþykkir að öllu leyti.

Ályktarorð:

Ekki skal fram fara frekari yfirskoðun á verðlagsbrotaákærunni á hendur ákærða, Helga Benediktssyni, en þegar hefur verið gerð.

Hvorki skal leiða ákærða sjálfan né starfsfólk hans fyrir dóm til spurninga um sannleiksgildi yfirskoðunarskýrslu Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram.

Verjanda ákærða, hrl. Sigurði Ólasyni, verða ekki úrskurðuð málflutningslaun að sinni.

Mánudaginn 28. september 1953.

Kærumálið nr. 12/1953.

Bjólfur h/f

gegn

Magnúsi Thorlacius og A/G Weser.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögmanni talið óskylt að bera vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 26. ágúst þ. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í fógetadómi Reykjavíkur 18. ágúst þ. á., birtan 22. s. m., í máli sóknaraðilja gegn Magnúsi Thorlacius og Sigurgeiri Sigurjónssyni f. h. A/G Weser, en með úrskurði þessum var varnaraðilja Magnúsi Thorlacius talið óskylt að svara tilteknum spurningum sem vitni í málinu.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, varnaraðilja Magnúsi Thorlacius dæmt skylt að svara nefndum vitnaspurningum og varnaraðiljum báðum dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili Magnús Thorlacius hefur einn sent greinargerð í málinu og krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar svo og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Fógetadómsmálið er höfðað af sóknaraðilja gegn varnaraðiljanum Magnúsi Thorlacius sem ætluðum vörzlumanni eigna A/G Weser, Bremerhaven. Magnús Thorlacius hefur lýst því, að hann hafi að vísu haft í vörzlum sínum fé nefnds hlutafélags, en hann hafi verið búinn að afhenda féð, er kyrrsetningar var krafizt. Af hálfu sóknaraðilja hefur þessari yfirlýsingu Magnúsar Thorlacius, sem er opinber sýslunarmaður, ekki verið hnekkt, og að svo vöxnu máli eru engir réttarhagsmunir fyrir kröfu sóknaraðilja um að Magnús Thorlacius gefi vitnaskýrslu í þessu máli. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljanum Magnúsi Thorlacius kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bjólfur h/f, greiði varnaraðilja Magnúsi Thorlacius kr. 500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1953.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Bjólfs h.f., Seyðisfirði, hafa þær kröfur verið gerðar, að fram fari löghald í inneign, er Weser A/G, Bremerhaven í Þýzkalandi, er talið eiga í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl., hér í bæ, að upphæð kr. 14.892.92, með 6% ársvöxtum frá 28. júní 1952 til greiðsludags, auk alls kostnaðar við löghaldsgerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð. Jafnframt er málssókn þessari og kröfum beint gegn Sigurgeir Sigurjónssyni hrl., hér í bæ, að því leyti sem hann kynni að hafa fjármuni Weser A/G undir höndum.

Magnús Thorlacius hefur krafizt þess, að synjað verði um gerðina, að því er sig varðar, og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða sér málskostnað. — Sigurgeir Sigurjónsson hefur haft uppi sömu kröfur.

Málsatvik eru þau, að með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 1/1952, Magnús Thorlacius f. h. Weser A/G gegn Bjólfi h/f, var Bjólfi h/f gert að greiða stefnanda £952.7.8 með 6% ársvöxtum frá 17. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað. Hinn 23. og 28. júní 1952 fór fram fjárnám fyrir hluta af kröfum þessum eða kr. 23.000.00, en kr. 31.608.22 voru greiddar í fógetaréttinum. Í september 1952 var togari, eign Bjólfs h/f, kyrrsettur í Hamborg samkvæmt kröfu Weser A/G, þar eð félagið taldi að eftir stæði af kröfum, og hlaut Bjólfur h/f að greiða þar á staðnum DM 9.791.67, til þess að leysa skipið úr farbanni.

Samkvæmt yfirliti á rskj. 1, sem er ritað hinn 15. apríl, en barst fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. sama mán., telur Bjólfur h/f, að Weser A/G skuldi sér kr. 14.892.92 og að sú upphæð muni vera í vörzlum Magnúsar Thorlacius hrl. Á þessu stigi máls verður ekki talin ástæða til að fara út í einstaka liði þessa yfirlits.

Fyrir liggur í málinu sem rskj. 7 yfirlitsgerð um viðskipti Bjólfs h/f við Weser A/G og eru nokkrir liðir hennar á annan veg en greinir í rskj. 1. Niðurstaða rskj. 7 hljóðar um 11.640.80 kr. inneign. Skjal þetta er dagsett hinn 7. nóv,. 1952. Því er haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að skjal þetta hafi verið samið af Magnúsi Thorlacius hrl. og er því mótmælt sem röngu, að því leyti sem þar er öðru vísi frá skýrt en segir í skjölum gerðarbeiðanda.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., ritar Magnúsi Thorlacius hinn 7. febrúar s.l. og kveður gerðarbeiðanda eiga inni hjá honum fé, og muni upphæð þess nokkru hærri en greint hafi verið í rskj. 7, sem hann kveður sér hafa borizt frá Magnúsi. Er þess farið á leit í bréfinu, að inneign gerðarbeiðanda verði greidd, sjá rskj. 8. Erindi þetta er ítrekað með bréfi, dags. 4. marz s.l., sjá rskj. 9, og enn með bréfi, dags. 9. apríl s.l., en þar er greiðslu krafizt, að viðlagðri lögsókn, sjá rskj. 10. — Magnús Thorlacius svarar bréfi þessu hinn 10. apríl s.l. og vísar gerðarkröfum á bug, sjá rskj. 11.

Í greinargerð, sem fram hefur komið í málinu af hálfu Magnúsar Thorlacius hrl., kveðst hann mæta fyrir sig einan og skýrir svo frá, að hann hafi ekkert umboð til þess að mæta af hálfu Weser A/G. Hann kveðst hafa sagt upp umboði fyrir félagið hinn 29. desember 1952, sbr. bréf á rskj. 15, en hinn 11. apríl s.l. hafi Sigurgeir Sigurjónsson hrl. tekið við umboði fyrir Weser A/G og tekið við inneign þess hér. Kveðst Magnús og hafa tjáð umboðsmanni gerðarbeiðanda um þetta hinn sama dag. Telur hann málssókn þessari vera beint að sér gegn betri vitund og krefst hann þess, að synjað verði um framgang hennar, að því er hann varði, og ennfremur krefst hann þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður. Hann hefur og lagt fram sem rskj. 14, endurrit af skilagrein, þar sem Weser A/G er talið eiga inni kr. 26.623.15, og hefur Sigurgeir Sigurjónsson hrl. kvittað fyrir móttöku þeirrar upphæðar með fyrirvara hinn 11. apríl s.l.

Í greinargerð sinni skýrir Sigurgeir Sigurjónsson hrl. svo frá, að hann hafi tilkynnt umboðsmanni gerðarbeiðanda, að inneign Weser A/G hjá sér nemi ekki nema kr. 8.362.00 og hafi þeim komið ásamt um, að sú upphæð yrði fljótlega innt af hendi til umboðsmanns gerðarbeiðanda. Af þessu hafi þó ekki orðið. Kveðst Sigurgeir hafa greitt til þýzka sendiráðsins hér kr. 18.261.15 af því fé, sem hann hinn 11. apríl tók við af Magnúsi Thorlacius. Kveðst Sigurgeir aðeins hafa haft umboð til að taka við fé því, sem Magnús hafði innheimt, og koma því áleiðis til Weser A/G eða umboðsmanna þess.

Í aðiljaskýrslu gerðarbeiðanda er áskilinn allur réttur til að gera Magnús Thorlacius hrl. ábyrgan persónulega í sérstöku máli fyrir allt það tjón, sem það tiltæki hans að afhenda öðrum aðila geymsluféð hafi þegar bakað gerðarbeiðanda eða kunni að baka honum. Er því haldið fram, að þessar athafnir Magnúsar hafi verið gerðar í því skyni að torvelda gerðarbeiðanda innheimtu réttrar fjárkröfu og fyrir þetta hafi Magnús verið kærður fyrir LMFÍ, þar eð hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem sé ósamboðin manni af stétt hæstaréttarlögmanna. — Ennfremur er áskilinn réttur til málssóknar gegn Sigurgeiri Sigurjónssyni persónulega af sama tilefni.

Magnús Thorlacius hrl. mætti í réttarhaldi hér í fógetaréttinum hinn 7. júlí s.l. Aðspurður lýsti hann því þá yfir, að hann gæti ekki sagt um það, hvort yfirlitið á rskj. 7 sé samhljóða skjali, sem gert hafi verið á skrifstofu hans. Umboðsmaður gerðarbeiðanda skoraði þá á Magnús að

athuga nánar um þetta atriði. Tók Magnús þá fram, að hann hafi ekki látið semja samhljóða skjal og kvaðst ekki mundu sinna ofannefndri áskorun umboðsmanns gerðarbeiðanda. — Þá var Magnús að því spurður, hvort þær kr. 11.640.80, sem á rskj. 7 er tilgreind sem inneign, hafi að hans áliti verið inneign gerðarbeiðanda hjá Weser A/G pr. 7. nóvember 1952 og kvaðst Magnús ekkert geta sagt um það. Þá skoraði umboðsmaður gerðarbeiðanda á Magnús að rannsaka síðastnefnt atriði nánar í bókum sínum og skjölum og gefa um það fullnægjandi upplýsingar. Magnús kvaðst ekki sinna þessari áskorun með tilvísun til skilagreinarinnar á rskj. 14, sem hann um leið lýsti yfir, að væri rétt að öllu leyti. Nú óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að Magnús væri að því spurður, hvort hann hafi tilkynnt Weser A/G, að gerðarbeiðandi ætti inni upphæð þá, sem í lok rskj. 7 er nefnd „inneign", eða aðra upphæð og að slík upphæð væri í hans vörzlum. Lýsti Magnús því yfir, að hann myndi engu svara um þetta atriði. — Þá spurði umboðsmaður gerðarbeiðanda Magnús að því, hvort Weser A/G hafi fallizt á, að ofannefnd inneign eða önnur upphæð yrði greidd sér sem umboðsmanni gerðarbeiðanda og kvaðst Magnús ekki svara þessari spurningu. Þá beindi umboðsmaður gerðarbeiðanda þeirri spurningu til Magnúsar Thorlacius, hversvegna inneignin hafi ekki verið greidd sér sem umboðsmanni gerðarbeiðanda. Magnús kvaðst ekki svara þessari spurningu.

Þegar hér var komið, tók umboðsmaður gerðarbeiðanda fram, að hann teldi Magnús Thorlacius mættan sem vitni í máli þessu og bar fram þau tilmæli við fógeta, að athygli Magnúsar væri vakin á vitnaskyldunni. — Magnús kvaðst ekki líta svo á, að hann væri mættur sem vitni í máli þessu. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bar nú fram þá kröfu, að Magnús yrði með úrskurði fógeta skyldaður til að svara ofangreindum spurningum sem vitni. Var ágreiningur þessi þegar í stað lagður undir úrskurð fógeta.

Eins og áður segir, hefur gerðarbeiðanda verið áskilinn réttur allur til að gera Magnús Thorlacius hrl. persónulega ábyrgan fyrir tjóni því, sem gerðarbeiðandi hafi beðið eða kunni að bíða við það, að Magnús skilaði af höndum sér inneign Weser A/G, sem í hans vörzlum var á sínum tíma. Er því og haldið fram, að Magnús hafi gert þetta, að því er séð verði, til þess að torvelda gerðarbeiðanda innheimtu réttrar kröfu. Hafi hann þannig orðið sekur um háttsemi ósamboðna hæstaréttarlögmanni og verið yfir því kært til stjórnar LMFÍ. — Með tilliti til ofanritaðs þykir ekki gerlegt að gera Magnúsi skylt að svara ofannefndum spurningum sem vitni í máli þessu.

Í réttarhaldi því, sem spurningar þessar voru fram bornar, tók Magnús Thorlacius hrl. fram, að kröfur gerðarbeiðanda gegn honum væru vísvitandi rangar og gerði hann þá kröfu, að umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., yrði látinn sæta sektum af þeim sökum. — Ekki þykir ástæða til að taka afstöðu til þessa atriðis á þessu stigi málsins.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt svo mjög vegna annríkis fógeta.

Því úrskurðast:
Magnúsi Thorlacius hrl. verður ekki gert að svara ofangreindum spurningum sem vitni í máli þessu.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 164/1951. **Lárus Ingimarsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Antoni Ingólfi Arngrímssyni
(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 3. nóvember 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október sama ár, áfrýjað til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 7. febrúar 1951, svo og fjárnámsgerð, er framkvæmd var samkvæmt nefndum dómi hinn 17. ágúst 1951. Krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir bæjarþinginu og í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt XI. kafla B, 6 gjaldskrár og reglna fyrir Landssímann nr. 140/1946 má enginn talsímanotandi lána, leigja eða selja öðrum afnot talsíma, nema með leyfi Landssímans, sbr. nú gjaldskrá og reglur fyrir Landssímann nr. 41/1950, er hefur að geyma sams konar ákvæði. Er áfrýjandi heimilaði stefnda afnot af síma sínum, nr. 6205, hinn 8. febrúar 1948 í sambandi við sölu verzlunarinnar Goðaborgar, tókst hann á hendur skyldu til að reyna að afla samþykkis Landssímans til

þess, að verzlunin fengi að hafa afnot símans. Þessari skyldu fullnægði áfrýjandi ekki, og ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og eftirfarandi fjárnámsgerð.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu dómsathafnir eiga að vera óraskaðar.

Áfrýjandi, Lárus Ingimarsson, greiði stefnda, Antoni Ingólfi Arngrímssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. febrúar 1951.

Mál þetta, er dómtekið var í dag, hefur Ingólfur Arngrímsson kaupmaður, Freyjugötu 1, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. júní 1949, gegn Lárusi Ingimarssyni, Nýja Gagnfræðaskólanum, Barónsstíg, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 8. febrúar 1948 seldi stefndi stefnanda verzlun sína, Goðaborg, og varð jafnframt að samkomulagi með aðiljum, að verzlunin hefði áfram afnot af síma stefnda. Skyldi samkomulag þetta gilda, þar til verzlunin sjálf fengi síma, er pantaður hafði verið í september 1946, eða þar til millisamband fengist. En hinn 1. apríl 1949 lét stefndi flytja síma sinn úr verzluninni, og telur stefnandi, að hann hafi beðið tjón, er nemi stefnukröfunni, við það að verða af afnotum símans.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í *fyrsta lagi* á því, að sér hafi verið óheimilt að lána afnot af síma sínum án leyfis bæjarsímastjóra. Telur stefndi, að slíkt leyfi myndi ekki hafa fengizt og sé hann því ekki bundinn af fyrrnefndu samkomulagi.

Verzlun stefnanda hafði afnot af síma stefnda og galt öll gjöld af honum frá 8. febrúar 1948 til 1. apríl 1949, að stefndi lét flytja hann, og verður ekki séð, að bæjarsímastjóri hafi hreyft neinum athugasemdum við þau afnot. Þykir þessi ástæða stefnda því ekki hafa við rök að styðjast.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að í marzmánuði 1949 hafi þeir, er sóttu um síma á árinu 1946, yfirleitt verið búnir að fá síma, ef þeir gengu eftir því. Hafi það því einungis verið fyrir sinnuleysi stefnanda, að verzlunin hafi ekki verið búin að fá síma og hafi sér því ekki verið skylt að lána síma sinn lengur.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð bæjarsímastjórans, dags. 12. des. 1949, þess efnis, að sökum tilfinnanlegs númeraskorts á sjálfvirku stöðinni hafi ekki verið óskað eftir endurnýjun á símapöntunum gerðum á árinu 1946 og sé ókleift að segja til um, hvenær hægt verði að afhenda síma þann, er verzlun stefnanda hafði pantað. Að þessu athuguðu fær þessi málsástæða stefnda heldur ekki stutt sýknukröfu hans.

Loks hefur stefndi haldið því fram, að hann hafi boðið stefnanda millisamband í verzlunina frá síma sínum, en því boði hafi stefnandi hafnað.

Gegn eindregnum andmælum stefnanda hefur stefndi ekki leitt neinar sönnur að þessari staðhæfingu sinni og verður henni því ekki sinnt.

Telja verður sýnt, að verzlun stefnda hafi beðið tjón við að vera svipt afnotum af síma og að stefndi beri ábyrgð á því, þar eð hann riftaði án tilefnis samkomulagi aðiljanna um afnot símans. Þegar litið er til gagna þeirra í málinu, er fram hafa komið um þetta efni, þykir tjón stefnanda hæfilega metið kr. 2.500.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð með vöxtum, svo sem krafizt er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. Þorsteinn Þorsteinsson og Jóhann Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Lárus Ingimarsson, greiði stefnanda, Ingólfi Arngrímssyni, kr. 2.500.00 með 6% ársvöxtum frá 10. júní 1949 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. ágúst. 1951.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Kristján Eiríksson, hdl., krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt rskj. 2, kr. 2.500.00, 6% ársvaxta frá 10/6 '49 til greiðsludags, kr. 600.00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Af hálfu gerðarþola mætir að tilhlutun fógeta Axel Pétursson, Nökkvavogi 40. Hann upplýsir, að gerðarþoli eigi í óskiptri sameign 3 herbergi og ⅓ þvottahúss í húsinu nr. 40 við Nökkvavog, en þeir sameigendurnir hafi enn ekki fengið afsal útgefið.

Fógeti lýsti fjárnámi í 3 herbergjum og ⅓ þvottahúss í kjallara hússins 40 við Nökkvavog fyrir fjárnámskröfunum, og lofaði Axel Pétursson að láta gerðarþola vita um fjárnámið.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 12/1952. **Tryggvi Gunnarsson**
gegn
Draupnisútáfunni og Sigurði Jónssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Tryggvi Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 60/1953. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Guðjóni Steingrímssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 61/1953. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Guðlaugi Einarssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 62/1953. **Óskar Magnússon og firmað Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Lárusi Óskarssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Óskar Magnússon og firmað Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. september 1953.

Nr. 68/1953. **Guðmundur Kristjánsson**
gegn
Pétri Péturssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1953.

Kærumálið nr. 11/1953.

Giovanni Ferrua

gegn

Glitsteini h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. júní þ. á., sem hingað barst 3. júlí þ. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 20. júní þ. á., en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá héraðsdómi. Krefst sóknaraðili þess hér fyrir dómi, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Eftir að úrskurður gekk í héraði, hefur Marteinn Davíðsson komið fyrir dóm á ný og skýrt svo frá, að hann eigi kr. 50000.00 í skuldabréfi því, sem krafizt er greiðslu á, og er það viðurkennt af fyrirsvarsmanni varnaraðilja. Er skuldabréfið því í sameign Marteins Davíðssonar og varnaraðilja. En þar sem Marteinn Davíðsson lýsti sig samþykkan málssókninni, er hann kom fyrir dóm, þykir ekki ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af kærumáli þessu.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Glitsteinn h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. janúar 1952, gegn Giovanni Ferrua, Barmahlíð 41, hér í bæ, persónulega og f. h. ófjárráða sonar hans, Walter Ferrua, til greiðslu in solidum á skuld að eftirstöðvum kr. 89.667.46, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júlí 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða málskostnað, en til vara hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Áður en efnisdómur verður uppkveðinn í málinu, skal krafa stefnda um frávísun þess tekin til athugunar og afgreiðslu.

Málavextir eru þeir, að hinn 9. marz 1951 gaf stefndi út fyrir sína hönd og sonar síns skuldabréf að fjárhæð kr. 96.058.83 til hlutafélagsins Marteins Davíðssonar. Höfuðstóll og vextir (6% p. a.) skyldu endurgreiðast með vikulegum afborgunum, er næmu 5/16 hlutum af kaupi því, er skuldarar fengju hjá skuldareiganda eða öðrum vinnuveitendum, er þeir kynnu, — eftir samkomulagi við skuldareiganda — að vinna fyrir. Skuldin skyldi öll fallin í gjalddaga, er stefndi hætti að vinna hjá skuldareiganda svo og ef vanskil yrðu á greiðslum af hálfu stefnda. Jafnframt var skuldin tryggð með 1. veðrétti í kjallaraíbúð í húsinu nr. 41 við Barmahlíð, hér í bæ. Stefndi hætti vinnu hjá skuldareiganda í júlímánuði 1951 og námu eftirstöðvar skuldarinnar þá kr. 89.667.46 samkvæmt yfirliti stefnanda. Hlutafélagið Marteinn Davíðsson breytti nafni sínu og heitir nú Glitsteinn h/f., en það hefur síðan höfðað mál þetta til innheimtu eftirstöðva skuldar þessarar.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun málsins á því, að maður að nafni Marteinn Davíðsson eigi nokkurn hluta skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu og að stefnanda bresti umboð eða heimild til að heimta alla skuldina í eigin nafni, en hins vegar sé eigi upplýst, hver séu eignarhlutföll nefnds Marteins og stefnanda að skuldabréfinu. Styður stefndi röksemdir þessar við það, að stjórnarformaður stefnanda kom fyrir dóm hinn 20. apríl s.l. og lýsti yfir því, að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda, að Marteinn Davíðsson ætti hluta af skuldabréfinu.

Af hálfu stefnanda var eindregið mótmælt þeim skilningi, er stefndi leggur í vætti stjórnarformannsins, og því haldið fram, að átt hafi verið við það eitt, að Marteinn Davíðsson er einn af hluthöfum stefnanda og því eigandi að hluta skuldabréfsins eins og annarra eigna stefnanda.

Eigi er ljóst af því, sem fram er komið um þetta atriði, hvernig er varið eignarrétti manns þessa, að því er skuldabréfið varðar. Hins vegar þykir það ekki skipta máli hér, vegna þess að Marteinn nokkur Davíðsson hefur komið fyrir dóm sem vitni í málinu og verður að gera ráð fyrir því, að hér ræði um sama manninn. Það er því ljóst, að honum er kunnugt um málssókn þessa og að hann hefur ekki, svo séð verði, hreyft athugasemdum við innheimtuaðgerðum stefnanda, þótt hann hafi sýnilega átt þess

kost. Verður því eigi talið að hér sé um slíkan umboðsskort að ræða, að valdið fái frávísun málsins. Krafa stefnda í þá átt verður því eigi til greina tekin. Ákvörðun um málskostnað verður eigi tekin fyrr en til efnisdóms kemur í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður eigi tekin til greina.

Föstudaginn 2. október 1953.

Nr. 66/1952. **Lúðvík Jónsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Bifeiðaverkstæðinu Þórshamri h/f.
(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurgreiðslukröfu synjað. Greiðsla orlofsfjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2.411.82 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lúðvík Jónsson, greiði stefnda, Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur stefnandi, Lúðvík Jónsson bifvélavirki, Rauðamýri 16, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. sept. s.l. á hendur Bifreiðaverkstæðinu Þórshamri h.f., hér í bæ, til greiðslu skuldar kr. 2.411.82.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða sér hina umstefndu skuld, kr. 2.411.82, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur viðurkennt kröfu stefnanda um greiðslu fyrir orlofsfé tímabilið 15. maí til 1. júlí 1950 að upphæð kr. 202.50 rétta, en hefur krafist sýknu á kröfu stefnanda á kr. 2.209.32. Ennfremur hefur stefndi krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður stefnanda þá varakröfu, að sér yrðu tildæmdar kr. 967.48, að viðbættu orlofsfé, kr. 202.50. Reisir hann varakröfu sína á því, að vinnustundafjöldi stefnanda á dómskj. 2 undir liðnum „Á að vinna" sé of hátt tilgreindur. Nemi sá mismunur í apríl 1950 38½ klst., í des. 19 klst. og í jan. '51 9½ klst., samanlagt 67 klst., sem geri, miðað við kr. 14.44 per klst., kr. 967.48.

Umboðsmaður stefnda mótmælti þessari kröfu sem of seint fram kominni og rangri. Benti hann á, að dómskj. nr. 2 hefði verið lagt fram af stefnanda 1. okt. s.l. og engum athugasemdum hreyft gegn því fyrr en nú, þótt stefnandi hefði átt þess kost, meðan gagnasöfnun fór fram. Krefst hann þess, að krafa þessi komi ekki til álita í málinu. Á það þykir mega fallast með stefnda, að krafa þessi sé of seint fram komin og verður því ekki gegn mótmælum hans tekin afstaða til hennar.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfu sinni, að hann hafi um mörg undanfarin ár verið fastur starfsmaður á bifreiðaverkstæði stefnda og haft í mánaðarkaup kr. 900.00 í grunnlaun, meðan gamla vísitalan var í gildi, en eftir það kr. 2700.00 á mánuði, auk vísitöluuppbótar eftir núgildandi vísitölu.

Stefnandi sagði starfi sínu upp á verkstæðinu um áramótin 1950 og '51 með 3 mánaða fyrirvara og lauk þar störfum hinn 31. marz þ. á. Kaup sitt fyrir alla mánuði ársins 1950 og mánuðina janúar og febrúar 1951 hafði hann fengið greitt að fullu, umyrðalaust og án nokkurs frádráttar. En þegar greiða átti honum kaupið fyrir marz s.l. auk orlofsfjárinnstæðunnar, er þá kom til útborgunar, þar eð hann hætti störfum, var dregið frá þessum upphæðum kaup fyrir allar fjarverustundir stefnanda frá vinnunni á tímabilinu 1. jan. 1950 til 31. marz 1951, sem stefnda reiknaðist til að næmi kr. 2.209.32. Kaup stefnanda yfir marzmánuð var kr. 3.321.00 og orlofsfé, sem stefnda reiknaði yfir tímabilið frá 1. júlí 1950 til 31. marz 1951, nam 1.245.40 og gerir það samtals 4.566.40, en að frádregnum áðurnefndum kr. 2.209.32 varð því greiðslan til stefnanda 2.357.08. Þennan ofangreinda frádrátt á kaupi sínu eða orlofsfé vegna fjarverustunda, sem að verulegu leyti stöfuðu af veikindum, telur stefnandi með öllu óheimilan og krefst hann þessarar upphæðar, kr. 2.209.32, úr hendi stefnda auk

alls orlofsfjár yfir tímabilið frá 15. maí 1950 til 1. júlí sama ár, kr. 205.50 og nemur því krafa hans alls kr. 2.411.82.

Framkvæmdarstjóri stefnda hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi verið verkstjóri á bifreiðaverkstæðinu um nokkur ár. Þegar stefnt félag var stofnað 1946 varð stefnandi aðstoðarverkstjóri. Meiri hluta ársins 1948 og allt árið 1949 var stefnandi aðalverkstjóri hjá stefnda.

Frá 1. jan. 1950 var hann aðalverkstjóri í vélasal. Honum hafi borið sem verkstjóra að sjá um það, að starfsmenn verkstæðisins skiluðu læknisvottorðum, þegar þeir voru fjarverandi vegna veikinda, og einnig hafi honum borið að skila slíkum vottorðum fyrir sig sjálfan, er hann var fjarverandi vegna veikinda. Ekki kveðst framkvæmdarstjórinn muna, hvort stefnandi skilaði nokkru sinni læknisvottorðum fyrir sig, slíkt hafi ekki verið bókfært, en hins vegar hafi hann verið skuldaður fyrir ónunnum vinnutímum, þegar ekki lágu fyrir læknisvottorð.

Um það leyti sem stefnandi hætti störfum hjá félaginu, segir framkvæmdarstjórinn, að hann hafi farið yfir fjarvistarreikning hans ásamt með bókaranum. Ekki var hann sjálfur þó viðstaddur, en er hann spurði bókarann, Indriða Pálmason, um þetta atriði, svaraði hann því til, að þetta væri allt í lagi. Áður kveðst framkvæmdarstjórinn hafa verið búinn að brýna það fyrir stefnanda að athuga vel þennan fjarvistarreikning áður en hann færi.

Framkvæmdastjórinn kveðst aldrei formlega hafa talað um það við stefnanda, að hann mætti vinna af sér fjarvistartíma, en honum hafi átt að vera það fulljóst, að mánaðarkaupsmenn fengu þá heimild.

Þá kveðst hann hafa talað við stefnanda um vanrækslu starfsmanna við að skila fullri vinnu, en það var m. a. starf verkstjórans að sjá um það. Hins vegar kveðst hann ekki hafa sérstaklega nefnt stefnanda í þessu sambandi, sökum þess að hann hafi viljað halda góðri samvinnu við hann, en telur að stefnanda hafi verið það ljóst, að átölurnar giltu einnig um hans eigin vanrækslu. Í þessu sambandi hafi yfirleitt ekki verið talað um einstaka starfsmenn, þótt slíkt kæmi fyrir, þegar úr hófi keyrði.

Framkvæmdarstjórinn segir, að sér hafi verið kunnugt um að stefnandi var að byggja hús og að hann hafi eytt til þess tíma, er hann átti að vinna á verkstæðinu. Ekki hafi hann viljað hefta stefnanda í þessu, en hins vegar hafi aldrei annað komið til mála en að hann yrði að skila þessum vinnustundum síðar eða þola kaupfrádrátt ella. Ekki kveðst framkvæmdastjórinn minnast þess, að stefnandi hafi nokkurntíma tilkynnt veikindaforföll. Þegar stefnanda var greitt kaup hans mánaðarlega, var enginn fyrirvari gerður sérstaklega um vanrækslutíma, enda hafi mánaðarkaupsmönnum verið stundum greitt fullt mánaðarkaup, þótt á vantaði að þeir hefðu skilað fullum vinnutíma. Safnaðist þá stundum fyrir meira eða minna af ónunnum tíma á þann hátt. Þá hefur framkvæmdastjórinn skýrt svo frá, að hann hafi látið bókara sinn gera upp reikning stefnanda á þann hátt, sem dómskj. nr. 5 segir til um. Síðan hafi hann athugað að það væri rétt og beðið stefnanda að gera það líka.

Var honum kunnugt um, að stefnandi kom upp á skrifstofu stefnda í

þessu skyni, en ekki var hann sjálfur við, er stefnandi athugaði reikninginn.

Stefnandi hafi svo ekki hreyft neinum mótmælum við sig út af reikningsuppgjörinu fyrir marz og sér hafi ekki verið annað vitanlegt en að viðskiptum þeirra væri að fullu lokið, þar til hann fékk bréf frá Jóni Þorsteinssyni lögfræðing, enda hafi hann hiklaust litið svo á, að í undirskrift stefnanda á dskj. nr. 5 fælist samþykki á, að viðskiptin væru þannig rétt gerð upp.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að sér hafi verið kunnugt um að aðrir starfsmenn skiluðu stundum læknisvottorðum um veikindaforföll, en aldrei hafi verið á það minnzt við sig að hann skilaði slíkum vottorðum. Sér hafi verið kunnugt um, að þegar iðnnemar unnu eftirvinnu, hafi sú vinna ekki æfinlega verið færð þeim til tekna, heldur látin mæta fjarvistatímum þeirra, ef um slíkt var að ræða. Hann kveðst hafa fylgzt með því á verkstæðinu, að starfsmenn mættu til vinnu og hvað þeir ynnu lengi. Tímann hafi hann ekki sjálfur skrifað, heldur hafi hver og einn skrifað fyrir sig og hann svo fylgst með að vinnustundir væru rétt gefnar upp.

Þegar framkvæmdastjórinn gerði upp við hann fyrir marzmánuð og dró frá kaupi hans allar fjarverustundir undanfarandi 15 mánuði, kveðst stefnandi hafa mótmælt því. Hins vegar segist hann ekki draga í efa, að eitthvað af fjarvistum þeim, sem greindar séu á dómskj. 2, séu réttar. Hann hafi stundum verið lasinn heima og ekki mætt til vinnu, en ekkert um þetta skrifað og viti hann því ekki, hvort þetta sé allt rétt. Þá kveðst hann hafa byggt hús um þetta leyti fyrir sjálfan sig og man eftir því, að einn dag í apríl 1950 hafi hann verið fjarverandi af verkstæðinu vegna þess að hann hafi þurft að sinna byggingunni. Þó segir hann að verið geti að hann hafi skroppið frá stund og stund, ef kaupa þurfti eitthvað í bænum, en ekki telur hann að mikil brögð hafi verið að því, því hann gat sinnt húsbyggingunni og snúningum á laugardögum, en þá var ekki unnið á verkstæðinu, nema til kl. 11 á sumrin.

Stefnandi kveðst ekki hafa beðið forstjórann leyfis, þótt hann færi frá í eigin þágu, enda kveðst hann hafa verið þarna verkstæðisformaður í mörg ár. Hann kveðst ekki beint hafa verið óhraustur, en þó hafi komið fyrir að hann fái verki innan um sig eða kvef, þótt ekki sé vitjað læknis. Hann kveðst ekki hafa tilkynnt þessi forföll í verkstæðið, a. m. k. ekki meðan hann hafði ekki síma heima.

Þegar það kom fyrir að hann fór heim á miðjum dögum, talaði hann um það við þann, sem um vinnuna sá í fjarveru hans, og sagði honum fyrir, hvernig haga ætti verkum, meðan hann væri ekki við.

Stefnandi hefur haldið því fram, að er hann kvittaði fyrir þeim hluta marzmánaðarkaupsins, sem hann fékk greiddan, sbr. dómskj. nr. 5, hafi hann kvittað fyrir með sama hætti og öðru kaupi sínu og hafi hann á engan hátt talið sig með undirskrift sinni vera að afsala sér neinum rétti til þess að heimta frádráttinn greiddan, enda hafi framkvæmdarstjóranverið það ljóst af framkomu sinni, að hann samþykkti ekki þennan frá-

drátt. Í því sambandi tekur hann það sérstaklega fram, að hin prentuðu orð á dómskj. nr. 5 „Ég undirritaður staðfesti ofanritaðan tíma og kvitta hérmeð fyrir upphæðinni", hafi hann skilið þannig, að þar sé aðeins átt við þá tíma, sem form eyðublaðsins gefur til kynna að færðir séu þar út, það er að segja í þessu tilfelli aðeins vinnutímana í marzmánuði.

Vitnið Indriði Pálmason skrifstofumaður hefur borið það, að framkvæmdastjórinn Kjartan Jóhannsson hafi falið sér að taka saman fjarvistartíma stefnanda og reiknað út samkvæmt því frádráttarupphæðina á dskj. nr. 5. Síðan var kallað á stefnanda og sýndi vitnið honum yfirlitið um fjarvistartíma og kaupreikning hans.

Stefnandi leit á skjölin og sagði að því loknu eitthvað á þessa leið: „Hann ætlar þá að hafa það svona". Framkvæmdastjórinn var viðstaddur fyrst í stað, en fór brátt burtu og heyrði vitnið ekki, að framkvæmdastjórinn og stefnandi ættu viðræður um þetta. Síðan greiddi vitnið stefnanda upphæð þá, sem greinir á dskj. nr. 5, og fékk kvittun hans á skjalið. Stefnandi nefndi það ekki við vitnið, að hann bæri brigður á að dskj. nr. 2. væri rétt og lét ekkert í ljósi um málið annað en að ofan greinir.

Samkvæmt því sem nú hefur verið sagt, hefur stefnanda ekki tekist að færa sönnur á, að hann hafi haft uppi mótmæli gegn reikningsuppgjörinu á dómsskj. nr. 5. Svo sem dómskjalið ber með sér, eru á því greinilega tilgreindar fjarverustundir stefnanda og þær dregnar frá kaupi hans. Verður því engan veginn unnt að líta svo á, að honum hafi ekki verið fyllilega ljóst fyrir hverju hann var að kvitta. Þrátt fyrir það veitir hann upphæðinni móttöku og ritar nafn sitt undir án nokkurs fyrirvara. Síðan lætur hann stefnda ekkert til sín heyra fyrr en 25. ágúst sama ár samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í munnlegum málflutningi, er lögfræðingur stefnanda ritar stefnda bréf, þar sem krafizt er endurgreiðslu á kaupfrádrættinum.

Með þessu aðgerðarleysi og hinni fyrirvaralausu kvittun hefur stefnandi firrt sig rétti til endurgreiðslu kaupfrádráttarins og verður af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Málskostnaður til stefnda þykir eftir atvikum mega falla niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðaverkstæðið Þórshamar h.f., Akureyri, greiði stefnanda, Lúðvík Jónssyni, kr. 202.50 auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1951 til greiðsludags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. október 1953.

Nr. 150/1952. **Guðbjarni Ólafsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Sigmundi Guðbjarnasyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttur að húsmunum.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1952 og gert þær dómkröfur, að innanstokksmunir þeir, sem í málinu greinir, verði dæmdir eign félagsbús hans og Sigríðar Bjarnadóttur svo og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir skiptaréttinum og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Móðir stefnda, Sigríður Bjarnadóttir, staðhæfir, að hinir umdeildu innanstokksmunir séu eign stefnda. Vitni, er vöndu komur sínar á heimili stefnda og foreldra hans, segja, að innanstokksmunirnir hafi þar á heimilinu verið kallaðir eign stefnda. Stefndi taldi fram til skatts 1949 og 1950 innanstokksmuni, að því er ætla verður þá, er í málinu greinir. Er verðmæti þeirra ákveðið í framtölunum kr. 2500.00. Hins vegar taldi áfrýjandi þá fram innanstokksmuni að verðmæti kr. 1000.00. Stefndi flutti innanstokksmuni þessa af sameiginlegu heimili aðilja í nóvember 1951, án þess að áfrýjandi mótmælti þá eignarrétti stefnda til munanna, svo sannað sé. Þegar litið er á þau atriði, sem rakin voru, þykja efni ekki vera til að telja innanstokksmunina eign félagsbús áfrýjanda og Sigríðar Bjarnadóttur. Ber því að staðfesta úrskurð skiptaréttarins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjarni Ólafsson, greiði stefnda, Sigmundi Guðbjarnasyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. sept. 1952.

Dagana 19., 22. og 28. des. 1951 og 7. jan. 1952 fór fram uppskrift á félagsbúi hjónanna Sigríðar Bjarnadóttur, Blómvallagötu 11, hér í bæ, og Guðbjarna Ólafssonar, Sindra við Nesveg, hér í bænum, vegna væntanlegs hjónaskilnaðar þeirra.

Meðal eigna búsins voru skrifaðir upp eftirtaldir munir, sem sonur hjónanna, Sigmundur Guðbjarnason, taldi sig eiga:

1.	1 rafmagnsvöflujárn,	virt á	kr.	250.00
2.	1 kæliskápur, óvirtur, en báðir þessir munir voru í Sindra við Nesveg.			
3.	1 stofuskápur	virtur	—	2700.00
4.	3 djúpir stólar	virtir	—	1500.00
5.	2 blómavasar	—	—	300.00
6.	2 do.	—	—	150.00
7.	Gluggatjöld og 2 gardínustengur		—	400.00
8.	1 stálstóll		—	125.00
9.	1 blómavasi		—	80.00
10.	1 legubekkur með teppi		—	375.00

en allir þessir munir voru á Blómvallagötu 11.

Viðurkenndi móðir hans, Sigríður Bjarnadóttir, þegar eignarrétt hans á munum þessum, en faðir hans, Guðbjarni Ólafsson, mótmælti, að sonur sinn ætti þessa muni, og hélt hann því fram, að þeir væru eign félagsbúsins.

Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 18. jan. síðastliðinn, var ákveðið, að úrskurður gengi um ágreining þenna í sérstöku máli. Síðar undir rekstri málsins var samkomulag um nokkra af þessum munum, og er því ágreiningur nú aðeins um muni þá, sem greinir undir liðunum nr. 3—9 hér að framan, að báðum meðtöldum.

Hefur sóknaraðili gert kröfu um það að fá muni þessa afhenta úr búinu, en varnaraðili Guðbjarni Ólafsson hefur mótmælt þeirri kröfu og var ágreiningur þessi því tekinn undir úrskurð 11. þ. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um afhendingu framangreindra eigna úr félagsbúi foreldra sinna á því, að hann eigi þessa muni. Sumpart hafi þeir verið keyptir fyrir fé sitt og sumpart séu þeir gjafir frá foreldrum sínum. Kveður hann, að móðir sín hafi haft undir höndum fé sitt, sem lagt hafi verið inn í Landsbanka Íslands á sparisjóðsbók, og því ráðstafað meðal annars til þess að kaupa fyrir það húsgögn.

Varnaraðili Guðbjarni Ólafsson heldur því aftur á móti fram, að allir þessir munir hafi verið keyptir fyrir fé félagsbús þeirra hjóna og séu þeir því eign þess.

Gögn þau, sem lögð hafa verið fram í málinu, sanna ekki, hver sé eigandi þeirra muna, sem hér er deilt um, og heldur ekki verður talið, að framburður þeirra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, skeri til fulls úr um það, að sóknaraðili sé eigandi umdeildra muna. Hins vegar má ætla með tilliti til þeirra tekna, sem sóknaraðili hefur haft á þessum árum, sem sést af skattaframtölum hans, svo og viðskiptareikningi hans við Landsbankann, að hann hefði vel getað eignazt þessa muni, sem telja má honum gagnlega, fyrir eigið fé, og ef litið er á síðustu skattaframtöl hans, þá sést, að hann hefur gefið upp til skatts fyrir árin 1949 og 1950 kr. 2500.00 í innanstokksmunum, og fyrir árið 1951 kr. 5500.00, á sama tíma sem varnaraðili gefur upp innanstokksmuni fyrir aðeins kr. 1000.00.

Að þessu öllu athuguðu þykir ástæða til að ætla, að sóknaraðili eigi muni þá, sem deilt er um í máli þessu, og þykir því rétt að taka kröfur hans til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Sigmundar Guðbjarnasonar, um afhendingu framangreindra muna úr félagsbúi Sigríðar Bjarnadóttur og Guðbjarna Ólafssonar, skal tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 7. október 1953.

Nr. 170/1950. **Ólafur Pétursson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Sigurði Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1950, og gagnáfrýjandi hefur áfrýjað því af sinni hálfu með stefnu 18. maí 1951, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar.

Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi meðal annars gert þær kröfur, að tiltekin ummæli um hann í 69., 77., 83., 91. og 92. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans árið 1949 verði dæmd dauð og ómerk og gagnáfrýjanda dæmd refsing fyrir þau. Héraðsdómari hefur talið ummæli þessi í heild hafa verið sett fram á ótilhlýðilegan hátt og varða við ákvæði 237. gr. laga nr. 19/1940, og hefur hann ómerkt ummælin að því leyti og dæmt gagnáfrýjanda refsingu fyrir þau. Hins vegar hefur hann ekki tekið einstök ummæli, sem stefnt er út af, til athugunar og úrlausnar hver fyrir sig og metið og rökstutt, hvort og að hverju leyti þau kynnu að vera refsiverð eða eiga að sæta ómerkingu. Er þessi úrlausn héraðsdómarans svo óákveðin, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað.

Eftir atvikum og þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ólafur Pétursson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 16. maí 1949 gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1, hér í bænum, vegna ummæla í greinum, er birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, hér í bænum, dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl f. á., en stefndi var ábyrgðarmaður þess blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

Í 69. tlbl., er út kom 27. marz f. á., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Burt með leppstjórnina", þessi ummæli:

„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannslífa."

Í 77. tlbl., er út kom 6. apríl s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis", þessi ummæli:

„.... hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn" var hann kallaður í Noregi .... Dæmdur glæpamaður fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi."

Í 83. tlbl., er út kom 13. apríl s.l., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni", þessi ummæli:

„Þjóðviljinn hefir skýrt frá þáttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrílsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina ...." „Íslenzkur njósnari með mörg norsk líf á samvizkunni."

„.... Íslenzka njósnaranum Ólafi Péturssyni, sem hefir mörg norsk mannslíf á samvizkunni ...."

Í 91. tlbl., er út kom 28. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður" með fyrirsögninni „Hurfu til upphafs síns", þessi ummæli:

„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskynjanlegu illvirki þessa manns."

Í 92. tlbl., er út kom 28. apríl s. l., í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy" með fyrirsögninni „Glæpamaður í gróðahug" þessi ummæli:

„Stórglæpamaður nokkur, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina ...." „.... sem hefir sagt sannleikann um blóðferil hans."

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, *að* stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau, *að* meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska að fjárhæð kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl s. l. til greiðsludags og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Refsikröfu sína byggir stefnandi á því, að hin umstefndu ummæli, sem séu ósönn, séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hin umstefndu ummæli séu sönn og því refsilaust að hafa þau um stefnanda. Á árunum 1941 og 1942 hafi stefnandi dvalið í Noregi og verið í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda þar. Í starfi sínu hafi hann ljóstrað upp um störf margra norskra manna, sem unnu í svonefndri mótspyrnuhreyfingu, og þannig orsakað handtöku þeirra, fangelsisvist og í sumum tilfellum líflát. Fyrir þessi störf sín hafi stefnandi verið af norskum dómstóli dæmdur í 20 ára hegningarvinnu. Fyrrgreind starfsemi stefnanda hafi verið sérstaklega illkynjuð og rétt-

læti fyllilega ummælin. Honum hafi verið sleppt úr haldi í Noregi fyrir atbeina íslenzkra stjórnarvalda, en það hafi mælzt illa fyrir í Noregi.

Af hálfu stefnanda hefur verið talið, að fyrrgreindur refsidómur sé ólögmætur og rangur.

Í málinu er fram komið, að þann 31. maí 1947 var stefnandi dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot gegn norskum hegningarlagaákvæðum, en áður hafði sami dómstóll úrskurðað, að heimilt væri að dæma mál stefnanda af norskum dómstólum. Í refsimáli þessu taldi dómurinn sannað, að stefnandi hefði starfað í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda í Noregi á árunum 1941 og 1942 og með atferli sínu ljóstrað upp um starfsemi margra félaga svonefndrar mótspyrnuhreyfingar. Hafi þessar uppljóstranir stefnanda haft í för með sér handtökur manna þessara. Hafi sumir þeirra hlotið langa fangelsisvist, en aðrir beðið bana. Stefnandi áfrýjaði ekki dómi þessum. Af hálfu íslenzkra stjórnarvalda voru gerðar tilraunir til að fá stefnanda framseldan, en hann er íslenzkur ríkisborgari. Þann 8. ágúst 1947 var stefnanda síðan vísað úr Noregi af norskum stjórnarvöldum. Fór hann síðan hingað til lands og hefur dvalið hér síðan. Ekki hefur hér á landi verið höfðað mál gegn stefnanda vegna framangreinds atferlis hans.

Í málinu er fram komið, að stefnda var kunnur dómur þessi, er ummæli þessi voru birt. Þar sem dómur þessi er kveðinn upp af löglegum dómstóli í ríki með hliðstæðri réttarskipan þeirri, er hér ríkir, þá verður stefnda ekki metið það til sakar, þótt hann hafi skýrt frá efni dómsins. Hins vegar verður að telja hin umstefndu ummæli sett fram á mjög ótilhlýðilegan hátt. Varða þau við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 1940. Þykir refsing stefnda, með vísan til ákvæða laga nr. 14 frá 1948, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu..

Þar sem framsetning og form ummælanna er, eins og áður er sagt, mjög móðgandi, þykir rétt að ómerkja þau að því leyti, sbr. 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna. Ennfremur ber samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að dæma stefnda til að greiða stefnanda fé til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti, og þykir fé það hæfilega ákveðið kr. 100.00.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, þá hefur hann bent á, að í blaði því, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hafi birzt fjöldi greina, sem séu til þess fallnar að valda tjóni, þannig að segja megi að um ofsókn á hendur sér sé að ræða.

Af stefnda hálfu hefur skaðabótakröfunni algerlega verið mótmælt og þess krafizt, að stefnanda verði refsað fyrir tilefnislausa kröfugerð að þessu leyti.

Þegar virt eru öll atvik máls þessa, þá verður stefnandi ekki talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna ummæla þessara, auk þess sem ósannað er, að þau hafi valdið honum fjárhagstjóni. Hins vegar verður sektarkrafa stefnda á hendur stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Hin umstefndu ummæli skulu, að því leyti sem að framan greinir, vera ómerk.

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ólafi Péturssyni, kr. 100.00, til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti og kr. 500.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. október 1953.

Nr. 69/1953. **Skrifstofa Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Geir Pálssyni (sjálfur)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Starfsþóknun lögmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1953. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 39000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1952 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 23. júní s.l. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýj-

andi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Telja verður í ljós leitt, að Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður hafi sem lögmaður gagnáfrýjanda unnið með honum að samningaumleitunum við fyrirsvarsmenn Reykjavíkurkaupstaðar um sölu á fasteign gagnáfrýjanda, þeirri er í málinu greinir. Fyrir þetta starf hæstaréttarlögmannsins ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þóknun, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 8000.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 2000.00, enda er ósannað gegn neitun gagnáfrýjanda það greiðslutilboð af hendi hans, sem getið er í héraðsdómi.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Geir Pálsson, greiði aðaláfrýjanda, skrifstofu Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 8000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1952 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 20. f. m., hefur Gústaf A. Sveinsson hrl. f. h. skrifstofu Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 22. janúar 1952 gegn Geir byggingameistara Pálssyni, Mjóstræti 6, hér í bænum, til greiðslu á kr. 39.000.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 19. janúar 1952, til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara að stefnanda verði aðeins dæmd ómakslaun, 1% af þeirri upphæð, sem fellur í hluta Reykjavíkur af hinni seldu eign, sem síðar mun greina, og að málskostnaður falli þá niður.

Málavextir eru þessir:

Vorið 1951 átti borgarritarinn í Reykjavík símtal við stefnanda og spurði hann, hvort eystri hluti húseignarinnar nr. 2 við Skúlatún, eign stefnda, væri til sölu og taldi til greina geta komið, að bærinn keypti eignarhluta þenna. Borgarritarinn beindi fyrirspurn þessari til stefnanda vegna þess, að honum var kunnugt um, að stefnandi hafði annazt lögfræðistörf fyrir

stefnda og taldi stefnanda vera lögfræðing hans. Stefnandi sneri sér síðan til stefnda og fékk þau svör, að eignin væri til sölu, ef hann fengi viðunandi verð fyrir hana. Tók stefndi fram, að hann myndi engum gefa söluumboð og að hámarksþóknun yrði 1% af söluverðinu, ef til kæmi. Nokkru síðar áttu aðiljar fund með borgarritaranum og var honum þá sýnt húsið. Síðan gerðist ekkert í málinu fyrr en um haustið, en þá komu þessir þrír til fundar á ný, að því er virðist fyrir tilhlutan stefnanda og varð þá að samkomulagi, að stefndi og borgarritarinn tilnefndu hvor sinn mann til að meta húsið, en það var þá enn í smíðum. Er menn þessir höfðu skilað matsgerðum sínum, var enn fundur með aðiljum, borgarritara og borgarstjóra, og gat stefndi þess þá, að Eimskipafélag Íslands h/f hefði hug á að kaupa eignina og hefði gert sér tilboð í hana, er hann þyrfti að svara fljótlega. Næsta dag gerði borgarstjóri eða borgarritari f. h. bæjarins kauptilboð, er nam kr. 1.900.000.00, og mun stefndi hafa hafnað því og látið Eimskipafélag Íslands h/f vita, að hann væri reiðubúinn að ræða kaupin við það. Fáum dögum síðar kom stefndi á fund stjórnar þess félags, en borgarritarinn sat einnig þann fund. Á fundinum varð að samkomulagi, að stefndi gæfi tilboð um sölu eignarinnar fyrir kr. 1.950.000.00. Þá þegar virðist hafa verið ákveðið, að Reykjavíkurbær og Eimskipafélag Íslands h/f keyptu eignina í félagi og var tilboð stefnda stílað til Reykjavíkurbæjar og samþykkt af borgarstjóra, en stefndi afsalaði síðar eigninni að hluta til bæjarins, en að hluta til Eimskipafélagsins. Skömmu eftir að bæjarráð og bæjarstjórn höfðu samþykkt kaupin áttu aðiljar tal saman. Gerði stefnandi þá kröfu um sölulaun, kr. 19.500.00, þ. e. 1% söluverðsins. Áttu þeir þá tal við borgarritarann og spurðu, hvort bæjarsjóður vildi greiða stefnanda sölulaun þessi, en hann tók því fjarri. Segir stefnandi, að stefndi hafi að því loknu boðið sér kr. 10.000.00 sem fullnaðargreiðslu, en hann kveðst hafa hafnað því boði og haldið fast við kröfu sína um 1% söluverðsins og hafi aðiljar skilið að svo komnu. Stefnandi skýrir svo frá, að stefndi hafi stutt upphafleg ummæli sín um hámark sölulauna frá sinni hálfu (1%) þeim rökum, að hann hefði lofað manni nokkrum hálfum sölulaunum, þegar af sölu yrði og kveðst stefnandi hafa fallizt á að vinna að sölunni á þeim grundvelli. Nú kveðst hann hafa grun um, að stefndi hafi ekki goldið þessum manni neinn hluta sölulauna og telur hann sig því mega krefja stefnda um full sölulaun, þ. e. 2% söluverðsins eða kr. 39.000.00, enda hafi stefndi eigi viljað halda hinn upphaflega samning aðilja. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta, svo sem fyrr var sagt.

Stefndi byggir aðalkröfuna á því, að hann hafi sjálfur selt húseignina Eimskipafélagi Íslands h/f, án þess að nokkur hefði þar milligöngu. Telur hann ekki skipta máli í þessu sambandi, að Eimskipafélagið tók bæjarsjóð í félag við sig um kaupin og tilboðið hafi verið stílað til bæjarsjóðs að beiðni stjórnenda Eimskipafélagsins og fyrir forms sakir eingöngu. Þá hefur stefndi og lagt áherzlu á það, að stefnandi hafði eigi söluumboð og að þess var getið þegar í upphafi, að það myndi hann eigi fá. Kveðst

stefndi ávallt hafa talið stefnanda umboðsmann bæjarsjóðs við samningaumleitanir þessar.

Varakröfuna rökstyður stefndi með því, að Eimskipafélag Íslands h/f keypti neðstu hæð hússins og hálf lóðarréttindi, án þess að stefnandi kæmi þar nærri eða vissi af, fyrr en kaup voru gerð. Telur stefndi því að eigi geti stefnandi gert kröfu um sölulaun af andvirði hluta Eimskipafélagsins, en stefndi kveðst álíta hann helming eignarinnar allrar.

Af framanskráðu er ljóst, að stefnanda var eigi falið umboð til sölu hússins, en jafnframt hitt, að hann kom á sambandi milli stefnda og bæjarvalda Reykjavíkur og telja verður, að bærinn hafi orðið kaupandi að hluta hússins í áframhaldi af þeim aðgerðum stefnanda. Verður því að telja rétt, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda nokkra þóknun fyrir þátt hans í sölu hússins. Þegar þess er gætt annars vegar, að stefnandi tók þátt í umræðufundum með stefnda og fyrirsvarsmönnum bæjarins og hins vegar þess, að bæjarsjóður eignaðist við samningana á að gizka tvo þriðju hluta hússins, þykir þóknun stefnanda hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 og verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt var. Stefnandi hefur eindregið haldið fram því, að stefndi hafi, áður en mál þetta var höfðað, boðist til að greiða honum kr. 10.000.00 fyrir aðstoð hans og þykir því rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Veikindaforföll hans hafa valdið nokkrum drætti á dómsuppsögu.

Dómsorð:

Stefndi, Geir Pálsson, greiði stefnanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. skrifstofu Eggerts Claessens og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 5.000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1952 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1953.

Ákæruvaldið (Einar B. Guðmundsson)
gegn
James Woodrow Tacket (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 217. gr. og 209. gr. hegningarlaganna og 4. gr. lögreglusamþykktar nr. 160/1943. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að sýkna ákærða af broti gegn 194. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir ákærði með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hafa gerzt sekur við 209. gr. framangreindra laga og ber að dæma honum refsingu fyrir brot gegn því lagaákvæði, enda hefur sækjanda og verjanda hér fyrir dómi verið gefið færi á að tjá sig um þetta atriði, sbr. 118. gr. laga nr. 27/1951. Þá ber og að heimfæra brot ákærða undir 217. gr. laga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 14. júlí 1943. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Leitt er í ljós hér fyrir dómi, að ákærði sat í gæzluvarðhaldi hjá varnarliði Bandaríkjamanna í 88 daga sökum ásásar þeirrar, sem mál þetta er risið af. Þykir rétt, að gæzluvarðhald þetta komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu ákærða.

Eigi þykir heimild vera fyrir hendi samkvæmt 145. gr. laga nr. 27/1951 til þess að dæma um skaðabótakröfu X á hendur ríkissjóði í máli þessu, og vísast henni því frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Skaðabótakröfu X á hendur ríkissjóði vísast frá héraðsdómi.

Ákærði, James Woodrow Tacket, sæti fangelsi 6 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða í 88 daga komi til frádráttar refsingunni.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkotnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Með vitnaskýrslum og öðru því, sem leitt er í ljós, er það sannað, að ákærði veittist að konu þeirri, sem í málinu getur, til þess að fullnægja kynhvöt sinni. Féll konan í götuna í viðureigninni, og bograði ákærði yfir henni og fór um hana höndum, er henni barst hjálp. Óvarlegt er að staðhæfa, að ákærði hafi ætlað sér samræði við konuna á götunni, og ber því að sýkna hann af tilraun til brots gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. En þegar litið er til þess, að ákærði lét í árásinni stjórnast af kynhvöt sinni, fór um konuna höndum og beitti hana miklu ofbeldi, sem hann lét ekki fyrr af en henni barst hjálp, ber að heimfæra brot hans undir 202. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, enda eru skilyrði fyrir hendi til að beita 202. gr. samkvæmt niðurlagsákvæði 118. gr. laga nr. 27/1951.

Þar sem konan hlaut nokkur meiðsl af viðureigninni, ber einnig að dæma ákærða til refsingar samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt framangreindum forsendum er ég sammála ákvæðum hæstaréttardómsins um refsingu ákærða svo og málskostnað.

Einnig er ég samþykkur ákvæðum dómsins um frávísun skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði frá dómi.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. apríl 1953.

Ár 1953, fimmtudaginn 9. apríl var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Keflavíkurflugvelli af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu Ákæruvaldið gegn James Woodrow Tacket.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. apríl s. l., er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, dagsettu 14. janúar s.l., höfðað gegn James Woodrow Tacket, corporal í varnarliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, fyrir tilraun til nauðgunar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. sömu laga, en til vara fyrir líkamsárás og lögreglusamþykktarbrot samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943.

Ákærist framangreindur James Woodrow Tacket til refsingar samkvæmt framangreindum hegningarlagaákvæðum og 44. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu og til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá er þess krafizt, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands verði dæmdur til að greiða X skaðabætur eftir kröfu hennar samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, 12. gr. 2, og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. nóv. 1919 í Oklahoma í Bandaríkjunum og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt refsingu né ákæru hér á landi.

Málavextir:

Ákærði hefur skýrt svo frá, að fimmtudagskvöldið 30. okt. s. l. hafi hann mætt konu nokkurri á götu í Keflavík. Ekkert þekkti hann konu þessa.

Ákærða langaði til þess að eiga vingott við konuna og ávarpaði hana með „hallo" eða einhverju á þá leið. Kveðst hann hafa gripið í hægri hönd hennar, en hún kippti henni að sér. Fylgdist ákærði með konunni 2—3 skref, en þá kveðst hann hafa rekið fótinn í eitthvað og dottið í götuna með þeim afleiðingum, að konan datt um hann og æpti um leið. Ákærði kveðst hafa hjálpað henni á fætur og beðið hana afsökunar. Í sama mund bar þarna að Íslending og spurði hann ákærða, hvað hann hefði ætlað að gera við konuna, en hann sagðist hafa verið að tala við hana.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa haft nokkuð illt í hyggju gagnvart konunni og að hann hafi lagt á hana hendur og slengt henni í götuna.

X, Keflavík, 60 ára að aldri, en það var hún, sem ákærði mætti, hefur skýrt svo frá, að um kl. 23 umrætt kvöld hafi hún verið á leið heim til sín. Er hún var stödd á Vallargötu í Keflavík, milli húsanna 11 og 13 við Aðalgötu, mætti hún amerískum hermanni, sem þreif í hægri handlegg hennar. Kveðst X hafa slitið sig lausa, en þá hafi hermaðurinn tekið með hægri handlegg utan um háls sér all föstu taki, en með vinstri hendinni fyrir munn sér, en henni tókst að ná hendi hans frá munninum og æpa. Gekk þetta svo til þrisvar sinnum, en þá slengdi hermaðurinn X í götuna á hálstakinu og æpti hún þá um leið.

Kveðst hún hafa fallið á hliðina, samanhnipruð, en ákærði lagðist á hnén og var að leggjast ofan á hana, er mann að nafni Sigurbjörn Reyni Eiríksson bar þar að. Stóð þá ákærði samstundis á fætur og X á eftir og hljóp hún nokkurn spöl í burtu. Ekki kveður X ákærða hafa verið farinn að eiga við föt sín, en segir að sér hafi virzt allir tilburðir hans benda til þess, að ákærði ætlaði að nauðga sér.

Karl G. Magnússon, héraðslæknir í Keflavík, skoðaði X daginn eftir atburð þennan og hefur hann gefið svofellt vottorð:

„Þ. 31. okt. 1952 var mín vitjað til X, er virtist hafa fengið létt taugaáfall vegna árásar, er hún hafði orðið fyrir kvöldið áður.

Auk þess er hún aum viðkomu á baki milli herðablaða og yfir á herðablöð og finnur til sársauka við hreyfingu."

Hinn 12/2 s.l. skoðaði Björn Sigurðsson, læknir í Keflavík, X og er vottorð hans svohljóðandi:

„X kvartar um verk ofarlega í baki leiðandi fram í h. handlegg. Er aum við palpation á vöðvum ofarlega við h. herðablað og h. öxl. Varð fyrir árás amerísks hermanns 29. okt. 1952 og segist hafa fengið högg í bakið þá og aldrei getað náð sér síðan. Er ennfremur mjög taugaveikluð síðan, lýsandi sér í hræðslu og titringi um líkamann."

Vitnið Sigurbjörn Reynir Eiríksson hefur skýrt svo frá, að er það var að koma út úr húsinu Aðalgötu 12 í Keflavík umrætt kvöld, hafi það heyrt vein. Telur vitnið sig hafa heyrt hljóðað nokkrum sinnum og virtist því sem um niðurbælt hljóð væri að ræða. Í fyrstu hélt vitnið, að hávaði þessi væri í krökkum, og er það kom auga á ákærða og X, hélt það í fyrstu að þetta væru strákar í áflogum, enda var alldimt á þessum stað. En er vitnið átti eftir um 10 metra ófarna að staðnum, sá það, að þetta voru karlmaður og kvenmaður og í sama mund sá vitnið, að maðurinn lagði konuna í götuna. Greindi vitnið, að maðurinn hélt annari hendinni aftur fyrir bak á konunni, en hinni hendinni um háls hennar að framanverðu eða munn, að því er vitninu virtist. Lá maðurinn hálfboginn yfir konunni, en stóð upp, er vitnið kom að þeim. Vitnið fylgdi X heim til sín á Aðalgötu 12 og bað móður sína að gera lögreglunni aðvart, en fór að því búnu út og fylgdi ákærða eftir, unz lögreglan hafði handtekið hann. Vitnið hefur eiðfest framburð sinn.

Vitnið Þórður Pétursson, Aðalgötu 11, Keflavík, skýrir svo frá, að um kl. 23.30 umrætt kvöld hafi það verið heima hjá sér. Var opinn gluggi á herbergi því, sem vitnið var í, og þar sem logn var úti, var mjög hljóðbært. Kveðst vitnið þá hafa heyrt hljóð, sem hvarf að andartaki liðnu, en síðan heyrði vitnið annað óp og stunur á eftir. Fór vitnið þá út, til þess að athuga hvað um væri að vera og sá þá, hvar Reynir Eiríksson fór með X heim til sín. Kom Reynir út að vörmu spori aftur og skýrði Þórði frá því, sem gerzt hafði. Fór Þórður síðan í bíl sínum að leita að ákærða og tókst honum að hafa upp á honum og koma honum inn í bifreiðina og afhenda hann lögreglunni á Keflavíkurflugvelli.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn og herlögreglumennirnir Raymond Marion Dixon og Richard Silva yfirheyrðu ákærða og skýrði hann þeim

frá því, að hann hefði ætlað að fá samþykki konunnar til að fylgja henni heim og hafa holdleg mök við hana. Viðurkenndi ákærði þetta rétt. Hins vegar neitaði ákærði því við lögreglumennina að hafa ætlað sér að nauðga konunni þarna á götunni og kvað hann þau hafa dottið í götuna.

Ákærði fór út af flugvallarsvæðinu í leyfisleysi umrætt kvld. Af framburði vitna er það ljóst, að ákærði var ekki undir áhrifum áfengis þetta kvöld, enda neitaði hann því sjálfur.

Oscar E. Hubbard, ofursti í varnarliðinu, sem er geðveikralæknir, rannsakaði andlega heilbrigði ákærða og er niðurstaðan sú, að hann sé fyllilega sakhæfur. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, skoðaði einnig ákærða og er hann samþykkur álitsgerð Hubbards ofursta.

Með framburði X, eiðfestum framburði Sigurbjörns Reynis Eirikssonar og vitnisburði Þórðar Péturssonar svo og með tilliti til þess, hve framburður ákærða er ósennilegur, telur rétturinn sannað, að ákæði hafi ráðist á X og fellt hana í götuna. Enda þótt sannað sé, að atferli ákærða hafi stjórnast af kynhvöt hans, þykir ekki nægilega sannað, að ásetningur ákærða hafi verið sá að þvinga konuna til kynferðismaka gegn vilja hennar.

Ber því að sýkna ákærða af kærunni um tilraun til nauðgunar og heimfærist því brot hans undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943.

Refsing ákærða samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

X hefur krafizt þess, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands verði dæmdur til þess að greiða sér 20.000.00 krónur í skaðabætur vegna fataskemmda, vinnutaps, miska og væntanlegra læknisaðgerða.

Meiðsli X eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða skaðabætur þeirra vegna, en með hliðsjón af læknisvottorðum og málsatvikum ber samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, 12. gr. 2, að dæma fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til þess að greiða X kr. 2.500.00 í skaðabætur innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., og skipaðs verjanda, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 650.00 til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, James Woodrow Tacket, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði X kr. 2.500.00 innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, héraðsdómslögmannanna Sigurgeirs Jónssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 650.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. október 1953.

Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Hannesi Kr. Davíðssyni og Jóni Yngva Eyjólfssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1951. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, að því er snertir ákvörðun landamerkja og vegar frá grjótgarði við Hvanngarðsvöll að grjóthleðslu við Þórukot (hjá Fjósaflöt) og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar á ný að þessu leyti. Þá krefjast þeir og málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda.

Héraðsdómur hefur ákveðið landamerki umræddra jarða eðlilega samkvæmt gögnum málsins og staðháttum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því leyti, sem honum hefur verið áfrýjað, með þeirri skýringu, að landamerkin séu eftir miðjum vegi, tveggja metra breiðum, og liggi suðurbrún hans í beinni línu frá norðvesturhorni grjótgarðs við Hvanngarðsvöll og að grjóthleðslu við Þórukot hjá Fjósaflöt.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefndu in solidum kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson, greiði in solidum stefndu, Hann-

esi Kr. Davíðsyni og Jóni Yngva Eyjólfssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. ágúst 1951.

Ár 1951, mánudaginn 20. ágúst, var í landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, sem formanni dómsins, og meðdómsmönnum Birni Konráðssyni oddvita, Vífilsstöðum, og Jóhanni Jónassyni, ráðsmanni á Bessastöðum, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 17. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir landamerkjadóminum með stefnu útgefinni 2. nóv. 1950 af Hannesi Kr. Davíðssyni arkitekt, ábúanda og eiganda jarðarinnar Þórukots í Bessastaðahreppi, og Jóni Yngva Eyjólfssyni bónda, ábúanda jarðanna Austur- og Norður-Sviðholts í sama hreppi gegn eigendum og fyrirsvarsmönnum jarðarinnar Vestur-Sviðholts í sama hreppi, þeim Ólafi Bjarnasyni, bónda að Gestshúsum í sama hreppi, Sigurgeiri Guðnasyni verkamanni, Skólavörðustíg 35 og Matthíasi Guðmundssyni stýrimanni, Bergþórugötu 16, báðum í Reykjavík, og eru stefnukröfur Hannesar Kr. Davíðssonar, að viðurkennt verði með dómi hin upphaflegu landamerki á milli Þórukots og Vestur-Sviðholts og túns, kálgarða, sjávarbakka og fjöru og ennfremur, að upp verði sett skýr merki, er verði viðhaldið af eigendum beggja jarða. Jafnframt krefst Hannes þess, að dómurinn viðurkenni eignar- og umráðarétt hans að götu þeirri eða vegi, sem skiptir löndum milli jarðanna og dómurinn staðsetji veginn í samræmi við þá hefð, sem myndazt hefur um akstur bifreiða og annarra slíkra farartækja eftir honum, en Hannes heldur fram, að merkin hafi verið bein lína úr miðju hliðinu í Sviðholti í staur, sem stóð í suðaustur-horni Fjósaflatarinnar ca. 2 metra fyrir norðan hlöðuna í Þórukoti og síðan úr tilsvarandi stað í neðri hlið Fjósaflatarinnar bein lína í hliðið hjá efra horni Hjallalandsgarðsins og þaðan bein lína í suðurkampinn að vör Vestur-Sviðholts. En stefnukröfur Jóns Yngva Eyjólfssonar eru þær, að honum verði með dómi heimiluð tálmunarlaus umferð um ofangreindan veg með hestvagna, bifreiðar og landbúnaðartæki og af honum á landi Vestur-Sviðholts að slægjulandi (túni), sem hann á og nytjar við sjóinn fyrir neðan land Vestur-Sviðholts, og jafnframt, að honum verði áfram leyft að ganga sjávargötuna beint til sjávar framhjá Þórukoti og norður sjávarbakkana að vör sinni og byrgjum.

Þá krefjast báðir aðalstefnendur greiðslu málskostnaðar úr hendi aðalstefndu að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hafði umboðsmaður aðalstefnanda, Hannesar Kr. Davíðssonar, uppi sömu kröfur og hér hafa verið raktar með tilvísun til skýringarteikningar á rskj. 15, þar sem landamerkjakröfur eiganda Þórukots eru teiknaðar inn.

Aðalstefndu í þessu máli, þeir Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason

og Matthías Guðmundsson, hafa með stefnu útgefinni 22. júní 1951 gagnstefnt í málinu og gera þessar dómkröfur:

Aðallega, að landamerki milli Þórukots að norðan og Vestur-Sviðholts að sunnan frá Hvanngarðsvelli að bænum Þórukoti verði ákveðin samkvæmt rauðri línu á dómskj. 7. Vestur frá Þórukoti niður á móts við kálgarðshornið efra norður við götuslóðann ráði núverandi girðing sunnan við grjótgarðsleifar og götuslóðann. Frá hornstaur girðingarinnar á móts við nefnt kálgarðshorn ráði bein lína í miðjan syðri kamp Sviðholtsvarar, sem er sunnan við skerið í Sviðholtsvör.

1. varakrafa. Að landamerkin frá Hvanngarðsvelli að bænum í Þórukoti verði ákveðin í 1 meter fjarlægð norðan við og samhliða áðurgreindri rauðri línu á dómskjali 7.

2. varakrafa. Að núverandi girðing milli jarðanna á því svæði, er greinir í 1. varakröfu, verði ákveðin sem merki á milli þeirra, sbr. dómskjal 6.

Ennfremur gera þeir þær dómkröfur, að aðalstefnendur fái einungis viðurkenndan umferðarrétt á 2 feta breiðri götu, norðan við þá markalínu, sem dómurinn kann að ákveða. Jafnframt gera gagnstefnendur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að þeir eigi umferðarrétt á 2 feta breiðri götu framhjá Þórukoti og Fjósaflöt í land sitt á Hjallalandsvegi.

Að lokum krefjast þeir greiðslu málskostnaðar úr hendi gagnstefndu eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir í aðalsök og gagnsök reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Annar stefandi þessa máls, Hannes Kr. Davíðsson, eignaðist jörðina Þórukot á Álftanesi með afsali 1. júní 1949 af Guðna Jónssyni, sem hana hafði átt frá 8. maí 1943. Telja þeir, að enginn ágreiningur hafi verið við eigendur eða ábúendur Vestur-Sviðholts um merki milli jarðanna eða umferðarétt vegna Þórukots eftir götu þeirri, sem þangað lá af sýsluveginum (Sviðsholtsvegi), þar til sumarið 1948, að Ólafur Bjarnason, Gesthúsum, meðstefndi í máli þessu, lokaði götunni fyrir heimilisfólki í Þórukoti og hélt því áfram, eftir að Hannes eignaðist jörðina. Ennfremur hefði Ólafur Bjarnason plægt niður götuna og numið burtu merkin og tekið að heyja fast að girðingu, sem eigendur Þórukots telja, að standi nokkuð inni í túni þeirrar jarðar, enda hafi blettur milli götu og girðingar ávallt verið nytjaður frá Þórukoti.

Um landamerki milli Þórukots og Sviðholts III (nú Vestur-Sviðholts) á því svæði, sem um er deilt í þessu máli, er fyrir hendi landamerkjaskrá, sem gerð var og samþykkt af réttum hlutaðeigendum 17. júní 1922, og enginn ágreiningur er um í málinu. Þar segir svo, eftir að talað hefur verið um landamerki að sýsluveginum, sem nú er:

Þaðan ræður gatan niður að svokallaðri Fjósaflöt og þar í merktan staur og þaðan bein lína í garðlag til norðurs á milli Bjarnastaðatúnanna og Sviðholts og eftir því austur í traðir, er liggja frá Sviðholti niður með skóla. Síðan ræður vegurinn takmörkum, austan að túninu, suður að götunni, sem liggur niður að Þórukoti. Af svonefndum Hjallalandsvelli fylgir jörðinni spilda, mörk þannig:

Bein lína úr syðri kampinum á Sviðholtsvör upp á móts við kálgarðshornið efra norðan við götu, sem liggur frá Þórukoti niður að sjó, þaðan ræður gatan mörkum, upp að götu, sem liggur frá Þórukoti norður að Bjarnastöðum í merktan stein við götuna við spildu, sem fylgir hinum Svoðholtsjörðunum.

Í kafla þeim, sem hér er tilfærður úr landamerkjaskránni, er talað um merkta landamerkjasteina og staur, en hvorttveggja er nú horfið og ekki vitað, hvar það var. Ekki verður heldur séð nú, hvernig gatan af sýsluveginum, sem nú er, hefur legið niður að svokallaðri Fjósaflöt. Þó virðast vera gamlir grjótgarðar hjá Sviðholti (norðan Hvanngarðsvallar) og hjá Þórukoti (gömul vegghleðsla), þar sem sjá má, hvar gatan hefur farið fram með á þeim kafla á þeim tíma, sem fyrrgreind landamerkjaskrá er gerð. Í málinu hafa verið lögð fram tvö gömul kort, er sýna nokkuð afstöðu húsa og gatna á umræddu svæði. Annað er kort herforingjaráðsins danska, talið frá 1902 og hitt er kort, sem Vigfús Guðmundsson gerði 1917. Er gatan frá sýsluveginum niður að Þórukoti greinilega sýnd á báðum kortum og, eftir því sem bezt verður séð, á mjög svipuðum stað.

Að vísu er hvorgt þessara korta svo nákvæmt sem æskilegt væri á svæði því, sem liggur fyrir til úrlausnar, og má einkum segja það um herforingjaráðskortið, sem er gert er með of litlum mælikvarða í þessu tilliti.

Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem kunnug eru á þessum slóðum, og flest hafa um lengri eða skemmri tíma átt heima í Þórukoti eða Sviðholti. Er framburður þeirra samhljóða um það, að gatan, sem lá frá sýsluveginum niður að Þórukoti, sé rétt teiknuð inn á korti Vigfúsar Guðmundssonar, rskj. 5. Þó segja sum vitnin, að þessi gata muni hafa beygt meira til suðurs en kortið sýni. Ekkert ákveðið er þó upplýst um það, hvernig sú beygja kynni að hafa verið. Hins vegar er líklegt, sem vitni hafa borið, að götuslóðinn hafi verið hlykkjóttur, þar sem hann beygði milli þúfna.

Þessi gata hefur verið umferðarleiðin af aðalveginum niður að Þórukoti, fyrst og fremst fyrir gangandi fólk og hesta, og síðar fyrir ökutæki, sem ekið hafa með hjólin sitt hvoru megin við götuna og síðustu árin einnig fyrir bifreiðar, sem þannig hafa ekið eftir grasinu, þegar þurrt var.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið sagt um kort Vigfúsar Guðmundssonar á rskj. 5, og með hliðsjón af öðrum gögnum í málinu, telur dómurinn rétt að staðsetja götuna frá sýsluvegi (Sviðholtsvegi) niður að Þórukoti, eins og hún er teiknuð inn á nefndu korti, þó svo, að hún verði tekin bein frá kálgarðshorni við Hvanngarðsvöll í grjóthleðsluna hjá Þórukoti.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnandanna um umferðarétt eftir götu þessari, og þykir breidd hennar hæfilega ákveðin tveir metrar samkvæmt þeirri umferð, sem þar hefur tíðkast, með því að ekki verður fallizt á, að sú bifreiðaumferð, sem þar hefur átt sér stað á síðustu árum hafi skapað umferðarétt fyrir þau farartæki.

Samkvæmt áðurgreindri landamerkjaskrá jarðarinnar Sviðholt III frá

1922 verða landamerki á þessum kafla eftir miðri götunni, eins og hún hefur verið ákveðin hér.

Frá norðvesturhorni Fjósaflatarinnar og í hliðið hjá efra horni Hjallalandsgarðsins er gamall götuslóði, sem skiptir löndum. Síðan segir í landamerkjaskrá þeirri, sem gerð var 1922, að ráða skuli bein lína úr syðri kampinum á Sviðholtsvör upp á móts við kálgarðshornið efra norðan við götu, sem liggur frá Þórukoti niður að sjó. Ekki er ljóst, hvað átt er við með syðri kamp Sviðholtsvarar, en dómurinn telur, að það sé sá kampur, sem er sunnan við vörina yzt, áður en hún skiptist, og kemur sú lína yfir mitt skerið, sem skiptir innsiglingunni í varirnar, og verður þá umrædd landamerkjalína úr miðju efra hliðinu niður eftir, þar sem kálgarðsgirðingin er nú.

Með framansögðu hefur dómurinn ákveðið landamörk á því svæði, sem stefnukröfurnar ná til. Skal þá vikið að umferðarétti um sjávargöturnar niður í vör.

Af hálfu eiganda Þórukots er því lýst yfir, að hann viðurkenni sem kvöð á landi sínu umferðarrétt eigenda Sviðholtsjarðanna yfir suðurenda Fjósaflatarinnar á jafnbreiðum kafla og vegurinn sé austan hennar.

Eins og áður er að vikið, er sjávargatan frá Fjósaflöt og niður að girðingunni að Hjallalandsgarði enn greinileg, og hafa ábúendur Sviðholtsjarða og Þórukots umferðarrétt eftir þeirri götu, eins og áður hefur verið. Eftir að þeirri götu sleppir, skal heimila umferðarétt fyrir sömu aðilja eftir landamerkjalínunni að norðan niður að sjó. Þykir sjávargata þessi hæfilega ákveðin tveggja feta breiður gangstígur.

Þá hefur stefnandinn Jón Yngvi Eyjólfsson sérstaklega krafizt, að honum verði heimilað tálmunarlaus umferð á landi Vestur-Sviðholts að slægjulandi (túni), sem hann nytjar við sjóinn fyrir neðan land Vestur-Sviðholts, og ber að taka þá kröfu til greina, þannig, að hann megi fara þar með hestvagna og landbúnaðartæki skemmstu leið af Þórukotsvegi í efra horn landspildu hans, þar sem nú er hliðið. Hins vegar verða eigi teknar til greina kröfur hans um eignarrétt að hluta á götum þessum.

Kröfur aðalstefnandans Hannesar Kr. Davíðssonar um að sett verði glögg frambúðarmerki og þau verði í samræmi við niðurstöðu dómsins, teiknuð inn á uppdráttinn á rskj. 6, heyrir ekki undir úrlausn þessa dóms.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið að framan, verða kröfur aðalstefnendu í gagnstefnu ekki teknar til greina fyrir þessum dómi. Eftir þessum úrslitum málsins ber aðalstefndu að greiða kostnað málsins, sem sundurliðast þannig:

1. Málskostnaður aðalstefnenda og málflutningslaun kr. 500.00
2. Ferðakostnaður dómenda og dagpeningar ..... kr. 700.00

Málskostnaður alls kr. 1200.00

Því dæmist rétt vera:

Frá sýsluveginum (Sviðholtsvegi) niður að Þórukoti skal vera umferðavegur tveggja metra breiður, tekinn beint frá grjótgarði

við Hvanngarðsvöll og að grjóthleðslu við Þórukot (hjá Fjósaflöt), eins og vegur þessi er sýndur á korti Vigfúsar Guðmundssonar frá 1917, rskj. 5.

Landamerki milli Þórukots og Vestur-Sviðholts á þessum kafla eru eftir miðjum veginum. Þá skal vera sjávargata, tveggja feta breið, eins og götuslóði liggur nú frá suðvesturhorni Fjósaflatar í mitt hliðið við Hjallalandsgarð og verða landamerki á þeim kafla eftir miðri götunni. Þaðan skal sjávargata liggja áfram með sömu breidd eftir beinni línu, sem þar skiptir löndum, og er hugsuð dregin úr miðju hliði hjá Hjallalandsgarði í syðri kamp Sviðholtsvegar yzt, fram við skerið, áður en vörin skiptist, og er ábúendum Sviðholtsjarða og Þórukots heimil umferð eftir götu þessari.

Þá skal ábúendum Austur- og Norður-Sviðholts heimil umferð með vagna og landbúnaðartæki af Þórukotsvegi eftir götunni, sem liggur að Bjarnastöðum, í suð-austurhorn á slægnalandi nefndra jarða.

Aðalstefndu, Ólafur Bjarnason, Sigurgeir Guðnason og Matthías Guðmundsson, skulu greiða in solidum málskostnað með 1200 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. október 1953.

Nr. 146/1950. **Lárus Halldórsson** (Gunnar J. Möller)
gegn
Skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Kristjönu Elísabetar Kristjánsdóttur (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttur að húseign.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1950 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að dæmt verði, að húseignin Gunnarshólmi í

Vestmannaeyjum ásamt lóðarréttindum og fylgifé sé eign áfrýjanda og verði því ekki tekin til skipta í hinu stefnda dánarbúi.

Fyrri varakrafa: Að helmingur eigna þeirra, sem greinir í aðalkröfu, verði dæmdur eign áfrýjanda og honum dæmdur réttur til leigulausrar íbúðar í öllu húsinu til dauðadags.

Síðari varakrafa: Að áfrýjanda verði dæmdur réttur til leigulausrar íbúðar í öllu húsinu til dauðadags.

Áfrýjandi krefst og málskostnaðar bæði fyrir skiptarétti og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi afsalaði Kristjönu Elísabetu Kristjánsdóttur húseigninni Gunnarshólma með svonefndu „gjafabréfi" hinn 12. maí 1926. Virðist afsalið hafa verið gert a. m. k. að öðrum þræði til þess að tryggja kaupgreiðslu til Kristjönu Elísabetar svo og stöðu hennar á heimilinu, enda tóku þau áfrýjandi og Kristjana Elísabet upp hjónalíf um þær mundir, án þess þó að ganga að eigast að lögum, og héldu þau þeirri sambúð sinni áfram til dauðadags konunnar hinn 29. júlí 1946. Vitni hafa borið, að Kristjana Elísabet hafi á ýmsum tímum talað um að afsala húsinu aftur í hendur áfrýjanda. En af slíku afsali varð ekki, og var húseignin þinglesin eign Kristjönu Elísabetar til dánardægurs hennar eða í 20 ár, án þess að hún gerði ráðstafanir til að endurafsala áfrýjanda því. Verður að svo vöxnu máli að telja húsið eign dánarbús konunnar.

Krafa áfrýjanda um leigulausa íbúð í húsinu til dauðadags hefur hvorki stoð í „gjafabréfinu" né öðrum gögnum, og verður því ekki tekin til greina. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Halldórsson, greiði stefnda, skipta-

ráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Kristjönu Elísabetar Kristjánsdóttur, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyja 8. sept. 1950.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð hinn 19. júlí s. l., kom fyrir skiptaréttinn hinn 26. nóv. 1949 eftir kröfu Lárusar Halldórssonar, Gunnarshólma, hér í bæ, gegn erfingjum Kristjönu Elísabetar Kristjánsdóttur, er andaðist 29. júlí 1946, *aðallega* til viðurkenningar á eignarétti sínum að húseigninni Gunnarshólma (Vestmannabraut 37), hér, og *til vara*, að sér yrði úrskurðað leigulaust húsnæði þar, meðan hann lifir.

Málavextir eru þeir, að sækjandi máls þessa, Lárus, afsalaði Kristjönu með gjafabréfi, dags. 12. maí 1926, húseign sína Gunnarshólma, hér, með lóðarréttindum og öllu múr- og naglföstu ásamt öllu því, sem hann á í húsinu, eins og nánar er tekið fram í bréfinu. Afrit gjafabréfsins úr veðmálabókum Vestmannaeyja hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 4 í máli þessu og ritar undir það Lárus Halldórsson og tveir vitundarvottar, Guðmundur Jónsson og Magnús Guðmundsson. Telur sækjandi bréf þetta hafa verið málamyndagerning, til að tryggja Kristjönu sál. ráðskonukaup, sem henni hafi þá verið ógoldið, enda skyldi húsið færast aftur yfir á nafn hans, er skuldin væri að fullu greidd. Síðan hefði dragizt úr hömlu fyrir þeim að yfirfæra eignina á nafn hans, vegna þess að þá fóru þau, hann og Kristjana, að búa saman sem hjón, án þess að giftast. Hefur sækjandi lagt fram vottorð 22ja manna á rskj. nr. 6—18 incl, sem hafa heyrt þau Kristjönu og hann tala um það sín á milli, að eignarrétturinn þyrfti aftur að færast yfir á nafn sækjanda.

Ingólfur Theódórsson hefur staðfest vottorð sitt, en hann segist hafa heyrt þau Lárus og Kristjönu ræða um það, að nauðsynlegt væri, að húsið Gunnarshólmi færðist aftur yfir á nafn Lárusar, þar sem eignarréttur Kristjönu væri aðeins til málamynda og gæti valdið misskilningi síðar. Hafi Lárus þó færzt undan, að húsið yrði aftur flutt á sitt nafn. Ástæðan fyrir því skildist Ingólfi að væri sú, að Lárus þáði af bænum á þessum tíma.

Úranías Guðmundsson hefur staðfest vottorð sitt þess efnis, að hann hafi heyrt þau Lárus og Kristjönu tala um það sín á milli, að húsið þyrfti að færast yfir á nafn Lárusar, þar sem eignarréttur Kristjönu væri aðeins formsatriði. Hafði Úranías verið í fæði hjá Kristjönu fyrir mörgum árum, er hann heyrði á tal þeirra. Hafi sér einnig verið ljóst af samtali þeirra, að þau ætluðust til, að það, sem lengur lifði, fengi húsið til fullrar eignar. Hefur vitni þetta í réttinum þó viðurkennt, að ofsagt væri hjá sér í vottorðinu, að þau Lárus og Kristjana hafi rætt um það, að eignarréttur Kristjönu væri aðeins formsatriði.

Þórður Stefánsson vottar á rskj. nr. 17, að hann hafi heyrt Kristjönu

segja, að Lárus ætti ekki að draga að aflýsa bréfi því, er hann gaf út henni til handa til tryggingar ráðskonukaupi í eitt ár, og 400 kr., er hún lánaði honum í maí 1925. Hefði þetta verið árið 1944. Sagði Þórður fyrir rétti 12. júní s. l., að hann hefði oft og mörgum sinnum heyrt Kristjönu hafa orð á því við Lárus, að honum viðstöddum, að raunverulega ætti Lárus húsið Gunnarshólma, þar sem hann hefði að fullu greitt skuld sína við hana.

Jón Markússon hefur staðfest vottorð samhljóða vottorði Úraníusar. Segir hann ennfremur, að Kristjana hafi á árunum 1940—'443, er hann var í fæði hjá henni, látið orð falla í þá átt, að húsið ætti að færast yfir á nafn Lárusar, þar sem hann væri búinn að greiða henni það, sem hún átti hjá honum. Ekki minnist hann, að Kristjana og Lárus hafi haft orð á því, að þau ætluðust til, að það, sem lengur lifði, eignaðist húsið.

Ingólfur Theódórsson hefur mætt í rétti 28. júní s. l. Segir hann, að Kristjönu hafi stundum á árunum 1936—1938 verið strítt með því, að hún ætti húsið og þetta allt saman, en hún hafi þá svarað, að Lárus ætti húsið, en hún ekki.

Árni Pálsson, tíður gestur og heimiliskunningi þeirra Kristjönu og Lárusar í mörg ár, hefur staðfest vottorð samhljóða Úraníusi og Jóni Markússyni. Segir hann í réttinum, að Lárus muni hafa verið hinn raunverulegi eigandi hússins, þótt það stæði á nafni Kristjönu. Segist hann þó ekkert vita, með hverjum hætti Kristjana hafi eignazt húsið eða verið skrifuð fyrir því.

Vottorð annarra eru óstaðfest og hefur þeim af verjanda hálfu verið mótmælt sem röngum og óstaðfestum.

Svo sem fram kemur af vottorðum þessum öllum, er það ljóst, að þau Kristjana og sækjandi hafa oft rætt um gjafabréfið, og virðist þeim báðum hafa verið ljóst, að hinn formlegi eignarréttur að húsinu hafi færzt yfir til Kristjönu með gerningnum. Styrkja hin óstaðfestu vottorð þau staðfestu að þessu leyti. Getur rétturinn ekki fallizt á þá staðhæfingu sækjanda, að gjafabréfið hafi verið ætlað einungis til tryggingar fyrir skuld og þannig aðeins sem málamyndagerningur, enda hafa engar sönnur verið að því færðar. Það kemur hins vegar fram, að Kristjana virðist hafa verið þess hvetjandi, að Lárus fengi aftur Gunnarshólma yfirfærðan á sitt nafn, en hann hafi jafnan eytt því. Verður rétturinn að líta svo á, að jafnvel þótt gjafabréfið hafi upprunalega verið aðeins proformagerningur, sem eins og áður er fram komið, er algerlega ósannað, virðist sækjanda hafa verið í lófa lagið þau 20 ár, sem bréfið gilti, að fá því breytt og eignina færða aftur yfir á sitt nafn, og hafi því sækjandi með athafnaleysi sínu þennan tíma sannað viljaskort sinn til að fá eignina yfirfærða á sitt nafn. Í slíkum samböndum, sem hér um ræðir, virðist verða að liggja fyrir endanlegur vilji beggja aðilja til yfirfærslunnar og vilji þessi koma skýrt og sannanlega fram, t. d. bréflega í votta viðurvist, ef hnekkja á þinglýstu bréfi, sem gjafabréfið er. Vilji sækjanda og Kristjönu nær sam-

kvæmt vottorðum og öðru, sem fram er komið í málinu, ekki lengra en til lauslegs umtals og hafði sækjandi þá jafnan heldur á móti yfirfærslunni. Rétturinn getur því ekki fallizt á rökstuðning sækjanda í þessu efni.

Vottorðið á rskj. nr. 23 um heilsufar sækjanda ber með sér, að hann hefur verið heilsuveill síðari árin, en þó engan veginn svo, að hann hafi af þeim sökum verið inhabil til að gera löggerninga, og ekkert hefur fram komið í málinu, er veki grun um, að habilitet hafi skort, er gengið var frá bréfinu í upphafi.

Varakrafa sækjanda, að honum verði heimilað leigulaust húsnæði í Gunnarshólma meðan hann lifir, virðist enga stoð eiga í gjafabréfinu. Samkvæmt því áskilur sækjandi sér leigulaust húsnæði þar, svo lengi sem hann er í því og hún er eigandi þess. Eftir andlát Kristjönu er hún ekki lengur eigandi þess, heldur dánarbú hennar eða erfingjar. Orðalagið tekur hér af öll tvímæli.

Verður rétturinn því að öllu athuguðu að líta svo á, að húseignin Gunnarshólmi falli til skipta í dánarbúi Kristjönu Elísabetar Kristjánsdóttur sem aðrar lögmætar eignir hennar.

Með tilliti til 178. gr. laga 85/1936 og þess, að málskostnaðarkrafa verjanda kom fyrst fram við vörn málsins, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa stafar af sumarleyfum við embættið og önnum við og eftir embættaskipti, er fram fóru við embættið í ágúst s. l.

Því úrskurðast:

Fasteignin Gunnarshólmi ásamt lóðarréttindum og fylgifé skal falla til skipta í dánarbúi Kristjönu Elísabetar Kristjánsdóttur, er lézt 29. júlí 1946.

Varakrafa sækjanda um leigulausa íbúð í húsinu verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Úrskurðinum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 82/1953. **Hulda Bjarnadóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn
Hannesi Einarssyni og Halldóri Kr. Júlíussyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiguuppsögn metin ógild. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1953. Hún gerir þær dómkröfur, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að stefndu verði in solidum dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Gegn neitun áfrýjanda er ósannað, að henni hafi borizt tilkynning um ábyrgðarbréf það, sem í málinu greinir, fyrir 14. febrúar 1953. Ber því að fella úrskurð fógetadómsins úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði in solidum áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndu, Hannes Einarsson og Halldór Kr. Júlíusson, greiði in solidum áfrýjanda, Huldu Bjarnadóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Stefndu sendu áfrýjanda uppsögn á leiguhúsnæði hennar í ábyrgðarbréfi, er afhent var pósthúsinu í Reykjavík hinn 11. febrúar 1953. Samkvæmt skýrslu póstmeistarans í Reykjavík var áfrýjanda send tilkynning um bréfið ekki síðar en fyrra hluta dags hinn 12. febrúar. Er áfrýjandi vitjaði ekki bréfsins, voru henni samkvæmt frásögn póstmeistara sendar ítrekunartilkynningar hinn 20. og 28. febrúar og 6., 13. og 20. marz 1953, og eru dagsetningar þessar stimplaðar á umslag bréfsins. Áfrýjandi lét vitja bréfsins á pósthúsið hinn 25. marz 1953. Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur áfrýjandi lýst yfir því í aðiljaskýrslu, að hún hafi aðeins fengið eina tilkynningu um bréfið og þá látið sækja það mjög fljótlega. Þessi skýrsla áfrýjanda um, að henni hafi aðeins borizt ein tilkynning af sex, er henni voru sendar, er svo ósennileg, að ekki þykir rétt að byggja niðurstöðu dóms á henni. Þykir því rétt að leggja til grundvallar í málinu, að áfrýjanda hafi borizt tilkynningar á þeim dögum, er póstmeistari hefur greint frá og að framan getur. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hulda Bjarnadóttir, greiði stefndu, Hannesi Einarssyni og Halldóri Kr. Júlíussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. júní 1953.

Gerðarbeiðendur, Hannes Einarsson, Óðinsgötu 14 B, og Halldór Kr. Júlíusson, Melbæ í Sogamýri, hafa krafizt þess, að gerðarþoli, Hulda Bjarnadóttir, verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur að undanförnu haft til afnota í húsinu nr. 6 við Ingólfsstræti. Gerðarbeiðendur hafa og krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu útburðargerðar og krafizt þess, að gerðarbeiðendum verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Málið var lagt undir úrskurð fógeta að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 29. maí s. l. Hefur uppkvaðning úrskurðar þessa dregizt nokkuð vegna mikils annríkis fógeta.

Gerðarbeiðendur, Hannes Einarsson og Halldór Kr. Júlíusson, hafa leigt gerðarþola, Huldu Bjarnadóttur, húsnæði í húsinu nr. 6 við Ingólfsstræti. Ekki liggur fyrir skriflegur leigusamningur.

Með bréfi, dags. 11. febrúar s. l., segja gerðarbeiðendur gerðarþola upp húsnæði þessu frá og með 14. maí s. l., sjá rskj 2. — Samkvæmt vottorði á rskj. 10 er bréf þetta afhent póststofunni hinn 11. febrúar sem ábyrgðarbréf nr. 818, sjá einnig póstkvittun á rskj. 3. — Lagt hefur verið fram sem rskj. 11 umslag af ábyrgðarbréfi nr. 818. Á horni umslagsins eru stimplaðar ítrekunardagsetningar og er sú fyrsta hinn 20. febrúar s. l.

Gerðarbeiðendur rita fógetarétti Reykjavíkur hinn 22. apríl s. l. og krefjast útburðar á gerðarþola, vegna þess að hún skuldi húsaleigu og hitagjald frá því um s. l. áramót, kr. 1 517.98, sbr. bréf umboðsmanns gerðarbeiðenda til gerðarþola, dags. 22. apríl s. l., sem lagt er fram í málinu sem rskj. 8.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. maí s. l. Var þá lögð fram yfirlýsing af hálfu gerðarbeiðenda þess efnis, að fallið væri frá þeirri útburðarástæðu, að gerðarþoli hefði gerzt sek um vanskil. Er nú útburðar krafizt eingöngu á þeim grundvelli, að gerðarþoli hafi, þrátt fyrir löglega uppsögn, ekki rýmt húsnæðið.

Gerðarþoli mótmælir framgangi útburðar á þeim grundvelli, að uppsögnin hafi ekki borizt sér fyrr en hinn 25. marz s. l., en þann dag hefur bréfsins á rskj. 2 verið vitjað, sbr. vottorð póststofunnar á rskj. 10. Þannig verði uppsögnin að teljast ógild, þar eð sér hafi ekki borizt hún með þriggja mánaða fyrirvara og skipti hér ekki máli, hvenær uppsagnarbréfið hafi verið póstlagt.

Uppsögnin á rskj. 2 er lögð inn á pósthúsið sem ábyrgðarbréf hinn 11. febrúar s. l. Þykir hún því hafa komið fram með nægilegum fyrirvara og verður ekki talið, að gerðarþoli geti byggt neins konar rétt á því, að hún vitjaði ekki um ábyrgðarbréfið fyrr en hinn 25. marz s. l. Verður framgangur hinnar umbeðnu gerðar því leyfður á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Hulda Bjarnadóttir, Ingólfsstræti 6, greiði gerðarbeiðendum, Hannesi Einarssyni, Óðinsgötu 14 B, og Halldóri Kr. Júlíussyni, Melbæ, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 88/1953. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Karli Johan Siska Danielsen
(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á staðarákvörðunum yfirmanna varðskipsins og m. a. markað á sjóuppdrátt stað duflsins, er varðskipið setti út hjá línuveiðaskipi ákærða, og telur skólastjórinn stað þennan hafa verið 3,3 til 3,7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karl Johan Siska Danielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 13. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, og meðdómendunum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1751/1953: Ákæruvaldið gegn Karl Johan Siska Danielsen, sem dómtekið var nú samdægurs.

Málið er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Karl Johan Siska Danielsen skipstjóra, til heimilis í Saltangará í Færeyjum. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dagsettu í dag, ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot á nefndum línuveiðara samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 31 1948 um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að fiskveiðum með línu þriðjudaginn 12. þ. m. laust fyrir hádegi fyrir miðjum Faxaflóa, ca. 3.5 sjómílur innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lög nr. 81 8. des. 1952.

Ákærist því nefndur skipstjóri til að sæta refsingu samkvæmt 1. gr. nefndra laga nr. 31/1948, sbr. lög nr. 4 1924, upptöku afla og veiðarfæra nefnds línuveiðara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. nóvember 1905 í Færeyjum. Hefur hann, svo kunnugt sé, ekki fyrr sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Í gær var varðskipið „Ægir" á eftirlitsferð í Faxaflóa. Kl. 11.54 stöðvaði varðskipið hjá línuveiðaranum „Galatea", F.D. 32, frá Saltangará í Færeyjum, sem, að áliti varðskipsforingja, var augsýnilega fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Á þilfari línuveiðarans voru menn að draga fiskilínu. Dufl, merkt F.D. 32, sást þarna rétt hjá. Varðskipsmenn létu kl. 12.00 út dufl rétt við dufl „Galatea". Síðan var sóttur skipstjóri „Galatea", sem reyndist ákærði í máli þessu. Honum var tilkynnt, að hann væri með veiðarfæri sín innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði kvaðst hafa álitið skip sitt fyrir utan þau eftir siglingu sinni frá Akranesi að dæma, en þaðan hafði hann komið á miðin. Það væri því óviljaverk, ef hann hefði lagt línu sína fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Ákærði átti eftir að draga um 20 stampa af fiskilínunni, sem lá misvísandi N.t.A. frá dufli varðskipsins. Ákærða var nú sagt að halda áfram að draga inn línuna. Síðan var hann fluttur aftur um borð í skip sitt ásamt varðmanni frá varðskipinu. Varðskipið hélt sig við dufl sitt. Varðskipsforingjarnir gerðu nú staðarákvarðanir. Segir um þær á þessa leið í skýrslu varðskipsforingjans, Þórarins Björnssonar:

„Kl. 14.10 miðaðist „Galatea" í réttv. 23° frá dufli vaðskipsins í 1.3 sjóm. fjarlægð eftir radarmiðun varðskipsins. Um kl. 15.00 hafði „Galatea" lokið við að draga línuna, en kl 14.55 hafði það miðazt í réttv. 16° frá duflinu, fjarlægð 1.8 sjóm.

Frá kl. 14.50 til kl. 16.30 voru gerðar eftirfarandi staðarákvarðanir með radiomiðunum við dufl varðskipsins:

Radiovitinn Suðurnes 104° réttv.
Radiovitinn Keflavík 128° réttv.
Radiovitinn Hvalsnes 133° réttv.
Radiovitinn Malarrif 344° réttv.,

auk þess miðaði radiomiðunarstöðin á Akranesi varðskipið við duflið í 271° réttv.

Dýpi mældist 117 metrar. Gefur þetta stað duflsins um 3.5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Það skal tekið fram, að radiomiðanir þessar voru allar gerðar margsinnis og endurprófaðar."

Er staðarákvarðanir þessar höfðu verið gerðar, var ákærði sóttur um borð í skip sitt og honum bent á, hvar hann hefði verið. Ekki mótmælti hann staðarákvörðuninni. Fyrir dómi skýrði ákærði frá á þessa leið: Hann hafði um kl. 16.00 mánudaginn 11. maí s. l. siglt skipi sínu frá Akranesi og ætlað út á mið til línuveiða. Hann sigldi 38 sjómílur út frá Akranesdufli, að því er honum reiknaðist til í misvísandi V.a.N. ½ N. Á þessar slóðir kom hann um kl. 23.00—24.00. Áður en hann byrjaði að leggja línu sína, hafði hann samband við önnur færeysk fiskiskip, sem sögðust vita, hvar fiskveiðitakmörkin væru. Að fengnum upplýsingum um þetta, mældi ákærði 16½ sjómílu út eftir 64 breiddargráðu, þar sem hann þóttist vita, að fiskveiðilínan skæri breiddargráðuna, og auk þessi mældi hann 4 sjómílur út frá tanga, sem hann sagði næstan fyrir vestan Malarrif á Snæfellsnesi (Gáluvíkurtangi?). Þar eð hann hafði siglt 38 sjómílur út frá Akranesdufli í þá átt, sem fyrr segir, taldist honum til eftir þeim útreikningi, sem að framan getur, að hann væri kominn um 2 sjómílur út fyrir fiskveiðilínuna. Auk þess lóðaði hann dýpið með handlóði og fékk 72 faðma. Ákærði hafði ekki dýptarmæli. Hann hafði ekki sjókort af Faxaflóa með hinni nýju fiskveiðilínu.

Ákærði kom hér á miðin við Ísland 26. apríl s. l. og hafði fengið lítinn afla, er hann var tekinn. „Galatea" er um 40 tonn nettó að stærð. Áhöfnin er 15 manns. Samkvæmt mælingu dómsins, byggðum á þeim framburði ákærða, að hann hefði siglt 38 sjómílur út frá Akranesdufli, hefði hann ekki átt að ná lengra út en rétt á fiskveiðitakmörkin, en hefði þá átt að vera um 8—9 sjómílum sunnar en hann var tekinn. Hins vegar lætur það nærri, að 38 sjómílur séu frá Akranesdufli á þær slóðir, sem ákærði var tekinn.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann var að línuveiðum, er hann var tekinn. Hann hefur ekki treyst til að mótmæla staðarákvörðunum varðskipsmanna. Samkvæmt þessu telst sannað, að ákærði hafi umrætt skipti verið með skip sitt „Galatea" að línuveiðum um 3,5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Með þessu hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og 1. gr. laga nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1948 um breyting á lögum nr. 33/1922, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr.

lög nr. 81/1952 um breyting á lögum nr. 44/1948, sbr. ennfremur lög nr. 4 frá 1924 um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og því að gullgildi íslenzkrar krónu er í dag það, að 738.95 pappírskrónur jafngilda 100 gullkrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 31/1948 ber að gera veiðarfæri og allan afla „Galatea" upptækan til ríkissjóðs.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Johan Siska Danielsen, greiði kr. 7 400.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veiðarfæri öll og afli „Galatea" skal upptækur gerður til ríkissjóðs. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Ísleifssonar hdl., að upphæð kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. október 1953.

Nr. 71/1953. **Ákæruvaldið** (Jón Ólafsson)
gegn
Geir Guttormi Pálssyni Þormar
(Einar B. Guðmundsson)
og
Geir Borgþór Halldórssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn lögum nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi. Varðar brot ákærða Geirs Guttorms Pálssonar Þormars við 2. mgr. 36. gr. laga

nr. 63/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1941. Þykir refsing hans samkvæmt þeirri grein, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin í héraðsdómi kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Brot ákærða Geirs Borgþórs Halldórssonar varðar við 2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/19337, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1941 og 4. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin kr. 800.00 sekt í ríkissjóð og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku þeirra 72 lengja af vindlingum, sem um ræðir í málinu, og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Hvor ákærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði kr. 3000.00 sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði kr. 800.00 sekt til ríkissjóðs og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00. Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. febrúar 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 24. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 539—540/1953: Ákæruvaldið gegn Geir Guttormi Pálssyni Þormar og Geir Borgþóri Halldórssyni, sem dómtekið var 20. febr. s. l.

Málið er höfðað gegn þeim Geir Guttormi Pálssyni Þormar ökukennara, til heimilis Miklubraut 52, hér í bæ, og Geir Borgþóri Halldórssyni aðstoðarflugumferðarstjóra, til heimilis í Barmahlíð 11 hér í bæ. Eru þeir samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 10. desember s. l., ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um brot á lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 1937, 36. gr. 1. mgr. og lögum nr. 13 5. maí 1941, 1. gr. (lög 63/1937, 36. gr. 2. mgr.), sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63 frá 1937, sbr. lög nr. 110/1951, viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, 8. gr., 3. tölul. og 7. tölul. b, *með því* 1) að því er Geir Þormar varðar, að semja hinn 11. sept 1952 um kaup á ca. 14 þús. sígarettum við 2 hermenn á Keflavíkurflugvelli og reyna með þeim og meðákærða Geir Halldórssyni að flytja sígarettur þessar inn á íslenzkt tollyfirráðasvið, án þess að gefa tollgæzlumönnum skýrslu um það og,

2) að því er Geir Halldórsson varðar, að flytja framangreindar ca. 14 þúsund sígarettur 11. september 1952 ásamt 2 amerískum hermönnum áleiðis út af Keflavíkurflugvelli, án þess að gefa tollgæzlumönnum skýrslu.

Ákærast því nefndir Geir Guttormur Pálsson Þormar og Geir Borgþór Halldórsson til að sæta refsingu samkvæmt framantöldum ákvæðum laga nr. 63 frá 1937 og nr. 13 frá 1941 til upptöku greindra vara samkvæmt næst síðustu málsgr. 36. gr. laga nr. 63 frá 1937 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar er fæddur 24. nóvember 1917 á Norðfirði. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík.

1938, 13/1. Kærður fyrir spell og þjófnað. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 25/4 1938.

" 31/5. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1939, 28/9. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglugerð frá 6/9 1939.
1940, 11/6. Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1952, 2/12. Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson er fæddur 30. september 1927 á Bergsstöðum í Glerárþorpi, Eyjafjarðarsýslu. Hefur hann, svo kunnugt sé, ekki fyrr sætt kærum eða refsingum.

Samkvæmt eigin framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins er sakarefninu þannig farið:

Að kvöldi fimmtudagsins 11. september 1952 fór ákærði Geir Guttormur Þormar í bíl sínum suður í Keflavík. Með honum í bílnum var kona hans og önnur stúlka svo og ákærði Geir Borgþór. Ákærði Geir Þormar skildi konu sína og stúlkuna eftir í Keflavík. Hélt hann og ákærði Geir Borgþór upp á Keflavíkurflugvöll. Ákærði Geir Þormar ætlaði að kaupa sígarettur, en ákærði Geir Borgþór ætlaði að hitta kunningja sína. Ákærði Geir Þormar ók að einum hermannaskálanum. Þar samdi ákærði Geir Þormar við 2 hermenn um kaup á 72 cartonum af sígarettum fyrir 50 kr. cartonið. Ekki átti ákærði Geir Borgþór nokkurn þátt í þessum kaupum. Ákærði Geir Þormar fór nú að hótelinu á vellinum og tók ákærða Geir Borgþór með sér. Í skrifstofu flugumsjónarinnar íslenzku fékk hann lánaðan jeppabílinn R 1092 undir því yfirskini, að hann þyrfti að draga sinn eigin bíl í gang. Ákærði Geir Þormar fékk nú nafna sinn, ákærða Geir Borgþór, til að aka hermönnunum tveimur og öllum sígarettunum í R 1092 að svonefndu Meeks-hliði, en þar ætluðu hermennirnir að smygla sígarettunum út af flugvellinum, en sjálfur fór ákærði Geir Þormar á sínum bíl út um aðalhliðið og að Meeks-hliði og beið þar eftir þeim á jeppanum. Hermennirnir höfðu látið cartonin í tösku og poka. Hermennirnir sögðu nú ákærða Geir Borgþóri, hvert hann ætti að aka.

Er að flugvallargirðingunni kom, sögðu hermennirnir ákærða Geir Borgþóri að stöðva bílinn. Þeir fóru nú út úr bílnum og tóku allar sígaretturnar og fóru með þær út í urð, sem var þarna. Þeir báðu nú ákærða Geir Borgþór um að bíða um stund. Er þeir höfðu beðið þarna um sinn, komu að þeim herlögregluþjónar. Fundu þeir sígaretturnar og handtóku hermennina og ákærða, sem þeir afhentu íslenzku lögreglunni, ásamt sígarettunum.

Af ákærða Geir Þormar er það að segja, að hann ók sem fyrr greinir að Meeks-hliði að utanverðu og beið þar eftir hermönnunum með sígaretturnar. Hann hafði ekki beðið lengi, er ljós frá bíl innan girðingarinnar féllu á bíl hans. Hann grunaði þá, að ekki væri allt með felldu, svo að hann hraðaði sér á brott og inn á flugvöllinn aftur, þar sem hann var síðar handtekinn, eftir að ákærði Geir Borgþór hafði sagt lögreglunni, að hann væri viðriðinn málið.

Ákærði Geir Borgþór sagði strax allt af létta í máli þessu, en ákærði

Geir Þormar þrætti lengi vel fyrir, að hann hefði samið um kaup á fleiri cartonum en 5, en það rak að því, að hann viðurkenndi, að hann hefði samið um kaup á 72 cartonum. Hann sagðist og einn hafa samið um kaupin á sígarettunum. Ákærði Geir Borgþór ætti engan þátt í því og þáttur hans í máli þessu væri ekki annar en að flytja sígaretturnar í bílnum.

Með eigin játningu Geirs Guttorms Pálssonar Þormar, sem er studd öðrum gögnum málsins, er fengin sönnun fyrir kaupum ákærða á 72 cartonum af sígarettum hjá hermönnunum tveimur og að hann hafi fengið þá og ákærða Geir Borgþór til að flytja þær inn á íslenzkt tollyfirráðasvæði. Með þessu hefur ákærði Geir Þormar brotið gegn 1. gr. laga nr. 13 frá 1941 (2. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937) og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit.

Ekki verður séð, að ákærði Geir Þormar hafi brotið gegn öðrum þeim lagagreinum, sem í ákæruskjali getur, og ber því að sýkna hann af ákærunni um brot á þeim.

Með eigin játningu ákærða Geirs Borgþórs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hafi átt sinn þátt í því að flytja sígaretturnar áleiðis inn á íslenzkt tollyfirráðasvæði. Með þessu hefur ákærði Geir Borgþór brotið gegn 1. mgr. 37. gr. laga nr. 63/1937 per analogiam. Eigi verður séð, að ákærði Geir Borgþór hafi brotið gegn þeim öðrum lagagreinum, sem hann er ákærður fyrir brot á í ákæruskjali, og ber því að sýkna hann af ákærunni um brot á þeim.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 63/1937 og 1. gr. laga nr. 13/1941 þykir refsing ákærða Geirs Guttorms Pálssonar Þormar hæfilega ákveðin kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 63/1937 þykir refsing ákærða Geirs Borgþórs hæfilega ákveðin kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 eru 72 carton af sígarettum upptækar gerðar til ríkissjóðs.

Ákærði Geir Þormar greiði skipuðum verjanda sínum, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hdl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Ákærði Geir Borgþór greiði skipuðum verjanda sínum, Gunnari Þorsteinssyni hrl., málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Allan annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Geir Borgþór Halldórsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði

hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 72 carton af sígarettum. Ákærði Geir Guttormur Pálsson Þormar greiði skipuðum verjanda sínum, dr. juris Gunnlaugi Þórðarsyni hdl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Geir Borgþór greiði skipuðum verjanda sínum, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 500.00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði hinir ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. október 1953.

Nr. 180/1952. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hdl.)
gegn
Jóni Hauki Árnasyni Hafstað, Ingvari Gýgjari Jónssyni, Svavari Hjörleifssyni, Sveini Jónssyni, Jóni Hjörleifssyni, Hróðmari Hjörleifssyni og **Óskari Jónssyni**
(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Manndráp af gáleysi. Bifreiða- og umferðarlagabrot. Rangur framburður fyrir dómi og hvatning til þess brots.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Sigurðsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Það athugast, að þegar bifreiðin K 213 hélt af stað frá Varmahlíð nótt þá, er slysið bar að höndum, hafði hún að flytja 20 manns, þ. e. bifreiðarstjórann og 19 farþega. Áður en slysið varð, höfðu 7 farþegar farið af bifreiðinni, en eftir voru auk bifreiðarstjórans 3 farþegar í stýrishúsi bifreiðarinnar og 9 farþegar á vörupalli hennar.

I. Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu og ökuleyfissviptingu ákærða Jóns Hauks Árnasonar Hafstað.

II. Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson.

Ákærði Ingvar Gýgjar Jónsson var umráðamaður bifreiðarinnar K 213. Hann hafði falið ákærða Jóni Hauki Hafstað stjórn bifreiðarinnar, en samþykkti eða lét viðgangast, að fleiri farþegar væru í stýrishúsi hennar en heimilt var og að farþegar væru fluttir á palli hennar, enda þótt þar væri ekki löglegur umbúnaður til fólksflutninga. Hann hafði því ástæðu til að ætla, er hann kom fyrir lögreglurétt, að framangreint hátterni hans mundi baka honum refsiábyrgð, sbr. 2. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 19/1940 verður honum því ekki dæmd refsing fyrir rangan framburð fyrir lögreglurétti í máli þessu.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði Ingvar Gýgjar hvatt hina ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson til að bera rangt fyrir rétti, og er það brot hans rétt heimfært í héraðsdóminum til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærðu Svavars Hjörleifssonar og Sveins Jónssonar hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 3 mánuði.

Með tilliti til ungs aldurs hinna ákærðu Ingvars Gýgjars Jónssonar, Svavars Hjörleifssonar og Sveins Jónssonar og góðrar hegðunar þeirra að undanförnu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar þeirra skuli fresta og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ekki þykir alveg næg ástæða til að svipta hina ákærðu, er hér getur, réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, sérstaklega þegar það er virt, að hinn rangi framburður laut að atriði, sem ekki var líklegt að væri veigamikið fyrir niðurstöðu máls þess, er rannsóknin beindist að.

III. Ákærðu Jón Hjörleifsson, Hróðmar Hjörleifsson og Óskar Jónsson.

Ákærðu hafa, eins og í héraðsdómi greinir, brotið gegn ákvæðum 144. gr. laga nr. 19/1940. Ákveðst refsing þeirra hvers um sig varðhald 2 mánuði, og skal refsingin vera skilorðsbundin samkvæmt VI. kafla laga nr. 19/1940, eins og ákveðið er í héraðsdómi.

IV. Niðurlag.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Hinum ákærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað sæti varðhaldi 4 mánuði. Hann er sviptur ævilangt leyfi til að stýra bifreið.

Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærðu Jón Hjörleifsson, Hróðmar Hjörleifsson og Óskar Jónsson sæti hver um sig varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 13. ágúst 1952.

Í máli þessu er Jón Haukur Árnason Hafstað, bóndi í Vík í Staðarhreppi, ákærður fyrir að hafa framið eftirgreind afbrot:

Að hafa gerzt sekur um manndráp af gáleysi samkvæmt 215 gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, brot á 4. gr. 3. mgr. og 9. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941, brot á 14. gr. 3. mgr., 26. gr. 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72 frá 1937, 7. gr. 3. og 5. tölulið, með því að aka vörubifreiðinni K 213 norður Skagfirðingabraut í Skagafjarðarsýslu aðfaranótt sunnudagsins 22. okt. 1950 með of mikilli ferð miðað við aðstæður, þar eð útsýn var ekki nægileg og fjöldi farþega var á óvörðum vörupalli bifreiðarinnar, með 3 farþega í framsæti bifreiðarinnar, en af framangreindu gáleysi hans gat hann ekki haldið bifreiðinni á veginum og við útafaksturinn féllu farþegar af vörupallinum með þeim afleiðingum, að Pétur Sigurlaugsson Snæland beið bana og 2 aðrir menn hlutu smávægileg meiðsli, svo og með því að tilkynna ekki lögreglunni undir eins um slysið.

Krafizt er, að ákærði Jón Haukur Hafstað verði dæmdur til refsingar samkvæmt 215 gr. almennra hegningarlaga, 14. gr. umferðarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, til réttindasviptingar samkvæmt 1.—3. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 39. gr. bifreiðalaganna.

Meðákærðu, Sveinn Jónsson að Hóli, Ingvar Gýgjar Jónsson að Steinholti, Óskar Jónsson að Hóli, allir innan Staðarhrepps í Skagafirði, Svavar Hjörleifsson stúdent, Jón Hjörleifsson bóndi og Hróðmar Hjörleifsson verkamaður, allir að Kimbastöðum í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu, eru allir ákærðir fyrir rangan framburð af ásettu ráði samkvæmt 142. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, með því að bera í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu dagana 22.—24. okt. 1950 sem vitni rangt um, hve margir farþegar hafi verið í bifreiðarskýli K 213 aðfaranótt 22. okt. 1950, er framangreint bifreiðarhlys skeði, og hve margir og hvaða farþegar hafi verið á vörupalli sömu bifreiðar í sama skipti, sem þeir ýmist vissu, að voru rangir framburðir eða þeir vissu ekki um atriði þau, er þeir fullyrtu um, og einnig, að því er ákærða Ingvar Gýgjar varðar, til að hvetja til rangra framburða.

Er þess krafizt, að allir framangreindir meðkærðu verði dæmdir til að sæta refsingum samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, en allir hinir ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærðu eru fæddir sem hér segir:

Jón Haukur Hafstað í Vík 23. des. 1920.

Sveinn Jónsson að Hóli 7. nóv. 1926.

Ingvar Gýgjar Jónsson að Hafsteinsstöðum 27. marz 1930.

Óskar Jónsson að Hóli 11. jan. 1930,

allir innan Staðarhrepps.

Svavar Hjörleifsson 9. jan. 1930 í Reykjavík.

Jón Hjörleifsson 1. apríl 1926 að Auðnum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu.

Hróðmar Hjörleifsson 8. marz 1931 í Reykjavík, og hefur enginn þeirra sætt kæru eða refsingu, að undanteknum Ingvari Gýgjari Jónssyni, sem 7. okt. 1950 var með sætt í lögreglurétti Sauðárkróks sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn 67. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu nr. 71 frá 1937.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

I.

Sunnudaginn 22. okt. 1950, um kl. 10 árdegis, frétti lögregluþjónninn á Sauðárkróki á skotspónum, að bifreiðarslys hefði orðið þá um nóttina áður. Lögreglan sneri sér því undir eins til héraðslæknisins á Sauðárkróki, sem skýrði svo frá, að þá seint um aðfaranótt sunnudagsins hefði verið komið á sjúkrahúsið á Sauðárkróki með nokkra menn, er slasazt hefðu við það, að bifreiðin K 213 ók út af veginum frammi hjá Halldórsstöðum á Langholti, og einn þeirra, Pétur Snæland, hefði látizt um nóttina, en hinir meiðst smávægilega. Jafnskjótt er lögreglustjóranum var tilkynnt um þetta, kl. 10¾ f. hád., var lögreglan ásamt bifreiðaeftirlitsmanni o. fl. til aðstoðar send á vettvang slyssins og rannsókn hafin þar og síðan rannsókn fyrir dómi hafin kl. 2 e. h. þá um daginn. Kom þá í ljós, að slysið hafði orðið með þeim hætti, sem hér greinir:

Á laugardagskvöldið 21. okt. 1950 var dansskemmtun haldin í Varmahlíð í Skagafirði. Stóð skemmtunin fram til kl. 2 um nóttina. Ákærðu í máli þessu voru allir á samkomunni. Nokkru eftir kl. 2 um nóttina héldu þeir af stað frá Varmahlíð á vöruflutningsbifreiðinni K 213, eign Jóns yngri Jónssonar í Steinholti í Staðarhreppi. Var bifreiðin í umsvari ákærða Ingvars Gýgjars Jónssonar, bróður hans, er stýrði henni, er haldið var á skemmtunina til Varmahlíðar um kvöldið áður. En Ingvar hefur skýrt svo frá, að með því að hann hafði neytt áfengis á dansleiknum, fól hann ákærða Jóni Hauki Hafstað stjórn bifreiðarinnar á heimferðinni frá Varmahlíð. Hafði ákærði Jón Haukur bifreiðastjórnina á hendi frá því er ferðin var hafin frá Varmahlíð og þangað til slysið var um garð gengið.

Bifreiðin K 213 er Chevrolet vörubifreið, model 1947, með rúmi fyrir einn farþega í sæti í stýrisskýli bifreiðarinnar. Vörupallur bifreiðarinnar er 3.75 metrar að lengd, en 2.24 metrar að breidd milli skjólborða, sem eru 25 cm að hæð, en fyrir afturenda pallsins var ekki skjólborð. Vörupallurinn var án sæta og skýlis. Aftan við stýrishús bifreiðarinnar er handrið gert af ¾ þuml. járnpípu, jafnbreitt og jafnhátt stýrishúsinu, til að halda sér í.

Tekizt hefur að færa sönnur á það, að þegar bifreiðinni var haldið af stað úr Varmahlíð, voru á henni 19 menn. Þar af stóðu 15 á vöru-

pallinum, en 3 voru auk ákærða Jóns Hauks í bifreiðarskýlinu. Af fólkinu, sem stóð á vörupallinum, fóru 6 systkin frá Grófargili í Seyluhreppi af bifreiðinni við bæinn Grófargil, en þangað er vegalengdin frá Varmahlíð 2.4 km. Sjöundi farþeginn fór af bifreiðarpallinum við bæinn Stóru-Seylu, en þar er 3.3 km vegarlengd frá Varmahlíð. Voru þannig 8 farþegar eftir á vörupallinum, er slysið vildi til. En slysið bar að höndum á Skagafjarðarbraut milli bæjanna Ytra-Skörðugils og Halldórsstaða í 6.6 km vegarlengd frá Varmahlíð með þeim hætti og atvikum, er nú skal lýst samkvæmt þeim upplýsingum, er fyrir liggja í málinu.

Ákærði Jón Haukur Hafstað, sem stýrði bifreiðinni, hefur í fyrsta þinghaldi á sama sólarhring og slysið varð skýrt svo frá: Að samkvæmt ágizkun hans hafi kl. verið 2.20 um nóttina, þegar hann hélt bifreiðinni af stað frá Varmahlíð. Myrkt var af nóttu og veðri þannig farið, að á var norðan rigningarslydda, en ekki hvassviðri. Þegar komið var móts við Halldórsstaði, rann bifreiðin út af vesturbrún vegarins og lenti úti í skurði vestan við veginn, án þess þó að velta. En við slynkinn, sem kom á bifreiðina, þegar hún fór út af veginum, hentust flestir mannanna, sem stóðu á vörupalli bifreiðarinnar, út af honum og lentu í vegarskurðinum. Pétur Snæland Sigurlaugsson, til heimilis á Haðarstig 2 í Reykjavík, var einn af þeim 8 mönnum, er stóðu á vörupalli bifreiðarinnar, þegar bifreiðin fór út af veginum. Þegar að honum var komið, lá hann á vesturbrún vegarins aftan við bifreiðina og var hann með meðvitund, er ákærði kom fyrst að honum. Spurði ákærði hann, hvort hann hefði meiðzt, en hann sagðist ekki vita það. Var hann ekki hreyfður fyrr en honum var lyft upp í jeppabifreiðina K 23, sem var rétt á eftir bifreiðinni K 213, en þá var hann meðvitundarlaus. Var hann umsvifalaust fluttur á sjúkrahúsið á Sauðárkróki og var hann meðvitundarlaus alla leiðina þangað. Var héraðslæknirinn Torfi Bjarnason undir eins kallaður til, er þangað var komið, og rannsakaði hann ástand Péturs heitins og kvað hann vera látinn.

Ákærði Jón Haukur gat þess, að ræsi var þarna á veginum og náði ræsisplatan ekki út á vegbrúnina. Kveðst hann ekki geta gert sér aðra grein fyrir því, hvers vegna hann ók út af veginum en þá, að skyggni væri afleitt, krepjuklessingur settist á framrúðuna, svo hann sá illa fram fyrir sig á veginn, því að þurrkan gekk ekki vel á rúðunni. Ljós bifreiðarinnar voru í lagi. Hraðamælir bifreiðarinnar var aftur á móti ekki í lagi og sýndi ekki hraðann, en ákærði áætlar, að hraðinn hafi verið 40 til 45 km á klukkustund og hélt hann því þá fram, að hámark hraðans mundi ekki hafa farið fram úr 45 km, er slysið varð.

Veginum lýsti ákærði svo, að hann var nýhefladur, blautur og þungur og laus möl á köntum hans. Kveðst hann ekki hafa notað hemla bifreiðarinnar. Hann lét þess getið, að hann sé óvanur að aka vöruflutningabifreiðum, en meðákærði Ingvar Gýgjar Jónsson fékk hann til þess að aka bifreiðinni, af því að Ingvar vissi, að hann hafði ekki neytt

áfengis. Hefur ákærði synjað fyrir, að hann hafi neytt nokkurs áfengis í för sinni til eða frá Varmahlíð eða meðan hann dvaldi þar. Ákærði Jón Haukur gerði ekki vart við sig hjá lögreglunni, er hann kom með lík Péturs Snælands á sjúkrahúsið, og ekki heldur nokkur af félögum hans, er í slysinu lentu. Af þessu leiddi, að ákærða varð ekki tekið blóð um nóttina né heldur rannsókn hafin að öðru leyti, fyrr en litlu fyrir og eftir hádegi á sunnudaginn.

Í upphafi rannsóknarinnar og lengi síðan var ekki önnur vitneskja fyrir hendi um, hverjir voru í bifreiðarskýlinu, en að ákærðu Jón Haukur og Ingvar Gýgjar hefðu verið þar tveir einir, með því að þeir leyndu, að fleiri menn hefðu verið þar ásamt þeim og báru rangt um það.

Ingvar Gýgjar Jónsson var yfirheyrður um aðdraganda slyssins og hvernig það bar að höndum undir eins og tök voru á eftir hádegi á sunnudaginn 22. október og hefur hann borið á þessa leið:

Hann kveðst vera umráðamaður og bifreiðarstjóri á bifreiðinni K 213, á meðan bróðir hans Jón, sem var erlendis, er fjarverandi. En með því að hann hafði neytt áfengis í Varmahlíð á framangreindri skemmtisamkomu þar og kveðst ekki hafa vitað til, að Jón Haukur Hafstað hafi neytt nokkurs áfengis, bað hann Jón Hauk að stýra bifreiðinni á heimleiðinni frá Varmahlíð. Lagt var af stað kl. rúmlega 2 eftir miðnætti. Tók enginn annar en Jón Haukur á stjórn bifreiðarinnar frá Varmahlíð og þangað til slysið var um garð gengið. Slysið varð fyrir sunnan og vestan Halldórsstaði þannig, að hann veitti því eftirtekt, að Jón Haukur var kominn mjög utarlega á vesturbrún vegarins. En þegar hann ætlaði að rétta bifreiðina inn á veginn, lenti vinstra hjól hennar fyrir utan endann á ræsisplötunni, sem nær ekki út á vegarbrúnina, og rann þá bifreiðin út af veginum og út í vegarskurðinn og nam ekki staðar, fyrr en nokkurn spöl fyrir norðan ræsið. Hann áætlar, að bifreiðin hafi verið um það bil á 45 km kraða, heldur fyrir neðan en ofan 45 km. Skyggni var mjög illt, dimmt af nóttu og krepjuúrfelli, sem settist á framrúðuna, og þurrkan stöðvaðist alltaf öðru hvoru. Hann taldi upp 8 menn, er staðið hefðu á vörupalli bifreiðarinnar, er slysið varð, þ. á m. meðákærðu Svein Jónsson og Svavar Hjörleifsson, er síðar sannaðist um, að báðir höfðu setið inni í bifreiðarhúsinu frá því ferðin var hafin frá Varmahlíð og þangað til slysið varð. Hann kveðst hafa heyrt þess getið, að Pétur heitinn Snæland hefði verið aftastur á vörupallinum. Flestir þeir, sem voru þar, hrukku út af pallinum, þegar bifreiðin fór út af veginum og lentu þeir út í skurðbarminum. En Pétur heitinn lenti á vegarkantinum og lá þar, þegar ákærði (vitnið) kom að honum. Var Pétur þá með meðvitund og svaraði spurningum hans um, hvort hann væri mikið meiddur því, að hann vissi það ekki. Hann kveður athugaleysi sitt og vanþekkingu hafa valdið því, að hann tilkynnti ekki lögreglunni undir eins um slysið og flutti bifreiðina burt af vettvangi, áður en lögreglan kom þangað.

Auk þeirra Jóns Hauks og Ingvars Gýgjars voru allir þeir, sem

voru í bifreiðinni, krafðir vættis um hvernig slysið bar að höndum.

Af þessum vitnum hafa 8 borið um hvernig skyggni var, og öll borið, að mjög dimmt hafi verið af nóttu og flest komist svo að orði, að verið hafi náttmyrkur eða mjög dimmt. Þá hafa öll vitnin, sem um það gátu borið, borið að nokkurt úrfelli var, „slyddu rigning" eða „rigningarsúld", þau sem nánar greindu frá.

Á öðrum degi rannsóknarinnar var leitað vitnisburðar ákærða Svavars Hjörleifssonar á Kimbastöðum og Sveins Jónssonar á Hóli, sem síðar urðu uppvísir að því að hafa þá borið rangt um, að þeir hefðu verið á bifreiðarpallinum. Vitni þessi sátu ásamt ákærða Jóni Hauki og Ingvari Gýgjar í bifreiðaskýlinu þannig, að eftir því, sem næst verður komist, þá sat Sveinn Jónsson undir Svavari. Um það hvernig slysið bar að höndum hefur Svavar Hjörleifsson borið á þessa leið:

Hann áætlar, að bifreiðin hafi verið á 40 km hraða, þegar hún fór út af veginum. Ræsi var á veginum, þar sem bifreiðin fór út af honum og náði ræsisplatan ekki út á vegkantinn. Lenti vinstra framhjólið ofan í ræsið og svo afturhjólið á eftir og við þetta hyggur vitnið, að Jón Haukur hafi misst stjórnina á bifreiðinni, sem tók mikinn hliðarslynk, og lenti út í brautarskurðinum og rann talsverðan spöl eftir skurðinum. Sveinn Jónsson bar sama dag, 23. október, að hann hafi séð Pétur heitinn Snæland eftir slysið. Lá hann utan í brautarkantinum. Heyrði hann Pétur kvarta um þjáningar í maganum.

Ákærði Óskar Jónsson, er einnig bar vitni í málinu á öðrum degi eftir slysið, kveðst einnig hafa séð Pétur heitinn Snæland, þar sem hann lá á vestari brautarkantinum, nokkurn spöl frá bifreiðinni, þar sem hún nam staðar í brautarskurðinum. Lá Pétur krepptur á hliðinni, en þó frekar á baki. Var hann lifandi, því vitnið heyrði stunur til hans. Vitnið kveður Pétur heitinn hafa staðið vinstra megin á bifreiðarpallinum.

Vitnið Hörður Svavarsson í Ármúla ber sama dag, að það hafi séð Pétur Snæland, þar sem hann lá í brautarkantinum vestari. Heyrði vitnið, að hann sagði, að hann héldi að hjól bifreiðarinnar hefði farið yfir sig. Vitnið segist ekki vita annað um ástand Péturs en að hann var með ráði, þar sem hann lá á brautarkantinum.

Vitnið Grétar Ingimar Jónsson kveðst hafa séð Pétur Snæland liggjandi utan í brautarkantinum. Sá hann Pétur aldrei standa upp, en heyrði að hann stundi.

Vitnið Sigmar Halldór Hafstað ber, að hann hafi talað við Pétur Snæland, þar sem hann lá í vegarskurðinum. Kvartaði hann yfir þjáningu í maga, en ekki heyrði vitnið hann hafa orð á því, að hann hefði orðið undir bifreiðinni. Telur vitnið ólíklegt, að svo hafi verið, því hann hafi fyrst lent í skurðinum, því þar sá vitnið Pétur fyrst. Telur vitnið ólíklegt, að Pétur hafi nokkurn tíma eftir slysið stigið í fæturna.

Vitnið Hróðmar Hjörleifsson, sem meiddist nokkuð, er það hentist af bifreiðinni við það að hún rann út af veginum og var því fluttur

á sjúkrahúsið á Sauðárkróki í sömu bifreið, er flutti Pétur heitinn þangað, ber þannig: Að honum virtist Pétur vera meðvitundarlaus upp frá því að hann kom inn í bifreiðina K 23, en hann dó á leiðinni til Sauðárkróks.

Vitnið Reynir Hjörleifsson á Kimbastöðum kveðst hafa staðið aftast á bifreiðarpallinum, en Pétur Snæland stóð fyrir framan hann. Þegar bifreiðin rann út af veginum, datt vitnið flatt á pallinn, en náði að halda sér í skjólborðin, sem voru til hliðar á pallinum og hélzt þannig við á pallinum þangað til bifreiðin var stöðvuð. Kveðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, að þegar bifreiðin tók slynkinn vestur af veginum, þá hentist Pétur Snæland austur af bifreiðinni.

Af skýrslum þeirra, sem yfirheyrðir voru um slysið, þykir vissa fengin fyrir, að Pétur heitinn Snæland hafi dáið á leiðinni frá vettvangi slyssins til Sauðárkróks. Hér um bil einni klukkustund eftir að slysið varð var bifreiðin, sem flutti hann, komin til Sauðárkróks. Var líkið tekið til rannsóknar af lækninum Torfa Bjarnasyni á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, og segir svo í vottorði hans:

„Hinn 22. þ. m. kl 3½ um nótt var ég kvaddur til þess að líta á Pétur Snæland Sigurlaugsson, til heimilis á Haðarstíg 2 í Reykjavík, en hann hafði kastazt út af palli vörubifreiðar, er keyrt var út af veginum á leið framan við Langholt í Skagafirði. Var hann strax fluttur á sjúkrahús Sauðárkróks. Við rannsókn gat ég ekki fundið neitt lífsmark með manninum. Ytri áverkar voru engir sjáanlegir, utan smásár á höfði hægra megin. Engin blæðing úr munni, nefi eða eyrum. Upplýst var, að hann hefði verið við meðvitund fyrst eftir slysið. Þar sem af almennri líkskoðun ekki er ljóst, hvert banamein hefur verið, er sama dag (22/10) kl. 21 um kvöldið í samráði við bæjarfógeta opnað kviðarholið. Kemur þá í ljós, að það er fullt af dökku, fljótandi blóði. Við nánari skoðun finnst, að lifrin er rifin sundur þvert í gegn, framan undir hægra síðubarði. Skemmdir fundust ekki á öðrum líffærum í kviðarholi.

Ályktun: Dánarorsök er blæðing inn í kviðarholið (frá sprunginni lifur)."

Í vitnisburði sínum 19. júní s. l. segir læknirinn ennfremur:

„Áverki sá, sem Pétur heitinn Snæland hlaut af slysinu, þarf ekki að hafa orðið af því, að bifreiðin hafi ekið yfir hann, og við skoðun á líki hans kom ekkert sérstakt fram, er benti til þess að svo hafi verið."

Af skýrslum vitnanna, sem voru ásamt Pétri heitnum á bifreiðarpallinum, er það ljóst, að við það að bifreiðin rann út af veginum og niður í vegarskurðinn, hentust þau vestur af pallinum og ýmist niður í vegarskurðinn eða vestur yfir hann, en í skurðinum var vatn og leirleðja og virðist það hafa hlíft þeim við meiðslum. Hins vegar virðist mega byggja á því, sem vitnið Reynir Hjörleifsson hefur borið, að það veitti því eftirtekt, að Pétur heitinn hentist „austur af bifreið-

inni", en við það hefur hann lent á harðri brún vegarins, enda eru vitnisburðir annarra vitna yfir höfuð samhljóða um það, að hann hafi legið utan í vegarkantinum, þegar þeir sáu hann fyrst eftir slysið. Virðist því mjög ólíklegt, að Pétur heitinn hafi orðið undir hjólum bifreiðarinnar. Hins vegar er hátt fallkast af bifreiðinni niður á vegarbrúnina ærin orsök til þess, að hann biði bana af því á þann hátt, sem læknisskoðun leiddi í ljós.

Eins og áður er vikið að, fór lögregluþjónninn Ole Aadnegard undir eins og lögreglan frétti um slysið á vettvang þess. Fékk lögregluþjónninn með sér til ferðarinnar Gunnar Þórðarson bifreiðaeftirlitsmann og Svavar Helgason, bifreiðastjóra og vélvirkja, báða á Sauðárkróki, sér til aðstoðar við rannsóknina á slysstaðnum. En auk þess tóku þeir með sér Ingvar Gýgjar Jónsson, ákærða í málinu. Þegar ofangreindir rannsakendur komu á vettvang, sem reyndist vera á Skagfirðingabrautinni (Sauðárkróksbraut) milli bæjanna Halldórsstaða og Skörðugils, var búið að fjarlægja bifreiðina, en í skýrslu lögregluþjónsins segir á þessa leið: — „en hjólförin sáust og var hægt að sjá, hvernig slysið vildi til, eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir." Vegalengdin frá því er bifreiðin fór að beygja út á vinstri kant að ræsinu, reyndist 22.60 metrar, en vegalengdin frá ræsinu þangað sem bifreiðin virtist hafa stöðvazt í vegarskurðinum mældist 26.20 metrar. Skurðurinn vestan með veginum reyndist vera þarna um 2 metrar á breidd og upp undir einn metri á dýpt. Brautin mældist um 4.50 m á breidd, en á ræsinu 3.92 m, og þess vegna kemur skarð í brautarkantana og öllu meira í vestari kantinn. Við athuganir og mælingar, er gerðar voru af lögreglunni 19. júní s. l., reyndist vegurinn sunnan ræsisins vera beinn á 700 m löngum kafla frá næstu beygju sunnan ræsisins og að því og áframhald vegarins, norðan ræsisins, er einnig beint, eins og sjá má af uppdrættinum af vettvangi slyssins. Skarðið á veginum við enda ræsisins — pallsins, er 0.40 m djúpt, en 1.45 m á breidd í framlengingarlínu vegbrúnarinnar (vesturbrúnar). Þá mældist vegarbreiddin 4.85 m í 22.60 m fjarlægð suður af ræsinu. Hefur verkstjórinn, er stjórnar viðhaldi Skagfirðingabrautar, látið í ljós í skýrslunni til lögreglunnar, að brautin hafi þanizt út á breiddina, síðan hún var byggð, og er þetta vitanlega reynsla um veginn yfirhöfuð.

Gunnar Þórðarson, bifreiðaeftirlitsmaður á Sauðárkróki, sem var að verki með lögregluþjóninum um skýrslugerðina um slysið, hefur staðfest skýrsluna fyrir dómi og hefur borið þannig um aðdraganda slyssins:

Að sjá mátti á hjólförum bifreiðarinnar, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar, sem er tvöfalt, hafi verið komið út af ræsispallinum, þegar bifreiðin fór út af veginum niður í skurðinn. Stefna hjólfaranna má heita bein, þangað til að bifreiðin er komin út af veginum. Telur vitnið líklegast, að annaðhvort hafi ökumaðurinn ekki haft auga á veginum, er bíllinn fór út af veginum, eða misst stjórn á bílnum. Vitni þetta hefur ennfremur borið fyrir dómi 20. júní síðastliðinn, að

hann byggi það álit sitt, að bifreiðarstjórinn hafi ekki haft auga á veginum, á því, að hjólförin hafi sýnt, að bifreiðin hafi vikið frá venjulegum hjólförum á veginum og út á vegarbrúnina. Telur vitnið, að bifreiðarstjórinn hafi misst stjórn á bifreiðinni, þegar hún fór út úr venjulegum hjólförum á veginum.

Í rannsókn málsins var vandlega leitað upplýsinga um, hvort ákærði Jón Haukur Hafstað hefði neytt áfengis, áður en hann tók að sér bifreiðarstjórnina. En engar skýrslur hafa fram komið um að svo hafi verið. Þá hafa þeir ákærðu Jón Haukur og Ingvar Gýgjar Jónsson haldið því fram, að allur þorri þeirra manna, er tók sér far með bifreiðinni frá Varmahlíð, hafi farið á hana ýmist án leyfis þeirra eða vitundar og hafi hvorugur þeirra (ákærðu) hent fullar reiður á, hve margir voru í bifreiðinni.

Ákærði Jón Haukur Hafstað var að ósk verjanda hans yfirheyrður á ný 19. júní s. l. Bar hann þá, að hann hafi fyrst skynjað hættuna, er hann sá, að hann var kominn of utarlega á vegarbrúnina, en hann varð ekki var við ræsið fyrr en bifreiðin tók slynkinn á sig af því, að vinstra framhjólið lenti í skarðinu við ræsisplötuna. „Við slynkinn lenti bifreiðin enn þá utar á vegbrúninni en hún hefði ella gert og er hann varð þess vís, þá olli það honum nokkurrar truflunar". Segir hann, að orsök þess að bifreiðin fór út af veginum var sú, að aftara hjólið lenti út af ræsisplötunni og við það köstuðust mennirnir, sem stóðu á bifreiðarpallinum, út af honum. Kveðst hann hafa lent í ræsisskurðinum áður en hann gat sveigt bifreiðina inn á veginn. Vegna lausu malarinnar á vegarbrúninni þótti honum ekki tiltækilegt að beita hemlum, en segist hafa tekið af alla benzíngjöf og dró það úr ferð bifreiðarinnar. Holan, sem var við ræsispallinn, var ekki bersýnileg fyrr en að ræsinu kom. Viðvörunarmerki var ekkert á þessum stað.

Það er leitt í ljós af rannsókn málsins, að aðvörunarmerki við ræsi á Skagfirðingabraut voru ekki sett fyrr en eftir að slysið, 22. okt. 1950, varð.

En það virðist aftur á móti næsta ósennilegt, að ákærði hafi tekið af alla benzíngjöfina, er hann kom út á vegarkantinn, fyrr en hann var alveg kominn að ræsinu og bifreiðin allt um það runnið 26.20 m utan í brautarkantinum og í ræsisskurðinn, þar til hún nam staðar, eins og sjá má af uppdrættinum og vettvangslýsing slyssins. Enda sennilegt, að ákærði hefði getið þessa, er hann fyrst var yfirheyrður um, hvernig slysið bar að höndum, ef um staðreyndir væri að ræða.

Eins og sjá má af skýrslu bifreiðarskoðunarmannsins Gunnars Þórðarsonar, hefur allur umbúnaður vörubifreiðarinnar K 213 verið í lagi, að því undanteknu, að hraðamælirinn var óvirkur, þegar slysið varð.

Þegar á það er litið, að engin bifreið var á veginum, sem ákærði Jón Haukur Hafstað þurfti að víkja fyrir, verður ekki séð, hvers vegna hann hefur ekið út á vegarbrúnina og ekið eftir henni, í stað þess að halda sig í hjólförunum á miðjum veginum. Verður því að álíta, að

þetta háttalag hans sé sprottið af vangæzlu hans á veginum eða af því að krepjan, er settist á framrúðuna, hafi falið honum sýn yfir veginn. En það er ljóst, að ef hann hefði ekki ekið alveg út á vesturbrún vegarins, en haldið sig á honum miðjum, eins og venjulega er gert, hefði ræsisskarðið ekki valdið honum neinni truflun í akstrinum og slysið ekki orðið.

Það er, eins og að framan er rakið, að fullu sannað, að ákærður ók bifreiðinni með allt að 45 km hraða, miðað við klukkustund, þrátt fyrir náttmyrkur, krepjuúrfelli og við óvirka gluggaþurrku, og þetta gerði hann með marga menn standandi á bifreiðarpallinum, án nokkurs verulegs umbúnaðar, er varna mætti þeim frá falli út af pallinum. Skiptir hér ekki máli, að ákærði kveðst ekki hafa orðið þess áskynja, hve margir voru á vörupallinum og ekki veitt þeim leyfi til að vera þar, því honum var kunnugt um, að á bifreiðarpallinum voru hvorki föst sæti né nokkur annar útbúnaður, er heimilaði honum að aka bifreiðinni með hóp manna standandi á pallinum, eins og á stóð og með þeim ökuhraða, sem greint hefur verið. Og þegar hér við bætist, að stýrishús bifreiðarinnar var ofsetið af 2 mönnum fram yfir leyfða farþegatölu og þrengslin, sem af því stöfuðu, hafa hlotið að valda erfiðleikum á stjórn bifreiðarinnar, verður að telja framferði ákærða mjög gálaust og fjarri þeirri varfærni, er honum var skylt að sýna sem bifreiðarstjóri. Verður að telja, að framangreint gáleysi ákærða hafi leitt til þess, að Pétur Sigurlaugsson Snæland beið bana við það að falla út af bifreiðinni, þegar hún fór út af veginum.

Eftir því sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að ákærði Jón Haukur Hafstað hefur gerzt brotlegur við öll þau ákvæði laga, er hann er ákærður fyrir í máli þessu og upp eru talin hér að framan, að því undanteknu, að hann þykir ranglega ákærður til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, með því að gáleysisbroti hans gegn 215. gr. hegningarlaganna er ekki svo háttað, að af því geti leitt, að hann teljist ekki lengur hafa óflekkað mannorð. Ber því að sýkna hann af þessum lið ákærunnar. Þykir refsing hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 14. gr. umferðarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald í 4 mánuði.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða rétti til bifreiðarstjórnar ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

II.

Af þeim mönnum, sem farþegar voru í bifreiðinni, er framangreint slys varð og borið hafa vitni í máli þessu, eru sex ákærðir fyrir rangan framburð í málinu. Auk þess er sannað, að sjöundi farþeginn, Reynir Hjörleifsson á Kimbastöðum, hefur gerzt sekur um rangan framburð í málinu, en saksókn gegn honum hefur að tillögum barnaverndar-

nefndar verið látin niður falla samkvæmt 30. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Allir voru ákærðu á unga aldri, einn 19 ára, þrír 20 ára, einn 23 ára og einn 24 ára, er þeir báru vitni í málinu, sem ákæran á hendur þeim er risin af. Hegðun þeirra að undanförnu slysinu og síðan frumprófum málsins lauk hefur verið góð, svo kunnugt sé. Verða hér raktar sakir hinna ákærðu hvers um sig:

1. Ákærði Ingvar Gýgjar Jónsson.

Upplýst er, að hann sat við hlið ákærða Jóns Hauks Hafstað í stýrishúsi bifreiðarinnar, er slysið varð. En er hann var kvaddur fyrir dóm sunnudaginn 22. október 1950 og yfirheyrður um, hverjir voru í bifreiðarskýlinu hjá ofangreindum bifreiðarstjóra, bar hann, að þeir Jón Haukur Hafstað hefðu verið þar tveir einir, en meðal þeirra, sem stóðu á vörupalli bifreiðarinnar og hann taldi upp með nöfnum, nefndi hann ákærða Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson. Þegar hann var aftur yfirheyrður um þetta atriði fyrir dómi 28. nóv. 1951, játaði hann, að í bifreiðarskýlinu voru auk hans og ákærða Jóns Hauks einnig ákærðu Sveinn Jónsson og Svavar Hjörleifsson. Kveðst hann hafa hvatt þá Svein Jónsson og Svavar Hjörleifsson til þess að bera rangt um þetta atriði, ef þeir yrðu krafðir vitnisburðar um það. Enn fremur bar hann fyrir dómi degi síðar, að hann hafi sunnudaginn 22. október 1950, eftir að slysið varð, farið heim að Kimbastöðum, hitt þar ákærða Svavar Hjörleifsson og beðið hann að leyna því og bera rangt um það, hve margir voru í stýrishúsi bifreiðarinnar, þegar slysið varð. Hefur hann synjað fyrir að hafa hvatt aðra til að bera rangt en ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson, en það er upplýst, að hann fór síðastgreint sunnudagskvöld með nefndum Svavari fram að Hóli í Sæmundarhlíð og hittu þeir þar ákærða Svein Jónsson og báðu hann að bera rangt um það, hve margir voru inni í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð.

Eftir að saksókn er hafin gegn honum og málið þingfest, hefur hann borið, að hann hafi skoðað sig sem hlutdeildarmann í bifreiðarslysinu, þar sem hann var umráðamaður bifreiðarinnar K 213 og hafði falið öðrum stjórn hennar. Á þennan framburð hans þykir ekki fært að leggja trúnað, m. a. af því að ofangreindra skoðana ákærða hefur ekki kennt fyrr en nú, eftir að frumprófum málsins var lokið.

Með því að bera vísvitandi rangt um framangreind atriði og fá þá ákærðu Svavar Hjörleifsson og Svein Jónsson til þess að bera rangt um þau, hefur hann gerzt sekur við 142. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4.—5. tl. 70. gr. sömu laga 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði Svavar Hjörleifsson.

Sannað er, að hann var í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213 frá Varmahlíð og þangað til slysið var um garð gengið. Hann var krafinn vitnisburðar undir eins fyrsta dag rannsóknarinnar um það, hverjir voru þá í bifreiðarskýlinu hjá ákærða Jóni Hauki Hafstað og bar hann þannig: „Haukur stýrði bifreiðinni og sat Ingvar Jónsson hjá honum frammi í bifreiðarhúsinu, en allir aðrir, sem á bifreiðinni voru, stóðu á vörupalli bifreiðarinnar. Þar voru 9 eftirtaldir menn." Síðan taldi ákærði upp mennina með nöfnum og nefndi þar á meðal ákærða Svein Jónsson og taldi sjálfan sig. Ennfremur sagðist hann ekki hafa hrokkið út af vörupallinum, heldur hafa fyrst haldið sér í mann, sem stóð fyrir framan hann, en hafa svo náð í járnbogann.

Eftir að bert var orðið, að ofangreindur framburður hans var rangur, játaði hann 29. nóv. 1951 að hafa verið einn af þeim fjórum mönnum, sem sátu frammi í skýli bifreiðarinnar K 213 frá Varmahlíð og þangað til slysið varð. Er framburður hans um þetta efni að öðru leyti á þessa leið:

Undir eins á sunnudaginn eftir slysið (22. okt.) komu þeir ákærði og Ingvar Gýgjar sér saman um að bera rangt um, hverjir hefðu setið í stýrishúsi bifreiðarinnar, ef ákærði yrði kvaddur vitnisburðar um það. Komu þeir Ingvar og Jón Haukur heim til ákærða að Kimbastöðum og fór hann með þeim að Steinholti. Áttu þeir Ingvar og ákærði þar saman viðtal um að leyna því, hve margir hefðu verið í bifreiðarskýlinu. Sagði hann bræðrum sínum, að hann hefði verið á bifreiðarpallinum og þeir skyldu bera það.

Að kvöldi sama dags fóru þeir ákærði og Ingvar tveir saman fram að Hóli í Sæmundarhlíð í þeim erindum að tala við ákærða Svein Jónsson, sem hafði verið með þeim í bílskýlinu. Báðu þeir Svein að bera rangt um það, hve margir hefðu verið þar hjá Jóni Hauki, þegar slysið varð.

Segir hann, að sú hafi verið orsök þess, að hann bar rangt fyrir dóminum, að hann vildi með því koma sökinni af bifreiðarstjóranum Hauki Hafstað, þeirri sök að hafa fleiri menn í stýrishúsinu en leyfilegt var.

Af því sem að framan er greint, þykir fyllilega sannað, að ákærði hefur af ásettu ráði gerzt sekur um rangan vitnisburð og auk þess hlutdeildarmaður í röngum vitnisburði, en með því að hann hefur ekki verið ákærður fyrir hlutdeildina í röngum vitnisburði, verður hann aðeins sakfelldur fyrir hinn ranga framburð sinn. Varðar það brot hans við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4.—5. tl. 70. gr. sömu laga þriggja mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

3. Ákærði Sveinn Jónsson.

Þegar hann var krafinn vitnisburðar um það, á öðrum degi eftir slysið, hve margir og hverjir hefðu verið í stýrishúsi bifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð, bar hann þannig um þetta atriði:

„Hann segist ekki vita betur, en að þeir Haukur Hafstað og Ingvar Jónsson hafi verið einir tveir frammi í bifreiðarskýlinu, en þorir ekki að fullyrða um, hvort fleiri voru þar.“ Í framhaldi af þessum framburði sínum bar hann, að við það að bifreiðin rann út af veginum, hentist hann út af bifreiðarpallinum og kom niður aftan við bifreiðina utan í brautarkantinum. En er hann var aftur yfirheyrður um framangreint atriði 28. nóv. 1951, en þá var fallinn á hann sterkur grunur um rangan framburð, játaði hann að hafa borið rangt um þetta og játaði að hafa setið inni í bifreiðarskýlinu ásamt ákærðu Jóni Hauki Hafstað, Ingvari Gýgjari Jónssyni og Svavari Hjörleifssyni. 30. sama mánaðar var ákærði aftur yfirheyrður. Segir hann þá rétt vera, að þeir Ingvar Jónsson og Svavar Hjörleifsson hafi á sunnudagskvöldið 22. okt. 1950 komið fram að Hóli og hitt sig á brautinni niður af túninu. Var hann þar einn síns liðs. Þeir báðu hann að bera rangt um það, hve margir hefðu verið inni í stýrishúsinu á bifreið K 213, þegar slysið varð. Segir hann þá ennfremur, að tilgangur sinn með því að bera rangt um ofangreinda staðreynd hafi verið að firra þá Hauk Hafstað og Ingvar Jónsson þeirri sök að hafa ofmarga frammi í hjá sér, en þeir séu frændur hans og vinir.

Af framangreindu þykir sannað, að ákærði hefur af ásettu ráði borið rangt fyrir dómi um, hve margir voru í stýrishúsi bifreiðarinnar og með því leitast við að dylja þarvist sína. Varðar brot hans við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga 3 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

4. Ákærði Jón Hjörleifsson.

Ákærði var einn þeirra farþega, er stóðu á palli bifreiðarinnar K 213, þegar slysið bar að höndum. Hann var kvaddur vitnisburðar 24. okt. 1950 og bar þá sem hér segir: „Hann kannast við, að alls hafi verið 13 menn á bifreiðinni og telur hann áreiðanlegt að aðeins þeir Haukur og Ingvar hafi verið frammi í bifreiðarskýlinu.“ 30. nóv. 1951 er hann aftur yfirheyrður og ber þá þannig: „Hann segist ekki hafa vitað betur en það, sem hann bar fyrir lögregluréttinum 24. okt. 1950. Hann segist að vísu ekki hafa séð Svavar bróður sinn á vörupalli bifreiðarinnar, en það var ekki að marka, sökum þess hve myrkt var. Hins vegar hafi Svavar sagt honum, að hann hafi verið á vörupalli bifreiðarinnar, þangað til bifreiðin fór út af veginum og slysið varð. Hann játar, að hann hafi fullyrt of mikið í framburði sínum í fyrra haust, en neitar því, að hann hafi gert það vísvitandi og í því skyni að bera rangt.

Eins og áður er greint frá, hefur bróðir ákærða, Svavar Hjörleifsson, meðákærði, játað að hafa sagt bræðrum sínum, að hann hafi verið á bifreiðarpallinum, er slysið varð, og að þeir skyldu gera það, og er Reynir Hjörleifsson, bróðir þeirra, var yfirheyrður um þetta atriði 30. nóv. 1951, eftir að uppvíst var um að hann og bræður hans, sem ákærðir eru í máli þessu, höfðu borið rangt um það í upphafi rannsóknarinnar, þá játar hann að hafa borið rangt um það eftir beiðni Svavars bróður síns. Kvað hann þá orsök liggja til þess, að Svavar bróðir hans bað hann að bera rangan vitnisburð, að hann vildi koma þeim Hauki Hafstað og Ingvari í Steinholti undan sök og máske sjálfum sér og Sveini á Hóli einnig. Enda þótt framburður ákærða Svavars Hjörleifssonar verði ekki skilinn svo, að hann hafi játað að hafa beðið bræður sína að bera rangt, heldur leitast við að villa þeim sýn um staðreyndir og hvað þeir skyldu bera, virðast nokkrar líkur vera fyrir því, að Svavar hafi ekki látið sitja við það eitt að hvetja yngsta bróður sinn, Reyni, til að bera rangt fyrir dóminum. Gegn eindreginni neitun ákærða Jóns Hjörleifssonar þykir þó bresta á nægilega sönnun fyrir því, að hann hafi af ásettu ráði borið rangt um, hvar þeir Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson voru í bifreiðinni. Hins vegar þykir augljóst, að hann hefur, eins og hann hefur játað, fullyrt of mikið í framburði sínum, án þess að geta borið um það af eigin reynd og verður að meta honum það til stórfellds gáleysis.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, verður að sýkna ákærða af ákærunni um rangan framburð af ásettu ráði og til refsingar samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, en brot hans ber að heimfæra undir 144. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga varðhald í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

5. Ákærði Hróðmar Hjörleifsson.

Hann var einn þeirra farþega, sem stóðu á palli bifreiðarinnar K 213, er slysið varð. Hann var fyrst kvaddur til vitnisburðar um slysið 24. okt. 1950. En að því leyti, sem varðar ákæruna á hendur honum, er framburður hans þá þannig: „Hann segir að ábyggilegt sé, að aðeins þeir Ingvar Jónsson og Haukur Hafstað hafi verið í bílskýlinu, en allir aðrir stóðu á palli bifreiðarinnar.“ Eftir að upplýst var, að hann hafði skýrt rangt frá framangreindum staðreyndum, var hann 30. nóv. 1951 aftur yfirheyrður um þær og ber hann þá þannig: „Hann segist hvorki hafa séð Svavar bróður sinn né Svein Jónsson á Hóli á bifreiðarpallinum, en fullyrt að þeir hafi verið þar, af því að Svavar bróðir hans hafi sagt honum, að hann hafi verið einn af þeim, sem var úti á vörupalli bifreiðarinnar K 213. Hins vegar heyrði hann það sagt, að þeir Haukur Hafstað og Ingvar í Steinholti hafi einir verið í bifreiðarskýlinu og ekki aðrir. Hann segir, að hann muni ekki betur en að

Svavar bróðir sinn hafi sagt sér þetta, að hann hafi verið úti á bifreiðarpallinum, áður en þeir Ingvar í Steinholti og Haukur Hafstað komu að Kimbastöðum á sunnudagskvöldið 22. október f. á.

Það er upplýst, að ákærði hafði drukkið nokkuð áfengi á dansskemmtuninni í Varmahlíð, en hann telur, að hann hafi aðeins verið kenndur. Hann varð fyrir nokkrum meiðslum við að hrökkva út af bifreiðinni, er hún fór út af veginum.

Með tilvísun til þess, sem rakið hefur verið undir II. 5 hér að framan um sambandið milli framburðar ákærða og Svavars bróður hans og um framburð bróður þeirra, Reynis Hjörleifssonar, þykja nokkrar líkur til þess, að ákærði Hróðmar hafi vísvitandi 24. október 1950 borið rangt um, hvar þeir Svavar bróðir hans og Sveinn Jónsson á Hóli voru í bifreiðinni K 213, þegar slysið varð, en ekki nægilega sterkar, til þess að talizt geti sannað, að hann hafi af ásettu ráði skýrt rangt frá þessu og þar með gerzt sekur við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga. Verður því að sýkna hann af ákærunni að þessu leyti. Hins vegar þykir augljóst, að hann hefur drýgt stórfellt gáleysi, með því að fullyrða fyrir dómi um staðreyndir, sem hann gat ekki borið um af eigin raun, og ber því að dómarans áliti að heimfæra brot hans undir 144. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein og með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga hæfilega ákveðin varðhald í þrjá mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

6. Ákærði Óskar Jónsson.

Hann var meðal þeirra, sem stóðu á palli vörubifreiðarinnar K 213, þegar slysið varð og var fyrst kvaddur til vitnisburðar um slysið 23. okt. 1950. Bar hann þá fyrir dóminum, að alls hefðu 9 menn verið á vörupalli bifreiðarinnar, og taldi þá upp með nöfnum, þar á meðal Svein Jónsson, bróður sinn, og Svavar Hjörleifsson. Lét hann þess getið, að þeir hafi staðið allir alla leið þangað til slysið varð. Þá gat hann þess og, að Ingvar Jónsson í Steinholti hefði setið frammi í bifreiðarskýlinu hjá Hauki Hafstað, sem stýrði bifreiðinni.

Þegar vitneskja fékkst um, að ákærðu í máli þessu höfðu dulið það eða gefið ranga skýrslu um, hve margir og hverjir farþeganna á bifreið K 213 höfðu verið frammi í bifreiðarskýlinu hjá bifreiðarstjóranum, er slysið varð, var ákærði Óskar fluttur til Reykjavíkur og stundar þar iðnnám. Var hann yfirheyrður á ný að ósk dómarans í sakadómi Reykjavíkur 13. júní s. l. og var framburður hans á þessa leið:

Hann kveðst hafa sagt sýslumanni Skagfirðinga í réttarhaldi 22. okt. 1950 (sic), að þeir Sveinn Jónsson og Svavar Hjörleifsson hafi verið á vörupalli bílsins, þegar slysið varð, vegna þess að hann hélt að svo væri. Hann hafði þó ekki séð þá á pallinum, enda myrkt og auk þess vissi hann, að ekki mátti hafa nema einn farþega í stýrishúsi.

Daginn eftir frétti hann, að þrír hefðu verið farþegar í stýrishúsi

bifreiðarinnar K 213. Segist hann að vísu hafa fundið hvöt hjá sér til að leiðrétta framburðinn, þegar hann varð hins sanna áskynja um farþega í stýrishúsinu, en hann taldi, að slíkt væri þýðingarlaust eða ekki leyfilegt, enda voru honum ekki kunn lagaákvæði um þetta atriði. Þrátt fyrir það, hve fullyrðingar ákærða í framburði hans 23. okt. 1950 eru ákveðnar um staðreyndir, sem hann síðar hefur játað, að hann hafi þá ekki vitað um, þykir það ósannað, að hann hafi borið rangt af ásettu ráði. Sveinn bróðir hans segir í skýrslu sinni fyrir dóminum 28. nóv. 1951, þegar hann játaði sök sína, að hann hafi engan þátt átt í því, að aðrir bæru rangt um það, hve margir voru í bifreiðarskýlinu og að hann telji, að bræður sínir hafi ekki vitað um að hann sat þar. Og enda þótt ekki sé mikið upp úr framburði Sveins að leggja um þetta atriði, er hins vegar engum upplýsingum til að dreifa um, að ákærði Óskar hefði verið hvattur til rangs framburðar um það. Verður samkvæmt framangreindu að sýkna hann af ákæruni um rangan framburð af ásettu ráði til refsingar samkvæmt 1. málsgrein 142. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir bert, að hann hefur gerzt sekur um stórfellt gáleysi í framburði sínum 23. okt. 1950, sem lýst er hér að framan. Ber að heimfæra brot hans undir 144. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein hæfilega ákveðin með hliðsjón af 4. og 5. tl. 70. gr. sömu laga varðhald í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin.

III.

Allir ákærðu greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða mun af máli þessu, in solidum, þar með talin 1500 kr. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ármanns Snævars prófessors.

Það hefur valdið drætti á uppsögn dóms þessa, að dómarinn veiktist af inflúenzu skömmu eftir að málið var tekið til dóms og hefur verið veikur lengst af síðan. En fyrir drætti þeim, sem varð á að rannsókn málsins yrði að fullu lokið, er gerð grein í rannsóknargerðunum.

Dómsorð:

Ákærði Jón Haukur Árnason Hafstað sæti varðhaldi 4 mánuði.

Hann skal sviptur ævilangt leyfi til að stýra bifreið, frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu Ingvar Gýgjar Jónsson, Svavar Hjörleifsson og Sveinn Jónsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði.

Þeir eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu Jón Hjörleifsson og Hróðmar Hjörleifsson sæti hvor um sig varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar þeirra skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu

dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærði Óskar Jónsson sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldin.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ármanns Snævars prófessors, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. október 1953.

Nr. 107/1952. **Egill Vilhjálmsson h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Hans Adamsen (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1952. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en *til vara* lækkunar á dæmdum bótum til handa gagnáfrýjanda. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 3. október 1952, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 24. september 1952. Krefst gagnáfrýjandi þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 37817.60, *til vara* kr. 33020.00 og til *þrautavara* aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 26. ágúst 1950 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Héraðsdómur í máli þessu var upp kveðinn 23. febrúar

1952. Aðaláfrýjandi gat því eigi áfrýjað málinu leyfislaust hinn 10. júlí 1952. Þar sem áfrýjunarleyfi skortir, ber þess vegna að vísa aðalsök sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Aðalsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Egill Vilhjálmsson h/f, greiði gagnáfrýjanda, Hans Adamsen, kr. 2000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Hans Adamsen, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóv. 1950, gegn Agli Vilhjálmssyni h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta. Gerði stefnandi í upphafi þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 31.654.01 með 6% ársvöxtum frá 10. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í hinum munnlega málflutningi breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 37.817.60 með 6% ársvöxtum frá 6. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi, sem samþykkti að fyrrgreind hækkun á dómkröfum kæmist að án framhaldsstefnu, hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. *Til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að stefnandi er eigandi bifreiðarinnar F 110, sem er fólksflutningabifreið af svonefndri Cadillacgerð, smíðaár 1941. Í bifreiðinni var hreyfill frá sömu verksmiðju af svonefndri V-gerð. Um vorið 1950 var bifreiðinni komið til athugunar á bifreiðaverkstæðið Neista á Siglufirði. Kom þá í ljós, að „stimpilstangarlegur" voru bilaðar og á því verkstæði telur stefnandi, að nokkrir svonefndir „stimpilstangarboltar" hafi verið eyðilagðir með því að reyna að skrúfa þá með skrúflyklum, sem hæfðu ekki. Ekki voru tæki til að gera við skemmdir þessar á verkstæðinu og var bifreiðin því send hingað til bæjarins og virðist hún hafa komið hingað um 16. júní s. á. Var bif-

reiðinni síðan komið til viðgerðar á verkstæði stefnda, hér í bænum, og var þess óskað, að allsherjaraðgerð færi fram á henni.

Verkstjóri stefnda, sá sem hafði umsjón með viðgerð þessari, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í hreyfli bifreiðarinnar hafi verið 16 „stimpilstangarboltar", hafi 14 þeirra verið skemmdir, þar sem of stórir skrúflyklar hafi verið notaðir til að skrúfa þá. Hafi hann því látið smíða 14 nýja „bolta", en tveir þeirra gömlu hafi verið notaðir aftur, enda hafi hann talið þá óskemmda. Kveðst verkstjórinn hafa fylgzt vel með viðgerðinni. Er viðgerð á hreyflinum hafi verið talið lokið, hafi hann látið hreyfilinn ganga í um þrjá daga þar á verkstæðinu og auk þess ekið bifreiðinni einn hring í kringum verkstæðisbyggingunа. Rafmagnsgeymir bifreiðarinnar hafi verið lélegur og þurft að draga hana í gang. Bifreiðin hafi verið búin til afhendingar föstudag síðast í ágúst og hafi þá umráðamaður bifreiðarinnar sagzt mundu láta taka hana næsta dag, en þann dag var verkstjórinn ekki þar á staðnum.

Maður að nafni Kjartan Jónsson kom af hendi stefnanda og sótti bifreiðina á verkstæði stefnda. Segir hann, að hún hafi verið dregin út úr verkstæðinu og þá hafi hreyfill hennar strax farið í gang. Kveðst Kjartan þá hafa ekið bifreiðinni suður Snorrabraut, á Miklatorg og síðan Snorrabraut aftur til baka. Ekið síðan yfir á Rauðarárstíg eftir Grettisgötu og þá ekið Rauðarárstíginn að Laugavegi. Þar hafi hann þurft að stöðva vifreiðina vegna umferðarinnar, en um leið og hann hafi gefið upp benzíngjafann, hafi hreyfill hennar stöðvazt. Alla þessa leið kveðst Kjartan hafa ekið mjög varlega og ekki heyrt neitt óeðlilegt hljóð í bifreiðinni eða hreyfli hennar. Síðan kveðst Kjartan hafa fengið aðra bifreið til að draga bifreiðina. Hafi hreyfill bifreiðarinnar verið í 2. ganghraðastigi, er hún var dregin af stað. Hreyfillinn hafi farið í gang, er bifreiðin hafi verið dregin 2 til 3 metra, en þá heyrzt í honum „óeðlilegt surg" og hann strax stöðvazt. Eftir það hafi hreyfillinn ekki farið í gang, enda hafi bifreiðin verið dregin örstutt eftir þetta og þar til hann hafi tekið bifreiðina úr tengslum og stöðvað bifreið þá, er dró. Kveðst Kjartan þá hafa farið út og litið á hreyfilinn, en ekkert séð athugavert við hann. Eftir þetta hafi bifreiðin verið dregin að verkstæði stefnda, sem er þarna skammt frá, og á þeirri leið hafi hreyfill bifreiðarinnar verið í hlutlausri stöðu. Bifreiðin hafi síðan verið skilin eftir á verkstæðinu. Kjartan þessi kveðst hafa ekið bifreið í um 8 ára skeið og hafa réttindi til að aka fólksflutningabifreið í atvinnuskyni. Maður, sem var með Kjartani í bifreiðinni í umrætt sinn, hefur skýrt mjög á sömu lund frá atvikum. Ökumaður bifreiðar þeirrar, er dró F 110 á Rauðarárstígshorninu, hefur skýrt svo frá, að er hann tók að draga F 110, hafi hann ekið mjög hægt af stað, og er hann hafi ekið um 2 til 3 bifreiðalengdir, hafi hann fundið, að bifreiðin þyngdist í drætti og muni það hafa verið, er hreyfillinn var settur í tengsli. Rétt um leið hafi honum verið gefið merki um að

stöðva, sem hann hafi gert. Hafi þeim þá virzt, að einhver bilun væri í hreyfli F 110 og hafi ekki verið gerðar fleiri tilraunir til að koma honum í gang. Hafi bifreiðin síðan verið dregin á verkstæði stefnda.

Næsta mánudag var hreyfill bifreiðarinnar athugaður undir umsjá þess verkstjóra stefnda, sem áður getur, og komu þá í ljós slíkar skemmdir á hreyflinum, að hann var talinn óviðgerðarhæfur. Í umrætt sinn virðist hreyfillinn hafa verið tekinn í sundur, en þess ekki gætt að tryggja vitneskju um, hver var afstaða og ástand hinna ýmsu brotnu hluta né að halda þeim til haga.

Þann 15. sept. 1950 fékk stefnandi dómkvadda tvo sérfróða menn til að láta uppi álit sitt um, hvort fyrrgreind viðgerð á verkstæði stefnda hefði verið forsvaranlega af hendi leyst, hvort gallar á viðgerðinni hefðu verið orsök skemmda þeirra, sem urðu á hreyflinum, og að meta til fjár tjón á bifreiðinni vegna skemdanna. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 18. okt. s. á., segir svo:

„Við nána athugun á mótornum kom í ljós:

1. Brotinn undirlyftuás.
2. Þrjár stimpilstengur ónýtar.
3. Ónýtur sveifarás.
4. Cylinderblokk brotin og ekki viðgerðarhæf.
5. 3 stimplar brotnir.

Það sem skeð hefur í mótornum, er að tveir boltar í stimpilstöngum hafa slitnað, þar af leiðandi legan losnað og stimpilstengurnar brotið mótorinn.

Samkvæmt upplýsingum frá verkstjóra verkstæðisins, Axel Jónssyni, voru smíðaðir 14 stimpilstangarboltar af 16, sem eru í mótornum. Þessir boltar voru smíðaðir vegna þess að mótorinn hafði verið tekinn upp áður annars staðar og notaðir of stórir lyklar og hausarnir á boltunum skemmdir, en 2 reyndust nothæfir. Það skal tekið fram, að 2 boltar, sem slitnuðu í mótornum, voru gömlu boltarnir, sem notaðir voru. Hvernig á því stóð, að þessir boltar slitnuðu, getum við ekki dæmt um."

Þann 24. apríl 1951 fékk stefnandi dómkvadda þrjá yfirmatsmenn, til að láta uppi álit sitt um hin sömu atriði og fyrrgreindir undirmatsmenn. Í álitsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, sem dagsett er 14. okt. 1951, segir svo:

„Þar sem mótorinn var allur í pörtum og sumir hlutir hans ekki finnanlegir, þegar skoðunin fór fram og því ekki hægt að sjá hvernig afstaða brotanna var eftir bilunina, sjáum við okkur ekki fært að svara fyrstu tveimur spurningum matsbeiðninnar.

Um skemmdir mótorsins staðfestum við lýsingu á undirmati, dags. 18. október 1950, tölulið 1 til 5.

Um orsök skemmdanna álítum við þetta:

Ekki verður sagt með vissu, hvort bilun á stimpilstangarboltum sé frumorsök skemmdanna. Af ástandi mótorhlutanna varð t. d. ekki

ráðið, hvort aftasti stimpillinn hefði brotnað fyrst og orsakað hinar skemmdirnar, meðal annars slit stimpilstangarboltanna.

Meðal mótorhlutanna, sem við skoðuðum, voru aðeins 14 stimpilstangarboltar af 16, 7 langir boltar úr neðri legugötum og 7 stuttir úr efri legugötum. Okkur virðist augljóst, að 5 löngu boltanna og 1 af stuttu boltunum séu gamlir, það er að þeir hafi alltaf verið í mótornum. Af þessum gömlu boltum var hausinn slitinn af tveimur löngum boltum, en sá þriðji var viðgerður, þannig að soðið hefur verið ofan á hausinn og síðan sorfinn á hann sexkantur fyrir skrúflykil. Þessi bolti var nokkuð teygður í nánd við hausinn og gæti sú tognun átt rót sína að rekja til þess, að harka efnisins hefði minnkað við suðuaðgerðina. Slitnu boltarnir voru ekki teygðir, en hvort einnig hafi verið soðið á hausa þeirra, getum við ekki sagt um, þar sem hausarnir voru glataðir, en ef svo væri, gæti orsakar skemmdanna verið að leita þar. Axel Jónsson, sem var verkstæðisverkstjóri, þegar viðgerðin fór fram, hefur tjáð okkur, að ekki hafi verið soðið á boltahausana í umræddri viðgerð." Þá töldu yfirmatsmennirnir, að hreyfillinn væri gereyðilagður og að nýr hreyfill myndi kosta 15—17000.00 krónur. Þá myndi kosta kr. 1020.00 að setja hann í bifreiðina.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að orsakir þess að hreyfillinn eyðilagðist hljóti að vera þær, að viðgerð sú, sem framkvæmd var á verkstæði stefnda, hafi verið óforsvaranlega af hendi leyst og beri honum því að bæta tjón það, sem af hafi hlotizt. Hefur stefnandi í því sambandi helzt talið, að orsök skemmdanna hafi verið sú, að fyrrgreindir „stimpilstangarboltar" hafi brotnað eða slitnað. Ef það hafi verið nýir „boltar", sem biluðu, hljóti efni þeirra eða smíði að hafa verið ábótavant, en á því beri stefndi ábyrgð. Hafi hins vegar gamlir boltar bilað, hljóti þeir að hafa verið bilaðir eða gallaðir fyrir og því óforsvaranlegt af starfsmönnum stefnda, sem að viðgerðinni unnu, að skipta ekki einnig um þá. Þá hefur stefnandi talið, að þótt ekki verði talið sannað, að orsök skemmdanna hafi verið bilun á „stimpilstangarboltunum", þá hljóti orsök þeirra að hafa verið einhver mistök við viðgerðina, en á öllu sliku beri stefndi ábyrgð og beri að bæta tjón, er af kunni að hljótast.

Stefndi hefur mótmælt því, að nokkuð hafi verið athugavert eða ábótavant við viðgerð þá á bifreiðinni, sem framkvæmd var á verkstæði hans, og er sýknukrafa hans á því byggð. Hefur stefndi talið að alveg sé ósannað, að nokkurt orsakasamband sé milli viðgerðarinnar og skemmda þeirra, sem á hreyflinum urðu, enda geti þær hafa orsakazt af ógætilegum akstri og meðferð á bifreiðinni, án þess að nokkur galli þurfi að hafa verið á viðgerð þeirri, sem framkvæmd var á verkstæði hans.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa rannsakað eftir föngum bifreiðina og þá hluta hreyfilsins, sem enn eru til.

Það verður að telja sannað með áliti hinna dómkvöddu yfirmats-

manna, sem er í samræmi við álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að af „stimpilstangarboltum" hreyfilsins séu að minnsta kosti 6 gamlir og ekki smíðaðir á verkstæði stefnda. Af því, sem fram er komið í málinu, þykir ekki verða fullyrt, að bilun á „stimpilstangarboltum" sé frumorsök skemmda þeirra, sem á hreyflinum urðu, enda þótt svo geti vel verið og sum atriði bendi í þá átt, eins og fram kemur í álitsgerð yfirmatsmannanna.

Við athugun á hinum skemmdu hreyfilhlutum kemur fram, að í „stimpilstangir" hafa verið smíðaðar „bronselegur", en þar munu áður hafa verið hvítmálmslegur. Bronse þenst meira við hita en hvítmálmur og þarf því að gæta þess vel, þegar „bronselegur" eru festar að hafa þær rýmri á sveifarásnum, en þegar notaðar eru hvítmálmslegur. Þegar virtur er gangur hreyfilsins, meðan Kjartan Jónsson hafði bifreiðina undir höndum, bendir margt til þess, að ein eða fleiri af „stimpilstangarlegunum" hafi verið offestar. Ef svo hefur verið, er eðlilegt, að hreyfillinn færi strax í gang í upphafi, meðan hann var kaldur. Er bifreiðinni hefur verið ekið nokkra stund, hitna „legurnar" og þenjast út. Við það þyngist hreyfillinn í gangi og stöðvast, er benzíngjöfin minnkar, er bifreiðin er stöðvuð á Rauðarárstígshorninu. Þegar bifreiðin síðan er dregin áfram af annarri bifreið, hefur hreyfillinn farið í gang augnablik, en stimilstangarlega festzt á sveifarásnum og á þeim örstutta spöl, sem bifreiðin var dregin eftir það, en áður en hreyfillinn var tekinn úr tengslum, hefur stimpilstöng bognað, slitið „boltana" og ýmsir hreyfilhlutar brotnað. Er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að fyrrgreind atriði annaðhvort eða bæði séu frumorsök skemmdanna.

Að því er varðar þá skýrslu verkstjóra stefnda, að hann hafi látið hreyfilinn ganga í þrjá daga á verkstæðinu, áður en bifreiðin var afhent sem fullviðgerð, þá þykir ekki verða á henni byggt gegn mótmælum stefnanda, enda hefur skýrsla manns þessa í öðrum atriðum reynzt óörugg.

Þegar allt þetta er virt og þess gætt, hve skjótt hreyfillinn bilaði eftir að bifreiðin var tekin af verkstæði stefnda, þá verður ekki önnur skýring fundin á orsökum bilananna, en að einhverjir gallar eða mistök hafi verið á viðgerð þeirri, sem framkvæmd var á verkstæði stefnda af mönnum, sem í hans þjónustu voru. Telja verður, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem af þessum mistökum starfsmanna hans hlauzt og verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Hins vegar verður að telja, að Kjartan Jónsson hafi sýnt nokkurt gáleysi við meðferð bifreiðarinnar, er hann tók hana af verkstæðinu. Hann vissi að mikil viðgerð hafði farið fram á hreyflinum og full ástæða var til að sýna fyllstu varúð við akstur hennar fyrst á eftir. Verður að meta honum til vangæzlu að láta gera tilraunir til að draga bifreiðina í gang, er hreyfillinn hafði stöðvazt á Rauðarárstígshorninu, án þess að gæta þess vel, hvort ekki væri um bilun að ræða. Þá verður

að telja, að hann hafi verið óeðlilega seinn að taka hreyfilinn úr tengslum, er bifreiðin var dregin á Rauðarárstígshorninu og hann hafði heyrt óeðlilegan hávaða í hreyflinum. Þykja þessi mistök hans geta hafa valdið nokkru um, hve miklar skemmdirnar urðu.

Með vísan til alls þessa þykir rétt að leggja á stefnda að ¾ hlutum fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hefur beðið vegna atburðar þessa.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður á hreyfli, sem stefnandi hefur greitt stefnda	kr. 4.797.60
2.	Nýr hreyfill með ísetningu	— 18.020.00
3.	Bætur fyrir afnotamissi	— 15.000.00
		Kr. 37.817.60

Um 1. og 2. Stefnandi, sem hafði greitt stefnda að fullu viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, telur, að viðgerðarkostnaður á hreyflinum hafi numið alls kr. 4.797.60 og beri stefnda að endurgreiða það fé, þar sem viðgerðin hafi engan árangur borið. Þá krefur stefnandi stefnda um verðmæti nýr hreyfils í bifreiðina og hefur í því sambandi lagt til grundvallar mat hinna dómkvöddu yfirmatsmanna.

Stefndi hefur mótmælt þessum liðum sem allt of háum. Hefur hann í því sambandi bent á, að ekki komi til mála, að stefnandi geti bæði fengið viðgerðarkostnaðinn endurgreiddan og verð nýs hreyfils. Þá hefur stefndi bent á, að hreyfill sá, sem í bifreiðinni var, hafi verið gamall og allmikið slitinn.

Það þykir mega fallast á það með stefnda, að stefnandi eigi ekki rétt á að fá bæði endurgreiddan viðgerðarkostnaðinn og nýjan hreyfil. Telja verður, að tjón stefnanda í þessu sambandi verði að meta sem verðmæti hreyfils, sem sé svipaður að gæðum og hreyfill sá, sem eyðilagðist, að viðbættum kostnaði við að setja hann í bifreiðina. Með vísan til þess og þegar gætt er aldurs hreyfils þess, er eyðilagðist, þykir tjón stefnanda að þessu leyti hæfilega ákveðið kr. 12.000.00.

Um 3. Mjög erfitt mun hafa reynzt að fá hreyfil í bifreiðina og mjög fáar bifreiðar munu vera af þessari gerð hér á landi. Kveður stefnandi, að hann hafi enn eigi fengið hreyfil í hana og sé hún því enn ónothæf. Ætlanin hafi verið að nota bifreiðina norður á Siglufirði og reka hana í atvinnuskyni sem fólksflutningabifreið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, mun nú fyrst vera unnið að því að setja hreyfil í bifreiðina, enda mun vera mjög erfitt að afla nothæfra hreyfla í þessa gerð bifreiða. Engin gögn eru fram komin í málinu um atvinnumöguleika stefnanda með bifreiðina á þeim tíma, sem liðinn er síðan hún varð óökuhæf. Fallast má á, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af því að vera án bifreiðarinnar svo langan tíma og þykir tjón hans í því sambandi hæfilega metið kr. 4.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema kr. 16.000.00 (12.000.00 + 4.000.00). Með vísan til þess, sem að framan er rakið, ber stefnda að bæta ¾ hluta þess eða kr. 12.000.00. Ber honum að greiða fé þetta með 6% ársvöxtum, svo sem krafizt er, og reiknast vextirnir frá stefnudegi, 27. nóvember 1950.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.200.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Einari Eyfells verkfræðingi og Páli Sigurgeirssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Stefndi, Egill Vilhjálmsson h/f, greiði stefnanda, Hans Adamsen, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 2.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. okt. 1953.

Nr. 37/1953. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Gunnlaugi Jóhannessyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson sýslumaður kvað upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að í stað sektar ákærða komi varðhald 30 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að varðhald 30 daga komi í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnlaugur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Norður-Múlasýslu 5. jan. 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Gunnlaugi Jóhannessyni verkamanni, til heimilis að Litla-Bakka, Bakkagerði, Borgarfjarðarhreppi, hér í sýslu, til refsingar fyrir bruggun áfengis og sölu samkvæmt áfengislögum nr. 33 frá 1935, 6. gr. og 15. gr., sbr. 30. gr. og 33. gr., ennfremur til að sæta upptöku bruggs og bruggunartækja samkvæmt 7. gr. nefndra laga svo og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 3. apríl 1884. Hann hefur sætt 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir líkamsmeiðingar samkvæmt dómi aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 12. ágúst 1925.

Hinn 14. ágúst s. l. fór fram að fyrirlagi sýslumanns Norður-Múlasýslu leit að ólöglegu áfengi og bruggunartækjum á heimili ákærða, Gunnlaugs Jóhannessonar, að Litla-Bakka í Bakkagerðiskauptúni í Borgarfjarðarhreppi. Við leitina, sem ákærði var fyrir sitt leyti samþykkur að færi fram, fannst þetta:

Í kjallara:
1. Tunna, full af áfengi í gerjun.
2. Kútur með sama.
3. Kútur, fullur af vatni og í honum mjó koparrör í bugðum, og gekk annar endi þeirra út um staf í kútnum, skammt frá botni.
4. Koparrör, bogið með gúmmíslöngu á öðrum enda.
5. Flaska með lítilli lögg af glærum vökva, sem áfengisþef lagði af.

Í íbúð:
6. Hitapoki með vökva, sem áfengisþef lagði af, og annan tóman, sem úr var svipaður þefur.
7. Flaska með ljósleitum vökva, svipuðum útlits og það, sem var í áðurnefndri tunnu og kút í kjallaranum.

Sýnishorn voru síðan tekin af bruggi þessu, merkt og send rann-

sóknarstofu Háskólans með bréfi sýslumanns, dags. 18. ágúst s. l., og þess beiðst, að áfengisinnihald sýnishornanna yrði rannsakað.

Samkvæmt bréfi Atvinnudeildar Háskólans, dags. 28. ágúst. s. l., var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Sýnishorn	A, tekið úr tunnu,	alcoholinnihald	16.60 vol %
"	B, tekið úr kút	"	13.60 vol %
"	C, var í flöskunni	"	12.80 vol %
"	D, tekið úr hitapoka	"	15.40 vol %
"	E, var í flöskunni, en of lítið til þess að hægt væri að ákveða alcoholinnihald þess, en af því var greinileg alcohollykt, segir í vottorði Atvinnudeildarinnar.		

Ákærði viðurkennir að hafa byrjað bruggun síðastliðinn vetur, þ. e. veturinn 1951—1952, og síðan hafi hann af og til bruggað. Hann kveðst hafa notað vatn, rúgmjöl, sykur og kartöflur við bruggunina. Hann segist aldrei hafa eimað þetta brugg sitt, en viðurkennir þó, að hann hafi ætlað að eima bruggið, sem hann átti og fannst við leitina. Ákærði neitar því fastlega að hafa nokkurn tíma selt brugg sitt, en segist hafa bruggað handa sjálfum sér, honum hafi batnað í maganum við að drekka bruggið. Einstöku sinnum hafi hann gefið kunningjum sínum með sér.

Nokkur vitni telja ákærða hafa selt sér öl og „landa".

Vitnið Eiður Pétursson segist hafa keypt áfengi af ákærða fyrsta sinn fyrir einum 5 árum. Vitnið telur vínkaup sín hjá ákærða hafa verið í smáum stíl, en bæði hafi verið um öl og „landa" að ræða. Síðast keypti vitnið áfengi af ákærða um mánaðamótin maí og júní s. l., eina flösku, en allt í allt telur vitnið sig hafa keypt 3 flöskur af ákærða á þessu ári og hafi það allt verið „landi". Síðast segir vitnið, að verðið hafi verið kr. 100.00 fyrir flöskuna, en í vetur hafi verðið verið kr. 75.00.

Vitnið Jón Björgvin Þorsteinsson vissi fyrst um bruggun ákærða á síðastliðnum vetri. Vitnið kveðst hafa keypt áfengi af honum og hafi það verið öl, eina flösku snemma síðastliðið vor og 2 flöskur fyrir ca. 10 dögum, þ. e. snemma í ágúst s. l., verðið hafi verið kr. 20.00 fyrir hverja flösku, en allt voru þetta þriggja pela flöskur.

Vitnið Gunnar Sigurgeir Bóason heyrði talað um, að ákærði bruggaði áfengt öl fyrir ca. 7 árum. Í júní s. l. kveðst hann hafa keypt fyrir annan mann, Jón Jóhannes Sigurðsson, eina flösku af „landa" af ákærða og hafi hann dregið flösku þessa undan kodda í rúmi sínu og kostaði sú flaska 100 krónur. Vitnið kveðst hafa haft ráð á bíl og hafi þá stundum komið fyrir í sambandi við hátíðir og samkomur, að vitnið ók mönnum í bílnum heim til ákærða til þess að kaupa „landa" eða öl af honum, sem síðan var drukkið af mönnum þeim, sem með vitninu voru í bílnum. Segir vitnið, að sumir þessara manna hafi sagt sér, að flaskan af landa hafi kostað 100 krónur, en af ölinu kr. 40.00.

Eins og áður greinir, hefur ákærði neitað að hafa selt brugg sitt og segir framburð nefndra vitna ósannindi að þessu leyti, en viðurkennir þó að hafa látið Jón Björgvin Þorsteinsson hafa öl, en segist ekki hafa selt honum það, þar hafi verið um gjöf að ræða.

Ýmis fleiri vitni hafa verið leidd í máli þessu.

Vitnið Bjarni Sveinsson segir ákærða hafa komið til sín síðastliðið vor með flösku af áfengi, sem vitnið taldi vera brugg og ekki ósvipað brennivíni. Virðist vitnið telja flösku þessa endurgjald fyrir nokkur kíló af kjöti, sem það lét ákærða fá. Um þetta segir ákærði, að áfengið, sem hann lét fyrir kjötið, hafi hann fengið hjá kunningja sínum, en kveðst þó ekki muna, hvaða kunningi hans þetta var. Þetta vitni segist einnig oft hafa drukkið öl heima hjá ákærða, en aldrei greitt neitt fyrir það.

Vitnið Bjarni Steinsson segist aldrei hafa keypt áfengi af ákærða, en tvisvar hafa bragðað hjá honum vökva, sem kalla mætti öl. Ekki kveðst þetta vitni geta neitað því að hafa heyrt orðróm um það, að ákærði fengist við bruggun.

Vitnið Einar Sveinsson segist einu sinni hafa drukkið nokkur glös af öli heima hjá ákærða, en kveðst í fyrstu ekki vita um neinn, er keypt hafi áfengi af honum. Síðar viðurkennir vitni þetta að hafa verið viðstatt „landa"-kaup Eiðs Péturssonar hjá ákærða s. l. vor, sem áður eru nefnd.

Vitnið Áskell Torfi Bjarnason telur sig hafa vitað, að ákærði fékkst við bruggun, en segist aldrei hafa orðið var við áfengissölu hjá honum, en kveðst hafa heyrt orðróm um, að hann seldi áfengi. Einu sinni eða oftar hefur vitnið smakkað áfengi hjá ákærða, sem hann bruggaði sjálfur, og hafi verið öl.

Vitnið Þórhallur Bjarnason vissi um áfengisbrugg ákærða, en veit ekki til, að hann hafi selt áfengi, en hefur samt heyrt orðróm um það. Öl segist vitnið hafa bragðað hjá ákærða, sem hann bruggaði, bæði í fyrra sumar og nú í sumar.

Vitnið Sigmar Jóhann Ingvarsson kveðst ekki vita til að ákærði hafi selt áfengi, en kveðst hafa heyrt s. l. vor, að hann fengizt við bruggun.

Vitnið Ragnar Nikulásson kveðst hafa heyrt, að ákærði fengizt við brugg og seldi „landa" og muni vera dýrseldur, en sjálfur segist hann aldrei hafa keypt af honum og að hann viti ekki um neina, sem það hafi gert.

Vitnið Jón Jóhannes Sigurðsson kannast ekki við, að Gunnar Sigurgeir Bóason hafi keypt fyrir sig „landa"-flösku hjá ákærða. Vitnið segir, að hann hafi nokkrum sinnum gefið sér öl að drekka, er það kom heim til hans og einnig stundum gefið sér öl á flösku með sér, er það fór frá honum, en segist aldrei hafa keypt af honum áfengi. Vitnið kveðst hafa verið í bíl með Gunnari Sigurgeir o. fl. og hafi þá meðal annars verið drukkið áfengi, sem ákærði gaf vitninu.

Vitnin Ólafía og Margrét Ágústa Halldórsdætur segja ákærða hafa komið í Snotrunes með áfengi og veitt þeim Eiði Péturssyni og Einari Sveinssyni og álíta vitnin, að það væri bruggað af ákærða sjálfum.

Loks segir vitnið Sigurður Bóason, að 29. júní s. l. hafi ákærði boðið sér inn til sín og þá gefið sér móleitan vökva, sem vitnið áleit vera brugg.

Samkvæmt vottorði Atvinnudeildar Háskólans reyndist alcoholinnihald vökvasýnishornanna, sem tekin voru af bruggi ákærða við húsleitina 14. ágúst s. l., 12.80 vol % til 16.60 vol %, og þar sem nær öll vitnin, sem bragðað hafa drykki þá, sem ákærði bruggaði, tala um áfenga drykki, ýmist áfengt öl eða „landa", þykir ekki varhugavert að telja fram komnar lögfullar sannanir fyrir því, að ákærði hafi á síðasta ári bruggað eða búið til áfenga drykki eða áfengisvökva. Með þessu athæfi hefur hann brotið gegn 6. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1938 og varðar það hann refsingu samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Gegn eiðfestum framburði vitnanna Eiðs Péturssonar, Jóns Björgvins Þorsteinssonar og Gunnars Sigurgeirs Bóasonar, sem öll telja sig beinlínis hafa keypt „landa" eða áfengt öl af ákærða, virðist neitun hans eigi fá staðizt um, að hann hafi aldrei selt nokkrum manni af bruggi sínu. Með umræddri áfengissölu hefur ákærði einnig brotið gegn 15. gr. áfengislaga og varðar það hann refsingu samkvæmt 33. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af umræddri áfengissölu og hinu mikla vökvamagni, sem ákærði hafði í áfengisgerjun, er húsleitin fór fram hinn 14. ágúst s. l., verður að telja, að áfengisbruggun ákærða hafi a. m. k. að nokkru leyti verið ætluð til sölu fyrir borgun.

Fyrir nefnd áfengislagabrot þykir ákærði hafa unnið til refsingar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald og 3000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 7. gr. áfengislaga skulu upptæk og eign Menningarsjóðs ílát og tæki, sem notuð voru við bruggunina og nú eru í vörzlum hreppstjóra.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til Erlends Björnssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Jóhannesson, sæti 15 daga varðhaldi og greiði 3000 króna sekt til Menningarsjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Upptæk eru og eign Menningarsjóðs tæki og ílát, sem notuð voru við bruggunina.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Erlends Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00. Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 67/1953. **Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson** (Jón N. Sigurðsson) gegn **Björgu Pétursdóttur** (Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skýring á 8. gr. erfðalaga nr. 42/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1953, krefjast þess að dæmt verði, að þeir séu einkaerfingjar arflátans Helgu Halldórsdóttur, en hvor málsaðilja verði látinn bera sinn kostnað af málinu.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefndu málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson greiði stefndu, Björgu Pétursdóttur, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 21. febrúar 1953.

Þann 29. júní 1921 gerðu hjónin Ólafur Pétursson og Helga Halldórsdóttir, þá til heimilis á Siglufirði, þá ráðstöfun eigna sinna, að það þeirra, sem lengur lifði, skyldi erfa allar eignir þess, sem fyrr félli frá, enda áttu þau engin lífsafkvæmi. Var arfleiðsluskrá þessi gerð bréflega og þinglesin á manntalsþingi Siglufjarðarkaupstaðar 30. sama mánaðar. Ólafur Pétursson mun hafa látizt í febrúarmánuði 1946 og runnu þá allar eignir hans til ekkju hans, Helgu Halldórsdóttur, samkvæmt fyrrgreindri arfleiðsluskrá.

Þann 19. júlí 1951 andaðist Helga Halldórsdóttir, sem þá átti heima á Mímisvegi 6, hér í bænum. Fór uppskrift á eignum hennar fram hér í skiptarétti Reykjavíkur þann 21. marz 1952, en 29. sama mánaðar var gefin út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna og var hún birt síðast í Lögbirtingarblaðinu 19. apríl 1952.

Sóknaraðiljar, Kristinn Þorkelsson, Stórholti 30, Guðrún Þorkelsdóttir, Ásvallagötu 53 og Bentína Þorkelsdóttir, Laugarnescamp 34 A, öll hér í bænum, kölluðu til arfs úr búi þessu, en þeirra erfðaréttur byggist á því, að þau eru börn Þorkels heitins Benjamínssonar, sem var hálfbróðir hinnar látnu. Einnig krafðist arfs úr búi þessu Björg Pétursdóttir, Öldugötu 5, hér í bænum, en hún er alsystir Ólafs heitins Péturssonar, eiginmanns hinnar látnu.

Á skiptafundi, sem haldinn var í búi þessu 12. nóvember síðast liðinn svo og 26. fyrra mánaðar, héldu sóknaraðiljar því fram, að þeir væru einir erfingjar að eignum bús þessa og mótmæltu þeir með öllu erfðakröfu Bjargar Pétursdóttur, en hún hélt fast við erfðakröfu sína, og eftir að aðiljar höfðu í sérstöku máli sótt og varið ágreiningsatriði þetta fyrir skiptaréttinum, var það tekið undir úrskurð 14. þ. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Sóknaraðiljar byggja kröfugerð sína á því, að Ólafur heitinn Pétursson hafi ráðstafað eignum sínum með arfleiðsluskrá til konu sinnar, án þess að nokkur fyrirvari væri gerður um arftöku ættingja hans, þótt kona hans andaðist síðar, og komi því ekki til greina, að þeim beri arfur úr búi þessu.

Varnaraðili byggir aftur á móti erfðarétt sinn á því, að þar sem aðiljar hafi ekki ráðstafað eignum sínum eftir lát þess, sem lengur lifði, með arfleiðsluskrá, og það, sem síðar andaðist, hafi ekki heldur gengið í hjónaband á ný né átt lífsafkvæmi, þá sé það vafalaust, að hún njóti erfðaréttar eftir hina látnu.

Í erfðalögum nr. 42 frá 23. maí 1949, 8. gr., segir svo: „Nú andast það hjóna, sem lengur lifir, án þess að hafa gifzt aftur, en á ekki lifandi niðja eða kjörniðja og hefur ekki ráðstafað eignum sínum og skulu þá eftirlátnar eignir þess skiptast milli lögmæltra erfingja þeirra beggja að jöfnu. —"

Því er ekki haldið fram í máli þessu, að hin látna Helga Halldórsdóttir hafi gengið í hjónaband, eftir að hún missti mann sinn, Ólaf

Pétursson, né að hún hafi átt niðja eða kjörniðja og hefur ekki heldur neitt komið fram um, að hún hafi ráðstafað með arfleiðsluskrá eignum sínum eftir sinn dag. Verður því ekki annað séð en að um eftirlátnar eignir hennar fari beint eftir orðum 8. greinar fyrrgreindra erfðalaga og getur ekki hin sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, sem fyrir liggur í máli þessu, haft áhrif í gagnstæða átt, þar sem sú arfleiðsluskrá er aðeins ráðstöfun eigna þeirra hjóna innbyrðis.

Samkvæmt þessu þykir því verða að skipta eignum dánarbús þessa að jöfnu milli lögerfingja hvors hjóna um sig.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Eftirlátnum eigum Helgu Halldórsdóttur skal skipt að jöfnu milli lögerfingja hennar og lögerfingja eiginmanns hennar, Ólafs Péturssonar.

Sóknaraðiljar, Kristinn Þorkelsson, Guðrún Þorkelsdóttir og Bentína Þorkelsdóttir, greiði in solidum varnaraðilja, Björgu Pétursdóttur, í málskostnað kr. 1000.00 innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 99/1951. **Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteinsson**
(Sigurður Ólason)
gegn
Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f
(Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. júlí 1951, krefjast þess aðallega, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 480.00, en til vara, að dómkrafan verði lækkuð samkvæmt gögnum málsins. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda að mati

Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur haldið því fram, að frá kröfu stefnda beri fyrst og fremst að draga kr. 3808.00, er sé andvirði 544 m af pípum, sem stefndi hafi endurkeypt af áfrýjendum. Gegn neitun stefnda er ósannað, að samningar um slík endurkaup hafi tekizt með aðiljum. Verður þessi frádráttarliður því ekki tekinn til greina.

Þá hafa áfrýjendur krafizt þess, að frá því, sem ógreitt er af þeirra hálfu samkvæmt samningi þeim, er í héraðsdómi greinir, verði ennfremur dregið andvirði „turns", kr. 1000.00 og andvirði pípna, er grafnar voru í jörð í Hvítanesi, kr. 2500.00. Þetta hvorttveggja telja þeir, að stefndi hafi selt þeim með framangreindum samningi, en brostið heimildir til sölunnar. Þessi málsástæða fyrir lækkun hinnar umstefndu kröfu kom ekki fram í héraði, og hefur henni verið mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram kominni og órökstuddri. Verður hún ekki tekin til greina.

Samkvæmt því sem nú hefur verið greint og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Þar sem rök skortir gersamlega fyrir áfrýjun máls þessa, þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pétur Ketilsson og Valdimar Þorsteinsson, greiði in solidum stefnda, Jóni Guðmundssyni f. h. Hvítaness s/f, kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. febrúar 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri, hér í bæ, f. h. s/f Hvítaness, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. jan. 1948, gegn

Pétri Ketilssyni trésmið, Háteigsvegi 4, og Valdimar G. Þorsteinssyni trésmið, Barónsstig 41, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 7838.00 auk 6% ársvaxta frá 30. júní 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni á þá leið, að hann krafðist vaxta frá 30. maí 1947, og samþykktu stefndu, að hann kæmi þeirri breytingu að.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 30. maí 1947 seldi stefnandi stefndu sameiginlega ýmsar vörur (3 skemmur með pípum o. fl.), sem hann átti að Hvítanesi í Kjós, fyrir samtals kr. 12 250.00. Kvittuðu stefndu fyrir móttöku vara þessara. Þá keyptu stefnandi og hafa selt þeim smurningsolíu fyrir kr. 150.00, blakkfernis fyrir kr. 50.00 og jarðolíu fyrir kr. 75.00. Hafi því stefndu samtals keypt af honum vörur fyrir kr. 12 525.00. Upp í kaupverðið hafi stefndu greitt kr. 4 687.00 og standi því hin umstefnda fjárhæð eftir.

Stefndu hafa neitað því, að þeir hafi fengið nokkurn blakkfernis hjá stefnanda og gegn mótmælum þeirra er það ósannað. Lækkar því fjárhæð sú, sem stefnandi telur sig hafa selt stefndu vörur fyrir, um kr. 50.00. Ágreiningslaust er, að stefndu hafa greitt kr. 4 687.00 upp í kaupverð umræddra vara. Nema því eftirstöðvar kaupverðsins aðeins kr. 7 788.00.

Sýknukröfuna reisa stefndu á því, að þeir hafi gert stefnanda tilboð, eftir að þeir höfðu tekið og hagnýtt sér nokkuð af vörunum, um að selja honum eftirstöðvar þeirra fyrir kr. 9 748.00. Stefnandi hafi tekið þessu tilboði og telja þeir sig því eiga hjá honum töluverða fjárhæð í stað þess að skulda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að samningar hafi komizt á milli hans og stefndu um endurkaup á eftirstöðvum varanna, og hafa stefndu gegn mótmælum hans ekki sannað þá staðhæfingu sína. Hefur krafa stefndu um sýknu því ekki við rök að styðjast, og verða þá úrslit málsins þau að dæma ber stefndu til að greiða stefnanda eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 7 788.00, með vöxtum, eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Jóhanni Ólafssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndu, Pétur Ketilson og Valdimar G. Þorsteinsson, greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða stefnanda, Jóni Guðmundssyni f. h. s/f Hvítaness, kr. 7 788.00 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1947 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Kærumálið nr. 13/1953.

Guðmundur Runólfsson

gegn

Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. október þ. á., sem barst til Hæstaréttar 19. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 25. september s. l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum, en með dómi þessum var bæjarþingsmálinu vísað sjálfkrafa frá dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Runólfsson, greiði varnaraðiljum, Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni, kr. 500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. sept. 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ. m., hefur Guðmundur Runólfsson, Sundlaugavegi 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 16. desember 1950, gegn Einari Guðjónssyni, Egilsgötu 16, og Gústaf Þórðarsyni, Hrísateig 31, báðum hér í bænum. Er málið *aðallega*

höfðað gegn stefndu in solidum, en *til vara* gegn stefnda Einari einum til greiðslu á kr. 41 338.89 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1946 til greiðsludags og málskostnaði svo og til staðfestingar á kyrrsetningu, er fram fór hjá stefnda Einari hinn 15. desember 1950.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1941 hófu aðiljar máls þessa að reka í félagi vélsmiðjuna Bjarg og átti hver um sig þriðjung fyrirtækis þessa. Tilkynntu þeir starfsemi þessa til firmaskrár Reykjavíkur hinn 6. maí 1942 og var þess þá jafnframt getið, að stefnandi væri prókúruhafi fyrirtækisins. Með samningi, dagsettum 21. maí 1946, seldi stefnandi stefndu eignarhluta sinn í fyrirtækinu. Segir í samningi þessum, að kaupverð eignarhluta stefnanda af vélum og áhöldum, þar með töldum skrifstofuhúsgögnum, skuli vera kr. 30 000.00 og greiðast við undirskrift samningsins. Kaupverð eignarhluta stefnanda í húseign fyrirtækisins, Höfðatúni 8, skyldi vera kr. 100 000.00, að frádregnum ⅓ hluta áhvílandi veðskulda, eins og þær voru við undirskrift samningsins. Afsal fyrir húshlutanum skyldi fram fara 15. febrúar 1947, og gáfu stefndu út skuldabréf til tryggingar greiðslu kaupverðsins. Var skuldabréf þetta að fjárhæð kr. 100 000.00, tryggt með veði í húseigninni og vélum og áhöldum fyrirtækisins og féll í gjalddaga 15. febrúar 1947. Loks skyldi gera upp rekstur og hag verksmiðjunnar, miðað við 14. maí 1946, og að því loknu greiða stefnanda hans hluta, ⅓ af nettóeignum firmans, að undanskildum vélum, áhöldum, skrifstofugögnum og húseigninni samkvæmt nánara samkomulagi síðar.

Á miðju ári 1947 komu aðiljar sér saman um að fela löggiltum endurskoðanda endanlegt uppgjör í viðskiptum þessum. Skýrsla hans, dagsett 15. nóv. 1950, hefur verið lögð fram í málinu. Er í upphafi hennar frá því skýrt, að fjárhæðir þær, er í samningnum voru greindar, eru lægri en raunverulegt samkomulag varð um að greiða stefnanda og að framkvæmd samningsins var sú, að eignarhluti stefnanda í vélum og áhöldum var talinn kr. 50 000.00, en hluti hans í húseigninni kr. 150 000.00. Við undirskrift samningsins voru honum greiddar kr. 100 000.00 og nokkrum dögum síðar gefið út til hans fyrrgreint skuldabréf að fjárhæð kr. 100 000.00. Á gjalddaga þess, hinn 15. febrúar 1947, greiddu stefndu skuld þessa að frádregnum kr. 23 160.31, er taldar voru ⅓ hluti áhvílandi veðskulda. Þessar greiðslur höfðu verið inntar af hendi áður en hinn löggilti endurskoðandi var til kvaddur. Í skýrslu sinni telur hann síðastgreindan þriðjung áhvílandi veðskulda hafa verið oftalinn um kr. 1 192.73, er séu því vangreiddar stefnanda. Þá komst endurskoðandinn að þeirri niðurstöðu, að verðmæti skuldlausra eigna vélsmiðjunnar, annarra en húseignar, véla og áhalda, nemi kr. 181 426.44 eða í hlut stefnanda kr. 60 475.48. Stefnandi hafði þegar fengið framseldar útistandandi skuldir svo og peningainnstæðu, samtals að fjárhæð kr. 20 629.32 og var því samkvæmt yfirliti endurskoðandans eftir að greiða stefnanda af likvidationsverðmæti eignanna

kr. 39 846.16, auk oftalinna veðskulda, sem fyrr greinir (kr. 1 192.73) eða alls kr. 41 0388.89 og byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á þessari niðurstöðu.

Í skýrslu endurskoðandans er það skýrt tekið fram, að eigi sé með niðurstöðu þessari sannreynt, hve miklu nemi inneign stefnanda í fyrirtækinu. Til þess þurfi að fella (likvidations-) yfirlitið inn í bókhald fyrirtækisins frá uphafi til 14. maí 1946 og skipta síðan hagnaðinum af likvidationinni milli aðilja í samræmi við höfuðstólseign og einkareikninga hvers um sig. Segir svo í skýrslunni, að bókhald og uppgjör fyrirtækisins til 14. maí 1946 hafi verið í höndum stefnanda, er hafi annazt allt skrifstofuhald þess, og fengið sér til aðstoðar Snorra nokkurn Guðmundsson. Er endurskoðandinn tók að sér uppgjör, hafi honum verið sagt, að þá væri verið að ganga frá bókhaldinu og rekstrar- og efnahagsreikningi fyrirtækisins til 14. maí 1946. Er endurskoðandinn hafði í árslok 1948 komizt að raun um likvidationsverðmætið, reyndi hann að fá í sínar hendur bókhald og uppgjör fyrirtækisins til 14. maí 1946, en það var þá talið glatað. Síðar fundust fylgiskjölin, að líkindum öll, að því er endurskoðandinn telur, en bókhaldsbækur fundust ekki. Telur endurskoðandinn niðurstöðurnar af uppgjöri sínu alls kostar ófullnægjandi, til að stefnandi geti fengið greiddan hlut sinn úr félaginu, eins og hann á með réttu að vera, nema bókhald fyrirtækisins til 14. maí 1946 verði fært að nýju eftir fylgiskjölunum, en það telur hann vera mjög mikið og kostnaðarsamt verk og að ekki sé nægilega tryggt, að það geti komið að fullum notum.

Í greinargerð sinni í máli þessu báru stefndu fram aðalkröfu um frávísun þess og byggðu hana á því, að ekki væri fyrir hendi yfirlit um rekstur félagsins til 14. maí 1946, en hins vegar teldu þeir líkur til, að stefnandi hefði tekið út úr fyrirtækinu miklu hærri fjárhæðir en þeir sjálfir, bæði í reiðufé, efni og vinnu starfsmanna og væri því ekki hægt að gera sér grein fyrir heildarhag fyrirtækisins. Kröfu þeirra var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 20. apríl 1951, enda var þá eigi víst, að ekki yrði bætt úr gagnaskorti þessum áður en málinu lyki.

Hér að framan hefur því verið lýst, að stefnandi styður kröfur sínar við skýrslu endurskoðandans frá 15. nóv. 1950. Jafnframt hefur verið rakin skýrslan í aðalatriðum svo sú niðurstaða hennar, að hún sýni ekki, hver sé raunverulegur hluti stefnanda í fyrirtækinu.

Með vísan til þess og skírskotun til 1. mgr. 69. gr. einkamálalaganna verður að vísa máli þessu frá dómi sjálfkrafa, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 49/1952. **Gunnlaugur Stefánsson**
(Árni Gunnlaugsson cand. jur.)
gegn
Ragnari Björnssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1952 og gert þær dómkröfur, *aðallega* að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en *til vara,* að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 1000.00. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hafði að vísu nokkra ástæðu til að ætla, að reikningur stefnda væri hár, miðað við áætlun þá, sem stefndi gerði um verkið og lýst er í héraðsdómi. En af gögnum málsins má sjá, að umboðsmanni áfrýjanda var ljóst, að mats á endurgjaldi fyrir verkið kynni að vera þörf, en hann hófst samt ekki handa um dómkvaðning matsmanna. Að svo vöxnu máli og þar sem ekki verður séð, að stefndi hafi skuldbundið sig til að framkvæma verkið fyrir áætlunarverð, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði stefnda, Ragnari Björnssyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. marz 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 4. marz, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 20. febrúar síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 16. júní 1951, af Ragnari Björnssyni húsgagnabólstrara, Öldugötu 16, hér í bæ, gegn Gunnlaugi Stefánssyni kaupmanni, Austurgötu 25, hér í bæ, til greiðslu á kr. 2380.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Í munnlegum málflutningi máls þessa lækkaði stefnandinn kröfu sína niður í kr. 2315.15 með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 28. apríl 1951 til greiðsludags, auk málskostnað úr hendi stefnda samkvæmt áðursögðu.

Af hálfu stefnda er mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt aðallega, að stefndi verði algerlega sýknaður af kröfum stefnandans og til vara, að stefndi verði aðeins dæmdur til greiðslu upphæðar undir kr. 1000.00 eftir mati dómarans og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1950 hafði stefndi í máli þessu, Gunnlaugur Stefánsson, eignazt húsgagnaáklæði, í því skyni að nota það á þrjá stóla og setubekk, því klæði, sem á því var, var orðið slitið og snjáð. Náði hann því í stefnandann, Ragnar Björnsson húsgagnabólstrara, og bað hann að líta á stólana og setubekkinn. Stefnandinn kom á heimili stefnda og skoðaði hluti þessa. Kveðst stefndi hafa spurt stefnandann, hvað það myndi kosta að skipta um klæði á þessum fjórum innanstokksmunum, með því að stefndi legði sjálfur til klæði, en stefnandinn vinnuna. Stefndi telur, að stefnandinn hafi áætlað verkið kr. 1000.00—1200.00, eins og þá stóðu sakir, en hann hefði þá sagzt hafa mikið að gera og þetta myndi verða langt um ódýrara, með því að bíða til vorsins, og gerði stefndi það. Seint í apríl sama ár flutti stefndi umrædda hluti í vinnustofu stefnandans hér, til að láta hann skipta um áklæðið. Stefnandinn lét síðan skipta um klæði á munum þessum, gera við seturnar o. fl. smávegis, og mun stefndi hafa látið sækja þá á vinnustofuna aftur 2. maí. Nokkru síðar sendi stefnandinn stefnda reikning fyrir verk þetta, að upphæð kr. 2380.00, en stefndi neitaði að greiða, þar sem samið hefði verið um miklu lægri upphæð. En stefnandinn hóf þá málssókn þessa til greiðslu skuldarinnar, auk vaxta og málskostnaðar.

Undir rekstri málsins hefur stefnandinn lagt fram sundurliðaðar vinnunótur yfir alla þá vinnu, er hann telur að farið hafi til þessa verks, samtals 100 klst. á kr. 20.00 eða kr. 2000.00, og efni samkvæmt sundurliðun á frumnótu, sem einnig er fram lögð, kr. 315.15, en í samræmi við þessar upphæðir var dómkrafa stefnanda lækkuð við munnlegan flutning málsins í kr. 2315.15.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að stefnukrafan sé tilbúningur og

handahóf, tilraun til fjársvika og okurstarfsemi. Stefnandinn hefði tjáð, að verkið myndi kosta kr. 1000.00—1200.00, eins og þá stóðu sakir, en myndi verða langtum ódýrara síðar eða um það bil, sem verkið fór fram, og við þetta hefur stefndi miðað varakröfu sína.

Um aðalkröfu stefnda, algera sýknu, skal tekið fram, að upplýst er í málinu og viðurkennt af stefnda, að stefnandinn hefur samkvæmt beiðni stefnda skipt um klæði á 4 munum, og fyrir þetta á stefnandinn löglega kröfu á hendur stefnda um sanngjarna greiðslu, eftir því sem gerist í þeirri iðngrein.

Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Skal þá litið á varakröfu stefnda um greiðslu, er sé undir 1000 krónum. Stefndi heldur fram, að stefnandinn hefði tjáð honum, að umrætt verk yrði undir þessari upphæð og sú yfirlýsing væri bindandi fyrir stefnandann.

Stefnandinn telur ekki ósennilegt, að hann hafi á sínum tíma gert áætlun um, hvað verkið myndi kosta, en kannast ekki við að hafa lofað verkinu fyrir ákveðið verð eða að framkvæma það fyrir hina áætluðu upphæð.

Dómarinn telur, að ekki séu í máli þessu fram komnar fullnægjandi sönnur fyrir því, að stefnandinn hafi tekið að sér að framkvæma umrætt verk fyrir ákveðið verð, og verður varakrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Í málinu hafa ekki komið fram af hálfu stefnda rökstuddar athugasemdir við upphæð dómkröfunnar að öðru leyti en þegar er rakið, og þar sem stefnandinn hefur, meðal annars með framlögðum frumnótum yfir vinnu og efni, gert nægilega grein fyrir kröfum sínum, verða þær teknar til greina, þó þannig, að vextir reiknast aðeins frá stefnudegi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði stefnandanum, Ragnari Björnssyni, kr. 2315.15 með 6% ársvöxtum frá 16. júní 1951 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 126/1953. **Magnús Einarsson**
gegn
Bjarna Péturssyni og Kristni Péturssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 111/1953. **Jón Guðmundsson**
gegn
Jóni Finnbogasyni og Áka Jakobssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. nóvember 1953.

Nr. 43/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Hauki Thors (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz þ. á. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22/1950, sbr. a-lið 4. gr. laga nr. 59/1950, segir svo: „Til greiðslu á skattinum (þ. e. stóreignaskattinum) er heimilt að afhenda fasteignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum.“ Samkvæmt þessu fortakslausa lagaboði ber að taka til greina kröfur stefnda, enda hefur áfrýjandi viðurkennt, að framboðnar eignir séu fasteignir í merkingu nefnds lagaákvæðis. Verður héraðsdómurinn því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Hauki Thors, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. marz 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Haukur Thors framkvæmdastjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. apríl 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að honum sé heimilt að greiða stóreignaskatt þann, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, með síðar greindum fasteignum. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Í sambandi við fjárhæð skattsins hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefjast síðar niðurfellingar eða lækkunar á honum, ef það skyldi teljast rétt samkvæmt úrslitum annarra mála, sem rekin eru fyrir dómstólunum varðandi stóreignaskatt þennan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með lögum nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, framleiðslugjöld o. fl., lögum nr. 59 frá 1950 og lögum nr. 117 frá 1950, var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Í síðasta málslið 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 var svo ákveðið, að til greiðslu á skatti þessum væri heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið var í lögunum. Með ákvæðum a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 var ákvæði þessu breytt á þá lund, að aðeins væri heimilt að afhenda fasteignir sem greiðslu á skatti þessum.

Skattayfirvöldin gerðu stefnanda að greiða kr. 92.682.00 í stóreignaskatt. Þann 9. janúar 1952 ritaði stefnandi skattstjóranum í Reykjavík bréf, þar sem hann gat þess, að honum sjálfum, Kveldúlfi h. f. og þremur öðrum nafngreindum mönnum hefði verið gert að greiða samtals kr. 445.660.00 í stóreignaskatt. Sem greiðslu á skatti þessum bauð hann fram nánar tilgreindar fasteignir að Hesteyri í Norður-Ísafjarðarsýslu, eignir Kveldúlfs h.f., samtals að fasteignamatsverði kr. 130.000.00, ríkisskuldabréf að fjárhæð kr. 55.000.00 og kr. 660.00 í reiðufé. Í tilboði þessu eru fasteignirnar reiknaðar til greiðslu með þreföldu fasteignamatsverði samkvæmt reglum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. síðasta málslið 8. mgr. 12. gr. sömu laga og a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Þann 20. marz 1952 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík stefnanda, að greiðslutilboði þessu væri hafnað, að því er hann varðaði og hina þrjá tilboðsgjafana. Hins vegar var tilboðinu tekið, að því er varðaði Kveldúlf h.f. Skattur Kveldúlfs h.f. var talinn nema alls kr. 134.516.00. Þann 30. maí 1952 afsalaði Kveldúlfur h.f. síðan ríkissjóði fasteignum á Hesteyri, sem voru samtals að fasteignamatsverði kr. 44.800.00. Í þessu sambandi var verðmæti eignanna reiknað sem þrefalt fasteignamatsverð eða kr. 134.400.00. Samkvæmt gögnum í máli þessu nemur stóreignaskattur stefnanda aðeins kr. 92.494.00 og stóreignaskattur Kveldúlfs h.f. kr. 56.381.00. Hefur því verið lýst yfir, að félaginu muni verða afhentar aftur fasteignir, sem það hefur þegar afsalað sem greiðslu á skattinum, með hliðsjón af skattlækkun þessari.

Í máli þessu hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkennt verði, að honum sé heimilt að greiða nefndan stóreignaskatt sinn með því að afsala ríkissjóði eftirtöldum fasteignum, sem allar eru á Hesteyri og eign Kveldúlfs h.f., en félagið hefur heimilað stefnanda að ráðstafa fasteignum þessum.

1. Salthús, fasteignamatsverð	kr.	1.400.00
2. Bragga, ———	—	28.000.00
3. Smiðju, ———	—	500.00
	kr.	30.700.00

Krefst stefnandi þess, að í þessu sambandi verði eignir þessar taldar til greiðslu með þreföldu fasteignamatsverði eða á kr. 92.100.00. Að því er varðar nefnt salthús, þá hefur því þegar verið afsalað til ríkissjóðs sem greiðslu á stóreignaskatti Kveldúlfs h.f., en aðiljar eru sammála um, að því afsali muni verða rift og eignin afhent félaginu aftur.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðumum síðasta málsliðar 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, eins og þeim er breytt með ákvæðum a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950, sé heimilt að greiða stóreignaskattinn með fasteignum með því matsverði, sem til er tekið í lögunum sjálfum og notað var við ákvörðun skattsins. Fasteignir séu þannig gerðar að lömætum gjaldmiðli við greiðslu stóreignaskattsins. Í lögunum séu engin skilyrði sett, er takmarki þennan rétt, hvorki að því er varðar upphafstíma afsalsheimildar á fasteigninni né að fasteignirnar hafi verið skattlagðar. Stefndi sé því skyldugur til að taka við nefndum fasteignum sem greiðslu á stóreignaskattinum, enda hafi þinglesinn eigandi þeirra gefið heimild til þeirra ráðstafana.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stóreignaskattsgreiðendum sé aðeins heimilt að greiða skattinn með fasteignum, sem þeir hafi eignast fyrir 31. des. 1949 og hafi þannig verið skattlagðar með öðrum eignum þeirra. Bendir stefndi á, að heimild síðasta málsliðs 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 um að greiða megi skatt með fasteignum, sé algert undantekningarákvæði frá þeirri almennu reglu, að skatta skuli greiða með reiðufé. Í 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé meðal annars rætt um, að sé stóreignaskatturinn greiddur með veðskuldabréfum, þá skuli veðskuldabréfin tryggð með veðrétti í hinum skattlögðu eignum. Í framhaldi af þessum ákvæðum séu ákvæðin um, að heimilt sé að greiða skattinn með afhendingu eigna. Þessi ákvæði, sem séu í niðurlagi málsgreinarinnar, sé eðlilegast að skilja í samræmi við ákvæðin í fyrri hluta hennar, þannig að þar sé átt við að greiða megi skattinn með hinum skattlögðu eignum eða fasteignum, eins og síðar hafi verið ákveðið. Fasteignir þær, sem stefnandi bjóði fram sem greiðslu á hluta af skatti sínum, séu ekki hans eign og hafi ekki verið skattlagðar með eignum hans. Stefndi sé því ekki skyldugur að taka þær sem greiðslu á stóreignaskatti hans. Þá hefur stefndi bent á, að þegar virt séu markmið ákvæða laga nr. 22 frá 1950, þeirra, sem um stóreignaskatt fjalla, þá sé

ljóst, að það sé mjög óeðlilegt, ef ríkissjóður sé skyldugur að taka sem greiðslu á stóreignaskattinum alls konar fasteignir, sem skattgreiðendur hefðu aflað sér, eftir að lögin um stóreignaskatt voru sett.

Ákvæðin um að greiða megi stóreignaskatt með „eignum" er að finna í síðustu setningu 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 og 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950. Í síðustu setningu 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir svo: „Til greiðslu á skattinum er heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í lögum þessum." Í a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 er setning þessi tekin upp óbreytt, nema í stað orðsins „eignir" er sett orðið „fasteignir". Í 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 eru ákvæði a-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950 tekin upp efnislega óbreytt.

Í lagaákvæðum þessum eru engar takmarkanir um það settar, hvenær skattgreiðandi þurfi að hafa eignast fasteign, til þess að hún verði talinn lögmætur gjaldmiðill til greiðslu stóreignaskattsins. Ekki er þar heldur um það rætt, að fasteignin þurfi að hafa verið skattlögð. Samkvæmt ákvæðum 8. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sbr. lög nr. 59 frá 1950, getur gjaldþegn valið um þrjár leiðir til greiðslu stóreignaskattsins. Að greiða hann með reiðu fé, að greiða hann með skuldabréfum, tryggðum með veðrétti í hinum skattskyldu eignum og að greiða hann með fasteignum. Ekki verður talið, að slíkt samband sé á milli veðtryggingar skuldabréfanna og greiðslu með fasteignum, að ástæða sé til að telja, að ákvæðin um, að aðeins hinar „skattskyldu" eignir séu veðhæfar, eigi einnig við, þegar greiða á stóreignaskatt með fasteignum. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að heimilt sé að takmarka frekar réttinn til að greiða skattinn með eignum en gert er í a-lið 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Með vísan til þessa og þar sem ómótmælt er, að stefnandi hafi heimild til að ráðstafa fyrrgreindum fasteignum, verður að telja stefnda skylt að taka við þeim sem lögmætri greiðslu á stóreignaskatti stefnanda, að svo miklu leyti sem þær hrökkva til þess, en aðiljar eru sammála um, að rétt sé að reikna verðmæti þeirra í þessu sambandi þrefalt fasteignamatsverð. Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þennan sem umboðsdómari samkvæmt umboðsskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 16. júlí 1952.

Dómsorð:

Stefnanda, Hauki Thors, er heimilt að afhenda framangreindar fasteignir sem lögmæta greiðslu á stóreignaskatti þeim, sem honum var gert að greiða samkvæmt ákvæðum laga nr. 22 frá 1950.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1953.

Nr. 120/1953. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Stefáni Helgasyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 106. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson lögfræðingur hefur kveðið upp héraðsdóminn sem setudómari.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Stefán Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. apríl s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Stefáni Helgasyni bifreiðastjóra, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940 samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 16. febrúar 1953, til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. maí 1929 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1945 13/11 Kærður fyrir brot á bifreiðalögum. Látið falla niður.
1946 29/11 Sátt, 100 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1949 7/2 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1950 19/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Þann 20. desember s.l. fór fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Sveinn Snorrason, til skrifstofu Helga Benediktssonar kaupmanns, við Strandveg, hér í bæ, til þess að framkvæma þar fjárnám hjá Helga Benediktssyni til tryggingar greiðslu kröfu samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 25. sept. s.l. Með fógeta voru auk gerðarbeiðanda, Friðþjófs G. Johnsen hdl., réttarvottarnir Pétur Stefánsson lögregluþjónn og Kristján Guðmundsson skrifstofumaður. Þegar fógeti kom til skrifstofu gerðarþola, var hann staddur inni í einkaskrifstofu sinni, sem er inn af herbergi því, sem notað er sem almenn skrifstofa og afgreiðsla. Dyrnar að einkaskrifstofu gerðarþola stóðu opnar, þegar fógeti kom inn í almennu skrifstofuna, og kom gerðarþoli strax fram til móts við fógeta, þegar hann sá hann koma inn og innti fógeta eftir erindi hans. Fógeti skýrði gerðarþola frá því, en hann svaraði því til, að ekkert fjárnám yrði gert og kvaðst hann ekki vera mættur. Að svo mæltu fór gerðarþoli aftur inn í einkaskrifstofu sína og læsti dyrunum á eftir sér, en fógeti lýsti því yfir við gerðarþola, að hann teldi hann mættan engu að síður. Setti fógeti síðan fógetadóm og hóf gerðina. Þegar fógeti hafði lokið við að bóka það, sem af var gerðinni, gekk hann að dyrunum á einkaskrifstofu gerðarþola og barði að dyrum, en er enginn anzaði, tók fógeti í hurðarhúninn og fann, að dyrnar voru enn læstar. Þar sem fógeti áleit, að gerðarþoli væri þar enn inni, kallaði hann til gerðarþola og skoraði á hann að koma út úr herberginu, ella myndi honum verða skipaður réttargæzlumaður til þess að vera við gerðina. Þessu var engu svarað. Á meðan þessu fór fram, höfðu tveir synir gerðarþola komið inn í almennu skrifstofuna. Voru þetta ákærði og bróðir hans, Sigtryggur. Dvöldu þeir bræður nokkra stund þarna inni, en fóru svo báðir út. Ákærði kom þó fljótlega inn aftur og fékk sér sæti. Nokkur orðaskipti áttu sér stað milli ákærða og fógeta. Fógeti skýrir svo frá, að ákærði hafi spurt sig, hvað þarna væri um að vera og fógeti skýrt ákærða frá því, að þarna færi fram fjárnámsgerð hjá föður hans, gerðarþola, en hann hefði læst sig inni í einkaskrifstofu sinni. Fógeti kveðst enn fremur hafa skipað ákærða réttargæzlumann gerðarþola. Ákærði skýrir hins vegar svo frá, að fógeti hafi einungis spurt sig, hvort ákærði vildi mæta í rétti fyrir föður sinn og hafi hann svarað því til, „að faðir sinn hefði ekki beðið sig um það og gerði hann það ekki". Vitnið Friðþjófur G. Johnsen hefur borið, að fógeti hafi viljað skipa ákærða réttargæzlumann gerðarþola, en ákærði svarað því til „að fógeti hefði ekkert yfir sér að segja". Vitnið Kristján Guðmundsson skýrir svo frá, að ákærði hafi aftekið það með öllu, er fógeti ætlaði að skipa hann réttargæzlumann gerðarþola. Rétt í þessu kom Kjartan Friðbjarnarson skrifstofumaður inn. Hann er starfsmaður gerðarþola og hefur skrifstofuherbergi inn af almennu skrifstofunni og er það við hliðina á einkaskrifstofu gerðarþola. Kjartan fór úr yfirhöfn sinni frammi í almennu skrifstofunni, en fór síðan inn í skrifstofuherbergi sitt, og fór ákærði þangað inn með honum. Um það, sem á eftir fór, greinir

ákærða og vitnin allmjög á. Skulu nú framburðir viðstaddra raktir í höfuðatriðum.

Fógeti ber, að hann hafi, eftir að ákærði var kominn inn í skrifstofuherbergi Kjartans Friðbjarnarsonar, gengið að herbergisdyrunum, drepið á þær og opnað síðan. Skoraði fógeti á ákærða að greiða fjárnámskröfuna, en ákærði svaraði því til, að hann myndi ekkert greiða og skipaði fógeta að fara út úr herberginu, þar sem hann væri að tala um einkamál við Kjartan. Fógeti segist þá hafa ítrekað, að ákærði væri skipaður réttargæzlumaður gerðarþola og skoraði á hann að benda á eignir, sem gera mætti fjárnám í til greiðslu fjárnámskröfunnar. Fógeti segir, að þá hafi ákærði rokið að sér og viljað ýta sér út úr herberginu, en fógeti hafði stigið með annan fótinn inn fyrir þröskuldinn. En er fógeti stóð fastur fyrir, greip ákærði með báðum höndum yfir um hann, hóf hann á loft og bar yfir þröskuldinn og fram í mitt herbergið, en þegar fógeti kallaði á Pétur Stefánsson lögregluþjón sér til aðstoðar, kveður fógeti ákærða hafa sleppt tökum á sér og horfið aftur inn í herbergið til Kjartans. Lokaði ákærði dyrunum og varnaði fógeta inngöngu. Skömmu síðar fór ákærði út ásamt Kjartani.

Vitnið Kristján Guðmundsson ber, að er fógeti hafi opnað hurðina að skrifstofuherbergi Kjartans, hafi ákærði komið í dyragættina og viljað loka hurðinni, en fógeti hafi komið öðrum fæti sínum milli stafs og hurðar. Segir vitnið, að ákærði hafi reynt að hrinda fógeta fram fyrir, en það hafi í fyrstu ekki tekizt, þar sem fógeti stóð fastur fyrir. Að lokum hafi ákærða þó tekizt að hrinda fógeta fram í almennu skrifstofuna, og virtist vitninu sem fógeti reyndi að verjast falli. Ákærði fór því næst aftur inn i skrifstofuna til Kjartans.

Vitnið Pétur Stefánsson ber, að fógeti hafi gengið að dyrunum á skrifstofuherbergi Kjartans, opnað þær í hálfa gátt og skorað á ákærða að mæta fyrir föður sinn. Segir vitnið, að þá hafi ákærði þrifið með báðum höndum um axlir fógeta og hrundið honum fram á gólfið, en sleppt honum síðan aftur. Vitnið kveður fógeta hafa mælt til þeirra, er þarna voru viðstaddir: „Þið sjáið, að hann leggur á mig hendur". Ákærði fór síðan aftur inn og lokaði á eftir sér dyrunum.

Vitnið Friðþjófur G. Johnsen ber, að fógeti hafi barið að dyrum á áðurgreindu herbergi, og er þær voru opnaðar, átti fógeti tal við ákærða og man vitnið, að fógeti spurði ákærða m. a., hvort hann vildi greiða fjárnámskröfuna, en ákærði tók þá í fógeta og ýtti honum úr dyragættinni og fram í fremra skrifstofuherbergið. Ákærði fór síðan aftur inn í herbergið og lokaði að sér.

Vitnið Kjartan Friðbjarnarson ber, að ákærði hafi verið í herberginu hjá því, meðan vitnið dvaldi þar, en vitnið hvorki minnist þess að barið væri að dyrum né að dyrnar væru opnaðar og fógeti ætti þar orðaskipti við ákærða. Vitnið kveðst hafa setið uppi á borði og horft út um glugga, en engan gaum hafa gefið að dyrunum.

Vitnin Kristján, Pétur og Friðþjófur láta þess getið, að þau hafi ekki

séð að ákærði hæfi fógeta á loft, en Pétur og Kristján taka fram, að þeir telji sig ekki hafa haft aðstöðu til þess að sjá það, þótt svo kunni að hafa verið, þar eð þeir ásamt vitninu Friðþjófi stóðu fyrir framan afgreiðsluborðið, sem þarna er.

Vitnið Ástþór Matthíasson lögfræðingur var statt inni hjá gerðarþola á einkaskrifstofu hans, þegar fógeti kom á almennu skrifstofuna. Vitnið ber, að gerðarþoli hafi farið fram og átt tal við fógeta, en ekki heyrði vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið kveðst hafa setið á tali við gerðarþola 5—10 mín. eftir þetta, en fór þá út, en ekki gegnum almennu skrifstofuna, heldur fór vitnið aðra leið út. Fylgdi gerðarþoli því til dyra, en fór síðan aftur inn. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt, hvað fram fór á almennu skrifstofunni, meðan það sat á tali við gerðarþola.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ásamt Sigtryggi bróður sínum komið á skrifstofu föður síns, gerðarþola, 20. des. s. l. Þar hafi þá verið staddur Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, ásamt mönnum þeim, er um getur hér að framan. Þeir bræður fengu sér sæti, en fóru báðir út eftir skamma stund. Ákærði kom þá strax inn aftur og fékk sér sæti. Ákærði segir, að fógeti hafi þá spurt sig, eins og að framan getur, hvort hann vildi ekki mæta í rétti fyrir föður sinn. Þessu segist ákærði hafa svarað neitandi. Í þessu hafi Kjartan Friðbjarnarson komið inn í almennu skrifstofuna og haldið til herbergis síns, og hafi hann farið þangað inn með Kjartani. Ákærði segir, að er fógeti hafi opnað hurðina og birtzt í dyragættinni, hafi hann ýtt fógeta frá dyrunum, til þess að hann gæti lokað þeim, án þess að fógeti yrði milli stafs og hurðar. Kveðst ákærði áður hafa verið búinn að segja fógeta, að hann ætlaði að loka dyrunum. Ákærði segist ekki hafa vitað, er hann kom þarna á skrifstofuna, í hvaða erindum fógeti væri þangað kominn. Hann kveður sér vera kunnugt um, að Sveinn Snorrason sé fulltrúi bæjarfógetans hér, en segir, að sér hafi annars verið ókunnugt um, að fulltrúinn væri kominn þarna á skrifstofuna í embættiserindum, þar eð hann hafi engin auðkenni borið á sér, er bent gætu til embættisstöðu hans, né hafi fulltrúinn tilkynnt sér erindi sitt. Beiðni fulltrúans um það, að ákærði mætti í rétti fyrir gerðarþola, segist hann hafa skilið á þá lund, að hann ætti að mæta á skrifstofu bæjarfógeta eða í hegningarhúsinu til slíks réttarhalds. Fógeti ber hins vegar, að hann hafi skýrt ákærða frá því, að þarna færi fram fjárnámsgerð, einmitt, er hann spurði ákærða að því, hvort hann vildi mæta við gerðina fyrir föður sinn. Fógeti hefur og skýrt frá því, að hann hafi verið í einkennisfötum sínum við gerð þessa, en í rykfrakka yzt klæða, og geti því verið, að ákærði hafi ekki veitt einkennisbúningi hans athygli, en tekur fram, að ákærði þekki sig og viti, að hann er fulltrúi hjá bæjarfógetanum hér.

Hafa nú verið rakin höfuðatriðin í framburði ákærða og vitna. Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að fógeti hafi ekki beitt réttri aðferð við fjárnámið, með því að skipa ákærða réttargæzlumann gerðarþola gegn vilja ákærða og hljóti því atvik það, er ákærði er ákærður fyrir, að vera

fógeta sjálfum að kenna. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Þótt fógeti hafi reyndar að þessu leyti gengið lengra en lög mæla fyrir um, er þar ekki um slíkan annmarka að ræða, að hann réttlæti framkomu ákærða. Verður að telja fullsannað með hinum eiðfesta vitnaframburði, að ákærði hafi með framferði sínu gerzt brotlegur við 106. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað, og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin. Fógeti hefur lýst því yfir fyrir dóminum, að hann geri engar skaðabótakröfur á hendur ákærða, enda upplýst, að hann hefur ekki orðið fyrir neinum meiðslum eða beðið annað tjón.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar cand. jur., kr. 400.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna annríkis og veikinda hjá dómara.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Helgason, sæti varðhaldi í 15 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað, og niður skal hún falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar cand. jur., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1953.

Nr. 129/1953. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ragnari Guðmundssyni
(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum máls þessa er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot ákærða við refsiákvæði, sem þar eru greind. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Stað-

festa ber ákvæði héraðsdóms um, að ákærði sé sviptur skipstjóraréttindum 3 ár, en stýrimannsréttindum verður hann ekki sviptur, þar sem þess er ekki krafizt í ákæruskjali.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er sviptur skipstjóraréttindum um 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur siglingadóms 18. apríl 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ragnari Guðmundssyni stýrimanni, Meðalholti 19, hér í bæ. Er hann með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 14. nóv. f. á., ákærður fyrir brot á 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914, 215 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 29. gr., sbr. 32. gr. tilskipunar nr. 8/1933 um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenzkum skipum, og talinn hafa brotið nefnd ákvæði „með því að sigla b/v Röðli, G.K. 518, um kl. 13.00 föstudaginn 19. sept. s. l. of hratt, eins og á stóð, og ógætilega og án þess að hafa mann frammi á hvalbak skipsins, eftir að Konráð Gíslason kompásasmiður og skipsmaður sá, er honum var til aðstoðar, voru farnir niður af þaki stýrishússins og skipið sett á fulla ferð áfram áleiðis til Hafnarfjarðar. Skipið var hátt að framan, svo að hafflöturinn beint fram undan sást ekki úr brúnni. Sigldi skipið á trillubát nálægt Engey, er fórst, og einn maður af bátnum, Jón Kristján Þorgrímsson, lét lífið."

Þess er krafizt í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framangreindum ákvæðum, sviptur skipstjóraréttindum samkvæmt 264. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, og 68. gr. 1. mgr. hegningarlaga nr. 19/1940, dæmdur til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verði, og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Borgum í Austur-Skaftafellssýslu 6. desember 1912. Hefur hann ekki, svo kunnugt sé, áður sætt kærum eða refsingum að öðru leyti en því, að 8/9 1938 var hann í Reykjavík með réttarsátt sektaður um 25 krónur fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 19. sept. s. l., laust eftir kl. 8, fóru þeir Guðbjartur Bergmann Fransson, Jón Kristján heitinn Þorgrímsson forstjóri, Árni Kristjánsson, sonur hans, og Ragnar Þorgrímsson á opnum vélknúnum skemmtibáti til handfæraveiða við Engey. Var haldið rakleitt að norðvesturenda Engeyjar og bátnum lagt við stjóra. Guðbjartur Bergmann stjórnaði förinni, en hann er kunnugur fiskimiðum á þessum stað. Telur hann, að þar sem bátnum var lagt við stjóra, hafi mið verið þau, að reykháfa Engeyjarbæjanna hafi borið saman og vesturenda Örfiriseyjar borið í nýju verbúðirnar hjá Fiskiðjuveri ríkisins. Hafi dýpi verið þar um 7 faðmar og báturinn legið í vari og ekkert rekið úr stað.

Kl. 12.55 sama dag lét b/v Röðull, G.K. 518, úr Reykjavíkurhöfn og var förinni heitið til Hafnarfjarðar. Ákærði var skipstjóri á togaranum í þeirri ferð og var hann á stjórnpalli. Er komið var út fyrir hafnarmynnið, var togarinn stöðvaður og Konráð Gíslason áttavitaleiðréttingarmaður tekinn um borð, þar eð leiðrétta átti áttavita togarans. Var togarinn síðan settur á hæga ferð og hafizt handa um áttavitaleiðréttinguna, en meðan á því stóð var Konráð uppi á þaki stjórnklefans og tók miðanir, en 2. stýrimaður var honum til aðstoðar. Lét Konráð sigla togaranum í austur í nokkrar mínútur og síðan í norðaustur. Að því búnu var togaranum snúið til norðurs og vél hans stöðvuð, en skipið seig áfram á hægri ferð í norðurátt. Var áttavitaleiðréttingunni þá hætt að sinni og fóru mennirnir af stjórnklefaþakinu niður á stjórnpall. Ákveðið var að sigla nú til Hafnarfjarðar, en hafa viðkomu hjá Gróttu og ljúka þar við leiðréttingu áttavitanna. Var nú sett á fulla ferð með stefnu á Akureyjarduflið laust á bakborða, en það var áttavitastefna nálægt norðri. Telur ákærði, að togarinn hafi þá verið staddur skammt fyrir austan dufl það, sem er fyrir utan Örfiriseyjarljósduflið.

Fjórmenningarnir á skemmtibátnum urðu varir ferða b/v Röðuls, er togarinn nálgaðist þá. Mun Árni Kristjánsson fyrstur þeirra hafa veitt honum eftirtekt og vakti hann athygli þeirra á því, að togarinn virtist stefna á bátinn. Þar sem stjórnklefi togarans hvarf á bak stefni hans og enginn varðbergsmaður var sjáanlegur á hvalbaknum, datt þeim félögum í hug, að enginn skipverja á b/v Röðli hefði séð bátinn. Reyndu þeir að vekja á sér athygli með því að hrópa og veifa árunum, en það bar ekki árangur. Einnig gerði Guðbjartur Bergmann tilraun til að draga bátinn undan á legufærunum, en kveðst strax hafa séð, að það mundi ekki takast, og ekki hafi verið nægur tími til að setja vél bátsins í gang. Tóku þeir félagar það þá til bragðs að kasta sér í

sjóinn, en þeir voru allir vanir sundmenn. Um leið og hinir síðustu köstuðu sér útbyrðis rakst b/v Röðull á bátinn og dró hann með sér undan á legufærunum. Tókst mönnunum að halda sér uppi þar til togarinn hafði snúið við og komið til þeirra aftur, en þá var kastað til þeirra bjarghringjum og spottum. Hafa þeir Guðbjartur Bergmann og Ragnar Þorgrímsson skýrt svo frá, að þeim hafi virzt líða um það bil 20 mínútur frá árekstrinum og þar til togarinn kom að þeim aftur. Allir mennirnir voru nú teknir um borð í b/v Röðul, Ragnar og Guðbjartur Bergmann fyrst, en Jón Kristján og Árni nokkrum mínútum síðar og svo til samtímis. Hafði Gísli Kolbeinsson háseti stungið sér til sunds þeim til aðstoðar. Ekkert lífsmark var þá með Jóni Kristjáni heitnum og urðu allar lífgunartilraunir, sem gerðar voru, árangurslausar.

Er árekstur inn varð, hafði hvorki ákærði né aðrir um borð í b/v Röðli orðið bátsins varir. Eins og fyrr segir, hafði ákærði látið setja togarann á fulla ferð, er þeir Konráð Gíslason og 2. stýrimaður voru hættir leiðréttingu áttavitans að sinni og farnir niður af þaki stjórnklefans. Þar eð togarinn var mjög léttur að framan, reis stefni hans svo hátt úr sjó, að það byrgði útsýn fram undan stjórnklefanum. Enginn maður var á verði á hvalbak til að gæta að ferðum báta og skipa, en ákærði gáði öðru hverju út um hliðarglugga stjórnklefans beggja vegna og fékkst við það betri útsýn fram með bógum togarans. Er siglt hafði verið í nokkrar mínútur, gaf ákærði háseta, sem var á þilfari, skipun um að fara fram á hvalbakinn og átti hann að hafa gát á skipaferðum, en áður en hásetinn var kominn fram á hvalbakinn hafði slysið orðið. Eftir 5—7 mínútur frá því að sett var á fulla ferð, að því er ákærði sjálfur telur, heyrðist flaut frá vöruflutningaskipi, sem var á útleið á undan b/v Röðli og bakborðsmegin við hann.

Aðeins síðar varð ákærði var við mennina í sjónum við skut togarans bakborðsmegin og í sama mund virðast aðrir, sem voru á stjórnpalli og þilfari togarans, hafa séð mennina. Hefur ákærði talið, að hraði togarans hafi þá verið 8—9 sjómílur, miðað við klukkustund, og Konráð Gíslason hefur talið, að b/v Röðull hafi þá verið um það bil búinn að ná fullum hraða. Gaf ákærði nú skipun um að stöðva vélina, en stýri var sett hart í bakborða. Var togaranum nú snúið í áttina til mannanna í sjónum, þannig að vélin var látin vinna með fullu afli ýmist aftur á bak eða áfram. Hefur Hafliði Þórður Stefánsson 2. stýrimaður áætlað, að liðið hafi 10—15 mínútur frá því að mannanna varð vart, unz togarinn kom að þeim aftur. Gísli Kolbeinsson háseti hefur áætlað tímann 13—14 mínútur og Konráð Gíslason telur, að búið hafi verið að ná mönnunum um borð að 10—15 mínútum liðnum, frá því að þeirra varð vart. Mennirnir voru nú teknir um borð í b/v Röðul, eins og áður greinir, og lífgunartilraunir hafnar á Jóni Kristjáni heitnum. Jafnframt var haldið til Reykjavíkur og símað eftir lækni, er kom á móti togaranum í hafnsögubáti og tók við lífgunar-

tilraununum. Var þeim haldið áfram, eftir að komið var til hafnar, en án árangurs.

Áður hefur verið greind frásögn Guðbjarts Bergmanns Franssonar um það, hvar þeir félagar hafi lagt bátnum fyrir stjóra. Ákærði tók ekki staðarákvörðun á slysstaðnum, en telur, að hann hafi verið í misvísandi vestur frá Engeyjarvita. Meðal þeirra skipa, sem sigldu fram hjá skemmtibátnum, voru v/s Blátindur, er fór frá Reykjavík kl. 10.40, og v/b Faxaborg, sem sigldi fram hjá bátnum kl. 12.15. Hafa skipstjórar beggja skipa þessara komið fyrir dóm og markað á uppdrátt legustað bátsins. Hvorugur þeirra mun þó hafa tekið þar staðarákvörðun. Samkvæmt uppdrætti skipstjórans á v/b Faxaborg var staður bátsins norð-vestur af Engey og sem næst því í miðjum hvíta ljósgeislanum frá vitanum í Sjómannaskólanum. Samkvæmt uppdrætti skipstjórinn á v/b Faxaborg, Sigursveinn Þórðarson, hefur sérstaklega skýrt sá, er hann hefur dregið um hinn áætlaða stað, á mörkum hvíta og rauða ljósgeislans og þó að langmestu leyti í hvíta geislanum. Skipstjórinn á v/b Faxaborg, Sigursveinn Þórðarson, hefur sérstaklega skýrt svo frá, að erfitt hafi verið að greina bátinn, þar eð hann hafi verið mjög samlitur sjónum. Hafi hann séð mennina, áður en hann greindi bátinn. Mennina kveðst hann þó hafa séð greinilega, er hann nálgaðist bátinn. Kveðst hann hafa sérstaklega sett á sig legustað skemmtibátsins, þar sem hann hafi ætlað að kvarta yfir því, að hann lægi á siglingaleið og erfitt verið að greina hann.

Er slysið varð, var suðaustlæg átt og dálítil kvika, skýjað loft og allgott skyggni. Samkvæmt vottorði veðurstofunnar var vindur á Reykjavíkurflugvelli kl. 13 SA 3, skyggni 40 km og alskýjað loft, en kl. 14 SSA 4, skyggni 16 km og rigning í grennd.

Um dánarorsök Kristjáns heitins Þorgrímssonar segir svo í krufningarskýrslu próf. Nielsar Dungal:

„Við krufninguna fannst mikið og dökkt fljótandi blóð, sem bendir á köfnunardauða. Mjög lítil drukknunarfroða fannst í öndunarfærum og vitum, en í báðum lungum interstitiellt emphysem, sem er vottur um hindrun á innöndun og mikla áreynslu í sambandi við hana.

Í vinstri aðalbronchus fannst töluvert af magainnihaldi, sams konar og því, sem í maganum fannst, og sást það einnig í barkanum ofanverðum. Svo virðist sem manninum hafi orðið illt í sjónum og kastað upp, og hafi magainnihaldið, sem komst niður í barka og lungnapípur, verið höfuðorsökin til þess, að maðurinn kafnaði.

Af krufningunni má eindregið ráða, að hér er ekki um venjulega drukknun að ræða."

Grímur Magnússon læknir hefur gefið vottorð í málinu um það, að Árni Kristjánsson hafi orðið fyrir andlegu áfalli við slysið og hafi hann ekki verið búinn að ná sér, er vottorðið var gefið.

Við fyrrgreindan árekstur brotnaði skemmtibáturinn mikið, miklar skemmdir urðu á vél hans og allt lauslegt tapaðist úr honum. Vélbátur

nokkur dró flakið til hafnar, og hafa dómkvaddir menn talið bátinn það mikið laskaðann, að ekki svaraði kostnaði að gera við hann.

Sjóferðapróf út af slysinu hófst samdægurs, og voru þá þeir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Pétur Ottason skipaeftirlitsmaður dómkvaddir til að rannsaka útsýnismöguleika úr stjórnklefa b/v Röðuls fram undan skipinu. Er skoðunargerð þeirra, dags. 20. sept. s. l. svohljóðandi:

„Samkvæmt útnefningu sjódóms Reykjavíkur, dags. 19. þ. m., höfum við undirritaðir athugað útsýni úr stýrishúsi b/v Röðuls, GK. 518, með tilliti til þess, hvernig hafi sézt fram fyrir skipið, er það sigldi á róðrarbát við Engey sama dag.

Þegar athugunin fór fram, lá skipið bundið við bryggju í Hafnarfirði, og sneri stefni þess til hafs. Skyggni var gott á meðan athugun fór fram. Nokkur súgur var við bryggjuna og skipið því ekki alveg kyrrt. Djúprista þess var að framan 6½ fet og að aftan tæp 18 fet. Skipið mun hafa verið örlítið þyngra að framan daginn áður vegna nokkurs neyzluvatns, sem það hafði tekið um borð.

Hvað viðvíkur útsýninu úr stýrishúsinu fram fyrir skipið, þá var sjóndeildarhringurinn alveg í hvarfi bak við hvalbak þess yfir ca. 15° boga (7½° á hvorn bóg), ef staðið var við stýrið framarlega í miðju stýrishúsinu og horft fram eftir. Með því að horfa fram eftir úr horngluggum stýrishússins, mátti minnka þetta horn um ca. 5° hvoru megin, þ. e. a. s. að þótt gengið væri horna á milli í stýrishúsinu, var alltaf um 5° bogi af sjóndeildarhringnum beint fram undan skipinu í hvarfi."

Skoðunargerð þessi hefur verið borin undir ákærða og hafði hann ekkert við niðurstöður skoðunarmannanna að athuga og taldi þær réttar, en upphaflega hafði ákærði talið, að sjór hefði ekki sézt um það bil 1½ strik sitt hvoru megin við stefni togarans, en betra útsýn hefði verið fram með bóginum, ef horft var út um hornglugga og hliðarglugga stjórnklefans.

Ákærði hefur skipstjóraskírteini hið meira á fiskiskipum. Er það gefið út í Reykjavík 8. maí 1952.

Dómsmálaráðuneytið hefur tjáð dóminum, að það telji ekki ástæðu til að breyta ákærunni, en ekkert kom fram í málinu um heilsutjón Árna Kristjánssonar fyrr en eftir útgáfu ákæruskjals. Kemur því ekki til álita að refsa ákærða fyrir það, þar eð ákæran tekur ekki til þess.

Enda þótt árekstursstaðurinn verði ekki ákvarðaður alveg nákvæmlega af því, sem fram er komið í málinu, þá er það álit hinna siglingafróðu samdómenda, að hann hafi örugglega verið á venjulegri siglingaleið frá Reykjavíkurhöfn, en hún er á þessum slóðum um það bil tæp ½ sjómíla á breidd. Er b/v Röðull sigldi á fyrrgreindan skemmtibát, var útsýn ákærða fram undan skipinu í stjórnklefanum mjög byrgð af stefni togarans, enda verður að leggja skoðunargerð hinna dómkvöddu manna til grundvallar um útsýnismöguleikana. Ákærði hefur sjálfur viðurkennt að hafa vanrækt að hafa varðbergsmann frammi á skipinu.

Var þó á því rík nauðsyn, einkum þar sem ákærði sigldi skipi sínu á fullri ferð á mjög fjölfarinni siglingaleið og útsýn úr stjórnklefa var algerlega ónóg, eins og fyrr segir. Hefur ákærði með þessu gerzt brotlegur við 29. gr. tilskipunar nr. 8/1933. Með þeirri gálausu siglingu, sem að framan greinir, varð ákærði valdur að fyrrgreindum árekstri. Mátti honum þó vera ljóst, að vænta mátti þess, að skip eða bátar yrðu á siglingaleið togarans og að mjög háskalegt væri, eins og á stóð, að sigla honum án þess að hafa varðbergsmann frammi á skipinu. Hefur ákærði, vegna þeirra afleiðinga, sem af þessu gáleysi hans urðu, brotið gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt 32. gr. tilsk. nr. 8/1933, 261. gr. laga nr. 56/1914 og 215. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá skal ákærði og samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaga og 264. gr. siglingalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna launa skipaðs sækjanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda, Einars B. Guðmundsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00 til hvors.

Ekkja Jóns Kristjáns heitins Þorgrímssonar, menn þeir, sem á skemmtibátnum voru, og eigandi bátsins hafa ekki kosið að gera bótakröfu í refsimáli þessu, en áskilið sér rétt til að hafa slíkar kröfur uppi í einkamáli.

Dráttur á uppsögn dómsins stafar af því að einn samdómenda þurfti að fara erlendis eftir flutning málsins.

Dóm þennan kvað upp Einar Arnalds, formaður dómsins, ásamt samdómendunum Hafsteini Bergþórssyni skipstjóra, Jónasi Jónassyni skipstjóra, Jóni Ármannssyni háseta og Jóni O. Jónssyni háseta.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er í 3 ár frá birtingu dóms þessa sviptur rétti til skipstjórnar og stýrimennsku.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs sækjanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1953.

Nr. 80/1953. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Ingimundi Bjarnasyni (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ólafur Jóhannesson.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 16. maí 1952 tjáði Trésmíðafélag Reykjavíkur sakadómara, að ákærði hefði þá „að undanförnu stundað þá atvinnu að setja rúður í hús og gera við glugga í húsum." Fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 21. maí 1952 játaði ákærði, að skýrsla Trésmíðafélagsins væri rétt og samþykkti að greiða 300 króna sekt í ríkissjóð af því efni. Hinn 23. júní 1952 ritaði Trésmíðafélag Reykjavíkur sakadómara af nýju og kvað ákærða enn stunda áðurgreind störf. Sakadómsrannsókn hófst í málinu 8. júlí 1952, ákæruskjal á hendur ákærða var gefið út 16. desember s. á. og héraðsdómur upp kveðinn 1. apríl þ. á.

Héraðsdómari hefur í dómi sínum ranglega tekið til meðferðar og úrlausnar sakaratriði, sem dómsáttin frá 21. maí 1952 tekur til, en greind sátt hefur ekki verið úr gildi felld, sbr. 112. gr. laga nr. 27/1951. Í máli þessu er um það deilt, hvort tiltekin störf ákærða skuli teljast til handiðnaðar, er sérnám þurfi til, sbr. 13. gr. laga nr. 18/1927 og 1. gr. laga nr. 105/1936. Héraðsdómari lét þó undan falla að kveðja kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málinu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 27/1951. Vegna þessara annmarka á meðferð málsins þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 700.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 1. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1065/1953: Ákæruvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni, sem dómtekið var 27. marz s. l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 16. desember 1952, gegn Ingimundi Bjarnasyni verkamanni, Laugavegi 47, hér í bæ, fyrir að hafa sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ, án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa, en brot þessi eru talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Miðdal í Kjós 27. nóvember 1919. Þann 21/5 1952 var hann sektaður í Reykjavík með dómsætt um 300 kr. fyrir brot á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927, en hefur að öðru leyti hvorki sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 23/6 1952, kærði Pétur Jóhannesson það f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Ingimundur Bjarnason, hafði það að atvinnu að setja í rúður og gera við glugga í húsum hér í Reykjavík. Var tekið fram í sama bréfi, að þetta hefði verið kært til sakadómara áður, en þá hefði ákærði undirgengizt sekt með dómsætt fyrir brot gegn lögum um iðju og iðnd. Þess var getið, að ákærði hefði verið staðinn að verki við framangreinda starfsemi af eftirlitsmanni Trésmiðafélagsins á mörgum stöðum, m. a. Pósthússtræti 13, Miklubraut 90 og Bókabúð Braga Brynjólfssonar.

Pétur Jóhannesson hefur mætt sem vitni í máli þessu og staðfest framangreint bréf sitt. Vitnið kvað sér kunnugt um, að ákærði hefði fengizt við að setja rúður í glugga fyrir ýmsa menn hér í bæ undanfarna mánuði. Hefði ákærði hafið þessa starfsemi sína fyrir um einu

ári. Jafnframt því sem ákærði hefði sett í rúður kvaðst vitnið vita til þess, að hann hefði tekið að sér breytingar á gluggum, m. a. að Hverfisgötu 90. Kvaðst vitnið hafa staðið hann þar að því að taka úr fög, fella nýjar rúður í aftur og setja í nýja lista.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi síðan 1. ágúst 1951 fengizt við að setja rúður í glugga. Kvað hann starfsemi sína hafa verið í því fólgna að taka glerbrot úr gluggum, þar sem rúður höfðu brotnað, hreinsa síðan gluggakistuna, setja nýja rúðu í og negla hana og „kítta". Ákærði kveðst aðeins hafa sett rúður í glugga, þar sem rúða hefði verið fyrir áður. Ákærði mótmælti því, að hann hefði unnið að trésmíðavinnu. Hann kveðst ekki hafa fengizt við að gera við glugga. Ákærða var bent á, að hann hefði gengizt undir sekt í sakadómi Reykjavíkur fyrir að setja rúður í hús og gera við glugga í húsum. Skýrði þá ákærði frá því, að með orðalaginu að gera við glugga, væri átt við að setja rúður í glugga.

Vitnið Einar Jónsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi unnið með sér að því að skipta um gler í gluggum að Hverfisgötu 90, en það hús á vitnið. Starfsemi þeirra var í því fólgin, að vitnið tók úr gömul fög, en ákærði tók við þeim fyrir utan. Þessu næst skóf ákærði upp rúðufalsinn með vitninu og „kíttaði" síðan í það. Settu þeir síðan rúðurnar í, er voru festar með listum.

Vitnið Ásta Kristín Erlings, kona framangreinds vitnis, hefur skýrt frá því, að ákærði hafi fyrstu dagana í maí 1952 sett 10—12 rúður í glugga að Hverfisgötu 90 í stað rúða, er höfðu sprungið. Maður vitnisins vann með ákærða. Vitnið kveður mann sinn hafa fengizt við að taka úr gömlu fögin og slétta kantana. Vitnið vissi ekki til, að ákærði hefði gert annað en setja rúðurnar í, setja kítti að þeim og trélista utan yfir. Var nú vitninu Pétri Jóhannessyni kynnt það, sem komið var fram í málinu. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða einan að verki að Hverfisgötu 90. Vitnið sá, að verið var að taka úr gömul fög og setja rúður í. Taldi vitnið því víst, að ákærði hefði gert það, en mundi ekki, hvort það sá ákærða taka úr fögin. Vitninu var ekki kunnugt um, að gluggum hafi verið breytt á öðrum stöðum en að Hverfisgötu 90, þar sem ákærði hefur verið að störfum.

Mál þetta var sent iðnráði til umsagnar. Taldi það kæruna á rökum reista. Kvað það rúðuísetningu og aðrar gluggaviðgerðir tilheyra tvímælalaust fagi húsasmiða, en ákærði hefur ekki réttindi í þeirri iðngrein.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ekki nægilega sannað, að ákærði hafi fengizt við að gera við glugga að öðru leyti en því að setja rúður í þá. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar. Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærða, að starfsemi hans að setja rúður í glugga tilheyri ekki sérsviði húsasmiða og færi því ekki í bága við lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir. Væri því hverjum sem væri heimilt að stunda hana, án þess að hafa iðnréttindi í húsasmíði.

Hefði slík starfsemi hingað til verið látin afskiptalaus af trésmiðum og þeir ekki fengizt til að sinna henni. Reynslan hefði sýnt, að ísetning rúða færi fram í framhaldi af sölu glersins. Þá var á það bent af hálfu ákærða, að ísetning á rúðum í nýjum húsum tilheyrði húsasmíði, en við það hefði ákærði ekki fengizt, heldur aðeins að setja rúður í glugga, þar sem rúða hefði áður verið fyrir. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Starfsemi ákærða er viðgerð á húsum og því einn liður í iðngrein húsasmiða. Þykir ákærði samkvæmt því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18 1927 um iðnað og iðju. Með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. nóvember 1953.

Nr. 31/1952. **Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Sigurði Magnússyni (Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og prof. Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1952 og gert eftirtaldar kröfur:

Aðalkrafa: Að þeim verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri varakrafa: Að þeim verði dæmd ábyrgð á tjóni því, sem í málinu greinir, í lægra hlutfalli en í héraðsdómi, hvor aðilja verði látinn bera sinn málskostnað í héraði, en gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Síðari varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. marz 1952 og krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að bæta fé allt tjón af slysi því, sem í málinu greinir, svo og að greiða málskostnað í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa gengizt við eigenda- og umráðendaábyrgð á flugvélinni á þeim tíma, er slys það varð, sem í málinu greinir.

Flugmaðurinn lét hreyfil flugvélarinnar vera í gangi, meðan hann gerði tilraun til að ýta henni upp á brautina og gætti þess ekki að stöðva hann, er gagnáfrýjandi, sem var ungur og óvanur flugi, fór úr flugvélinni. Varð slysið síðan, er gagnáfrýjandi gekk meðfram vélinni. Verða aðaláfrýjendur því að bera ábyrgð á slysinu, en taka ber hins vegar tillit til, að gagnáfrýjandi viðhafði ekki þá varúð, sem af honum mátti krefjast, er hann gekk meðfram vélinni. Að öllum aðstæðum athuguðum þykir rétt, að aðaláfrýjendur bæti gagnáfrýjanda in solidum fé $^3/_5$ hlutum þess tjóns, sem hann beið af flugslysinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson, eiga að bæta gagnáfrýjanda, Sigurði Magnússyni,

in solidum fé 3/5 hluta þess tjóns, sem hann beið af flugslysi 11. ágúst 1948.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 6. þ. m., hefur Magnús Jónasson verkamaður, hér í bæ, fyrir ófjárráða son sinn, Sigurð, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 21. marz 1950 gegn Hallgrími Jónssyni flugmanni, Guðrúnargötu 5, og Albert Tómassyni flugmanni, Tómasarhaga við Laugarásveg, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 22 710.80 með 6% ársvöxtum frá 11. ágúst 1948 til greiðsludags og málskostnaðar.

Að ósk lögmanna aðilja og með samþykki dómarans er málinu skipt og er nú eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna.

Eru dómkröfur stefnanda í þessum hluta málsins, að stefndu verði in solidum dæmt skylt að bæta með fé tjón það, er stefnandi hlaut 11. ágúst 1948, svo og að þeim verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að sök á tjóninu verði skipt og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hlutafélaginu Trolle & Rothe hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því og það hefur ekki haft uppi kröfur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. ágúst 1948 var Garðar Sigurðsson flugmaður staddur á Keflavíkurflugvelli í flugvél, sem stefndu í máli þessu eiga, og hann hafði fengið leigða. Flugvél þessi er lítil tveggja sæta, af gerðinni Austers og með einkennisstöfunum TF—FOX. Þá bar þar að stefnanda, sem var starfsmaður á flugvellinum, og varð að samkomulagi með þeim, að hann fengi að sitja um stund í vélinni, meðan hún væri á flugi, gegn því að hann greiddi gjald það, sem stefndu tóku fyrir leigu á vélinni, en það var kr. 130.00 á klukkustund. Settist stefnandi síðan í flugvélina við hlið flugmannsins og flugu þeir nokkra stund yfir flugvellinum. Að því loknu lenti flugmaðurinn vélinni á braut 34, en þar eð annari vél var lent rétt á eftir, var honum gefið merki frá stjórnturni flugvallarins að aka vélinni út á braut 07. Ók hann síðan þá braut á enda og sveigði þá til hægri inn á ökubraut þá, er liggur að farþegastöðinni. Rétt áður en flugmaðurinn kom að braut 30, nam hann staðar til þess að bíða eftir flugvél af gerðinni DC 4, sem ekið var frá farþegastöðinni út á braut 30 og 200—300 metra eftir henni,

en stöðvuð þar. Þessu næst ók flugmaðurinn vél sinni yfir braut 30, en rétt þegar vélin var að komast yfir brautarendann, var snúningshraði hreyflanna á vélinni DC 4 aukinn. Myndaðist við það sterkur loftstraumur aftur af hreyflunum, sem lenti á flugvél stefndu með þeim afleiðingum, að hún sveigði til hægri og rann með framhjólin út af brautinni. Er svo var komið, kveðst flugmaðurinn hafa stigið út úr vélinni í því skyni að reyna að toga hana með handafli upp á brautina aftur. Um leið og hann steig út úr vélinni, kveðst hann hafa beðið stefnanda að sitja kyrran í sæti sínu. Flugmaðurinn lét hreyfil vélarinnar vera í gangi, en stóð þannig við hana, að hann gat bæði stillt benzíngjafa hreyfilsins auðveldlega og eins stöðvað hann, ef með þyrfti. Kveðst hann síðan hafa rykkt í vélina, þannig að hún hafi færzt til að aftan, en í sama bili hafi hann orðið var við, að stefnandi stökk úr sæti sínu hinumegin og séð hann augnabliki síðar falla til jarðar fyrir framan vélina. Flugmaðurinn kveðst strax hafa stöðvað hreyfilinn og gengið til stefnanda, er virzt hafi rænulítill, en síðan kallað á hjálp og var stefnandi þá fluttur í sjúkrahús flugvallarins. Við athugun kom í ljós, að skrúfuspaðar vélarinnar höfðu lent á höfði stefnanda og fékk hann nokkurn áverka af. Stefnandi skýrir sjálfur svo frá, að hann hafi ekki heyrt flugmanninn segja neitt við sig, er hann hafi farið út úr vélinni. Kveðst hann ekki hafa séð, hvað flugmaðurinn fór að gera, en bjóst við, að hann ætlaði að reyna að koma vélinni aftur upp á brautina. Kveðst hann hafa kallað út til flugmannsins, hvort hann ætti ekki að koma út og hjálpa honum og hafi flugmaðurinn játað því. Kveðst stefnandi þá hafa farið út úr vélinni hægra megin og reynt að toga vélina aftur á bak, en þá hafi flugmaðurinn kallað og beðið hann að koma til sín, en hvorki nefnt, hvaða leið hann skyldi fara né tekið honum vara fyrir nokkrum hættum. Kveður stefnandi sér fyrst hafa dottið í hug að ganga aftur fyrir vélina, en hætt við það, án þess að gera sér grein fyrir hvers vegna. Afréð hann þá að ganga fram fyrir vélina og kveðst hafa gengið undir hægri vænginn utarlega og stefnt síðan utan við skrúfuspaðana, sem ekki hafi snúizt hraðar en svo, að þeir hafi sézt greinilega. Kveðst stefnandi hafa stefnt langt utan við spaðan, en ekkert muna hvað gerzt hafi frá því er hann gekk undir vænginn og þar til daginn eftir, að hann vissi af sér á sjúkrahúsinu. Telur stefnandi, að stefndu sem eigendur vélarinnar beri ábyrgð á tjóni því, er hann hafi hlotið af slysi þessu, og eru dómkröfur hans miðaðar við það.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því, að stefnandi eigi einn alla sök á slysi þessu. Hann hafi, þrátt fyrir aðvörun flugmannsins, farið út úr vélinni og verði honum því einum kennt um, hvernig fór.

Ólafur Þórir Guðjónsson, sem var starfsmaður í stjórnturni flugvallarins, hefur borið fyrir dómi, að stefnandi hafi gengið fram fyrir flugvélina og þegar hann hafi verið kominn vinstra meginn við hana, hafi spaðarnir rekizt í hann. Þessi framburður vitnisins virðist vera í

ósamræmi bæði við framburð stefnanda og flugmannsins um þetta atriði og verður ekki upp úr honum lagt. Hins vegar kveðst vitni þetta ekki minnast þess, að flugvélin hafi hreyfzt eftir að stefnandi sté út úr henni og það telur ekki, að snúningshraði spaðanna hafi verið það mikill, að orsakað hafi hreyfingu á henni. Flugmaðurinn telur, að flugvélin hafi ekkert hreyfzt eftir að stefnandi fór úr sæti sínu og hafi snúnings spaðanna ekkert gætt heldur í því efni. Að þessu athuguðu þykir ekki unnt að telja, að hreyfing á flugvélinni hafi orsakað slysið.

Eins og fyrr getur, kveðst flugmaðurinn hafa beðið stefnanda að vera kyrran í sæti sínu, en stefnandi kveðst ekki hafa heyrt hann segja neitt við sig. Hins vegar kveður stefnandi flugmanninn hafa játað því, að hann kæmi út honum til hjálpar, en því hefur flugmaðurinn aftur á móti neitað. Hefur ekkert frekara komið fram um þessi atriði. Telja verður að stefnandi, sem ekki hafði fyrr komið upp í flugvél, hafi, með því að fara út úr henni að þarflausu og ganga fram fyrir hana, þótt hann sæi að hreyfill hennar væri í gangi, sýnt slíka óvarkárni, að hann eigi meginsök á slysinu.

Þegar flugmaðurinn fór út úr vélinni til þess að flytja hana til, bar honum að stöðva hreyfilinn eða sjá um, að stefnandi yfirgæfi vélina örugglega. Þetta gerði flugmaðurinn ekki og ekki er sannað, að hann hafi gefið stefnanda ótvíræð fyrirmæli um að halda sig kyrran í vélinni, meðan hann væri í burtu. Þykir flugmaðurinn því vera meðvaldur að slysinu. Þykir hæfilegt að skipta sökinni þannig, að stefnandi beri ⅔, en flugmaðurinn ⅓.

Þess er áður getið, að flugmaðurinn hafði vélina á leigu og greiddi stefndu kr. 130.00 í leigugjald fyrir hverja klukkustund, sem flugvélin var á lofti. Hins vegar verður ekki annað séð af skjölum málsins, en að leigan hafi einungis náð til þessarar einstöku ferðar vélarinnar. Stefndu hafa ekki andmælt bótaskyldu sinni sem eigendur vélarinnar, ef um vangæzlu væri að tefla hjá flugmanninum, og þar sem svo stóð á um leigu hennar til flugmannsins, sem að framan greinir, verður að telja, að þeir beri fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi hlaut af völdum aðgæzluleysis flugmanns vélarinnar.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndu teljast bera fébótaábyrgð að ⅓ in solidum á tjóni því, er stefnandi varð fyrir af umræddu slysi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Hefur dómsuppsaga dregizt um venju fram sökum anna dómara.

Dómsorð:

Stefndu, Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson, bera in solidum fébótaábyrgð að ⅓ hluta á tjóni því, er stefnandi, Sigurður Magnússon, hlaut 11. ágúst 1948.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. nóvember 1953.

Nr. 145/1952. **Ákæruvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn
Kristjáni Einarssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, próf. Ármann Snævarr og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, er ákærði samkvæmt ákæruskjali sóttur til sakar „fyrir að hafa vorið og sumarið 1948 gert árangurslausar tilraunir til að taka á óleyfilegan hátt 6 ensk pence af hverjum saltfiskpakka eða 10 shillings enska af hverju saltfisktonni, sem samningar stóðu um að selja héðan af landinu til Grikklands". Fyrir Hæstarétti hefur sækjandi sakarinnar gert þá aðalkröfu, að ákærða verði dæmd refsing fyrir að hafa gert tilraun til að taka sjálfum sér til handa gjald það, sem í ákæruskjali greinir. Til vara hefur sækjandi krafizt refsingar á hendur ákærða á þeim grundvelli, að ákærði hafi átt hlut að því, að umrætt gjald hafi verið áskilið Gunnari skipamiðlara Guðjónssyni. Hefur sækjandi lagt fram í Hæstarétti bréf Dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. þ. m., þar sem ráðuneytið lýsir því, að ætlazt sé til að ákæruskjalið sé skilið þannig, að ákæran taki bæði til þess, að ákærði „hefði sjálfur átt að fá hin umræddu sex pence svo og til þess, að aðrir hefðu átt að fá þau". Héraðsdómari hefur í dómi sínum tekið til úrlausnar það ákæruatriði, að ákærði hafi gert tilraun til að fá nefnda greiðslu sjálfum sér til handa. Hins vegar hefur héraðsdómari ekki lagt dóm á það sakaratriði, er getur í varakröfu sækjanda, eða að öðru leyti en að framan greinir tekið afstöðu til ákærunnar. Að svo vöxnu máli þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað, sbr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 27/1951.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða úr ríkissjóði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Einars B. Guðmundssonar, kr. 5500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. maí 1952.

Ár 1952, föstudaginn 30. maí var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var af Guttormi Erlendssyni hrl., setudómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Einarssyni, en mál þetta var tekið til dóms 24. maí s. l.

Málið er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, dags. 25. marz s. l., og er það svohljóðandi:

„Dómsmálaráðherra gerir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Kristáni Einarssyni framkvæmdarstjóra, Smáragötu 3, hér í bæ, fæddum 1. júlí 1893, fyrir að hafa vorið og sumarið 1948 gert árangurslausar tilraunir til að taka á óleyfilegan hátt 6 ensk pence af hverjum saltfiskpakka eða 10 shillings ensk af hverju saltfisktonni, sem samningar stóðu um að selja héðan af landinu til Grikklands, en brot þetta er talið varða við 248. gr. og 249. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu sakarkostnaðar og réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. greindra laga."

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. júlí 1893. Hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo vitað sé:

1922, 4/2 Aðvörun fyrir eldfæri í óstandi.
1923, 2/1 Aðvörun fyrir eldfæri í óstandi.
1925, 6/1 Sætt, sekt 400 kr. fyrir áfengissölu.
1930, 20/8 Sætt, sekt 5 kr. fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1931, 22/5 Aðvörun fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1938, 3/5 Áminning fyrir brot á umferðareglum.
1940, 20/8 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18 1901.
1947, 8/9 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Tildrög málsins eru þessi:

Í skýrslu til Landssambands íslenzkra útvegsmanna (skammstafað L.Í.Ú.), dags. 16. nóv. 1948, ræðir Geir H. Zoëga, sem um þetta leyti var starfsmaður við Innkaupadeild L.Í.Ú., nokkur atriði í samskiptum sambandsins og Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda (S.Í.F.). Er S.Í.F. í skýrslunni einkum gagnrýnt fyrir það að gefa L.Í.Ú. ekki tækifæri til að leigja S.Í.F. skip undir saltfiskfarma svo og fyrir fyrirkomulag saltfisksölunnar á Ítalíu og Grikklandi

Stjórn L.Í.Ú. sendi S.Í.F. skýrslu þessa til umsagnar, og eru athugasemdir þess dagsettar 26. nóv. 1948. Er þar vísað á bug nefndri gagnrýni Geirs H. Zoëga. Í athugasemdunum er þess m. a. getið, að í apríl og maí 1948 hafi S.Í.F. boðið og Enrico Gismondi & Co. samþykkt að kaupa 2000 smál. af saltfiski, en Gismondi síðan fallið frá kaupunum. Er þessa getið hér vegna þess, er síðar gerðist í málinu.

Þegar stjórn L.Í.Ú. bárust athugasemdir þessar, fól hún Geir H. Zoëga að svara þeim. Hófst hann þegar handa um öflun gagna í því skyni. Hjá firmanu E. Gismondi & Co. spurðist hann sérstaklega fyrir um sölu þá á 2000 smál. af saltfiski, sem áður er frá greint. Vegna þessa sendi firmað Geir skjöl þau, er farið höfðu milli þess og Hálfdáns Bjarnasonar, umboðsmanns S.Í.F. á Ítalíu, viðvíkjandi þessari sölu, til þess að sýna, hver gangur málsins hafði verið. Meðal þessara skjala var afrit símskeytis, dags. 23. apríl 1948, frá Hálfdáni Bjarnasyni til ákærða, sent á heimili hans hér í bænum. Endar skeytið þannig: „Referring to your letter of 17th inst. to me Zuerich Gismondi approves your six regards." Ennfremur var meðal skjalanna afrit bréfs á ítölsku, dags. 16. ágúst 1948, frá Gismondi til Hálfdáns Bjarnasonar og endar það í íslenzkri þýðingu á þessum orðum: „Vér göngum út frá, að við ofangreint verð (þ. e. 78/— pr. pakka fob.) skuli bætt 6d. í samræmi við fyrri orðsendingar yðar." Í skjölunum finnast engar skýringar á þessum atriðum.

Andsvar Geirs við áðurnefndum athugasemdum S.Í.F. er dagsett 20. jan. 1949. Er þar sérstaklega vakin athygli á símskeytinu frá 23. apríl 1948, án þess þó að efni þess sé rakið. Einnig er þess þar getið, að skjölin viðvíkjandi áðurnefndri 2000 tonna salfisksölu fylgi andsvarinu.

Andsvar þetta sendi Geir til skrifstofu L.Í.Ú. hér í bæ, en afrit þess til Jóhanns Þ. Jósefssonar ráðherra, Jóns bankastjóra Maríassonar, Finns alþingismanns Jónssonar, Ólafs Jónssonar framkvæmdarstjóra og Lofts Bjarnasonar útgerðarmanns.

Andsvar Geirs var lagt fram á fundi, sem stjórn L.Í.Ú. hélt 3. marz 1949, og virðast þá einnig öll fylgiskjölin, er því fylgdu, hafa verið lögð fram. Þar sem andsvarið var samið á ensku, ákvað stjórn L.Í.Ú. að láta þýða það á íslenzku. Fylgiskjölin voru þó ekki þýdd á íslenzku. Hin íslenzka þýðing andsvarsins var síðan samkvæmt ákvörðun stjórnar L.Í.Ú. send til ríkisstjórnarinnar, stjórnar S.Í.F., stjórnar Fiskimálasjóðs og allra stjórnarmeðlima L.Í.Ú. Ekki verður annað séð en að allir

þeir, er andsvarið fengu, hafi haft frjálsan aðgang að fylgiskjölum þess í skrifstofu L.Í.Ú.

Geir H. Zoëga hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi eigi til fullnustu skilið niðurlag nefnds símskeytis frá 23. apríl 1948, og því spurzt frekar fyrir um efni þess hjá Gismondi. Eftir því sem upp er komið í málinu, virðist það þó hafa dregizt til 15. júlí 1949. Þann dag virðist Geir hafa skrifað Gismondi tvö bréf, og hefur aðeins annað þeirra verið lagt fram í málinu. Í bréfi þessu biður Geir fyrst og fremst um nánari upplýsingar um greiðsluna á 6d pr. fiskpakka. Í annan stað spyrst hann fyrir um það, hvort ákærði hafi fengið dreidda dulda þóknun af tveim eða þrem skipsförmum af saltfiski, sem Gismondi hafi keypt frá Íslandi með milligöngu Hálfdáns Bjarnasonar.

Þessum bréfum svarar Gismondi með bréfi, dags. 18. júlí 1949. Þar segir hann, að firma sitt hafi aldrei átt verzlunarviðskipti við Ísland með milligöngu Hálfdáns Bjarnasonar. Ennfremur segir hann, að þegar samningar hófust um áðurnefnd 2000 tonn af saltfiski, sem seljast áttu fob., hafi Hálfdán Bjarnason sagt, að ákærði væri vanur að fá í þóknun 6 d. pr. pakka, og væri hún tekin af farmgjaldinu. Kveðst Gismondi hafa samþykkt að greiða slíka þóknun og sé við hana átt, þar sem rætt er um 6d. í símskeytinu frá 23. apríl 1948.

Geir H. Zoëga kom hingað til lands í ágúst 1949 og hafði hann þá gögn þessi meðferðis. Ræddi hann við stjórnarformann og framkvæmdarstjóra L.Í.Ú. um mál þetta. Niðurstaðan af viðræðum þeirra var sú, að réttast væri að leggja málið fyrir Richard Thors, stjórnarformann S.Í.F., en sem algert trúnaðarmál. Skrifaði Geir síðan bréf, sem dagsett er 5. sept. 1949, til Richards Thors og sendi honum gögn þau, er mál þetta varða. Jafnframt telur hann æskilegt, að þeir ásamt stjórnarformanni L.Í.Ú. ræddu mál þetta sín á milli.

Er Richard fékk bréf þetta, átti hann þegar símasamtal við Geir. Sagði hann, að þar sem mál þetta væri fyrir sig lagt sem algert trúnaðarmál, teldi hann sér óheimilt að ræða það við aðra. Hins vegar gæti hann ekki tekið við slíkum ásökunum á hendur framkvæmdarstjóra S.Í.F, án þess að ræða þær við hann og ef það væri ekki leyft, neyddist hann til að endursenda bréfið. Féllst Geir þá strax á, að Richard ræddi málið við ákærða.

Er Richard átti tal við ákærða um mál þetta, skýrði sá síðarnefndi svo frá, að sér væri mál þetta óviðkomandi með öllu. Þau 6d., sem um ræðir í símskeytinu frá 23. apríl 1948, hafi átt að vera greiðsla frá Gismondi til Gunnars Guðjónssonar skipamiðlara vegna tjóns, er sá síðarnefndi varð fyrir í sambandi við flutning á lýsi, sem var í skipinu, en fara átti til Ítalíu, þegar breytt var leigusamningi, er gerður hafði verið um skipið „Lady Kathleen", á þá lund, að skipið færi til Grikklands í stað Ítalíu, eins og um hafði verið samið. Verður mál þetta allt rakið nánar hér á eftir samkvæmt upplýsingum þeim, sem fengizt hafa við rannsókn málsins. Fékk ákærði Richard í hendur ýmis

skjöl, er hann taldi staðhæfingu sinni til stuðnings. Jafnframt kom þeim Richard og ákærða saman um að leggja mál þetta fyrir næsta aðalfund S.Í.F., sem halda átti í desember þetta sama ár.

Er Richard hafði rætt við ákærða, hélt hann þegar á fund þeirra Geirs og formanns stjórnar L.Í.Ú. Tjáði hann þeim, að hann teldi ákærða hafa hreinsað sig af grun þeim, sem á hann hefði verið lagður um töku dulinna greiðslna í sambandi við saltfisksölur, og sýndi þeim jafnframt gögn þau, er ákærði hafði fengið honum í hendur. Hann skýrði þeim einnig frá því, að málið yrði lagt fyrir næsta aðalfund S.Í.F.

27. okt. 1949 skrifaði Geir H. Zoëga til Gismondi og sagði honum skýringar ákærða á því, hvert áðurnefnd 6d. hafi átt að renna og óskar umsagnar hans um þá frásögn. Þessu bréfi svarar Gismondi með tveim bréfum, sem bæði eru dagsett 29. okt. 1949. Er annað ritað á ensku og stílað beint til Geirs H. Zoëga. Er þar gefin sama skýring á nefndum 6d. og í bréfinu frá 18. júlí 1949. Hitt bréfið er á dönsku og stílað til L.Í.Ú. í London. Þar kveður Gismondi sér kunnugt um, að lýsi það, er flutt var til Grikklands með „Lady Kathleen", hafi eftir miklar tafir verið flutt frá Grikklandi til ákvöðunarstaðar síns, Genúa, og hafi mikill kostnaður orðið því samfara. Kveðst hann hafa annazt þessa flutninga samkvæmt beiðni ítalska firmans S.I.R. Að því er snertir skýringu ákærða á áðurnefndri 6 pence greiðslu, segir hann, að hún sé „digt og forbandet lögn".

Er Geir hafði fengið bréf þessi í hendur, ritaði hann Vilhjálmi Þór, sem var í stjórn S.Í.F., bréf, er dagsett eru 3. og 9. nóv. 1949. Eru þau þau bæði auðkennd „Private and Confidential". Ennfremur ritaði hann Richard Thors bréf, sem dagsett er 8. nóv. 1949. Er málið þar útlistað á grundvelli þeirra bréfa, sem Geir hafði fengið frá Gismondi, og grun beint að ákærða um töku ólöglegra umboðslauna. Sams konar skýrslur kveðst Geir hafa sent Tryggva Ófeigssyni útgerðarmanni, Helga Guðmundssyni bankastjóra og Skúla alþingismanni Guðmundssyni.

Eftir að Richard Thors og Vilhjálmur Þór fengu ofannefnd bréf í hendur, var málið lagt fyrir næsta fund, sem stjórn S.Í.F. hélt. Þar var síðan samþykkt 28. jan. 1950 að beiðast opinberrar rannsóknar á ásökunum Geirs H. Zoëga í sambandi við þetta mál og þau atriði í áðurnefndum skýrslum hans, sem hann taldi stjórn S.Í.F. til álösunar.

Við rannsókn málsins hafa þeir Gunnar Guðjónsson og Hálfdán Bjarnason skýrt svo frá, að síðari hluta ársins 1947 hafi Gunnar Guðjónsson tekið að sér að annazt leigu á skipum til flutninga á saltfiski frá Íslandi til Ítalíu fyrir firmað S.I.R. þar, en sjálft hafði firmað átt að annast flutningana. „Lady Kathleen" var síðasta skipið af þrem, sem Gunnar leigði til þessara flutninga. Áttu með því að fara eftirstöðvar þess saltfiskmagns, sem samið var um að flytja til Ítalíu, en ekki hafði komizt með hinum skipunum tveim. Af þessum ástæðum var ekki unnt að fá skip, sem tæki nákvæmlega það magn af saltfiski, sem flytja skyldi.

Þetta leysti Gunnar á þann hátt, að hann tók á leigu skip, sem tók meiri farm en saltfiskmagninu nam, en tók því næst 168 tonn af lýsi til flutnings til Genúa, svo að skipið yrði fullhlaðið. Byrjað var að ferma skipið í Reykjavík, en þar var lýsið. Fiskurinn var hins vegar á ýmsum stöðum úti um land, og tók skipið hann þar. Af þessum ástæðum varð lýsið neðst í skipinu. Meðan á fermingu skipsins stóð, féll fiskverð mjög á Ítalíu. Tóku kaupendur fisksins því til bragðs að selja hann til Grikklands fyrir milligöngu Gismondi. Fyrir kaupendurna skipti mjög miklu máli, að fiskurinn væri fluttur beint til Grikklands með sama skipinu, í stað þess að umferma hann í Ítalíu.

Kaupendur fisksins sneru sér því til Hálfdáns og báðu hann að hlutast til um við Gunnar, að leigusamningi skipsins yrði breytt á þá lund, að skipið flytti fiskinn beint til Grikklands. Var Hálfdán þá staddur í Kaupmannahöfn, en þar var þá Gunnar staddur líka. Tókst þeim að fá leigusamningi skipsins breytt á þá leið, að það færi með fiskinn beint til Grikklands. Talaðist þeim jafnframt svo til, að S.I.R. eða Gismondi eða firmun bæði sameiginlega mundu greiða flutningskostnað lýsisins frá Grikklandi til Genúa. Ekki virðist þó hafa verið formlega frá því gengið við firmun, að svo væri gert.

Þegar á reyndi, voru eigendur fisksins á Ítalíu tregir til að greiða kostnað af flutningi lýsisins frá Grikklandi til Ítalíu. Dróst því úr hömlu, að svo væri gert. Loks önnuðust kaupendur lýsisins sjálfir flutning þess frá Grikklandi til Ítalíu í marz-byrjun 1948. Töldu þeir kostnað við það nema um £ 1200. Taldi Gunnar, að hin ítölsku félög, sem fiskinn seldu til Grikklands, ættu að greiða þennan kostnað að öllu leyti, en þau vildu eigi á það fallast. Var um þetta þráttað nokkra hríð, en úrlausn fékkst þó engin.

Um svipað leyti og þeir atburðir gerðust, er lýst var nú síðast, var ráðin för ákærða til Englands og Tékkóslóvakíu á vegum S.Í.F. Var ráð fyrir því gert, að hann mundi hitta Hálfdán Bjarnason í þessari för. Um þetta var Gunnari Guðjónssyni kunnugt. Fór hann þess á leit við ákærða, að hann ræddi mál þetta við Hálfdán og reyndi að fá hann til að koma því til leiðar, að eigendur fisksins, sem fluttur var til Grikklands, greiddu kostnaðinn við flutning lýsisins þaðan til Ítalíu. Þar sem ákærða var með öllu ókunnugt um þessi viðskipti, enda skipsleigan að engu leyti á vegum S.Í.F., bað hann Gunnar að skrifa sér bréf um málið, sem hann gæti síðan lagt fyrir Hálfdán, er fundum þeirra bæri saman. Bréf Gunnars er dagsett 25. marz 1948, og er þar lýst málavöxtum um atriði þetta í samræmi við það, sem rakið er hér á undan.

Vegabréf ákærða sýnir, að hann fór héðan af landi 7. apríl 1948, kom til Zürich 16. apríl 1948 og fór þaðan 18. apríl 1948. Ennfremur sýnir vegabréf Hálfdáns, að hann kom til Sviss 16. apríl 1948 og fór þaðan 22. apríl 1948. Hittust þeir ákærði og Hálfdán í Zürich, meðan sá fyrrnefndi dvaldi þar. Ræddu þeir m. a. kröfu lýsiskaupenda á hendur

Gunnari. Þar sem samningsumleitanir fóru þá fram milli Hálfdáns og Gismondi um fob-kaup þess síðarnefnda á áðurgreindum 2000 tonnum af saltfiski, kvaðst Hálfdán mundu leitast við að fá Gismondi, ef samningar tækjust um söluna, til að taka skip á leigu hjá Gunnari Guðjónssyni til flutninga á fiskinum og greiða honum fyrir það aukagjald, sem nægja mundi að mestu til greiðslu á kröfum lýsiskaupenda á hendur Gunnari. Töluðu þeir um, að með 6d. aukagjaldi á pakka mundi Gunnar fá tjón sitt bætt að mestu leyti.

Ákærði fór frá Zürich snemma morguns 18. apríl 1948. Um kvöldið 17. apríl ætlaði hann að afhenda Hálfdáni bréf Gunnars, en náði ekki sambandi við hann. Skrifaði hann þá Hálfdáni bréf, sem dagsett er 17. apríl 1948. Segir þar, að hann sendi Hálfdáni bréf Gunnars og treysti honum til að gera sitt bezta fyrir Gunnar í málinu.

Hálfdán skýrir svo frá, að hann hafi síðan átt tal við Gismondi um mál þetta. Hafi hann fallizt á, ef samningar tækjust um nefnd 2000 tonna saltfiskkaup, að láta Gunnar Guðjónsson annast flutninginn á fiskinum og greiða honum umfram venjulegt farmgjald 6d. pr. pakka. 23. apríl 1948 voru samningar komnir það langt áleiðis, að útlit var á, að af sölunni yrði. Þann dag sendi Hálfdán símskeyti til S.Í.F. þess efnis, að Gismondi samþykkti að kaupa nefnd 2000 tonn fyrir 78/— fob. Endanlegt samþykki fengist þó ekki, fyrr en gengið væri frá nauðsynlegum formsatriðum og leyfum, en þess væri fastlega vænzt, að kaupin strönduðu ekki á þeim. Sama dag sendi Hálfdán símskeyti til ákærða. Er þar gerður sami fyrirvari um endanlegt samþykki á kaupunum. Þá er lögð rík áherzla á, að ákærði beiti sér fyrir því, að S.Í.F. bjóði ekki fisk til sölu í Grikklandi til 31. maí 1948. Er þetta atriði í samræmi við skilyrði, er Gismondi hafði sett fyrir kaupunum í bréfi til Hálfdáns, dags. 17. apríl 1948, enda var ætlun Gismondis að endurselja fiskinn í Grikklandi í sambandi við útboð gríska innflytjendasambandsins á sölu saltfisks þangað. Loks endar símskeyti Hálfdáns til ákærða á orðum þeim, sem tekin eru upp hér að framan. Samdægurs sendi Hálfdán afrit beggja þessara símskeyta til Gismondi. 26. apríl 1948 krefst ákærði f. h. S.Í.F. tafarlauss samþykkis á kaupunum, að öðrum kosti verði fiskurinn boðinn til sölu í Grikklandi. Slíkt samþykki var Gismondi ekki reiðubúinn að gefa, og varð því ekki af kaupunum.

Við rannsókn máls þessa hefur Hálfdán Bjarnason skýrt svo frá, að þar sem í símskeyti hans sé talað um bréf ákærða frá 17. apríl 1948, sé átt við bréf ákærða, er fylgt hafði bréfi Gunnars Guðjónssonar og áður hefur verið frá sagt, enda ákærði ekki skrifað honum annað bréf, sem dagsett var þenna sama dag. Hins vegar telur hann um að kenna óaðgæzlu sinni við samningu símskeytisins, að í því skuli standa „your six", því að samkvæmt meiningu hans hafi þar raunverulega átt að standa „Guðjónsson's six" Telur hann, að þeir, sem um málavexti vissu, hafi ekki getað misskilið, að við það var átt, að Gismondi

tæki þátt í tjóni Gunnars af áðurnefndum lýsisflutningum með þessari greiðslu.

Með bréfi, dags. 10. ágúst 1948, óskaði Gismondi eftir því, að Hálfdán Bjarnason útvegaði tilboð fob. á 4 þús. tonnum af saltfiski í sambandi við útboð gríska innflytjendasambandsins 25. ágúst 1948. Þessu bréfi svaraði Hálfdán með símskeyti 15. ágúst 1948. Segir þar, að ógerningur muni að ná samningum um þessa sölu, þar sem S.Í.F. ætli að bjóða fiskinn til sölu í Grikklandi millilíðalaust. Þó muni S.Í.F. ef til vill samþykkja fast tilboð til Gismondi á 78/— pr. pakka fob. Þessu símskeyti svaraði Gismondi með bréfi, dags. 16. ágúst 1948. Telur hann þar, að ekki muni heldur verða af viðskiptum í þetta sinn, en óskar þó eftir því, að S.Í.F. geri honum fast tilboð á áðurnefndu verði. Endar bréfið síðan á orðum þeim, sem tekin eru upp hér að framan. Þessari málaleitan Gismondis virðist S.Í.F. ekki hafa svarað, og varð ekki af kaupunum.

Ákærði kveður sér ekki hafa verið kunnugt um síðastnefnt atriði téðra bréfaskipta, fyrr en hann kynntist því við rannsókn málsins. Hefur ekkert komið fram í málinu, er hnekki þeirri frásögn hans.

Hálfdán Bjarnason hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í niðurlagi bréfs Gismondis frá 18. ágúst 1948 sé átt við sams konar greiðslu til Gunnars Guðjónssonar og um getur í símkeytinu frá 23. apríl 1948. Telur hann, að þar sem Gismondi hafi samkvæmt bréfinu viljað hækka verð fisksins um 6d., geti ekki verið um að ræða duldar greiðslur til ákærða eða annarra, þar eð verð fisksins standi á öllum skilríkjum í sambandi við söluna og því engin leið að leyna því. Ekki hafa fengizt aðrar upplýsingar um áminnzta hækkun á verði fisksins.

Við mat málsatvika, eins og þeim er lýst hér á undan, ber þess fyrst og fremst að gæta, að R. Gismondi hefur ekki komið fyrir dóm og staðfest þar frásagnir þær, er fram koma í áðurnefndum bréfum hans til Geirs H. Zoëga. Verður því með þær að fara á sama hátt og skýrslur, sem utan dóms eru gefnar óábyrgum aðiljum. Í því sambandi er á það að líta, að í bréfi sínu frá 18. júlí 1949 skýrir Gismondi sannanlega rangt frá í því efni, að hann hafi aldrei keypt fisk frá Íslandi fyrir milligöngu Hálfdáns Bjarnasonar. Ennfremur er ekki fyllilega í ljós leitt, hvað þeim Geir H. Zoëga og Gismondi hefur á milli farið í þessum efnum, því að ekki hafa fengizt til afnota í málinu öll þau bréf, sem vitað er, að á milli þeirra hafa farið. Dregur þetta hvort tveggja úr trúgildi frásagnar Gismondis. Þá ber og á það að líta, að í málinu er ekkert það upp komið, er styrki frásögn Gismondis. Miklu fremur hið gagnstæða. Með samhljóða vætti Gunnars Guðjónssonar og Hálfdáns Bjarnasonar verður að telja fullnægjandi grein gerða fyrir því, hvert margnefnd 6d. pr. pakka hafi átt að renna og af hvaða ástæðu.

Af þessum ástæðum verður því enginn trúnaður lagður á þá frásögn Gismondis, að ákærði hafi ætlað að taka til sín persónulega

greiðslur í sambandi við saltfisksölur þær, er í máli þessu greinir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að gera ríkissjóði að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, er þykja hæfilega ákveðin kr. 2 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 2 500.00.

Miðvikudaginn 18. nóvember 1953.

Nr. 73/1952. **Sveinn Bjarnason** (Ragnar Jónsson)
gegn
Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs kaupstaðarins og Útgerðarfélagi Akureyringa h/f.
(Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Um atkvæðisrétt bæjarsjóðs og hafnarsjóðs í hlutafélagi.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa upp kveðið bæjarfógetafulltrúi Kristján Jónsson sem setudómari og samdómsmennirnir Elías Tómasson bankafulltrúi og Bjarni Halldórsson skrifstofustjóri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1952 og gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðalkrafa: Að dæmt verði óheimilt gagnvart áfrýjanda sem hluthafa í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, að farið sé með á fundum félagsins meira en $^1/_5$ hluta heildaratkvæða

í félaginu vegna samanlagðrar hlutafjáreignar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar.

Varakrafa: Að dæmd verði ógild gagnvart áfrýjanda sú ráðstöfun bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar að skrá á nafn hafnarsjóðs Akureyrar hlutbréf í fyrrgreindu félagi að fjárhæð kr. 300 000.00.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 15. gr. laga um bæjarstjórn á Akureyri nr. 22/1883, sbr. 9. gr. laga nr. 65/1917, ræður bæjarstjórn kaupstaðarins hafnarmálum bæjarfélagsins samkvæmt hafnarlögum. Þau ákvæði hafnarlaga, sem hér að lúta, eru nú í 6. gr. laga um hafnargerðir og lendingabætur nr. 29/1946, en þar segir svo:

„Hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja eða fimm manna nefnd. Í reglugerð skal setja ákvæði um kosningu nefndarmanna, tölu þeirra og starfssvið."

Í hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað nr. 230/1950, sem sett er samkvæmt lögum nr. 29/1946, er kveðið svo á í 2. gr., að bæjarstjórn Akureyrar hafi á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins, en hafnarnefndin annist framkvæmd hafnarmála, fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Í bæjarstjórnarsamþykkt Akureyrar nr. 88/1946 eru fyrirmæli um skipun og vald hafnarnefndar. Samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar er hafnarnefnd ein þeirra fastanefnda, sem bæjarstjórnin skal kjósa í febrúarmánuði ár hvert til eins árs í senn. Bæjarstjóri er samkvæmt 9. gr. sjálfkjörinn formaður nefndarinnar. Í samþykktinni er hafnarnefnd ekki mælt nein sérstaða fram yfir aðrar nefndir, er bæjarstjórn kýs, og eru gerðir hennar og ályktanir háðar yfirráðum bæjarstjónar, sbr.

fyrrnefnd ákvæði 6. gr. laga nr. 29/1946 og 2. gr. hafnarreglugerðar nr. 230/1950. Getur bæjarstjórnin samkvæmt 5. tölulið 2. gr. bæjarstjórnarsamþykktarinnar tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hana borið, og samkvæmt 2. mgr. 4. gr. er bæjarstjórn heimilt að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd hafi það til meðferðar. Þá úrskurðar og bæjarstjórn samkvæmt 25. gr. samþykktarinnar ársreikninga hafnarsjóðs.

Eins og hér hefur verið rakið, eru hafnarmálefni Akureyrar eitt af bæjarmálefnum kaupstaðarins og lúta valdi bæjarstjórnar. Að vísu er gerð með 7. gr. laga nr. 29/1946 sú takmörkun á valdi bæjarstjórnar yfir hafnarsjóði, að eignum sjóðsins má einungis verja í þágu hafnarinnar, en eins og yfirráðum bæjarstjórnarinnar yfir hafnarsjóði er að öðru leyti háttað, svo sem lýst hefur verið, verður hann ekki talinn sérstæður aðili í hlutafélagi við hlið bæjarstjórnar í merkingu 31. gr. laga um hlutafélög nr. 77/1921. Ber því að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Atkvæðisréttur í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f vegna samanlagðrar hlutafjáreignar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs Akureyrarkaupstaðar má ekki fara fram úr $^1/_5$ hluta heildaratkvæða í félaginu.

Stefndu, bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs kaupstaðarins og Útgerðarfélag Akureyringa h/f, greiði in solidum áfrýjanda, Sveini Bjarnasyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 2. apríl 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. marz s.l., hefur stefnandi, Sveinn Bjarnason framfærslufulltrúi, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 14.

sept. 1951, á hendur bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs Akureyrar og hafnarsjóðs Akureyrar og einnig á hendur Útgerðarfélagi Akureyringa h/f. Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs og hafnarsjóðs sé óheimilt að fara með meira en ⅕ hluta heildaratkvæða í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f vegna hlutafjáreignar beggja sjóðanna í nefndu hlutafélagi.

Til vara krefst stefnandi þess, að dæmd verði ógild gagnvart sér sú ráðstöfun bæjarstjórnar Akureyrar að skrá á nafn hafnarsjóðs Akureyrar hlutabréf að upphæð kr. 300.000.00 í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f.

Í báðum tilfellum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi hinna stefndu in solidum eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefndu er aðallega krafizt frávísunar, en til vara sýknu og í báðum tilfellum málskostnaðar úr hendi stefnanda. Með úrskurði, uppkveðnum 22. okt. 1951, vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu, þar eð hann hafði átt sæti í bæjarstjórn á árunum 1946—50. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóv. s.l., var Kristján Jónsson cand. jur. skipaður setudómari í málinu. Kvaddi hann með sér sem samdómendur þá Elías Tómasson bankafulltrúa og Bjarna Halldórsson skrifstofustjóra, þar eð hinir reglulegu sjó- og verzlunardómsmenn voru allir við málið riðnir. Frávísunarkröfu stefndu var með úrskurði, uppkveðnum 1. febrúar s.l., hrundið.

Málavextir eru þessir:

Útgerðarfélag Akureyringa h/f, Akureyri, var stofnað á árunum 1945—46 með þátttöku mikils fjölda bæjarbúa. Allt frá stofnun félagsins var stefnandi einn af hluthöfunum og nam hlutur hans kr. 1000.00. Tilgangur félagsins var að reka útgerð frá Akureyri og hefur félagið nú eignast þrjá botnvörpunga.

Samkvæmt stofnsamningi, dags. 26. maí 1945, skyldi hlutafé vera allt að kr. 800.000.00, en var síðan hækkað eftir því sem togaraeign félagsins jókst, fyrst upp í eina og hálfa milljón króna, en síðan í tvær og hálfa milljón kr., en þar af munu vera óseld hlutabréf fyrir sem næst 250 þús. króna. Frá stofnun félagsins hefur bæjarsjóður Akureyrar átt hluta í því. Nam hlutabréfaeign hans í fyrstu 135 þúsundum, en hefur síðan farið vaxandi og nemur nú 850 þús. kr.

Á bæjarstjórnarfundi þann 7. des. 1948 er samþykkt, að bærinn kaupi 50% af hlutafjárupphæð Útgerðarfélags Akureyringa og verði 20% hlutafjárins skrásett hjá bæjarsjóði, en 20% hjá hafnarsjóði. Nam þá heildarhlutafé Útgerðarfélagsins einni og hálfri milljón króna og kom þá kr. 300.000 á nafn bæjarsjóðs, en afgangurinn, 10%, til bæjarsjóðs.

Þann 20. júní 1949 tilnefnir hafnarnefnd mann til þess að fara með atkvæði hafnarsjóðs á aðalfundi Útgerðarfélags Akureyringa, sem haldinn skyldi þann 21. s. m.

Á þessum aðalfundi hreyfði stefnandi andmælum gegn því, að bæjarsjóður og hafnarsjóður, hvor um sig, neytti sjálfstæðs atkvæðaréttar, en fundarstjóri tók það ekki til greina. Eftir þennan aðalfund ritar stefnandi

Útgerðarfélagi Akureyringa bréf, þar sem hann óskar eftir því, að stjórn útgerðarfélagsins fái úr því skorið með dómi, hvort hafnarsjóður Akureyrar geti talizt löglegur hluthafi í félaginu og geti farið með atkvæðisrétt á fundum samsvarandi því hlutafé, sem höfnin sé talin eiga í félaginu. Stjórn félagsins svarar þessu bréfi stefnanda á þá leið, að hún hafi samkvæmt ósk bæjarstjórnar gefið umrædd hlutabréf út á nafn hafnarsjóðs, án nokkurrar athugasemdar um fullan rétt til atkvæða. Telji hún því ekki nú ástæðu til að gera neinar ráðstafanir til þess að takmarka þennan rétt bréfanna.

Á aðalfundi Útgerðarfélags Akureyringa h.f., er haldinn var 15. júní 1950, gerði stefnandi, eftir að lagðir höfðu verið fram tveir listar, sem merktir voru A og B, fyrirspurn um það, hvort atkvæði hafnarsjóðs Akureyrar við atkvæðagreiðslu á fundinum yrðu metin gild. Óskaði hann úrskurðar fundarstjóra um það atriði. Taldi hann það koma í bága við hlutafélagslögin, að bærinn og hafnarsjóður gætu farið með 40% atkvæða, því að skýrt væri fram tekið í lögunum, að enginn hluthafi mætti fara með meira en 20% atkvæða, en á bæinn og hafnarsjóð liti hann sem einn og sama aðilja.

Úrskurður fundarstjóra var á þá leið, að frá upphafi hefði bæjarstjóri eingöngu farið með atkvæði bæjarsjóðs á fundum félagsins, en hafnarnefnd falið einhverjum nefndarmanna sinna að fara með atkvæði hafnarsjóðs. Höfnin hefði algerlega aðskilinn fjárhag frá bænum og bæri því hafnarsjóði óskertur atkvæðisréttur fyrir allt hlutafé sjóðsins á fundum félagsins. Þann 11. sept. 1950 höfðaði stefnandi mál fyrir bæjarþingi Akureyrar til ógildingar úrskurði fundarstjóra um atkvæðisrétt hafnarsjóðs á aðalfundi og stjórnarkosningu, sem fram fór þá, en úrslit hennar taldi hann hafa oltið á atkvæðamagni hafnarinnar. Máli þessu var vísað frá dómi, sökum þess að það hefði ekki verið lagt til sátta. Aðalfund félagsins, sem haldinn var 9. júní 1951, gat stefnandi ekki sótt sökum veikinda og hafðist því ekkert að fyrr en hann höfðaði mál þetta, eins og fyrr segir með stefnu útgefinni 14. sept. s.l.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á þeim rökum, að bæjarsjóður og hafnarsjóður séu í rauninni einn og sami aðilinn og eigi því atkvæðisréttur þeirra í félaginu að miðast við samanlagða hlutafjáreign beggja sjóðanna, en við það myndi atkvæðisréttur þeirra minnka frá því sem nú er, að því er atkvæðum hafnarsjóðs nemur, þar sem bæjarsjóður einn á nú meira en ⅕ hluta alls hlutafjárins í útgerðarfélaginu. Að sama skapi mun atkvæðisréttur allra annarra hluthafa aukast. Bæjarsjóður og hafnarsjóður njóti því nú atkvæðisréttar um of á kostnað stefnanda og annarra hluthafa. Að áliti stefnanda hefur þetta úrslitaáhrif á stjórnarkosningu í félaginu.

Ennfremur heldur stefnandi því fram, að bæjarsjóður og hafnarsjóður geti ekki, fremur en t. d. stofnsjóður og varasjóður innan sama kaupfélags, verið sérstakir hluthafar með sjálfstæðum atkvæðisrétti innan hlutafélags, þar sem eigandi sjóðanna er einn og hinn sami, þ. e. Akur-

eyrarkaupstaður, og forráðamenn kaupstaðarins, bæjarstjórnin, hefur á hendi umsjón og stjórn beggja sjóðanna. Auk þess sem bæjarsjóður ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að hér sé um ógilda, heimildarlausa málamyndaráðstöfun að ræða, þar sem óheimilt sé að lögum að verja fé hafnarsjóðs til annars en beinna þarfa hafnarinnar.

Stefndu halda því hins vegar fram, að Akureyrarhöfn sé stofnun að lögum, sem geti átt rétt og borið skyldur og komið fram sem sjálfstæður aðili í viðskiptum. Hafnarsjóður Akureyrar hafi að lögum aðskilinn fjárhag frá Akureyrarbæ og sérstök nefnd, „hafnarnefnd Akureyrar", annist fjárhald hafnarinnar og reikningsskil hafnarsjóðs. Hlutabréf þau, sem hér um ræðir, voru keypt og gefin út á nafn hafnarsjóðs þann 14. júní 1949. Með atkvæði þessara hlutabréfa fari því hafnarnefnd samkvæmt því umboði, sem henni er falið með lögum og reglugerð til að annast fjárhald hafnarinnar.

Svo sem nú hefur verið frá sagt, heldur stefnandi því fram, að bæjarsjóður og hafnarsjóður séu í rauninni einn og sami aðilinn, þar sem Akureyrarbær sé eigandi beggja sjóðanna og forráðamenn bæjarins, bæjarstjórnin, hefur á hendi umsjón og stjórn þeirra beggja og auk þess beri bæjarsjóður ábyrgð á skuldbindingu hafnarsjóðs.

Í sambandi við þessa staðhæfingu stefnanda skulu nú teknar til athugunar þær reglur, sem gilda um Akureyrarhöfn samkvæmt núgildandi lögum um hafnargerðir og lendingarbætur frá 1946 og hafnarreglugerð frá 1950.

Samkvæmt 1. grein greiðir ríkissjóður hluta af kostnaði við hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum, sem taldir eru í lögum þessum, og í þeim hlutföllum, sem þau ákveða, enda séu áætlanir um framkvæmdir allar samþykktar af samgöngumálaráðuneytinu, eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðs ekki fullnægjandi, til þess að standa undir byggingu hafnarinnar eða lendingarbótanna og fé veitt til þess í fjárlögum.

Samkvæmt 2. gr. A-lið greiðir ríkissjóður ⅔ hluta af kostnaði við hafnargerð á Akureyri. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán til greiðslu á ⅔ af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir.

Samkvæmt 3. gr. er skilyrði fyrir styrkveitingu og ábyrgð ríkissjóðs, að hafnargerðin eða lendingarbæturnar séu framkvæmdar undir yfirumsjón vitamálastjóra eða annars manns, sem samgöngumálaráðherra samþykkir. Samkvæmt 6., 7. og 8. gr. hefur hlutaðeigandi sveitarstjórn á hendi stjórn málefna hafnarinnar eða lendingarbótanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, en skal fela framkvæmd þeirra mála þriggja manna nefnd. Eignum hafnar- og lendingarbótasjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar eða lendingarbótanna. Hlutaðeigandi sveitarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins. Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar eða lendingar-

bótasjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fsteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Ennfremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að hefja framkvæmdir mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar nægi ekki til þess að koma þeim í framkvæmd.

Í 9. gr. segir svo: Til þess að standast kostnað við hafnargerðina eða lendingarbæturnar og til árlegs reksturskostnaðar er heimilt að leggja gjöld á skip þau og báta, er nota höfnina og lendingarbæturnar, svo og á vörur þær, er þau flytja, þar með talinn afli, sem þau leggja á land. Ennfremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr. Gjöld þessi séu ákveðin í reglugerð, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum hafnar- eða lendingarbótanefndar þeirrar, er hlut á að máli.

Samkvæmt 11., 12., og 13. gr. skal senda samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnar- eða lendingarbótasjóðs fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum. Séu í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðuneytisins þarf til, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins sé fengið, áður en sveitarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnar- eða lendingarbótasjóðs. Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tilteknum fjárhæðum án samþykkis hlutaðeigandi sveitarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins. Hafa nú hér verið raktar helztu reglur, sem gilda um hafnargerðir og lendingarbætur samkvæmt lögum nr. 29 frá 23. apríl 1946.

Samkvæmt 2. kafla hafnarreglugerðar fyrir Akureyrarkaupstað hefur bæjarstjórn Akureyrar á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins. Hafnarnefndin hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil f. h. bæjarstjórnar. Samkvæmt þessu er yfirráðaréttur bæjarstjórnar Akureyrar yfir höfninni mjög takmarkaður að lögum og lagður að nokkru í hendur ríkisvaldsins. Akureyrarhöfn er sem aðrar aðalhafnir landsins þýðingarmikill liður í samgöngukerfi landsins. Hún hefur því almennu hlutverki að gegna, sem er víðtækara en svo, að það sé bundið við Akureyrarkaupstað einan, enda tilorðin fyrir atbeina ríkisvaldsins og opin öllum til afnota, sem hlýta reglum þeim, sem um hana gilda. Hafnarsjóður og bæjarsjóður hafa að lögum algerlega aðskilinn fjárhag og byggja tilvist sína á tveim algerlega óskildum tekjustofnum. Eins og áður segir, eru hafnarsjóði með lögum tryggðar tekjur til þess að standast kostnað með hafnargerðina og til reksturs hafnarinnar. Ákvörðunin um upphæð hafnargjalda er í höndum atvinnumálaráðuneytisins og hafnarnefndar, en ekki bæjarstjórnar Akureyrar. Frá bæjarsjóði Akureyrar hefur höfnin engar fastar tekjur.

Alkunnugt er, að bæði í reikningum Akureyrarkaupstaðar og fasteigna-

mati er Akureyrarhöfn eða hafnarsjóður talinn eigandi að eignum hafnarinnar og greiðir af þeim öll opinber gjöld.

Þegar litið er til alls þessa, sem að framan er sagt, verður ekki annað séð, en að hafnarsjóð Akureyrar beri að skoða sem sjálfstæða lögpersónu, sem eigi rétt og beri skyldur. Niðurstaða málsins verður því sú, að skoða ber hafnarsjóð Akureyrar sem sjálfstæðan hluthafa í Útgerðarfélagi Akureyringa h/f og beri honum því óskertur atkvæðisréttur í félaginu fyrir hlutafé sitt að því marki, sem lög leyfa.

Ber því að sýkna stefndu af aðalkröfum stefnanda í máli þessu. Varðandi varakröfu stefnanda, lítur rétturinn svo á, að sannanir bresti fyrir því, að um málamyndagerning hafi verið að ræða, svo sem stefnandi heldur fram. Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að atvinnumálaráðuneytið hafi gert neinar athugasemdir við reikninga hafnarsjóðs, síðan kaup á hlutabréfunum fóru fram, og verður því að telja, að ráðuneytið hafi fyrir sitt leyti fallizt á þá ráðstöfun. Af framangreindum ástæðum verður varakrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Bæjarstjórn Akureyrar og Útgerðarfélag Akureyringa h/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1953.

Nr. 61/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952, krefst þess, *aðallega* að honum verði dæmd sýkna, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur gjafvarnarleyfi og hefur hann áfrýjað málinu með stefnu 6. maí 1952 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 170.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 212.000.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 192.000.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 182.000.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 170.000.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og verði sjóveðréttur dæmdur í v/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fyrri varakrafa: Að fébætur verði hækkaðar frá ákvæði héraðsdóms, en málskostnaður og sjóveðréttur dæmdur samkvæmt því sem segir í aðalkröfu.

Síðari varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti og sjóveðréttur dæmdur í v/s Þyrli.

Það verður að ætla, að slysið hafi orðið af völdum neista, sem komizt hefur í benzíneiminn í geymi skipsins og hleypt af stað sprengingunni. Má því rekja upptök sprengingarinnar til einhverrar bilunar í tækjum eða mistaka, þótt ekki verði talið sannað, að skipverjar hafi átt sök. Þegar litið er til þessara atriða svo og til þess, hversu almennt hættulegt það verkefni var, sem skipverjar fengust við, þykir eðlilegt að leggja fébótaábyrgð á slysinu á aðaláfrýjanda.

Með þessum athugasemdum þykir bera að staðfesta héraðsdóminn, enda þykir heimilt að dæma sjóveð samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum 4. tl. 236. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 56/1914.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7000.00, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar fjárhæð þessari.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna

hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns, kr. 7000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og á gagnáfrýjandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar þeirri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 1. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. febrúar s.l., hefur Hólmfríður Jónasdóttir, Sjávarborg við Lágholtsveg, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur fyrir sína hönd og ólögráða barna sinna og Skarphéðins Jónssonar, Friðjóns, Óskar og Ingu, gegn Skipaútgerð ríkisins, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 162.000.00, auk 6% ársvaxta frá 17. september 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. janúar 1951, hefur stefnandi fengið gjafsókn í málinu. Þá krafðist stefnandi þess, að viðurkenndur yrði sjóveðréttur hennar í v/s Þyrli til tryggingar dómkröfunum.

Málavextir eru þeir, að kveldið 17. september 1948 var v/s Þyrill statt í Hvalfirði í því skyni að taka þaðan hvallýsi til flutnings. Hafði skipið áður flutt flugvélabenzín og fór um kvöldið fram hreinsun á geymum skipsins, áður en hvallýsið skyldi sett á þá. Fór hreinsun á geymunum fram á venjulegan hátt með eimingu með gufu og skolun með sjó. Samkvæmt skýrslu II. stýrimanns skipsins, Halldórs Ingþórssonar, stóð yfir eiming á geymum nr. II og III, er hann kom á vörð um kvöldið. Um kl. 19.45 var lokað fyrir gufuna til geyma þessara og hún sett á geyma nr. I og IV. Síðan voru lokin á geymum II og III opnuð bæði bakborðs- og stjórnborðsmegin. Var síðan beðið um ½ klst., en þá farið að dæla sjó niður í stjórnborðsgeymi nr. II að ofan, til þess að flýta fyrir kælingunni. Vann stýrimaðurinn að þessu ásamt hásetunum Jóni Bjarnasyni, Skarphéðni Jónssyni og Óskari Frímannssyni. Skömmu eftir að farið var að kæla geyminn fór stýrimaðurinn niður í hann og þá ljóslaus. Síðan fór hann tvisvar niður í geyminn aftur með nokkurra mínútna millibili og í bæði skiptin með ljós. Kveður stýrimaðurinn ljósið hafa verið þannig úr garði gert, að það hafi verið rafmagnshandlampi, gúmmívarinn, með gleri utan um peruna og hafi lampinn verið þéttur. Kveðst hann hafa athugað þetta sérstaklega, áður en hann fór með lampann niður. Fór stýrimaðurinn þetta oft niður í geyminn, til þess að athuga, hvort hann teldi óhætt að láta menn fara niður í hann til vinnu. Þegar stýrimaðurinn kom upp úr geyminum í þriðja skiptið, tók hann raflampann með sér og telur sig hafa lagt hann á þilfarið. Áleit hann þá, að ekki væri ennþá óhætt að láta menn fara ofan í geyminn til vinnu og lét því hásetana halda áfram að sprauta sjó í geyminn. Sjálfur gekk hann frá og fór fram undir bakka og í skonsu, sem þar er, og átti þar tal við I. vélstjóra skipsins. Kvað þá allt í einu við sprenging, og reyndist hún síðar hafa orðið í geymi skipsins

nr. II. Sprakk geymirinn og þilfar skipsins yfir honum flettist frá. Við sprenginguna fórust þeir Skarphéðinn Jónsson og Jón Bjarnason hásetar svo og þriðji maðurinn úr landi, er hjá þeim hafði verið staddur við geyminn. Óskar Frímannsson hafði hins vegar gengið frá aftur á skipið, og slapp hann og aðrir skipverjjar ómeiddir. Telur stefnandi, sem var eiginkona Skarphéðins Jónssonar, að stefnda sem eiganda v/s Þyrils beri að bæta henni og börnum þeirra hjóna það fjárhagstjón, sem þau hafa orðið fyrir við missi hans. Reisir stefnandi bótakröfuna á því í fyrsta lagi, að slysið muni hafa orðið vegna ófullnægjandi útbúnaðar skipsins og í öðru lagi telur hún, að hér sé um svo hættulegan atvinnurekstur að ræða, að rétt sé að leggja fébótaábyrgð á slysförum við atvinnurekstur-inn á atvinnurekandann.

Með samningi, dags. 31. október 1947, milli stefnda og Eimskipafélags Íslands h/f annars vegar og Sjómannafélags Reykjavíkur hins vegar er svo ákveðið í 16. gr., að til viðbótar stríðstryggingu þeirri, sem útgerðarmenn hafi keypt skipverjum fyrir örorku og dauða samkvæmt lögum og samningi um stríðstryggingu og stríðsáhættuþóknun, dags. 7. október 1939, skulu útgerðarmenn kaupa aðra tryggingu jafnháa fyrir alla skipverja og skal sú trygging, ef til þarf að taka, greiðast sem árlegur lífeyrir til tryggða sjálfs eða þeirra aðstandenda hans, sem bæturnar eiga að hljóta. Samkvæmt þessu samningsákvæði hefur stefnandi fengið greiddar kr. 42.000.00 í bætur vegna fráfalls manns síns og framfæranda barna sinna. Eru aðiljar sammála um, að þessi fjárhæð sé fullnaðargreiðsla eftir samningsákvæðinu. Fékk stefnandi greiddar kr. 20.000.00 af fjárhæð þessari 18. desember 1950, kr. 10.000.00 5. janúar 1951 og kr. 12.000.00 17. s. m.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi með samþykki stefnda kröfu sína um kr. 50.000.00, er hún krafðist sem bóta sér til handa og barna sinna fyrir röskun á stöðu og högum. Í samræmi við það og að því frádregnu, sem stefnandi hefur þegar fengið greitt, krafðist hún greiðslu á kr. 170.000.00, auk 6% ársvaxta af kr. 212.000.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950 og af kr. 192.000.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 182.000.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 170.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krafðist stefnandi málskostnaðar að skaðlausu miðað við kr. 212.000.00 fjárhæð, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og sjóveðréttar í v/s Þyrli til tryggingar dómkröfunum.

Stefndi hefur krafizt þess *aðallega,* að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. *Til vara* hefur hann krafizt þess, að frá kröfum stefnanda verði dregnar þær bætur, sem hún þegar hefur fengið greiddar samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði og frá Tryggingarstofnun ríkisins. Þá hefur stefndi mótmælt vöxtum nema frá stefnudegi, nema af kr. 42.000.00 og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið færi.

Sýknukröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að hvorki verði ófullnægjandi umbúnaði skipsins eða vangæzlu þeirra manna, er hann beri ábyrgð á, um slysið kennt. Í öðru lagi telur hann, að með fyrrgreindu

samningsákvæði hafi hann samið af sér frekari bótaábyrgð en í því felist. En með því hafi hann tryggt aðstandendum skipverja bætur, er fari langt fram úr lögboðnum bótum.

Hinn 18. september 1948 voru tveir sérfróðir og óvilhallir menn dómkvaddir í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur til að skoða skemmdir þær, sem urðu af umræddri sprengingu, öryggisumbúnað skipsins og láta í ljós álit sitt um orsakir sprengingarinnar. Samkvæmt skoðunargerð hinna dómkvöddu manna, dags. 20. september 1948, töldu þeir öryggisumbúnað skipsins í lagi og gátu ekki um orsök sprengingarinnar sagt. Sjóferðapróf út af slysinu fór fram 20. september 1948 og upplýstist þar ekki, hver hefði verið orsök sprengingarinnar, sem slysinu olli.

Það er því ósannað, að ónógum umbúnaði skipsins hafi verið um slysið að kenna eða óvarkárni manna í starfi, sem stefndi bar ábyrgð á. Hins vegar er það og ósannað, að eiginmaður stefnanda hafi sýnt óvarkárni í starfi sínu. Að þessu athuguðu og þar sem telja verður flutning benzíns og vinnu í sambandi við hann sérstaklega hættulegan atvinnurekstur, þykir eðlilegt að leggja ábyrgð á slysum, sem hljótast við atvinnurekstur-inn, á atvinnurekandann.

Uppruni tryggingar þeirrar, er stefndu bar að kaupa samkvæmt fyrrgreindu samningsákvæði, bendir til þess, að hún hafi verið miðuð við það, að stefnda beri ekki samkvæmt lögum eða almennum reglum fébótaábyrgð á atburðum þeim, sem tryggingin tæki til. Auk þess er ákvæðið aðeins einn liður í almennum kjarasamningum milli farmanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, og ekki verður séð, að sérstakt tillit hafi við samningsgerðina verið tekið til þess hættusjónarmiðs, sem umræddum atvinnurekstri er samfara.

Þegar þetta er virt, verður ekki á það fallist hjá stefnda, að ábyrgð hans sé takmörkuð við þessa tryggingu.

Verður því að fallast á það hjá stefnanda, að hún eigi vegna sín og barna sinna rétt á bótum úr hendi stefnda vegna missis framfæranda og vegna röskunar á stöðu þeirra og högum.

Verður nú fjárhæð bótakröfunnar tekin til athugunar.

Skarphéðinn heitinn var fæddur 25. apríl 1904. Hinn 20. júlí 1950 hefur tryggingarfræðingur reiknað út heildarverðmæti hálfra framtíðar árstekna fullgilds háseta á aldri Skarphéðins, þegar slysið varð, á meðan líf og starfskraftar hans kynnu að endast samkvæmt líkindareikningi, og er einnig miðað við líkindareikning um líf og starfskrafta stefnanda, sem fædd er 7. júní 1892. Við útreikning þennan er miðað við laun Skarphéðins samkvæmt framtali hans árið 1948 og nemur heildarverðmæti framfærslubóta á slysdegi samkvæmt því kr. 162.000.00, og er reiknað með, að starfskraftar manns á aldri Skarphéðins endist til 67 ára aldurs. Hafa tekjur Skarphéðins heitins, sem þessi útreikningur er miðaður við, ekki verið véfengdar. Hinn 4. þ. m. hefur tryggingarfræðingurinn reiknað heildarverðmæti út af nýju og þá miðað við hækkun þá á launavísitölu, sem orðið hefur síðan fyrri útreikningur var gerður. Eftir þessum útreikningi nemur

heildarverðmætið kr. 211.600.00. Stefnandi heldur því fram, að hún hafi verið algerlega á framfæri manns síns og hún hefði orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Samkvæmt vottorði skattstofunnar í Reykjavík, dags. 25. þ. m., átti stefnandi samkvæmt skattaframtölum 1951 og 1952 fasteignina Sjávarborg við Lágholtsveg að fasteignamati kr. 10.200.00, en skuldir voru engar taldar. Börn stefnanda og Skarphéðins heitins eru talin fædd sem hér segir: Inga 18. maí 1933, Ósk 1. apríl 1935 og Friðjón 2. september 1936.

Að athuguðum þeim atriðum, sem hér að framan eru rakin, þykir tjón stefnanda og barna hennar vegna missis Skarphéðins heitins hæfilega áætlað í heild kr. 150.000.00 og eru þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu þeirra og högum.

Auk þeirra kr. 42.000.00, sem stefnandi hefur fengið greitt samkvæmt framansögðu, hefur hún fengið og fær greiddar sem lífeyrisgreiðslur vegna sín og barnanna frá Tryggingarstofnun ríkisins, samtals að heildarverðmæti kr. 26.387.00. Þykir sú fjárhæð auk umræddra kr. 42.000.00 eiga að koma til frádráttar tjóni því, sem stefnandi er talin hafa beðið samkvæmt framansögðu. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda vegna hennar og barnanna mismuninn, kr. 81.613.00, auk 6% ársvaxta af kr. 123.613.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 103.613.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 93.613.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 81.613.00 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað. Ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/s Þyrli til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Hólmfríði Jónasdóttur vegna hennar og barna hennar, Ingu, Óskar og Friðjóns, kr. 81.613.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 123.613.00 frá 17. september 1948 til 18. desember 1950, af kr. 103.613.00 frá þeim degi til 5. janúar 1951, af kr. 93.613.00 frá þeim degi til 17. s. m. og af kr. 81.613.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/s Þyrli til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. nóvember 1953.

Nr. 3/1950. **Steingrímur Benediktsson og Þórir Benediktsson** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Orku h/f (Sigurgeir Sigurjónsson)
og gagnsök.

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Endurgreiðslukröfu synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1950. Krefjast þeir þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 10640.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. desember 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 15. maí 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst gagnáfrýjandi sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa hér fyrir dómi m. a. byggt kröfu sína um endurgreiðslu á ákvæðum 3. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933. Gagnáfrýjandi hefur mótmælt því, að málsástæða þessi komizt að í málinu, og þar sem málsástæðu þessari var eigi hreyft í héraði, kemur hún ekki til álita hér gegn andmælum gagnáfrýjanda.

Eins og lýst er í héraðsdómi, sömdu málsaðiljar svo 29. júní 1946, að leigusamningur þeirra frá 12. apríl 1945, sem gerður var til 9 ára, skyldi falla úr gildi 1. október 1946 og jafnframt því hurfu málsaðiljar frá skaðabótakröfum, er þeir töldu sig eiga hvorir á hendur öðrum, en engan fyrirvara gerðu aðaláfrýjendur þá um endurgreiðslukröfu á hendur gagnáfrýjanda. Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til

forsendna hins áfrýjaða dóms þykja ekki efni til að taka dómkröfur aðaláfrýjenda til greina. Ber því að staðfesta sýknuákvæði héraðsdómsins og dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Orka h/f, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Steingríms Benediktssonar og Þóris Benediktssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. okt. 1949.

Mál þetta, er dómtekið var 30. f. m., hafa Steingrímur Benediktsson garðyrkjumaður, Laugalæk, hér í bæ, og Þórir Benediktsson búfræðingur, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. janúar s.l., gegn hlutafélaginu Orku, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.640.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dags. 12. apríl 1945, tóku stefnendur á leigu jörð stefnda, Hlið í Gullbringusýslu, til 9 ára frá 1. júní 1945 að telja. Jarðeign þessi er talin um 59 þúsund fermetrar að flatarmáli, og var leigufjárhæðin eftir hana ásamt öllum húsum og mannvirkjum ákveðin kr. 12.000.00 á ári. Með samningi, dags. 29. júní 1946, ákváðu aðiljar að leigusamningnum skyldi lokið 1. október 1946, en stefnendur skyldu þó hafa rétt til að vinna að uppskeru á jörðinni, þótt komið væri fram yfir 1. október. Kröfur sínar í máli þessu byggja stefnendur á því, að leiga sú, er þeir greiddu samkvæmt samningnum, hafi verið svo óhæfilega há, að þeir samkvæmt 6. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 39 frá 1943, svo og 7. gr. laga nr. 73 frá 1933, eigi rétt til endurkröfu verulegs hluta hennar úr hendi stefnda. Sökum húsnæðisskorts hafi þeir orðið að ganga að þessum samningskjörum, auk þess sem þeir hafi talið, að kjörin væru betri en síðar reyndist við nánari kynni. Hinn 22. október 1946 var framkvæmt mat á jörðinni til ákvörðunar hæfilegu afgjaldi eftir hana og var það talið kr. 4.020.00 á ári, en þar af var leiga eftir íbúðarhúsið metin kr. 3.460.00. Telja stefnendur því, að þeim hafi einungis borið að greiða kr. 5.360.00 fyrir leigutímabilið, en þar sem þeir hins vegar hafi greitt kr. 16.000.00, séu endurkræfar kr. 10.630.00.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ákvæði laga nr. 39 frá 1943 taki ekki til samnings aðiljanna, þar sem hann sé fyrst og fremst um jarðnæði, en ekki húsnæði. Þá verði ákvæðum laga nr. 73 frá 1933 heldur ekki beitt um samning þenna, þar eð stefnendur hefðu sjálfir falazt eftir að gera hann og stefndi hefði með öllu verið ókunnugt um, að þeir væru í húsnæðisvandræðum. Leigugjaldið hafi verið miðað við gæði jarðarinnar ásamt afnotum af húsunum.

Í leigusamningi aðilja er stefnendum m. a. heimilað að nota jörðina á hvern þann hátt, er þeir óska, til garðræktar, túnræktar eða hænsnaræktar. Þá er stefnda skylt að bæta þeim „eftir samkomulagi eða mati, ef rask verður á landi eða umferð veldur verulegum truflunum á eðlilegri notkun leigutaka á landi jarðeignarinnar". Loks er stefnda heimilt að taka hluta af landinu til sinna nota einhvern hluta leigutímans gegn því, að hann bæti stefnendum að fullu allt tjón beint og óbeint, er þeir verða fyrir af þessum sökum. Af þessum samningsákvæðum verður ekki annað ráðið, en að stefnendur hafi við samningsgerðina haft í hyggju allmikil afnot af landi jarðarinnar, enda virðist atvinna þeirra benda til þess. Hlýtur því nokkur hluti leigufjárhæðarinnar að vera miðaður við þessi not. Ef talið yrði, að ákvæði laga nr. 39 frá 1943 um húsaleigu tækju til þessa samnings, myndi sú niðurstaða leiða til þess að ógildur væri þessi þáttur samningsins, þar eð ekki er skilið sundur leigugjald eftir jarðarafnotin og húsnæðið. Þá er þess og að gæta, að af orðalagi húsaleigulaganna verður ekki ráðið, að þau taki til leigusamninga um jarðir. Verður því að fallast á með stefnda, að ákvæði húsaleigulaganna komi hér ekki til álita. Þá hafa stefnendur á engan hátt sýnt fram á, að misneytingu hafi verið beitt við samningsgerðina og verður krafa þeirra því ekki tekin til greina, enda verður eigi séð, að hún verði heldur byggð á öðrum réttarreglum.

Úrslit málsins verða þá þau að sýkna ber stefnda af kröfum stefnenda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, hlutafélagið Orka, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Steingríms Benediktssonar og Þóris Benediktssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 147/1950. **Ágúst Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Vilhjálmi Pálssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur: Hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.

Frávísun frá héraðsdómi. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. nóvember 1950. Eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur og munnlegur flutningur málsins á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. október 1950 verði ómerktir og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju.

Varakrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og réttarfarssekt umboðsmanns áfrýjanda felld niður.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur stefnt þeim Einari Arnalds borgardómara, Jóni Bjarnasyni borgardómarafulltrúa og Unnsteini Beck tollstjórafulltrúa til réttargæzlu, en enginn hefur komið fyrir Hæstarétt af þeirra hálfu.

Mál þetta er mjög vanreifað í héraði af hálfu stefnda, sem þar var sækjandi málsins. Hann taldi þar meðal annars áfrýjanda til skuldar fæði manna, er unnið höfðu á vegum áfrýjanda, alls 619 daga. Reiknar stefndi fæðið kr. 16.00 á dag, eða samtals kr. 9904.00, að frádregnum kr. 6190.00, er áfrýjandi hafi þegar greitt. Miðar stefndi fæðisgjaldið við það, að hann hafi bæði lagt til efni í fæðið og matreiðslu þess. Áfrýjandi hefur hins vegar í greinargerð og aðiljaskýrslu í

héraði og einnig hér fyrir dómi fullyrt, að hann hafi lagt til allt efni í fæðið, en stefndi aðeins annazt matreiðslu þess. Í greinargerð sinni í héraði segir stefndi, að áfrýjandi hafi átt að kaupa efnið í fæðið, en að hann (stefndi) hafi síðan átt að endurgreiða honum það. Er málflutningur stefnda um þetta efni svo óljós í greinargerð hans og aðiljaskýrslu í héraði og gagnaöflun af hans hálfu bæði um þenna kröfulið og aðra svo ófullkominn, að héraðsdómari hefði átt að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar. Í héraðsdómi er lagt til grundvallar, að stefndi hafi lagt til efni í fæðið, en ekki vikið að gagnstæðum staðhæfingum áfrýjanda um það, og verður þó ekki séð, að áfrýjandi hafi í munnlegum málflutningi í héraði fallið frá þessari varnarástæðu.

Er munnlegur málflutningur fór fram í máli þessu á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. október 1950, setti Unnsteinn Beck, þáverandi fulltrúi borgardómara, bæjarþingið og stýrði þinghaldi fyrst í stað. Eftir að málflutningur hafði farið fram um hríð, varð nefndur dómari að víkja úr þinghaldi vegna lasleika. Tók þá sæti hans Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, er viðstaddur hafði verið í bæjarþinginu, frá því að málflutningur hófst. Hélt hann síðan þinghaldinu áfram, án þess að láta málflytjendur flytja málið af nýju frá upphafi. Þá hafði dómarinn og aðeins einn þingvott við þinghaldið, og er það brot á ákvæðum 41. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt framansögðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi. Er þá jafnframt felld úr gildi ákvörðun héraðsdóms um réttarfarssekt umboðsmanns áfrýjanda í héraði, þar sem eigi verður talið, að í staðhæfingu hans hafi falizt aðdróttun, er við lög varði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Vilhjálmur Pálsson, greiði áfrýjanda, Ágúst Jónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóv. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Vilhjálmur Pálsson bifreiðarstjóri, Urðarbraut 1 í Smálöndum, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 5. október 1948, gegn Ágústi Jónssyni rafvirkjameistara, Barónsstíg 53, hér í bænum, til greiðslu skuldakröfu að fjárhæð kr. 7214.93 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hefur stefndi krafizt, að kröfu að fjárhæð kr. 193.35, sem hann telur sig eiga á hendur stefnanda, verði skuldajafnað við kröfur hans, að svo miklu leyti sem til hrekkur.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir: Frá 4. apríl 1947 til 5. maí 1948 var stefnandi bústjóri á búi stefnda að Hraunkoti í Grímsnesi. Laun hans voru samkvæmt samningi kr. 2000.00 á mánuði. Kona stefnanda annaðist heimilisstörf á búinu, en virðist eigi hafa tekið laun hjá stefnda. Meðan stefnandi var fyrir búinu, störfuðu þar einnig aðrir menn á vegum stefnda að byggingu nýs íbúðarhúss o. fl. Höfðu þeir fæði hjá stefnanda, meðan þeir unnu þarna, og reiknar hann sér kr. 16.00 í endurgjald fyrir dagsfæði hvers manns, en alls hafði hann verkamenn þessa í kosti 619 daga. Af þessu hefur stefndi greitt 10.00 kr. fyrir hvert dagsfæði. Þá krefur stefnandi stefnda um kr. 3345.93, sem er viðgerðarkostnaður á bifreið stefnanda vegna skemmda, sem hann telur hana hafa orðið fyrir við notkun í þjónustu stefnda.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt loforði stefnda hafi hann átt að fá greidda hæfilega þóknun fyrir fæði handa verkamönnum þeim, er stefndi hafði á búinu, bæði fyrir efni til matreiðslu og vinnu við hana. Telur hann endurgjald það, sem hann reiknar sér, sanngjarnt, enda hafi fæðiskostnaður verkamanna á þessum tíma, t. d. við síldveiðar, tíðum numið kr. 30.00 á dag og jafnvel allt að kr. 40.00. Stefnandi kveðst hafa notað jeep-bifreið, sem hann á, til nauðsynlegra starfa í þágu búsins, enda hafi stefndi ætlast til þessa. Við notkunina telur stefnandi bifreiðina hafa skemmzt og nemi viðgerðarkostnaður og benzíneyðsla, sem stefnda beri að greiða, kr. 3345.93. Loks krefst stefnandi endurgreiðslu á kr. 155.00, sem hann telur sig hafa greitt fyrir stefnda.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að hann skuldi stefnanda ekkert. Fæðiskostnað verkamanna telur hann sig hafa greitt að fullu með kr. 10.00 fyrir hvern fæðisdag. Verði það að teljast full greiðsla, þegar þess sé gætt, að ekki hafi verið svo um samið eða til þess ætlast, að vinnu við matreiðslu ætti að greiða. Sú vinna hafi verið falin í starfi stefnanda og konu hans við bústjórn á heimilinu. Stefndi neitar, að honum sé á nokkurn

hátt viðkomandi kostnaður við bifreið stefnanda. Kveðst hann ekki hafa óskað þess, að stefnandi notaði bifreiðina í þágu búsins, enda hafi slíkt verið óþarft.

Við munnlegan flutning málsins lagði umboðsmaður stefnda fram vélritað skjal, dags. 3. júní 1948, undirritað með nafni stefnanda vélrituðu. Er þetta reikningur um viðskipti málsaðilja varðandi búið í Hraunkoti. Á skjali þessu er fæði verkamanna, sem unnu við búið, reiknað kr. 12.00 á dag. Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að skjal þetta væri bindandi fyrir umbjóðanda sinn og taldi, að ef svo væri, að skjalið stafaði frá honum, þá mundi þar aðeins vera um samkomulagstilboð að ræða. Gegn þessum mótmælum verður eigi unnt að byggja á skjali þessu sem bindandi fyrir stefnanda. Telja verður kröfu stefnanda um kr. 16.00 á dag fyrir fæði hvers verkamanns í hóf stillt, enda hefur á engan hátt verið sýnt fram á hið gagnstæða og sú staðhæfing stefnda er með öllu ósönnuð, að stefnandi eigi ekki rétt á að reikna endurgjald fyrir vinnu við matreiðslustörf. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda, að því er þennan lið varðar, að frádregnu því, sem stefndi hefur þegar greitt, og á því stefnandi að fá greiddar af þessum kröfulið kr. 6×619 = 3714.00. Ósannað er gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi notað bifreið sína í þágu búsins vegna brýnnar þarfar við búreksturinn eða fyrir tilmæli stefnda. Verður krafa stefnanda, sem á því er byggð, því eigi tekin til greina. Stefndi hefur við yfirheyrslu hér fyrir dómi eigi treyst sér til að mótmæla endurgreiðslukröfu stefnanda, kr. 155.00, og verður hún því tekin til greina. Um stefnanda er sama að segja, að því er gagnkröfu stefnda, kr. 193.35, varðar, og ber því að reikna hana til frádráttar kröfum stefnanda. Samkvæmt framanrituðu ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 3675.65 (3714.00 + 155.00 ÷ 193.35) með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Við munnlegan flutning málsins viðhafði umboðsmaður stefnda, Magnús Thorlacius hrl., þau orð og bað sérstaklega um að þau yrðu bókuð, að hann hefði ekki mætt við aðiljayfirheyrslu 1. júní 1949, eins og greini í þingbók embættisins, heldur hafi fulltrúi hans, Oddgeir Magnússon hdl., sótt þing. Í þessu felst aðdróttun í garð dómara um að bóka rangt í þingbók, sett fram á óviðurkvæmilegan hátt í opinberu þinghaldi. Þessum ummælum sínum hefur hæstaréttarlögmaðurinn á engan hátt fundið stoð og þykja þau varða við 5. tölulið 188. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936. Ber því að dæma hæstaréttarlögmanninn til þess að greiða 150 króna sekt í ríkissjóð, en sæta 2 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ágúst Jósson, greiði stefnanda, Vilhjálmi Pálssyni, kr. 3.675.65 með 6% ársvöxtum frá 5. maí 1948 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað.

Lögmaður stefnda, Magnús Thorlacius, greiði 150 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í málinu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 106/1949. **H/f Fell** (Theódór B. Líndal)
gegn
H/f Maí (Guttormur Erlendsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen bæjarfógeti og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1949. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 61100.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi og viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Marz, RE 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 20. september 1949. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 49.500.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar.

Meta verður það stjórnendum v/b Marz til vangæzlu, að þeir létu kasta fyrir síld svo nálægt v/b Felli, sem málsatvik sýna. Máttu þeir og sjá, að skipverjar á v/b Felli voru þá önnum kafnir við að koma nót með síld upp að hlið vélbátsins

og skipstjórnarmönnum Fells óhægt um stjórntök af þeim sökum.

Á hinn bóginn verður það að teljast vangæzla af hálfu stjórnenda v/b Fells að hafa ekki þann vörð á skipinu, er fylgst gæti með siglingu og athöfnum v/b Marz, enda er ósannað, að ekki hefðu verið tök á að afstýra einhverju af tjóninu, ef svo hefði verið.

Þykja því stjórnendur beggja skipanna eiga sök á því, hvernig fór, og eins og atvikum er háttað, þykja eigendur v/b Marz eiga að bera ábyrgð á tjóni því, er af hlauzt, að $^3/_5$ hlutum, en eigendur v/b Fells að $^2/_5$ hlutum.

Aðaláfrýjandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1. Glötuð 600 mál síldar, kr. 32.00 hvert mál	kr.	19.200.00
2. Veiðitjón vegna tafar frá síldveiðum, 1200 mál síldar	—	38.400.00
3. Kostnaður af viðgerð á nót	—	3.500.00
Alls	kr.	61.100.00

Um 1. og 2. lið. Tjón aðaláfrýjanda af þessum sökum þykir hæfilega metið andvirði 800 mála síldar eða alls kr. 25.600.00.

Um 3. lið. Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þykir ekki ástæða til að lækka þennan kröfulið, sem verður því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu telst tjón aðaláfrýjanda hafa numið samtals kr. 29.100.00, og ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda $^3/_5$ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 17.460.00.

Gagnáfrýjandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1. Kostnaður af viðgerð á nót	kr.	13.500.00
2. Veiðitjón vegna tafar frá síldveiðum	—	36.000.00
Alls	kr.	49.500.00

Um 1. lið: Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi eru ekki efni til að lækka þenna kröfulið, sem verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. lið: Aflatjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið andvirði 600 mála síldar, eða kr. 19.200.00.

Tjón gagnáfrýjanda telst því hafa numið alls kr. 32.700.00 og ber aðaláfrýjanda samkvæmt því, er að framan greinir,

að bæta honum það tjón að $^2/_5$ hlutum, eða með kr. 13.080.00.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 17.460.00 ÷ kr. 13.080.00 eða kr. 4.380.00 með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað fyrir báðum dómum, kr. 3000.00. Samkvæmt ákvæðum 4. tl. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ber að viðurkenna sjóveðrétt aðaláfrýjanda í v/b Marz, RE 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, h/f Maí, greiði aðaláfrýjanda, h/f Felli, kr. 4380.00 með 6% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/b Marz, RE 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Eins og atvikum þessa máls virðist háttað samkvæmt hinum ófullkomnu sönnunargögnum, tel ég rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum. Að öðru leyti fellst ég á atkvæði meiri hlutans.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 23. júní 1949.

Mál þetta er höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 22. okt. 1948, birtri 25. s. m., af aðalstefnanda málsins, stjórn h/f Maí í Reykjavík, þeim Erlendi Pálmasyni, Guðmundi Halldórssyni og Lúðvík Þorgeirssyni, f. h. félagsins, gegn stjórn h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins, þeim Tómasi M. Guðjónssyni, Höfn, Ástþóri Matthíassyni, Sóla, Kjartani Guðmundssyni, Skólavegi 10, Sighvati Bjarnasyni, Ási, Guðlaugi Gíslasyni, Skólavegi 21, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabótaupphæðar, er nemur kr. 49.500.00, auk 6% ársvaxta frá 8. nóv. 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst hann og sjóveðréttar í Felli, VE 31, fyrir hinum umstefndu kröfum.

Aðalstefndi, stjórn Fells h/f f. h. félagsins, mótmælti hér fyrir dóminum kröfum aðalstefnanda, sbr. greinargerð rskj. 4, og krafðist sýknunar af þeim öllum, ítrekar kröfur í gagnstefnu, en með gagnstefnu, útgefinni 4.

nóv. s.l., birtri 5. s. m., stefndu ofangreindir stjórnarmenn stjórnar h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins, aðalstefnanda þessa máls, stjórn h/f Maí, Reykjavík, þeim Erlendi Pálmasyni, Guðmundi Halldórssyni og Lúðvíki Þorgeirssyni f. h. Maí, Reykjavík, til skaðabótagreiðsluupphæða, samtals kr. 61.000.00, aðallega til sjálfstæðs dóms, en til vara til skuldajafnaðar við aðalkröfu í aðalmálinu, auk 6% ársvaxta frá 8. nóv. 1947 og málskostnaðar að skaðlausu. Þá er og krafizt sjóveðréttar í skipi stefndu.

Gagnstefndi, stjórn h/f Maí, Reykjavík, f. h. félagsins, gerði þær réttarkröfur í gagnsök að verða algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og sér tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málið var flutt skriflega samkvæmt framkominni ósk beggja aðilja. Sátta var leitað í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Málavöxtum er þannig lýst og atvik greind, sbr. fyrirliggjandi skjöl og gögn málsins og koma við aðalsök og gagnsök:

Í aðalsök. Aðalstefnandi, málshefjandi hér fyrir réttinum, stjórn h/f Maí f. h. félagsins gerir kröfur sínar um skaðabótagreiðslur á hendur stefndu, sbr. stefnuna rskj. 1, vegna tjóns, er hann telur, að skip félagsins, v/b Marz, RE 27, hafi orðið fyrir, er það var að síldveiðum í Hvalfirði laugardaginn 8. nóv. 1947, og rökstyður aðalstefnandi kröfur sínar á þessa leið, að inntum málavöxtum, er hann lýsir á þessa leið:

Að umræddan dag, laugardaginn 8. nóv. 1947, um kl. 15.30, hafi v/b Marz, RE 27, kastað nót sinni í Hvalfirði. Þegar langt hafi verið komið að snurpa, hafi þeir á v/b Marz séð, að v/b Fell, hafi komið rekandi með talsverðum hraða í áttina til þeirra. Kallað hafi verið frá v/b Marz yfir á v/s Fell og beiðst, að tekið væri aftur á bak, en þegar svarið hafi komið, hafi það verið á þá leið, að það væri eigi hægt. Hafi svo v/s Fell rekið á nót og báta v/b Marz og nót v/b Marz hafi festzt á stýrinu á v/b Fell, er síðar hafi dregið nótina út eftir firðinum í ca. 2½ klukkutíma. Nótin hafi öll hengilrifnað og til þess að losa hana frá v/b Fell, hafi orðið að skera sundur korkateininn og draga síðan nótina úr festunni. Þá hefur hann og haldið því fram, að mikið af síld hafi sézt ánetjað í nótinni, svo að líkur hafi verið til, að gott kast fengist, hefði hann eigi orðið fyrir umgetnu skakkafalli. Miðar hann veiðitjón sitt við einn farm skipsins af síld.

Heldur aðalstefnandi því fram, að gagnstefnandi eigi alla sök á þessu tjóni og færir það til einkum, að v/s Fell hafi ekkert aðhafst, er í óefni var komið, til að afstýra tjóninu, er hann kveður þó hafa verið unnt að gera og vísar til vitnisburðar Annelíusar Jónssonar, skipstjóra á v/b Degi frá Reykjavík, er og var þarna að veiðum, um að mátt hefði bjarga, samt eigi áhættulaust. Þá segir aðalstefnandi, að aðeins einn maður hafi verið um borð í v/s Felli, er kallað var, og því hafi eigi verið hægt um vik um að gera það, sem gera hefði þurft til að afstýra því, að v/s Fell rækist á v/b Marz. Þessu hefur verið mótmælt af aðalstefnda.

Eru staðhæfingar aðalstefnda um, að aðalstefndi og gagnstefnandi eigi

sök á umgetnu tjóni langt frá því að vera rökstuddar, enda mótmælt af gagnstefnanda, eins og áður er tekið fram. Sama gegnir um umsögn aðalstefnanda um, að síld hafi verið í nót v/b Marz, ánetjuð.

Gagnsök. Gagnstefnandi, stjórn h/f Fells f. h. félagsins, skýrði frá því við rökstuðning á kröfum sínum í gagnsök og andmælum gegn kröfu aðalstefnanda, að þannig sé málum farið, sem nú er lýst: Skip h/f Fells, v/s Fell, VE 31, hafi verið að síldveiðum í Hvalfirði með herpinót laugardaginn 8. nóv. 1947, og ber þar auðvitað frásögnum saman. Kl. um 2 e. h. hafi v/s Fell kastað og mikil síld hafi komið í nótina, og þurfti skipstjórinn á v/s Felli, Jóhann Pálsson, að fá annað skip sér til aðstoðar og tókst að fá v/b Sigrúnu frá Akranesi.

Eftir að byrjað var að hífa, kastaði v/b Marz, RE 27, sem er eign aðalstefnanda máls þessa, nálægt v/s Felli. Er v/b Marz kastaði, var v/s Fell, eins og upplýst er í málinu, með nót sína með síld í á síðunni og skipið Sigrún á hinni hliðinni og auk þess var nót frá öðru skipi, er síðar upplýstist, að var v/b Dagur frá Reykjavík, alveg fast við skrúfuna á v/s Felli, og náði auk þess alveg aftur fyrir hælinn á v/b Sigrúnu. Hafði v/b Marz kastað til hlés við v/s Fell og það nærri, eftir því sem upplýst er, að v/b Marz hafði ekki tíma til að snurpa sína nót, áður en v/s Fell hafði rekið ofan í hana, og líða eigi meira en 5—10 mínútur frá því að v/b Marz kastaði og þar til þetta var skeð. Gagnkröfur sínar á hendur aðalstefnanda og gagnstefnda rökstyður gagnstefnandi með því, að v/b Marz hafi kastað of nærri skipi sínu, v/s Felli, og beri ábyrgð á afleiðingum þess, sbr. rskj. nr. 6, og stýrimaður á v/s Felli, er staðfesti skýrslu skipstjóra, segir að að hans dómi hafi v/b Marz kastað of nærri og hættulega nærri v/s Felli, og bætir við, að óhjákvæmilegt hafi verið, að öðru vísi gæti farið en fór.

Upplýst er í málinu, að straumur var allmikill og rak Fell með straumnum.

Upplýst má og teljast, að er v/b Sigrún kom að v/s Felli, var v/s Fell eitt út af fyrir sig og ekkert skip nálægt því, og að v/b Marz kom og kastaði mjög nálægt Fellinu, er v/b Sigrún var búin að vera stutta stund við v/s Fell og að ekki hefðu liðið nema fáar mínútur, 5—10 mínútur er haldið fram, frá því að v/b Marz kastaði og þar til v/s Fell hafði rekið í nót v/b Marz.

Þá má það og teljast upplýst, sbr. skýrslu rskj. 6 og rskj. 10, að eigi hafi verið unnt að afstýra árekstri, eins og á stóð, milli v/s Fells og nótar v/b Marz, nema að minnsta kosti með allmikilli áhættu fyrir v/s Fell og þá óvíst um árangur.

Nót v/b Dags frá Reykjavík, en bátur þessi hafði kastað um það samtímis, sbr. skýrsluna rskj. 10, v/b Marz, var rétt aftan við v/s Fell. Nót v/b Fells rak þannig, að annar vængurinn hafði rekið beint á stefnið á v/b Felli, en nót v/b Dags á v/b Sigrúnu, er fékk hana í skrúfuna.

Skipstjórinn á v/s Felli hefur borið það, að er hann heyrði kallað frá v/b Marz, hafi v/s Fell verið komið ofan í nótina hjá v/b Marz, en ekki hafi verið unnt að hreyfa skrúfuna, vegna þess að skipið hafði mörg

hundruð mál síldar í nótinni á síðunni og auk þess aðra nót við skrúfuna, nót frá öðru skipi (v/b Degi). V/b Sigrún hafi heldur eigi getað hreyft skrúfuna, eins og á stóð, og ennfremur tjáir hann, að nót v/b Marz hafi festzt í stýrinu á v/s Felli, auk þess sem önnur álma nótarinnar hafi legið fram með skipinu og undir því og fyrir nótapoka v/s Fells og að öðrum nótabátnum frá v/b Marz, er hefði farið fram fyrir v/s Fell.

Mótmælt er því, að eigi hafi verið nema einn maður um borð í v/s Felli, er kallað var.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á v/s Felli gerir hann ráð fyrir, að v/s Fell hafi verið um 2½ klukkustund fast í nótinni, og kemur það vist allnærri heim við skýrslu aðalstefnanda, um að v/s Fell hafi dregið v/b Marz og nótabátana í ca. 2½ klukkutíma út eftir firðinum.

Þá hefur skipstjórinn á v/s Felli haldið því fram hér fyrir réttinum og það staðfest af stýrimanni á v/s Felli, að nót Fells hafi rifnað mjög illa og að mikill hluti þeirrar síldar, sem í nótinni var, hafi tapazt, og hafi þeir misst alla síldina úr sinni nót, sem ekki tókst að hífa inn ofan í nót v/b Marz og í sjóinn, og mundi það vera sú síld, er skipstjórinn á v/b Marz talar um í skýrslu sinni, rskj. nr. 2, að hafi verið ánetjuð í henni, því að ekki hafi heldur verið búið að snurpa. Um þetta liggur eigi annað fyrir en skýrslur skipstjóranna á v/s Felli og v/b Marz, rskj. nr. 6 og rskj. nr. 2.

Einnig heldur gagnstefnandi því fram, að nót v/b Marz hafi rifnað af völdum skrans í sjávarbotninum, þar sem kastað var, og beri eigendur v/s Fells eigi ábyrgð á tjóninu, hvorki veiðitjóni né viðgerðarkostnaði, er hlaust af skemmdum á nót v/b Marz af ofannefndum sökum.

Í aðalsök sundurliðar aðalstefnandi kröfur sínar þannig, auk vaxtakröfu og málskostnaðar, sbr. það er að framan segir:

Kostnað við að gera við nótina þannig, að hún fengi aftur fulla lengd og dýpt ..... kr. 13.500.00
Veiðitjón, miðað við einn farm í skipið af síld ..... — 36.000.00

Samtals kr. 49.500.00,

sbr. rskj. 7, vottorð Auðuns Hermannssonar, og rskj. 8, skýrsla skipstjóra Erlendar Pálmasonar.

Í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi skaðabótakröfur sínar, auk vaxtakröfu og kostnaðar, þannig:

Töpuð 600 mál síldar á kr. 32/00 ..... kr. 19.200.00
Vegna tafa tap, 1200 mál síldar ..... — 38.400.00
Viðgerðarkostnaður á nót ..... — 3.500.00

Samtals kr. 61.100.00

Að athuguðum öllum málavöxtum verður rétturinn að vera þeirrar skoðunar, að eigi hafi verið sýnd nægileg aðgæzla af hálfu yfirmanna v/b Marz, er upplýst í málinu, að kastaði mjög nálægt v/s Felli, er var með síldarkast á síðunni og skipið Sigrún við hina hliðina, og með tilliti til þess, einkum að mikill straumur var og að því er varðar staðhæfingu aðalstefn-

anda, að v/s Fell hefði getað afstýrt tjóninu, með því að hífa aftur á, virðist það, eins og skipstjóri á v/s Fell hefur haldið fram, hafa verið útilokað af þeim ástæðum, er áður er greint. Að kasta akkeri virðist heldur enginn tími hafa verið til, eftir að þeir á v/s Felli urðu varir við hættuna, því sá tími, sem ætla má að farið hefði til að kasta akkeri og gefa út keðju, hefði að líkindum verið lengri en umtalað er í málinu, að um hafi verið að ræða til athafna, og enda þótt þetta hvorttveggja hefði verið hægt, þá gat stafað af því svo mikil hætta fyrir nót v/s Fells, að hún myndi rifna, að vart var hægt að krefjast þess af skipstjóra v/s Fells, að hann gripi til þessa úrræðis í tvísýnu mikilli um árangur í jafnmiklum straum og þarna var og leggja þar með mikil verðmæti í sölurnar.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að v/b Marz eigi sök á því tjóni, er hlauzt af árekstrinum þann 8. nóvember 1947, og hér er lýst að framan, og í því beri aðalstefnanda, stjórn h/f Mai, eigenda v/b Marz f. h. félagsins að bæta stjórn h/f Fells, eigenda v/s Fells, VE 31, f. h. félagsins, tjón það, er upplýst verður að telja, að orsakast hafi fyrir nefnt h/f Fell beinlínis vegna ofannefndra atburða, sem lýst hefur verið hér að ofan, þann 8. nóv. 1947, tjón á afla og viðgerðarkostnaði, og verða því kröfur aðalstefnanda og gagnstefnda, sem hér að ofan er lýst, eigi teknar til greina í aðalsök, hvorki skaðabótakrafa, vaxtakrafa né málskostnaðarkrafa og sýknast aðalstefndi af þeim, en aðalstefnanda og gagnstefnda er hins vegar skylt, sbr. það, er að framan segir, að greiða gagnstefnanda bætur í gagnsök og ákveðast þær, eins og hér segir:

1) Fyrir missi síldar úr nót v/s Fells, en magnið verður að áætla, með því að ekki eru sannanir færðar fram í málinu fyrir, hversu mikið hafi verið í nótinni, enda slíkt eigi hægt. Telur rétturinn hentast að fara milliveg og áætlar í þessu tilfelli tapið fyrir síldarmissinn úr nótinni
240 mál síldar, kr. 32/00 pr. mál ..... kr. 7.680.00
2) Viðgerðarkostnað á nót í Felli, sbr. rskj. nr. 13. a. b. ..... — 3.500.00

Samtals kr. 11.180.00

Þessar upphæðir með vöxtum, eins og krafizt er í gagnstefnunni, krafa gagnstefnanda um sjóveðrétt fyrir hinum tildæmdu kröfum í v/s Marz, RE 27, skal og tekin til greina.

Kröfur gagnstefnanda, um bætur fyrir veiðitap sökum tafar vegna viðgerðar á nót v/s Fells, treystir rétturinn sér eigi til að taka til greina, enda vantar í málinu verulegar upplýsingar um veiði síldveiðiskipa og veiðiveður almennt einmitt þessa daga, sem um er að ræða.

Málskostnað ber aðalstefnanda og gagnstefnda að greiða gagnstefnanda og aðalstefnda í aðalsök og gagnsök og ákveðst hann í heild kr. 800.00. Málskostnaðarreikningur enginn framlagður. Fyrir gagnkröfu sinni hefur gagnstefnandi krafizt sjálfstæðs dóms. Allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndi og gagnstefnandi, stjórn h/f Fells í Vestmannaeyjum, f. h. félagsins skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, stjórnar h/f Maí, Reykjavík, í aðalsök. Hins vegar skal gagnstefndi og aðalstefnandi greiða gagnstefnanda, stjórn h/f Fells, f. h. félagsins, kr. 11.180.00 í skaðabætur ásamt 5% ársvöxtum frá 8. nóvember 1947 að telja og til greiðsludags, sem og málskostnað í báðum sökum, kr. 800.00, allt innan 4 vikna (sic) frá lögbirtingu dóms þessa. Þá tildæmist og sjóveðréttur til handa stjórn h/f Fells í v/s Marz, RE 27.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. nóvember 1953.

Nr. 54/1950. **Pétur Njarðvík** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Kristjáni Kjartanssyni f. h.
Tanke Hjemgaards (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1950. Krefst hann sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 26. janúar 1950. Lagði stefndi, sem var sækjandi málsins í héraði, þá fram auk stefnu og greinargerðar m. a. matsgerð dómkvaddra manna, dags. 10. janúar 1949. Taldi stefndi áfrýjanda til skuldar leigu „fyrir afnot eigna hans og réttinda hér á Siglufirði frá 18. júlí 1940 til 17. ágúst 1945", samtals kr. 44225.00, en fjárhæð sú er byggð á niðurstöðum matsgerðar þeirrar, er áður greinir.

Af hálfu stefnda í héraði var ekki sótt þing, er málið var þingfest, og var málið því þegar lagt í dóm af umboðsmanni stefnanda.

Eins og áður greinir, gerir stefndi í máli þessu kröfu um leigugjald úr hendi áfrýjanda fyrir nýtingu tiltekinna eigna og réttinda. Matsmenn segja hins vegar í matsgerð sinni, að þeir hafi við leigumatið lagt til grundvallar, „hvað hægt væri að hafa upp úr hinu leigða, með því að nota það til fullnustu." Hafa matsmenn því ekki lagt til grundvallar matinu leigugjald af eignum á frjálsum markaði. Þrátt fyrir þennan augljósa galla á matsgerðinni, reisti héraðsdómari dóm sinn í málinu á henni. Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Þrátt fyrir þessi málalok, ber að dæma áfrýjanda, sem ekki sótti þing í héraði og ekki hefur sannað lögmæt forföll, til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Pétur Njarðvík, greiði stefnda, Kristjáni Kjartanssyni f. h. Tanke Hjemgaards, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 25. marz 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. jan. s.l., hefur Kristján Kjartansson f. h. Tanke Hjemgaard, Nordbö, Karmöy, Haugasundi í Noregi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. des. 1949, gegn Pétri Njarðvík, Grænagerði í Ísafirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 44.225.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1946 og málskostnaði samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 4575.00.

Skuld þessa kveður stefnandi þannig komna, að stefndi hafi tekið til afnota eignir stefnanda í Siglufirði án alls leyfis eða samþykkis. Hefur stefnandi látið meta leigu eftir þessar eignir sínar og nemur leigan að mati dómkvaddra manna stefnukröfunni í máli þessu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, þótt löglega sé honum stefnt.

Samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85/1936 ber því að leggja dóm á málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að málskostnaður ákveðst kr. 2000.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Njarðvík, greiði stefnanda, Tanke Hjemgaard, kr. 44.225.00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1946 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. nóvember 1953.

Nr. 185/1952. **Magnús Daníelsson f. h. ófjárráða barna sinna, Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingibjargar og Jóns Sigurðar** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Hans Rödtang (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking kyrrsetningargerðar, fjárnámsgerðar og nauðungaruppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem með stefnu 9. desember 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar, hefur f. h. ófjárráða barna sinna skotið til Hæstaréttar héraðsdómi í máli stefnda á hendur honum ásamt eftirfarandi fjárnámsgerð og uppboðsgerð, gerir þessar dómkröfur.

1. Að héraðsdómi verði breytt á þá leið, að kyrrsetningargerð sú, sem þar ræðir um, verði úr gildi felld.

2. Að fjárnámsgerð, sem fram fór 30. apríl 1952 til tryggingar fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjanda samkvæmt héraðsdómi svo og eftirfarandi uppboðsgerð frá 22. september 1952, verði felldar úr gildi.

3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Héraðsdómi í máli þessu hefur einungis verið áfrýjað að því er varðar staðfestingu kyrrsetningargerðar þeirrar, er fram fór í sumarbústað við Hafravatn hinn 15. ágúst 1951,

en bústað þenna telur áfrýjandi eign ófjárráða barna sinna. Hafa ýmis ný gögn verið lögð fram hér fyrir dómi um eignarrétt að greindum sumarbústað. Af gögnum þessum er ljóst, að lóðarbletti þeim, sem hann var reistur á, var afsalað úr landi Úlfarsfells í Mosfellshreppi af eiganda þeirrar jarðar til barna áfrýjanda, þeirra Áslaugar Kristínar, Jórunnar Ingibjargar og Jóns Sigurðar, hinn 1. september 1950. Afsal þetta var fyrirfram innritað í veðmálabækur hinn 2. apríl 1952 og er á það rituð veðbandsleysing frá Búnaðarbanka Íslands, dags. 15. september 1950. Lóðarbletturinn var því eign nefndra barna áfrýjanda, þegar kyrrsetningargerðin fór fram.

Stefndi hér fyrir dómi hefur haldið því fram, að jafnvel þótt svo yrði talið, að börn áfrýjanda væru eigendur að nefndri lóðarspildu, þá væri hann sjálfur eigandi sumarbústaðarins. Um eignarrétt að honum hefur verið lagt fram vottorð frá móður áfrýjanda þess efnis, að hún hafi kostað byggingu sumarbústaðarins, að svo miklu leyti sem vinna og efni hafi verið keypt til byggingar hans, og gefið hann framangreindum sonarbörnum sínum. Hefur þessu vottorði ekki verið hnekkt af stefnda. Ber því að fella kyrrsetningargerðina úr gildi, bæði að því er varðar hús og lóð.

Það athugast, að gerðarbeiðandi hafði æskt kyrrsetningar til tryggingar eigin víxli, að fjárhæð kr. 3000.00, sem áfrýjandi hafði gefið út 9. janúar 1951 til handa Búnaðarbanka Íslands eða þeim, sem hann vísar til. Gerðarbeiðandi var að vísu handhafi víxils þessa, en hann skorti hins vegar formlega lögmæta heimild til víxilsins, þar sem á hann hafði ekki verið skráð framsal frá nefndum banka. Hefði fógeti því ex officio átt að neita um framgang gerðarinnar af þessum sökum.

Hinn 30. apríl 1952 fór fram fjárnám í framangreindum sumarbústað ásamt lóð og mannvirkjum til tryggingar fjárkröfu stefnda samkvæmt héraðsdómi á hendur áfrýjanda. Eigi verður séð, að fjárnám þetta hafi verið byrjað að heimili dómfellda, svo sem gera bar, sbr. 33. gr. laga nr. 19/1887, og eigi var þá lagt fram veðbókarvottorð fyrir eignina. Stefndi lét síðan auglýsa sumarbústaðinn til sölu við uppboð og fór

uppboðið fram hinn 22. september 1952. Var þá lagt fram veðbókarvottorð fyrir eignina, sem nefnd er „sumarhús Magnúsar Daníelssonar við Hafravatn“ og segir þar, að ekkert finnist þinglesið um eign þessa. Á uppboðinu bauð stefndi einn í eignina og var hún slegin honum. En áður en uppboðsafsal væri gefið út, komu fram mótmæli gegn því fyrir hönd barna áfrýjanda, þar eð þau væru eigendur bústaðarins samkvæmt þinglesinni eignarheimild. Synjaði uppboðshaldari stefnda því næst um útgáfu afsals að svo stöddu.

Með skírskotun til þess, sem hér að framan greinir um eignarrétt að hinum umdeilda sumarbústað, ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð svo og eftirfarandi uppboðsgerð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreind kyrrsetningargerð er úr gildi felld. Svo eru og hin áfrýjaða fjárnámsgerð frá 30. apríl 1952 og eftirfarandi uppboðsgerð frá 22. september 1952 úr gildi felldar.

Hvor aðilja um sig beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. þ. m., hefur Hans Rödtang höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. ágúst þ. á., gegn Magnúsi Daníelssyni, Skúlagötu 76, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Ennfremur hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, sem hann lét leggja á sumarbústað stefnda við Hafravatn 15. ágúst s.l. til tryggingar skuldinni.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 650.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndi, Magnús Daníelsson, greiði stefnanda, Hans Rödtang, kr. 3000.00 með 6% ársvöxtum frá 22. ágúst 1951 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að að viðlagðri aðför að lögum.

Kyrrsetningargerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 15 ágúst 1951.

— — —

Gerðarbeiðandi, Áki Jakobsson lögfræðingur, er mættur og krefst með skírskotun til framlagðra skjala, að gerðin fari fram.

Gerðarþoli Magnús Daníelsson er sjálfur fjarverandi, en í réttinn kom að tilhlutan fógeta kona hans, Ingibjörg Guðmundsdóttir. Sagði hún, að sumarbústaður sá, þar sem gerðin fór fram, væri eign gerðarþola ásamt leigulandi, geymsluskúr og girðingu og krafðist gerðarbeiðandi, að löghald yrði gert í því á sína ábyrgð til tryggingar framangreindri skuldarupphæð, auk vaxta og kostnaðar.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann legði löghald á sumarhús Magnúsar Daníelssonar við Hafravatn, ásamt leigulóð, geymsluskúr og girðingu, sem allt er talið hans eign, til tryggingar víxilskuld að upphæð kr. 3000.00, auk vaxta frá 9. júlí s.l., alls áfallins kostnaðar við innheimtu, málssókn og gerð þessa, að geymdum betri rétti þriðja manns, og brýndi fyrir konu gerðarþola að eigi mætti ráðstafa eign þessari í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Umræddur sumarbústaður hefur ekkert nafn og ekki er vitað um númer lóðarleigusamnings, en þetta er í landi Úlfarsfells við Hafravatn.

— — —

Fjárnámsgerð í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. apríl 1952.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Áki Jakobsson hdl. og krefst, að gerðin fari fram.

Í húsinu er enginn, svo fógeti skipaði Hallgrím Árnason bílstjóra umboðsmann gerðarþola. Þar sem enginn var til að greiða umkrafða skuld, fór fram eftir kröfu gerðarbeiðanda fjárnám í sumarbústaðnum með tilheyrandi lóð og mannvirkjum.

Fógeti lýsti yfir, að hann gerði fjárnám, að geymdum betri rétti þriðja manns, í sumarbústað Magnúsar Daníelssonar ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum á lóðinni til tryggingar greiðslu á dómskuld kr. 3000.00, auk 6% ársvaxta frá 22. ágúst 1951 til greiðsludags, kr. 650.00 í málskostnað og alls kostnaðar og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa hinni fjárnumdu eign á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Nauðungaruppboð í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. sept. 1952.

Ár 1952, mánudaginn 22. sept., kl. 3 e. h., var uppboðsréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur við sumarhús Magnúsar Daníelssonar við Hafravatn í Mosfellshreppi og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir tekið samkvæmt kröfu Áka Jakobssonar hdl. að selja á opinberu uppboði sumarhús Magnúsar Daníelssonar við Hafravatn ásamt landi og mannvirkjum til lúkningar dómskuld kr. 3000.00, auk vaxta og alls kostnaðar. — — —

Uppboðsbeiðandi, Áki Jakobsson hdl., er sjálfur mættur og leggur fram nr. 6, kröfu, þar sem hann gengur inn í uppboð með 1500 kr. kröfuupphæð auk vaxta og kostnaðar vegna Hans Rödtang, nr. 7 útskrift af fjárnámsgerð, er fram fór 18. sept. s. l. Krefst með skírskotun til framlagðra skjala, að uppboðið fari fram.

Því næst fór uppboðið fram þannig, að Hans Rödtang bauð kr. 5000.00 og var slegin eignin á því verði.

Önnur boð voru ekki gerð. — — —

Föstudaginn 4. desember 1953.

Nr. 124/1951. **Helgi Einarsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaga. Skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1951. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 10382.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostn-

aðar úr hendi hans hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Stefndi hefur fallið frá gagnkröfu þeirri, er hann hafði uppi í héraði.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, sem máli skipta um sakarefnið.

Hinn 1. marz 1947 var þeim Sigurbergi Pálssyni og Sigurði Snæland Grímssyni veitt í sameiningu sérleyfi samkvæmt lögum nr. 22/1945 til fólksflutninga með bifreiðum milli Reykjavíkur og tiltekinna staða í Mosfellssveit. Sérleyfið var óframseljanlegt og skyldi gilda til 1. marz 1952.

Nefndir sérleyfishafar höfðu gengizt fyrir stofnun félagsins Áætlunarbílar Mosfellssveitar h/f, sem er stefndi í máli þessu. Samkvæmt skýrslum málflytjenda hér fyrir dómi er hlutafé félagsins kr. 40 000.00. Þar af eiga sérleyfishafarnir og eiginkonur þeirra kr. 32 000.00 og einn nafngreindur hluthafi kr. 8000.00. Er Sigurbergur Pálsson formaður félagsstjórnar, en Sigurður Snæland Grímsson meðstjórnandi. Félag þetta létu sérleyfishafarnir aðstoða sig við fólksflutninga, er þeim var skylt að annast samkvæmt sérleyfinu. Er því lýst hér fyrir dómi, að félagið reki ekki aðra starfsemi.

Sérleyfishafinn Sigurbergur Pálsson réð fyrir hönd hins stefnda félags áfrýjanda til að stunda akstur á sérleyfisleiðinni. Hóf áfrýjandi vinnu hjá stefnda hinn 23. september 1949, en hætti starfinu hinn 27. maí 1950.

Þeir sérleyfishafarnir Sigurbergur og Sigurður Snæland voru félagsmenn í Félagi sérleyfishafa á þeim tíma, er áfrýjandi réðst til stefnda og starfaði hjá honum. Áfrýjandi var á sama tíma félagsmaður í Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli. Stéttarfélög þessi höfðu gert með sér kjarasamning hinn 8. apríl 1949, og var hann í gildi allan starfstíma áfrýjanda hjá stefnda.

Kaupkjör þau, sem áfrýjandi skyldi hafa samkvæmt ráðningarsamningi hans við Sigurberg Pálsson fyrir hönd stefnda, voru lakari en tilskilið er í nefndum kjarasamningi stéttarfélaganna. Eftir að áfrýjandi var farinn úr þjónustu stefnda, gerði hann þær fjárkröfur á hendur honum, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Þegar málið var flutt í Hæstarétti,

hafði stefndi greitt áfrýjanda orlofsfé það, kr. 800.72, er honum var gert að greiða með héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfur sínar þannig:

1. Vangreidd laun á tímabilinu 23. sept. til 27. maí 1950 ..... kr. 8035.25
2. Laun í einn mánuð vegna fyrirvaralausrar uppsagnar ..... — 2346.75

Samtals kr. 10382.00

Um 1. Áfrýjandi telur stefnda hafa verið skylt að greiða sér laun samkvæmt ákvæðum fyrrnefnds kjarasamnings Félags sérleyfishafa og Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils. Er fjárhæð sú, sem hann krefst samkvæmt þessum kröfulið, mismunur á launum þeim, sem hann fékk greidd úr hendi stefnda, og launum, er hann mundi hafa fengið, ef farið hefði verið eftir ákvæðum kjarasamningsins.

Hið stefnda félag hefur andmælt því, að það sé bundið við kjarasamninginn, þar sem það hafi ekki gengið í Félag sérleyfishafa.

Á þeim tíma, er hér skiptir máli, ráku sérleyfishafarnir sjálfir flutningastarfsemina samkvæmt óframseljanlegu sérleyfi sínu, enda þótt þeir létu stefnda aðstoða sig við flutningana. Sérleyfishafarnir voru bundnir við kjarasamninginn, og var þeim því skylt að láta bifreiðarstjóra, er störfuðu að flutningum á þeirra vegum og samningurinn tók til, njóta launa samkvæmt ákvæðum hans. Um þessa skyldu sérleyfishafanna var hinu stefnda félagi vitanlega fullkunnugt, þar sem sérleyfishafarnir höfðu á hendi stjórn þess og það laut þeim yfirráðum þeirra, er að framan greinir. Af þessu leiðir, að þegar félagið tók að sér samkvæmt ákvörðun sérleyfishafanna að aðstoða þá við flutningana, þá varð því jafnframt skylt að greiða bifreiðarstjórum laun eftir ákvæðum kjarasamningsins með sama hætti og sérleyfishafarnir hefðu sjálfir orðið að gera. Sú mótbára stefnda, sem hér hefur verið rædd, verður því ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefur stefndi borið það fyrir sig, að enda þótt hann yrði talinn bundinn við ákvæði kjarasamningsins, þá

hafi áfrýjandi fyrirgert rétti til frekari launa en hann hefur þegar fengið, með því að kvitta fyrirvaralaust fyrir kaupgreiðslur, þar á meðal fyrir lokagreiðslu, er áfrýjandi lét af starfinu. Á þessa mótbáru er þó heldur ekki unnt að fallast. Ákvæði 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 ber að skýra þannig, að þó að starfsmenn hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir lægri laun en þeim bar samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags síns, þá eigi þeir samt rétt til að fá mismuninn greiddan úr hendi atvinnurekanda eftir á.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, ber að taka þenna kröfulið áfrýjanda til greina, enda hefur upphæð hans ekki verið hnekkt í neinum atriðum.

Um 2. Áfrýjandi tók að kvarta undan því við fyrirsvarsmann stefnda ekki síðar en í aprílmánuði 1950, að hann nyti ekki þess kaups, er honum bæri, en stefndi sinnti því ekki. Síðar, að því er virðist hinn 27. maí 1950, bar áfrýjandi fram ákveðna kröfu um greiðslu vangoldinna launa, en fyrirsvarsmaður stefnda neitaði frekari kaupgreiðslu og tjáði áfrýjanda, að ef hann vildi hætta störfum, væri honum það heimilt. Lét áfrýjandi þá af starfi sínu hjá stefnda. Neitun stefnda á því að greiða áfrýjanda þau laun, er honum bar, verður að telja slíka vanefnd, að hún jafngildi fyrirvaralausri uppsögn. Af því leiðir, að taka ber þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda kröfu hans að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber stefnda og eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Áætlunarbílar Mosfellssveitar h/f, greiði áfrýjanda, Helga Einarssyni, kr. 10382,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Hinn 1. marz 1947 veitti Samgöngumálaráðuneytið þeim Sigurbergi Pálssyni og Sigurði Snæland Grímssyni sérleyfi til fólksflutninga með bifreiðum á leiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsdals. Þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland eru félagar í Félagi sérleyfishafa og því bundnir af samningi þeim, sem nefnt félag gerði hinn 8. apríl 1949 við Bifreiðastjórafélagið Hreyfil um kjör bifreiðastjóra. Bar þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland því skylda til sem sérleyfishöfum að sjá um, að áfrýjandi nyti, er hann ók bifreið fyrir þá á sérleyfisleiðum, þeirra kjara, er nefndur samningur tiltekur. Og þar sem samningurinn er gerður milli stéttarfélags bifreiðastjóra annars vegar og stéttarfélags sérleyfishafa hins vegar og skapar samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 rétt án tillits til samninga einstakra bifreiðarstjóra, þá þykir mega líta svo á, að áfrýjandi hafi ekki firrt sig rétti til fullra launa á hendur þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland samkvæmt kjarasamningnum, þótt hann semdi um og kvittaði fyrirvaralaust fyrir lægri launum en í samningnum greinir. Samkvæmt þessu heldur áfrýjandi rétti sínum eftir kjarasamningnum á hendur þeim Sigurbergi og Sigurði Snæland persónulega. En nú fólu þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland Áætlunarbílum Mosfellssveitar h/f að annast fyrir sig fólksflutninga á sérleyfisleiðinni. Áfrýjandi samdi við hlutafélag þetta og sækir það til greiðslu í máli þessu. Þeir Sigurbergur og Sigurður Snæland standa að vísu að hlutafélagi þessu og eiga ásamt konum sínum meiri hluta hlutabréfa í því. En ekki er vefengt, að hlutafélagið sé löglegt og því sérstakur aðili að lögum, með sjálfs sín réttindi og skyldur. Hlutafélagið hefur ekki gerzt aðili að kjarasamningi þeim, sem Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Félag sérleyfishafa gerði hinn 8. apríl 1949, tekið á sig eða með öðrum hætti orðið skylt til að veita áfrýjanda kjör samkvæmt þeim samningi. Brestur því lagarök til að dæma hlutafélaginu ábyrgð á persónulegum samningsskyldum þeirra Sigurbergs og Sigurðar Snælands. Samkvæmt þessu ber að sýkna hlutafélagið

af þeim kaupkröfum, sem áfrýjandi hefur uppi í máli þessu. Ósannað er af hendi áfrýjanda, að honum hafi verið vísað úr vist hjá stefnda. Ber því og að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda vegna uppsagnar. Krafa áfrýjanda um orlofsfé er greidd samkvæmt héraðsdómi. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Hvor aðilja greiði sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Helgi Einarsson, Sogavegi 126, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. sept. f. á., gegn Sigurbergi Pálssyni, formanni stjórnar Áætlunarbíla Mosfellssveitar h.f., Kjósarsýslu, f. h. félagsins, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12.068.96 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína í kr. 11.182.80, auk vaxta og málskostnaðar, eins og krafizt er í stefnu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara,* að kröfum stefnanda verði skuldajafnað við jafnháa fjárhæð af kr. 24.000.00, sem stefnandi skuldi því. Við munnlegan flutning málsins breytti stefndi varakröfu sinni þannig. að það lækkaði gagnkröfu sína á stefnanda í kr. 12.000.00. *Til þrautavara* hefur stefndi krafizt lækkunar á dómkröfum stefnanda og að við þær verði skuldajafnað gagnkröfu stefnda, eftir því sem hún þyki hæfilega ákveðin að mati dómsins. Loks krefst stefndi, að því verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í september samdist svo með stefnanda máls þessa og stjórnarformanni stefnda, að stefnandi æki áætlunarbifreið stefnda á áætlunarleiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsdals. Átti kaup stefnanda að vera kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag.

Stefnandi hóf vinnu hjá stefnda 23. september og var í þjónustu hans til 27. maí 1950. Var vinnu hans þannig háttað, að fimm daga í viku fór hann þrjár áætlunarferðir frá Reykjavík eða kl. 8.00, kl. 13.30 og kl. 18.15. Á laugardögum voru farnar 6 ferðir, hin fyrsta kl. 8.00, hin síðasta kl. 23.00 og á sunnudögum voru ferðirnar 7 samkvæmt áætlun, sú fyrsta kl. 9.00, en síðasta kl. 23.00, en auk þess var oftast nær farin aukaferð á sunnudagskvöldum kl. 21.00. Hins vegar heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi í flest skipti verið leystur frá einni kvöldferðanna á sunnudögum, til þess að honum gæfist tími til matar, en stefnandi telur, að þetta muni ekki hafa verið gert nema um það bil þriðja hvern sunnudag.

Aðiljar málsins eru sammála um, að hver ferð hafi tekið sem næst tvær stundir. Þá telur stefnandi, að hann hafi unnið eina klukkustund

daglega við farmiðasölu, þvott bifreiðarinnar og að láta smyrja hana, auk akstursins sjálfs, en stefndi hefur mótmælt því, og heldur því fram, að farmiðasalan hafi ekki tekið lengri tíma en 5 mínútur í hverri ferð og bifreiðina hafi stefnandi ekki látið smyrja nema vikulega og það ekki verið nema hálfrar til einnar klukkustundar verk í hvert skipti.

Stefndi greiddi stefnanda jafnan kaup hans mánaðarlega, kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag, og kvittaði stefnandi fyrirvaralaust fyrir þeim fjárhæðum. Að því rak þó, að ágreiningur kom upp milli málsaðilja um kaupið. Heldur stefnandi því fram, að um eða eftir áramót 1949—1950 hafi hann gert athugasemdir út af kaupgreiðslunum og talið sér bera meira kaup, þar sem hann ynni yfirvinnu hjá stefnda. Í maí 1950 hafi hann ítrekað kröfur sínar um greiðslu fyrir eftirvinnu, enda hafi stéttarfélag hans, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, verið búið að kvarta yfir því, að hann hefði ekki tekið taxtakaup hjá stefnda. Stefndi hefur hins vegar mótmælt, að stefnandi hafi hreyft nokkrum athugasemdum út af kaupi sínu fyrr en í apríl 1950, og neitaði stefndi að greiða hærra kaup en fyrrgreindar kr. 100.00 fyrir hvern vinnudag. Ágreiningur þessi leiddi til þess, að störfum stefnanda hjá stefnda lauk 27. maí.

Stefnandi hefur lagt fram yfirlit um kröfu sína á hendur stefnda og má sundurliða hana þannig, þegar tillit er tekið til lækkunar hans á dómkröfunni við flutning málsins:

1.	Dagvinnukaup og yfirvinnukaup 23. sept 1949—27. maí 1950	kr. 30.125.73
2.	Kaup í einn mánuð vegna fyrirvaralausrar uppsagnar	— 2.346.75
3.	Orlofsfé, 4% af kr. 20.016.09	— 800.72
	Alls	kr. 33.273.20
	Frá dregst kaup greitt stefnda fyrir tímabilið 23/9 1949 —27/5 1950	— 22.110.00
	Eftirstöðvar	kr. 11.163.20

Um 1. lið.

Stefnandi heldur því fram, að samningur hans við stefnda um kr. 100.00 í kaup fyrir hvern vinnudag hafi aðeins átt við dagvinnu, en hann hafi litið svo á, að eftirvinnu bæri stefnda að greiða sérstaklega. Reisir hann kröfur sínar samkvæmt þessum lið á því, að kaup það, sem stefndi galt honum, hafi verið lægra en ákveðið var í heildarsamningi Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils við Félag sérleyfishafa, dags. 8. apríl 1949. Þar sem samningur málsaðilja hafi verið í ósamræmi við fyrrgreindan heildarsamning, sé sérsamningurinn ógildur samkvæmt ákvæðum laga nr. 80 frá 1938. Í 1. gr. nefnds heildarsamnings sé svo ákveðið, að vinnutími dag hvern sé 10 stundir, og teljist matmálstímar og biðtímar milli ferða til vinnutíma. Samkvæmt 11. grein samnings þessa beri vinnuveitanda að greiða bifreiðarstjóra kr. 745.00 í kaup mánaðarlega eða kr. 89.40 í dagkaup í grunnlaun. Eftirvinna skuli hins vegar greidd með kr. 5.20 í grunnkaup á klukkustund, nema á nokkrum tilteknum helgidögum greið-

ist kr. 6.90. Samkvæmt þessum ákvæðum samningsins hefur stefnandi reiknað út heildarkaup sitt á vinnutímabilinu.

Stefndi hefur haldið því fram, að um það hafi verið rætt við samningsgerðina, að stefnanda skyldi ekki greitt yfirvinnukaup sérstaklega, enda hafi venjulegur vinnutími stefnanda aðeins verið 6 stundir á dag, en um helgar hafi hann þó unnið 5 stundir samtals umfram venjulegan vinnudag. Þá hefur stefndi reist sýknukröfu sína af þessum lið á því, að stefnandi hafi jafnan tekið fyrirvaralaust við kaupi sínu og engum athugasemdum hreyft út af kaupgreiðslunum fyrr en í apríl 1950 og ennfremur, að stefndi sé ekki í Félagi sérleyfishafa og sé því heildarsamningur þess félags við Bifreiðastjórafélagið Hreyfil ekki bindandi fyrir stefnda.

Með tilliti til þess, *að* ósannað er gegn mótmælum stefnda, að það sé í Félagi sérleyfishafa og því ekki efni til samkvæmt 7. gr. laga nr. 80 frá 1938 að meta ógildan sérsamning þess við stefnda á þeim grundvelli, að hann brjóti í bág við fyrrgreindan heildarsamning, *að* stefnandi kvittaði jafnan fyrirvaralaust fyrir kaupi sínu og ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi hreyft athugasemdum við stefnda út af því, að kaup hans væri of lágt, fyrr en meira en hálfu ári eftir að hann réðist í þjónustu stefnda og *að* tilhögun á starfi stefnanda var mjög frábrugðin því, sem venjulegt er, sökum hins langa biðtíma milli ferða, þykir verða að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um 2. lið.

Stefnandi reisir kröfu sína samkvæmt þessum lið á því, að fáum dögum eftir að hann hafi kvartað yfir því við stjórnarformann stefnda, að hann fengi of lágt kaup, hafi sér verið sagt upp vinnunni fyrirvaralaust, en samkvæmt 5. gr. fyrrnefnds heildarsamnings hafi hann átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti.

Stefndi hefur mótmælt, að stefnanda hafi verið sagt upp vinnunni, heldur hafi hann hætt henni sjálfur fyrirvaralaust, þótt honum hafi staðið til boða að halda henni áfram með sömu kjörum og fyrr.

Stefnandi hefur gegn mótmælum stefnda ekki leitt sönnur að því, að stefnda hafi sagt honum upp vinnunni né hnekkt því, að honum hafi staðið til boða að vera áfram í þjónustu stefnda með sömu kjörum og áður, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 3. lið.

Því er ómótmælt, að stefndi hafi eigi greitt stefnanda orlofsfé sérstaklega, en telja verður, að stefnandi hafi átt rétt til orlofsfjár, 4% af kr. 22.110.00, sem var heildarkaup það, sem stefndi galt honum, eða alls kr. 884.40. Hins vegar hefur stefnandi ekki krafizt hærri fjárhæðar í orlofsfé en kr. 800.72, og verður honum því ekki dæmd hærri upphæð.

Um varakröfu og þrautavarakröfu stefnda.

Gagnkröfu sína á hendur stefnanda telur stefndi stafa af því, að stefn-

andi hafi notað bifreið stefnda til ferða milli heimilis síns og afgreiðslustöðvar hennar, þrjár ferðir á dag og beri honum að greiða stefnda fyrir þá notkun.

Stefnandi hefur haldið því fram, að sér hafi verið tjáð, að bifreiðina skyldi hann geyma annaðhvort heima hjá sér eða hjá stjórnarformanni stefnda að Háteigsvegi 11.

Þar sem algengt mun vera, *að* bifreiðarstjórar geymi bifreiðar vinnuveitenda sinna hjá sér *og* ekki verður séð, að stefndi hafi hreyft nokkrum athugasemdum við stefnanda út af því, að hann færi á bifreiðinni heim til sín, þykja ekki efni til að taka skuldajafnaðarkröfur hans til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða úrslit málsins þau, að stefnda ber að greiða stefnanda í orlofsfé kr. 800.72, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbergur Pálsson f. h. Áætlunarbíla Mosfellssveitar h.f., greiði stefnanda, Helga Einarssyni, í orlofsfé kr. 800.72 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 4. desember 1953.

Nr. 159/1951. **Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Bræðrafélagi óháða Fríkirkjusafnaðarins
(Ólafur Þorgímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um töku hringingartækja með fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1951. Hann gerir þær dómkröfur, að úrskurður fógetadómsins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í mál-

inu greinir. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur að því, að eignarréttur hafi stofnazt honum til handa að hringingartækjum þeim, sem lýst er í úrskurði fógeta. Krafa áfrýjanda um afhendingu tækjanna verður þegar af þessari ástæðu ekki tekin til greina. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, greiði stefnda, Bræðrafélagi óháða Fríkirkjusafnaðarins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. ágúst 1951.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, hefur þess verið krafizt, að rafmagnstæki til klukkuhringinga verði tekin úr vörzlum gerðarþola, Bræðrafélags óháða Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, og gerðarbeiðanda fengin umráð tækjanna. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var, að loknum munnlegum flutningi, lagt undir úrskurð fógetaréttarins hinn 3. þ. mán. Hefur dregizt að kveða upp úrskurð í máli þessu vegna annríkis fógeta.

Málavextir eru þessir:

Innan Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík starfaði um fjöldamörg ár félagsskapur safnaðarmeðlima, er nefndist Bræðrafélag Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Í 2. gr. félagslaga, sjá rskj. 13, segir, að tilgangur félagsins sé „að efla og glæða félags- og trúarlíf meðal safnaðarmanna, hjálpa bágstöddum félagsbræðrum og hlynna að hag kirkjunnar eftir megni.“ — Þá er ennfremur kveðið svo á, að fundi skuli halda minnst einu sinni á mánuði á tímabilinu frá byrjun októbers hvers árs til loka

aprílmánaðar næsta ár, og skuli fundur teljast lögmætur og ályktunarfær, ef 15 félagar eru á fundi.

Á sínum tíma gaf félagsskapur þessi Fríkirkjunni í Reykjavík kirkjuklukkur þær, sem þar eru enn notaðar. Fyrir allmörgum árum mun hafa komið til orða innan félagsins, að félagið keypti rafmagnstæki, sem hringdu kirkjuklukkunum, og á fundi í félaginu hinn 22. desember 1946 var þetta mál til umræðu. Einn félagsmanna, Sigurður Halldórsson, sem þá mun hafa verið formaður stjórnar Fríkirkjusafnaðarins, taldi æskilegt, að félagið útvegaði slík tæki og gæfi kirkjunni, svo ekki þyrfti framvegis að kvíða neinum erfiðleikum í sambandi við starf sérstaks hringjara. Tók Sigurður fram, að klukkurnar væru sérstaklega útbúnar með það fyrir augum, að í þær mætti setja slíkan útbúnað. — Á fundi félagsins hinn 26. janúar 1947 var svohljóðandi tillaga samþykkt samhljóða: „Félagið samþykkir að beita sér fyrir því að fá komið á rafmagnshringingu í kirkjuna, svo fljótt sem tök eru á". — Á aðalfundi félagsins hinn 25. janúar 1948 tekur formaður félagsins, Jón Arason, fram, að félagið hafi skuldbundið sig til að standa undir kostnaðinum við að setja upp rafmagnshringingartæki þessi. — Hinn 10. október 1948 skýrði formaður félagsins svo frá, að hann hefði í höndum tilboð um rafmagnstækin frá þýzku firma, er á sínum tíma hafði selt félaginu kirkjuklukkurnar. Er tekið fram í fundarbókun þessari, að félagið hafi áður ákveðið að gefa kirkjunni tækin og hafin hafi verið samskot innan félagsins í því skyni.

Á samkomu, er Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík hélt hinn 19. nóvember 1949, til að minnast 50 ára starfsafmælis síns, lýsti Sigurður Halldórsson, formaður safnaðarins, því yfir, að Bræðrafélagið hefði gefið hringingartæki til kirkjunnar, en Sigurður var einn meðlima Bræðrafélagsins.

Í janúar 1951 var samþykkt á félagsfundi, að félagið skyldi eftirleiðis nefnast Bræðrafélag óháða Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, og hefur það síðan starfað innan þess safnaðar. — Á fundi hinn 14. janúar 1951 var lesið bréf, þar sem formaður og ritari Fríkirkjusafnaðarins kröfðust þess, að oftnefnd hringingartæki yrðu afhent söfnuðinum ekki síðar en hinn 18. sama mánaðar. — Sjá rskj. 3 í máli þessu.

Á félagsfundi hinn 21. janúar 1951 var málefni þetta til umræðu og voru um það nokkuð skiptar skoðanir, en fundarályktun engin gerð, að því er séð verður.

Eru hér rakin aðalatriði þess, sem fundabækur greina um atriði þetta. Aðrar bækur félagsins, svo sem fundarbók stjórnar, hafa ekki legið fyrir til athugunar, þrátt fyrir áskorun umboðsmanns gerðarbeiðanda þar um, sjá rskj. 4, og engin skjöl né skilríki, sem sérstaklega varða kaup og innflutning hinna umdeildu tækja.

Hinn 22. febrúar 1951 ritar Egill Sigurgeirsson hrl. fógetarétti Reykjavíkur f. h. Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík og krefst þess, að oftnefnd hringingartæki verði með beinni fógetagerð tekin úr vörzlum Jóns Arasonar, er verið hefur formaður Bræðrafélags Fríkirkjusafnaðarins og síðan Bræðrafélags óháða Fríkirkjusafnaðarins, og gerðarbeiðanda fengin tækin

í hendur. Um mál þetta var fjallað í fógetaréttinum, en síðan var það hafið, og hinn 30. júlí s.l. var nýtt mál höfðað af hálfu gerðarbeiðanda, og þá beint gegn Bræðrafélagi óháða Fríkirkjusafnaðarins sem slíku.

Kröfur gerðarbeiðanda eru rökstuddar þannig, að Bræðrafélag Fríkirkjusafnaðarins hafi á sínum tíma gefið söfnuðinum hringingartækin til afnota í kirkju hans og hafi gjöfin verið tilkynnt á afmælissamkomu innan safnaðarins hinn 19. nóvember 1949. Fjár til að standa straum af kostnaði við útvegun tækjanna hafi verið aflað með samskotum meðlima safnaðarins og geti félagið ekki ráðstafað fé þessu til annars, allra sízt eftir að söfnuðinum hafi verið tilkynnt um gjöfina. Í þessu sambandi skipti alls engu máli, þó að félagið hafi skipt um nafn og kosið sér aðra stjórn, enda hafi þær ráðstafanir ekki verið gerðar að tilhlutun stjórnar Fríkirkjusafnaðarins.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að gerðarbeiðandi hafi aldrei öðlazt neinn eignar- eða umráðarétt yfir hinum umdeildu hringingartækjum. Hér hafi að vísu átt að vera um gjöf að ræða frá ákveðnum hópi manna innan safnaðarins, en afhendingartími hafi aldrei verið ákveðinn og engin félagssamþykkt sé til, sem lúti að afhendingu tækjanna. Hafi hér aldrei verið um að ræða neitt gjafaloforð, og þó að formaður stjórnar Fríkirkjusafnaðarins hafi sem félagsmaður komizt að þeirri ráðagerð, að félagið gæfi söfnuðinum tækin, hafi hann aldrei haft umboð félagsins til að gefa neins konar yfirlýsingu í því sambandi. — Þó svo hefði verið, að gjafaloforð hefði á sínum tíma verið gefið þessa efnis, þá hefðu forsendur nú brugðizt, þannig að slíkt loforð væri ekki bindandi, þar eð félagið hafi nú hætt að starfa innan Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. — Þannig er framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar mótmælt í einu og öllu.

Í öllum fundabókum Bræðrafélags Fríkirkjusafnaðarins, sem fjalla um útvegun hinna umdeildu tækja, virðist koma fram einhugur um að gefa Fríkirkjusöfnuðinum tæki þessi og fundarsamþykkt gengur í þá átt. Hins vegar bera bókanir þessar ekki með sér neinn ákveðinn afhendingartíma og engin fundarsamþykkt er til, svo séð verði, um heimild handa neinum aðilja til að tilkynna stjórn Fríkirkjusafnaðarins um gjöfina eða hvenær hún skyldi afhent.

Að þessu athuguðu verður naumast talið, að réttur gerðarbeiðanda til hinna umdeildu hringingartækja sé svo glöggur, að honum verði fullnægt með beinni fógetagerð og ber því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. desember 1953.

Nr. 171/1953. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Ingvari Gíslasyni (Gunnar J. Möller).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað þann, er varðskipið kom að vélbát ákærða kl. 11,00 hinn 23. september 1953 svo og stað þann, þar sem ætla má, að dragnótin hafi verið dregin inn í umrætt skipti. Reyndist fyrrnefndi staðurinn vera um 3 sjómílur og hinn síðartaldi um 2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms telst ákærði hafa brotið gegn ákvæðum þeim, sem til er vitnað í héraðsdómi, að undanteknum bráðabirgðalögum nr. 37/1952. Þykir refsingin hæfilega ákveðin sekt, eins og greinir í héraðsdómi, og renni sektin í Fiskveiðasjóð Íslands, en varðhald 30 daga kom í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt lögjöfnun frá 3. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951, ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, þó þannig, að andvirðið skal renna í Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 45/1937.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Gíslason, greiði 4000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skulu upptæk ger og rennur andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 23. sept. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ingvari Gíslasyni, Vestmannabraut 11 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á v/b Erlingi, VE 295, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot gegn 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 frá 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. bráðabirgðalög nr. 37 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 81 frá 8. desember 1952, með því að hafa verið að dragnótaveiðum á mótorbátnum Erlingi I, VE 295, árdegis í dag, miðvikudaginn 23. september 1953, SA af Súlnaskeri, um 2 sjómílur innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. áðurnefnd lög nr. 44 frá 4. apríl 1948.

Þær kröfur eru gerðar af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. 3. gr. laga nr. 44 frá 5. apríl 1948 og 1. gr. laga nr. 81 frá 8. desember 1952 og afli og veiðarfæri v/b Erlings I, VE 295, verði gerður upptækur samkvæmt 1. og 3. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940, svo er og krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Ingvar Gíslason er fæddur 7. júlí 1913 á Stokkseyri og var hinn 22. febrúar 1944 kærður fyrir brot á fiskiveiðasamþykkt Vestmannaeyja, en málið fellt niður fyrir sannanaskort. Öðrum kærum né refsingum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Ægi var varðskipið í morgun á eftirlitsferð SA af Súlnaskeri. Kl. 10.30 sá varðskipið vélbát á bakborða

innan við landhelgislínu og var strax haldið í áttina til hans og virtist hann þá vera á lítilli ferð. Kl. 10.48 setti báturinn á fulla ferð í stefnu á Urðavita, eftir því sem varðskipsmönnum virtist. Kl. 10.55 var skotið lausu skoti að bátnum og nam hann þegar staðar. Kl. 11.00 kom varðskipið að bátnum, sem reyndist vera v/b Erlingur, VE 295, og var hinn ákærði skipstjóri á bátnum. Varðskipsmenn gerðu þá eftirfarandi staðarákvörðun:

Geirfuglasker

$> 42° 51'$

Stórhöfðaviti

$> 35° 36'$

AK. Elliðaeyjar

Dýpi 150 m., sem gefur staðinn 2,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Varðskipsmenn fóru um borð í bátinn og athuguðu veiðarfæri og afla og var dragnótin rennblaut og lifandi fiskur á þilfarinu, þannig að auðséð var, að dragnótin hafði verið nýdregin úr sjó.

Skipstjórinn var fluttur yfir í varðskipið og honum bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi. Viðurkenndi hann að hafa verið að dragnótaveiðum, en kvaðst hafa álitið, samkvæmt sínum miðunum, að hann hefði verið utan við landhelgislínu. Varðskipsmenn buðu honum að gera sjálfur staðarákvörðun, en hann óskaði þess ekki, en leit í ratsjána og sá þar, að fjarlægð í Stórhöfða var 7 sjómílur.

Samkvæmt því er fyrr segir, töldu varðskipsmenn að kærði hefði keyrt í 7 mínútur í áttina á Urðavita, frá því hann hafði lokið við að taka inn dragnótina og þar til hann nam staðar og með tilliti til ganghraða bátsins, um 9 sjómílur á klukkustund, áætluðu varðskipsmenn, að báturinn hafi verið 2,0 sjómílur innan landhelgislínu, er hann dró inn dragnótina.

Að athugunum sínum loknum, hélt varðskipið til Vestmannaeyja og kom þangað kl. 12.28 í dag. Veður var V 2. Sjór ASA 2 og ágætt skyggni, er báturinn var tekinn.

Framanritaða skýrslu staðfesti skipherrann á Ægi fyrir dóminum og ennfremur II. stýrimaður varðskipsins. Kváðu þær staðarákvarðanir hafa verið framkvæmdar með sextant af I. og II. stýrimanni og væru þær fyllilega öruggar, enda skilyrði verið góð til að framkvæma mælingarnar.

Ákærði viðurkennir fyrir dóminum, að hann hefði verið nýbúinn að draga inn dragnótina, er varðskipið kom að. Hann kvaðst ekki vefengja skýrslu varðskipsmanna né staðarákvarðanir þeirra og féllst því á, að hann myndi hafa verið að dragnótaveiðum í landhelgi í umrætt sinn. Hins vegar kveðst hann hafa haldið, að hann hefði verið utan landhelgislínu og byggði það á miðunum, er hann gerði áður en hann kastaði, en það var um þremur stundarfjórðungum áður en hann dró nótina inn. Gaf hann upp í dóminum miðanir sínar, en þær voru óglöggar og bentu frekar til, að hann hefði kastað nótinni allmikið innan við landhelgislínu.

Engin ástæða virðist til að vefengja mælingar varðskipsmanna og með framburði skipherrans og II. stýrimanns varðskipsins svo og með játningu ákærða sjálfs verður að telja sannað, að hann hafi í morgun milli kl. 10

og 11 verið að dragnótaveiðum á v/b Erlingi, VE 295, um 2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, SA af Súlnaskeri, og hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og bráðabirgðalög nr. 37/1952 og lög nr. 81/1952.

V/b Erlingur er að stærð 22,6 rúmlestir brúttó og koma því ekki til greina ákvæði laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 26/1940, sbr. lög nr. 31/1951, um verknað ákærða.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt heimild í 69. gr. 1. mgr. 1. og 3. tl. laga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 þykir rétt að ákveða, að afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skuli upptæk ger og renni andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Gíslason, greiði 4000 króna sekt í ríkissjóð Íslands og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í v/b Erlingi, VE 295, skulu ger upptæk og rennur andvirðið í ríkissjóð.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. desember 1953.

Nr. 191/1952. **Rafveita Vestmannaeyja** (Sigurður Ólason)
gegn
Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum (Gunnar J. Möller)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um heimild einkarafstöðvar til orkuflutnings. Fógetagerð. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 15. desember 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að lagt verði fyrir fógeta að rjúfa flutning á raforku frá aflvélum gagnáfrýjanda til söltunarhúss hans við svonefnda Friðarhöfn svo og til fiskverkunarhúss hans, Kína, við Strandveg, hvorttveggja í Vestmannaeyjum. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og verði þá hvor aðilja látinn bera kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 30. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að synjað verði um fógetagerð þá, sem krafizt er, og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar með þeirri breytingu, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði. Þá krefst hann þess og, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Hinn 4., 7. og 12. júlí 1951 birti atvinnumálaráðherra auglýsingu í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 12/1946 um fyrirhugaðan einkarétt til héraðs-

rafmagnsveitu í Vestmannaeyjum. Með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 1951, æskti gagnáfrýjandi, að honum yrði leyft samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nefndra laga að reka áfram einkarafstöð sína í sambandi við atvinnurekstur sinn eins og áður. Sérstakt leyfi til handa gagnáfrýjanda, þar sem ákveðin séu staðartakmörk rafveitu hans, eins og mælt er í 2. mgr. 18. gr., hefur ekki enn verið gefið út. Hins vegar hefur ráðherra lýst því í bréfi til bæjarstjórnar Vestmannaeyja, dags. 12. marz 1952, að þeir, sem áttu rafveitur til einkanota í Vestmannaeyjum fyrir 15. október 1951, megi reka þær áfram á sama hátt og áður, unz annað verði ákveðið. Er hér um almenna heimild að ræða, sem virðist taka til allra einkastöðva, er reknar voru í Vestmannaeyjum fyrir 15. október 1951, þar á meðal til rafstöðvar gagnáfrýjanda.

Rafstöð gagnáfrýjanda er í sérstöku húsi við hlið hraðfrystihúss hans. Hafði gagnáfrýjandi leitt rafmagn frá stöðinni í svonefnt Söltunarhús sitt fyrir 15. október 1951, og ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu fógetadómsins, að því er það hús varðar. Eftir 15. október 1951 eignaðist gagnáfrýjandi aðgerðarhúsið „Kína", er stendur við hraðfrystihús hans. Hefur hann síðan notað það í atvinnurekstri sínum og leitt þangað rafmagn frá rafstöð sinni.

Gagnáfrýjandi hefur ekki aukið afl rafstöðvar sinnar eftir 15. október 1951, heldur aðeins hagnýtt aflið til eigin þarfa frekar en hann virðist áður hafa gert. Fyrrgreint ákvæði í bréfi ráðherra frá 12. marz 1952, að eigendum einkastöðva sé heimilt að reka þær áfram „á sama hátt og áður", er með hliðsjón af 2. mgr. 18. gr. laga nr. 12/1946 eðlilegast að túlka þannig, að gagnáfrýjanda sé leyfilegt að notfæra sér afl rafstöðvarinnar, eins og það var 15. október 1951, til eigin þarfa innan takmarka atvinnustöðvar sinnar, svo sem henta þykir á hverjum tíma eftir fyrirkomulagi atvinnurekstrarins og þróun hans. Verður ekki talið, að orðin fyrirmuni gagnáfrýjanda að nota afl frá rafstöð sinni, meðan til hrekkur, til nýrra ljósastæða eða vinnuvéla í húsum atvinnufyrirtækisins, þegar þess gerist þörf, enda verður ekki staðhæft, að í bréfi ráðherrans felist ákvörðun um staðartakmörk rafveitu gagnáfrýjanda. Af þessu leiðir, að gagnáfrýjanda verður

ekki talið óheimilt að nota rafmagn frá rafstöð sinni í aðgerðarhúsinu „Kína". Ber því einnig að synja um framkvæmd fógetagerðarinnar, að því er þetta hús varðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Synjað er um framkvæmd fógetagerðar þeirrar, er í málinu greinir.

Aðaláfrýjandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 30. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., kom fyrir fógetadóm Vestmannaeyja hinn 16. apríl s. l. samkvæmt beiðni Garðars Sigurjónssonar rafveitustjóra, f. h. Rafveitu Vestmannaeyja, dags. 8. s. m. Setti gerðarbeiðandi fram þær réttarkröfur, að rofinn verði þegar í stað með fógetavaldi orkuflutningur frá aflvélum Vinnuslustöðvarinnar, hér, til söltunarhúss fyrirtækisins á Friðarhafnarbryggju og til aðgerðarhússins Kína við Strandveg. Undir rekstri málsins hefur gerðarbeiðandi krafist málskostnaðar sér til handa úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að synjað yrði um framgang gerðarinnar og honum auk þess tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja eru málsatvik þessi:

Um áramótin 1948—49 festi gerðarþoli, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, kaup á hraðfrystihúsi Fisks & Íss h/f við Strandveg. Hafði Fiskur & Ís h/f rekið þarna hraðfrystihús um rúmlega 7 ára skeið eða frá 1941 og notaði eigin raforku að nokkru leyti til starfsemi sinnar. Fyrsti rafallinn var 30 kw. og er enn til, en hefur ekki verið í notkun síðastliðin tvö ár samkvæmt frásögn gerðarþola. Skömmu eftir að gerðarþoli keypti húsið eða í apríl 1949, fékk hann 50 kw. rafal, sem settur var upp í sérstöku húsi fyrir vestan aðalvélasal stöðvarinnar. Annan rafal, 75 kw., fékk gerðarþoli í janúar 1951, og var hann settur upp í sama húsi og 50 kw. rafallinn. Þessar tvær vélar hafa verið í notkun síðan gerðarþoli eignaðist þær, en aðeins önnur í einu, en hin höfð til vara. Báðar eru riðstraumsvélar og sömuleðis 30 kw. rafallinn, enda eru flestar eða allar vinnsluvélar gerðarþola ætlaðar fyrir riðstraum.

Er gerðarþoli festi kaup á hraðfrystihúsi Fisks & Íss, átti hann ófullgert stórhýsi, nokkurn spöl norðar, niður við Friðarhafnarbryggju. Fór þar fram

aðgerð og söltun á fiski. Vorið 1951 lét gerðarþoli grafa fyrir jarðkapli á milli húsanna, og í byrjun júlímánaðar 1951 var kapallinn lagður og gengið frá skiptirofa. Hinn 11. þess mánaðar var svo hleypt straum á rafkerfi söltunarhússins frá rafstöð gerðarþola við hraðfystihúsið. Um þetta liggja fyrir 3 vottorð í málinu, er ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestum, og verður því frásögn þeirra lögð til grundvallar, þar sem ekki virðist ástæða til að véfengja þau.

Um síðustu áramót keypti gerðarþoli síðan húsið Kína við Strandveg. Stendur það sunnan við hraðfrystihúsið og fast upp við það. Tók gerðarþoli hús þetta undir notkun fyrir fiskaðgerð og lét tengja það við einkarafstöð sína.

Auk rafmagns frá sinni eigin orkuveitu, fékk gerðarþoli rafmagn frá Rafveitu Vestmannaeyja til starfsemi sinnar, enda lá inntak frá bæjarkerfinu inn í hús hans. Af reikningum, sem gerðarbeiðandi hefur lagt fram, er ljóst að rafmagnskaup gerðarþola fyrstu mánuði ársins 1952 hafa verið mun minni en sömu mánuði árið áður, þrátt fyrir aukna starfsrækslu. Virðist þetta ótvírætt gefa til kynna, að neyzla gerðarþola á eigin raforku hafi aukizt allverulega síðastliðið ár.

Á árinu 1950 tók til starfa ný rafstöð í Vestmannaeyjum, sem bæjarfélagið átti. Er hún mun stærri en sú sem áður var og framleiðir riðstraum í stað jafnstraums. Bæjarstjórn Vestmannaeyja fór fram á, að því er virðist á árinu 1951, að atvinnumálaráðuneytið veitti Rafveitunni einkarétt til sölu rafmagns í Vestmannaeyjum, enda gaf ráðuneytið út auglýsingu í þá átt hinn 27. júní 1951, sem birt var í Lögbirtingablaðinu hinn 4., 7. og 12. júlí 1951. Segir þar, að ráðuneytið hafi ákveðið samkvæmt heimild í raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, að Vestmannaeyjabær skyldi vera sérstakt orkuveitusvæði héraðsrafmagnsveitu og bæjarstjórnin hefði farið fram á einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á orkusvæðinu undir nafninu Rafveita Vestmannaeyja. Jafnframt var tekið fram, að þeir, sem kynnu að eiga raforkuveitur á orkuveitusvæðinu, skyldu skýra ráðuneytinu frá þeim innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, ef þeir óskuðu að halda starfrækslunni áfram.

Vegna auglýsingar þessarar skrifaði gerðarþoli hinn 16. júlí 1951 bréf til atvinnumálaráðuneytisins og fór fram á, að sér verði leyft eins og áður að starfrækja sína eigin rafveitu. Tók hann fram, að rafstöð fyrir A-C straum hefði verið sett upp í frystihúsi Fisks & Ís árið 1942, en eftir að hann keypti húsið, hafi starfrækslan verið aukin mikið og nú væru í húsinu þrjár ljósavélar, samtals 155 kw., og væri þessi orka notuð til ljósa og til að knýja mótora í sambandi við fiskiðnað sinn. Kvað hann nauðsynlegt hafa verið á sínum tíma að koma þessum vélum upp, þar eð Rafveitan í Vestmannaeyjum hefði ekki getað látið í té nægjanlega raforku og vafasamt væri, hvort hún gæti það ennþá.

Ekki er sjáanlegt, að ráðuneytið hafi svarað þessu bréfi, en hinn 12. marz 1952 skrifar atvinnumálaráðuneytið bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum svohljóðandi bréf:

„Ráðuneytið staðfestir hér með, að það hefur samkvæmt heimild í raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946 veitt bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar einkarétt til þess að reka héraðsrafmagnsveitu í Vestmannaeyjum undir nafninu Rafveita Vestmannaeyja, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana, þó þannig, að þeir, sem áttu rafveitur til einkanota fyrir 15. október 1951, megi reka þær áfram á sama hátt og áður fyrst um sinn, þar til ráðuneytið ákveður annað."

Eftir móttöku bréfs þessa ákvað rafmagnsnefnd Vestmannaeyja á fundi hinn 17. marz s.l. að fela rafveitustjóra að láta stöðva framleiðslu rafmagns, er færi í bága við einkaleyfi rafveitunnar, og gæta þess að þeir, sem rétt hefðu til einkastöðva, yku ekki not sín af eigin rafmagni frá því, sem var fyrir 15. okt. s.l., nema því aðeins að samþykki rafveitunnar kæmi til. Rafveitustjóri taldi, að gerðarþoli hefði brotið gegn einkarétti rafveitunnar með því að tengja söltunarhúsið og Kína við orkuveitu sína og lét því hefja gerð þessa og gerði þær kröfur, sem áður eru greindar.

Meðan mál þetta stóð yfir, sneri gerðarþoli sér til atvinnumálaráðuneytisins og spurðist fyrir um, hvernig rétti sínum til rekstrar einkarafstöðvar væri háttað og hvernig hann skyldi haga starfrækslu hennar, svo ekki færi í bága við einkarétt gerðarbeiðanda. Svar við þessari fyrirspurn kveðst gerðarþoli ekki hafa fengið, þótt gengið hafi verið eftir því. Af ráðuneytisins hálfu virðast því ekki hafa verið sett önnur né fyllri fyrirmæli um rétt gerðarþola en þau, er fram koma í áður tilfærðu bréfi frá 12. marz s.l. Að minnsta kosti liggja þau ekki fyrir í máli þessu.

Gerðarbeiðandi hefur lagt á það ríka áherzlu til stuðnings kröfum sínum, að orkuveita gerðarþola hafi ekki verið löglega tilkynnt til Rafmagnseftirlits ríkisins og tilkynningar til Rafveitu Vestmannaeyja um uppsetningu nýrra véla og tækja hafi verið af skornum skammti og ófullnægjandi. Hann hafi m. a. ekki tilkynnt um tengingu söltunarhússins né Kína við orkuveitu sína. Gerðarþoli hefur mótmælt þessu, en af gögnum þeim, sem fyrir liggja, virðist þó mega ráða, að talsvert hafi vantað á, að gerðarþoli hafi gætt fyrirskipaðrar tilkynningarskyldu. Þetta atriði verður þó ekki talið skipta máli um réttarstöðu gerðarþola gagnvart gerðarbeiðanda, m. a. er hvergi að því vikið í bréfi ráðuneytisins, að réttur þeirra, sem orkuveitur áttu til einkaafnota, skuli sæta takmörkunum af þessum sökum, og er þó ljóst, að ráðuneytinu var ekki ókunnugt um þetta.

Af orðalagi bréfs ráðuneytisins frá 12. marz s.l. og niðurlagi 18. gr. raforkulaga nr. 12/1946 virðist mega leiða, að gerðarþola sé óheimilt að færa út staðartakmörk orkuveitu sinnar frá því, sem var hinn 15. október 1951. Telja verður því, að honum hafi verið óheimilt að tengja aðgerðarhúsið Kína við orkuveitu sína, þar eð tenging fór fram eftir þann tíma. Hins vegar sýnist hæpið að draga þá ályktun af orðalagi bréfsins að starfræksla gerðarþola á orkuveitu sinni skuli dragast saman frá því sem var 15. okt. s.l., þótt starfrækslan hafi aukizt síðustu mánuðina á undan. Þykir því ekki unnt samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja,

að rjúfa orkuflutning frá orkuveitu gerðarþola til söltunarhússins við Friðarhafnarbryggju, og verður því að synja kröfu gerðarbeiðanda að því leyti. Aftur á móti ber að taka kröfu hans til greina, að því er varðar aðgerðarhúsið Kína, af þeim ástæðum, sem að ofan eru greindar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 300.00 upp í málskostnað.

Uppsaga úrskurðarins hefur dregizt vegna anna við daglega afgreiðslu.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda um framgang gerðarinnar skal tekin til greina að því leyti, að rofinn skal orkuflutningur frá orkuveitu gerðarþola til aðgerðarhússins Kína.

Gerðarþoli, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, greiði gerðarbeiðanda, Garðari Sigurjónssyni, f. h. Rafveitu Vestmannaeyja, kr. 300.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. desember 1953.

Kærumálið nr. 16/1953.

Kristbergur Jónsson

gegn

Sigríði Ketilsdóttur og Guðdísi Sigurðardóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vitni heimilað að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. nóvember þ. á., sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 11. nóvember s. l., í vitnamáli varnaraðiljans Guðdísar gegn sóknaraðilja, en með úrskurðinum var þess synjað, að varnaraðilinn Sigríður Ketilsdóttir staðfesti vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Sigríði heimilað að staðfesta vætti sitt fyrir dómi. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Guðdísar.

Varnaraðilinn Guðdís krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðilinn Sigríður hefur ekki haft uppi neinar kröfur í málinu.

Ekki verður talið, að vitnið Sigríður Ketilsdóttir, sem er systurdóttir sóknaraðilja, sé svo við mál eða málsaðilja riðin, að staðfesting vitnaskýrslu þess geti talizt varhugaverð, sbr. 2. málsgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Er og ekki annarra vitna kostur um málsatriði það, sem um er að tefla. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og heimila vitninu að staðfesta vætti sitt fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðiljann Guðdísi til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber héraðsdómara að veita vitninu Sigríði Ketilsdóttur kost á að staðfesta vitnaskýrslu sína fyrir dómi.

Varnaraðili, Guðdís Sigurðardóttir greiði sóknaraðilja, Kristbergi Jónssyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóv. 1953.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 6. þ. m., er rekið hér í bæjarþinginu til að afla gagna í fógetaréttarmáli, sem sóknaraðili hefur stofnað til í Árnessýslu. Málavextir eru þeir, að samkvæmt leyfi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 12. júlí 1945, til skilnaðar að borði og sæng milli aðilja máls þessa, skyldi sóknaraðili hafa forræði dóttur aðilja, Hrefnu Mikkelínu, fæddrar 27. september 1942. Virðist barnið hafa verið á vegum sóknaraðilja til vors 1951, er varnaraðili sótti telpuna til sóknaraðilja og hefur hún verið síðan á heimili hans að Laug í Biskupstungum.

Sóknaraðili heldur því fram að fullt samkomulag hafi verið með aðiljum um það, að telpan skyldi dvelja hjá varnaraðilja, þar til sóknaraðili hefði aðstöðu til að taka hana til sín á ný og óskaði þess. Kveðst sóknaraðili hafa, í trausti til þess samkomulags, farið að Laug í septembermánuði s.l. til þess að sækja telpuna svo og yngra bróður hennar, er var

þá einnig í vist með varnaraðilja. Vildi varnaraðili þá eigi sleppa telpunni og fór sóknaraðili þess á leit við sýslumanninn í Árnessýslu með bréfi, dags. 6. f. m., að forræði og umráð telpunnar yrði fengin sér í hendur með beinni fógetagerð.

Í fógetarétti Árnessýslu hefur komið fram aðiljaskýrsla varnaraðilja. Segir þar, að hann hafi í marz eða apríl 1951 fengið bréf frá Sigríði Ketilsdóttur, Hverfisgötu 37 í Hafnarfirði, en í því hafi hún farið fram á það fyrir hönd sóknaraðilja, að hann tæki Hrefnu Mikkelínu til sín aftur. Hafi fylgt þau skilaboð frá sóknaraðilja, að hún myndi ekki gera tilkall til dóttur þeirra, meðan hann gæti alið önn fyrir henni. Hafi hann síðan sótt telpuna um mánaðamótin marz—apríl 1951 og hún verið hjá honum síðan.

Sigríður Ketilsdóttir, sem nefnd var hér að framan, er systurdóttir varnaraðilja. Hinn 6. þ. m. kom hún fyrir bæjarþingið sem vitni og gekkst við vottorði, sem fram hefur verið lagt í fógetarétti Árnessýslu, þess efnis, að sóknaraðili hafi í aprílmánuði 1951 beðið sig að fara þess á leit við varnaraðilja, að hann tæki dóttur aðilja, Hrefnu Mikkelínu. Hafi sóknaraðili óskað þess, að varnaraðili tæki að sér barnið, enda hafi hún sagt, að hún myndi ekki taka telpuna af varnaraðilja, meðan hann gæti alið önn fyrir henni. Hafi vitnið ritað varnaraðilja þetta og það orðið úr, að hann féllst á að taka telpuna.

Sóknaraðili kom samdægurs fyrir bæjarþingið og neitaði að hafa beðið vitnið fyrir skilaboð til varnaraðilja, slík, sem greind voru í vottorði vitnisins, enda kvaðst hún ávallt hafa tekið fram, að hún myndi ekki afsala sér forræði barnsins. Voru þær samprófaðar vitnið og sóknaraðili, en hvor hélt fast við sinn framburð.

Er lögmaður varnaraðilja óskaði þess, að vitnið staðfesti vætti sitt, mótmælti lögmaður sóknaraðilja því, að vitninu yrði staðfesting heimiluð, enda væri vitnið vilhallt og of skylt varnaraðilja. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Hér að framan hafa verið nokkuð rakin afskipti vitnis þessa af málinu svo og skyldleiki hennar við varnaraðilja. Þegar gætt er þeirra atriða, þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. töluliðs 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85 frá 1936 varhugavert, að vitnið staðfesti vætti sitt og verður því synjað um heimild til staðfestingar.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitninu, Sigríði Ketilsdóttur, er ekki heimilt að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli þessu.

Föstudaginn 11. desember 1953.

Nr. 18/1952. **Fiskaklettur h/f** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Netjamönnum h/f (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1952. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12465.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum á áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskaklettur h/f, greiði stefnda, Netjamönnum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. des. 1951.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 14. þ. m., hefur stefnandi í aðalsök, Kristinn Jónsson framkvæmdastjóri, Dalvík, f. h. Netjamanna h.f. s. st., höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 27. apríl s.l., á hendur stjórn hlutafélagsins Fiskakletts h.f., Hafnarfirði, f. h. félagsins, þeim Jóni Gíslasyni framkvæmdastjóra, Torfa Gíslasyni og Sigurjóni Einarssyni, öllum í Hafnarfirði, og gerir stefnandi þær kröfur, að stefnt hlutafélag verði dæmt til að greiða kr. 18.925.58 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. s.l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Á síðara stigi málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína í kr. 13.534.04 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1948 til greiðsludags og málskostnaðar.

Samkomulag varð um það í þinghaldi í málinu þann 15. júní s.l., að rekstur málsins skyldi fluttur fyrir bæjarþing Akureyrar og hefur málsmeðferðin farið fram fyrir þeim dómi eftir það.

Af hendi stefnda er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda. Til vara er þess krafizt, að stefnukrafan verði lækkuð í kr. 13.534.04.

Aðalstefndi hefur höfðað gagnsök á hendur aðalstefnanda með gagnstefnu, útgefinni 15. júní 1951, og gert þær kröfur að gagnstefndi verði dæmdur með sjálfstæðum dómi til að greiða kr. 12.465.96 og viðurkenndur verði skuldajöfnuður að upphæð kr. 13.534.04 við jafnháa kröfu gagnstefnda. Þá krefst gagnstefnandi 6% ársvaxta af dómkröfu í gagnsök og málskostnaðar að mati dómara.

Gagnstefndi krefst sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Stefnandi í aðalsök gerir þannig grein fyrir kröfu sinni, að hún sé eftirstöðvar af viðskiptum málsaðilja frá árunum 1945—1947, er netaverkstæði aðalstefnanda annaðist viðhald og viðgerðir á síldveiðinótum fyrir aðalstefnda. Kveðst aðalstefnandi ávalt hafa sent aðalstefnda viðskiptareikninga um hver áramót og aðalstefndi hafi jafnan tekið vel innheimtutilraunum hans, en efndir urðu engar og afhenti hann því lögmanni kröfuna til innheimtu. Stefndi í aðalsök viðurkennir, að kröfuupphæð aðalstefnda, kr. 13.534.04, sé út af fyrir sig rétt, þó þannig, að hún sé greitt með nótaefni, er hann kveðst hafa látið aðalstefnanda í té, og hafi verðmæti þess numið kr. 26.000.00. Hefur hann höfðað gagnsökina til viðurkenningar á skuldajöfnuði við kröfu aðalstefnanda, kr. 13.534.04 og til sjálfstæðs dóms fyrir kr. 12.465.96, svo sem fyrr greindi.

Gagnstefndi gerir nánari grein fyrir kröfu sinni þannig, að hann hafi sent gagnstefnanda þrjá miðhluta úr nótum, en fengið einn þeirra til baka. Fyrir hvern þessara miðhluta telur hann sig eiga inni hjá gagnstefndu kr. 8000.00, þ. e. kr. 16.000.00 fyrir báða. Auk þess kveðst gagnstefnandi, líklega 1948, hafa selt gagnstefnda 2 bálka og þriðjung úr poka úr síldarnót, án þess að greiðsla hafi komið á móti. Efni þetta metur hann á kr. 10.000.00. Kveðst hann þannig hafa látið gagnstefnda í té verðmæti fyrir kr. 26.000.00.

Gagnstefndi skýrir svo frá, að gagnstefnandi hafi haft 4 skip í viðskiptum við verkstæði gagnstefnda um skeið, til hausts 1947. Gagnstefnandi hafi sjálfur látið í té nokkurt nótaefni til aðgerða og uppsetninga á nótum, þar á meðal efni í nótamiðjur.

Efni því var ávalt, að sögn gagnstefnda, haldið sérgreindu í verkstæðinu og ekki blandað saman við annað efni, en notað í nætur frá skipum gagnstefnanda, að undantekum 210 kg., sem fært var gagnstefnanda til tekna á árinu 1946 fyrir 18 kr. kg., samtals kr. 3780.00. Að öðru leyti var efni þetta ekki bókfært, þar sem það gekk til skipa gagnstefnanda. Gagnstefndi staðhæfir, að hann hafi enga bálka fengið frá gagnstefnanda og

einungis ¼ hluta úr poka. Var þetta úr nót b/v Belgaums, sem v/s Fagriklettur var með á Hjalteyri, og var efnið notað í aðra nót, er tilheyrði v/s Fagrakletti. Samkvæmt þessu krefst gagnstefndi sýknu af kröfu gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar.

Gagnstefnandi heldur því ákveðið fram, að pokahluti sá, sem gagnstefndi viðurkennir að hafa tekið við úr nót b/v Belgaums, hafi ekki verið notaður í nót v/s Fagrakletts og beri því gagnstefnda að standa skil á andvirði hans. Hann telur og, að nótaefni það, sem gagnstefndi telur, að honum hafi verið fært til tekna, sé metið of lágu verði, auk sem sem hann véfengir, að það hafi verið fært sér til tekna.

Lögð hafa verið fram í málinu tvö vottorð frá starfsmönnum gagnstefnda, er ekki hefur verið mótmælt sem óstaðfestum. Annað vottorðið er frá Gunnlaugi Guðjónssyni efnisverði. Skýrir hann svo frá, að á árunum 1945—1947 hafi gagnstefnandi haft mikil viðskipti við gagnstefnda, en viðskipti þessi hafi hætt haustið 1947. Hann kveður efni, er gagnstefnandi lét í té til viðgerða, hafi verið haldið sérgreindu og það hafi ekki verið vigtað. Það hafi síðan verið notað í nætur gagnstefnanda, án þess að hann væri skuldaður fyrir, nokkuð hafi þó verið endursent, en nokkuð hafi verið vigtað og fært gagnstefnda til tekna. Á þetta við um nótamiðjur þær, sem fyrr greinir.

Annar vottorðsgefandi, Hjalti Þorsteinsson, kveður sig muna, að meginhluti af efni þessu hafi verið notaður í nætur gagnstefnanda. Er þetta allt í samræmi við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu. Gagnstefnandi hefur viðurkennt að hafa fengið endursenda nótamiðju og viðurkennt óbeinlínis ef ekki beinlínis í skýrslu um málavexti, er hann hefur lagt fram af sinni hálfu, að hluti af nótaefninu hafi verið notaður í hans þágu. Þá hefur gagnstefndi sýnt fram á, að í viðskiptareikningi gagnstefnanda 1946 er honum fært til tekna 210 kg. af nótaefni á kr. 18.00 kg., kr. 3780.00. Verð á þessu nótaefni pr. kg. er hið sama og gagnstefnanda er talið til skuldar í sama viðskiptareikningi fyrir nótaefni. Þykja því ekki efni til að taka til greina kröfur gagnstefnanda, að því er varðar verð fyrir nótamiðjur þessar.

Þá segir Gunnlaugur Guðjónsson í vottorði sínu, að sumarið 1946 hafi verið tekinn fjórði hluti pokans úr nót, sem Fagriklettur var þá með, til þess að létta nótina. Engir bálkar voru þó teknir, en pokahlutinn var settur í aðra nót Fagrakletts.

Hjalti Þorsteinsson skýrir frá á sama hátt að öðru leyti en því, að hann kveðst ekki muna, hvað var gert við pokahlutann, en telur að verðmæti hans hafi ekki verið meira en kr. 1200.00. Að öðru leyti en því, er hér hefur verið greint, brestur upplýsingar um þennan kröfulið gagnstefnanda. Gagnstefnandi kveðst hafa selt gagnstefnda 2 bálka og ca. ⅓ úr poka úr nót árið 1948 eða 1949 og kveðst telja, að hóflegt verð þessara hluta sé kr. 10.000.00. Gagnstefndi kveðst hafa veitt móttöku ¼ hluta úr poka, en engum bálkum og hafi notað nótarhlutann í aðra nót gagnstefnanda, að sjálfsögðu án þess að reikna honum það til skuldar. Þetta gerðist árið

1946. Þessu til styrktar er vottorð Gunnlaugs Guðjónssonar og að nokkru leyti Hjalta Þorsteinssonar.

Samkvæmt þessu hefur gagnstefnandi ekki leitt líkur að því, að gagnstefndi hafi veitt viðtöku framangreindum bálkum, en um þann ¼ hluta úr nótarpoka, sem viðurkennt er að gagnstefndi hafi veitt viðtöku, verður þetta ályktað:

Þegar það er virt annars vegar, að efnisvörður gagnstefnda vottar, að efnið hafi farið í aðra nót gagnstefnanda, viðskipti þessi gerðust meðan gagnstefndi annaðist nótaviðgerðir og nótauppsetningu fyrir gagnstefnanda og að svipað átti sér stað í sambandi við nótamiðjur þær, er fyrr greinir, og hins vegar, að 2—3 árum skakkar í skýrslu gagnstefnanda um tímann, sem telja verður að viðskipti þessi hafi átt sér stað, að mótmæli gagnstefnanda um, að efni þetta hafi verið notað í hans þágu, eru engum rökum studd og gagnstefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft uppi kröfu þessa fyrr en í máli þessu, þrátt fyrir það að tilefni var til, þess, að hann fékk árlega sendan viðskiptareikning frá gagnstefnda, — þegar allt þetta er virt, þykir ekki unnt að taka þennan hluta kröfu gagnstefnanda til greina.

Málsúrslit verða samkvæmt þessu þau í aðalsök, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 13.534.04 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1948 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1738.36. Aðalstefnandi bar fram við munnlegan flutning málsins kröfu um 150 kr. hækkun á málskostnaði umfram kr. 2238.36, er hann hafði áður krafizt, en af hendi aðalstefnda var þeirri kröfu mótmælt sem of seint fram kominni. Er ekki unnt að taka þá kröfu til greina gegn mótmælum aðalstefnda.

Málsúrslit í gagnsök verða samkvæmt því, sem að framan var ályktað, þau, að gagnstefnandi verður sýknaður af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður í gagnsök þykir mega falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, h.f. Fiskaklettur, greiði í aðalsök stefnanda, Kristni Jónssyni f. h. Netjamanna h.f., kr. 13.534.04 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1948 til greiðsludags og kr. 1738.36 í málskostnað.

Í gagnsök á gagnstefndi, Kristinn Jónsson f. h. Netjamanna h.f., að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Fiskakletts h.f., en málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. desember 1953.

Nr. 140/1952. **Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson**
(Egill Sigurgeirsson)
gegn
Vigdísi Jónsdóttur (Theódór B. Líndal)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. september 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Eru kröfur þeirra þær, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 503.50 eða samkvæmt mati Hæstarétttar. Svo krefjast þeir þess, að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði, en að aðaláfrýjendum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 29. október 1952, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. s. m., gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 31.678.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar sér til handa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa ýmis ný gögn verið lögð fram í málinu. Hinn 24. september þ. á. skoðaði héraðslæknirinn í Stykkishólmi, Ólafur P. Jónsson, gagnáfrýjanda. Segir svo í vottorði hans, að vinstri fótur sé nokkru rýrari en hinn hægri. Nokkrar blóðrásartruflanir séu í vinstra fæti og á hann sæki kuldi og allmikil dofatilkenning. Gagnáfrýjandi þreytist miklu fyrr í vinstra fæti en hinum hægra og þoli mjög illa alla áreynslu, sérstaklega ef hún þarf eitthvað að bogra eða vinna erfið störf. Ennfremur kveður héraðslæknirinn hana ekki þola nema stuttar göngur í einu vegna þreytu og verkja í hnénu. Örin eftir skurðaðgerðir þær, sem lýst er í héraðsdómi, telur hann mjög áberandi og veruleg líkamslýti.

Hinn 23. október síðastliðinn skoðaði prófessor Snorri Hallgrímsson gagnáfrýjanda. Er lýsing hans á almennri líðan gagnáfrýjanda og löskun á vinstra fæti svipuð lýsingu héraðslæknisins. Að lokum segir svo í vottorði prófessorsins:

„Röntgenmynd af v. hné ..... sýnir, að liðbilið í hnéliðnum innanverðum er lítilsháttar þrengra en eðlilegt er, en að öðru leyti sést ekkert athugavert."

Að lokinni skoðun prófessors Snorra Hallgrímssonar var Þórarni Sveinssyni lækni falið að framkvæma örorkumat. Telur hann þessi atriði koma til greina samkvæmt vottorði prófessorsins:

1. Rýrnun á vinstri kálfavöðvum.
2. Eymsli innanvert á vinstri hnélið.
3. Dofatilfinning neðan öranna á vinstri hnélið.
4. Dregið úr beygikrafti liðsins, sársaukatilfinning talin orsök þess.
5. Þrengt liðbil innanvert í liðnum.

Síðan segir svo í vottorði hans:

„Segja má, að fyrstu 4 atriðin séu samhljóða fyrri athugunum, en 5. atriðið var áður óþekkt og hefur þýðingu, þar sem tilhneiging (disposition) til alvarlegra liðbreytinga má teljast aukin og tekur ekki breytingum til bata.

Örorka vegna slyssins til viðbótar og í framhaldi af fyrra mati í vottorði mínu, dags. 26. október 1951, tel ég megi telja 8% til frambúðar."

Loks hefur K. G. Guðmundsson tryggingarfræðingur með líkindatölum áætlað tjón gagnáfrýjanda af örorkunni, eins og hún hefur verið á hverjum tíma eftir slysið, og ætla má, að hún verði til frambúðar samkvæmt því, sem nú var greint. Er þá gert ráð fyrir 8% örorku frá 6. desember 1950 til 12. júlí 1951. Telur hann tjónið þannig áætlað nema kr. 38681.00, ef frá slysdegi til septemberloka 1950 er miðað við kaup það, sem gagnáfrýjandi hafði, er slysið bar að höndum, en frá 1. október 1950 við ráðskonukaup í Reykjavík. En sé miðað við skrifstofukaupið allan tímann, kr. 50.374.00.

Bætur gagnáfrýjanda til handa fyrir raunverulegt fjárhagstjón hennar og annað, sem greinir í 3. kröfulið í héraðs-

dómi, þykja samkvæmt öllum atvikum hæfilega metnar kr. 23.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um 1. og 2. kröfulið, samtals kr. 1003.50, þykir mega staðfesta. Ber því að dæma aðaláfrýjendur in solidum til þess að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 24.003.50 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Vigdísi Jónsdóttur, kr. 24.003.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og samtals kr. 5500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Vigdís Jónsdóttir, Ránargötu 22, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. apríl 1951, og framhaldsstefnu, útgefinni 3. þ. m., gegn þeim Halldóri Björnssyni, Hrísateig 25, hér í bæ, og Óla Þorbirni Haraldssyni, Skúlaskeiði 26, Hafnarfirði. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur vegna bifreiðaslyss að fjárhæð kr. 31.768.50 með 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 503.50, en til *vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómarans. Þá hafa stefndu í báðum tilvikum krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreindar bifreiðar, R 104 og G 56, voru vátryggðar hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda og þær hafa engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að þann 8. ágúst 1948 var bifreiðinni G 56, eign stefnda Óla, ekið frá Þingvöllum áleiðis til bæjarins og var stefnandi farþegi í þeirri bifreið. Í sama mund var bifreiðinni R 104, eign stefnda Halldórs, ekið frá bænum áleiðis til Þingvalla. Er bifreiðar þessar mættust

við mót gamla og nýja Þingvallavegarins, varð með þeim árekstur með þeim afleiðingum, að farþegar, þar á meðal stefnandi, hlutu meiðsl.

Mál var höfðað gegn ökumönnum bifreiðanna vegna slyss þessa og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. janúar 1950, var þeim báðum refsað fyrir gálausan akstur í umrætt sinn.

Stefndu hafa viðurkennt fébótaábyrgð sína á tjóni því, er stefnandi beið vegna slyss þessa.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi nú þannig:

1. Lækniskostnaður og læknisvottorð ..... kr. 703.50
2. Fataskemmdir ..... — 300.00
3. Bætur fyrir vinnutjón, örorku, lýti, þjáningar og óþægindi — 30.675.00

Kr. 31.768.50

Um 1. Af kröfulið þessum eru kr. 203.50 viðurkenndar. Hins vegar hafa stefndu algerlega mótmælt kr. 500.00 af lið þessum, en það er kostnaður vegna læknisaðgerða á árinu 1951, og talið, að þær aðgerðir séu slysi þessu algerlega óviðkomandi. Eins og nánar verður rakið, er rætt verður um lið 3 hér á eftir, þá verða læknisaðgerðir þessar taldar vera í beinu sambandi við slysið. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að öllu leyti, enda þykja eftir atvikum nægileg rök fyrir honum færð.

Um 2. Kröfuliður þessi er viðurkenndur af stefndu.

Um 3. Við slysið hlaut stefnandi allmikil meiðsl. Var hún flutt á Landsspítalann og gert þar að meiðslum hennar. Er þeim lýst svo í vottorði læknis þess, er tók þar á móti henni: „Rétt h. megin við munninn var djúpur, ca 2 sm langur skurður og á v. hné ca 3 sm langur skurður, sem einnig var mjög djúpur. Þar að auki voru stórir marblettir (hæmatomata) víðsvegar, sérstaklega á hægra læri, h. upphandlegg, brjósti og v. fæti, samf. talsv. eymsli."

Er gert hafði verið að sárum hennar, var hún flutt heim til sín og lá þar rúmföst í tvær vikur. Þá var hún eina viku á fótum heima við. Eftir það fór hún að stunda störf sín, þótt hún teldi sig ekki hafa náð fullum bata, en hún vann á skrifstofu einni. Á dómþingi aukaréttar Reykjavíkur 2. marz 1949 taldi stefnandi sig ekki vera búna að ná bata eftir hnémeiðslin, en önnur meiðsl væru bötnuð. Þann 2. júní 1949 leitaði stefnandi til dr. Snorra Hallgrímssonar vegna óþæginda, er hún taldi sig hafa í vinstra kjálkalið, en þau óþægindi kvaðst hún hafa fengið við fyrrgreint slys. Í vottorði læknis þessa, sem dagsett er 21. júlí 1949, segir svo: „Við skoðun kom í ljós allmikið marr (crepitation) í v. kjálkalið við hreyfingar. Röntgenskoðun kom í ljós, að liðbilið í vinstra kjálkalið er í þrengra lagi og merki um það, að nokkurt los væri í liðnum. Líklegt þykir, að um sköddun á liðbrjóski (menise) sé að ræða." Ekki virðist læknir þessi neitt hafa rannsakað hnémeiðsl stefnanda. Þann 17. apríl 1950 snéri stefnandi sér til Bjarna Jónssonar læknis og kvartaði nú yfir óþægindum í vinstra hné. Læknirinn taldi, að liðband myndi vera slitið og var stefnandi lögð á sjúkra-

hús 6. maí s. á. Var þar framkvæmd skurðaðgerð á henni og slitið liðband numið burtu. Lá stefnandi á sjúkrahúsinu vegna þessa til 20. s. m. Stefnanda heilsaðist vel eftir aðgerð þessa og náði allmiklum bata. Þann 15. sept. 1950 var stefnandi rannsökuð af Þórarni Sveinssyni lækni, er mat örorku hennar. Segir svo í vottorði hans, sem dagsett er sama dag: *„Skoðun:* Fönguleg stúlka, vel útlítandi og frekar tápleg. Skýrir skipulega frá atburðum og man atburðina greinilega. Hún bendir á staði í andliti, er hún segist hafa hruflast á við slysið. Þeir staðir eru nú alveg grónir án örvefs, nema á kinninni, aftan og ofan við hægra munnvik. Þar er stjörnulaga ör á kinninni, er þó ber mjög lítið á. Aðallega eru þrír örvefsgeislar, er mælast 1—1,5 cm frá miðpunkti örsins. Annað sést ekki við skoðun í andliti. Í kjálkaliðnum, beggja vegna, smellur töluvert, en enga hreyfingarhindrun er þar að finna.

Við almenna skoðun er ekkert sjúklegt að finna. Blóðþrýstingurinn mælist 120/80, hjartatónar eru eðlilegir og rythmus er jafn.

Við athugun á vinstri hnjálið sést ör, neðanvert við hnéskelina, er mælist 7 cm að lengd og er sýnilega eftir læknisaðgerð þá, er Bjarni læknir framkvæmdi. Ofan við ör þetta er annað minna, er mælist 3 cm og mun vera eftir meiðslið, er vottorð vaktlæknis Landspítalans getur um hér að framan. Engin hreyfingarhindrun er í liðnum. Dálítil eymsli eru ofanvert við örið eftir aðgerðina, innanlærs. Ekkert sjúklegt er þar þó að finna við áþreyfingu.

Að öðru leyti er ekkert athugavert að finna.

Ályktun: Meiðsli það, er slasaða hefur hlotið, hefur reynzt afleiðingaríkara en útlit var fyrir í fyrstu, eins og vottorð læknanna og sögusögn slösuðu bera með sér.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin, miðað við almenn störf:

Fyrir ½ mán. fyrst eftir slysið	100%	örorka
— ½ — þar á eftir	75%	—
— ½ — — - —	50%	—
— ½ — — - —	35%	—
Úr því til 6. maí 1950	25%	—
Frá 6./5. '50 til 6./6. '50	100%	—
— 6./6. — - 6./7. —	65%	—
— 6./7. — - 6./8. —	30%	—
— 6./8. — - 6./9. —	15%	—

Úr því 10% öryrki um 3 mán. skeið."

Þrátt fyrir þessa aðgerð, kveður stefnandi sér ekki hafa batnað að fullu í hnénu. Þann 12. júlí 1951 var stefnandi lögð inn á sjúkrahús eitt í Danmörku og var þar gert að hnémeini þessu með skurðaðgerð. Fór stefnandi af sjúkrahúsinu 27. s. m. Er hún kom hingað heim aftur, leitaði hún til nuddlæknis eins og var hjá honum til aðgerða um eins mánaðar skeið. Þann 20. október 1951 skoðaði Þórarinn Sveinsson læknir stefnandi aftur og segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 26. s. m.: „Hún er nú farin fyrir nokkru að stunda heimilisstörf sín. Langt í frá telur hún sig vera

orðna jafngóða í fætinum. Kvartar um verki innanvert á hnéliðnum. Segist þreytast við göngur og stöður. Heilsufarið verið að öðru leyti sæmilegt.

Skoðun: Hraustlegt útlit. Skýrir eðlilega frá atburðum. Vinstri hnéliður: Innanvert við hnéskelina í stefnu ganglimsins er 6 cm. langt ör, blárautt að lit, og sjást saumförin ennþá. Annað ör innan og neðanvert við hnéskelina liggur í stefnu á ská niður og út á við og mælist það 8 cm á lengd. Talsverður þroti er umhverfis örin og í liðpokanum, en engin eymsli eru að merkja. Ekki verður vart nokkurra hreyfingahindrana í liðnum og full rétting og beyging er einnig í honum.

Ályktun: Það er ljóst af framanskráðu að slasaða hefur aldrei gengið heil til skógar, þótt hún hafi getað stundað störf sín. Æskilegt hefði verið að umsögn hefði verið frá lækni þeim, er framkvæmdi skurðaðgerðina í Orthopedisk Hospital, varðandi ástand hnéliðsins. Ekki verður dregið í efa, að aðgerðin hefur verið nauðsynleg með tilliti til afleiðinga slyssins.

Örorka vegna aðgerðarinnar — vegna fyrrgreinds slyss — telst hæfilega metin:

Fyrir tímabilið	12. júlí	til	27. s. m.	....	100% örorka
—	— 27/7	—	27/8	.....	60% —
—	— 27/8	—	27/9	.....	35% —
—	— 27/9	—	27/10	.....	20% —

Með tilliti til þess að gera verður ráð fyrir að alllangur tími líði, þar til liðpoki hnéliðsins hefur jafnað sig eftir aðgerðina, verður að áætla að 10% örorka, í framhaldi af fyrrgreindu örorkumati um 6 mánaða skeið, sé hæfilegt mat, svo framarlega, að ekkert nýtt komi til sögunnar."

Stefnandi var 21 árs að aldri, er slys þetta varð, og vann á skrifstofu einni hér í bænum. Hafði hún kr. 1500.00 í kaup á mánuði. Henni mun hafa verið greitt kaupið að fullu, þrátt fyrir veikindi sín. Hún mun hafa gifzt í október 1950. Með yfirlýsingu, dags. 6. þ. m., veitti vinnuveitandi hennar henni heimild til að heimta inn hjá stefndu þau laun, er henni höfðu verið greidd og þeim bæri að greiða.

Stefnandi telur, að öll þau meðisl og sjúkleiki, sem að framan hafa verið rakin, séu afleiðing af slysi þessu, og beri stefndu að bæta allt það tjón, sem af hafi hlotizt. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að vinnutjón hennar og bætur vegna örorku nemi kr. 15.150.00, ef miðað sé við kr. 1500.00 í kaup á mánuði og örorkumat Þórarins Sveinssonar læknis. Þá hefur stefnandi bent á, að hún beri nokkur lýti vegna slyss þessa og meiðslin hafi valdið henni stöðugra og mikilla óþæginda og þjáninga.

Stefndu hafa mótmælt þessum lið. Telja þeir, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum fyrir vinnutjón, þar sem hún hafi einskis kaups miszt. Þá hafa þeir mótmælt því, að hnémein þau, er að framan hefur verið getið, standi í nokkru sambandi við slys þetta og hafa bent á, að stefnandi hafi ekki getið þeirra, er hún var hjá dr. Snorra Hallgrímssyni lækni, en til þess hafi einmitt verið sérstök ástæða, þar sem hann sé sérfróður maður um slíka sjúkdóma. Stefnandi hafi ekki getið þessara hnémeina, fyrr en

um tveim árum eftir slysið og sé því full ástæða til að ætla, að þau eigi rót sína að rekja til annarra atvika.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Þegar hún er virt, verður ekki annað séð, en hnémein þau, er hún hefur þjáðst af, eigi rót sína að rekja til slyss þessa. Með vísan til þessa og þeirra gagna, er þegar hafa verið rakin, svo og annars þess, er hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 12.000.00.

Málalok verða því þau, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 13.003.50 (703.50 + 300.00 + 12.000.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Björnsson og Óli Þorbjörn Haraldsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnanda, Vigdísi Jónsdóttur, kr. 13.003.50 með 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1948 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Nr. 63/1953. **Sigursteinn Júlíusson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Gísla Jóhannssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1953. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 11.502.45 með 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hafði kært málskostnaðarákvæði

héraðsdóms með kæru 17. apríl þ. á., en kærumálinu var frestað með úrskurði Hæstaréttar 6. maí þ. á.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sýknuákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigursteins Júlíussonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1953.

Mál þetta, er dómtekið var 25. f. m. hefur Sigursteinn Júlíusson verkamaður, Frakkastíg 22, hér í bæ, höfðað í bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. desember 1951, gegn Gísla Jóhannssyni símamanni, Miðstræti 6, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 11.502.45 með 6% ársvöxtum frá 25. janúar 1950 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 8. júlí 1948 afsalaði stefndi stefnanda hálfri húseigninni nr. 22 við Frakkastíg, hér í bæ, neðri hæð og kjallara. Í afsali þessu var tekið fram, að móteigandi stefnanda, sem átti efri hæð hússins og ris, hefði aðgang að salernisherbergi í forstofu á neðri hæð. Stefnandi segir, að er kaup þessi fóru fram, hafi stefndi lofað, að vatnssalerni skyldi sett á efri hæð hússins, stefnanda að kostnaðarlausu og þar með skyldi aflétt kvöð þeirri, er hvíldi á neðri hæðinni um aðgang að salernisherberginu þar. Hinn 20. september 1949 reit stefnandi stefnda bréf, þar sem hann hermdi upp á hann þetta loforð og skoraði á hann að fullnægja loforði þessu fyrir 1. október s. á. Ekki verður séð, að stefndi hafi svarað bréfi þessu. Sneri stefnandi sér þá til hæstaréttarlögmanns, hér í bæ, af þessu tilefni og hinn 10. nóvember s. á. reit lögmaðurinn stefnda bréf, þar sem þess var óskað, að stefndi fullnægði strax því loforði, að sett yrði salerni á efri hæð hússins. Segir stefnandi, að nokkru síðar hafi salernið verið sett, en hins vegar hafi kvöðinni ekki verið aflétt. Höfðaði stefnandi þá mál á bæjarþinginu gegn meðeiganda sínum að húseigninni og hafði uppi þá kröfu, að viðurkennt yrði að kvöðin væri fallin niður. Lyktaði máli þessu með dómi, uppkveðnum 12. júní 1951, þar sem kröfu stefnanda var hrundið. Hinn 17. október s. á. voru dómkvaddir matsmenn, að beiðni stefnanda, til þess að meta framangreinda kvöð til fjár og töldu þeir hæfilega fjárhæð vera kr. 10.360.00. Telur stefnandi, að þar eð stefndi

hafi ekki efnt loforð sitt um það, að kvöðinni skyldi aflétt, beri honum að bæta tjón það, er hlotizt hafi af þeirri vanefnd. Telur stefnandi það nema framangreindri matsfjárhæð, auk kostnaðar þess, sem hann hafi haft af framangreindu bæjarþingsmáli, kr. 1142.45. Nema fjárhæðir þessar samtals stefnukröfunni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann hafi aldrei lofað því, að umræddri kvöð yrði aflétt.

Í málinu hefur verið lagt fram frumrit afsalsbréfs stefnda til stefnanda og sést á því, að upphaflega hafði verið ritað í bréfið, að hægt væri að segja nefndri kvöð upp, þegar vildi, en síðan verið strikað yfir þá setningu. Fasteignasali sá, er hafði með sölu þessa að gera og reit afsalsbréfið, hefur borið fyrir dómi, að stefndi hafi ekki talið sig geta skrifað undir afsalið þannig orðað og hafi því verið strikað yfir þá setningu, að segja mætti upp kvöðinni. Þegar þetta er virt svo og það, að stefndi hefur andmælt því, að hann hafi lofað að kvöðinni yrði aflétt, verður ekki séð, að stefnandi hafi leitt sönnur að hinu gagnstæða. Verður bótakrafa hans því ekki tekin til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna páskahelginnar.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Jóhannsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Sigursteins Júlíussonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Nr. 30/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason)

gegn

Samvinnutryggingum (Vilhjálmur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1953, krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Bifreið sú, sem í málinu greinir, var eign varnarliðs Bandaríkjanna og var ekið samkvæmt ákvörðun liðsmanna og á ábyrgð eiganda hennar að íslenzkum lögum. Verður því að telja, að slys það, sem af akstrinum hlauzt, falli undir ákvæði 12. gr. 2. tl. viðbótarsamnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, er lögfestur var með lögum nr. 110/1951. Sú skýring á 12. gr. nefnds viðbótarsamnings er eðlilegust, að ákvæði hennar skipi til hlítar ábyrgð ríkissjóðs um kröfu þá, sem í máli þessu greinir, og ber því ekki nauðsyn til að taka afstöðu til þess, hvort einhver ákvæði laga nr. 99/1943 eru enn í gildi.

Með tilvísun til þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn, sem ekki hefur verið véfengdur, að því er tekur til fjárhæðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Samvinnutryggingum, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur í bæjarþingi Reykjavíkur 10. febrúar 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 26. f. m., hafa Samvinnutryggingar, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. desember 1951, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 7498.49 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Morguninn 26. september 1951 var Friðrik Jónsson, Ásvallagötu 24, hér í bæ, að vinna við sandflutninga á Keflavíkurflugvelli. Notaði hann bifreið sína, R 2644, til flutninganna. Um klukkan 8.30 var hann að komast á leiðarenda með sandhlass og kveðst hafa ekið hægt eftir veginum, er liggur kringum hús, sem nefnt er Massey Mess Hall. Kom þá á móti hon-

um vörubifreið, merkt nr. 4333342, og var henni ekið á hægri vegarhelmingi eftir hringbeygju vegarins. Friðrik reyndi að víkja út af veginum, en stöðvaði bifreið sína, er hann sá, hvað verða vildi, og í sömu svifum rákust bifreiðarnar saman. Rann hin bifreiðin aftur með hægri hlið R 2644, er varð fyrir allmiklum skemmdum. Bifreiðin nr. 4333342 var eign Bandaríkjanna og notuð í þágu starfsemi þeirra á flugvellinum, en stjórnandi hennar var Daniel Peter Fritz Hansen, færeyskur maður, búsettur að Varmalandi í Sandgerði. Við rannsókn á slysi þessu kvaðst Hansen hafa verið blindaður af sól, er slysið varð, svo og hafa ekið á hægri vegarhelmingi. Einnig kom í ljós, að hemlar herbifreiðarinnar voru mjög lélegir og nokkur grunur var á, að Hansen hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn.

Bótakröfu sína, kr. 7498.49, fyrir framangreint tjón hefur Friðrik Jónsson framselt stefnanda máls þessa, en hjá honum var bifreiðin R 2644 kaskotryggð. Stefnandi telur stjórnanda herbifreiðarinnar hafa átt alla sök á árekstrinum, en varnarlið Bandaríkjanna hér á landi bera eigandaábyrgð á bifreiðinni. Samkvæmt 2. tölulið 12. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna, er veitt var lagagildi með bráðabirgðalögum nr. 65 frá 24. maí 1951 (nú lögum nr. 110 frá 19. des. 1951), hafi Ísland tekið að sér að greiða bætur fyrir tjón sem þetta og hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að fyrrgreint samningsákvæði setji það skilyrði fyrir bótagreiðslu, að tjón hljótist af verknaði manna í liði Bandaríkjanna, en samkvæmt 1. gr. viðbætisins teljist þeir menn, er hafa fasta búsetu hér á landi, ekki til „liðs Bandaríkjanna". Daniel Hansen hafi verið búsettur í Sandgerði síðustu ár og taki samningsákvæðið því ekki til tjóns, er hann kann að valda. Telur stefndi ekki skipta máli í þessu sambandi, hver sé eigandi tækis þess, sem tjón er unnið með, þar eð samningsákvæðið taki einungis til tjóns af verknaði manna.

Stjórnandi herbifreiðarinnar var að vísu ekki í liði Bandaríkjanna, þegar slysið varð, en hann ók bifreiðinni með leyfi varnarliðsins. Bifreiðin var eign varnarliðsins og í umráðum þess og ber það því bótaábyrgð á tjóni því, er af notkun hennar hlauzt samkvæmt ákvæðum 35. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Þegar virt eru ákvæði 12. gr. viðbætisins, þykja þau ekki verða skýrð á annan hátt en þann, að Íslandi beri að greiða bætur fyrir tjón slíkt, er hér ræðir um, og verður sýknukrafa stefnda því ekki á þessu reist.

Í annan stað byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að lög nr. 99 frá 1943 um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi hafi ekki verið numin úr gildi og beri því að beita ákvæðum þeirra, að svo miklu leyti sem þau komi ekki í bág við varnarsamninginn. Í 2. mgr. 4. gr. þeirra laga sé svo fyrir mælt, að bótaskylda ríkissjóðs gildi ekki gagnvart vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins, en þannig sé einmitt ástatt um stefnanda.

Lög nr. 99 frá 1943 voru hrein ófriðarráðstöfun og af 6. gr. þeirra þykir ljóst, að þeim hefur verið ætlað að gilda, á meðan herverndarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1. júlí 1941 væri við lýði. Honum var slitið með samkomulagi beggja ríkja, sbr. auglýsingu frá 11. október 1946, og verður því að líta svo á, að lögin hafi misst gildi sitt, er liðinn var fyrningarfrestur á kröfum þeim, sem þá voru til orðnar. Leiðir þessi varnarástæða því heldur eigi til sýknu.

Þá hefur stefndi og hreyft því, að hér sé um samningskröfu að ræða, þar eð krafa stefnanda rísi af tryggingarsamningi hans við Friðrik Jónsson, en samkvæmt 2. tölulið 12. gr. viðbætisins séu slíkar kröfur undanþegnar úrskurði og greiðslu af Íslands hálfu.

Þess var áður getið, að Friðrik Jónsson hefur framselt stefnanda kröfur sínar vegna tjóns þessa. Krafa stefnanda á hendur stefnda byggist því á framsali þessu og verður þessari viðbáru stefnda því ekki sinnt.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda þykir nægilega rökstudd, til þess að taka megi hana til greina, þó þannig, að bætur fyrir atvinnutjón þykir rétt að lækka um kr. 500.00. Verða lækkunarkröfur stefnda því ekki teknar til greina að öðru leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 6998.49, með vöxtum, eins og krafizt var, og málskostnað, sem ákveðst kr. 1200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Samvinnutryggingum, kr. 6998.49 með 6% ársvöxtum frá 4. desember 1951 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. desember 1953.

Kærumálið nr. 17/1953.

Jón Antonsson

gegn

Braga Sigurjónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason bæjarfógetafulltrúi hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. nóvember þ. á., sem hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Akureyrar, uppkveðinn 30. október þ. á., en tilkynntan aðiljum 23. nóvember þ. á. Með úrskurði þessum var kröfu sóknaraðilja um frávísun gagnsakar í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja hrundið.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en varnaraðili krefst staðfestingar hans og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Antonsson, greiði varnaraðilja, Braga Sigurjónssyni, kr. 400.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 30. okt. 1953.

Með stefnu, útgefinni 25. ágúst s.l., höfðaði aðalstefnandi þessa máls, Jón Antonsson kaupmaður, hér í bæ mál gegn aðalstefnda, Braga Sigurjónssyni, sem þingfest var 7. september s.l., þar sem hann krefst þess, að tiltekin blaðaummæli stefnda verði dæmd dauð og ómerk og til greiðslu sektar og málskostnaðar.

Aðalstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda. Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 19. þ. m. Krefst hann þess, að tilgreind ummæli í málsskjali (nr. 3), sem gagnstefndi hefur lagt fram í máli þessu, verði dæmd dauð og ómerk og gagnstefndi verði dæmdur til að greiða hæfilega sekt og málskostnað að mati dómara. Jafnframt er þess krafizt, að gagnsök verði sameinuð aðalsök og hvorutveggja málin verði dæmd og rekin sem eitt mál. Í gagnsökinni hefur gagnstefndi aðallega krafizt frávísunar á öllum kröfum stefnanda, en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur í sekt fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun og til greiðslu málskostnaðar og eiga báðar þessar síðastgreindu kröfur við, hvort sem um frávísunardóm eða sýknudóm verður að ræða. Frávísunarkrafan var, að undangengnum munnlegum málflutningi, tekin til dóms eða úrskurðar 29. þ. m.

Málavextir eru þessir: Í vikublaðinu „Alþýðumaðurinn“, sem aðalstefndi er ritstjóri að, birtist óeinkennd grein 18. ágúst s.l. (í 80. tbl.) með ummælum um aðalstefnanda, sem hann telur meiðandi fyrir sig, og höfðaði hann mál út af þeim, sem áður greinir. 7. september s.l. lagði gagnstefnandi fram í máli þessu yfirlýsingu, undirritaða af nokkrum leigjendum í húsi hans, Aðalstræti 12. Er þar meðal annars þessi setning: „Bera þau (þ. e. blaðaummælin) aðeins með sér sorpblaðamennsku og fólskulegan rithátt, sem á að dæmast ómerkur þvættingur“. Út af ummælum þessum er gagnsökin höfðuð.

Frávísunarkröfu sína byggir gagnstefndi aðallega á því, að hér sé eingöngu sakargiftir að ræða, er varði réttarfarssekt samkvæmt XIII. kafla einkamálalaganna, svo gagnstefnanda hefði verið innan handar án nokkurrar gagnstefnu að koma fram kröfum sínum til álita dómarans. Ennfremur hefur hann vitnað til 5. mgr. 188. gr. einkamálalaganna um, að útilokað sé að höfða gagnsóknarmál vegna meiðyrða í málsskjali, með því að þau eigi að dæmast í „sérstöku“ máli. Gagnstefnandi hefur mótmælt málsástæðum gagnstefnda og haldið því fram, að réttarfarssektir séu aðeins viðurlög við réttarfarsbrotum og ótilhlýðilegri háttsemi fyrir rétti og séu eingöngu til verndar almenningshagsmunum og hefur hann einnig vitnað til 5. mgr. 188. gr. til stuðnings gagnkröfunni, þar sem hann telur að gagnsökin fullnægi ákvæði því, sem þar er um sérstakt mál.

Dómurinn lítur svo á, að gagnstefnandi sé ekki skyldur til að láta sér nægja það eitt að krefjast réttarfarssektar út af tilefni gagnkröfunnar og samkvæmt 49. gr. laga nr. 85 1936 sé honum heimilt að höfða mál út af atriði þessu með gagnsök, þar sem telja megi að bæði málin séu af sömu rót runnin. Það ber því ekki að taka kröfu gagnstefnda um frávísun kröfunnar til greina. Málskostnaður verður ekki dæmdur á þessu stigi málsins. Eigi verður heldur á þessu stigi málsins dæmt um kröfu gagnstefnda um sekt vegna tilefnislausrar málssóknar. Samkvæmt ofanrituðu

úrskurðast:

Frávísunarkrafa í gagnsökinni er ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 16. desember 1953.

Nr. 187/1952. **Eigendur v/s Rifsness** (Theódór B. Líndal)
gegn
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, er skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952, krefjast þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð, hvor aðilja beri málskostnað sinn í héraði og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Árekstur skipanna varð, er skipin voru í þeirri aðstöðu, sem skapazt hafði við björgunina. Verður að telja áreksturinn að nokkru hafa orðið fyrir óhappatilviljun, þó að skipstjórnarmönnum skipanna kunni að hafa orðið á einhver mistök. Átti stefndi því að miklu leyti að fá sem hluta af bjarglaunum bætt tjón það, sem varð á skipi hans. Með þessari athugasemd ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, um bjarglaun til handa stefnda.

Eftir þessum úrslitum eiga áfrýjendur að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 11000.00.

Stefnda ber að dæma sjóveðrétt í v/s Rifsnesi, RE 272, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjendur, eigendur v/s Rifsness, greiði stefnda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, kr. 75000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 11000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/s Rifsnesi, RE 272, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. nóv. 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 28. jan. 1951, gegn eigendum v/s Rifsness, RE 272, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 75.000.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í nefndu skipi til tryggingar dómkröfunum. Þá hefur stefnandi með framhaldsstefnu, útgefinni 22. f. m., hækkað kröfu sína um kr. 100.000.00 og krafizt þess, að stefndu verði til viðbótar kröfunum í aðalsök dæmdir til að greiða honum þá fjárhæð, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi aðalsakar til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu í framhaldssök. Svo hefur stefnandi og krafizt viðurkenningar hans á sjóveðrétti í fyrrnefndu skipi til tryggingar kröfum þessum.

Í aðalsök og framhaldssök hefur stefnandi stefnt vátryggjanda skipsins, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur félaginu og það hefur heldur ekki gert neinar kröfur á hendur stefnanda.

Stefndu hafa krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hæfilega þóknun fyrir dráttaraðstoð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 4. marz kl. 3.00 var v/s Rifsnes, RE 272, statt að fiskveiðum 13 sjómílur NV a N frá Öndverðarnesi og hafði aflað ca. 6—7 smálestir fiskjar. Ljósdufl var þá sett út frá skipinu og tekið aftur á bak frá því, en þegar skipta átti aðalvélinni á stopp, verkuðu skiptitækin ekki og kom í ljós við athugun, að aðaldrifhjól tækjanna var óvirkt. Til frekari athugunar og viðgerðar á biluninni þurfti að taka hlífar og sjódælur framan af vélinni, en ekki var aðstaða til þess vegna sjógangs. Taldi vélstjóri Rifsness örugggast að koma skipinu í var, meðan viðgerð færi fram, og óskaði hann þess sérstaklega við skipstjórann, að svo yrði gert. Klukkan 3.50 var kallað á Reykjavíkurradíó og komist í samband við Slysavarnafélagið og það beðið um aðstoð. V/s Sæbjörg lá þá á höfninni í Reykjavík, en allir bátar þaðan á sjó. Um kl. 7.15 náðist talsamband við b/v Júlí, GK 2, eign stefnanda, er var að veiðum 19 sjómílur NV frá Öndverðarnesi og hann beðinn um að draga Rifsnes til Ólafsvíkur. Hætti b/v Júlí þegar veiðum og hélt af stað til hjálpar v/s Rifsness og kom að bátnum kl. 8.00. Þá var þegar í stað hafizt handa um að koma dráttarsambandi á milli skipanna og hjálpuðust skipverjar þeirra beggja til við það. B/v Júlí

lagði til í dráttartaugina 3¼" sveran togvír, er var lásað í akkeri Rifsness, síðan var akkerinu slakað niður ásamt 9 föðmum af keðju og 30—40 föðmum af 2¾" sverum vír, er festur var í keðjuna. Þegar lokið var að ganga frá dráttartauginni, var kl. 8.30 og hélt b/v Júlí þá á hægri ferð til Ólafsvíkur með bátinn í eftirdragi. Um þetta leyti var vindur V 4—5 vindstig, sjór 4 og éljagangur. Til Ólafsvíkur var komið kl. 11.45 og var þá vindur orðinn 8—9 vindstig og sjór mikill. Undir Ólafsvíkurenni var v/b Júlí lagt fyrir tveim akkerum og 5 liðum af keðju við hvort akkeri. Þegar skipið var stöðvað til að láta falla, sló því flötu fyrir vindi og varð þá v/s Rifsnes á hléborða. Skipstjóra b/v Júlí segist svo frá, að um leið og b/v Júlí stöðvaðist, hafi slaknað á dráttartauginni milli skipanna, en við það hafi akkeri Rifsness, sem var á dráttartauginni, fallið til botns og festst. Hafi þá strikkað á dráttartauginni milli akkerisins og Rifsness, en við það hafi Rifsnes runnið áfram og lent á bakborðshlið Júlí fyrir aftan svelg og dældað hliðina og öldustokksplötu. Þessi frásögn hefur ekki verið véfengd, en ætla má, að b/v Júlí hafi rekið eitthvað í áttina til Rifsness, meðan akkeri skippsins voru að falla og ná festu. Stýrimaður á b/v Júlí telur, að ekki hafi verið óhætt að hreyfa skrúfu á skipinu til að forða árekstri, vegna hættu á, að við það lenti dráttartaugin í skrúfunni. Er skipin höfðu lent saman, gáfu skipverjar á Rifsnesi út meiri vír og fjarlægðust þá skipin aftur. Varð ekkert tjón á Rifsnesi við áreksturinn.

B/v Júlí lá á Ólafsvíkurhöfn vegna veðurs þar til morguninn eftir, en kl. 19.00 daginn áður hafði dráttartaug skipsins, er fest var í akkeri v/s Rifsness, slitnað, og missti skipið við það 200 faðma af vírum. Kl. 9.40 hinn 5. marz hélt skipið áleiðis heim til sín. Kom það til Hafnarfjarðar, eftir viðkomu í Keflavík vegna veðurs, kl. 6.30 hinn 6. marz. Síðar um daginn skoðuðu umboðsmenn vátryggjenda skipsins skemmdir þær, sem orðið höfðu á því við áreksturinn, og var ákveðið að láta fara fram bráðabirgðaviðgerð á þeim, svo að skipið gæti að þessu sinni haldið áfram veiðum. Dagana 14. september til 4. október 1950 fór fram viðgerð á skipinu. Var það þá tekið í dráttarbraut og meðal annars gert að fullu við umræddar skemmdir.

Þegar b/v Júlí fór Rifsnesi til hjálpar, var skipið á saltfiskveiðum, en ákveðið hafði verið að hætta þeim og fara til hafnar með aflann, en hefja síðan ísfiskveiðar. Telur skipstjóri b/v Júlí, að hann hafi misst af tveim köstum eða 5—6 smálestum fiskjar við það að fara Rifsnesi til aðstoðar.

Eftir að skipin höfðu lagzt á Ólafsvík, veitti b/v Júlí Rifsnesi enga hjálp.

Þegar skipin voru komin til Ólafsvíkur, var á Rifsnesi hafizt handa um að taka framan af aðalvél skipsins og var unnið að því, það sem eftir var dagsins. Kl. 3 hinn 5. marz var drifhjólið tekið af og kom þá í ljós, að stoppkíllinn var brotinn og fylgdi annar helmingur hjólinu, en hinn öxlinum og snerist því hjólið á öxlinum. Síðan var smíðaður nýr kíll og vélin sett saman aftur. Var samsetningunni lokið kl. 18.00 og virtist þá „allt virka eðlilega". Kl. 18.10 var aðalvélin ræst nokkrum sinnum aftur á bak

og áfram og vann vélin þá með eðlilegum hætti. Viðgerðin tókst þannig vel og unnu skipverjar Rifsness einir að henni.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. V/s Rifsnes hafi rekið vélarvana fyrir sjó og vindi, þegar b/v Júlí kom bátnum til hjálpar, og engin tök hafi verið á því að gera við vélarbilunina vegna sjógangs. Telur stefnandi hinar umstefndu fjárhæðir í aðal- og framhaldssök eftir öllum aðstæðum hæfileg björgunarlaun til sín, þegar með séu taldar bætur fyrir missi togvírs, bætur fyrir aflatjón, bætur vegna skemmda á b/v Júlí við fyrrgreindan árekstur og kostnaður í sambandi við skemmdirnar. Reiknar stefnandi sér kr. 6000.00 fyrir missi togvírsins, en hefur ekki reiknað aflatjónið til ákveðinnar fjárhæðar.

Útgjöld sín vegna skemmda á b/v Júlí hefur stefnandi sundurliðað svo:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr.	15.912.81
2.	⅓ hluti hafnsögugjalds og leigu báta til aðstoðar við að koma skipinu í dráttarbraut og úr	—	342.46
3.	Hluti af slippleigu og upp- og framsátri o. fl.	—	7.400.00
4.	Umsjón og eftirlit með viðgerð	—	680.00
5.	Kostnaður við Lloyd's skoðun	—	623.81
6.	Kaup og fæðiskostnaður skipverja í 6 daga	—	10.926.90
	Samtals	kr.	35.885.98

Stefndu reisa dómkröfur sínar á því, að um dráttaraðstoð hafi verið að ræða, en ekki björgun, og aðstoðin hafi verið auðveld og aðeins tekið skamman tíma. Telja stefndu, að engin hætta hafi verið á því, að v/b Rifsnes ræki á land og vélarbilunin hafi ekki verið meiri en svo, að unnt hafi verið að gera við hana úti í sjó, enda þótt veður væri ekki gott.

Þá hafa stefndu mótmælt fjárhæð þeirri, sem stefnandi krefst fyrir togvírinn sem of hárri og véfengt, að b/v Júlí hafi orðið fyrir nokkru aflatjóni.

Enn hafa stefndu mótmælt því, að þeir beri ábyrgð á skemmdum þeim, sem urðu á b/v Júlí við áðurgreindan árekstur eða kostnaði í sambandi við þær. Telja þeir, að sök á skemmdunum eigi öll að falla á skipstjórnarmenn b/v Júlí, þar sem það skip hafi verið stjórnhæft, en v/b Rifsnes ekki.

Stefndu hafa ekki véfengt, að kostnaður sá, sem tilgreindur er undir töluliðum 1 og 3—5 hér að framan, sé afleiðing umræddra skemmda á b/v Júlí. Hins vegar hafa þeir véfengt, að rétt sé að telja kostnaðarliðina 2 og 6 afleiðingu skemmdanna, án þess að véfengja fjárhæðir þessara liða, en á þessi andmæli stefnda verður ekki fallizt.

Stefnandi hefur mótmælt öllum varnarástæðum stefndu. Hefur hann í sambandi við skemmdirnar á b/v Júlí haldið því fram, að árekstur skipanna megi rekja til slæms veðurs og óhægrar aðstöðu svo og að skemmdirnar hefðu ekki orðið, ef skipið hefði ekki farið Rifsnesi til hjálpar.

Vél v/s Rifsness var, svo sem áður hefur verið lýst, óvirk, er b/v Júlí kom bátnum til hjálpar og Rifsnes hafði ekki annan seglabúnað en þrí-

hyrnu, svo að skipið gat ekki bjargað sér á seglum. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar í Reykjavík var vindur á Hellissandi, sem er næsta veðurathuganastöð við þann stað, er skipin voru á, V og VSV 6—7 vindstig frá því kl. 11.00 hinn 4. marz og þar til kl. 8.00 hinn 6. marz og kl. 17.00 hinn 4. marz mældist vindhraðinn 9 vindstig. Síðari hluta dags hinn 4. marz og hinn 5. marz var stórsjór og krappur sjór fyrri hluta dags hinn 6. marz, en síðari hluta þess dags lægði vind og sjó. Telur skipstjórinn á b/v Júlí, að óhugsanlegt hefði verið að koma dráttartaugum milli skipanna vegna veðurs, ef Júlí hefði komið klukkustund síðar á vettvang.

Hinn 23. nóv. f. á. voru tveir menn dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur, til þess að segja álit sitt um, hvort telja megi sennilegt, að gert hefði orðið við vélarbilun v/s Rifsness úti í rúmsjó og hvað slík viðgerð hefði tekið langan tíma.

Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna segir meðal annars svo:

„Það sem bilaði, var kíll (nót), sem heldur tannhjóli föstu á framenda stjórnássins í vélinni, og þurfti að endurnýja kílinn.

Til þess að komast að því að vinna þetta verk, þurfti að taka endastykki framan af sveifarhúsinu, en til þess að ná því af, þurfti að losa af sveifarásnum framlengingarásinn fyrir vinduna. Losa þurfti drifkeðjur af kælivatnsdælu og austurdælu og taka þessar dælur af vélinni. Losa þurfti útblástursgreinina og hljóðdeyfinn og hengja það upp í talíu. Losa þurfti stólinn undan fremsta burðarlegi stjórnássins og fjarlægja stólinn og legið. Margir þeirra hluta, er taka þurfti frá til þess að geta framkvæmt viðgerðina, eru svo þungir, að ekki var hægt að hreyfa þá nema með talíum, einkum ef hreyfing er á skipinu.

Þegar búið er að endurnýja kílinn, festa hjólið á stjórnarásinn og setja allt, það sem fjarlægt hafði verið, á sinn stað aftur, þarf að sjálfsögðu að „stilla inn" allar undirlyftur undir loka og eldsneytisdælur svo og allan skiptibúnaðinn.

Framangreinda viðgerð er hægt að framkvæma, þó skipið sé í rúmsjó, en aðeins ef logn er og ládeyða, á meðan viðgerðin stendur yfir og við álítum, að viðgerðin taki þá jafnlangan tíma og þegar skipið liggur við festar í landvari á rólegum stað.

Hins vegar álítum við, að ekki hefði verið rétt að hefja viðgerð á ofangreindri bilun, er sýnilegt var að tæki langan tíma, í því veðri og veðurútliti, sem var, þegar hún skeði, vegna þeirrar áhættu, sem því er samfara að leysa í sundur jafnþung og fyrirferðarmikil stykki og hér um ræðir og hefði hvor okkar sem var lagt það til, að skipinu væri komið í landvar, áður en viðgerðin hæfist.

Með hliðsjón af því veðri, sem veðurstofan hefur gefið upp, að verið hafi í næstu sólarhringa eftir að bilunin átti sér stað, álítum við ógerlegt að framkvæma viðgerðina út í rúmsjó."

Þegar atriði þau eru virt, sem rakin eru hér að framan, verður að telja, að v/s Rifsnes hafi verið í nokkurri hættu, er b/v Júlí kom bátnum til hjálpar. Hér var því um björgun að ræða.

Aðiljar eru sammála um, að verðmæti hins bjargaða hafi numið kr. 600.005.00 (sic). Björgunin var auðveld og hún tók, svo sem fram hefur komið, skamman tíma. Þá tókst björgunin vel, að því er varðaði hin björguðu verðmæti.

Komið hefur fram, að togvír sá, sem Júlí missti, hafði verið notaður í tvær veiðiferðir. Kveður skipstjórinn á Júlí, að venjulegt sé, að slíkir vírar endist 6 veiðiferðir. Bætur fyrir missi togvírsins þykja því hæfilega ákveðnar kr. 4000.00. Þar sem Júlí var í þann veginn að hætta veiðum, er hann fór v/b Rifsnesi til hjálpar, má ætla að aflatjón hafi verið hverfandi.

Það athugast, að eins og á stóð þykja skipstjórnarmenn á b/v Júlí hafa sýnt nokkra ógætni í því að haga siglingu skipsins svo, er þeir létu akkerin falla, að til þess gæti komið, að skipið ræki ofan á v/s Rifsnes eða Rifsnes gæti lent á Júlí, ef það kipptist áfram við það, að akkeri þess féll til botns. Hins vegar ber og á það að líta, að ætla má að skipverjar v/b Rifsness hefðu getið gefið fyrr út vír sinn en gert var, er þeir sáu, að hverju fór.

Að öllu því athuguðu, sem rakið er hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 75.000.00 og eru í þeirri fjárhæð meðtaldar bætur fyrir togvírinn og bætur vegna skemmda á b/v Júlí, og er þá, að því er skemmdirnar varðar, haft í huga, að þær virðast að nokkru hafa orsakast vegna vangæzlu stjórnenda togarans. Ber að dæma stefndu til að greiða fjárhæð þessa með vöxtum, eins og krafist hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 7000.00 og er þar með talinn matskostnaður, kr. 800.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/s Rifsnesi, RE 272, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Ásgeiri Sigurðssyni vélaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, eigendur v/s Rifsness, RE 272, greiði stefnanda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desember 1953.

Nr. 113/1953. **Jón Guðjónsson**
gegn
Skarphéðni Kristbergssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Guðjónsson, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 18. desember 1953.

Nr. 159/1953. **Halldór Ólafsson**
gegn
Guðmundi Jónssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vil fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 154/1953. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Willy Dumarey (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, er varðskipsmenn settu út við hlið togara ákærða kl. 03.57 þann 16. september þ. á., og reyndist staðurinn vera 0,7—0,8 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Willy Dumarey, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. sept. 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn ákærða, Willy Dumarey, skipstjóra á belgíska botnvörpuskipinu Nelly Suzanne, O 237, frá Ostende, til heimilis í Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingar á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum aðfaranótt þess 16. þ. m. SA af Ingólfshöfða 0,8 sjómílur innan þeirrar markalínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 18. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Þær kröfur eru gerðar af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og ennfremur upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt heimildum í sömu lagagreinum. Svo er og þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Willy Dumarey, er fæddur 29. marz 1918 í Chaletterault í Frakklandi og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á v/s Þór eru málsatvik þau, að aðfaranótt 16. september s.l. var varðskipið á eftirlitsferð við Ingólfshöfða. Varðskipið varð þá vart við togara, sem virtist vera að veiðum innan landhelgislínunnar. Kl. 03.30 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 319°, fjarlægð 3,3 sjómílur og togarinn miðast í réttvísandi 49°, fjarlægð 2,6 sjómílur, stefna Þórs réttvísandi 49°.

Kl. 03.38 var varðskipið Þór stöðvaður. Kl. 03.40 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 287°, fjarlægð 4,0 sjóm. Samtímis miðast togarinn réttvísandi 53°, fjarlægð 0,7 sjómílur.

Kl. 03.52 var haldið að togaranum. Kl. 03.57 var stöðvað fast við b.b. síðu togarans og sett út dufl. Var togarinn þá að togveiðum með stb.-vörpu í sjó. Um leið var kallað til togarans að nema staðar, en hann skeytti því ekki. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 273° fjarlægð 5,5 sjóm. og hápunktur Salthöfða réttvísandi 315°, fjarlægð 6,9 sjómílur. Dýpi 45 metrar og gefur þetta staðinn 0,8 sjómílur innan landhelgislínu. Kl. 04.05 var skotið púðurskoti og kl. 04.07 var skotið öðru skoti og samtímis kallað til togarans, er þá nam staðar. Togarinn reyndist vera Nelly Suzanne frá Ostende og skipstjórinn ákærði í máli þessu.

Eftir að togarinn hafði numið staðar, var skipstjórinn sóttur og fluttur um borð í varðskipið og honum bent á, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og viðurkenndi hann, að svo væri, en kvað það hafa stafað af þoku. Ákærða var gefinn kostur á að sannreyna mælingar varðskipsmanna, en hann kvaðst ekki telja þess þörf, og óskaði eftir því að

birtu yrði ekki beðið, en haldið af stað strax. Fór varðskipið þegar með togarann til Vestmannaeyja í gærkvöldi.

Allar staðarákvarðanir varðskipsins voru framkvæmdar af skipherra og I. og III. stýrimanni á varðskipinu Þór og notuðu þeir „Giro"-áttavita og ratsjá. Logn var og þoka, er togarinn var tekinn og sjór SV 3—4.

Skipherra varðskipsins staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum. Ennfremur mætti I. stýrimaður varðskipsins, Garðar Pálsson, og III. stýrimaður, Gunnar Ólafsson, og staðfestu þeir báðir, að skýrsla skipherrans væri rétt í öllum greinum. Kváðust þeir sjálfir hafa framkvæmt mælingarnar ásamt skipherra og fullyrtu, að þær væru algerlega öruggar. Einnig sáu þeir greinilega, að togarinn var með stb.-vörpu í sjó, er varðskipið kom að honum.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að skýrsla varðskipsins væri rétt og játaði að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi á skipi sínu, Nelly Suzanne, á þeim stað og tíma, er skýrslan greinir. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið sofandi í klefa bak við stjórnklefa skipsins, en stýrimaður við stjórn skipsins, en stýrimaður hafi breytt út af fyrirmælum sínum um stjórn skipsins og hafi skipið af þeim ástæðum orðið nær landi en hann ætlaði.

Hann kvaðst hafa látið stöðva skip sitt, er hann heyrði skot varðskipsins, en hann heyrði aðeins eitt skot.

Hann kvaðst ekki véfengja mælingar varðskipsins og teldi þær réttar.

Með framburði skipherra varðskipsins og I. og III. stýrimanns þess svo og með játningu ákærða sjálfs hér fyrir dóminum verður að telja sannað, að hann hafi aðfaranótt 16. september s.l. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Nelly Suzanne, O 237, 0,8 sjómílur innan landhelgislínunnar SA af Ingólfshöfða. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82/1952, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingarbréfi er togarinn Nelly Suzanne 151,59 rúmlestir brúttó og samkvæmt vottorði Landsbankans í dag er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með tilliti til þessa þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í b/v Nelly Suzanne, O 237, skulu ger upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Willy Dumarey, greiði kr. 10.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í

b/v Nelly Suzanne, eru upptæk ger og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 155/1953. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson)
gegn
Carbon Honoré (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimannaskólans markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins, er það staðnæmdist kl. 0.025 þann 16. september þ. á. og setti út dufl í kjölfar togara ákærða. Reyndist staðurinn vera 1,6 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem þar er vitnað til. Með þessari athugasemd og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Carbon Honoré, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. sept. 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Carbon Honoré, skipstjóra á belgíska togaranum Baltic III, O 118, frá Ostende, til heimilis í Ostende, með ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot gegn 1. grein laga nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. 1. grein laga nr. 82 8. desember 1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara laust eftir miðnætti hinn 16. þ. m. suðaustur af Ingólfshöfða, 1,6 sjómílur innan landhelgislínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 8. marz 1952, sbr. lög nr. 44 5. apríl 1948. Þær kröfur eru gerðar af ákæruvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og afli og veiðarfæri togarans verði gerð upptækur og ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Carbon Honoré, er fæddur í Ostende 6. maí 1896, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt neinni ákæru eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt frásögn skipherrans á varðskipinu Þór var varðskipið á eftirlitsferð vestur með Tvískerjum að kvöldi þess 16. þ. m. Kl. 00.04 sást togari í ratsjánni, er var grunsamlega nærri landi. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 258° eftir ratsjá, fjarlægð 6,6 sm. Var togarinn þá aðeins á bakborða. Stefna Þórs 230° réttvísandi. Vegmælir 9,2.

Kl. 00.10 miðast Ingólfshöfði 264° réttvísandi, fjarlægð 3,5 sm.

Kl. 00.14 miðast Ingólfshöfði í réttvísandi 271°, fjarlægð 4,5 sm. og togarinn í 231 réttvísandi, fjarlægð 2,0° sjóm. Sama stefna. Vegmælir 11,7.

Kl. 00.18 vegmælir 12,7, miðast togarinn í réttvísandi 244°, fjarlægð 0,8.

Kl. 00.25 stanzað í kjölfari togarans og dufl sett út. Dýpi 56 metrar. Vegmælir 13.6. Samtímis var kallað til togarans í gjallarhorni að nema staðar. Var hann þá að toga með stjórnborðsvörpu sinni og byrjaði hann rétt á eftir að vinda inn vörpu sína.

Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 290°, fjarlægð 3,1. Og Salthöfði (hápunktur) miðast í réttvísandi 338°, fjarlægð 5,9 sm. Gefur þetta staðinn 1,6 sjómílu innan landhelgislínu.

Síðan var skipstjórinn, ákærði í máli þessu, sóttur, og honum bent á, að hann væri að landhelgisveiðum. Viðurkenndi hann, að svo væri og kenndi um þoku.

Var honum sýnt í ratsjána, hvar hann væri og einnig dýpið, og kveður skipherrann, að ákærði hafi viðurkennt, að staðarákvarðanir varðskipsins væru réttar.

Var ákærða þar næst tilkynnt, að hann yrði að fara til Vestmannaeyja. Síðan var haldið þangað og lagzt við bryggju þar um sjöleytið í gærkvöldi.

Er skipið var tekið, var logn og þoka, sjór SV 3.

Skipherrann á varðskipinu Þór staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum. Allar mælingar kvað hann hafa verið gerðar af I. og II. stýrimanni undir eftirliti sínu og taldi þær fullkomlega öruggar. Þær voru framkvæmdar með „giro"-áttavita og ratsjá.

I. og II. og III. stýrimaður varðskipsins, þeir Garðar Pálsson, Magnús Hilmar Björnsson og Gunnar Ólafsson, mættu einnig fyrir réttinum og kváðu skýrslu skipherra að öllu leyti rétta. Kváðust I. og II. stýrimaður hafa framkvæmt allar staðarákvarðanir undir eftirliti skipherra og töldu, að þær væru fullkomlega öruggar.

Ákærði viðurkenndi fyrir réttinum, að hann hefði verið að botnvörpuveiðum í landhelgi í umrætt skipti. Véfengdi hann ekki skýrslu varðskipsins að neinu leyti né mælingar þess, er hann kvaðst telja réttar. Þó tók hann fram, að dýptarmælir togarans hafi sýnt 34 faðma. Með tilliti til dýpisins kvaðst ákærði hafa haldið, að hann væri utan við landhelgislínuna. Einnig hafi þoka villt sér sýn og hafi hann ekki vitað nákvæmlega, hvar hann var staddur.

Með framburði skipherra varðskipsins og framburðum I., II. og III. stýrimanns varðskipsins, sem að ofan er lýst, og með játningu ákærða sjálfs verður að telja sannað, að ákærði hafi um miðnætti aðfaranótt þess 16. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Baltic III, O 118, suðaustur af Ingólfshöfða, 1,6 sjómílu innan landhelgislínu. Hefur hann þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, sbr. lög nr. 82/1952, sbr. 1. málsgrein 1. gr. laga nr. 5 frá 1951. Samkvæmt mælingabréfi er togarinn Baltic III, O 118, að stærð 184.98 rúmlestir brúttó, og samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands er gullgengi íslenzkrar krónu í dag þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Þar eð ákærði hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni, þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 10000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri um borð í b/v Baltic III, O 118, þar með taldir dragstrengir, skulu ger upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Carbon Honoré, greiði kr. 10.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í b/v Baltic III, O 118, skulu gerð upptæk og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 186/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Theódór B. Líndal)

gegn

Keflavík h/f (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ágreiningur um vexti af eignarnámsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1952. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða kr. 1900.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 27. apríl 1944 krafðist atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, að eignarnámi yrðu teknir til handa ríkissjóði 218 ha af landi stefnda. Tveir dómkvaddir menn mátu því næst

landspildu þessa til eignarnáms, en matsgerð þeirra, dags. 20. febrúar 1946, áfrýjuðu aðiljar til yfirvirðingar. Hinn 9. september 1946 breytti ráðuneytið fyrri ákvörðun sinni þannig, að eignarnámið skyldi aðeins taka til 25.9 ha af landi stefnda. Með yfirvirðingu, er lokið var hinn 12. janúar 1948, voru virtar til fjár landspildur bæði samkvæmt hinni fyrri og síðari eignarnámskröfu ráðuneytisins. Eftir uppkvaðningu yfirmatsgerðar ákvað ráðuneytið af nýju að taka allt það land, sem eignarnáms var krafizt á hinn 27. apríl 1944. Fór stefndi þess þá á leit, að eignarnámið yrði aðeins látið taka til hluta af landinu, og í bréfi til áfrýjanda, dags. 2. ágúst 1950, vildi hann binda stærð hins eignarnumda lands við 142.7 ha. Féllst ráðuneytið á þetta, og hinn 4. nóvember 1950 var verð þessara 142.7 ha ákveðið af tveimur matsmönnum, er aðiljar höfðu nefnt til þess, en þeir lögðu til grundvallar matsverð landsins í heild samkvæmt yfirvirðingunni frá 13. janúar 1948.

Stefndi hafði samkvæmt yfirmatsgerðinni frá 12. janúar 1948 rétt til vaxta af matsfjárhæðinni frá 15. febrúar 1948. Telja verður, að dráttur á greiðslu matsfjárhæðar hafi stafað af óvissu um stærð hins eignarnumda lands og samningsumleitunum aðilja í því sambandi. Verður ekki séð, að stefndi hafi með viðtökudrætti né samningi eftir uppkvaðningu yfirmatsgerðarinnar fyrirgert rétti til vaxtanna. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Keflavík h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. f. m., hefur Keflavík h.f. í Keflavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. jan. f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu vaxta af eignarnámsfé að fjárhæð kr. 15.675.00 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. apríl 1944 ritaði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til að virða tilgreindar lendur á Reykjanesi, sem taka skyldi eignarnámi samkvæmt lögum nr. 20/1941, svo og til að kveða á um fébætur til handa eigendum og umráðamönnum landsvæða þessara vegna skerðingar á hagnýtingu landanna frá þeim tíma, er bandarískа setuliðið tók þau til afnota. Stefnandi var einn þeirra aðilja, sem skyldi þola eignarnámið og taka fébætur. Voru þau lönd hans, sem lögnámið átti að ná til, 218 ha. að flatarmáli.

Hinn 20. febrúar 1946 kváðu virðingarmennirnir upp matsgerð sína, en hvorki atvinnumálaráðherra né lögnámsþolar vildu una henni og kröfðust yfirvirðingar. Hinn 19. marz 1946 dómkvaddi sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu þrjá af dómurum Hæstaréttar til að leysa yfirvirðinguna af hendi.

Eftir uppkvaðningu undirvirðingar sá atvinnumálaráðherra sig um hönd og krafðist hinn 9. september 1946 lögnáms á miklu minna landi en fyrr. Þannig átti eignarnám á landi stefnanda nú að ná til einungis 25,9 ha. Af hendi eigenda landsvæðanna var því mótmælt, að ráðherra gæti gengið frá fyrri kröfum sínum um lögnámið og þar sem yfirvirðingarmennirnir voru ekki ákvæðisbærir um þann ágreining, mátu þeir bæði hið stærra og hið minna landsvæði, auk þess sem þeir kváðu á um fébætur fyrir afnotamissi landanna, eftir að setuliðið tók þau í notkun.

Yfirvirðingarmenn kváðu matsgerð sína upp hinn 12. janúar 1948. Samkvæmt mati þeirra var andvirði þess lands stefnanda, er ráðherra hafði krafizt 27. apríl 1946, kr. 185.000.00, andvirði lands stefnanda samkvæmt kröfu ráðherra 9. sept. 1948 kr. 2.600.00 og fébætur til stefnanda voru ákveðnar kr. 45.000.00. Einnig var kveðið svo á í virðingargerðinni, að lögnámsþolum skyldi greiddir vextir bæði af lögnámsfénu og fébótunum, 6% ársvextir frá 15. febrúar 1948.

Horfið mun hafa verið að því, að eignarnámið yrði látið ná til þeirra landa, er atvinnumálaráðuneytið hafði í upphafi krafizt lögnáms á. Í byrjun júlímánaðar hafði fjármálaráðuneytið látið ganga frá afsölum fyrir hinum eignarnumdu landsvæðum. Var lögfræðingi stefnanda tilkynnt munnlega, að hann gæti vitjað afsals fyrir land stefnanda í ráðuneytið, til þess að láta stefnanda undirrita það. Er til kom, vildi stefnandi

ekki undirrita afsalið, þar sem hún taldi að sér þrengt um of, ef svo mikið land yrði af henni tekið. Leitaði stefnandi til yfirvalda flugmála um, að hluti af landsvæði hennar yrði leystur úr eignarnáminu. Voru þau mál alllengi á döfinni, en eftir að stefnandi taldi sig hafa fengið samþykki flugyfirvaldanna fyrir málaleitan sinni, óskaði hún bréflega eftir því við ríkisstjórnina hinn 2. ágúst 1950, að 75,3 ha. af því landi stefnanda, sem lægju næst Keflavíkurkaupstað, yrðu undanskildir eignarnáminu. Lét stefnandi fylgja bréfi þessu uppdrátt, sem á var markað landsvæði þetta. Féllst ríkisstjórnin á, að eignarnámið yrði ekki látið ná til framangreindra 75,3 ha., og nefndu málsaðiljar til tvo menn, til þess að kveða á um verðmæti landspildu þessarar, með hliðsjón af mati yfirvirðingarmannanna. Mátu þeir það svo, að verðmæti lands þess, sem fellt yrði undan lögnáminu, næmi kr. 90.000.00, en verðmæti hins eignarnumda lands kr. 95.000.00. Afsalaði stefnandi síðan hinu eignarnumda landi og greiddi stefndi honum andvirði þess svo og fébæturnar hinn 30. nóv. 1948. Vexti greiddi stefndi af fébótunum samkvæmt matsorði yfirvirðingarmannanna til 15. nóvember 1948, en synjaði kröfu stefnanda um vexti af eignarnámsfénu. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu vaxta af hinu greidda lögnámsfé frá þeim tíma, sem til er tekinn í mati yfirvirðingarmanna, til 15. nóv. 1948.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ákvæði yfirvirðingarinnar frá 12. desember 1948 um vaxtagreiðslur séu ekki bindandi fyrir sig gagnvart stefnanda, þar sem fram hafi farið ný virðing á því landi stefnanda, sem tekið var eignarnámi, og hafi sú virðing verið lögð til grundvallar lögnámsbótum til hennar. Þá hafi stefnanda jafnan staðið til boða að fá greiðslu samkvæmt yfirvirðingunni og hafi hún getað firrt sig öllu vaxtatapi, með því að veita þeirri greiðslu móttöku. Hafi verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá stefnanda til að veita eignarnámsfénu móttöku, en hún ekki sinnt þeim tilmælum. Loks hafi stefnandi dregið að þarflausu að fá hluta af landi sínu felldan undan eignarnáminu, þar sem hún hafi ekki beiðzt þessa formlega fyrr en í ágústmánuði 1950. Hafi það eingöngu verið vegna óska hennar, að þá hafi verið látið fara fram nýtt mat, þar sem hún hafi talið sér í hag, að lögnámið næði eigi til alls þess lands, sem fyrirhugað var.

Eftir að stefnandi hafði í júlímánuði 1948 látið gera afsöl fyrir lendum þeim, sem lögnema átti, hófust greiðslur bóta til landeigendanna. Er ágreiningslaust, að stefnandi hefði þá getað fengið eignarnámsfé sitt greitt, ef hún hefði kosið. Fjármálaráðuneytinu var kunnugt um, að stefnandi vildi ekki undirrita afsal fyrir landi sínu, vegna þess að hún óskaði að fá hluta af því felldan undan eignarnáminu. Sá starfsmaður ráðuneytisins, er um mál þessi fjallaði, ámálgaði það að vísu munnlega við stefnanda, að hún vitjaði eignarnámsfjárins, en er því var ekki sinnt, var af ráðuneytisins hálfu ekki hafzt frekar að til að inna greiðsluna af hendi. Verður ekki litið svo á, að það hafi firrt stefnanda rétti til vaxta

af eignarnámsfénu samkvæmt ákvæðum yfirmatsgerðarinnar, þótt hún vitjaði ekki fjárins eða undirritaði afsalið.

Menn þeir, sem málsaðiljar tilnefndu sumarið 1950, áttu aðeins að kveða á um, hvernig matsupphæðin samkvæmt yfirvirðingunni ætti réttilega að skiptast á landsvæði þau, sem eignarnámið náði að lokum til, og hinna, sem undan því voru felld, og voru þeir því algerlega bundnir af yfirmatinu. Skiptingin hafði þá þýðingu eina, að fjárhæð eignarnámsbóta stefnanda lækkaði sem svaraði til verðmætis þess lands, sem undan eignarnáminu var fellt, en skylda eignarnema til greiðslu vaxta af lögnámsfénu hélzt óbreytt. Getur stefnandi því ekki reist synjun sína um vaxtagreiðslu til stefnanda á því, að fram hafi farið ný virðing, sem fellt hafi yfirvirðinguna frá 12. janúar 1948 úr gildi.

Þegar framanritað er virt og þess jafnframt gætt, að stefnandi átti ekki rétt á að hagnýta land það, sem eignarnámið náði ekki til, þykir sýknukrfa stefnda ekki hafa við rök að styðjast.

Verða úrslit málsins því þau, að kröfur stefnanda verða teknar að öllu leyti til greina og þykir málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Keflavík h.f., kr. 15.675.00 með 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 19. desember 1953.

Nr. 54/1953. **Olíuverzlun Íslands h/f**
gegn
Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps
f. h. hreppsins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 18. þ. m., var þess af hálfu áfrýjanda krafizt, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var krafizt ómaksbóta.

Stefndi hefur tvisvar sinnum látið sækja dómþing í máli þessu, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 200.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, hreppsnefnd Grýtubakkahrepps f. h. hreppsins, ómaksbætur, kr. 200.00, að viðlagðri aðför að lögum.